1. Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 1943.

(Lagt fyrir Alþingi 1942).

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1942 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

	kr.	kr.
1. Fasteignaskattur	550000	
2. Tekjuskattur og eignarskattur	7000000	
3. Lestagjald af skipum	55000	
		7605000
4. Aukatekjur	600000	
5. Erfðafjárskattur	60000	
6. Vitagjald	300000	
7. Leyfisbréfagjöld	85000	
8. Stimpilgjald	1000000	
9. Bifreiðaskattur	650000	
10. Benzínskattur	550000	
		3245000
11. Útflutningsgjald	1700000	
12. Vörumagnstollur	5000000	
13. Verðtollur	10000000	
		16700000
14. Gjald af innlendum tollvörum		950000
15. Veitingaskattur		250000
Samtals ...	. . .	28750000

3. gr

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

		kr.	kr.
	A.		
1.	Rekstrarhagnaður landssímans	641000	
2.	— áfengisverzlunar	1822000	
3.	— tóbakseinkasölu	1800000	
4.	— ríkisútvarps	129700	
5.	— ríkisprentsmiðju	100000	
6.	— landssmiðju	50000	
7.	— bifreiðaeinkasölu	77000	
		4619700	
	÷ Tap á rekstri póstsjóðs	11000	
			4608700
	Samtals ...	. . .	4608700
	Sundurliðun.		
	1. Póstsjóður.		
I.	Tekjur		1457000
II.	Gjöld:		
1.	Póststjórnarkostnaður	123000	
2.	Pósthúsið í Reykjavík	483000	
3.	Önnur pósthús	341000	
4.	Póstflutningar	418000	
5.	Önnur gjöld	99000	
6.	Fyrning	4000	
			1468000
	Mismunur (halli) ...	. . .	11000
	2. Landssíminn.		
I.	Tekjur		5750000
II.	Gjöld:		
a.	Til notendasíma í sveitum	70000	
b.	Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
1.	Kostnaður af aðalskrifstofu landssímans	250000	
2.	Ritsímastöðin í Reykjavík	680000	
3.	Loftskeytastöðin í Reykjavík	95000	
4.	Stuttbylgjustöð í Reykjavík	150000	
5.	Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	1200000	
6.	Áhaldahúsið	80000	
7.	Ritsímastöðin á Akureyri	200000	
8.	Ritsímastöðin á Seyðisfirði	180000	
9.	Ritsímastöðin á Ísafirði	90000	
	Flyt ...	2925000	70000 5750000

		kr.	kr.
	Flutt ... 2925000	70000	5750000
10.	Ritsímastöðin á Borðeyri 45000		
11.	Ritsímastöðin í Vestmannaeyjum 80000		
12.	Ritsímastöðin á Siglufirði 100000		
13.	Til annarra símstöðva og eftirlitsstöðva 380000		
		3530000	
	Uppbót á laun greiðist eftir sömu reglum og 1941, enda færist þær greiðslur á framangreinda liði viðkomandi stöðva.		
c.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	150000	
d.	Viðbót og viðhald stöðva	300000	
e.	Kostnaður af ferðalögum etc.	18000	
f.	Viðhald landssimanna	850000	
g.	Framhaldsgjald	80000	
h.	Til kennslu handa símamönnum	5000	
i.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Berne	6000	
j.	Ýmis gjöld	20000	
	Þar af 1000 krónur til fyrrv. símaverkstjóra, eftir tillögum símamálastjóra.		
k.	Fyrning á húsum og áhöldum	70000	
l.	Burðargjald	10000	
			5109000
	Fært á 3. gr. A. 1	. . .	641000
	Eignabreytingar.		
	Út.		
I.	Afborgun af lánum L. M. Ericsson, Marconi o. fl. ...		150000
II.	Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		150000
III.	Til talstöðva í báta og skip		150000
IV.	Til loftskeytastöðva í skip		50000
	Fært á 20. gr. Út I. 2. og II. 1	. . .	500000
	3. Áfengisverzlun ríkisins.		
I.	Tekjur (brúttó hagnaður)		2250000
II.	Gjöld		
a.	Laun starfsmanna og vinnulaun	218000	
b.	Útsvar	80000	
c.	Framlag til Menningarsjóðs	40000	
d.	Annar kostnaður	80000	
e.	Fyrning á fasteign og áhöldum	10000	
			428000
	Fært á 3. gr. A. 2	. . .	1822000

		kr.	kr.
4. Tóbakseinkasalan.			
I. Tekjur (brúttó hagnaður)			2200000
II. Gjöld:			
a. Laun		165000	
b. Annar kostnaður		170000	
c. Útsvar, áætlað tap á skuldum o. fl.		65000	
			400000
Fært á 3. gr. A. 3		. . .	1800000
5. Ríkisútvarpið.			
I. Tekjur:			
a. Afnotagjöld		630000	
b. Aðrar tekjur		100000	
			730000
II. Gjöld:			
a. Starfræksla:			
1. Starfsmannalaun	155000		
2. Útvarpsefni (þar með talin laun hljóðfæraleikara)	115300		
3. Til málvöndunar	5000		
4. Skrifstofukostnaður	75000		
5. Húsaleiga, ljós og hiti	45000		
6. Til útvarpsstöðva	170000		
7. Til hleðslustöðva, viðgerðarferða og til að greiða fyrir útvarpsnotum	25000		
8. Óviss gjöld	15000		
		605300	
b. Vextir	23000		
c. Fyrning á húsum og vélum	50000		
		73000	
			678300
Hagnaður		. . .	51700
III. Rekstur viðtækjaverzlunar:			
a. Tekjur		210000	
b. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna	82000		
2. Annar kostnaður	50000		
		132000	
			78000
Fært á 3. gr. A. 4		. . .	129700
Eignabreytingar:			
Afborgun af láni til stækkunar (sjá 20. gr. Út I. 2. b.) ..		. . .	89500

		kr.	kr.
6. Ríkisprentsmiðjan.			
I. Tekjur (prentvinna)			920000
II. Gjöld:			
1. a. Laun starfsmanna	60000		
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna	480000		
		540000	
2. Efnivörur		190000	
3. Vélarekstur og viðhald		14000	
4. Vextir		6000	
5. Annar kostnaður		50000	
6. Fyrning		20000	
			820000
Fært á 3. gr. A. 5		. . .	100000
7. Landssmiðjan.			
I. Tekjur:			
1. Ágóði á vörum		40000	
2. — á járnsmíðadeild		139000	
3. — á trésmíðadeild		30000	
4. — á málmsteypu		8000	
			217000
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna		55000	
2. Vextir		10000	
3. Afsláttur og skuldatöp		7000	
4. Annar kostnaður		65000	
5. Fyrning		30000	
			167000
Fært á 3. gr. A. 6		. . .	50000
8. Bifreiðaeinkasala.			
I. Tekjur		220000	
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna	54000		
2. Húsaleiga, hiti o. fl.	15000		
3. Vextir	20000		
4. Annar kostnaður	21000		
		110000	
			110000
Frá dregst hluti bæjar- og sýslufélaga 30%			33000
Fært á 3. gr. A. 7		. . .	77000

		kr.	kr.
	B.		
	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:		
1.	Tekjur af jarðeignum á Stokkseyri og Eyrarbakka o. fl.		8000
2.	Arnarhvoll:		
	a. Tekjur	73000	
	b. Gjöld:		
	1. Vextir 19911		
	2. Ýmiss konar rekstrarkostnaður 48000		
	3. Fyrning hússins (sjá 20. gr.) 3649		
		71560	
			1440
	Samtals ...	. . .	9440

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

		kr.	kr.
1.	Vextir af bankavaxtabréfum, jarðræktarbréfum og kreppulánasjóðsbréfum	9000	
2.	Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3000000	180000	
3.	Vextir af veðd.bréfum Búnaðarbankans, 6% af 1150000	69000	
4.	Aðrir vextir	210000	
	Frá dregst:		468000
	Vaxtatap vegna gjaldeyrisvarasjóðs		150000
	Samtals ...	. . .	318000

5. gr.

Óvissar tekjur eru taldar 50000 kr.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1943 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		668312
2. Lán í dönskum krónum		65827
3. Lán í sterlingspundum		501147
4. Lán í dollurum		60694
5. Lausaskuldir		50000
Samtals ...	. . .	1345980

8. gr.

	kr.	kr.
Kostnaður við æðstu stjórn landsins		75000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		350000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		5250
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2170
Samtals ...	. . .	357420

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Stjórnarráðið, ríkisféhirðir, ríkisbókhald o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun	50000		
b. Til risnu	6000		
		56000	
2. Stjórnarráðið:			
a. Laun:			
1. Atvinnumálaráðuneytið	35700		
2. Dómsmálaráðuneytið	52340		
3. Fjármálaráðuneytið	69174		
4. Félagsmálaráðuneytið	7950		
5. Viðskiptamálaráðuneytið	17900		
6. Utanríkismálaráðuneytið	29004		
7. Aðrir starfsmenn	25980		
	238048		
b. Annar kostnaður	80000		
		318048	
3. Ríkisféhirzla og bókhald:			
a. Laun	42900		
b. Annar kostnaður	13500		
		56400	
4. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga		8000	
5. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl.	700		
b. Til pappírs og prentunar	40000		
c. Til kostnaðar af sendingu með póstum	3000		
		43700	
6. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar		20000	
7. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)		2046	
			504194
II. Hagstofan:			
1. Laun og aðstoð		57000	
2. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		25000	
3. Prentun eyðublaða		2500	
4. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		8000	
5. Annar kostnaður		3000	
			95500
III. Utanríkismál o. fl.			
1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:			
a. Laun sendifulltrúa	8000		
b. Húsaleiga	8500		
c. Kostnaður við embættið	7500		
d. Til skrifstofuhalds	22000		
		46000	
Áætluð staðaruppbót til starfsmanna vegna aukinnar dýrtíðar		16000	
Flyt ...		62000	599694

		kr.	kr.
	Flutt ...	62000	599694
2.	Til sendiráðs í Stokkhólmi:		
	a. Laun sendifulltrúa 8000		
	b. Húsaleiga og kostnaður 25600		
	c. Til skrifstofuhalds 18000		
		51600	
	Áætluð staðaruppbót vegna aukinnar dýrtíðar	10500	
3.	Til sendiráðs í London:		
	a. Laun sendiherra 10000		
	b. Húsaleiga og kostnaður 28000		
	c. Til skrifstofuhalds 45000		
		83000	
	Áætluð staðaruppbót vegna aukinnar dýrtíðar	42000	
4.	Til sendiráðs í Washington:		
	a. Laun sendiherra 10000		
	b. Húsaleiga og kostnaður 40000		
	c. Til skrifstofuhalds 46000		
		96000	
	Áætluð staðaruppbót vegna aukinnar dýrtíðar	48000	
5.	Til aðalræðismannsskrifst. í New York:		
	a. Laun aðalræðismanns 8000		
	b. Húsaleiga og kostnaður 35000		
	c. Til skrifstofuhalds 34000		
		77000	
	Áætluð staðaruppbót vegna aukinnar dýrtíðar	38000	
			508100
5.	Kostnaður vegna samninga við erlend ríki		60000
	Samtals ...	. . .	1167794

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstiréttur:		
	a. Laun	32000	
	b. Annar kostnaður	22000	
			54000
2.	Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		173000
3.	Laun hreppstjóra		45000
4.	Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
	a. Laun	48000	
	b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	7000	
	c. Ýmis gjöld	6500	
			61500
5.	Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
	a. Laun og aðstoð	180000	
	b. Húsaleiga, ljós og hiti	29000	
	c. Ýmis gjöld	58000	
			267000
	Flyt ...	. . .	600500

		kr.	kr.
	Flutt ...	. . .	600500
6.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun	21000	
	b. Ljós, hiti og ræsting	18000	
	c. Ýmis gjöld	17050	
			56050
7.	Skrifstofukostnaður sakadómarans í Reykjavík:		
	a. Laun	45600	
	b. Annar kostnaður	18000	
	c. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	14400	
			78000
8.	Toll- og löggæzla:		
	a. Í Reykjavík:		
	1. Laun og aðstoð 130000		
	2. Annar kostnaður 95000		
		225000	
	b. Utan Reykjavíkur:		
	1. Laun 58800		
	2. Annar kostnaður 26200		
		85000	
	c. Eftirlit á vegum:		
	1. Laun 5400		
	2. Annar kostnaður 10000		
		15400	
			325400
9.	Bifreiðaeftirlit:		
	a. Laun 25000		
	b. Annar kostnaður 30000		
		55000	
	÷ Prófgjöld og skoðunargjöld	25000	
			30000
10.	Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði		300000
11.	Skrifstofukostnaður sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra		170000
12.	Til landhelgisgæzlu		400000
13.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaðar fangahúsa		26400
	(Þar af fyrning 1770 kr., sjá 20. gr.).		
14.	Til vinnuhælisins á Litla-Hrauni:		
	a. Rekstrarhalli	100000	
	(Þar af fyrning 5300, sjá 20. gr.).		
	b. Kostnaður við verklegar framkvæmdir fyrir ríkið ..	10000	
			110000
15.	Kostnaður við sakamál og lögreglumál		70000
16.	Borgun til sjódómsmanna		2000
17.	Til setu- og varadómara		8000
	Flyt ...	. . .	2176350

	kr.	kr.
Flutt ...	. . .	2176350
18. Löggildingarstofan:		
a. Laun 17500		
b. Annar kostnaður 7500		
c. Til áhaldakaupa 1000		
	26000	
÷ Tekjur	14000	
		12000
19. Kostnaður við sáttatilraunir í vinnudeilum		4000
20. Kostnaður við félagsdóm		17600
Samtals A. ...	. . .	2209950
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	65000	
b. Fyrir embættisskeyti	130000	
		195000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald nokkurra ríkisfasteigna		4500
3. Til embættiseftirlitsferða		6000
4. Gjöld til skattanefnda, yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar:		
a. Skattstofan í Reykjavík 101000		
÷ hluti bæjarsjóðs, ⅓ af 96000 kr. 32000		
	69000	
b. Skattanefndir	100000	
c. Fasteignamat	20000	
		189000
5. Til ríkisskattanefndar		24000
6. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		100000
Samtals B ...	. . .	518500

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðimála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		227300
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi		8000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn, eftir reikningum		13550
Flyt ...	. . .	248850

		kr.	kr.
Flutt ...		...	248850
Í Borgarneshéraði:			
Kolbeinsstaðahreppur	200		
Eyjahreppur	200		
Í Ólafsvíkurhéraði:			
Staðarsveit	200		
Breiðavíkurhreppur	300		
Neshreppur utan Ennis	300		
Í Stykkishólmshéraði:			
Eyrarsveit	500		
Miklaholtshreppur	200		
Skógarstrandarhreppur	250		
Í Dalahéraði:			
Skarðs- og Klofningshreppur, 150 kr. til hvors	300		
Fellsstrandarhreppur	200		
Saurbæjarhreppur	200		
Í Reykhólahéraði:			
Gufudalssveit	250		
Í Flateyjarhéraði:			
Múlahreppur	250		
Í Patreksfjarðarhéraði:			
Rauðasandshreppur	150		
Barðastrandarhreppur	150		
Í Flateyrarhéraði:			
Suðureyrarhreppur	300		
Í Ögurhéraði:			
Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur og Snæfjallahreppur	750		
Styrkurinn skiptist milli nefndra hreppa í hlutfalli við kostnað þeirra við læknisvitjanir.			
Í Hesteyrarhéraði:			
Grunnavíkurhreppur	300		
Sléttuhreppur	300		
Í Reykjarfjarðarhéraði:			
Árneshreppur (sé héraðið læknislaust)	600		
Í Hólmavíkurhéraði:			
Óspakseyrarhreppur	200		
Í Miðfjarðarhéraði:			
Bæjarhreppur	300		
Í Blönduóshéraði:			
Vindhælishreppur fyrir norðan Björg	200		
Í Sauðárkrókshéraði:			
Skefilsstaðahreppur	200		
Í Hofsóshéraði:			
Haganeshreppur	150		
Holtshreppur	150		
Í Húsavíkurhéraði			
Flateyjarhreppur	200		
Flyt ...	7300	...	248850

		kr.	kr.
Flutt ...	7300	. . .	248850
Grímseyjarhreppur	400		
Í Öxarfjarðarhéraði:			
Fjallahreppur	200		
Kelduneshreppur	300		
Presthólahreppur, til læknisvitjana af Austur-Sléttu	300		
Styrkur til þess að hafa lækni á Raufarhöfn um síldveiðitímann	1000		
Í Þistilfjarðarhéraði:			
Sauðaneshreppur, vegna læknisvitjana frá Skálum og nágrenni þeirra	200		
Skeggjastaðahreppur	200		
Í Hróarstunguhéraði:			
Borgarfjarðarhreppur	300		
Í Fljótsdalshéraði:			
Jökuld.hr. (vegna byggðar í Möðrudalsheiði)	200		
Í Seyðisfjarðarhéraði:			
Loðmundarfjarðarhreppur	150		
Í Norðfjarðarhéraði:			
Mjóifjörður	300		
Í Fáskrúðsfjarðarhéraði:			
Stöðvarhreppur	300		
Í Berufjarðarhérði:			
Breiðdalshreppur	300		
Í Hornafjarðarhéraði:			
Hofshreppur	400		
Í Síðuhéraði:			
Skaftártunguhreppur	300		
Álftavershreppur	250		
Leiðvallarhreppur	300		
Í Mýrdalshéraði:			
Austur-Eyjafjallahreppur	200		
Í Rangárhéraði:			
Vestur-Eyjafjallahreppur	200		
Í Eyrarbakkahéraði:			
Selvogshreppur og Hlíðarbæir í Ölfusi	250		
Í Grímsneshéraði:			
Þingvallahreppur	200		
Samtals ...	13550		
4. Til augnlækningaferða samkv. l. nr. 12 1934			2400
5. Styrkur til háls-, nef- og eyrnalæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík			1000
Styrkur Ólafs læknis Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að hann segi stúdentum í læknadeild háskólans til í sinni sérfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 4 sinnum á mánuði, og gefi skýrslu um það.			
Flyt ...		. . .	252250

		kr.	kr.
	Flutt ...	. . .	252250
6.	Landsspítalinn:		
	A. Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:		
	1. Laun	204000	
	2. Matvæli	267000	
	3. Lyf og sáraumbúðir	46000	
	4. Ljós og eldsneyti	60000	
	5. Þvottur og hreinlætisvara	87000	
	6. Viðhald fasteigna	30000	
	7. — lausra muna (þar með fatnaðar)	24000	
	8. Fatnaður og vefnaðarvara	20000	
	9. Skattar og tryggingar	5000	
	10. Sími og skrifstofa	8500	
	11. Röntgenfilmur og röntgenáhöld	50000	
	12. Ýmis gjöld	8000	
	13. Fyrning	25000	
			834500
	Þar frá dregst:		
	1. Daggjöld sjúklinga	500000	
	2. Geislalækn. (tekjur af röntgendeild)	85000	
	3. Fæðingarstofugjald o. fl.	5000	
			590000
	Rekstrarhalli ...		244500
	B. Til ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskólans, þar í fæði ljósmæðranema		16000
			260500
7.	Geðveikrahælið á Kleppi:		
	Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:		
	1. Laun	124000	
	2. Matvæli	312000	
	3. Lyf og umbúðir	24000	
	4. Ljós og hiti	90000	
	5. Þvottur og hreinlætisvara	48000	
	6. Viðhald fasteigna	24000	
	7. Viðhald lausra muna	15000	
	8. Sími og skrifstofa	7000	
	9. Flutningskostnaður	7000	
	10. Skattar og tryggingar	4000	
	11. Fatnaður og vefnaðarvörur	24000	
	12. Ýmis gjöld	8000	
	13. Fyrning	15000	
			702000
	Tekjur:		
	Daggjöld sjúklinga		702000
	Flyt ...	. . .	512750

		kr.	kr.
	Flutt ...	. . .	512750
8.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum:		
	Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:		
	1. Laun 94000		
	2. Matvæli 285000		
	3. Lyf og hjúkrunargögn 22000		
	4. Ljós og eldsneyti 82000		
	5. Þvottur og hreinlætisvörur 48000		
	6. Viðhald fasteigna 24000		
	7. Viðhald lausra muna 15000		
	8. Fatnaður og vefnaðarvörur 12000		
	9. Sími og skrifstofa 7000		
	10. Flutningskostnaður 7000		
	11. Röntgenfilmur og áhöld 4000		
	12. Ýmis gjöld 8000		
	13. Fyrning 15000		
		623000	
	Þar frá dragast þessar tekjur:		
	Daggjöld sjúklinga, 69000 sjúkradagar á kr. 9.00	621000	
	Rekstrarhalli ...		2000
9.	Heilsuhælið í Kristnesi:		
	Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:		
	1. Laun 52000		
	2. Fæði 104000		
	3. Lyf og hjúkrunargögn 9000		
	4. Ljós og hiti 20000		
	5. Þvottur og hreinlætisvara 10000		
	6. Viðhald fasteigna 12000		
	7. Viðhald lausra muna 8000		
	8. Fatnaður og vefnaðarvörur 5000		
	9. Sími og skrifstofa 3000		
	10. Skattar og tryggingar 1500		
	11. Flutningskostnaður 6000		
	12. Ýmis gjöld 6500		
	13. Fyrning 8000		
		245000	
	Þar frá dragast þessar tekjur:		
	Daggjöd sjúklinga	230000	
	Rekstrarhalli ...		15000
10.	Holdsveikraspítalinn í Kópavogi:		
	Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:		
	1. Laun 16500		
	2. Matvörur 25500		
	3. Lyf 2000		
	4. Ljós og eldsneyti 8000		
	5. Þvottur og hreinlætisvörur 2000		
	6. Viðhald fasteigna 1500		
	7. Viðhald lausra muna 1700		
	8. Fatnaður og vefnaðarvörur 2000		
	Flyt ... 59200	. . .	529750

		kr.	kr.
	Flutt ...	59200	. . .	529750
9.	Sími og skrifstofa	1000		
10.	Flutningskostnaður	800		
11.	Ýmis gjöld	2000		
12.	Fyrning	2000		
			65000	
				65000
11.	Önnur gjöld:			
a.	Styrkur til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli ..		30000	
b.	Til greiðslu vaxta af skuldum vegna læknisbústaða, í Reykhólahéraði 1200 kr., í Ögurhéraði, Dalahéraði, Hesteyrarhéraði og Hróarstunguhéraði 900 kr. til hvers		4800	
c.	Bólusetningarkostnaður		2000	
d.	Gjöld samkv. lögum nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		15000	
e.	Gjöld samkv. lögum nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands ..		2000	
f.	Til kynsjúkdómalæknis		5400	
g.	Kostnaður við heilbrigðieftirlit lækna með alþýðuskólum		5000	
h.	Til annarra heilbrigðiráðstafana		2000	
i.	Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum, gegn tvöföldu framlagi annars staðar að		50000	
	Heilsuverndarstöð, sem styrks vill verða aðnjótandi, skal reka berklavarnarstarfsemi undir yfirstjórn og eftirliti berklayfirlæknis ríkisins og haga störfum sínum öllum eftir reglum, er heilbrigðistjórnin samþykkir.			
j.	Styrkur til Súgfirðinga til að hafa lærða hjúkrunarkonu		1000	
k.	Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launabót annars staðar að		300	
l.	Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs		3000	
m.	Til ýmissa sjúklinga, eftir úthlutun landlæknis ..		10000	
				130500
12.	Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra			65000
	Samtals ...		. . .	790250

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
	A. Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra ..... enda sé hann ráðunautur stjórnarinnar í vatnamálum.	7200	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	7200	
	3. Laun skrifstofustjóra	7200	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga og ferðakostnaður verkfræðinga	96000	
	5. Skrifstofukostnaður	27000	
			144600
II.	Þjóðvegir.		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjósarvegur	6000	
	2. Hafnarfjallsvegur	30000	
	3. Lundarreykjadalsvegur	5000	
	4. Bæjarsveitarvegur	12000	
	5. Hálsasveitarvegur	5000	
	6. Álftaneshreppsvegur	15000	
	7. Hraunhreppsvegur	8000	
	8. Útnesvegur	20000	
	9. Ólafsvíkurvegur	25000	
	10. Stykkishólmsvegur	25000	
	11. Suðurdalavegur	20000	
	12. Klofningsvegur	8000	
	13. Laxárdalsvegur	8000	
	14. Vesturdalavegur	8000	
	15. Barðastrandarvegur	20000	
	16. Patreksfjarðarvegur til Bíldudals ...	12000	
	17. Rafnseyrarheiðarvegur	7000	
	18. Hjarðardalsvegur	5000	
	19. Botnsheiðarvegur	12000	
	20. Súðavíkurvegur	8000	
	21. Kaldrananesvegur	5000	
	22. Strandavegur	10000	
	23. Kollafjarðarvegur	4000	
	24. Bitruvegur	6000	
	25. Borðeyrarvegur	4000	
	26. Vesturhópsvegur	6000	
	27. Húnvetningabraut í V.-Húnavatnss. ..	15000	
	28. Skagastrandarvegur	20000	
	29. Þverárfjallsvegur	5000	
	30. Vatnsskarðsvegur	80000	
	31. Gönguskarðsvegur	5000	
	32. Blönduhlíðarvegur	8000	
	33. Út-Blönduhlíðarvegur	20000	
	34. Hofsósvegur	25000	
	Flyt ...	472000	. . . 144600

		kr.	kr.
	Flutt ... 472000	. . .	144600
35.	Fljótavegur 20000		
36.	Siglufjarðarskarðsvegur 35000		
37.	Stífluvegur 6000		
38.	Öxnadalsheiðarvegur 70000		
39.	Ljósavatnsskarðsvegur 10000		
40.	Kinnarbraut 12000		
41.	Bárðardalsvegur 5000		
42.	Tjörnesvegur 4000		
43.	Kelduhverfisvegur 8000		
44.	Kópaskersvegur 8000		
45.	Öxarfjarðarheiðarvegur 15000		
46.	Brekknaheiðarvegur 15000		
47.	Vopnafjarðarvegur 6000		
48.	Hróarstunguvegur 5000		
49.	Bakkafjarðarvegur 4000		
50.	Upphéraðsvegur 4000		
51.	Úthéraðsvegur 12000		
52.	Borgarfjarðarvegur 4000		
53.	Fjarðarheiðarvegur 20000		
54.	Eskifjarðarvegur 8000		
55.	Fáskrúðsfjarðarvegur 15000		
56.	Breiðdalsvegur 10000		
57.	Berunesvegur 10000		
58.	Geithellnahreppsvegur 8000		
59.	Lónsvegur og Almannaskarð 4000		
60.	Inn-Nesjavegur austan Hornafjarðar-fljóta 3000		
61.	Mýravegur 4000		
62.	Innbyggðarvegur 2000		
63.	Suðursveitarvegur 2000		
64.	Öræfavegur 4000		
65.	Skaftártunguvegur 15000		
66.	Síðuvegur 12000		
67.	Meðallandsvegur 6000		
68.	Mýrdalsvegur 15000		
69.	Eyjafjallavegur 15000		
70.	Hvolhreppsvegur 20000		
71.	Rangárvallavegur 6000		
72.	Miðeyjarvegur 12000		
73.	Landvegur 12000		
74.	Hrunamannahreppsvegur 15000		
75.	Gnúpverjahreppsvegur 15000		
		948000	
b.	Viðhald og endurbætur	2000000	
c.	Til þjóðvega af benzínskatti:		
1.	Til Hafnarfjallsvegar 20000		
2.	— Stykkishólmsvegar 10000		
3.	— Vesturlandsvegar 10000		
	Flyt ... 40000	2948000	144600

		kr.	kr.
	Flutt ... 40000	2948000	144600
4.	— Húnvetningabrautar 10000		
5.	— Fljótavegar 10000		
6.	— Suðurlandsbrautar 65000		
7.	— Sogsvegar 35000		
8.	— vega í Vestmannaeyjum 5000		
9.	— Vatnsskarðsvegar 80000		
10.	— vega út frá Akureyri 15000		
11.	— Ljósavatnsskarðsvegar 20000		
12.	— Steingrímsfjarðarheiðarvegar 15000		
13.	— Siglufjarðarskarðsvegar 25000		
14.	— Öxnadalsheiðarvegar 80000		
15.	— öryggisaðgerða á vegum 5000		
		405000	
			3353000
III.	Til brúargerða		150000
IV.	Fjallvegir		45000
V.	1. Til áhalda	60000	
	2. Til bókasafns verkamanna	1000	
			61000
VI.	Til sýsluvega:		
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, allt að ..... gegn að minnsta kosti jafnmiklu tillagi annars staðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.	25000	
	2. Til akfærra sýsluvega af bifreiðaskatti	35000	
	3. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923	150000	
			210000
VII.	Til malbikunar á vegum í kaupstöðum og verzlunarstöðum af bifreiðaskatti		40000
VIII.	Til ferjuhalds, eftir úthlutun vegamálastjóra		5000
IX.	Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum:		
	a. Hellisheiði	15000	
	b. Holtavörðuheiði	5000	
			20000
X.	Styrkur til þess að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum		8000
	Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskekktum bæjum í þjóðbraut.		
XI.	Til fyrrverandi vegaverkstjóra, eftir tillögum vegamálastjóra		1800
XII.	Iðgjöld til slysatryggingarinnar		30000
XIII.	Fyrning áhaldahússins (sjá 20. gr.)		552
	Samtals A. ...	. . .	4068952

	kr.	kr.
B.		
Samgöngur á sjó.		
1. Til strandferða:		
a. Ríkissjóðs	605000	
(Þar af fyrning kr. 105000, sjá 20. gr.).		
b. Eimskipafélags Íslands	82000	
enda haldi félagið uppi siglingum í sama horfi sem áður og með eigi minna skipastól, ef efnahagur þess leyfir.		
c. Til vöruflutninga í Skaftafellssýslu	10000	
		697000
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum		136300
Skipaútgerð ríkisins hefur yfirumsjón með ferðum flóabáta, sem fara eftir fastri áætlun. Skilyrði fyrir greiðslu styrksins er, að fyrir liggi efnahags- og rekstrarreikningur 1941 frá útgerð þessara báta, ef styrkupphæð til þeirra það ár hefur numið yfir 1000 kr. Ferðaáætlun 1942 og flutningsgjaldskrá sé samþykkt af póst- og símamálastjórninni og skipaútgerð ríkisins og reikningar ársins sendir henni, enda athugi hún, hversu rík sé þörf á ferðum hvers þess báts, er styrks nýtur úr ríkissjóði. Skip og bátar, sem njóta styrks úr ríkissjóði, eru skyldir til að flytja póst endurgjaldslaust, sé þess krafizt.		
3. Byggingarstyrkur til Djúpbátsins í Norður-Ísafjarðarsýslu, síðari greiðsla af framlagi ríkissjóðs, 150 þús. kr., þó ekki yfir 3/5 byggingarkostnaðar		75000
Stjórn fyrirtækisins skal kosin að meiri hluta af sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu og bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, enda leggi báðir þessir aðilar fram fé til byggingar bátsins.		
Samtals B. ...	. . .	908300
C.		
Vitamál og hafnargerðir.		
I. Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
1. Laun vitamálastjóra	7200	
Þar af 1200 kr. persónuleg launaviðbót.		
Hann sé umsjónarmaður vitamála og hafnargerða og ókeypis ráðunautur ríkisstjórnar, héraðsstjórna og bæja í öllu því, er varðar vitamál og hafna.		
2. Laun aðstoðarverkfræðings	7200	
3. Húsaleiga, ljós og hiti	10000	
4. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi	18000	
5. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi	7000	
6. Til aðstoðarmanna og mælinga	18000	
		67400
Flyt ...	. . .	67400

	kr.	kr.
Flutt ...	. . .	67400
II. Laun vitavarða, þar af uppbót á laun vitavarðar á Gróttu 300 kr.		36000
III. Rekstrarkostnaður vitanna		280000
IV. Viðhald og endurbætur		50000
V. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		20000
VI. Til áhaldakaupa		70000
VII. Ýmislegt		40000
VIII. Til hafnargerða:		
1. Á Húsavík	18000	
2. — Skagaströnd	50000	
3. — Sauðárkróki, 9. greiðsla af 12	25000	
4. — Raufarhöfn, til dýpkunar, 3. greiðsla af 9	10000	
5. — Dalvík	50000	
6. Í Hafnarfirði	100000	
7. Á Hofsósi lokagreiðsla	8000	
		261000
IX. Til brimbrjótsins í Bolungavík		3000
X. Til sjómælinga		40000
XI. Fyrning (sjá 20. gr.)		80000
Samtals C. ...	. . .	947400
D.		
1. Til flugmála		35000
Samtals D. ...	. . .	35000

14. gr.

Til kirkju- og kennslumála er veitt:

	kr.	kr.
A. Kirkjumál.		
a. Biskupsdæmið:		
1. Laun biskups	7000	
2. Húsaleigustyrkur	3000	
3. Skrifstofukostnaður	4500	
		14500
Flyt ...	. . .	14500

	kr.	kr.
Flutt ...	. . .	14500
b. Önnur gjöld:		
1. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	100	
2. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	8000	
3. Framlag til prestlaunasjóðs	320000	
4. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1500	
5. Embættiskostnaður presta	65000	
6. Til húsabóta á prestssetrum	48000	
7. Til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum	35000	
8. Kostnaður við kirkjuráð, samkv. lögum nr. 21 1931	500	
9. Til að gefa út ársskýrslu þjóðkirkjunnar	500	
		478600
Samtals A. ...	. . .	493100
B. Kennslumál.		
I. Háskólinn:		
1. Laun ..... Þar af til Júlíusar Sigurjónssonar og Kristins Stefánssonar 2400 kr. til hvors	121800	
2. Til kennslu í augnlækningum (Kjartan Ólafsson)	1000	
3. Til kennslu í réttarlæknisfræði	1000	
4. Til kennslu í söng	800	
5. Til móttöku erlendra vísindamanna	2000	
6. Til bókavörzlu	6000	
7. Til rannsóknarstofu í líffæra- og lífeðlisfræði ..	6000	
8. Til áhaldakaupa handa læknadeild háskólans ..	16000	
9. Námsstyrkur	25000	
10. Húsaleigustyrkur	12000	
11. Til kennslu í efnafræði	1600	
12. Hiti, ljós, ræsting og vélgæzla	36900	
13. Til kennslu í verkfræði	12000	
14. Til að setja á stofn rannsóknarstofu í eðlisfræði lokagreiðsla	4000	
15. Ferðakostnaður vegna stúdentaskipta	750	
16. Ýmis gjöld	25000	
17. Til stúdentaráðs háskólans til þess að starfrækja leiðbeiningaskrifstofu undir stjórn Lúðvigs Guðmundssonar	3500	
18. Til dr. Símonar Jóh. Ágústssonar til að flytja fyrirlestra í uppeldisfræði og sálarfræði við háskólann	2000	
19. Til Björns Guðfinnssonar til kennslu í setningafræði og málfræði nútímaíslenzku	5500	
Flyt ...	282850	

		kr.	kr.
	Flutt ...	282850	
20.	Til dr. Eiríks Albertssonar til fyrirlestrahalds við guðfræðideild	2000	
21.	Til sendikennara í þýzku	1000	
22.	Til sendikennara í frakknesku	1000	
23.	Til sendikennara í ensku	1000	
24.	Laun dyravarðar	3000	
25.	Til viðskiptaháskóla	16340	
26.	Til rannsóknarstofu í lyfjafræði	3000	
27.	Til rannsóknarstofu í heilsufræði	3000	
28.	Til aukakennara í lögfræði	1800	
29.	Til íþróttakennslu	4000	
			318990
II.	Námsstyrkur erlendis:		
a.	Til íslenzkra stúdenta í erlendum háskólum	90000	
b.	Námsstyrkur samkvæmt ákvörðun menntamálaráðs	12500	
	Styrkinn má veita konum sem körlum til hvers þess náms, er menntamálaráðið telur nauðsyn að styrkja.		
			102500
III.	Fræðslumálastjórnin:		
1.	Föst laun	25300	
2.	Skrifstofu- og ferðakostnaður	18000	
			43300
IV.	Menntaskólinn í Reykjavík:		
a.	Laun	60000	
b.	Húsaleiga rektors	3000	
c.	Önnur gjöld:		
1.	Til bókasafns skólans 800		
2.	Til eldiviðar, ljósa og ræstingar 10500		
3.	Til viðhalds 6000		
4.	Til stundakennslu, allt að 27000		
5.	Húsaleigustyrkur handa 25 lærisveinum, 75 kr. handa hverjum 1875		
6.	Námsstyrkur 2800		
7.	Til kennslutækja 1000		
8.	Ýmisleg útgjöld 6000		
9.	Til verðlaunabóka 200		
10.	Vegna kostnaðar við skólastjórn .. 2000		
11.	Til bókasafnsins Íþöku 200		
12.	Fyrning (sjá 20. gr.) 3540		
		61915	
			124915
	Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sé venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.		
	Flyt ...	. . .	589705

		kr.	kr.
	Flutt ...	. . .	589705
V.	Menntaskólinn á Akureyri:		
	a. Laun	53000	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til aukakennara og stundakennslu . 32000		
	2. Vegna kostnaðar við skólastjórn 2000		
	3. Til bóka og kennsluáhalda 1200		
	4. Til eldiviðar og ljósa 11000		
	5. Námsstyrkur 2000		
	Utanbæjarnemendur gangi fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.		
	6. Til dyravörzlu 2000		
	7. Til viðhalds og endurbóta 6000		
	8. Til ýmislegra gjalda 6500		
	9. Til verðlaunabóka 200		
	10. Kostnaður við aukið húsnæði 4000		
	11. Fyrning (sjá 20. gr.) 3160		
		70060	
VI.	Kennaraskólinn:		123060
	a. Laun	26000	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Stundakennsla 18000		
	2. Eldiviður og ljós 5000		
	3. Bókakaup og áhöld 2000		
	4. Námsstyrkur 2500		
	Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.		
	5. Til viðhalds 3000		
	6. Ýmisleg gjöld 7500		
	7. Fyrning (sjá 20. gr.) 1090		
		39090	
VII.	Stýrimannaskólinn:		65090
	a. Laun	15100	
	b. Húsaleiga skólastjóra	3000	
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til stundakennslu 17000		
	2. Til eldiviðar og ljósa 3000		
	3. Til Sveinbjarnar Egilson, til fyrirlestra 450		
	4. Ýmisleg gjöld 5000		
	5. Til áhaldakaupa 1500		
	6. Fyrning (sjá 20. gr.) 700		
	7. Til námskeiða í siglingafræði utan Reykjavíkur 15000		
		42650	
			60750
	Flyt ...	. . .	838605

		kr.	kr.
	Flutt ...	. . .	838605
VIII.	Vélstjóraskólinn:		
	a. Laun	13600	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til stundakennslu 12500		
	2. Húsnæði skólastjóra og skrifstofu skólans 3000		
	3. Ljós, hiti og ræsting 2200		
	4. Ýmis gjöld 1000		
	5. Til áhaldakaupa 500		
	6. Kostnaður við burtfararpróf 1800		
		21000	
			34600
IX.	Bændakennsla:		
	1. Til bændaskólans á Hólum:		
	a. Laun	11200	
	b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkennslu ..	4000	
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til verklegs náms 5000		
	2. Til kennsluáhalda 1000		
	3. Til eldiviðar og ljósa 6000		
	4. Til viðhalds 2000		
	5. Ýmisleg gjöld 3000		
		17000	
	d. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	1226	
			33426
	2. Til bændaskólans á Hvanneyri:		
	a. Laun	10500	
	b. Til smíða- og leikfimikennslu	1500	
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til verklegs náms 6000		
	2. Til kennsluáhalda 1000		
	3. Til eldiviðar og ljósa 7500		
	4. Til viðhalds 2500		
	5. Ýmisleg gjöld 3500		
	6. Til byggingar kennarabústaða 8000		
	7. Til verkfærasafns 1000		
		29500	
	d. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	2300	
			43800
	3. Garðyrkjuskólinn á Reykjum:		
	a. Laun	10300	
	b. Til smíða-, leikfimi- og sundkennslu	1600	
	c. Til matreiðslukennslu	400	
	d. Önnur gjöld:		
	1. Til bókasafns 600		
	2. Til kennsluáhalda 1000		
	3. Til viðhalds 1500		
	4. Ýmis gjöld 2000		
	5. Vextir 2750		
		7850	
	e. Fyrning	2800	22950
	Flyt ...	. . .	973381

	kr.	kr.
Flutt ...	. . .	973381
X. Iðnfræðsla:		
a. Til iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón ríkisstjórnarinnar	6500	
b. Til iðnaðarmannafélagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	2000	
c. Til iðnaðarmannafélags á Ísafirði, til skólahalds	1500	
d. Til iðnaðarmannafél. á Akranesi, til skólahalds	800	
e. Til iðnaðarmannafélagsins í Hafnarfirði, til kvöldskólahalds	1700	
f. Til iðnaðarmannafélagsins í Vestmannaeyjum, til kvöldskólahalds	1700	
Styrkurinn til þessara 6 skóla má þó ekki fara yfir 4/5 rekstrarkostnaðar. Skólar þessir skulu senda ráðuneytinu skýrslu um starf sitt.		
g. Til iðnaðarmannafél. á Siglufirði, til skólahalds	1200	
h. Til iðnaðarmannafélagsins á Seyðisfirði, til kvöldskólahalds	900	
i. Til iðnaðarmannafél. á Eyrarbakka, til skólahalds	800	
j. Til verklegs framhaldsnáms erlendis	6000	
		23100
XI. Verzlunarskólar o. fl.:		
a. Til verzlunarskóla Íslands	10000	
b. Til samvinnuskólans	5000	
c. Kostnaður við próf löggiltra endurskoðenda, sbr. lög nr. 9 1926	500	
		15500
XII. Til kvennaskólans í Reykjavík:		
a. Húsnæðisstyrkur	5000	
b. Rekstrarstyrkur	39500	
c. 60 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið, allt að	7200	
d. Námsstyrkur til sveitastúlkna	1000	
e. Til viðgerðar á skólahúsinu	10000	
Skólinn stendur undir yfirumsjón ríkisstjórnarinnar.		
		62700
XIII. Almenn barnafræðsla:		
1. Laun kennara í föstum skólum og dýrtíðaruppbót	700000	
2. Laun farkennara og dýrtíðaruppbót	140000	
3. Til aukakennslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefur	15000	
4. Til kennslueftirlits	20000	
5. Styrkur til byggingar barnaskóla utan kaupstaða	45000	
6. Til fyrrverandi barnakennara, eftir tillögum fræðslumálastjóra	4600	
Flyt ...	924600	1074681

			kr.	kr.
		Flutt ...	924600	1074681
7.	Ráðskonukaup við heimavistarbarnaskóla ..		12000	
8.	Styrkur til tímaritsins „Menntamál“		1200	
9.	Til kennaranámskeiðs eða utanfara		2000	
				939800
XIV.	Unglinga- og alþýðuskólar:			
1.	Til alþýðuskólans á Eiðum:			
a.	Laun	9450		
	Þar af 700 kr. persónuleg launauppbót til núverandi skólastjóra.			
b.	Til verklegs náms og aukakennslu	3000		
c.	Önnur gjöld:			
	1. Til kennsluáhalda	1000		
	2. Til eldiviðar og ljósa ..	2500		
	3. Ýmisleg gjöld	3500		
	4. Til viðhalds	2500		
		9500		
d.	Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	800		
			22750	
2.	Til héraðsskóla samkv. l. nr. 32 1929		135000	
3.	Stofnkostnaður		20000	
4.	Til vaxtagreiðslu samkv. l. nr. 33 12. febr. 1940		20000	
5.	Til Snorragarðs í Reykholti		4000	
6.	Til gagnfræðaskóla samkv. l. nr. 48 1930		80000	
7.	Til gagnfræðaskóla Reykvíkinga		5000	
8.	Til unglingafræðslu utan kaupstaða, samkv. 20. gr. l. nr. 48 1930		30000	
	Þar af til skóla Sigurðar Greipssonar í Haukadal 2500 kr.			
9.	Til bókasafns við unglingaskóla		1600	
10.	Til alþýðuskólans í Reykjavík		4000	
11.	Til handíðaskólans		15600	
12.	Til námsflokkastarfsemi, undir eftirl. fræðslumálastjórnarinnar		4000	
				341950
XV.	Húsmæðrafræðsla:			
1.	Styrkur til húsmæðraskóla samkv. lögum ..		100000	
2.	Til húsmæðrafræðslu í Vesturskaftafellssýslu		800	
3.	Til húsmæðrafræðslu Árnýjar Filippusdóttur		3000	
				103800
XVI.	Til kennslu heyrnar- og málleysingja:			
1.	Laun		12000	
2.	Annar kostnaður		38000	
	Þar af fyrning húss kr. 550,00 (sjá 20. gr.). Stjórnin annast um, að vandamenn nemendanna eða nemendur sjálfir greiði kostnað, ef efni leyfa, samkv. tilsk. 26. febr. 1872, 2. gr.			50000
XVII.	Til Blindravinafélags Íslands			6500
	Þar af 3000 kr. til að annast kennslu blindra barna.			
		Flyt ...	. . .	2516731

		kr.	kr.
	Flutt ...	. . .	2516731
XVIII.	Sundkennsla:		
	1. Laun Ólafs Pálssonar og Jóns Pálssonar	3600	
	Styrkur þessi er bundinn þeim skilyrðum, að þeir kenni a. m. k. tvo mánuði að vorinu og einn mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfé, njóti kennslunnar ókeypis. Einnig kenni þeir öðrum sundkennurum björgunarsund.		
	2. Laun Lárusar Rist	2000	
			5600
XIX.	Til sjóvinnunámskeiðs		2000
	Atvinnumálaráðherra ráðstafar styrknum, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands.		
XX.	Til Geirs Þormars tréskurðarmeistara á Akureyri, til að halda uppi kennslu á Norðurlandi í teikningu og tréskurði í þjóðlegum stíl		900
XXI.	Til Helga Tryggvasonar, til hraðritunarkennslu ..		800
XXII.	Til Björns Jakobssonar á Laugarvatni, til leikfimikennaraskóla		3600
XXIII.	Til menningar- og fræðslusambands alþýðu		5000
XXIV.	Til Axels Helgasonar, til að gera upphleypt kort af Íslandi		1000
XXV.	Til Kristjáns Geirmundarssonar, til að setja upp fugla fyrir náttúrugripasafnið og skóla		1000
XXVI.	Til íþróttasjóðs		125000
XXVII.	Til skáksambands Íslands		1600
	Samtals B. ...	. . .	2663231

15. gr.

Til vísinda, bókmennta og lista er veitt:

		kr.	kr.
1.	Landsbókasafnið:		
	a. Laun	22500	
	b. Launabót til 2. bókavarðar	1000	
	c. Til aðstoðar	4200	
	d. Til þess að kaupa bækur og handrit og til bókbands Þar af 1200 kr. til kaupa á handritasafni Hannesar Þorsteinssonar.	26000	
	e. Til Þorsteins Konráðssonar	400	
	f. Til þess að semja spjaldskrá	800	
	g. Til þess að semja og prenta skrá um handrit	2400	
	Flyt ...	57300	

	kr.	kr.
Flutt ...	57300	
h. Til ritaukaskrár	1000	
i. Til Finns Sigmundssonar, til að gera skrá um efni íslenzkra blaða og handrita, enda sé skráin eign Landsbókasafnsins	800	
j. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
k. Húsaleiga	2000	
l. Ýmisleg gjöld	2300	
		63760
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	12500	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa og umbúnaðar skjala	3000	
c. Ýmis gjöld	2000	
d. Til Björns K. Þórólfssonar, enda vinni hann við safnið	3000	
		20500
3. Þjóðminjasafnið og verndun fornminja:		
a. Laun þjóðminjavarðar (fornminjavarðar)	7500	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi	4900	
c. Til þess að útvega forngripi	2000	
d. Til áhalda og aðgerða	2200	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	800	
f. Til viðgerðar á Hólakirkju	2000	
Þjóðminjasafnið sé opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
		19400
4. Náttúrufræðifélagið:		
a. Tillag	6000	
b. Til aðstoðarmanns	2000	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sé til sýnis almenningi, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
		8000
5. Safnahúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	7500	
b. Til viðhalds og áhalda	5800	
c. Fyrning (sjá 20. gr.)	3639	
		16939
6. Til kaupstaðarbókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		1800
7. Aukastyrkur til átta bókasafna:		
a. Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	2500	
b. Til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	2500	
Flyt ...	5000	130399

	kr.	kr.
Flutt ...	5000	130399
c. Til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði	2500	
d. Til bókasafns Hafnarfjarðar, að því tilskildu að Magnús Ásgeirsson hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum, auk verðstuðulsuppbótar ...	2500	
e. Til bókasafns Neskaupstaðar	800	
f. Til iðnbókasafnsins í Reykjavík	1000	
g. Til bókasafns Siglufjarðar	2500	
h. Til bókasafns Vestmannaeyjakaupstaðar	2500	
		16800
8. Til bæjarbókasafns Reykjavíkur, þó ekki yfir ⅓ kostnaðar		8000
9. Til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi		1500
10. Til sýslubókasafnsins á Sauðárkróki ..... enda hafi það opna lesstofu.		400
11. Til héraðsbókasafns Suðurlands, gegn tvöföldu framlagi annars staðar að		1200
12. Til lesstofu byggingarfélags alþýðu		500
13. Til lesstofu sjómannaheimilis á Siglufirði		1000
14. Til lesstofu sjómannaheimilis á Raufarhöfn		400
15. Til lesstofu sjómannafélags Reykjavíkur		1500
16. Til lesstofu á Ísafirði		500
17. Til sjómannalesstofu K. F. U. M. í Vestmannaeyjum ..		500
18. Til sýslubókasafna, gegn eigi minna tillagi frá sýslusj.		4500
19. Til bókhlöðunnar á Húsavík		500
20. Til bókasafns Akraness		300
21. Til bókasafns í Flatey		200
22. Til kaupa á bókum handa konunglega bókasafninu í Stokkhólmi		1000
23. Til hins íslenzka bókmenntafélags ..... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenzka fornbréfasafns sem að undanförnu.		8000
24. Til þjóðvinafélagsins		1400
25. Til fornleifafélagsins		1200
26. Til sögufélagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirréttardóma o. fl.		2400
27. Til hins íslenzka fræðafélags, til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns		1000
28. Til fornritaútgáfunnar, til útgáfu á Íslendingasögum ..		4000
29. Til útgáfu á Heimskringlu		4000
30. Til stjórnar þjóðvinafélagsins og menntamálaráðs, til útgáfu 1. bindis Íslendingasögu		6000
31. Til útgáfu Norðurlandatímarits		1000
32. Til dr. Jóns Helgasonar fyrrv. biskups, til ritstarfa ..		1200
33. Til vísindafélags Íslendinga, til útgáfu rita		2500
34. Til samningar íslenzkrar samheitaorðabókar		5000
35. Til leikfélags Reykjavíkur, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur ..... Styrkurinn er því skilyrði bundinn, að reikningar félagsins séu ávallt sendir Alþingi.		12000
Flyt ...	. . .	218899

		kr.	kr.
	Flutt ...	. . .	218899
36.	Til leiklistarskóla Lárusar Pálssonar og Soffíu Guðlaugsdóttur, 1200 kr. til hvors		2400
37.	Til leikfélags Akureyrar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá Akureyrarkaupstað		1500
38.	Til leikfélags Ísafjarðar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		800
39.	Til norræna félagins		3000
40.	Til íslenzk-ameríska félagsins		1000
41.	Til tónlistarskólans, gegn að minnsta kosti 2000 kr. framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur		6500
42.	Til hljómsveitar Reykjavíkur		2000
43.	Til Páls Ísólfssonar, til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur og guðfræðinemum háskólans ókeypis kennslu í orgelleik, tóni, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum		2000
44.	Til Hallgríms Helgasonar, til útgáfu á þjóðlagasafni ..		2500
45.	Til Ágústs Sigurðssonar, til að skipuleggja og stjórna námsflokkum		2000
46.	Til Sigurðar Skúlasonar, til aðstoðar við kennslu námsflokka, eftir fyrirlagi fræðslumálastjóra		1500
47.	Til sambands íslenzkra karlakóra		6000
48.	Til landssambands blandaðra kóra og kvennakóra		2500
49.	Til dr. Jóns Dúasonar, vegna útgáfu rita hans		5000
50.	Styrkur til skálda, rithöfunda, vísindamanna og listamanna, samkvæmt ákvörðun menntamálaráðs		100000
	Þar af:		
	a. Til Árna Pálssonar, prófessors, til ritstarfa .. 1200		
	b. Til Guðmundar Finnbogasonar, dr phil., til ritstarfa 1000		
51.	Til sjóminjasafns		3500
52.	Til jökulmælinga		600
53.	Til listasafns Einars Jónssonar		3711
	Þar af fyrning 711 kr. (sjá 20. gr.).		
54.	a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara	6500	
	enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sé almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.		
	b. Til sama, til aðstoðar	1000	7500
55.	Til Búnaðarbanka Íslands, níunda greiðsla vaxta og afborgana af viðlagasjóðslánum málaranna Ásgríms Jónssonar og Jóns Stefánssonar, með þeim skilyrðum, er segir í 57. lið 16. gr. fjárlaga 1934		3300
56.	Kostnaður við friðun Þingvalla, sbr. lög nr. 59 1928 ..		8000
57.	Til eflingar menningarsambandi við Vestur-Íslendinga		3000
58.	Til Þjóðræknifélags Íslendinga, til eflingar menningarsambands við Vestur-Íslendinga		5000
59.	Til útgáfu sænsk-íslenzkrar orðabókar		2500
60.	Til Bandalags íslenzkra listamanna		1200
	Samtals ...	. . .	395910

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til framleiðslubóta og atvinnuaukningar		200000
2. Til Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra fjárhagsáætlun félagsins		360000
3. Til Búnaðarfélags Íslands, til kynnisferða bænda		2000
4. Til nýbýla og samvinnubyggða		260000
5. Til lánadeildar smábýla, 2. greiðsla af 3		100000
6. Til sandgræðslu		55000
7. Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum:		
a. Jarðabótastyrkur	300000	
b. Til verkfærakaupasjóðs	60000	
		360000
8. Til búfjárræktar samkv. l. nr. 32 1931		75000
9. Til bygginga í sveitum:		
a. Til byggingar- og landnámssjóðs	300000	
b. Byggingarstyrkir	250000	
		550000
10. Til jarðakaupasjóðs:		100000
11. Til ræktunarsjóðs, vaxtagreiðsla af jarðræktarbréfum		20000
12. Tillag til kreppulánasjóðs		250000
13. Til kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga, rekstrarhalli		10000
14. Tillag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna		250000
15. Til garðyrkjufélags Íslands		2000
16. Til Ragnars Ásgeirssonar, til leiðbeiningarstarfsemi		4000
17. Til skógræktar:		
a. Laun Þar af 600 kr. húsaleigustyrkur til Einars Sæmundsens.	10300	
b. Til skóggræðslu	65000	
c. Styrkur til skógræktarfélaga	15000	
		90300
18. Tillag til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu, samkv. l. nr. 68 1918 og l. nr. 10 1926		4000
19. Til áveitufélags Ölfusinga, styrkur til að nota skurðgröfu við framræslu í Ölfusforum samkvæmt V. kafla jarðræktarlaga		10000
20. Til fyrirhleðslu á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts		125000
21. Til dýralækna:		
a. Laun handa 6 dýralæknum Þar af persónuleg launauppbót til Hannesar Jónssonar 1500 kr.	23300	
b. Styrkur til einstakra manna til þess að stunda dýralækningar, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að	4900	
c. Til Páls Pálssonar, til dýralækninganáms	1200	
		29400
Flyt ...	. . .	2856700

		kr.	kr.
	Flutt ...	. . .	2856700
22.	Til búreikningaskrifstofu		5000
23.	Til kláðalækninga		3000
24.	Til rannsóknarstofu atvinnuveganna:		
	a. Iðnaðardeild 54600		
	Frá dregst:		
	1. Tekjur af matvælarannsóknum . 12000		
	2. Tekjur af öðrum rannsóknum .. 6000		
	18000		
	36600		
	b. Landbúnaðdeild 30800		
	c. Fiskideild 42100		
	d. Matvælaeftirlit 14000		
	e. Sameiginlegur kostnaður 29000		
		152500	
	Frá dregst:		
	1. Tekjur af matvælaeftirliti 37000		
	2. Tekjur af happdrætti 25000		
		62000	
			90500
25.	Til rannsóknaráðs: Til náttúrurannsókna og áhaldakaupa		30000
26.	Til rannsóknarstofu háskólans:		
	a. Laun 47000		
	b. Annar kostnaður 46000		
		93000	
	÷ Tekjur	68000	
	Rekstrarhalli		25000
27.	Til veðurstofu Íslands:		
	a. Laun forstöðumanns og fulltrúa	14800	
	b. Til aðstoðar	27000	
	c. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	17000	
	d. Til veðurskeyta o. fl.	20000	
	e. Til loftskeytatækja	2000	
	f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	6700	
	g. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	500	
			88000
28.	Rafmagnseftirlit ríkisins:		
	a. Laun 23000		
	b. Annar kostnaður 53000		
		76000	
	÷ Tekjur	76000	
29.	Eftirlit með verksmiðjum og vélum:		
	a. Laun og verðlagsuppbót 23200		
	b. Annar kostnaður 14200		
		37400	
	÷ Tekjur	37400	
30.	Til landmælinga		10000
	Flyt ...	. . .	3108200

	kr.	kr.
Flutt ...	. . .	3108200
31. Til Fiskifélagsins (þar af til mótornámskeiðs samkvæmt lögum nr. 71 1936 kr. 4000), enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins og félagið sjái um á sinn kostnað útgáfu fiskimanna-almanaks		160000
32. Kostnaður vegna laga nr. 61 1932, um lax- og silungsveiði		8400
33. Til klaksjóðs, samkv. l. nr. 36 1937		5000
34. Til loðdýraræktar, samkv. l. nr. 38 1937		12000
35. Til þess að annast birtingu útvarpaðra veðurfregna í verstöðvum landsins		20000
36. Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
a. 5 fiskiyfirmatsmanna	22600	
b. 4 ullarmatsmanna	2500	
c. 3 kjötmatsmanna	2250	
d. lýsismatsmanns, samkv. l. nr. 42 1933	2400	
e. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	12000	
f. Launauppbót til fiskiyfirmatsmannsins í Vestmannaeyjum	800	
		42550
37. Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra:		
a. Laun skipaskoðunarstjóra, enda hafi hann eftirlit með skipum ríkisins án sérstaks endurgjalds	7200	
b. Til skrifstofukostnaðar og aðstoðar	16400	
c. Þóknun til eftirlitsmanna	3000	
d. Ferðakostnaður skipaskoðunarstjóra og eftirlitsmanna, allt að	4600	
		31200
38. Kostnaður vegna laga um fiskimatsstjóra		12000
39. Til Landssambands iðnaðarmanna		10000
40. Til sambands íslenzkra heimilisiðnaðarfélaga		4000
41. Til skrifstofunnar „Íslenzkrar ullar“		10000
Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að ríkisstjórnin láti endurskoða reikninga stofnunarinnar, og árlega sé gefin skýrsla um starfsemina, samþykkt af endurskoðanda eða endurskoðendum.		
42. Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til þess að halda uppi kennslu og námskeiðum í tréskurði og heimilisiðnaði		900
43. Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að eflingu heimilisiðnaðar		1800
44. Til Arndísar Þorsteinsdóttur garðyrkjukonu		300
45. Til Guðmundar Kristinssonar myndskera		500
46. Til kvenfélags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kennslu í handavinnu kvenna		500
47. Til kvenfélagasambands Íslands		2000
48. Til sambands norðlenzkra kvenna		1000
49. Til kvenfélagasambands Austur-Húnavatnssýslu		300
50. Til kvennasambands Vestur-Húnavatnssýslu		300
51. Til sambands austfirzkra kvenna		400
Flyt ...	. . .	3431350

	kr.	kr.
Flutt ...	. . .	3431350
52. Til sambands sunnlenzkra kvenna		400
53. Til sambands vestfirzkra kvenna		400
54. Til kvenfélagasambands Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, enda haldi það uppi námskeiðum fyrir húsmæður og húsmæðraefni		1000
55. Til sambands breiðfirzkra kvenna		400
56. Til kvenfélagasambands Gullbringu- og Kjósarsýslu ..		400
57. Til bandalags kvenna í Reykjavík		400
58. Til sambands sunnlenzkra kvenna, styrkur til að halda uppi námskeiðum fyrir húsmæður og húsmæðraefni ..		3000
59. Til kvenréttindafélags Íslands		400
60. Til vinnumiðlunar		20000
61. Til mæðrastyrksnefndar		3000
62. Til vörumerkjaskrásetjara		1600
63. Til Ungmennafélags Íslands:		
a. Til skógræktar og bindindisstarfsemi	4000	
b. Til ræktunarleiðbeininga	2000	
Félagið gefi ríkisstjórninni skýrslu um, hvernig fénu er varið.		6000
64. Til bandalags skáta		400
65. Til bandalags íslenzkra farfugla		1500
66. Til dýraverndunarfélags Íslands, til dýraverndunarstarfsemi		1000
67. Til loðdýraræktarfélags Íslands		3000
68. Til fiskiræktar		5000
69. Til húsameistara ríkisins:		
a. Laun (þar af persónuleg launaviðbót 2400)	8400	
b. Skrifstofukostnaður	18000	
		26400
70. Gjöld vegna laga um skipulag bæja- og sjávarþorpa, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að		10000
71. Til verkstjóranámskeiðs undir eftirliti vegamálastjóra		3000
72. Til skuldaskilasjóðs útvegsmanna		160000
73. Til mjólkurbúa og smjörsamlaga		30000
74. Til iðnlánasjóðs		65000
75. Til samábyrgðar Íslands á fiskiskipum l. nr. 37 1941 ..		50000
76. Kostnaður við eftirlit með opinberum sjóðum		2000
77. Kostnaður vegna mæðiveikinnar:		
A. Til varnar gegn útbreiðslu veikinnar	140000	
B. Til stuðnings bændum á mæði- og garnaveikisvæðinu:		
1. Til að styrkja bændur 400000		
2. Nefndarkostnaður 5000		
	405000	
		545000
78. Kostnaður við rannsókn á búfjársjúkdómum		40000
79. Til rannsókna og varna gegn útbreiðslu garnaveikinnar		130000
Flyt ...	. . .	4540850

	kr.	kr.
Flutt ...	. . .	4540850
80. Kostnaður við verðlagsnefnd		114000
81. Kostnaður við skömmtunarskrifstofu ríkisins		125000
82. Kostnaður við kauplagsnefnd		8000
83. Kostnaður við húsaleigunefnd		6000
84. Til alþjóðahafrannsókna		10000
85. Til Íslandsdeildar norræna búfræðifélagsins		500
86. Til Bálfararfélags Íslands		35000
87. Til fiskifulltrúa í Miðjarðarhafslöndum		10000
88. Til Baldurs Johnsen, héraðslæknis, til manneldisrannsókna		2000
Samtals ...	. . .	4851350

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

	kr.	kr.
1. Kostnaður við berklavarnir:		
a. Styrkur til berklasjúklinga	1000000	
b. Styrkur skv. 2. mgr. 19. gr. l. nr. 66 1939	5000	
c. Annar kostnaður	15000	
		1020000
2. Styrkur til sjúklinga samkv. bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 78 frá 1936		550000
3. Gjöld samkv. l. nr. 39 frá 1935, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna		5000
4. Gjöld samkv. 19. og 21. gr. framfærslulaga, nr. 135 1935		15000
5. Til alþýðutrygginga		1100000
6. Til jöfnunarsjóðs sveitar- og bæjarfélaga		700000
7. Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík		4000
8. Til mæðrastyrksnefndarinnar, til sumarheimilis mæðra		2000
9. Til barnaheimila og barnaverndar, eftir ákvörðun ráðherra		30000
10. Til félagsins „Heyrnarhjálpar“		
11. Til félagsins „Sjálfsbjargar		5000
12. Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		2000
13. Til slysavarna		1000
enda sé stjórnarráðinu send skýrsla um starfsemina.		15000
14. Til þess að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis		
15. Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		1000
Þar af til bindindisfélaga í skólum landsins 3500 kr.		30000
16. Til áfengisráðunautar		3000
17. Til útbreiðslu bindindis		7500
18. Til Stórstúku Íslands:		
Styrkur til húsbygginga, níunda greiðsla af tíu		15000
Flyt ...	. . .	3505500

	kr.	kr.
Flutt ...	. . .	3505500
19. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		300
20. Til sjúkrasjóðs Hofshrepps		300
21. Til sjúkrasjóðs Mývetninga		250
22. Til sjúkrasjóðs Súgfirðinga		300
23. Til styrktarsjóðs verklýðsfél. í Flatey á Breiðafirði ..		200
24. Til sjúkrasjóðs kvenfélagsins á Hellissandi		300
25. Til styrktarsjóðs verklýðsfélagsins á Patreksfirði		200
26. Til sjúkrasjóðs verkamannafélagsins á Þingeyri		300
27. Til sjúkra- og styrktarsjóðsins Líkn í Ögurhreppi		150
28. Til sjúkra- og styrktarsjóðsins Hjálp í viðlögum í Reykjarfjarðarhreppi		150
29. Til sjúkrasjóðs hjúkrunarfélags Ólafsvíkur		300
30. Til sjúkrasjóðs Þverárhrepps		200
31. Til starfsemi Rauðakrossins		4000
32. Til sambands íslenzkra berklasjúklinga		2000
33. Til ekknasjóðs Vestmannaeyja		800
Fjárveitingarnar undir 19.—33. tölul. eru bundnar því skilyrði, að jafnmikið fé að minnsta kosti komi annars staðar að og að stjórnarráðinu sé send skýrsla um starfsemina.		
34. a. Til sjúkrasamlags Sauðárkróks	600	
b. Til sjúkrasamlags Stokkseyrarhrepps	400	
enda breyti þessi sjúkrasamlög samþykktum sínum samkvæmt lögum um alþýðutryggingar.		1000
35. Til elliheimilisins Grundar í Reykjavík ..... enda greiði vistmenn, sem framfærslusveit eiga utan Reykjavíkur, ekki hærra daggjald en bæjarmenn.		5000
36. Til hælisins á Sólheimum, byggingarstyrkur		3000
37. Til gamalmennahælis á Ísafirði		1000
38. Til gamalmennahælis á Seyðisfirði		1000
39. Til gamalmennahælis í Hafnarfirði		1000
40. Til gamalmennahælis á Akranesi		500
Samtals ...	. . .	3527750

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

			kr.	kr.
	I. Samkvæmt eftirlaunalögum:			
	A. Embættismenn:			
1.	Ari Arnalds, fv. bæjarfógeti	1260,00		
2.	Árni Þorvaldsson, fv. yfirkennari	1106,67		
3.	Björgvin Vigfússon, fv. sýslum.	1270,83		
4.	Bogi Brynjólfsson, fv. sýslum.	1160,00		
5.	Guðm. Björnsson, fv. sýslum.	1565,00		
6.	Guðm. Eggerz, fv. sýslum.	1558,52		
7.	Guðm. Guðmundsson, fv. héraðsl.	1000,00		
8.	Guðm. T. Hallgrímsson, fv. héraðsl.	760,00		
9.	Guðm. Hannesson, fv. prófessor	2266,67		
10.	Guðm. Sveinbjörnsson, fv. skrifstofustj.	1120,00		
11.	Halldór Kr. Júlíusson, fv. sýslum.	1225,42		
12.	Halldór Steinsson, fv. héraðsl.	1000,00		
13.	Ingólfur Gíslason, fv. héraðsl.	1103,33		
14.	Jóhannes Jóhannesson, fv. bæjarfógeti	6000,00		
15.	Jón Helgason, fv. biskup	7000,00		
16.	Jón Jónsson, fv. héraðsl.	991,67		
17.	Jónas Kristjánsson, fv. héraðslæknir	1000,00		
18.	Karl Einarsson, fv. bæjarfógeti	1461,22		
19.	Magnús Jónsson, fv. bæjarfógeti	4446,94		
20.	Magnús Torfason, fv. sýslum.	2333,33		
21.	Ólafur Daníelsson, fv. yfirkennari	1160,00		
22.	Ólafur Finsen, fv. héraðsl.	1000,00		
23.	Ólafur Thorlacius, fv. héraðsl.	860,00		
24.	Páll Einarsson, fv. hæstaréttard.	8000,00		
25.	Sigurður Briem, fv. aðalpóstmeistari	6000,00		
26.	Sigurður Magnússon prófessor	1894,40		
27.	Sigurður Thoroddsen, fv. yfirkennari	1180,00		
28.	Sigurjón Jónsson, fv. héraðsl.	955,00		
29.	Sigvaldi Kaldalóns, fv. héraðsl.	855,00		
30.	Skúli Árnason, fv. héraðsl.	800,00		
31.	Steingr. Jónsson, fv. bæjarfógeti	5599,40		
32.	Steingr. Matthíasson, fv. héraðsl.	860,00		
33.	Þorbjörn Þórðarson, fv. héraðsl.	1000,00		
34.	Þórður Sveinsson prófessor	1783,00		
35.	Þorvaldur Pálsson, fv. héraðsl.	440,00		
			72016,40	
	B. Embættismannaekkjur:			
1.	Aðalbjörg Jakobsdóttir læknisekkja	437,50		
2.	Aðalbjörg Sigurðardóttir, ekkja Har. Nielssonar próf.	340,00		
3.	Álfheiður Helga Briem, ekkja P. Briems	625,00		
4.	Anna Gunnlaugsson, ekkja Halldórs Gunnlaugssonar héraðslæknis	150,00		
5.	Anna Jónsdóttir, ekkja Kl. Jónssonar fv. ráðh.	750,00		
	Flyt ...	2302,50	72016,40	

		kr.	kr.
	Flutt ...	2302,50	72016,40
6.	Anna Jónsdóttir, ekkja St. Gíslasonar héraðsl.	187,50	
7.	Ásta Hallgrímsson, ekkja T. Hallgrímssonar læknis	350,00	
8.	Carólína Jónassen, ekkja E. Th. Jónass. amtm.	750,00	
9.	Cathinka Sigfússon, ekkja Jóhs. Sigfússonar kennara	240,00	
10.	Christophine Bjarnhéðinsson, ekkja Sæmundar Bjarnhéðinssonar prófessors	375,00	
11.	Guðrún Björnsdóttir, ekkja Þ. Pálssonar héraðslæknis	187,50	
12.	Guðrún Briem, ekkja E. Briems hæstaréttard.	1100,00	
13.	Guðrún B. Gísladóttir, ekkja Jóns Sigurðssonar héraðsl.	189,37	
14.	Guðrún Tulinius, ekkja Axels Tulinius sýslum.	469,15	
15.	Ingibjörg Magnúsdóttir, ekkja Júl. Halldórssonar héraðsl.	212,50	
16.	Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja Jóns Jónssonar héraðsl.	150,00	
17.	Ingileif S. Aðils, ekkja Jóns Aðils prófessors	340,00	
18.	Jenny Forberg, ekkja O. Forbergs landssímastj.	500,00	
19.	Kristín Þórarinsdóttir, ekkja Kr. Kristjánssonar héraðsl.	237,50	
20.	Lára Malvina Scheving, ekkja G. Schevings héraðslæknis	187,50	
21.	Margrét Árnadóttir, ekkja P. V. Bjarnasonar sýslum.	350,00	
22.	Margrét Björnson, ekkja G. Björnson landl.	875,00	
23.	Margrét Lárusdóttir, ekkja G. Þorsteinssonar héraðslæknis	150,00	
24.	Martha Þorvaldsson, ekkja Jóns Þorvaldssonar héraðsl.	450,00	
25.	Ragna Gunnarsdóttir, ekkja Ólafs Gunnarssonar héraðslæknis	150,00	
26.	Rannveig Tómasdóttir, ekkja Magnúsar Jóhannssonar héraðslæknis	187,50	
27.	Sigríður Blöndal, ekkja B. Blöndals héraðsl.	150,00	
28.	Sigríður Hjaltadóttir Jensson, ekkja J. Jenssonar yfirdómara	500,00	
29.	Sigríður Pálsson, ekkja Pálma Pálssonar yfirkennara	450,00	
30.	Sigrún Bjarnason, ekkja Þorl. H. Bjarnasonar yfirkennara	400,00	
31.	Sofia Guðmundsson, ekkja Magnúsar Guðmundssonar ráðherra	450,00	
32	Steinunn Frímannsdóttir, ekkja St. Stefánssonar skólameistara	715,82	
	Flyt ...	12606,84	72016,40

			kr.	kr.
	Flutt ...	12606,84	72016,40	
33.	Súsanna Erlendsson, ekkja Hinriks Erlendssonar héraðsl. ..... kr. 187,50			
	Samkv. kgúrsk. ⅞ 1931, með hverju barni hennar til 16 ára aldurs:			
	1. Bjarni, f. ⅝ 1927 ..... — 100,00			
		287,50		
34.	Theodóra Thoroddsen, ekkja Sk. Thoroddsens sýslumanns	535,17		
35.	Vigdís G. Blöndal, ekkja Jóns Blöndals héraðsl.	187,50		
36.	Þóra Gísladóttir, ekkja Sig. Pálssonar héraðsl.	212,50		
37.	Þóra Magnússon, ekkja J. Magnússonar ráðh.	1200,00		
38.	Þórunn Hafstein, ekkja M. Hafsteins sýslum.	315,00		
39.	Þórunn Siemsen, ekkja Fr. Siemsens sýslum.	391,90		
40.	Þórunn Thorsteinsson, ekkja Davíðs Sch. Thorsteinssonar héraðsl.	237,50		
			15973,91	
	C. Prestsekkjur:			
1.	Anna Kvaran frá Mælifelli	145,00		
2.	Anna Stefánsdóttir frá Stað í Súgandafirði ..	100,00		
3.	Arnbjörg Einarsdóttir frá Breiðabólsstað ...	118,43		
4.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	100,00		
5.	Bergljót Blöndal frá Hvammi í Skagafirði ..	100,00		
6.	Björg Einarsdóttir frá Dvergasteini	256,84		
7.	Björg Einarsdóttir frá Undirfelli	100,00		
8.	Guðbjörg Hermannsdóttir frá Þingvöllum ..	118,30		
9.	Guðný Þorsteinsdóttir frá Nesi	126,44		
10.	Guðrún Hermannsdóttir frá Breiðabólsstað ..	212,94		
11.	Guðrún J. Jóhannesdóttir frá Bergsstöðum ..	107,54		
12.	Guðrún Jónsdóttir frá Kolfreyjustað	183,78		
13.	Guðrún Runólfsdóttir	164,47		
14.	Guðrún Torfadóttir frá Hólmum	134,40		
15.	Guðríður Helgadóttir frá Kvennabrekku	168,00		
16.	Guðríður Ólafsdóttir frá Húsavík	135,74		
17.	Helga Ketilsdóttir frá Stað í Grindavík	100,00		
18.	Helga Skúladóttir frá Kálfafellsstað	72,94		
19.	Helga Stephensen frá Holti	184,36		
20.	Ingibjörg Magnúsdóttir frá Laufási	142,10		
21.	Jakobína Sigurgeirsdóttir frá Borg	142,56		
22.	Jóhanna Magnúsdóttir frá Staðarhrauni	224,00		
23.	Líney Sigurjónsdóttir frá Görðum	314,81		
24.	Margrét Jónasdóttir frá Stað	131,36		
25.	Margrét Sigurðardóttir frá Höskuldsstöðum ..	131,85		
26.	María Elísabet Jónsdóttir frá Grenjaðarstöðum	170,00		
27.	Ólína Snæbjörnsdóttir frá Stað á Reykjanesi	192,53		
28.	Ragnheiður Magnúsdóttir frá Stað í Steing.f.	131,36		
29.	Sigríður Halldórsdóttir Jónsson frá Holti, Önf.	184,36		
	Flyt ...	4394,11	87990,31	

		kr.	kr.
	Flutt ...	4394,11	87990,31
30.	Sigríður Hansdóttir frá Djúpavogi	110,24	
31.	Sigríður Helgadóttir frá Odda	215,70	
32.	Sigríður Jóhannesdóttir frá Hruna	129,42	
33.	Sigríður Jónasdóttir frá Melstað	188,06	
34.	Sigurlaug Knudsen frá Breiðabólstað	133,00	
35.	Sigrún Kjartansdóttir frá Mosfelli	147,50	
36.	Steinunn Eiríksdóttir Stephensen frá Bjarnan.	200,22	
37.	Vigdís Einarsdóttir frá Stað í Grunnavík ..	104,16	
38.	Vilborg Jónsdóttir frá Prestsbakka	102,65	
39.	Þóra Jónsdóttir frá Auðkúlu	82,72	
40.	Þorbjörg Pálsdóttir frá Gilsbakka	100,00	
41.	Þórhildur Sigurðardóttir frá Stöð	118,23	
			6026,01
	D. Eftirlaun samkv. l. nr. 49 1923:		
	Einar Þorkelsson, fyrrv. skrifstofustjóri Alþingis		2500,00
	E. Framlag samkv. l. nr. 51 1921, 8. gr.		
1.	Aldný Magnúsdóttir, ekkja Árna Kristjánssonar símritara	220,00	
2.	Anna Þorgrímsdóttir læknisekkja	300,00	
3.	Ásta Einarson, ekkja Magnúsar Einarssonar dýralæknis	250,00	
4.	Ásta Halldórsdóttir, ekkja Óskars Jónssonar póstafgreiðslum. ..... kr. 240,00		
	Börn hennar til 16 ára aldurs:		
	1. Edda, f. 5/6 1931 ..... — 100,00		
	2. Eva, f. 12/9 1934 ..... — 100,00		
		440,00	
5.	Björg Jónsdóttir, ekkja Sig. Þórðarsonar prests ..... kr. 200,00		
	Barn hennar til 16 ára aldurs:		
	2. Oddrún Valborg, f. 3/1 1928 .... — 100,00		
		300,00	
6.	Guðbjörg Árnadóttir, ekkja Jóns Karlssonar héraðslæknis	350,00	
7.	Guðfinna Þórðardóttir vitavarðarekkja	90,00	
8.	Harriet Jónsson, ekkja Magn. Jónssonar lagapr.	450,00	
9.	Hedvig Blöndal, ekkja Óla P. Blöndals póstr.	350,00	
10.	Hrefna Einarsdóttir læknisekkja	350,00	
11.	Ida Stefánsdóttir, símam.ekkja ... kr. 220,00		
	Barn hennar til 16 ára aldurs:		
	Olga, f. 25/11 1931 ..... — 100,00		
		320,00	
12.	Ingibjörg Guðjónsdóttir, ekkja Sigurgríms Stefánssonar símritara	180,00	
13.	Ingibjörg Ögmundsdóttir, ekkja Guðm. Eyjólfssonar símstjóra	180,00	
	Flyt ...	3780,00	96516,32

			kr.	kr.
	Flutt ...	3780,00	96516,32	
14.	Kristín Guðmundsdóttir, ekkja Jóns Guðmundssonar vitavarðar	150,00		
15.	Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar símritara	220,00		
16.	Margrét Lárusdóttir, ekkja Guðm. Guðfinnssonar héraðslæknis	300,00		
17.	Margrét Þórðardóttir, ekkja Guðna Hjörleifss. héraðslæknis	450,00		
18.	María Guðmundsdóttir, ekkja Ásgr. Péturss. fiskimatsmanns	240,00		
19.	María Jónsdóttir, ekkja Fr. Klemenssonar póstafgreiðslum.	240,00		
20.	Marta Þórarinsdóttir, ekkja Viggós Snorrasonar símamanns ..... kr. 180,00			
	Barn hennar til 16 ára aldurs:			
	Helga, f. 21/7 1927 ..... — 100,00			
		280,00		
21.	Rigmor Ófeigsson, ekkja Jóns Ófeigssonar yfirkennara	340,00		
22.	Þrúður Ingibjörg Jónsdóttir, ekkja Björns Magnússonar símstjóra .. kr. 260,00			
	Barn hennar til 16 ára aldurs:			
	Magnús, f. 1/11 1928 ..... — 100,00			
		360,00		
			6360,00	
				102876,32
II.	Styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a.	Embættismenn:			
1.	Ari Arnalds, fyrrv. bæjarfógeti	2660,00		
2.	Árni Þorvaldsson, fyrrv. yfirkennari ..	1000,00		
3.	Björgvin Vigfússon, fyrrv. sýslumaður	1000,00		
4.	Bogi Brynjólfsson, fyrrv. sýslumaður .	640,00		
5.	Eggert Stefánsson, fyrrv. símafulltrúi Akureyri	1200,00		
6.	Einar Þorkelsson, fyrrv. skrifstofustjóri Alþingis	1000,00		
7.	Guðmundur Björnsson, fyrrv. sýslum.	1000,00		
8.	Guðmundur Hannesson prófessor	1200,00		
9.	Guðm. Sveinbjörnsson, fyrrv. skrifstofustjóri	3403,19		
10.	Halldór Steinsson læknir	600,00		
11.	Jón Jónsson læknir	800,00		
12.	Jónas Kristjánsson, fyrrv. héraðslæknir	1000,00		
13.	Jósep Björnsson, fyrrv. skólastjóri ..	1577,14		
14.	Kofoed-Hansen, fyrrv. skógræktarstjóri	1546,80		
15.	Magnús Torfason, fyrrv. sýslumaður ..	1826,67		
16.	Ólafur Daníelsson, fyrrv. yfirkennari .	2000,00		
17.	Ólafur Finsen, fyrrv. héraðslæknir ...	1000,00		
	Flyt ...	23453,80	. . .	102876,32

		kr.	kr.
	Flutt ...	23453,80	. . .	102876,32
18.	Ólafur Thorlacius, fyrrv. héraðslæknir	1000,00		
19.	Páll Halldórsson, fyrrv. skólastjóri ..	1000,00		
20.	Sigurður Magnússon, fyrrv. yfirlæknir	2000,00		
21.	Sigurður Thoroddsen, fyrrv. yfirkennari	2000,00		
22.	Sigvaldi Kaldalóns, fv. héraðslæknir	2067,12		
23.	Skúli Árnason, fyrrv. héraðslæknir ..	535,00		
24.	Steingrímur Matthíasson, fyrrv. héraðsl.	1000,00		
25.	Th. Krabbe, fyrrv. vitamálastjóri	1328,00		
26.	Þórður Sveinsson, fyrrv. yfirlæknir ..	2000,00		
27.	Þorkell Þorláksson, fyrrv. aðstoðarm.	1500,00		
28.	Þorvaldur Pálsson, fyrrv. héraðslæknir	300,00		
			38183,92	
b.	Embættismannaekkjur og börn:			
1.	Aðalbjörg Jakobsdóttir læknisekkja ..	500,00		
2.	Aðalbjörg Sigurðardóttir	1200,00		
3.	Anna Gunnlaugsson	900,00		
4.	Anna Jónsdóttir læknisekkja	500,00		
5.	Anna Jónsson, ekkja Kl. Jónssonar ..	450,00		
6.	Anna Þorgrímsdóttir læknisekkja, 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	700,00		
7.	Ásta Einarson	600,00		
8.	Ásta Hallgrímsson	600,00		
9.	Cathinka Sigfússon	1000,00		
10.	Christophine Bjarnhéðinsson	1200,00		
11.	Dómhildur Jóhannesdóttir	1200,00		
12.	Guðlaug Magnúsdóttir	2000,00		
13.	Harriet Jónsson	450,00		
14.	Helga Finnsdóttir	1200,00		
15.	Hrefna Einardóttir	600,00		
16.	Ingibjörg Magnúsdóttir læknisekkja ..	500,00		
17.	Ingileif Snæbjarnardóttir Aðils	400,00		
18.	Jenny Forberg	600,00		
19.	Kristín Vídalín Jacobson	1800,00		
20.	Kristín Þórarinsdóttir læknisekkja ...	400,00		
21.	Magnea Ásgeirsson	200,00		
22.	Margrét Árnadóttir	450,00		
23.	Margrét Björnson	1000,00		
24.	Margrét Lárusdóttir, ekkja Guðmundar Guðfinnssonar héraðslæknis	700,00		
25.	Margrét Kr. Lárusdóttir læknisekkja ..	400,00		
26.	Margrét Þórðardóttir læknisekkja, 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni í ómegð	1000,00		
27.	Martha Þorvaldsson læknisekkja	340,00		
28.	Ragna Gunnarsdóttir læknisekkja	600,00		
29.	Ragnheiður Jónasson sýslumannsekkja	800,00		
	Flyt ...	22290,00	38183,92	102876,32

		kr.	kr.
Futt ...	22290,00	38183,92	102876,32
30. Rannveig Tómasdóttir	600,00		
31. Rigmor Ófeigsson	800,00		
32. Sigríður Blöndal	300,00		
33. Sigríður Finnbogadóttir	800,00		
34. Sigríður Fjeldsted	450,00		
35. Sigríður Hjaltadóttir Jensson	400,00		
36. Sigrún Bjarnason	600,00		
37. Sofia Guðmundsson	2000,00		
38. Soffía Hjaltested	600,00		
39. Steinunn Frímannsdóttir	450,00		
40. Súsanna Friðriksdóttir Erlendsson ...	500,00		
41. Theodóra Thoroddsen	1200,00		
42. Þórhildur Eiríksdóttir Magnús	600,00		
43. Þórunn Hafstein sýslumannsekkja ...	400,00		
44. Þrúður Ingibj. Jónsdóttir	300,00		
		32290,00	
c. Uppgjafaprestar:			
1. Árni Þórarinsson prófastur	280,00		
2. Ásmundur Gíslason prófastur	385,00		
3. Böðvar Bjarnason	1400,00		
4. Einar Pálsson	430,00		
5. Einar Thorlacius prófastur	355,00		
6. Halldór Bjarnarson	430,00		
7. Hallgrímur Thorlacius	295,00		
8. Ingvar Nikulásson	385,00		
9. Jón Árnason	445,00		
10. Jón Norðfjörð Johannessen	460,00		
11. Kjartan Kjartansson	400,00		
12. Kristinn Danielsson	520,00		
13. Magnús Bjarnarson prófastur	355,00		
14. Matthías Eggertsson	465,00		
15. Ófeigur Vigfússon	280,00		
16. Ólafur Magnússon prófastur	420,00		
17. Pálmi Þóroddsson	265,00		
18. Runólfur Magnús Jónsson	430,00		
19. Sigtr. Guðlaugsson, prófastur frá Núpi	3000,00		
20. Stefán Kristinsson	400,00		
21. Sveinn Guðmundsson	445,00		
22. Theódór Jónsson	235,00		
23. Þórður Ólafsson prófastur	370,00		
24. Þorsteinn Ástráðsson	1000,00		
25. Þorvaldur Jakobsson	1275,00		
26. Þorvarður Þorvarðsson prófastur	475,00		
		15200,00	
d. Prestsekkjur:			
1. Anna Kvaran	155,00		
2. Anna Stefánsdóttir	200,00		
Flyt ...	355,00	85673,92	102876,32

		kr.	kr.
Flutt ...	355,00	85673,92	102876,32
3. Ástríður Petersen	200,00		
4. Auður Gísladóttir	300,00		
5. Bergljót Blöndal	200,00		
6. Björg Einarsdóttir frá Dvergasteini ..	200,00		
7. Björg Einarsdóttir frá Undirfelli	500,00		
8. Björg Jónasdóttir frá Eskifirði	300,00		
9. Björg Jónsdóttir frá Vallanesi	300,00		
10. Dorothea Guðmundsson	300,00		
11. Guðbjörg Guðmundsdóttir	400,00		
12. Guðbjörg Hermannsdóttir	181,70		
13. Guðný Þorsteinsdóttir	173,56		
14. Guðríður Helgadóttir	282,00		
15. Guðríður Ólafsdóttir	164,26		
16. Guðrún J. Jóhannesdóttir	500,00		
17. Guðrún S. Jónsdóttir	250,00		
18. Guðrún Runólfsdóttir	300,00		
19. Guðrún Torfadóttir	300,00		
20. Helga Ketilsdóttir	300,00		
21. Helga Skúladóttir	227,06		
22. Hlíf Bogadóttir	300,00		
23. Ingibjörg Magnúsdóttir	157,90		
24. Jakobína Sigurgeirsdóttir	157,44		
25. Jóhanna Magnúsdóttir prófastsekkja .	300,00		
26. Líney Sigurjónsdóttir	500,00		
27. Margrét Jónasdóttir	300,00		
28. María Elísabet Jónsdóttir	300,00		
29. Margrét Sigurðardóttir prófastsekkja .	500,00		
30. Ólína Snæbjörnsdóttir frá Stað	300,00		
31. Sigríður Halldórsdóttir Jónsson	300,00		
32. Sigríður Hansdóttir	385,00		
33. Sigríður Helgadóttir	300,00		
34. Sigríður Jóhannesdóttir	300,00		
35. Sigríður Jónasdóttir frá Melstað	300,00		
36. Sigríður Kjartansdóttir, 800 kr. auk 300 kr. með hverju barna sinna	2000,00		
37. Sigurlaug Knudsen	300,00		
38. Sigrún Kjartansdóttir	300,00		
39. Steinunn Eiríksdóttir Stephensen	200,00		
40. Steinunn Pétursdóttir	300,00		
41. Vilborg Jónsdóttir	300,00		
42. Þóra Jónsdóttir	217,28		
43. Þórhildur Sigurðardóttir	300,00		
		14051,20	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Aðalbjörg Steinsdóttir	500,00		
2. Anna Ásmundsdóttir	300,00		
3. Ásdís Þorgrímsdóttir	300,00		
4. Ásta Magnúsdóttir	200,00		
Flyt ...	1300,00	99725,12	102876,32

		kr.	kr.
Flutt ...	1300,00	99725,12	102876,32
5. Brynjólfur Þorlaksson söngkennari ...	1200,00		
6. Einar Hávarðsson	150,00		
7. Elísabet Jónsdóttir	300,00		
8. Guðbjörg Kristjánsdóttir	1200,00		
9. Guðmundur Björnsson	400,00		
10. Hólmfríður Gísladóttir kennslukona ..	500,00		
11. Ingivaldur Nikulásson kennari	400,00		
12. Jón Strandfeld	150,00		
13. Lárus Bjarnason skólastjóri	3600,00		
14. Lárus Rist kennari	600,00		
15. Ragnheiður Guðjónsdóttir	300,00		
16. Ragnheiður Torfadóttir	400,00		
17. Samúel Eggertsson	300,00		
18. Sigurður Sigurðsson	400,00		
19. Sigurjón Rögnvaldsson	200,00		
20. Viktoría Bjarnadóttir	150,00		
21. Vilborg Torfadóttir, ekkja Eyjólfs Sveinssonar kennara	300,00		
		11850,00	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1. Anína Arinbjarnardóttir	300,00		
2. Ásgeir Jónsson	400,00		
3. Ásgerður Bjarnadóttir	200,00		
4. Baldur Eyjólfsson póstur	300,00		
5. Björn Jónsson Vestfjarðapóstur	200,00		
6. Böðvar Jónsson póstur	400,00		
7. Eiríkur Sigfússon póstur	200,00		
8. Eiríkur Steingrímsson póstur	300,00		
9. Elínborg Vigfúsdóttir, ekkja Einars Runólfssonar póstafgreiðslumanns ...	400,00		
10. Friðrik Jónsson póstur	450,00		
11. Guðbjörg Ólafsdóttir, ekkja G. Kristjánssonar pósts	300,00		
12. Guðjón Hermannsson póstur	300,00		
13. Guðmundur Bergsson	1200,00		
14. Guðmundur Einarsson póstur	300,00		
15. Guðm. Kristjánsson póstur	300,00		
16. Guðmundur Ólafsson póstur	500,00		
17. Hafliði Sveinsson	300,00		
18. Halla Árnadóttir póstsekkja	300,00		
19. Halldór Benediktsson póstur	200,00		
20. Halldór Ólafsson póstur	200,00		
21. Hedvig Blöndal, ekkja Óla Blöndals póstritara	300,00		
22. Jóhann B. Jensson póstur	300,00		
23. Jóhanna Þ. Jónsdóttir póstsekkja	200,00		
24. Jóhanna Thorlacius póstmannsekkja ..	300,00		
Flyt ...	8150,00	111575,12	102876,32

		kr.	kr.
Flutt ...	8150,00	111575,12	102876,32
25. Jón Jónsson póstur í Galtarholti	500,00		
26. Kjartan Þorkelsson, fyrrum póstafgrm. og matsmaður	300,00		
27. Kristján Albert Bjarnason póstur	300,00		
28. Kristján Jónsson póstur	200,00		
29. Loftur Ólafsson póstur	600,00		
30. Magnús Einarsson póstur	300,00		
31. María Jónsdóttir, ekkja Fr. Klemenss.	300,00		
32. Ólafía Finnbogadóttir póstsekkja	200,00		
33. Ólöf Gunnarsdóttir, ekkja Árna Sigbjörnssonar pósts	200,00		
34. Ragnheiður Bjarnadóttir, ekkja Þorleifs Jónssonar	1000,00		
35. Ragnheiður Straumfjörð	300,00		
36. Reinald Kristjánsson póstur	200,00		
37. Sigríður Guðmundsdóttir póstsekkja ..	300,00		
38. Sigríður Sigurðardóttir póstsekkja ...	200,00		
39. Sigríður Steingrímsdóttir, Árnanesi, ekkja Sigurðar Péturssonar pósts	200,00		
40. Sigurjón Sumarliðason póstur	500,00		
41. Solveig Árnadóttir póstsekkja	300,00		
42. Stefán Þorvaldsson póstur	400,00		
43. Torfi Sæmundsson póstur	200,00		
44. Tryggvi Hallgrímsson póstur	200,00		
45. Þóra Matthíasdóttir Skaftason	300,00		
46. Þórdís Ívarsdóttir póstsekkja	200,00		
47. Þorlákur Þorláksson póstur	200,00		
48. Þórunn Sigurðardóttir	300,00		
49. Þuríður Einarsdóttir póstsekkja	200,00		
		16050,00	
g. Sigurður Nordal, samkvæmt samningi		2000,00	
h. Ólafur Friðriksson		1800,00	
i. Dr. Helgi Pétursson		5000,00	
j. Sigurjón Friðjónsson		1000,00	
k. Ekkjur og börn skálda og listamanna:			
1. Anna Pálsdóttir	600,00		
2. Arnbjörg Einarsdóttir	300,00		
3. Eleanor Sveinbjörnsson	1200,00		
4. Gíslína Kvaran	600,00		
5. Guðrún Jónsdóttir Erlingsson	600,00		
6. Kristín Jakobsdóttir frá Hofi	800,00		
7. Ólína Þorsteinsdóttir	300,00		
8. Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	500,00		
9. Sigríður Snæbjarnardóttir, ekkja Þór. B. Þorlákssonar málara	500,00		
10. Sigurlaug G. Gröndal	400,00		
Flyt ...	5800,00	137425,12	102876,32

		kr.	kr.
Flutt ...	5800,00	137425,12	102876,32
11. Valborg Einarsson	1000,00		
12. Valgerður Benediktsson	2400,00		
13. Þórunn Pálsdóttir, ekkja Þorsteins Gíslasonar	600,00		
		9800,00	
I. Ýmsir starfsmenn og ekkjur:			
1. Ágústa Þ. Ólafsdóttir	300,00		
2. Anna Bjarnadóttir, ekkja Hj. Láruss.	300,00		
3. Anna Sigurðardóttir, Fjöllum	300,00		
4. Arndís Sigurðardóttir	300,00		
5. Árni Gíslason yfirfiskimatsmaður	1000,00		
6. Árni G. Þóroddsson, fv. fiskimatsmaður	400,00		
7. Ásgeir Jónsson, Gottorp	300,00		
8. Ásta Þorvaldsdóttir	300,00		
9. Bergur Jónsson fyrrv. fiskimatsm.	400,00		
10. Bjarni Grímsson, fyrrv. fiskimatsm. ..	400,00		
11. Bjarni Magnússon fangavörður	200,00		
12. Björg Guðmundsdóttir	400,00		
13. Davíð Gíslason	600,00		
14. Einar Markússon, fyrrv. ríkisbókari ..	2000,00		
15. Einar Straumfjörð, fyrrv. vitavörður, vegna örorku	400,00		
16. Eiríkur Eiríksson, fyrrv. fiskimatsm.	300,00		
17. Friðfinnur Guðjónsson leikari	800,00		
18. Gestur Guðmundsson, fyrrv. vitavörður	400,00		
19. Gísli Jónsson, fyrrv. fiskimatsm.	400,00		
20. Gróa Dalhoff	800,00		
21. Guðbjörg Þorleifsdóttir, Múlakoti	400,00		
22. Guðbrandur Þorsteinsson vitavörður ..	400,00		
23. Guðfinna Þórðardóttir vitavarðarekkja	300,00		
24. Guðlaugur Hansson lýsismatsm.	300,00		
25. Guðleif Erlendsdóttir, fv. hjúkrunark.	300,00		
26. Guðmundur Davíðsson, fv. umsjónarm.	1500,00		
27. Guðmundur Eiríksson á Þorfinnsstöðum	300,00		
28. Guðm. Gestsson, fv. dyrav. Menntaskól.	1200,00		
29. Guðmundur Gissurarson, fv. fiskimatsm.	400,00		
30. Guðmundur A. Guðmundsson, fv. fiskimatsmaður	200,00		
31. Guðmundur Kr. Guðmundsson, fyrrv. fiskimatsmaður	400,00		
32. Guðmundur Ólafsson, fv. fiskimatsm.	300,00		
33. Guðrún Egilson 2000 kr., auk 100 kr. með barni hennar í ómegð	2100,00		
34. Guðrún Káradóttir ljósmóðir	200,00		
35. Halldór Brynjólfsson blindi	350,00		
36. Halldóra Þórðardóttir	600,00		
37. Helgi Árnason, fyrrv. safnahúsvörður	600,00		
38. Henriette Kjær, fv. yfirhjúkrunarkona	600,00		
Flyt ...	20750,00	147225,12	102876,32

			kr.	kr.
	Flutt ...	20750,00	147225,12	102876,32
39.	Hlín Johnson	1200,00		
40.	Hólmfríður Björnsdóttir, ekkja G. Hjaltasonar	300,00		
41.	Hólmgeir Jónsson fyrrv. dýralæknir ..	300,00		
42.	Ingibjörg Guðjónsdóttir	300,00		
43.	Ingibjörg Loftsdóttir ljósmóðir	200,00		
44.	Jóhann Gíslason, fv. fiskimatsmaður .	400,00		
45.	Jóhann Ragúels, Akureyri	600,00		
46.	Jóhannes Guðmundsson, fv. fiskimatsm.	300,00		
47.	Jóhannes Jörundsson, Hrísey	1200,00		
48.	Jón Jónsson, Munaðarhóli, fyrrv. fiskimatsmaður	400,00		
49.	Jón Runólfsson, fyrrv. sýsluskrifari ..	600,00		
50.	Jón Sigurðsson fiskimatsmaður	300,00		
51.	Jónas Jónsson fyrrv. fiskimatsmaður .	300,00		
52.	Jóney Guðmundsdóttir, ekkja Guðjóns Guðlaugssonar	600,00		
53.	Jónína Marteinsdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	300,00		
54.	Kristín Guðmundsdóttir, ekkja E. Helgasonar	600,00		
55.	Kristín Pálsdóttir vitavarðarekkja	300,00		
56.	Kristján Ingimundarson, fv. fiskimatsm.	300,00		
57.	Kristjana Benediktsdóttir	400,00		
58.	Kristmann Tómasson, fv. yfirfiskimatsmaður	400,00		
59.	Kristólína Kragh	300,00		
60.	Lára Bjarnadóttir	400,00		
61.	Magnús Magnússon, fv. fiskimatsm. ..	400,00		
62.	Margrét Jónsdóttir vitavarðarekkja ..	300,00		
63.	Margrét Vigfúsdóttir vitavarðarekkja .	300,00		
64.	Marta Þórarinsdóttir símamannsekkja	500,00		
65.	Níelsína Ólafsdóttir, ekkja Daníels Danielssonar	600,00		
66.	Ólafur Guðmundsson, fyrrv. ferjum. ..	600,00		
67.	Ólafur Ísleifsson, Þjórsártúni	1000,00		
68.	Ólöf Steingrímsdóttir, ekkja Páls Erlingssonar	500,00		
69.	Petrea Jónsdóttir	300,00		
70.	Ragnheiður Erlendsdóttir	300,00		
71.	Rósa Jónsdóttir vitavarðarekkja	200,00		
72.	Runólfur Magnússon, fv. fiskimatsm. .	300,00		
73.	Runólfur Pétursson, innhm.	1200,00		
74.	Sigmundur Finnsson fv. fiskimatsm. ..	300,00		
75.	Sigríður Gísladóttir 300 kr., og 100 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	700,00		
76.	Sigríður Magnúsdóttir hjúkrunarkona	500,00		
	Flyt ...	38750,00	147225,12	102876,32

		kr.	kr.
	Flutt ...	38750,00	147225,12	102876,32
77.	Sigríður Sveinsdóttir, ekkja Jakobs Björnssonar síldarmatsmanns	300,00		
78.	Sigurður Jóakimsson, fv. fiskimatsm.	300,00		
79.	Sigurður Jónasson, fyrrv. fiskimatsm.	300,00		
80.	Sigurður Jónsson, fyrrv. fiskimatsm. ..	400,00		
81.	Sigurður Jónsson fyrrv. fiskimatsmaður, Hafnarfirði	400,00		
82.	Sigurður Pétursson, fyrrv. fangav. ..	1000,00		
83.	Sigurjón Björnsson, fv. fiskimatsm. ..	400,00		
84.	Soffía Ásgeirsdóttir hjúkrunarkona ..	500,00		
85.	Tómas Gunnarsson, fv. fiskimatsm. ..	300,00		
86.	Valgerður Steinsson, fv. spítalaráðsk.	500,00		
87.	Vigfús Sigurðsson, fyrrv. vitavörður	300,00		
88.	Þorsteinn Gíslason fiskimatsmaður ..	300,00		
89.	Þorvaldur Þorvaldsson fyrrv. fiskimatsmaður	300,00		
			44050,00	
	Á styrkveitingar í II. a.—l. greiðist dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum sem á laun embættismanna.			
m.	Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000,00	
n.	Dr. Páll E. Ólason, enda semji hann ókeypis æfisögur Íslendinga fyrir bókmenntafélagið		7200,00	
				201475,12
III.	Dýrtíðaruppbót			73000,00
	Samtals ...		. . .	377351,44

19. gr.

Til óvissra útgjalda er veitt:

		kr.	kr.
1.	Verðlagsuppbót samkvæmt gildandi lögum 1942	3500000	
2.	Til annarra útgjalda	100000	
			3600000
	Samtals ...	. . .	3600000

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

		kr.	kr.
	Inn:		
I.	Fyrningar:		
1.	Samkvæmt 3. gr. A.	184000	
2.	— 3. — B.	3649	
3.	— 9. —	2170	
4.	— 10. —	2046	
5.	— 11. —	7070	
6.	— 12. —	65000	
7.	— 13. —	185552	
8.	— 14. —	16166	
9.	— 15. —	4350	
			470003
II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum og veðdeildarbréfum		50000
III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		70000
	Samtals ...	. . .	600003
	Út:		
I.	Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1.	Ríkissjóðslán:		
	a. Innlend lán ... 816593		
	b. Lán í dönskum krónum ... 407402		
	c. Lán í sterlingspundum ... 510808		
	d. Lán í dollurum ... 433998		
		2168801	
2.	Lán ríkisstofnana:		
	a. Landssíminn (sjá 3. gr. A. 1.) ... 150000		
	b. Ríkisútvarpið (sjá 3. gr. A. 4.) ... 89500		
		239500	
			2408301
II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana:		
	Landssíminn (ný símakerfi o. fl.)		350000
III.	Til að gera nýja vita		150000
IV.	Til lögboðinna fyrirframgreiðslna		10000
	Samtals ...	. . .	2918301

21.
I. Rekst

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		287500
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana	4608700	
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs	9440	
			46181
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		318
5. gr.	Óvissar tekjur		50
	Samtals ...	. . .	337361

II. Sj

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	337361
	Aðrar innborganir og fyrningar[1]):	
20. gr. I.	Fyrningar	470
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum	50
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	70
	Samtals ...	343361

1) Fyrningar eru færðar hér til jafnaðar sömu fjárhæð, sem talin er í rekstrarútgjöldum.

Yfirlit.
firlit.

		kr.	kr.
	Gjöld:		
7. gr.	Vextir		1345980
8. gr.	Kostnaður við æðstu stjórn landsins		75000
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		357420
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		1167794
11. gr. A.	Til dómgæzlu og lögreglustjórnar	2209950	
— B.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	518500	
			2728420
12. gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðimála		790250
13. gr. A.	Vegamál	4068952	
— B.	Samgöngur á sjó	908300	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	947400	
— D.	Flugmál	35000	
			5959652
14. gr. A.	Kirkjumál	493100	
— B.	Kennslumál	2663231	
			3156331
15. gr.	Til vísinda, bókmennta og lista		395910
16. gr.	Til verklegra fyrirtækja		4851350
17. gr.	Til almennrar styrktarstarfsemi		3527750
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		377351
19. gr.	Óviss útgjöld		3600000
	Rekstrarafgangur		5402862
	Samtals ...	. . .	33736100

irlit.

		kr.
	Út:	
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	28333238
	Aðrar útborganir:	
20. gr. I.	Afborganir lána	2408301
— II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana	350000
— III.	Til að gera nýja vita	150000
— IV.	Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000
	Greiðslujöfnuður	3084564
	Samtals ...	34336103

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að verja fé úr ríkissjóði til launagreiðslu tveggja dómara í hæstarétti, ef dómurunum verður fjölgað á árinu 1942, samkvæmt lögum um hæstarétt, nr. 112 14. maí 1935.

II. Að greiða Páli Sveinssyni, fyrrverandi yfirkennara, full laun, enda vinni hann að því að fullgera hina frakknesk-íslenzku orðabók sína.

III. Að greiða Jakobi Smára ¾ adjunktslauna fyrir skólaárið 1941—1942, ef hann lætur af embætti og fær eigi lífvænlegt starf við sitt hæfi fyrir þann tíma.

IV. Að greiða Ólafi Magnússyni, fyrrverandi prófasti í Arnarbæli, 1400 kr. vegna vangoldinna þjónustulauna við Strandarkirkju í Selvogsþingum.

V. Að láta þeim ráðherra, sem fer með utanríkismál, sé hann ekki jafnframt forsætisráðherra, í té leigulausa íbúð, eða að öðrum kosti greiða honum úr ríkissjóði allt að 3000 kr. til húsaleigu.

VI. Að greiða á árinu 1943 dýrtíðaruppbót á laun embættismanna, eftir sömu reglum sem á árinu 1942.

VII. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

VIII. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

IX. Að ábyrgjast fyrir Tunnuverksmiðju Siglufjarðar allt að 150 þús. kr. rekstrarlán, enda sé lánið greitt fyrir áramót.

X. Að ábyrgjast fyrir Akureyrarkaupstað allt að 200 þús. kr. lán til rekstrar tunnuverksmiðju þar, enda greiðist lánið fyrir áramót.

XI. Að krefjast þeirra trygginga, sem stjórnin metur gildar, fyrir hverri ábyrgð, sem hún gengur í fyrir hönd ríkissjóðs, enda séu allar slíkar lántökur framkvæmdar af ráðuneytinu, eða Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands í samráði við ráðuneytið. Þó getur ráðuneytið falið einstökum mönnum útvegun lánanna.

XII. Að greiða 12000 kr. til rekstrar húsmæðrakennaradeildar í sambandi við húsmæðraskóla í Reykjavík.

XIII. Að greiða 50000 kr. byggingarstyrk til gagnfræðaskólans í Reykjavík.

XIV. Að greiða 500 þús. kr. til byggingar sjómannaskóla.

XV. Að greiða Kvenfélagi Grindavíkur 1000 kr. fyrir afnot húseignar félagsins fyrir skólahald o. fl.

XVI. Að verja úr ríkissjóði allt að 50 þús. kr., að fengnum tillögum fiskimálanefndar, til þess að styrkja þá útgerðarmenn, er misst hafa báta sína frá ófriðarbyrjun, til þess að byggja nýja báta, þó ekki yfir 20% af byggingarkostnaði.

XVII. Að greiða Gústaf A. Sveinssyni hrm. allt að 2000 kr. fyrir samningu efnisyfirlits yfirréttardóma, enda takist samningur um útgáfu verksins.

XVIII. Að afskrifa skuld Neskaupstaðar við ríkissjóð vegna Fóðurmjölsverksmiðju Norðfjarðar.

XIX. Að lækka útgjöld ríkissjóðs, sem ekki eru bundin í öðrum lögum en fjárlögum, eftir jöfnum hlutföllum, um allt að 35%, ef ríkisstjórnin telur sýnilegt, að áhrif styrjaldarinnar verði þess valdandi, að tekjur ríkissjóðs lækki verulega.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdótur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1943, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglum sem bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og færist fjárhæðin á rekstrarreikning skipaútgerðar ríkisins.

Stjórn Búnaðarbankans veitist heimild til þess að greiða frú Önnu Klemensdóttur, ekkju Tryggva Þórhallssonar bankastjóra, 25% af launum manns hennar sem aðalbankastjóra Búnðarbanknas, og dýrtíðrauppbót að auk.

Stjórn sama banka veitist heimild til þess að greiða frá Aðalbjörgu Albertsdóttur, ekkju Þorsteins Sigurgeirssonar bankagjaldkera, 1000 kr., og til tveggja barna hennar innan 16 ára aldurs, 300 kr. til hvors.

Stjórn sama banka veitist heimild til að greiða Ólafíu Bjarnadóttur, ekkju Þórðar Sveinssonar bókara, 1800 kr.

Stjórninni er heimilt að greiða Sigurði Hjálmarssyni stýrimanni, 600 kr., og færist fjárhæðin á rekstrarreikning skipaútgerðar ríkisins.

Stjórninni er heimilt að greiða Ólafíu Gísladóttur, ekkju Vilhjálms Þorsteinssonar stýrimanns, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum stýrimanna sinna, og færist fjárhæðin á rekstrarreikning skipaútgerðar ríkisins.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1942 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

TEKJUBÁLKURINN

Um 2. gr.

Skattar og tollar eru áætlaðir 9675000 kr. hærri en á núgildandi fjárlögum. Helztu breytingar eru þessar: Tekju- og eignarskattur, þar með talinn stríðsgróðaskattur, er áætlaður 7 milljónir í stað 3150000 kr. og er þá gert ráð fyrir, að aðalatvinnuvegir landsmanna, einkum verzlun og sjávarútvegur, verði yfirleitt reknir með nokkrum hagnaði á þessu ári. Aukatekjur eru áætlaðar 100000 kr. hærri en á núgildandi fjárlögum, en þessar tekjur hafa stöðugt hækkað á undanförnum árum. Vitagjald er áætlað 50 þús. kr. hærra en á síðustu fjárlögum. Stimpilgjald fór langt fram úr áætlun s. l. ár, að mestu leyti vegna hækkandi verðlags á fasteignum. Enda þótt tekjur af stimpilgjaldi geti verið nokkuð misjafnar frá ári til árs, virðist mega áætla þær 1000000 kr. á næsta ári. Bifreiða- og benzínskattur nam 1244 þús. kr. á s. l. ári. Bifreiðaskatturinn hefur aukizt verulega vegna mikils innflutnings á bifreiðum undanfarið og sé gengið út frá að benzíninnflutningur verði hinn sami næsta ár og 1941, þykir ekki óvarlegt að áætla þessa tekjuliði til samans 1200 þús. kr. Útflutningsgjaldið varð um 2150000 kr. s. l. ár og má væntanlega áætla það 1700 þús á næsta ári, eins og hér er gert. Vörumagnstollur nam tæpum 7 millj. kr. s. l. ár og verðtollur rúmum 16 millj. kr. Eftir því sem styrjöldin stendur lengur má búast við að dragi úr innflutningi á ýmsum varningi, svo sem vefnaðarvörum og ýmiskonar járnvörum, sem yfirleitt hár tollur er á. Þykir því ekki varlegt að

áætla þessa liði hærra en hér er gert, þ. e. vörumagnstoll 5 milljónir og verðtoll 10 milljónir króna. Gjald af innlendum tollvörutegundum varð rúmar 1100 þús. kr. s. l. ár eða 500000 kr. hærra en áætlað er í núgildandi fjárlögum. Munar þar mestu um gjaldið af öli því, er bruggað er hér í landi fyrir hið erlenda setulið. Þykir óhætt að áætla tekjur á þessum lið 950 þús. kr.

Um 3. gr. A.

Tekjur af ríkisstofnunum eru áætlaðar tæpum 900 þús. kr. hærri en á síðustu fjárlögum og er aðalhækkunin á tekjum af tóbakseinkasölunni, en tekjur af henni urðu yfir 2 millj. kr. s. l. ár. Gert er ráð fyrir, að áfengisverzlunin verði starfrækt á næsta ári og tekjur af henni eru áætlaðar jafnháar sem á núgildandi fjárlögum.

Um 4. gr.

Tekjuliðir 4 (aðrir vextir) sundurliðast þannig:

a. Síldarverksmiðjur ríkisins (hluti af enska láninu 1930) 6,2%	ca. kr.	67800,00
b. Arnarhvoll	— —	20000.00
c. Ýmsir skuldunautar (dráttarvextir o. fl.)	— —	122200.00
	Kr.	210000.00

GJALDABÁLKURINN

Um 7. gr.

Vextir af skuldum ríkissjóðs eru áætlaðir nokkru lægri en í núgildandi fjárlögum, vegna lækkunar á skuldunum.

Vextir og afborganir af föstum lánum 1943 sundurliðast þannig:

I. Innlend lán:	Vextir kr.	Afborganir kr.
1. Sáttmálasjóðslán 1919 (5%) uppsegjanlegt	50000,00	
2. Veðdeildarlán vegna Staðarfells	39.62	143.60
3. Gísli Björnsson, vegna Reykjatorfu, tekið 1929 til 25 ára (5%)	1560.00	2600.00
4. Landsbankinn, D-lán nr. 262 vegna Litla-Hrauns, tekið 1929 til 25 ára (6%)	750.00	2500.00
5. Lán vegna kaupa á Gimli	2661.80	4333.11
6. Lán vegna kaupa á Austurstræti 20	2895.75	5850.00
7. Vega- og brúargerðalán, áætlað	1500.00	20000.00
8. Lán vegna styrkja til frystihúsa, samkv. lögum 1933	4086.50	4975,00
9. Lán vegna styrkja til mjólkurbúa	7013.57	15380.94
10. Lán vegna kaupa á jarðeignum á Stokkseyri og Eyrarbakka	10731.47	8483,28
11. Lán vegna kaupa á Skálholti	900.00	1000.00
12. — — — – Bræðratungu	155.00	1441.38
13. — — — – Ólafsdal	668.50	426.96
14. — — — – Tjörnum I.	194.99	79.43
15. — — — – Tjörnum II.	160.54	124.37
16. — — — – Brúnum	245.76	212.00
17. — — — – Reykjakoti í Ölfusi	162.37	140.02
18. — — — – Varmahlíð í Skagafirði	207.35	317.41
19. — — — – Kaldaðarnestorfu	4979.01	5507.11
20. — — — – Syðra-Langholti í Reykjavík	2506.19	9055.50
21. — — — – sýslumannsbústað á Eskifirði	489.97	438.90
22. — — — – Keldum í Mosfellssveit	585.00	195.00

		Vextir kr.	Afborganir kr.
23.	Lán vegna Skeiðaáveitu 1936	12574.33	15222.64
24.	— — kaupa á Suðurgötu 8, Hafnarf.	947.25	1750.00
25.	Skuldabréfalán innanríkis 1938 kr. 850000.00, tekið samkvæmt heimild 1938, til 22 ára (5½%)	43243.75	42500.00
26.	Skuldabréfalán innanríkis 1940 kr. 1409000.00, tekið samkvæmt heimild 1938, til 22 ára (5½%)	75557.62	70450,00
27.	Lán vegna kaupa á Amtmannsstíg 1	2496.00	3466.62
28.	Skuldabréfalán innanríkis 1941 kr. 10000000,00, til 25 ára (4½%)	441000.00	600000.00
	Kr.	668312.39	816593.27

II. Lán í sterlingspundum:

		Vextir kr.	Afborganir kr.
1.	Lán hjá Helbert, Wagg & Co., tekið 1921/1934. Hluti ríkissjóðs: Vexir £ 6980-19-10, afb. £ 12662-2-9, gengi 26/22	183041.60	332001.25
2.	Lán hjá Hambros Bank Ltd., London, tekið 1935. Hluti ríkissjóðs: Vextir £ 12122-3-10, afb. £ 6819-8-2, gengi 26/22	318106.07	178806.85
	Kr.	501147.67	510808.10

III. Lán í dönskum krónum:

		Vextir kr.	Afborganir kr.
1.	Lán hjá Bicuben til Vífilsstaðahælis 1909 (4½%): Vextir d. kr. 4035.75, afb. d. kr. 3464.25, gengi 125.78	5076.17	4357.33
2.	Lán hjá Statsanstalten 1912 til bankavaxtabréfakaupa (4½%): Vextir d. kr. 93.75, afb. d. kr. 4166.66, gengi 125.78	117.92	5240.82
3.	Lán hjá Mikla norræna 1913, til símalagninga (5%): Vextir d. kr. 747.11, afb. d. kr. 28144.58 gengi 125.78	939.71	35400.25
4.	Lán hjá sama 1917, til símalagninga (5%): Vextir d. kr. 6123.43, afb. d. kr. 26229.91, gengi 125.78	7702.05	32991.98
5.	Lán hjá Aalborg Værft A/S, vegna kaupa á Esju: d. kr. 27555.00, afb. d. kr. 176000.00, gengi 125.78	34658.69	221372.80
6.	Lán hjá Fredrikssunds og Omegns Bank A/S, vegna yfirtöku á skuldum vegna m/b Einis: Vextir d. kr. 38.44, afb. d. kr. 2562.50, gengi 125.78	48.35	3223.11
7.	Lán hjá Den Danske Landmandsbank A/S, Köbenhavn, yfirtekið af Fiskveiðasjóði Íslands 1941 með eftirst. d. kr. 416666.67. Vextir d. kr. 13750.00, afb. d. kr. 83333.33	17284.75	104816.66
	Samtals kr.	65827.64	407402.95

IV. Lán í dollurum:

		Vextir kr.	Afborganir kr.
1.	Lán hjá Export-Import Bank of Washington 1940 (3,6%), vextir $ 9313.90, afb. $ 66600.00, gengi 651.65	60694.00	433998.90

Vextir og afborganir af hluta Útvegsbankans af láni hjá Hambros Bank 1935 og af láni hjá Export-Import Bank eru ekki talin með í þessari skýrslu, og ekki heldur vextir og afborganir af eldri lánum, sem bankarnir annast sjálfir greiðslu á.

Um 9. gr.

Alþingiskostnaður er áætlaður hinn sami og á núgildandi fjárlögum, og er þá gert ráð fyrir, að Alþingi komi saman einu sinni á árinu og sitji ekki lengur en venja er til.

Um 10. gr.

I. 2. og 3. Áætlaður kostnaður við stjórnarráðið og ríkisféhirzlu er miðaður við þau laun, sem nú eru greidd.

III. Kostnaður við utanríkismál er hækkaður um 275 þús. kr. samkv. tillögum utanríkisráðuneytisins. Þessi hækkun stafar af því, að sett var á stofn síðastl. ár sendiráð í Washington og ákveðin hefur verið staðaruppbót á laun starfsmanna sendiráðanna vegna aukinnar dýrtíðar.

Um 11. gr. A.

2. Sýslumönnum og bæjarfógetum var greidd 2000 kr. launauppbót hverjum á s. l. ári. Gert er ráð fyrir, að svipuð uppbót verði greidd á laun þessara embættismanna framvegis og er því liðurinn hækkaður um 40000 kr.

4.—7. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík hækkar um 12200 kr. tollstjóra um 69600 kr., lögreglustjóra um 5650 kr. og sakadómara um 13200 kr. Hefur verið farið eftir tillögum þessara embættismanna.

8. Kostnaður við tollgæzlu í Reykjavík hækkar um 356000 kr. samkvæmt tillögum tollstjóra.

10. Lögreglukostnaður hefur á undanförnum árum jafnan farið mikið fram úr áætlun, enda hefur lögreglan verið allmjög aukin, þykir ekki ráðlegt að áætla þenna kostnað lægri en gert er í frv., 300000 kr., en það er 140000 kr. hærra en á núgildandi fjárlögum.

Um 11. gr. B.

4. Þóknun til skattanefnda var hækkuð s. l. ár, samkv. heimild í lögum nr. 9/1941. Störf skattanefnda jukust mikið áið sem leið, og má búast við, að svo verði einnig á næsta ári. Af téðum ástæðum hefur þessi kostnaðarliður verið áætlaður 50 þús. kr. hærri en á gildandi fjárlögum.

5. Kostnaður við ríkisskattanefnd hefur verið hækkaður um 6000 kr., aðallega vegna hækkunar á þóknun til nefndarmanna.

6. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl. Þessi kostnaðarliður er hækkaður um 35 þús. kr., og er þar byggt á reynslu undanfarinna ára.

Um 12. gr.

Rekstrargjöld ríkisspítalanna eru áætluð 75 þús. kr. lægri en á núgildandi fjárlögum, vegna þess að daggjöldin hafa enn verið hækkuð. Styrkur til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli er hækkaður úr 18000 kr. í 30000 kr. og styrkur til heilsuverndarstöðva úr 30000 kr. í 50000 kr., eftir tillögum landlæknis.

Um 13. gr. A.

Framlög til vegamála eru hækkuð um 1502600 kr. Mest er hækkunin á vegaviðhaldinu 1000000 kr., en miðað við útgjöldin s. l. ár þykir óvarlegt að áætla þenna lið lægri en hér er gert, 2000000 kr.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar vegamálastjóra.

Um 13. gr. B.

Á s. l. ári varð ca. 800000 kr. tap á rekstri standferðaskipa ríkisins, sem stafar af því, að flutningsgjöld hafa ekki verið hækkuð í nokkru samræmi við

stórum aukinn útgerðarkostnað. Þó gengið sé út frá að þetta verði að einhverju leyti lagfært á næsta ári, mun ekki varlegt að áætla styrkinn til strandferða lægri en hér er gert, eða 605000 kr.

Um 13. gr. C.

Útgjöld til vitamála og hafnargerða eru áætluð 282 þús. kr. lægri en á gildandi fjárlögum. Felldar hafa verið niður nokkrar fjárveitingar til hafnargerða, bryggjugerða og lendingabóta, sem ýmist eru fullgerðar eða kostnaður við þær greiddur að fullu.

Um 14. gr. A.

b. 6. og 7. Vegna vaxandi dýrtíðar hefur þótt nauðsynlegt að hækka framlag til húsabóta á prestssetrum úr 24000 kr. í 48000 kr. og til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum úr 24000 kr. í 35000 kr.

Um 14. gr. B.

I. Áætlaður kostnaður á þessum lið er hækkaður um 82540 kr. Helztu hækkanir eru þessar: Til áhaldakaupa handa læknadeild háskólans úr 1000 kr. í 16000 kr. Námsstyrkur úr 20000 kr. í 25000 kr. Húsaleigustyrkur úr 9000 kr. í 12000 kr. Hiti, ljós og ræsting úr 20000 kr. í 36900 kr. Ýmis gjöld úr 12000 kr. í 25000 kr.

Bætt hefur verið við áætlun um kostnað við kennslu í viðskiptafræði 16340 kr., til rannsóknarstofu í lyfjafræði 3000 kr., til rannsóknarstofu í heilsufræði 3000 kr. og til íþróttakennslu 4000 kr.

XII. Styrkur til Kvennaskólans er áætlaður 14000 kr. hærri en á gildandi fjárlögum, vegna fyrirhugaðrar aukinnar kennslu. Þá er einnig áætlað 10000 kr. einu sinni fyrir allt til viðgerðar á skólahúsinu.

XIII. 1. og 2. Kennaralaun eru áætluð 40000 kr. hærri en á gildandi fjárlögum, og laun farkennara eu hækkuð úr 78 þús. kr. í 140 þús. kr. vegna mikillar hækkunar á launum þeirra, sem kom til framkvæmda s. l. ár.

XV. Styrkur til húsmæðafræðslu er hækkaður um 40000 kr. vegna væntanlega aukinnar húsmæðrafræðslu í kaupstöðum.

XXVI. Framlag til íþróttasjóðs er hækkað um 50 þús. krónur, meðfram með tilliti til umsóknar um fjárframlag til sundlaugar á Eiðum.

Um 15. gr.

3. Kostnaðarliðurinn til áhalda og viðgerða hefur verið áætlaður 2000 kr. með það fyrir augum, að nauðsynleg viðgerð á bænahúsi í Gröf á Höfðaströnd verði látin fara fram á næsta ári. Til viðgerðar á Hólakirkju eru áætlaðar 2000 kr.

50. Styrkur til skálda, rithöfunda og listamanna er áætlaður 100000 kr. í stað 90000 kr. á síðustu fjárlögum.

Um 16. gr.

1. Til framleiðslubóta og atvinnuaukningar var varið rúmum 170000 kr. s.l. ár. Þykir ekki ástæða til að áætla þenna lið hærri en 200000 kr.

2. Framlag til Búnaðarfélags Íslands er áætlað 60 þús. kr. hærra en á gildandi fjárlögum vegna vaxandi dýrtíðar.

20. Styrkur til fyrirhleðslu á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts er hækkaður úr 70 þús. kr. í 125 þús. kr., samkvæmt tillögu vegamálastjóra.

31. Framlag til Fiskifélags Íslands er hækkað úr 115 þús. kr. í 160 þús. kr. samkv. rekstraráætlun, er atvinnumálaráðuneytið hefur samþykkt.

34. Styrkur til loðdýraræktar er lækkaður úr 20000 kr. í 12000 kr. Af styrk til loðdýraræktar hefur árlega gengið 10000 kr. til loðdýralánadeildar Búnaðarbankans. En þar sem loðdýraræktarráðunautur hefur upplýst, að ekkert lán hafi fengizt úr téðri lánadeild síðustu þrjú árin, gegn veði í loðdýrabúum, virðist ástæðulaust að styrkja bankann með slíkum framlögum úr ríkissjóði og er fjárveitingin lækkuð af téðum ástæðum.

70. Gjöld vegna laga um skipulag bæja- og sjávarþorpa eru áætluð 10 þús. kr. í stað 5 þús. kr., samkv. tillögum skipulagsnefndar.

75. Tekin er upp ný fjárveiting til samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, 50000 kr., samkvæmt l. nr. 37 1941.

77.—79. Kostnaður við varnir gegn útbreiðslu sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra er áætlaður hinn sami og á síðustu fjárlögum, enda hefur ráðuneytinu ekki borizt nein áætlun um þenna kostnað fyrir næsta ár.

80, 81 og 82. Kostnaður við verðlagsnefnd, skömmtunarskrifstofu og kauplagsnefnd hefur verið áætlaður allmiklu hærri en í gildandi fjárlögum, miðað við reynslu s. l. árs.

86. Styrkur til Bálfarafélags Íslands er hækkaður um 15000 kr. í 35000 kr., enda er gert ráð fyrir tvöföldu framlagi annars staðar að.

88. Tekin er upp ný fjárveiting til Baldurs Johnsen héraðslæknis, 2000 kr. til manneldisrannsókna, en hann hefur haft með höndum slíkar rannsóknir undanfarin ár á sinn eiginn kostnað.

Um 17. gr.

1. Styrkur til berklavarna er áætlaður 1000000 kr., eða 65 þús. kr. hærri en s.l. ár, og er þar byggt á reynslu ársins 1941.

5. Gjöld til alþýðutrygginga fara hraðvaxandi og þykir ekki verða komizt hjá að áætla þau 1100000 kr., samkv. skýrslu Tryggingarstofnunar ríkisins, og er það 350 þús. kr. hærra en á gildandi fjárlögum.

9. Styrkur til barnaverndar er hækkaður um 10000 kr., og má raunar gera ráð fyrir, að hér sé um of lága fjárhæð að ræða.

15. Styrkur til Stórstúku Íslands er hækkaður um 10000 kr. með tilliti til aukinnar dýrtíðar.

Um. 19. gr.

Verðlagsuppbót á laun starfsmanna ríkisins varð s.l. ár rúmar 2800000 kr. Meðalvísitala ársins 1941 varð 159,67, en vísitala febrúarmánaðar 1942 er 183. Ef gengið er út frá að vísitalan haldist óbreytt næsta ár eins og hún er nú, sem að vísu engin vissa er fyrir, má ætla að komizt verði af með hina áætluðu upphæð 3500000 kr.

Nd. 2. Frumvarp til laga

um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum.

(Lagt fyrir Alþingi 1942.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar 5 menn í gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum, og skal einn þeirra skipaður formaður dómsins. Enn fremur skipar ríkisstjórnin þrjá menn til vara, og taka þeir sæti í dóminum eftir því, sem ákveðið er í skipunarbréfinu.

2. gr.

Það er borgaraleg skylda að taka sæti í dóminum. Áður en dómarar taka sæti í dóminum í fyrsta sinn skulu þeir vinna drengskaparheit að því, að þeir muni rækja starfið eftir beztu vitund.

3. gr.

Allar breytingar á kaupi, kjörum, hlutaskiptum og þóknunum, sem greitt var eða gilti á árinu 1941, skal leggja undir úrskurð gerðardómsins. Í úrskurðum sínum skal gerðardómurinn fylgja þeirri meginreglu, að eigi má greiða hærra grunnkaup

fyrir samskonar verk en greitt var á árinu 1941, en þó má úrskurða breytingar til samræmingar og lagfæringar ef sérstaklega stendur á.

4. gr.

Verkföll og verkbönn, sem gerð eru í því skyni að fá breytingar á kaupi eða kjörum, sbr. 3. gr., eru óheimil frá gildistöku laga þessara og nær þetta einnig til verkfalla, sem þegar eru hafin.

5. gr.

Ríkisstjórnin gefur út skrá um nauðsynjavörur. Vörur þær, sem taldar eru í skránni, má ekki selja hærra verði í heildsölu og smásölu en þær voru seldar í árslok 1941. Enn fremur gefur ríkisstjórnin út skrá yfir vörur, sem ekki má leggja meira á í heildsölu og smásölu en gert var í árslok 1941. Gerðardómurinn skal þó, að fengnum tillögum hlutaðeigandi verðlagsnefnda, ákveða breytingar á verðlagi þeirra innlendra framleiðsluvara, sem felldar verða undir ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar, í samræmi við breytingar á tilkostnaði við framleiðslu þeirra. Enn fremur er gerðardóminum heimilt, að fengnum tillögum verðlagsnefnda, að úrskurða breytingar á verði annarra þeirra vara, sem felldar verða undir ákvæði greinarinnar.

6. gr.

Farmgjöld má ekki hækka frá því, sem þau voru í árslok 1941, nema með samþykki gerðardómsins.

7. gr.

Gerðardóminum er heimilt að ákveða verðlag á innlendum iðnaðarvörum, svo og að ákveða taxta fyrir viðgerðir, smíði, saumaskap, prentun og því um líkt, í sambandi við álagningu á efnivörur og vinnulaun.

8. gr.

Gerðardómurinn getur krafið hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er hann telur nauðsynlegar í starfi sínu, og getur hann falið öðrum að afla þeirra gagna.

9. gr.

Allur kostnaður við gerðardóminn greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum frá 100 til 100000 krónum. Ef félag eða félagasamtök brjóta lög þessi, skal dæma þau í sektir og auk þess stjórnendur þeirra.

11. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1942.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Frumvarp til laga um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Við síðastliðin áramót kom fram ágreiningur milli vinnuveitenda og vinnuþega í nokkrum iðngreinum í Reykjavík út af kröfum um breytingu á kjarasamningum, aðallega í þá átt, að grunnkaup hækki frá því sem verið hefur. Ef sú stefna yrði tekin að hækka grunnkaup, yrði afleiðingin óhjákvæmilega sú, að dýrtíðin í landinu myndi aukast verulega, og telur ríkisstjórnin brýna nauðsyn bera til að koma í veg fyrir það, bæði með því að takmarka rétt til hækkunar á grunnkaupi, svo og með því að gera viðtækar ráðstafanir til þess að halda verðlagi á nauðsynjavörum í skefjum.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar 5 menn í gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum, og skal einn þeirra skipaður formaður dómsins. Enn fremur skipar ríkisstjórnin þrjá menn til vara, og taka þeir sæti í dóminum eftir því, sem ákveðið er í skipunarbréfinu.

2. gr.

Það er borgaraleg skylda að taka sæti í dóminum. Áður en dómarar taka sæti í dóminum í fyrsta sinn skulu þeir vinna drengskaparheit að því, að þeir muni rækja starfið eftir beztu vitund.

3. gr.

Allar breytingar á kaupi, kjörum, hlutaskiptum og þóknunum, sem greitt var eða gilti á árinu 1941, skal leggja undir úrskurð gerðardómsins. Í úrskurðum sínum skal gerðardómurinn fylgja þeirri meginreglu, að eigi má greiða hærra grunnkaup fyrir sams konar verk en greitt var á árinu 1941, en þó má úrskurða breytingar til samræmingar og lagfæringar ef sérstaklega stendur á.

4. gr.

Verkföll og verkbönn, sem gerð eru í því skyni að fá breytingar á kaupi eða kjörum, sbr. 3. gr., eru óheimil frá gildistöku laga þessara og nær þetta einnig til verkfalla, sem þegar eru hafin.

5. gr.

Ríkisstjórnin gefur út skrá um nauðsynjavörur. Vörur þær, sem taldar eru í skránni, má ekki selja hærra verði í heildsölu og smásölu en þær voru seldar í árslok 1941. Enn fremur gefur ríkisstjórnin út skrá yfir vörur, sem ekki má leggja meira á í heildsölu og smásölu en gert var í árslok 1941. Gerðardómurinn skal þó að fengnum tillögum hlutaðeigandi verðlagsnefnda, ákveða breytingar á verðlagi þeirra innlendra framleiðsluvara, sem felldar verða undir ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar, í samræmi við breytingar á tilkostnaði við framleiðslu þeirra. Enn fremur er gerðardóminum heimilt, að fengnum tillögum verðlagsnefnda, að úrskurða breytingar á verði annarra þeirra vara, sem felldar verða undir ákvæði greinarinnar.

6. gr.

Farmgjöld má ekki hækka frá því, sem þau voru í árslok 1941, nema með samþykki gerðardómsins.

7. gr.

Gerðardóminum er heimilt að ákveða verðlag á innlendum iðnaðarvörum, svo og að ákveða taxta fyrir viðgerðir, smíði, saumaskap, prentun og því um líkt, í sambandi við álagningu á efnivörur og vinnulaun.

8. gr.

Gerðardómurinn getur krafið hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er hann telur nauðsynlegar í starfi sínu, og getur hann falið öðrum að afla þeirra gagna.

9. gr.

Allur kostnaður við gerðardóminn greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum frá 100 til 100000 krónum. Ef félag eða félagasamtök brjóta lög þessi, skal dæma þau í sektir og auk þess stjórnendur þeirra.

11. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1942.

Gjört í Reykjavík, 8. janúar 1942.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson
Eysteinn Jónsson.
Jakob Möller.
Ólafur Thors.

Ed. 3. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

(Lagt fyrir Alþingi 1942.)

1. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Í kaupstöðum jafnar niðurjöfnunarnefnd niður útsvörum. Utan Reykjavíkur er formaður skattanefndar einnig formaður niðurjöfnunarnefndar. Auk þess eiga sæti í nefndinni fjórir menn, kosnir hlutbundnum kosningum af bæjarstjórn í nóvembermánuði ár hvert til eins árs í senn. Í Reykjavík kýs bæjarstjórn á sama hátt og til sama tíma fimm menn í niðurjöfnunarnefnd, og einn þeirra formann nefndarinnar. Með sama hætti skal kjósa fjóra — í Reykjavík fimm — menn til vara, er taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Kjörgengir eru þeir, sem kjörgengir eru til bæjarstjórna. Skylt er hverjum manni, sjálfum sér ráðandi, yngri en 60 ára, heilum og hraustum, konum jafnt sem körlum, að starfa í niðurjöfnunarnefnd, en óskylt er þó sama manni að sitja í henni samfleytt lengur en 6 ár, enda þarf hann ekki að taka við endurkjöri fyrr en 6 ár eru liðin síðan hann sat síðast í nefndinni. Í Reykjavík skal skrifstofustjóri skattstjóra aðstoða við starf niðurjöfnunarnefndarinnar og veita allar upplýsingar sem hægt er.

Áður en niðurjöfnunarnefndarmaður tekur í fyrsta skipti til starfa í nefndinni, vinnur hann skriflegt drengskaparheit um að rækja starfið með alúð og samvizkusemi.

Bæjarstjórn ákveður þóknun niðurjöfnunarnefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ráðherra sá, sem fer með sveitarstjórnarmál, hefur tjáð mér það, sem hér fer á eftir:

Í 17. gr. laga nr. 106 23. júní 1936, um útsvör, er svo ákveðið, að í kaupstöðum utan Reykjavíkur sé formaður skattanefndar jafnframt formaður niðurjöfnunarnefndar, en í Reykjavík sé skattstjóri formaður niðurjöfnunarnefndar. Hér kemur fram algert ósamræmi, þar sem lög nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt mæla svo fyrir, að bæjarstjóri, sem kosinn er af bæjarstjórn, skuli vera formaður skattanefndar. Virðist það því sanngjarnt og sjálfsagt, að í Reykjavík kjósi bæjarstjórn alla niðurjöfnunarnefndina, og einn nefndarmanna sem formann. Hér við bætist að skattstjóraembættið og formannsstarfið í niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur eru hvort um sig orðin svo umfangsmikil, að eigi getur lengur samrýmst, að sami maður gegni þeim báðum, enda fer niðurjöfnun útsvara fram á sama tíma og ákvörðun tekju- og eignaskatts.

Þar sem niðurjöfnun útsvara hefst næstu daga í Reykjavík, telur ríkisstjórnin það mjög aðkallandi, að framangreindri skipan verði komið á tafarlaust og að ekki verði hjá því komizt að setja bráðabirgðalög í því skyni.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til þess að skipa framangreindu máli nú þegar í samræmi við það, sem að ofan segir, tel ég rétt að setja, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Í kaupstöðum jafnar niðurjöfnunarnefnd niður útsvörum. Utan Reykjavíkur er formaður skattanefndar einnig formaður niðurjöfnunarnefndar. Auk þess eiga sæti í nefndinni fjórir menn, kosnir hlutbundnum kosningum af bæjarstjórn í nóvembermánuði ár hvert til eins árs í senn. Í Reykjavík kýs bæjarstjórn á sama hátt og til sama tíma fimm menn í niðurjöfnunarnefnd, og einn þeirra formann nefndarinnar. Með sama hætti skal kjósa fjóra — í Reykjavík fimm — menn til vara, er taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Kjörgengir eru þeir, sem kjörgengir eru til bæjarstjórna. Skylt er hverjum manni, sjálfum sér ráðandi, yngri en 60 ára, heilum og hraustum, konum jafnt sem körlum, að starfa í niðurjöfnunarnefnd, en óskylt er þó sama manni að sitja í henni samfleytt lengur en 6 ár, enda þarf hann ekki að taka við endurkjöri fyrr en 6 ár eru liðin síðan hann sat síðast í nefndinni. Í Reykjavík skal

skrifstofustjóri skattstjóra aðstoð við starf niðurjöfnunarnefndarinnar og veita allar upplýsingar sem hægt er.

Áður en niðurjöfnunarnefndarmaður tekur í fyrsta skipti til starfa í nefndinni, vinnur hann skriflegt drengskaparheit um að rækja starfið með alúð og samvizkusemi.

Bæjarstjórn ákveður þóknun niðurjöfnunarnefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört á Bessastöðum, 4. febrúar 1942.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Jakob Möller.

Nd. 4. Frumvarp til laga

um frestun bæjarstjórnarkosninga í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi 1942.)

1. gr.

Bæjarstjórnarkosningum í Reykjavík, sem fram áttu að fara síðasta sunnudag í janúarmánuði 1942, skal frestað til næsta sunnudags fjórum vikum eftir, að blöð geta á ný með venjulegum hætti komið út. Skal þá kosið um þá sömu framboðslista, sem þegar hafa komið fram, og samkvæmt kjörskrám þeim, sem gilda áttu 25. janúar þ. á.

2. gr.

Öllum kosningum innan bæjarstjórnar Reykjavíkur í nefndir og önnur trúnaðarstörf, sem að venjulegum hætti hefðu farið fram á tímanum frá 25. janúar þar til kosningarnar eiga sér stað, skal frestað til fyrsta fundar bæjarstjórnarinnar eftir þær.

3. gr.

Öllum bæjarfulltrúum í Reykjavík, borgarstjóra, fulltrúum í nefndum og öðrum trúnaðarstörfum er skylt að gegna störfum sínum þar til kosningarnar hafa farið fram, enda framlengist umboð þeirra þangað til.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um frestun bæjarstjórnarkosninga í Reykjavík.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ráðherra sá, sem fer með sveitarstjórnarmál, hefur tjáð mér það, sem hér fer á eftir:

Í Reykjavík er vinnustöðvun í prentsmiðjum, svo að einungis blöð eins stjórnmálaflokks geta komið út með venjulegum hætti. Nú er það eitt af grundvallaratriðum í stjórnarfari landsins, að eigi séu óeðlilegar hömlur á því, að menn geti látið í ljós skoðanir sínar og að almenningur eigi á þann veg þess kost að fylgjast með þeim atburðum, er gerast, og kynnast frjálsri túlkun þeirra. Þar sem komið hefur verið í veg fyrir, að svo geti orðið í Reykjavík, leiðir þar af, að á meðan svo stendur, getur ekki talizt réttmætt að fram fari almennar kosningar í bænum. Telur ríkisstjórnin því, að fresta beri bæjarstjórnarkosningum þeim, sem áttu fram að fara 25. janúar n. k., þar til hæfilegum tíma eftir að lýkur því óeðlilega ástandi, sem nú ríkir.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Bæjarstjórnarkosningum í Reykjavík, sem fram áttu að fara síðasta sunnudag í janúarmánuði 1942, skal frestað til næsta sunnudags fjórum vikum eftir, að blöð geta á ný með venjulegum hætti komið út. Skal þá kosið um þá sömu framboðslista, sem þegar hafa komið fram, og samkvæmt kjörskrám þeim, sem gilda áttu 25. janúar þ. á.

2. gr.

Öllum kosningum innan bæjarstjórnar Reykjavíkur í nefndir og önnur trúnaðarstörf, sem að venjulegum hætti hefðu farið fram á tímanum frá 25. janúar þar til kosningarnar eiga sér stað, skal frestað til fyrsta fundar bæjarstjórnarinnar eftir þær.

3. gr.

Öllum bæjarfulltrúum í Reykjavík, borgarstjóra, fulltrúum í nefndum og öðrum trúnaðarstörfum er skylt að gegna störfum sínum þar til kosningarnar hafa farið fram, enda framlengist umboð þeirra þangað til.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. jan. 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

Nd. 5. Fyrirspurn

til forsætisráðherra um hervernd landsins.

Frá Einari Olgeirssyni.

Álítur forsætisráðherra, að samningur sá, sem gerður hefur verið um hervernd landsins, sé þannig framkvæmdur, að telja megi öryggi landsins borgið eftir því, sem frekast er kostur?

Nd. **6. Frumvarp til laga**

um hafnargerð á Akranesi.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Til hafnargerðar á Akranesi veitast úr ríkissjóði ⅖ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 480000 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund krónur — gegn ⅗ frá hafnarsjóði Akraness. Með framlagi ríkissjóðs teljast fjárveitingar þær, sem þegar hafa verið veittar í fjárlögum.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 720000 — sjö hundruð og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Akraness kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð bæjarsjóðs, enda sé lánið tekið fyrir milligöngu Landsbankans, ef það er tekið erlendis. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Akraness. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Akraness.

4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá Vestriflasartá um Syðriflasarenda í Þjótarsker og þaðan sjónhending á vestanverðan Sólmundarhöfða.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki bæjarstjórnar Akraness. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Bæjarstjórn Akraness hefur á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 5 menn, kosnir af bæjarstjórn Akraness. Nefndarmenn skulu kosnir til 5 ára, og gengur 1 úr árlega, fyrstu 4 árin eftir hlutkesti.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs, og bæjarstjórn hefur ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Bæjarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Akraneshöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
   f. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í kaupstaðnum og leggja þar afla á land eða hafa þar uppsátur.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem bæjarstjórn Akraness semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2 a, b og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá bæjarstjórn, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Bæjarstjórn skal

hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefur bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga bæjarsjóðs.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórn semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 64 8. sept. 1931 og lög nr. 43 27. júní 1941.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til samræmingar við breytingu þá, sem á er orðin á Akranesi við það, að kauptúnið hefur fengið bæjarréttindi.

Nd. 7. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 86 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþykktir og lendingarsjóði.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Sýslunefndum er heimilt að gera samþykktir um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum og mótorbátum, með þeim takmörkunum og skilyrðum, sem nefnd eru í lögum þessum.

Bæjarstjórnum Reykjavíkur-, Vestmannaeyja- og Akraneskaupstaða er og heimilt að gera samþykktir í þessu efni, hverri innan síns umdæmis, enda gilda öll ákvæði þessara laga um sýslunefndir og sýslufélög einnig um bæjarstjórnir þessar og bæjarfélög.

2. gr.

Orðin „innan 60 smálesta“ í 6. gr. laganna (sbr. lög nr. 29 19. maí 1930) falla burt.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 29 19. maí 1930 og 1. gr. laga nr. 117 29. des. 1933.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að gerðar verði tvær breytingar á lögunum um fiskiveiðasamþykktir og lendingarsjóði.

Fiskiveiðasamþykkt sú, sem nú gildir á Akranesi, er sett af sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu. Nú hefur Akranes fengið bæjarréttindi, og þarf því bæjarstjórn Akraness að fá í sínar hendur ákvörðunarrétt um þetta efni eins og bæjarstjórnir Reykjavíkur og Vestmannaeyja hafa nú.

Ákvæðin um hámark á smálestafjölda þeirra báta, sem lögin taka til, eru nú orðin úrelt, og er því lagt til, að þau verði niður felld.

Ed. 8. Frumvarp til laga

um notkun vegabréfa innanlands.

(Lagt fyrir Alþingi 1942.)

1. gr.

Ríkisstjórnin getur fyrirskipað, að allir menn, konur og karlar, 12 ára og eldri, skuli bera vegabréf, er lögreglustjóri gefur út. Má fyrirskipa notkun slíkra vegabréfa í einstökum umdæmum eða almennt eftir því, sem þörf þykir.

2. gr.

Skylt er að sýna vegabréf þessi, hvenær sem löggæzlumenn krefjast. Einnig geta viðkomandi eftirlitsmenn, svo sem dyraverðir, krafizt þess, að vegabréf sé sýnt, ef tiltekinn aldur eða hæfileiki er skilyrði fyrir komu eða dvöl á þeim stað.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með reglugerð gerð og innihald vegabréfa og setur nánari reglur um notkun þeirra og framkvæmd laga þessara að öðru leyti.

Kostnaður við útgáfu vegabréfanna greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Brot gegn reglum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum allt að kr. 10000.00.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um notkun vegabréfa innanlands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að hann telji nauðsynlegt að heimila ríkisstjórninni að fyrirskipa mönnum að bera vegabréf innanlands, til þess að hægara sé að fá fulla vissu um það hverjir menn eru, aldur þeirra o. fl.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórnin getur fyrirskipað, að allir menn, konur og karlar, 12 ára og eldri, skuli bera vegabréf, er lögreglustjóri gefur út. Má fyrirskipa notkun slíkra vegabréfa í einstökum umdæmum eða almennt eftir því, sem þörf þykir.

2. gr.

Skylt er að sýna vegabréf þessi, hvenær sem löggæzlumenn krefjast. Einnig geta viðkomandi eftirlitsmenn, svo sem dyraverðir, krafizt þess, að vegabréf sé sýnt, ef tiltekinn aldur eða hæfileiki er skilyrði fyrir komu eða dvöl á þeim stað.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með reglugerð gerð og innihald vegabréfa og setur nánari reglur um notkun þeirra og framkvæmd laga þessara að öðru leyti.

Kostnaður við útgáfu vegabréfanna greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Brot gegn reglum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum allt að kr. 10000.00.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 9. des. 1941.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

Ed. 9. Frumvarp til laga

um eftirlit með ungmennum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1942.)

1. gr.

Barnaverndarnefndir og skólanefndir hafa eftirlit með uppeldi og hegðun ungmenna innan 20 ára aldurs. Ber löggæzlumönnum að aðstoða nefndir þessar eftir þörfum og gera þeim við vart, ef þeir verða vísir athugaverðs framferðis ungmenna.

2. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd eða skólanefnd þess vís, að hegðun ungmennis sé ábótavant, svo sem vegna lauslætis, drykkjuskapar, slæpingsháttar, óknytta eða annarra slíkra lasta, og skal hún þá gera foreldri eða lögráðamanni við vart, áminna ungmennið, reyna eftir föngum að leiða það á rétta braut og aðstoða það við atvinnuleit eða útvega því vist á góðu heimili, ef því er að skipta. Ef ungmenni er í skóla, ber barnaverndarnefnd að ráðgast við kennara um betrun á hegðun þess. Ef framferði ungmennis er refsivert að lögum, skal barnaverndarnefnd starfa í sambandi við héraðsdómara.

3. gr.

Ef úrræði þau, sem í 2. gr. getur, koma ekki að haldi eða telja má þau óframkvæmanleg, má beita hæfilegum uppeldisráðstöfunum og öryggis, t. d. vistun ungmennis á góðu heimili, hæli eða skóla. Vist á slíkum stöðum má koma í stað refsivistar, ef framferði ungmennis er refsivert. Veitist ríkisstjórninni heimild til að koma upp stofnunum í nefndu skyni og setja reglugerð um framkvæmd uppeldis þar. Kostnaður við vist ungmennis samkvæmt grein þessari greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Héraðsdómari fer ásamt tveimur samdómendum, er viðkomandi sveitar- eða bæjarstjórn velur til 4 ára í senn, með mál samkvæmt 3. gr., svo og með refsimál ungmenna innan 20 ára aldurs. Skal dómur þessi halda réttarrannsókn um mál og kveða upp í þeim rökstuddan úrskurð, ef ungmenni er úrskurðað í hælisvist eða heimilis, og dóm í refsimálum, er til málshöfðunar leiða. Héraðsdómari hefur forsæti í dómnum. Dómsmálaráðherra ákveður þóknun meðdómenda, er greiðist úr ríkissjóði.

Nú er slíkt samband milli brota sakborninga, 20 ára og yngri, að málasamsteypa mundi við höfð eftir almennum reglum, og ákveður héraðsdómari þá, hvort og að hve miklu leyti ungmennadómur skuli fara með málið. Héraðsdómari getur og ákveðið, að einstök lögreglumál gegn ungmennum skuli sæta almennri meðferð án þess að samdómendur séu kvaddir til, enda telji hann ekki, að ráðstafanir samkvæmt 3. gr. komi til greina auk refsingar eða í hennar stað.

5. gr.

Úrskurður um vistun ungmennis á stofnun samkvæmt 3. gr. skal gilda um ótiltekinn tíma. Dómur sá, sem í 4. gr. getur, leysir ungmenni úr hælisvist eða heimilis, ef slíkrar vistar þykir ekki lengur þörf. Greind vist má þá ekki fara fram úr þremur árum, nema nýr úrskurður sé upp kveðinn. Aðili eða lögráðamaður hans getur og krafizt nýs úrskurðar, þegar eitt ár er liðið frá uppkvaðningu síðasta úrskurðar.

6. gr.

Úrskurðum um hælisvist eða heimilis samkvæmt 3. gr. má áfrýja til hæstaréttar innan fjögurra vikna frá birtingu þeirra, að fengnu leyfi dómsmálaráðuneytisins eða af þess hálfu. Áfrýjun frestar ekki framkvæmd úrskurðar.

7. gr.

Kennurum skal rétt og skylt að fylgjast eftir föngum með hegðun og uppeldi þeirra ungmenna, sem á vegum þeirra eru, og gera foreldrum, lögráðamönnum og barnaverndarnefnd eða skólanefnd við vart, ef þeir fá grun um ábótavant framferði ungmennis.

8. gr.

Nú telur ríkisstjórnin, að fengnum tillögum barnaverndanefndar eða ungmennadóms, hættu á því, að tilgreind störf séu, miðað við aðstæður á tilteknum stað, skaðsamleg þroska eða siðferði ungmenna, og getur hún þá bannað ungmennum innan tilgreinds aldurs að stunda þar slík störf. Ef fyrirsvarsmenn atvinnufyrirtækis brjóta gegn banni þessu, varðar það refsingu og réttindamissi samkvæmt 9. gr.

9. gr.

Ef maður leiðir ungmenni innan 21 árs á siðferðilega glapstigu eða lætur saurlífi viðgangast í húsum sínum, bifreiðum eða öðrum stöðum, sem hann ræður yfir, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum. Auk refsingar má svipta hann réttindum samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um eftirlit með ungmennum o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna ástands þess, er nú ríkir í landinu, telji hann, að nauðsyn beri til, að sérstakt eftirlit sé haft með ungmennum innan 20 ára aldurs.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Barnaverndarnefndir og skólanefndir hafa eftirlit með uppeldi og hegðun ungmenna innan 20 ára aldurs. Ber löggæzlumönnum að aðstoða nefndir þessar eftir þörfum og gera þeim við vart, ef þeir verða vísir athugaverðs framferðis ungmenna.

2. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd eða skólanefnd þess vís, að hegðun ungmennis sé ábótavant, svo sem vegna lauslætis, drykkjuskapar, slæpingsháttar, óknytta eða annarra slíkra lasta, og skal hún þá gera foreldri eða lögráðamanni við vart, áminna ungmennið, reyna eftir föngum að leiða það á rétta braut og aðstoða það við atvinnuleit eða útvega því vist á góðu heimili, ef því er að skipta. Ef ungmenni er í skóla, ber barnaverndarnefnd að ráðgast við kennara um betrun á hegðun þess. Ef framferði ungmennis er refsivert að lögum, skal barnaverndarnefnd starfa í sambandi við héraðsdómara.

3. gr.

Ef úrræði þau, sem í 2. gr. getur, koma ekki að haldi eða telja má þau óframkvæmanleg, má beita hæfilegum uppeldisráðstöfunum og öryggis, t. d. vistun ung-

mennis á góðu heimili, hæli eða skóla. Vist á slíkum stöðum má koma í stað refsivistar, ef framferði ungmennis er refsivert. Veitist ríkisstjórninni heimild til að koma upp stofnunum í nefndu skyni og setja reglugerð um framkvæmd uppeldis þar. Kostnaður við vist ungmennis samkvæmt grein þessari greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Héraðsdómari fer ásamt tveimur samdómendum, er viðkomandi sveitar- eða bæjarstjórn velur til 4 ára í senn, með mál samkvæmt 3. gr., svo og með refsimál ungmenna innan 20 ára aldurs. Skal dómur þessi halda réttarrannsókn um mál og kveða upp í þeim rökstuddan úrskurð, ef ungmenni er úrskurðað í hælisvist eða heimilis, og dóm í refsimálum, er til málshöfðunar leiða. Héraðsdómari hefur forsæti í dómnum. Dómsmálaráðherra ákveður þóknun meðdómenda, er greiðist úr ríkissjóði.

Nú er slíkt samband milli brota sakborninga, 20 ára og yngri, að málasamsteypa mundi við höfð eftir almennum reglum, og ákveður héraðsdómari þá, hvort og að hve miklu leyti ungmennadómur skuli fara með málið. Héraðsdómari getur og ákveðið, að einstök lögreglumál gegn ungmennum skuli sæta almennri meðferð án þess að samdómendur séu kvaddir til, enda telji hann ekki, að ráðstafanir samkvæmt 3. gr. komi til greina auk refsingar eða í hennar stað.

5. gr.

Úrskurður um vistun ungmennis á stofnun samkvæmt 3. gr. skal gilda um ótiltekinn tíma. Dómur sá, sem í 4. gr. getur, leysir ungmenni úr hælisvist eða heimilis, ef slíkrar vistar þykir ekki lengur þörf. Greind vist má þá ekki fara fram úr þremur árum, nema nýr úrskurður sé upp kveðinn. Aðili eða lögráðamaður hans getur og krafizt nýs úrskurðar, þegar eitt ár er liðið frá uppkvaðningu síðasta úrskurðar.

6. gr.

Úrskurðum um hælisvist eða heimilis samkvæmt 3. gr. má áfrýja til hæstaréttar innan fjögurra vikna frá birtingu þeirra, að fengnu leyfi dómsmálaráðuneytisins eða af þess hálfu. Áfrýjun frestar ekki framkvæmd úrskurðar.

7. gr.

Kennurum skal rétt og skylt að fylgjast eftir föngum með hegðun og uppeldi þeirra ungmenna, sem á vegum þeirra eru, og gera foreldrum, lögráðamönnum og barnaverndarnefnd eða skólanefnd við vart, ef þeir fá grun um ábótavant framferði ungmennis.

8. gr.

Nú telur ríkisstjórnin, að fengnum tillögum barnaverndanefndar eða ungmennadóms, hættu á því, að tilgreind störf séu, miðað við aðstæður á tilteknum stað, skaðsamleg þroska eða siðferði ungmenna, og getur hún þá bannað ungmennum innan tilgreinds aldurs að stunda þar slík störf. Ef fyrirsvarsmenn atvinnufyrirtækis brjóta gegn banni þessu, varðar það refsingu og réttindamissi samkvæmt 9. gr.

9. gr.

Ef maður leiðir ungmenni innan 21 árs á siðferðilega glapstigu eða lætur saurlífi viðgangast í húsum sínum, bifreiðum eða öðrum stöðum, sem hann ræður yfir, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum. Auk refsingar má svipta hann réttindum samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. desember 1941.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

Sþ. 10. Tillaga til þingsályktunar

um fangagæzlu.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram rannsókn á aðbúð fanga og fyrirkomulagi fangagæzlu í íslenzkum fangelsum og að gera gagngerðar ráðstafanir til umbóta í þessu efni.

Greinargerð.

Nýlega hefur Hallgrímur Hallgrímsson verkamaður, sem dvaldi mestan hluta ársins 1941 sem pólitískur fangi í fangahúsinu á Litla-Hrauni, ritað grein í „Nýtt dagblað" um dvöl sína þar, og hefur grein þessi vakið alþjóðarathygli. Í ritgerð hans er skýrt frá vanhirðu í fangelsi þessu, sem keyrir úr hófi fram, réttleysi og öryggisleysi fanganna og í einu orði sagt svo óhæfri fangagæzlu, að ekki verður við unað.

Skulu hér tilfærð nokkur ummæli úr ritgerð Hallgríms. Eftirfarandi kafli gefur nokkra hugmynd um „heimilisbrag" á Litla-Hrauni:

„Við komum austur um miðjan dag. Þar blasti við hár og skáldaður húshjallur með járngrindum fyrir öllum gluggum og dyrum. Í kring lá mikið af rusli og skrani, og steinstéttin framan við aðaldyrnar mjög brotin og úr sér gengin.

Okkur var vísað hverjum til síns klefa — og læstir inni —. Það voru mjög litlir klefar; stóðu þar inni rúm með teppum og „servantur"; veggir voru ákaflega skellóttir og meira og minna útkrotaðir; var það krot ekki allt sem geðslegast. Klefarnir voru mjög óhreinir og höfðu ekki verið máladir í háa herrans tíð. Við spurðum, hverju innilokunin sætti, og svaraði gæzlumaður, að slíkt væri venja þangað til læknir hefði skoðað nýja fanga, en hann kæmi von bráðar.

Þó kom læknirinn ekki þennan dag og ekki næsta dag né hinn þriðja. Þannig húktum við inni í 4 sólarhringa, og var annríki læknisins borið við.

Matur var borinn til okkar í klefana, hafragrautur og mjólk kvölds og morgna, heitur matur um hádegi. Var maturinn í knappasta lagi (einkum um hádegið), óhönduglega framreiddur og ekki sem þrifalegastur. Um hádegi var tíðast fiskur og mjög lélegt kartöflusmælki. Óverkuð fiskstykki, óflysjaðar kartöflur og feiti — allt var sett á einn disk og þannig borið í klefann. Matarílátin voru ekki alltaf vel hrein, og mjólkurkönnurnar neðan við allar hellur: emileraðar blikkkönnur, allar meira og minna skellóttar og beyglaðar. — Með strangasta hreinlæti hefði reynzt nær ógerningur að halda þeim nothæfum undir mat, hvað þá ef því væri svo ábótavant sem hér virtist vera. Þó var hitt allra lakast, að jafnan var grugg í botni mjólkurkönnunnar, svo að aldrei var hægt að neyta morgun- eða kvöldverðar með góðri lyst. Þessi óhreinindi mjólkurinnar entust allan dvalartíma minn á Litla-Hrauni.

Að liðnum þessum 4 dögum kom Lúðvík Norðdal, læknir á Eyrarbakka, að skoða okkur. Ég spurði hann, hvort mikið annríki hefði gert honum ókleift að koma fyrr. Ónei, hann hafði bara ekki verið beðinn að koma fyrr en þetta. Hins vegar væri það alvanalegt, að Hælið léti menn bíða nokkra daga innilukta áður en hann skoðaði.

Þar sem Lúðvík er í stjórnarnefnd Hælisins og um leið læknir þess — og ber því að líta eftir heilbrigðis- og þrifnaðarmálum stofnunarinnar —, bar ég fram við hann umkvörtun yfir því, sem ég hafði þegar séð af þrifnaðarskorti, bæði að því er mat áhrærði, svo og salerni og húsakynni að ýmsu leyti. Svar læknisins verður mér lengi minnisstætt.

Í upphafi kvað hann svo á, að í þessum sökum væri hann mér kannske ekki alls kostar ósammála, — — en — — það væri nú svo með þetta hús, að það væri einhvern veginn svo erfitt að halda því hreinu; og hvað mjólkina snerti, þá mætti kannske að skaðlausu vera meira hreinlæti í meðferð hennar, — en — þó væri hún nú talin sæmi-

leg, svona eftir því sem gerðist og gengi. Síðan sagði hann mér átakanlega sögu af því, að eitt sinn í Rvík hefði hann séð kolsvart grugg í mjólkurflösku frá samsölunni. Átti sagan að réttlæta það, að Hælið bæri föngunum grugguga mjólk í óhæfum blikkkönnum tvisvar á dag.

Mér varð það ljóst þegar í stað, að hér var maður, sem vildi enga breytingu.

Að skoðun lokinni var mér vísað inn á varðstofuna til yfirmanns Hælisins, Teits Eyjólfssonar fangavarðar. Tók hann af manni eins konar skýrslu. — Ég spurði hann um ástæðuna fyrir innilokuninni, og bar hann annríki læknisins fyrir sig. Þegar ég benti á ummæli Lúðvíks læknis til sönnunar því, að ekki gæti þeirri orsök verið til að dreifa, hikaði Teitur við og svaraði því með nokkrum valdsmannssvip, að það væri hér farið með okkur eins og aðra fanga og ekkert lakar. Ég svaraði því til, að það gæti rétt verið, enda hefði piltur nokkur sagt mér í gegnum klefahurðina, að hann og annar til hefðu setið viku inniluktir, er þeir komu, og að fangi, sem vildi ekki fara svangur út til vinnu einn daginn, hefði verið lokaður inni um það bil 2 vikur fyrir; enda væri ég ekkert að kvarta yfir hlutdrægni, heldur biðja um skýringar. — Fangavörður svaraði — enn svipmeiri —, að mér kæmi það ekkert við, hvernig farið væri með aðra.“ ... ...

„Hælisbyggingin var í gagngerðri niðurníðslu í smáu og stóru og allir hlutir svo óhreinir, að manni bauð við. Ber steingólf, uppúrbrotin; gluggar mjög fúnir og óþéttir; dyr víða úr lagi gengnar; víða op á veggjum meðfram leiðslum, og langt virtist vera liðið síðan málað hafði verið.

Annað salerni hússins var ónothæft; hitt tæplega manni boðlegt. Baðklefinn, þar sem allir áttu að þvo sér við einn vask, mjög óaðlaðandi sökum vanhirðu. Félagi minn, Ásgeir, varð að flýja klefa sinn eftir nokkra daga — vegna leka niður úr loftinu —.

Engin sérstök manneskja sá um þvott fanganna, heldur voru einhverjir úr þeirra hópi látnir annast það, er því varð ekki lengur skotið á frest; um kunnáttu til starfsins var ekki spurt. Samkv. þvotta-„kladda“ Hælisins höfðu 26 þvottar verið þvegnir á tveim undangengnum árum (miðað við mitt sumar s. l.), eða rúmlega **einn þvottur á mánuði** til jafnaðar.

Þegar að því er gætt, að á Hælinu er allajafnan nokkuð af fáráðlingum og sóðum, þá ætti engum að koma það á óvart, þó að klæðnaður fanganna og rúm væri ekki sem hreinast undir þeim hreinlætisskilyrðum, sem þegar er lýst.

Við komu okkar á Litla-Hraun var a. m. k. einn fanginn grálúsugur, og fleiri urðu brátt „varir“. — Það var kvartað um þetta til gæzlumanna og fangavarðar, en þó liðu fleiri vikur áður en lúsaplágunni var af létt.“

Skulu nú birtir kaflar úr lýsingu Hallgríms á handahófsrefsingum þeim, sem beitt var gegn honum og öðrum föngum á „Vinnuhælinu“, og gefa þeir nokkra hugmynd um „hæfni“ fangavarðarins:

„Ellefta apríl — á föstudegi — var ég kveflasinn og fór ekki út til vinnu. Var ég þá læstur inni í klefa samkvæmt venju á stofnuninni. Undir helgina var ég orðinn frískur aftur, en þó var klefi minn enn lokaður að morgni sunnudagsins. Ég spurði gæzlumann nr. 2, hverju þetta sætti. „Það er venja hjá okkur að láta mönnum batna vel, þegar menn verða lasnir,“ svaraði gæzlumaður. Ég sagðist vera laus við kvefið, og þó ég væri það ekki, byði enginn heilsutjón af því að hreyfa sig um húsið. Þetta hlyti því að vera refsiaðgerð fyrir að hafa orðið lasinn.

Það vildi gæzlumaður ekki viðurkenna.

Þá fór ég fram á það, annaðhvort að opnað yrði fyrir mér eða ég fengi fyrirmæli læknis um, að ég þyrfti að vera innilokaður vegna heilsunnar. Hann kvaðst ekki geta annað gert en skýra Teiti frá þessu. Ég bað hann þá um viðtal við fangavörð, sem dvaldi í húsi sínu rétt hjá Hælinu, og er símasamband á milli. Litlu síðar kom gæzlumaður og sagði, að Teitur mætti ekki vera að því að tala við mig fyrr en á morgun!

Klefinn var læstur allan sunnudaginn og hálfan mánudaginn. Þá fékk ég að tala

við höfðingjann, og hann skýrði fyrirbrigðið á þessa leið: „Þegar menn verða grunsamlega veikir á virkum dögum, en friskir á sunnudögum, þá höfum við þá reglu að láta þá jafna sig á sunnudögum líka.“ — Það skal játað, að mig hafði sjaldan langað eins til að gefa manni á kjaftinn eins og nú, þegar ókunnur maður bar á mig jafnósvífna aðdróttun. En þvílíkt gat fangi ekki leyft sér við fangavörð.

Seinnipart mánudagsins fór ég aftur út til vinnu. Einn fanganna skýrði mér þá svo frá, að hann hefði verið lasinn snemma í síðustu viku. Á fimmtudegi kom læknirinn, taldi hann hafa sprungna æð í maganum, gaf honum meðal og sagði, að hann mætti fara til vinnu næsta morgun (föstudagsmorgun). En fanganum var ekki hleypt út á föstudaginn, laugardaginn eða sunnudaginn. Á mánudag, þegar út var komið, fékk hann þá athugasemd, **að það væri einkennilegt að verða friskur á tóbaksdegi!** (Tóbaki var úthlutað upp í „vinnulaun“ á föstudögum, einum pk. Justmann og 5 eldstokkum; var það skammtur til vikunnar.)

Eftir nokkra dvöl á Hælinu sendum við fangaverði bréf, undirskrifað af flestöllum, þar sem kurteislega var farið fram á nokkrar breytingar: meiri þrifnað við mat, lagfæringu salerna, hálfsmánaðarlegan þvott, aflúsun, ljós einum tíma lengur á kvöldin, að hætt yrði að refsa mönnum fyrir að verða veikir o. fl. Þessu bréfi var aldrei svarað.

Vorið og sumarið var ég samtíða fanganum N. Það var ungur, gelgjulegur piltur, dæmdur fyrir fjölda innbrota og þjófnaði án vins. Hann var eini maðurinn, sem ég hef kynnzt með áberandi glæpahneigð, og hafði uppeldið (að sögn) einnig verið gallað. N. hafði alls enga siðferðisundirstöðu.

Um vorið hafði piltur þessi bölvað mjög yfir fæði og úthúðað yfirmönnunum allra fanga mest og verið lokaður inni nokkra daga fyrir að „rífa kjaft“, eins og það var kallað. Eftir þessa innilokun breyttist allt háttalag piltsins. Tók hann nú að skríða áberandi fyrir yfirmönnunum, en sniðganga okkur fangana; enda hafði hann þegar komið sér út úr húsi hjá flestum okkar vegna margvíslegra ómerkilegheita.

9. júní hafði ég um kvöldið fengið leyfi til að skreppa út og vökva kálgarðsholu, er við áttum í félagi þrír fangar. Á meðan höfðu hinir skotið á fundi og skrifað bréf til Teits, þar sem farið var fram á að mega vera úti við knattspyrnu og aðra leiki ofurlitla stund á kvöldin, þegar vel viðraði. Bréfið var samþykkt af öllum viðstöddum.

Nokkrum mínútum síðar fær N. leyfi til að skreppa niður í hús til Teits. N. hafði verið á fundinum og samþykkt bréfið eins og hinir. Nú gengur hann á fund yfirmannsins og lepur í hann um fundinn og hvað hver hafi talað. Og af því að piltinum var í nöp við mig, grípur hann tækifærið og rægir mig fyrir „undirróður“ og „æsingar“, er ég eigi að hafa rekið meðal fanganna.

Morguninn eftir eru klefarnir ekki opnaðir hjá mér og 4 öðrum.

Ég spurði, hverju þetta sætti.

„Þú færð að vita það seinna,“ svaraði gæzlumaður.

Síðar um daginn var ég kallaður fyrir fangavörð. Hann setti sig í stellingar og lýsti yfir: „Ég hef hugsað mér að taka þig úr umferð fyrir undirróður meðal fanganna. Hvað síðar verður gert við þig, er enn ekki afráðið.“

Þetta kom eins og þruma úr heiðskíru lofti: Í fyrsta lagi vera borinn upplognum sökum, og í öðru lagi vera tilkynnt um fyrirhugaðar refsingar fyrir hinar upplognu sakir — án allrar málsrannsóknar!

Ég spurði, hver þessi „undirróður“ væri. Svaraði Teitur því, að ég þyrfti ekki um að spyrja, en hann liði ekki, að fangarnir væru æstir upp til „flokkadrátta“.

Þá lýsti ég yfir því, að ásakanir þessar væru með öllu tilhæfulausar, og hlyti hann þar að byggja á röngum upplýsingum, hvaðan sem þær væru.

Hann minntist þá á, að hér væru uppi miklar umkvartanir með fæðið o. fl. og lét á sér skilja, að „undirróðri“ frá mér væri um að kenna.

Ég benti á, að allir væru óánægðir með fæðið og væri margt um það rætt í hópi

fanganna, en mér vitanlega hefði enginn sérstakur skipulagt þá óánægju, enda þyrfti ekki áróður til að finnast slæmur matur vondur.

Frekari skýringar fékk ég engar og var lokaður inni á ný.

Næsta dag pantaði ég viðtal og ætlaði að krefjast einhverra raunverulegra og rökstuddra ástæðna, en fékk ekki að ná tali af höfðingjanum.

Inni sátum við allir 5 þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag. Föstud. 13. júní var mér sagt að fara út í bíl og ætti ég að fara „suður".

Þegar út kom í vagninn, voru þar fyrir Teitur og 1. gæzlumaður. „Hvaða ferðalag er þetta?" spurði ég. „O, við erum á leið suður," svaraði fangavörðurinn. Ég kvaðst vera litlu nær fyrir það, en hinn anzaði því engu. — Var svo ekið þegjandi til Reykjavíkur og mér stungið inn á Skólavörðustíg 9.

Hælishöfðinginn staldraði við eitt augnablik í klefanum, og ég æskti skýringar á þessu brölti. Varðist hann allra frétta, en sagðist koma aftur og tala við mig að viku liðinni. Ég sagði honum, að allt „undirróðursþvaðrið" væri rógur og þvættingur frá upphafi til enda, og að sú aðferð væri hæpin, að refsa mönnum eftir söguburði langómerkilegasta piltsins á Hælinu.

Vildi hann hins vegar komast að hinu sanna, legði ég til, að hann yfirheyrði hvern einasta fanga á Litla-Hrauni og reyndi þannig að fá úr því skorið, hvort ég hefði rekið hinn margumtalaða „undirróður" meðal þeirra. Gaf Teitur ekkert út á það, nema hvað hann taldi sig mundu „rannsaka" málið nánar, og fór síðan.

Hurðin luktist, og inni sat ég í skuggalegum og sólarlausum klefa, og það var grafarkyrrð. — Magnús fangavörður skýrði mér frá því, að ég væri sviptur heimsóknum, blöðum og útivist í garðinum, dómsmálaráðuneytið hefði fyrirskipað algerða einangrun. Ég vissi, að kona mín var í þann veginn að leggjast á sæng og mundi henni óhollt að heyra á skotspónum fregnir af dvöl minni í tukthúsinu, svo að ég skrifaði henni nokkrar línur um, að ég yrði hér a. m. k. vikutíma og liði vel. Bréfið var ekki sent fyrr en á 4. degi eftir að ég kom, þrátt fyrir stöðugar ámálganir. Voru þá komnar fregnir af för minni í tukthúsið upp á fæðingardeild til konu minnar — eftir krókaleiðum —.

Í klefanum lá ég afskorinn frá umheiminum og las eldhúsreyfara, er Magnús fangavörður lánaði mér. 17. júní skrifaði ég dómsmálaráðuneytinu bréf varðandi úttekt dóms míns. Þegar ég bað fangavörðinn að koma því, vildi hann ekki taka við því, þar eð **Gústaf Jónasson fulltrúi hefði skýrt sér frá því í síma, að dómsmálaráðuneytið anzaði engu bréfi, er frá mér kynni að koma.** Ekki vil ég fullyrða, að ég hafi gengið með himinháar hugmyndir um réttarfarið á Íslandi, en þó verður að viðurkenna, að tæplega hafði ég búizt við svona berri yfirlýsingu um hlutdrægni hinnar æðstu stofnunar þess." ... ...

„Að morgni mánudags 7. júlí var ekki opnað fyrir 5 mönnum. Ég var ekki með í þetta sinn. Ekki var þeim tilkynnt neitt um það, hvað á seyði væri. Það var 1. gæzlumaður, er stóð fyrir þessu, og haft var eftir honum, að þessir piltar væru inni af því að hann vildi ekki hafa þá lausa í húsinu vegna hávaða og láta, brytinn vildi ekki hafa þá í borðstofunni og verkstjórarnir vildu ekki hafa þá við vinnu.

Að þrem dögum liðnum var einn þeirra settur út í heyskapinn á ný — án þess að fá nokkra skýringu eða yfirleitt að við hann væri talað — eftir því, er hann skýrði mér frá.

Að fjórum dögum liðnum er tveimur sleppt út í einu. Þeir hitta Teit að máli og spyrja um ástæðuna. Hann fer undan í flæmingi og gefur enga skýringu, **en lætur á sér skilja, að það sé allt í lagi með þá, eða jafnvel að refsingin hafi byggzt á misskilningi!** (samkvæmt frásögn þeirra).

Að átta dögum liðnum (15. júlí) er einum sleppt, af því fangavist hans var á enda. Fangavörðurinn segir við hann, að reyndar eigi hann eftir að vinna 17 daga á Hælinu, því hann hafi verið svo mikið innilokaður (!!), en samt ætli hann nú að sleppa honum með þetta. (Samkvæmt frásögn fangans.)

Að 10 dögum liðnum er loks þeim síðasta sleppt út undir bert loft — þegjandi

og skýringarlaust. Teitur fangavörður var þar hvergi nærri, og hefur ekki síðan gefið honum upp neina ástæðu! (Samkvæmt frásögn þessa manns.)

Hinir 4 refsuðu menn gengu nú til vinnu, um húsið og matarkompuna eins og áður, og enginn sá nein umskipti á þeim, enda ekkert sérstakt út á þá að setja. Brytinn og a. m. k. annar verkstjórinn neituðu því að hafa nokkurn tíma afsagt piltana." .....

„Um vorið unnum við eitt sinn alla nóttina í nauðaerfiðri saltuppskipun í Þorlákshöfn (fyrir Kaupfélag Árnesinga), og var sú eftirvinna greidd með 10 kr. Samkvæmt taxta hefði kaupið þá nótt orðið kr. 49.37 (13 tímar eftir- og næturvinna). Flestir héldum við, að eftirvinnan yrði greidd með 1 krónu, enda hafði annar verkstjórinn talið það líklegt í viðtali við einn af föngunum. Um morguninn 30. júlí, áður en lagt var af stað til heyvinnu vestur í Þórðarkot (sem er eyðikot vestur af Eyrarbakka), hitti ég ásamt 3—4 öðrum föngum Teit fangavörð, og báðum við hann að tala við okkur nokkur orð. Við ætluðum að spyrja hann um eftirvinnu-„kaupið", því okkur virtist frágangssök að vinna fyrir minna en 2 kr. um tímann, en eftir- og helgidagavinna er ekki skylda fanga.

Gagnstætt allri venju neitaði fangavörðurinn að tala við okkur, með þeirri athugasemd, að nú væri kominn vinnutími. (Ég þekki ekki neitt annað dæmi þess, að Teitur neitaði að tala við fanga, sem hitti hann í vinnutíma.) Urðum við því einskis vísari um hina illræmdu eftirvinnu, og var ekið vestur eftir.

Um hádegi, er við sátum að máltíð í Þórðarkoti, spurði ég verkstjórann, hvert eftirvinnukaupið væri, og taldi hann það vera kringum 1 kr.

Ég lét í ljós, að okkur fyndist það lítið, og lýsti því yfir, að **„ég fyrir mitt leyti ynni ekki eftirvinnu upp á þær spýtur."**

Svaraði verkstjóri því á þessa leið: **„Þeir, sem ekki vilja vinna eftirvinnu, geta þá farið heim."**

Að máltíð lokinni sendi verkstjóri mig einan til að vinna með 3 Eyrbekkingum í nokkurri fjarlægð frá Þórðarkoti, en rétt við bílveginn til Eyrarbakka. Rétt fyrir 7 um kvöldið hætti ég og lagði af stað eftir veginum á leið „heim". Ég gat nefnilega ekki skilið orð verkstjórans öðruvísi en svo, að ég ætti að fara „heim" að lokinni dagvinnu, þar eð ég vildi ekki vinna eftirvinnuna. Á veginum dvaldi ég við langa stund í von um, að Hælisbíllinn færi þar um, en það brást, og því gekk ég austur á Hæli sem leið liggur.

Einhvern tíma um miðja næstu nótt er ég vakinn upp og skipað að fylgja með og hafa ekkert meðferðis nema vatnsflösku. Skýring var engin gefin. Farið var upp á loft og ég lokaður inni í mjög óhreinum klefa, allslausum nema hvað þar var flet með teppum og borðskrifli. Annars mega fangar á Litla-Hrauni hafa þægindi og annað, er þeir geta sjálfir útvegað, og hafði ég í klefa mínum sængurföt, stól, ritföng og gnægð bóka og blaða auk útvarpsheyrnartóls, er Hælið leggur til.

Morguninn eftir bað ég gæzlumanninn að skila því til fangavarðar, að ég vildi fá að vita, hvað þetta ætti að þýða. Lét hann skila því svari, að hann hefði ekkert við mig að tala, en ég gæti hugsað mér, hvað það þýddi fyrir fanga **„að strjúka úr vinnu"**. Lét gæzlumaður á sér skilja, að fangi mætti aldrei fara gæzlulaus ferða sinna utan Hælislóðar, og allra sízt gegnum mannabyggð eins og Eyrarbakka. Þó vissi ég fullvel, að fangar voru látnir fara einir hvert sem var í nágrenninu, þegar yfirmönnunum bauð svo við að horfa. T. d. hafði ég sjálfur (og reyndar fleiri) verið látinn keyra mykju gegnum hálfan Eyrarbakka hér um bil heilan dag um vorið. Og **einum eða tveim dögum eftir innilokun mína fyrir „strok úr vinnu" var fanginn S. sendur fylgdarlaust með hest og kerru alla leið frá Litla-Hrauni og út í Þórðarkot gegnum allt kauptúnið.** Og nokkrum dögum síðar var fanginn M. sendur einn frá Þórðarkoti til Hælisins sömu leið.

Í hinum nýja klefa var mér haldið einangruðum í ellefu sólarhringa, sviptur blöðum, bókum, útvarpi og öllu sambandi við aðra menn. Gestir mínir komu og fóru erindisleysu. Aðeins fékk konan að tala við mig undir eftirliti í 15 mínútur á

10. degi. Hælisreglurnar heita hverjum innibyrgðum fanga hálfs tíma útivist, en ég kom aldrei undir bert loft. Engin skýring kom frá Hælishöfðingjanum allan þennan tíma.

Hvert átti fangi, sem leikinn var svo, að skjóta máli sínu?

Samkvæmt reglum Hælisins eru föngum veitt þau réttindi að fá að bera umkvartanir sínar fram við fangavörð. Hér var þessu ekki til að dreifa.

Var hægt að leita til dómsmálaráðuneytisins, æðstu stofnunar „réttvísinnar"? Það hafði áður lýst því yfir, að það anzaði engum bréfum frá mér. Þangað var því ekki hægt að snúa sér. Mér var hugsað til lands eins í Mið-Evrópu, sem heimsfrægt er orðið fyrir tukthús og fangabúðir til handa stjórnarandstæðingum, lands, er fært hafði réttarfarið aftur til hins svartasta á miðöldum og gert fangameðferðina að grimmilegri hefndarráðstöfun ríkisins og numið allt réttaröryggi úr gildi. Voru handhafar „réttvísinnar" á Íslandi farnir að líta á þetta sem dæmi um eftirbreytni?

Eftir mikil heilabrot varð mér hugsað til enn eins aðila réttarkerfisins, er kannske væri reynandi að snúa sér til, þ. e. sýslumannsins í Árnessýslu. Ég fékk því skriffönig lánuð hjá gæzlumanninum J., er starfaði þar í forföllum hinna, skrifaði sýslumanni og bað hann um viðtal. J. fór með bréfið til Teits (öll bréf fanga eiga að ganga í gegnum hendur hans) og fékk ávítur fyrir að hafa lánað mér skriffæri. Ekki vildi Teitur gefa neitt út á það, hvort bréfið yrði sent eða ekki, þess vegna bað ég konu mína, er 15 mín. samtalið við hana átti sér stað, að tala við sýslumann.

Að liðnum 11 sólarhringum var ég aftur settur í minn fyrri klefa og fékk hálfrar klukkustundar útivist á dag. Fyrsta þætti aukarefsingarinnar fyrir að „strjúka úr vinnu" virtist vera lokið. En áfram hélt innibyrgingin engu að síður.

Sýslumaður kom nokkru síðar. Ég skýrði fyrir honum málavöxtu og vildi heyra álit hans. Hann vildi ekki mikið um það segja, nema hvað hann viðurkenndi, að neitun daglegrar útivistar væri óheimil. Annars bað hann mig að skrifa skýrslu um málið og senda sér. Hann skyldi svo athuga, hvað hann gæti gert.

Skýrslu þessa gerði ég sama dag og afhenti gæzlumanni. Fleiri mánuðum síðar komst ég að því, að sýslumanni hafði ekki borizt hún í hendur. Hvort hún er ókomin í vörzlur hans enn þá, veit ég ekki, en afskipta hans af málinu varð ég aldrei var. Þess skal getið, að sýslumaður er í Hælisnefndinni.

Nokkru síðar átti ég loksins tal við fangavörðinn á varðstofunni. Var skýring hans sú, að auk „stroksins" hefði ég einnig „rekið undirróður" meðal fanganna (draugurinn uppvakinn á ný), og hefði ég spillandi áhrif á þá. **Þess vegna yrði ég einnig framvegis hafður einangraður.**

Engar sannanir færði hann fram til stuðnings ásökun sinni fremur en fyrri daginn, og þegar ég sveigði að því, að athuga mætti, hvað fangarnir hefðu að segja um þessi mál, var því eytt.

Á innibyrgingunni varð engin breyting. 23½ tími í klefanum og ½ tími úti á sólarhring. Engir gestir fengu að tala við mig, nema konan ofurlitla stund á sunnudögum undir eftirliti.

22. sept. kallaði fangavörðurinn á mig og tilkynnti, að nú ætti ég að hefja útivinnu á ný. Engin skilyrði sett og ekkert látið í ljós um það, hvernig ætti að vernda piltana (sem Teitur bar svo mjög fyrir brjósti!) fyrir spillingu af mínum völdum.

„Strokið" og „áróðurinn" hafði kostað fimmtíu og tveggja daga klefavist."

Það virðist auðsætt, að engin ríkisstjórn getur látið svo þungar og rækilega rökstuddar ásakanir á embættismenn ríkisins fram hjá sér fara án þess að hefja rannsókn.

Að þeirri rannsókn lokinni þarf að gera gagngerðar ráðstafanir til umbóta. En fyrst og fremst verður að krefjast þess, að föngum verði tryggt það lágmark réttaröryggis, sem tíðkast í öllum siðuðum löndum, að gætt sé einfaldasta hreinlætis í fangelsunum og að ekki verði valdir með öllu óhæfir menn í fangavarðarstöður.

Nd. 11. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1941, um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim.

Flm.: Jón Pálmason, Þorsteinn Briem.

1. gr.

2. liður 3. gr. laganna orðist svo:

Að úthluta því fé, sem árlega er veitt í fjárlögum sauðfjárræktinni til stuðnings í þeim héruðum, sem beðið hafa tjón af þeim sjúkdómum, sem lögin ná til.

2. gr.

27. gr. laganna orðist þannig:

Fé því, sem veitt er í fjárlögum ár hvert til stuðnings fjáreigendum í þeim héruðum, sem beðið hafa tjón af þeim sjúkdómum, sem lög þessi ná til, skal varið þannig:

1. Til að greiða ákveðið framlag sem verðlaun fyrir hvert ásett gimbrarlamb í þeim sveitum og héruðum, sem orðið hafa fyrir tjóni af þeim fjárpestum, sem lögin ná til, þó með þeim takmörkunum, sem settar eru í 3. gr. (sem verður 28. gr. laganna). Framlagið sé 25 krónur á kind árið 1942, en lækki svo eða hækki eftir verðlagsvísitölu framvegis.
2. Til greiðslu upp í vexti af lánum bænda og upp í jarðarafgjöld leiguliða. Þau ein lán koma til greina, sem stofnuð eru vegna búrekstrar viðkomandi manns. Tilgreina skal skuldareigendur og vaxtakjör. Vaxta- og jarðarafgjaldsstyrk skal úthluta til bænda í hlutfalli við þann tekjumissi, er þeir hafa orðið fyrir af völdum sjúkdómanna, en jafnframt sé höfð hliðsjón af afkomumöguleikum þeirra að öðru leyti.

3. gr.

28. gr. laganna orðist svo:

Framlag það til lambauppeldis, sem um getur í 27. gr., sé veitt öllum fjáreigendum, sem búsettir eru á viðkomandi svæðum, hafi fjárpestin verið á heimilinu eitt ár eða lengur. Miða skal við tölu þeirra lamba, sem til eru í lok janúarmánaðar ár hvert. Þó skulu þeir fjáreigendur, sem áttu 200 ær eða fleiri þegar pestin byrjaði, ekki fá uppeldisverðlaun lengur en svo, að ærnar séu komnar í 90% af því, sem þær voru, og aðrir fjáreigendur ekki lengur en svo, að bú þeirra sé komið í 180 ær. Ef fé þessara manna fækkar aftur af völdum pestanna, koma þeir til greina eins og áður.

4. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Hver hreppsnefnd velur einn mann til að safna þeim upplýsingum, sem framkvæmdanefnd telur nauðsynlegt. Hann skal fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert senda framkvæmdanefnd sundurliðaða skýrslu um lambatölu fjáreigenda í hreppnum. Hafi hreppsfulltrúi talið lömbin sjálfur, skal hann senda vottorð um það. Ella fylgi framtali hvers manns vottorð tveggja óvilhallra manna um, að rétt sé fram talið. Kostnaður við störf hreppsfulltrúa greiðist úr sveitarsjóði.

5. gr.

30. gr. laganna orðist svo:

Framkvæmdanefnd skal úthluta því fé, sem um ræðir í 27. gr., fyrir 15. apríl ár hvert. Hún sér um greiðslu á fénu með milligöngu hreppsfulltrúa.

6. gr.

31. gr. laganna falli burt.

7. gr.

32. gr. laganna falli burt.

8. gr.

Aftan við 36. gr. laganna bætist: Er nefndinni heimilt, með samþykki ráðherra, að veita fé til að kosta flutning slíkra lamba, einkum hrútlamba, milli héraða.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þær fjárpestir, sem yfir hafa gengið á síðustu árum, hafa þegar gert bændastétt landsins ægilegt tjón og þær ógna sauðfjárræktinni í mörgum héruðum landsins. Þeir menn, sem byggt hafa lífsbjörg sína og fjárhagslega afkoma á þessum atvinnuvegi, eru mjög kvíðafullir um framtíðina. Greinir mjög á um, hvaða bjargræði séu helzt til úrlausnar. Treysta sumir á niðurskurð sem eina ráðið. Mun þó trúin á þeirri ráðstöfun fremur hafa dofnað eftir því, sem pestirnar hafa útbreiðzt meira. Um aðstoð til þeirra manna, sem orðið hafa fyrir tjóni, eru einnig skiptar skoðanir. Þeir, sem lítið þekkja til þeirra mála, halda jafnvel, að fjáreigendur fái tjónið að fullu greitt. Við, sem þekkjum til hlítar, hvernig ástandið er á þessu sviði, vitum hins vegar, að framlög ríkisins eru ekki nema lítið brot af skaðanum. Aðalþungi hans hefur fallið á þá menn og þau héruð, sem þessi ógæfa hefur heimsótt. Þá er það til að telja slík framlög hálfgerða ölmusustyrki til bænda. Slíkt er herfilegur misskilningur. Fjárframlögin eru ekki styrkir í þess orðs venjulegu merkingu, heldur réttmætar skaðabætur og að öðru leyti sjálfsagðar varnarráðstafanir gegn því, að annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar hrynji saman. Þær tillögur til breytinga á gildandi lögum, sem felast í þessu frumvarpi, eru byggðar á þeirri sannfæringu, að á þessum málum verði að taka réttari og fastari tökum en verið hefur. Það úthlutunarkerfi, sem farið hefur verið eftir, er mjög flókið og að mestu miðað við þá hugsun að rétta núverandi bændum hjálparhönd í bili, þar til farið væri í niðurskurð eða aðrar róttækar ráðstafanir. Það hefur ekki að neinu leyti miðað til hjálpar ungum mönnum til að byrja búrekstur við þau skilyrði, sem í fjárpestarhéruðunum eru. Sú ráðstöfun á þessu sviði, sem tvímælalaust hefur að mestu gagni orðið, er hinn svokallaði uppeldisstyrkur, sem er eins konar verðlaun til þeirra manna á pestarsvæðunum, sem halda áfram að ala upp fé þrátt fyrir þá miklu áhættu og vanhaldatjón, sem af veikindunum stafar. Á fyrstu árunum, sem veikin geisaði, var bændum ráðlagt að drepa lömbin og veturgamla fé til að forða því frá að farast úr pestinni. Þessari ráðleggingu var víðast hvar fylgt, þó að hvergi væri eins langt farið eins og á einu ríkisbúinu. Þar var allt fé drepið til að varna því, að pestin yrði því að grandi. Þessar ráðleggingar og aðgerðir voru að því er bezt verður séð gersamlega öfugar við það rétta. Flest okkar sveitahéruð verða að byggja afkomu sína á sauðfjárrækt að miklu leyti. Eftir því, sem vanhöldin á fénu verða meiri, eftir því verður að setja fleira á til viðhalds stofninum. Að standast þann kostnað jafnhliða hinu beina tjóni hefur verið bændum ofvaxið, og þannig stendur enn mjög víða á þeim svæðum, sem um er að ræða. Uppeldisframlagið er því réttasta aðferðin til úthlutunar skaðabóta. Með því er stefnt beint að réttu marki, því, að viðhalda sauðfjárræktinni, þar til reynslan sker úr því, hvort tjónið af völdum pestanna rénar ekki smátt og smátt. Að svo verði, er helzta von þeirra manna, sem þessar pestir hafa heimsótt, þar sem enn eru eigi líkur fyrir lækningu veikinnar. Nú hefur uppeldisframlögum verið úthlutað í 3 ár, og hefur frá upphafi verið mik-

ill ágreiningur um úthlutunaraðferðir. Fyrstu tvö árin voru þær alveg óviðunandi. Á síðasta ári fengust verulegar umbætur í því efni eftir kröfum frá landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis. Þó er mjög rótgróin óánægja með úthlutun þessa fjár í viðkomandi sveitum, og þannig verður það vafalaust á meðan verið er að draga menn í dilka eftir því, hve mikinn usla pestirnar hafa gert hjá þeim persónulega. Aðalgallinn við það er sá, að hvötin er engin fyrir þá, sem ekki áttu fé áður, til að leggja í þá áhættu að ala upp fé þrátt fyrir hin gífurlegu vanhöld. Þeir fá enga aðstoð fyrr en fé þeirra fer að drepast umfram 20% á ári.

Nú er það svo, að allir þeir menn, sem eru að komast á þroskaaldur í viðkomandi sveitum, síðan þetta fár fór að geisa, hafa orðið fyrir mjög verulegu tjóni óbeinlínis af því, miðað við venjulegt ástand. Þeir hafa ekki eignazt fé þess vegna, áður en verðhækkunin kom og í byrjun hennar, nema mjög takmarkað, og nú verða þeir annaðhvort að kaupa lömb með stórhækkuðu verði eða eiga ekkert við fjáreign. Þegar þeir sjá svo, að hinir eldri fá veruleg fjárframlög, sem þeir sjálfir eru útilokaðir frá, þá er afleiðingin oft sú, að þeir fara og leita sér annarrar lífsbjargar. Framtíð sveitanna er í hættu á marga lund. Á þeim svæðum, sem hér um ræðir, liggur hættan langmest í burtflutningi unga fólksins. Þess vegna skiptir meira máli að veita því sem sterkasta hvöt til að hefja atvinnurekstur heldur en hitt, að gera hinum eldri bændum fært að lafa við búskap áfram. Þess vegna ber að leggja hina mestu áherzlu á að hvetja unga menn til fjáreignar þrátt fyrir mikla áhættu. Þar er aðalundirstaða þess frumvarps, sem hér liggur fyrir. Það er byggt á þeirri skoðun, að framlög ríkisins á þessu sviði eigi fremur að vera skaðabætur, útlagðar til tryggingar fyrir framtíð viðkomandi sveita í heild, heldur en hnitmiðað framlag til þeirra einstaklinga, sem tjónið hefur heimsótt í bili. Þess vegna er farið fram á, að veitt séu uppeldisverðlaun á öll lömb á þeim heimilum, sem pestirnar hafa verið á eitt ár eða lengur. Það á að vera lögeggjun til ungra manna um að stunda sauðfjárrækt þrátt fyrir illar horfur í bili, og það á að vera lögeggjan til hinna eldri um að halda áfram af fullum kjarki. Framlagið á kind er miðað við áætlaðan fóðurkostnað með því verkakaupi, sem nú er.

Nánar í framsögu.

Nd. 12. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

(Lagt fyrir Alþingi 1942.)

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum, bætist:

Húseigendum skal skylt, hinu opinbera að kostnaðarlausu, að annast um, að til séu í húsum þeirra nauðsynleg eldvarnartæki eftir því, sem loftvarnarnefnd, með samþykki bæjar- eða sveitarstjórnar, nánar ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir:

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að hann telji, að nauðsyn beri til að heimila loftvarnarnefndum að skylda húsaeigendur til að hafa í húsum sínum nauðsynleg eldvarnartæki.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum, bætist:

Húseigendum skal skylt, hinu opinbera að kostnaðarlausu, að annast um, að til séu í húsum þeirra nauðsynleg eldvarnartæki eftir því, sem loftvarnarnefnd, með samþykki bæjar- eða sveitarstjórnar, nánar ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. des. 1941.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

Nd. 13. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1942.

(Lagt fyrir Alþingi 1942.)

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1942 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 80% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir:

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1942.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Kennslumálaráðherrann hefur tjáð mér, að nauðsynlegt sé að framlengja til ársloka 1942 ákvæði 4. gr. laga nr. 74 1940, er fjallar um heimild til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1942 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 80% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 4. febrúar 1942.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

Nd. 14. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1942.)

1. gr.

Aftan við 3. gr. laga nr. 82 9. júlí 1941 bætist:

Má í reglugerðinni ákveða um viðurlög fyrir brot gegn henni og um málsmeðferð út af brotum á henni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar og er samhljóða bráðabirgðalögum, sem gefin voru út 9. des. 1941 og hér með fylgja.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að enda þótt svo sé ákveðið í 3. gr. laga nr. 82 9. júlí 1941, að heimilt sé að ákveða, að óheimilt sé að selja eða veðsetja innstæður á biðreikningum, sem myndaðar eru samkvæmt ákvæðum þeirra laga, séu engin viðurlög lögð við brotum á slíku banni, og telur hann nauðsynlegt, að ákvæði um slík viðurlög verði sett inn í lögin.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 3. gr. laga nr. 82 9. júlí 1941 bætist:

Má í reglugerðinni ákveða um viðurlög fyrir brot gegn henni og um málsmeðferð út af brotum á henni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. desember 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

Nd. 15. Frumvarp til laga

um málflytjendur.

Flm.: Bergur Jónsson.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn eru opinberir sýslunarmenn og hafa skyldur og réttindi samkvæmt því, meðal annars þagnarskyldu um það, er aðili trúir þeim fyrir í starfa þeirra.

2. gr.

Fyrir flutning gjafsóknar- og gjafvarnarmála skal ákveða málflytjanda laun með dómi í aðalmálinu.

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og hærra endurgjald, ef mál vinnst, en ef það tapast.

Loforð um sýnilega ósanngjarnt endurgjald fyrir málflutningsstarf er ekki skuldbindandi.

3. gr.

Rétt er héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni að taka sér fulltrúa, hvern þann sem lokið hefur embættisprófi í lögum, er 21 árs að aldri, hefur óflekkað mannorð, er

lögráður og hefur forræði fjár síns. Dómi þeim, er í hlut á, skal tilkynnt um töku fulltrúans.

4. gr.

Nú sækir héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður eða fulltrúi þeirra dómþing fyrir aðila, og skal hann þá talinn hafa umboð til, nema annað sé sannað.

Í málflutningsumboði felst, nema öðruvísi sé mælt, heimild til að framkvæma sérhvað það, sem venjulegt er til flutnings slíks máls fyrir dómi. Umbjóðandi er bundinn við málflutningsathafnir og yfirlýsingar umboðsmanns síns bæði um forms- og efnisatriði máls, enda þótt hann hafi takmarkað umboð gagnaðila sínum í óhag. Ef umbjóðandi hefur takmarkað umboð gagnaðila sínum í hag, er takmörkunin bindandi fyrir umbjóðanda sem málflutningsyfirlýsing fyrir dómi.

Skipun stjórnvalds eða dómara til að flytja mál felur í sér rétt og skyldu til að gera allt það, sem venjulegt er, heppilegt eða nauðsynlegt til þess að koma máli fram og til að ná sem heppilegustum málalokum fyrir aðila með öllum löglegum hætti.

5. gr.

Aðila er jafnan rétt að fara sjálfur með mál sitt fyrir dómi, ef hann er löghæfur til að ráðstafa sakarefninu. Lögráðamaður fer með mál þeirra, sem geta ekki sjálfir farið með það samkvæmt framansögðu. Nú hefur slíkur maður engan lögráðanda, og getur dómari þá skipað honum fyrirsvarsmann í því máli. Stjórnendur félags eða stofnunar fara, einn eða fleiri, með mál þeirra.

Ef aðili máls er einstakur maður, getur hann jafnan látið frændur sína að feðgatali eða niðja, maka sinn, systkini sín, tengdaforeldri eða tengdabarn, stjúpforeldri eða stjúpbarn, kjörforeldri eða kjörbarn fara með mál fyrir sig.

Ef mál er rekið fyrir héraðsdómi í Reykjavík eða á Akureyri og aðili fer ekki sjálfur með mál sitt eða lögmæltur fyrirsvarsmaður eða venzlamaður samkvæmt áður sögðu, skal hann fela meðferð þess héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni, og tekur þetta einnig til skipta-, fógeta- og uppboðsgerða, eftir ákvörðun dómara, ef sækja þarf þar mál eða verja með líkum hætti og fyrir venjulegum dómi. Í greindum kaupstöðum má maður ekki ella flytja mál annars manns í hans eða sjálfs sín nafni, nema hann standi í áður nefndu sambandi við aðila eða sé héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður. Með sömu takmörkunum hafa hæstaréttarlögmenn einkarétt til málflutnings fyrir hæstarétti.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum héraðsdómara, ákveðið, að fyrirmæli 3. málsgr. um málflytjendur í Reykjavík og á Akureyri skuli og taka til annarra kaupstaða, þar sem ekki er neinn hörgull héraðsdómslögmanna.

6. gr.

Ef héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður missir einhvers hinna almennu skilyrða til að fá leyfi til málflutnings, eða fullnægir ekki skilyrðum þessara laga um skrifstofu eða búsetu, hefur hann fyrirgert rétti þeim, er leyfið veitir, meðan svo er ástatt. Ef héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður hefur verið sektaður þrisvar samkvæmt 188. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, eða ef stjórn félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna leggur einróma til, að ákveðinn félagsmaður verði sviptur leyfi vegna tiltekinna, óviðurkvæmilegra athafna í starfi sínu, getur dómsmálaráðherra tekið af honum leyfi til málflutnings um stundarsakir, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Leita skal áður álits dóms þess, er hlut á að máli.

Nú hefur héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður verið sviptur leyfi til málflutnings, og getur hann þá borið málið undir dómstóla með venjulegum hætti og að stefndum dómsmálaráðherra af hálfu ríkisvaldsins.

7. gr.

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn skulu hafa með sér félag, og kemur stjórn þess fram fyrir þeirra hönd gagnvart dómurum og stjórnarvöldum í málum, er stétt-

ina varða. Samþykktir og gjaldskrá félagsins skulu lagðar fyrir dómsmálaráðherra, sem staðfestir þær eða synjar staðfestingar.

8. gr.

Stjórn félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna ber að hafa eftirlit með, að félagsmenn fari að lögum í starfa sínum og ræki skyldur sínar með trúmennsku og samvizkusemi. Stjórn félagsins hefur úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstarf, ef ágreiningur um það er borinn undir hana.

Stjórn félagsins ber að hafa eftirlit með þeim, er búa sig undir að verða héraðsdómslögmenn. Dómsmálaráðuneytinu ber að leita umsagnar stjórnar félagsins, áður en það veitir leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

Stjórn félagsins getur veitt einstökum félagsmönnum áminningar og gert þeim á hendur allt að 5000 króna sekt til styrktarsjóðs félagsins fyrir framferði í starfa þeirra, er telja má stéttinni ósamboðið.

Úrskurðir félagsstjórnarinnar samkvæmt þessari grein sæta kæru eftir 199. gr. laga nr. 85 23. júní 1936.

II. KAFLI

Um hæstaréttarlögmenn.

9. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til málflutnings fyrir hæstarétti hverjum þeim, sem

1. er 30 ára gamall,
2. er lögráður og hefur forræði fjár síns,
3. hefur óflekkað mannorð,
4. hefur íslenzkan ríkisborgararétt,
5. hefur lokið embættisprófi í lögfræði í háskóla Íslands eða jafngildu prófi í öðrum háskólum samkvæmt íslenzkum lögum,
6. hefur verið héraðsdómslögmaður í 3 ár samtals, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til,
7. hefur sýnt það með flutningi 4 mála, og sé eitt þeirra að minnsta kosti opinbert mál, að hann sé að dómi hæstaréttar hæfur til að vera hæstaréttarlögmaður. Enginn má þreyta raun þessa oftar en þrisvar, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn vottorð dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að verða hæstaréttarlögmaður.

Maður, sem hefur verið hæstaréttardómari, prófessor í lögum eða dómsmálaráðherra, er undanþeginn ákvæðum 7. töluliðs 1. málsgr.

10. gr.

Áður en manni sé veitt leyfi til málflutnings fyrir hæstarétti, skal hann heita því skriflega og að viðlögðum drengskap, að hann skuli rækja með trúmennsku og samvizkusemi þau málflutningsstörf, sem honum verða falin.

11. gr.

Fyrir leyfi til málflutnings fyrir hæstarétti skal greiða 1000 kr. í ríkissjóð.

12. gr.

Hæstaréttarlögmenn skulu hafa skrifstofu í Reykjavík og vera búsettir þar eða í grennd við borgina.

Skylt er þeim að inna sjálfir af hendi þau störf fyrir dómi, er aðilar hafa falið þeim; þó er þeim rétt að fela þau öðrum hæstaréttarlögmanni, ef nauðsyn krefur. Þegar mál er flutt skriflega eða ef hæstaréttarlögmaður getur eigi sótt sjálfur þing

sakir skyndilegra nauðsynja, er honum og rétt að senda fulltrúa sinn í sinn stað til að taka frest eða leggja fram skjöl.

13. gr.

Skylt er hæstaréttarlögmönnum að flytja opinber mál, er forseti skipar þá til að sækja eða verja. Önnur mál er þeim eigi skylt að taka að sér fyrir hæstarétti.

Nú óskar sökunautur í opinberu máli eða gjafsóknar- eða gjafvarnarhafi sér skipaðan ákveðinn hæstaréttarlögmann, og skal honum þá skipaður sá maður, nema einhverjar sérstakar ástæður mæli gegn því.

III. KAFLI

Um héraðsdómslögmenn.

14. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi hverjum þeim, sem

1. er 25 ára gamall,
2. er lögráður og hefur forræði fjár síns,
3. hefur óflekkað mannorð,
4. hefur íslenzkan ríkisborgararétt,
5. hefur lokið embættisprófi í lögfræði í háskóla Íslands eða jafngildu prófi í öðrum háskólum samkvæmt íslenzkum lögum,
6. hefur sýnt það með flutningi 4 munnlega fluttra mála, að hann sé hæfur til að vera héraðsdómslögmaður. Enginn má þreyta raun þessa oftar en þrisvar, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dómara vottorð dómsmálaráðuneytisins um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að verða héraðsdómslögmaður.

Dómsmálaráðherra setur prófdómendur til að dæma um málflutningsraun samkvæmt 1. málsgr. Héraðsdómari ákveður þóknun fyrir þetta starf, og greiðist hún úr ríkissjóði.

15. gr.

Áður en manni sé veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi, skal hann heita því skriflega og að viðlögðum drengskap, að hann skuli rækja með trúmennsku og samvizkusemi þau málflutningsstörf, sem honum verða falin.

16. gr.

Fyrir leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi skal greiða 100 kr. í ríkissjóð.

17. gr.

Héraðsdómslögmönnum er heimilt að fara með mál fyrir héraðsdómi hvar sem er á landinu.

18. gr.

Héraðsdómslögmönnum er skylt að flytja þau opinber mál og gjafsóknar- og gjafvarnarmál, sem þeim verða falin, þar í kaupstað, sem þeir hafa skrifstofu, eða þar í grennd, enda hafi þeir opna skrifstofu á tilteknum stað og tilkynni dómara það. Annars ráða þeir því sjálfir, hvaða málflutningsstörf þeir taka að sér.

Nú óskar aðili, er skipa skal talsmann, að fá sér skipaðan ákveðinn héraðsdómslögmann, og skal þá veita honum það, nema einhverjar sérstakar ástæður mæli á móti því.

Ef mál er flutt munnlega, ber héraðsdómslögmanni að gera það sjálfur, þó er honum rétt að fela það öðrum héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni, ef nauðsyn krefur. Annars er héraðsdómslögmanni heimilt að láta fulltrúa sinn flytja mál fyrir dómi.

IV. KAFLI
Um málflutningsmenn.

19. gr.

Ef mál er rekið utan þeirra kaupstaða, er einkaréttur héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna nær til, getur aðili falið hverjum lögráða manni, sem hefur óflekkað mannorð og almennan andlegan þroska, meðferð máls síns.

20. gr.

Málflutningsmenn verða að sanna umboð sitt, ef það er vefengt. Hafi þeir lokið embættisprófi í lögfræði, mega þeir ganga í félag héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna, en hvorki hafa þeir atkvæðisrétt um samþykktir eða gjaldskrá félagsins né kosningarrétt eða kjörgengi í stjórn félagsins.

21. gr.

Félög eða stofnanir, sem hafa embættisgenga lögfræðinga í fastri þjónustu sinni, geta látið þá fara með mál sín fyrir héraðsdómi hvar sem er á landinu.

22. gr.

Ef málflutningsmaður sætir sektum samkvæmt 188. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 eða reynist óhæfur til málflutnings vegna vankunnáttu, getur héraðsdómari, þar sem málflutningsmaður er búsettur, tekið af honum heimild til að fara með mál í umboði annarra fyrir fullt og allt eða um stundarsakir, en bera má hann málið undir dómstóla með venjulegum hætti og að stefndum dómara þeim, er í hlut á.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

23. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvort málflytjandastarf er samrímanlegt öðru opinberu starfi. Ef það mezt ósamrímanlegt, skal málflytjandi afhenda dómsmálaráðuneytinu leyfi sitt, ef því er að skipta, meðan svo er ástatt.

24. gr.

Lögfræðingar þeir, er stundað hafa málflutning að staðaldri frá 1. janúar 1937, skulu hafa rétt til að þreyta málflutningsraun samkvæmt 9. gr., enda hafi þeir fengið löggildingu til málflutnings fyrir héraðsdómi fyrir 1. janúar 1942.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagaákvæði úr gildi felld:

Lög nr. 112 18. maí 1935, III. kafli, um málflutningsmenn fyrir hæstarétti, lög nr. 85 23. júní 1936, V. kafli, um málflytjendur, og lög nr. 3 11. jan. 1940, um breyting á þeim lögum.

Greinargerð.

Á vetrarþinginu í fyrra var borið fram frumvarp til laga um breytingar á hæstaréttarlögunum. Var þar sett fram hin gamla krafa þeirra lögfræðinga, er höfðu hlotið II. einkunn við embættispróf, um jafnrétti þeim til handa. Jafnframt var sett fram ný krafa, að málflutningsprófið væri numið úr lögum.

Eins og jafnan áður sætti jafnrétti II. einkunnar manna hörðum andmælum. En einkum skiptust þó skoðanir um afnám málflutningsprófsins. Lauk málinu svo, að það dagaði uppi eftir tvær umræður, enda var atkvæðamunur lítill.

Það er erfitt að afla gagna um, hversu þessum málum er skipað í öðrum löndum, eins og nú er ástatt. Hvarvetna munu þó lögmannafélög hafa eftirlit með stéttinni meira en lögmælt er hér á landi. Svo er t. d. í Danmörku.

Í Bretlandi hinu mikla geta menn ekki orðið lögmenn (barristers) nema þeir hafi staðizt fyrirskipuð málflutningspróf og verið teknir í lögmannafélag. Í Frakklandi hefur lögum verið breytt þannig, að lögmenn (avocats) þurfa að hafa staðizt málflutningspróf og hæstaréttarlögmenn (avocats à la Cour de Cassation) verða að hafa staðizt meira málflutningspróf. Í Bandaríkjum Norður-Ameríku geta menn ekki orðið hæstaréttarlögmenn nema fyrir meðmæli stéttarbróður, eftir undangengna athugun á starfi þess, er í hlut á, og má búast við, að þar komi fram eftirlit lögmannafélaga.

Því fer fjarri, að dómarar séu yfirleitt hæfari til málflutnings en aðrir lögfræðingar. Það mun vera almennt viðurkennt, að málflutningur og dómstörf þroski mismunandi hæfileika. En auk þess eru dómstörfin hrein og bein hjáverk flestra dómara vorra. Aðalstörf þeirra eru umboðsstjórn, sem fer mest eftir stjórnarfarslögum (statsforvaltningsret). Dómstörfin hafa og allt of oft farið eins úr hendi og til er stofnað, og hlýtur að því að reka fyrr eða síðar, að nauðsyn knýr til að koma á nýrri dómaskipan í landinu til að forða almenningi frá kostnaði og réttarspjöllum.

Aðalröksemdin fyrir því að fella málflutningsprófið niður var sú, að erfitt væri að fá mál, er hæstiréttur tæki gild til prófflutnings, og gæti prófið því dregizt árum saman. Þetta hefur þó verið eitthvað greiðara í seinni tíð, og hefur prófinu því verið haldið með örfáum undantekningum, er virðast ekki þurfa sérstaks rökstuðnings.

Frumvarp það, er hér liggur fyrir, er borið fram til að sætta ólík sjónarmið, og hefur verið leitazt við að gæta réttlætis og sanngirni. Tekin er til greina krafa II. einkunnar manna, en prófinu haldið óbreyttu. Ýtarlegri ákvæði eru sett um félag héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna eftir fyrirmynd danskra laga. Þeirri skipan, er þar gildir, var fyrst komið á með lögum 26. maí 1868 um málflytjendur.

Réttast þótti að semja frumvarp til heildarlaga um málflytjendur, því að mörg ákvæði eru sameiginleg um þá, og fer verr á, að þau séu endurtekin í ýmsum lögum. Orðin hæstaréttarmálflutningsmaður og héraðsdómsmálflutningsmaður þykja miður smekkleg, enda eru þau talin brjóta í bága við lög íslenzkrar tungu. Orðið lögmaður merkir í fornbókmenntum vorum lagamaður, lögfræðingur, allt unz landið missti sjálfstæði sitt. Þá sendu Noregskonungar oss embættismenn með þessu heiti, sem voru settir yfir sinn helming landsins hvor. Í engu áttu þeir sammerkt við héraðsdómara í borgaralegum (civil) málum í einu héraði landsins.

Það virðist ekki óeðlileg krafa til embættisheitis, að það segi eitthvað til um þau störf, sem embættismanninum eru falin. Héraðsdómarinn í borgaralegum málum í höfuðborginni virðist réttnefndur **borgardómari.** Hann dæmir á bæjarþingi, sbr. borgarstjóri, bæjarstjórn. Vegna forskeytanna **héraðsdóms-** og **hæstaréttar**lögmaður virðist ekki þörf á að breyta nú þegar embættisheiti lögmannsins í Reykjavík.

Um I. kafla.

Hér er haft hið almenna orð málflytjendur um alla flokka stéttarinnar, eins og í V. kafla laga nr. 85/1936. Er hér unnt að draga saman þau ákvæði, er sameiginleg eru.

Um 1. gr.

Sbr. 64. gr. laga nr. 85/1936.

Um 2. gr.

Sbr. 60. gr. sömu laga og 19. gr. laga nr. 112/1935.

Um 3. gr.

Sbr. 61. gr. laga nr. 85/1936.

Um 4. gr.

Sbr. 62. gr. sömu laga.

Um 5. gr.

Sbr. 55. gr. sömu laga og 18. gr. laga nr. 112/1935. Á Akureyri eru 3 héraðsdómslögmenn. Virðist því óhætt að láta einkarétt héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna ná til Akureyrar.

Um 6. gr.

65. gr. laga nr. 85/1936 og 20. gr. laga nr. 112/1935 eru ekki alveg samhljóða. Virðist rétt, að sett sé almennt ákvæði um þetta. Samkvæmt 14. gr. frv. veitir dómsmálaráðuneytið leyfi til málflutnings einnig fyrir héraðsdómi. Er þá og rétt, að það sé dómsmálaráðherra, er sviptir leyfi.

Um 7.—8. gr.

Ákvæði þessi eru sett með hliðsjón af samsvarandi ákvæðum í dönskum lögum. Sbr. enn fremur 63. gr. laga nr. 85/1936.

Um II. kafla.

Hér eru sérákvæði um hæstaréttarlögmenn.

Um 9. gr.

Í þessari grein eru rakin skilyrði þess að geta orðið hæstaréttarlögmaður, sbr. 13. gr. laga nr. 112/1935. Aldurstakmarkið er hækkað úr 25 í 30 ár, eins og dómaraskilyrðið samkvæmt 6. gr. laga nr. 112/1935. Nú er krafizt 25 ára aldurs til að geta orðið héraðsdómslögmaður, sbr. 56. gr. laga nr. 85/1936, svo að rétt virðist að miða við 30 ár hér. — Fellt er brott skilyrðið um I. einkunn til embættisprófs.

Um 10. gr.

Sbr. 14. gr. laga nr. 112/1935 og 57. gr. laga nr. 85/1936.

Um 11. gr.

Sbr. 15. gr. laga nr. 112/1935.

Um 12. gr.

Sbr. 16. gr. laga nr. 112/1935 og 59. gr. laga nr. 85/1936.

Um 13. gr.

Sbr. 17. gr. laga nr. 112/1935.

Um III. kafla.

Hér eru sérákvæði um héraðsdómslögmenn. Þeir svara að ýmsu leyti til landsdómslögmanna í Danmörku, og verður þó meir síðar, ef ný dómaskipan kemst á í landinu.

Um 14. gr.

Ákvæði þessi eru sett með hliðsjón af samsvarandi ákvæðum í Danmörku. Eins og þar gildir, er það dómsmálaráðuneytið, en ekki héraðsdómari, er veitir leyfi til málflutnings einnig fyrir héraðsdómi. Veiting þessi er umboðsstarf, en ekki dómsathöfn, enda er dómsmálaráðherra yfirboðari héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna.

Hér um bil öll mál eru nú munnlega flutt fyrir héraðsdómi í Reykjavík og á Akureyri, og virðist því rétt, að málin skuli öll vera flutt munnlega. Sbr. að öðru leyti 56. gr. laga nr. 85/1936, 13. gr. laga nr. 112/1935 og 9. gr. frv.

Ekki virðist þörf á að leggja dómsmálaráðherra lífsreglur um það, hverja hann megi setja prófdómendur. Ætti að mega treysta því, að hann fari forsvaranlega með þetta vald. Ótækt virðist að sleppa prófdómendum, þó að dómur kunni að vera fjölskipaður, t. d. sjó- og verzlunardómur.

Um 15. gr.

Sbr. 57. gr. laga nr. 85/1936.

Um 16. gr.

Sbr. 15. gr. laga nr. 112/1935 og 56. gr. laga nr. 85/1936 og 11. gr. frv.

Um 17. gr.

Sbr. 58. gr. laga nr. 85/1936. Óþarft virðist að taka fram, að hæstaréttarlögmenn hafi sama rétt, með því að þeir eru um leið héraðsdómslögmenn.

Um 18. gr.

Rétt virðist að leggja áherzlu á, að samband aðila og málflytjanda er persónulegt og reist á gagnkvæmu trausti. Sbr. 16. gr. laga nr. 112/1935 og 59. gr. laga nr. 85/1936.

Um IV. kafla.

Þeir málflytjendur, er hafa flutt mál án löggildingar, eru hér nefndir **málflutningsmenn,** hvort sem þeir hafa lokið lagaprófi eða ekki. Hefur og verið gert svo í dómum, t. d. um Jón Jóhannesson á Siglufirði, Þorleif Jónsson í Hafnarfirði og Jón Grímsson á Ísafirði o. fl., enda virðist erfitt að neita um það heiti nokkrum manni, sem gerir sér málflutning að atvinnu, þótt hann hafi ekki sérstaka löggildingu til. Hafa margir ólærðir gáfumenn gert sér málflutning að atvinnu fyrr og síðar, og verður því ekki með rökum neitað, að þeir eru málflutningsmenn þess staðar, er í hlut á.

Um 19. gr.

Sbr. lög nr. 85/1936, 55. gr., 2. mgr. 3. málsl.

Um 20. gr.

Sbr. sömu lög, 62. gr., 1. mgr. 2. málsl.

Um 21. gr.

Sbr. sömu lög, 55. gr., 2. mgr. 2. málsl.

Um 22. gr.

Sbr. sömu lög, 65. gr., 2. mgr.

Um V. kafla.

Um 23. gr.

Ýmis opinber störf virðast ósamrímanleg því að vera málflytjandi, t. d. dómstörf o. fl. Svipuð ákvæði gilda í Danmörku.

Um 24. gr.

Það var ekki fyrr en með lögum nr. 85/1936, að ákvæði voru sett um löggildingu til málflutnings fyrir héraðsdómi, og til 1. janúar 1940 máttu lögfræðingar í Reykjavík flytja mál þar án löggildingar. Þessir menn mundu verða hart úti, ef beitt yrði þegar í stað ákvæði 6. tölul. 9. gr. frv.

Nd. 16. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþykktir og lendingarsjóði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. Fyrir orðin „Reykjavíkur, Vestmannaeyja og Akraneskaupstaða“ í 2. málsgr. komi: í kaupstöðum.

Alþingi, 26. febr. 1942.

Finnur Jónsson, form., frsm. Sig. E. Hlíðar, fundaskr. Skúli Guðmundsson.
Sigurður Kristjánsson. Gísli Guðmundsson.

Nd. 17. Frumvarp til laga

um ráðstafanir gegn dýrtíðinni.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Ásgeir Ásgeirsson, Emil Jónsson, Finnur Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal skipa þriggja manna ríkisverðlagsnefnd, eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna, til þess að hafa með höndum framkvæmdir samkvæmt lögum þessum, í því skyni að halda niðri dýrtíðinni innanlands og vinna gegn verðbólgu.

Ríkisverðlagsnefnd skal, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, verja því fé, sem rennur í dýrtíðarsjóð samkvæmt 6. og 7. gr. laga þessara, til þess, eftir því sem unnt er, að halda niðri verðlagi til neytenda á erlendum og innlendum vörum og koma í veg fyrir verðhækkun.

Enn fremur er nefndinni heimilt, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að styðja þá innlenda framleiðendur, sem af styrjaldarástæðum verða að selja vörur sínar óeðlilega lágu verði, að undangenginni athugun á þeim ástæðum, sem fyrir hendi eru.

Ef gengi íslenzkrar krónu verður hækkað, er ríkisstjórninni heimilt að verja allt að 6 milljónum króna úr dýrtíðarsjóði til þess að standast útgjöld, sem á ríkissjóð falla vegna gengishækkunarinnar.

2. gr.

Ríkisverðlagsnefnd hefur með höndum verðlagsákvarðanir þær, sem nú eru í höndum verðlagsnefnda, sbr. lög nr. 118 2. júlí 1940, mjólkurverðlagsnefndar, sbr. lög nr. 1 7. jan. 1935, kjötverðlagsnefndar, sbr. lög nr. 2 9. jan. 1935, og verðlagsnefndar þeirrar, er um ræðir í 9. gr. laga nr. 34 1. febr. 1936. Ríkisverðlagsnefnd hefur einnig það hlutverk að ákveða flutningsgjöld fyrir hvers konar flutning með íslenzkum skipum eða skipum, sem leigð eru af íslenzkum aðilum.

Nefndin ræður framkvæmdarstjóra og annað starfsfólk. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Ríkisverðlagsnefnd skal haga verðlagsákvörðunum þannig, að nettóágóði verði ekki vegna verðhækkunar vörunnar meiri að upphæð en tíðkaðist í viðkomandi vöruflokkum eða viðskiptum fyrir 1. sept. 1939 við sölu á sama vörumagni, að viðbættu hæfilegu álagi vegna aukinnar áhættu og kostnaðar við sölu vörunnar. Í því skyni ákveður hún hámarksverð á vörum eða hámarksálagningu, þar sem ekki verður komið við ákvörðun hámarksverðs. Þó má aldrei ákveða hærri álagningu á kornvörum, kaffi og sykri en 30% af innkaupsverði (cif.) samtals í smásölu og heildsölu. Við verðlagsákvarðanir skal ríkisverðlagsnefnd njóta aðstoðar verðlagsnefnda þeirra, er um ræðir í 2. gr., og er þeim skylt að láta henni í té allar þær upplýsingar, er hún óskar eftir.

4. gr.

Óheimilt er að taka hærra flutningsgjald fyrir kornvörur, kaffi, sykur og hráefni til smjörlíkis- og kaffibætisgerðar (sbr. 5. gr.) með íslenzkum skipum eða skipum, sem leigð eru af íslenzkum aðilum, heldur en þau flutningsgjöld, sem Eimskipafélag Íslands tók fyrir flutninga á þessum vörum frá Kaupmannahöfn 1. sept. 1939.

Nú telur ríkisverðlagsnefnd, að þessi farmgjöld séu of lág, og skal þá greiða uppbætur á þau úr sjóði þeim, er um ræðir í 7. gr., eftir ákvörðun nefndarinnar, og sé þá tekið tillit til afkomu skipaeigenda árin 1940 og 1941.

5. gr.

Til 1. júlí 1943 skal fella niður tolla af: baunum, ertum, linsum, hveiti, rúg, rís með hýði og án hýðis, byggi, höfrum, maís og annarri ómalaðri kornvöru; mjöli: úr hveiti, úr rúgi, úr rís, úr byggi, úr höfrum, úr maís og öðru ótöldu; sykri: strásykri, höggnum sykri (molasykri), sallasykri (flórsykri), púðursykri, steinsykri (kandís) og toppasykri; kaffi, óbrenndu og brenndu eða brenndu og möluðu. Enn fremur af efnivörum til smjörlíkis- og kaffibætisgerðar; ákveður fjármálaráðuneytið, hvaða vörur tollskrárinnar falla þar undir.

Til sama tíma skal hækka um 50% tolla af: áfengi og tóbaki, svo og gjald af innlendum tollvörutegundum, sbr. lög nr. 60 30. des. 1939, og aðflutningsgjöld af sams konar vörum.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt með reglugerð að leggja sérstakt útflutningsgjald á íslenzkar afurðir, sem fluttar eru út úr landinu og seldar eru með stríðsgróða, og má ákveða gjaldið allt að 10 af hundraði. Er ríkisstjórninni heimilt að ákveða mismunandi hátt gjald af hinum ýmsu útflutningsvörum, miðað við framleiðslukostnað og söluverð.

7. gr.

Til þess að standast útgjöld af ráðstöfunum, sem ákveðnar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal stofna sérstakan dýrtíðarsjóð. Í sjóðinn skulu renna þau gjöld, sem ákveðin kunna að verða samkvæmt 6. gr., en auk þess hafi dýrtíðarsjóður þessar tekjur:

1. 8 millj. kr. framlag úr ríkissjóði, er greiðist með jöfnum afborgunum mánaðarlega á tímabilinu 1. marz 1942 til 31. des. 1942.
2. Tekjur af stríðsgróðaskatti af skattskyldum tekjum ársins 1941, sbr. lög nr. 10 5. maí 1941, um stríðsgróðaskatt.
3. Leggja skal sérstakt gjald á hveiti, kaffi og sykur, sem úthlutað er sérstaklega til veitingahúsa, iðnfyrirtækja og brauðgerðarhúsa til kökugerðar (sbr. lög nr. 37 12. júní 1939).

   Gjald þetta skal nema:

   Fyrir kornvörur á kg. ..... kr. 0.20
   — sykur á kg. ..... — 0.30
   — kaffi á kg. ..... — 1.50

Auk þess skal leggja á þessar vörur gjald, sem nemur á hvert kíló sem næst þeim farmgjalda- og tollaívilnunum, sem veittar eru á hverjum tíma samkvæmt ákvæðum laga þessara. Skömmtunarskrifstofa ríkisins sér um innheimtu á gjaldi þessu, og má krefja það sem stimpilgjald af skömmtunarseðlum þeim, er skömmtunarskrifstofa ríkisins úthlutar þessum fyrirtækjum. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um innheimtu og ákvörðun gjaldsins í samráði við skömmtunarskrifstofu ríkisins.

4. Frá gildistöku laga þessara og til 1. júlí 1943 skal gjald það af kvikmyndasýningum, sem greiða ber samkv. lögum nr. 56 31. maí 1937, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, sbr. lög nr. 74 7. maí 1940, innheimt með viðauka, er nemur 25% af andvirði seldra aðgöngumiða.

Nú telur ríkisstjórnin eigi nauðsynlegt að ráðstafa öllu fé dýrtíðarsjóðs samkvæmt ákvæðum 1. gr., og skal þá afgangurinn lagður í sérstakan sjóð, er notaður verði til verklegra framkvæmda og atvinnuaukningar, þegar lokið er heimsstyrjöld þeirri, er nú stendur yfir.

8. gr.

Nú þykir sýnt, að eigi muni vera nægilega miklar birgðir af nauðsynjavörum á hverjum tíma, og er þá ríkisstjórninni heimilt að kaupa birgðir af nauðsynjavörum og sjá um dreifingu á þeim. Nauðsynleg ákvæði um þetta má setja með reglugerð og í henni ákveða viðurlög við brotum.

9. gr.

Ákvæði um innheimtu gjalda þeirra, er lög þessi fjalla um, skulu sett í reglugerð, svo og um eftirlit með framkvæmd hennar og refsingu fyrir brot á lögunum eða reglugerðinni.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá um leið úr gildi lög nr. 98 9. júlí 1941.

Greinargerð.

Frv. þetta er í öllum aðalatriðum samhljóða frv. því, sem þrír af þingmönnum Alþýðuflokksins, þeir Haraldur Guðmundsson, Finnur Jónsson og Emil Jónsson, fluttu í neðri deild á haustþinginu 1941. Fylgdi því þá ýtarleg greinargerð. Verður hér aðeins birtur stuttur útdráttur úr henni, og verður í honum höfð hliðsjón af þeim breytingum, sem nú hafa verið gerðar á frumvarpinu.

Síðan heimsstyrjöldin brauzt út hefur skapazt hér í landinu ægileg dýrtíð eða verðbólga. Flestir virðast sammála um, að þessi þróun stefni til hins mesta ófarnaðar, en um orsakir dýrtíðarinnar og leiðina út úr ógöngunum eru menn ekki jafnsammála.

Flutningsmenn telja meginorsakir dýrtíðarinnar hingað til þrjár:

1. Verðhækkun á erlendum vörum, og hefur hin mikla farmgjaldahækkun átt sinn drjúga þátt í henni.
2. Hin stórfellda hækkun á innlendum neyzluvörum.
3. Hin mikla kaupmáttaraukning, er stríðsgróði útgerðarinnar flæddi yfir landið og af völdum brezka setuliðsins hér á landi.

Í sambandi við hinar miklu farmgjaldahækkanir er bent á það, að eftirlit með farmgjöldunum hafi verið algerlega vanrækt, enda þótt augljóst sé, að farmgjaldahækkunin hlaut að leiða til mikillar aukningar á dýrtíðinni í landinu, að Eimskipafélag Íslands eitt hafi árið 1940 grætt á 5. millj. króna, þrátt fyrir gífurlega aukinn útgerðarkostnað. Ofan á þessar gífurlegu upphæðir eru síðan lagðir tollar og síðan álagning ofan á allt saman.

Um verðhækkun íslenzku afurðanna er bent á það, að þrátt fyrir hin háu farmgjöld hafi þó verðhækkun íslenzkra afurða orðið langtum meiri en á erlendri nauð-

synjavöru og hafi hún venjulega verið um helmingi meiri en hækkun kaupgjaldsins á hverjum tíma.

Af 72 stigum, sem vísitalan hafði hækkað 1. okt. 1941 stöfuðu 37 stig eða meira en helmingur frá hækkun á kjöti, fiski, mjólk og feitmeti og innlendum garðávöxtum. Þá er vakin athygli á því, að það eru opinberar verðlagsnefndir, sem hafa að miklu leyti staðið að verðhækkunum á ofangreindum vörum.

Hinn mikli stríðsgróði útgerðarinnar, sérstaklega af ísfisksölunni, og dvöl og framkvæmdir hins erlenda setuliðs hafa skapað hina miklu kaupmáttaraukningu, sem er hin þriðja meginorsök dýrtíðarinnar. Hvort tveggja hefur skapað óhemju framboð á erlendum gjaldeyri, sem bankarnir hafa yfirfært, og síðan koma þessir peningar fram sem kaupgeta á íslenzkum markaði. Þar sem vöruframboð hefur ekki aukizt að sama skapi og verðlagseftirlit auk þess verið ófullnægjandi, hefur afleiðingin orðið óeðlileg hækkun vöruverðs.

Þessari kaupmáttaraukningu hefði mátt mæta á tvennan hátt, með gengishækkun og skatti á stríðsgróðann.

Gengishækkunin hefur til þessa ekki verið fær vegna verzlunarsamninga við Breta, en þar sem viðhorfið er nú gerbreytt á þessu sviði, munu þingmenn Alþýðuflokksins leggja fram tillögur um, að gengi íslenzku krónunnar verði hækkað til samræmis við það, sem það var fyrir gengisbreytinguna 1939.

Alþýðuflokkurinn hefur einnig lagt til, að stríðsgróðinn væri skattlagður miklu meira en gert hefur verið, bæði með hærri beinum stríðsgróðaskatti og útflutningsgjaldi á hinar háu togarasölur.

Það er að áliti flutningsmanna frumvarpsins hin mesta fjarstæða, að kaupuppbót launþeganna sé ein af aðalorsökum dýrtíðarinnar. Kauphækkunin er afleiðing en ekki orsök dýrtíðarinnar. Er augljóst, að ef lægra kaup hefði verið greitt þetta tímabil, hefði hlutur stríðsgróðamannanna einungis orðið stærri, en engar líkur til þess, að verðbólgan hefði orðið minni, kaupmáttaraukningunni hefði aðeins verið öðruvísi skipt, auðurinn færst á enn færri hendur.

Þessu til stuðnings er bent á reynsluna 1914—1918, þegar kaupgjald hækkaði mjög lítið, en dýrtíðin óx jafnt og þétt engu síður en nú. Enn fremur á reynsluna árið 1940, þegar ekki var greidd full verðlagsuppbót.

Enda þótt Alþýðuflokkurinn viðurkenni ekki, að hægt sé að ráða niðurlögum dýrtíðarinnar með þvingunarráðstöfunum gegn launastéttunum, telur hann hina mestu nauðsyn að gera öflugar ráðstafanir til viðnáms dýrtíðinni.

Áður var minnzt á tillögur Alþýðuflokksins um gengishækkun og aukinn stríðsgróðaskatt.

Auk þess leggur Alþýðuflokkurinn til, að gerðar séu ráðstafanir þær, sem felast í þessu frumvarpi, og eru aðalatriði þess þau, sem hér segir:

1. Skipun 3 manna ríkisverðlagsnefndar eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna. Alþýðuflokkurinn leggur til, að hinn svo kallaði gerðardómur, sem nú er starfandi, sé lagður niður.
2. Fastari grundvallarreglur fyrir verðlagseftirlitið til þess að starfa eftir.
3. Lækkun farmgjalda á skömmtunarvörum niður í það, sem þau voru fyrir stríð, og sé þá miðað við Kaupmannahafnarfarmgjöld.
4. Afnám allra tolla á þessum sömu vörum, auk nokkurra annarra vörutegunda.
5. Stofnun dýrtíðarsjóðs og ákvæði um tekjuöflun til hans til þess að koma í veg fyrir aukning dýrtíðarinnar. Dýrtíðarsjóði séu tryggðar ca. 13 millj. króna tekjur, auk útflutningsgjaldsins, eins og síðar skal nánar gerð grein fyrir.
6. Hinni almennu heimild um útflutningsgjald, sem nú er í lögunum, sé breytt í heimild til þess að leggja útflutningsgjald á vörur, sem seldar eru með stríðsgróða.
7. Úr dýrtíðarsjóði sé einnig varið fé til að styrkja þá framleiðendur, sem ekki fá viðunandi verð fyrir afurðir sínar, hvort heldur þær eru seldar innanlands eða fluttar út.

8. Heimild fyrir ríkisstjórnina, ef nauðsyn krefur, til að kaupa birgðir af nauðsynjavörum og annast dreifingu þeirra á þann hátt, sem hún telur heppilegast. Skulu nú þessi 8 aðalatriði tillagnanna rædd nokkuð.

Um verðlagseftirlitið og farmgjöldin (1.—3.).

Í hinu fyrra frumvarpi Alþýðuflokksins var bent á þann megingalla verðlagseftirlitsins, að því væri dreift á marga aðila, sem ekkert samstarf hafa sín á milli og enga sameiginlega ábyrgð á því að halda niðri verðlaginu.

Núverandi stjórnarflokkar hafa nú loks fallizt á þessa kröfu Alþýðuflokksins og hafa falið hinum svo kallaða gerðardómi eins konar yfirstjórn alls verðlagseftirlits. Þó þetta þýðingarmikla atriði hafi verið tekið úr tillögum Alþýðuflokksins, hefur þeim þó verið stórspillt að öðru leyti og því spurning, hvort ekki er verr farið en heima setið.

Í fyrsta lagi hefur ríkisstjórnin við skipun dómsins gengið algerlega fram hjá samtökum launþega, og má það þó furðulegt heita, þar sem gerðardómnum er jafnframt ætlað að vera æðsta úrskurðarvald í kaupgjaldsmálum.

Í öðru lagi eru starfsreglur gerðardómsins, hvað verðlagseftirlitið snertir, algerlega ófullnægjandi. Gerðardómnum er fyrirskipað, eftir hvaða reglum hækka megi kaupið, en honum eru engin fyrirmæli gefin um verðlagsákvarðanirnar eða eftir hvaða reglum hann megi leyfa verðhækkanir. Virðist þetta harla einkennilegt. Eins og fyrr var getið, leggja flutningsmenn til, að „gerðardómur" þessi verði lagður niður, en í hans stað á að koma ríkisverðlagsnefnd sú, sem um ræðir í 1. og 2. gr. þessa frv. Er gert ráð fyrir, að núverandi verðlagsnefndir verði aðeins ráðgefandi.

Í frumvarpinu eru ríkisverðlagsnefndinni gefnar ákveðnar meginreglur að starfa eftir, svipaðar því, sem tíðkast erlendis. Ætlazt er til, að nefndin hafi einnig með höndum ákvörðun farmgjalda, og eru í frumvarpinu ákveðnar allmiklar farmgjaldalækkanir á skömmtunarvörunum og nokkrum öðrum tilteknum vörum. Ekki er þó tilætlunin, að sú lækkun verði til þess, að farmgjöld á öðrum vörum verði hækkuð að sama skapi, heldur er gert ráð fyrir, að lækkunin sé greidd úr dýrtíðarsjóði, að svo miklu leyti, sem álitið er að skipafélögin geti ekki borið lækkunina af gróða áranna 1940 og 1941.

Um tollalækkunina (4.).

Lagt er til, að allir tollar á skömmtunarvörum og nokkrum öðrum vörum verði felldir niður. Auk þess munu þm. Alþýðuflokksins í sérstöku frumvarpi bera fram tillögur um breytingar á tollskránni til lækkunar.

Greinargerð hins fyrra dýrtíðarfrumvarps Alþýðuflokksins fylgdu útreikningar, sem sýndu, að ef tollalækkun þessi yrði framkvæmd, svo og sú lækkun á farmgjöldum og álagningu, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, mundu þær ráðstafanir einar nægja til þess að lækka vísitöluna um tæp 5 stig, og er þá aðeins tekin með hin beina lækkun vísitölunnar, en ekki hin óbeina. Var þetta miðað við verðlagið 1. október.

Þótt skipafélögin hefðu fengið fullar uppbætur fyrir farmgjaldalækkunina, hefði þessi lækkun vísitölunnar ekki þurft að kosta hið opinbera nema rúmlega 2,7 millj. króna, eða um 566 þús. kr. á hvert stig, sem vísitalan væri lækkuð. En vitanlega ættu skipafélögin að geta borið einhvern hluta þessa kostnaðar.

Um dýrtíðarsjóðinn (5. og 6.).

Dýrtíðarsjóði er fyrst og fremst ætlað að standa straum af útgjöldum til þess að koma í veg fyrir frekari hækkun vísitölunnar, ef hægt er.

Er gert ráð fyrir, að dýrtíðarsjóður fái yfir að ráða um 13 milljón króna tekjum miðað við 1 ár, auk hugsanlegra tekna af útflutningsgjaldi. Fylgdi sérstök áætlun um tekjur dýrtíðarsjóðs hinu fyrra frumvarpi, og vísast til þess.

Verði gengi íslenzku krónunnar hækkað, þykir hæpið að gera ráð fyrir mjög miklum tekjum af útflutningsgjaldi, en sjálfsagt þykir þó, að heimildin standi, ef um háar ísfiskssölur yrði að ræða.

Rétt þykir, að kostnaðurinn við gengishækkunina verði að einhverju leyti greiddur úr dýrtíðarsjóði. Er því gert ráð fyrir, að verja megi allt að 6 milljónum króna úr sjóðnum í þessu skyni. Má og benda á það, að þörfin til framlaga úr dýrtíðarsjóði verður miklu minni, ef gengið er hækkað.

Ef afgangur yrði af fé dýrtíðarsjóðs, skal það geymt til þess að mæta þeim erfiðleikum og atvinnuleysi, sem búast má við eftir stríð, og til þess að hefja nýjar framkvæmdir.

Um verðuppbætur til framleiðenda og birgðasöfnun (7. og 8.).

Loks eru í frumvarpinu ákvæði um verðuppbætur til þeirra framleiðenda, sem ekki geta selt afurðir sínar viðunandi verði vegna styrjaldarástandsins og um heimild fyrir ríkisstjórnina til birgðasöfnunar af nauðsynjavörum. Vísast um þetta til hinnar fyrri greinargerðar, svo og um önnur atriði frumvarpsins, sem ekki hefur verið drepið á hér.

Nánar í framsögu.

Nd. 18. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 51 12. febr. 1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Flm.: Finnur Jónsson, Emil Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Sölugengi erlends gjaldeyris skal vera kr. 22.15 — tuttugu og tvær krónur og fimmtán aurar — hvert sterlingspund og annarrar erlendrar myntar í samræmi við það.

Ef gengi sterlingspunds breytist þannig, að fleiri eða færri dollarar verði í sterlingspundi en 4.03, skal sölugengi erlends gjaldeyris ákveðast þannig, að sölugengi dollara verði kr. $\frac{22.15}{4.03}$ og sölugengi annars erlends gjaldeyris miðist við það.

2. gr.

Aftan við 1. gr. bætast 2 nýjar greinar, er verði 2. og 3. gr., svo hljóðandi:

a. (2. gr.). Til þess að bæta bönkunum upp þau töp, sem þeir kunna að bíða við það, að gjaldeyrisforði þeirra erlendis lækkar í íslenzkum krónum umfram það, sem erlendar skuldir þeirra lækka í íslenzkum krónum, skal gera eftirtaldar ráðstafanir:

1. Leggja skal sérstakan eignarskatt á árinu 1942 á eignaaukningu eignarskattsgjaldenda, sem orðið hefur á tímabilinu frá 1. jan. 1940 til 31. des. 1941 og nemur meiru en 75 þús. kr., enda eigi gjaldandi a. m. k. 75 þús. kr. skattskyldar eignir. Skatturinn skal nema 15% af því, sem eignaaukningin er umfram 75 þús. krónur. Skatturinn innheimtist með tekju- og eignarskatti, en ríkisstjórnin greiðir upphæðina til bankanna. Eignaaukning, sem stafar af arftöku eða vinningi í happdrætti Háskóla Íslands, er undanþegin skatti þessum. Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða fleiri en einn gjalddaga og að fresta innheimtu á nokkrum hluta skattsins til ársins 1943.
2. Ríkissjóður greiðir bönkunum upphæð, sem svarar til þess hagnaðar, er hann öðlast vegna gengishækkunarinnar, við það, að erlendar skuldir hans lækka í íslenzkum krónum.
3. Ríkissjóður greiðir bönkunum enn fremur þá fjárhæð, sem á kann að skorta, að upphæðir þær, sem í 1. og 2. lið greinir, nægi til þess að bæta bönkunum

90% af því tjóni, sem þeir verða fyrir vegna gengishækkunarinnar, en 10% af tjóninu beri bankarnir sjálfir.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða fjárhæð þessa með ríkisskuldabréfum, er greiðist upp á eigi skemmri tíma en 3 árum. Vextir af bréfum þessum séu hinir sömu og bankarnir fá að meðaltali af erlendum innstæðum á hverjum tíma.

b. (3. gr.). Meðan samningur um sölu og kaup á íslenzkum fiskafla, dags. 5. ágúst 1941, milli Íslands og Stóra-Bretlands er í gildi, skal ríkisstjórnin bæta framleiðendum þess fiskafla, sem seldur er með ákveðnu verði samkvæmt samningnum, það tjón, sem þeir verða fyrir vegna gengishækkunarinnar, enda sé við mat á tjóni þessu einnig tekið tillit til þess hagnaðar, sem þeir kunna að öðlast vegna hennar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og menn rekur minni til, var sumarið 1938 skipuð milliþinganefnd til þess að rannsaka hag og afkomu togaraútgerðarinnar og gera tillögur til viðreisnar henni. Rannsókn þessi sýndi mjög iskyggilega niðurstöðu. Árum saman hafði verið mjög lágt verð á fiski í markaðslöndum vorum, og voru þau einnig sumpart lokuð með mjög ströngum innflutningshöftum. Ofan á þetta bætist alveg óvenjulegt aflaleysi flest árin.

Rannsóknin leiddi í ljós, að þetta allt, ásamt verulegum ágöllum á stjórn ýmissa fyrirtækja, hafði valdið því, að árið 1938 var svo komið hag togaraútgerðarinnar, að algert hrun flestra stærri fyrirtækja blasti við, ef ríkisvaldið gerði ekki öflugar ráðstafanir til viðreisnar.

Nefndarmenn urðu ekki sammála um, hvaða leiðir væru heppilegastar í þeim efnum. Alþýðuflokkurinn hafði lagt fram tillögur á vorþinginu 1937. Þær miðuðu að því að styrkja þau togarafélögin, sem lífvænleg gætu talizt, en hin, sem ekki áttu fyrir skuldum, skyldi gera upp, steypa saman og endurreisa á nýjum grundvelli. Þessar tillögur fengu ekki nægilegt fylgi kjósenda við kosningarnar 1937, og var sýnt, að þær næðu ekki fram að ganga.

Fulltrúi Alþýðuflokksins í nefndinni, Haraldur Guðmundsson, lagði þar fram tillögur um tekjuöflun ríkissjóðs til þess að gera honum kleift að greiða útflutningsverðlaun til styrktar togaraútgerðinni. Þær tillögur voru felldar. Í nefndinni komu þá einnig fram tillögur um gengislækkun, en náðu eigi heldur meiri hluta. Eigi að síður varð það fljótt ljóst, að ráðamenn í Sjálfstæðis- og Framsóknarflokknum töldu gengislækkun hina einu færu leið til viðreisnar útgerðinni.

Allt til þessa tíma hafði gjaldeyrisafkoman verið mjög erfið. En er orðrómur kom upp um það, að til stæði að lækka gengi krónunnar, keyrði alveg um þverbak. Útflytjendur hættu að afhenda gjaldeyri til bankanna, í von um að græða á gengislækkuninni, og innflytjendur gátu því mjög lítinn erlendan gjaldeyri fengið. Varð það til þess að auka á erfiðleikana um innflutning, en birgðir voru mjög litlar í landinu.

Gengislækkunin var þá þegar af þeirri ástæðu óumflýjanleg, auk þess sem sýnt var, að hún var hin eina ráðstöfun til viðreisnar útgerðinni, sem nægilegt fylgi gat fengið hjá stjórnmálaflokkunum. En ef ekkert væri gert, var ekki annað framundan en hrun togarafélaganna og þar af leiðandi ægilegt atvinnuleysi.

Alþýðuflokkurinn hefur jafnan haldið því fram, að til gengislækkunar megi ekki grípa nema í ýtrustu nauðsyn, þegar aðrar leiðir reynast ófærar. Nú taldi hann, að eins og málum var komið, væri ekki um annað að ræða, ef ekki átti að skapast hreint vandræðaástand í landinu, stórfellt atvinnuleysi og jafnvel vöru-

skortur. Lausaskuldir bankanna við erlenda banka voru í apríl 1939 komnar yfir 14 millj. króna og fóru sívaxandi.

Enda þótt gera mætti ráð fyrir, að gengislækkunin mundi bitna allhart á fastlaunamönnum og smásparifjáreigendum, taldi Alþýðuflokkurinn ástandið orðið svo alvarlegt og svo mikið í húfi, einnig fyrir þessar stéttir, að ekki væri unnt að komast hjá gengislækkun.

Hann lagði því aðaláherzluna á það tvennt, að allt yrði gert, sem unnt væri til þess að koma í veg fyrir verðhækkun innanlands af völdum gengislækkunarinnar og að tryggja hinum lægst launuðu bætur, ef ekki reyndist samt sem áður unnt að halda verðlaginu niðri, en eins og kunnugt er, tókst það mjög vel allt fram til þess, er núverandi heimsstyrjöld hófst.

Síðan styrjöldin byrjaði, hefur allt viðhorf í gjaldeyris- og gengismálum þjóðarinnar gerbreytzt. Í stað þess, að lausaskuldir bankanna voru í apríl 1939, þegar gengið var lækkað, orðnar á 15. millj. kr., eins og fyrr segir, greiddust þessar skuldir brátt upp að fullu, og við eignuðumst álitlega gjaldeyrisvarasjóði erlendis, sem síðan hafa aukizt með hverjum mánuði. Í stað þess, að togaraútgerðin var komin alveg á vonarvöl, hefur hún grætt svo mjög síðan stríðið byrjaði, að þess eru engin dæmi áður. Hún hefur ekki aðeins getað greitt upp allar sínar skuldir, unnið upp öll töpin, heldur einnig getað safnað milljónasjóðum. Viðhorfið til útgerðarinnar er því allt annað en árið 1939.

Hin mikla aukning á gjaldeyrisforða þjóðarinnar leiddi þó ekki til þess, að gjaldeyrishagur okkar batnaði að sama skapi til þess að byrja með. Þar sem mestur hluti útflutningsins fór til Bretlands, skorti okkur mjög gjaldeyri til þess að kaupa með nauðsynjavörur frá Bandaríkjunum, en þaðan urðum við að fá mikið af nauðsynjavörunum, svo sem kornvörur o. fl. Við urðum því að vera upp á Breta komnir með gjaldeyri fyrir þessar vörur, og mun þetta m. a. hafa valdið því, að svo var um samið, að ekki mætti breyta gengi íslenzku krónunnar án þeirra samþykkis. Enda skuldbundu Bretar sig þá til þess að sjá okkur fyrir nauðsynlegum dollurum með föstu gengi.

Eitt af skilyrðum þeim, er ríkisstjórnin setti, er samningar voru gerðir um hervernd Bandaríkjanna, var, að réttur Breta samkvæmt eldri samningum til íhlutunar um gengisskráningu íslenzku krónunnar skyldi niður falla. Nú fyrir skömmu hefur samkvæmt opinberri tilkynningu ríkisstjórnarinnar verið gerður nýr samningur milli Íslands, Bandaríkjanna og Stóra-Bretlands. Í þessum samningi mun þessu skilyrði hafa verið fullnægt.

Einnig að þessu leyti hefur því skapazt nýtt viðhorf í gengismálinu og þar með í dýrtíðarmálunum.

Loks má geta þess, að samkvæmt samningum við áðurnefnd tvö ríki er allur umsaminn útflutningur til Stóra-Bretlands greiddur í dollurum, auk þeirra dollaraupphæða, sem við fáum vegna dvalar setuliðs Bandaríkjanna. Er því þess að vænta, að ekki verði lengur skortur á gjaldeyri til þess að kaupa vörur frá Bandaríkjunum.

Enginn vafi er á því, að gengishækkun mundi mjög áhrifarík ráðstöfun til þess að halda niðri dýrtíðinni, auk þess sem hún hefur þann kost, að hún er mjög auðveld í framkvæmd, en á framkvæmd flestra annarra dýrtíðarráðstafana eru verulegir örðugleikar.

Gengishækkunin mundi ekki aðeins lækka verðlag á erlendum vörum nú þegar, heldur einnig og ef til vill í enn ríkara mæli hafa áhrif til verðlækkunar smám saman á innlendum afurðum. Er það og einkar heppilegt til þess að vega á móti þeim verðhækkunum, sem munu smám saman verða á erlendum vörum.

Það hefur oftsinnis verið sýnt fram á það, að ein af aðalorsökum dýrtíðarinnar er hin mikla kaupmáttaraukning, sem orðið hefur í landinu vegna hins háa verðs á útflutningsvörunum. Í raun og veru er þetta hið sama og að ein af aðalorsökum dýrtíðarinnar sé lággengi íslenzku krónunnar. Ef hin venjulegu mark-

aðslögmál um framboð og eftirspurn á gjaldeyri hefðu ráðið, hefði sterlingspundið hlotið að falla í verði, en íslenzka krónan að hækka að sama skapi miðað við pundið. Gengi krónunnar hefur því í raun og veru verið haldið niðri af hinu opinbera, enda af ýmsum ástæðum ekki hægt annað en að hafa þetta skipulag á þessum málum. Hins vegar verður það að teljast mjög miður farið, að haldið var áfram allt of lengi að kaupa erlendan gjaldeyri fullu verði af útflytjendum, ótakmarkaðar upphæðir stríðsgróða, og yfirfæra þannig kaupgetu þeirra í íslenzkar krónur. Afleiðingin hefur orðið mikil aukning verðbólgunnar, auk þess sem bönkunum hefur verið sköpuð mikil áhætta með því og gengishækkun torvelduð.

Áhrif gengishækkunarinnar á dýrtíðina yrðu ekki aðeins bein, þannig að erlendar vörur lækkuðu í verði, heldur einnig óbein, við það að draga mundi úr hinni óeðlilegu kaupmáttaraukningu og verð á innlendum vörum mundi lækka við það, að framleiðslukostnaður minnkar, og til samræmis við útflutningsverðið á sömu vörum, þegar um slíkt er að ræða.

Auk þessara áhrifa má benda á það, að gengishækkun mundi mjög til öryggis og hagsbóta fyrir sparifjáreigendur, og mundi því örva fólk til sparnaðar, en það dregur aftur úr verðbólgunni óbeinlínis. Ein af ástæðunum til þess, að fólk sparar ekki nægilega mikið, en eyðir peningunum jafnóðum og það fær þá, er vantrúin á verðgildi peninganna og ótti um sílækkandi peningagildi. Vegna þessa ótta vill fólk koma peningunum í vörur eða fasteignir áður en verðgildi þeirra rýrnar á ný.

Það er því afar mikils virði, ef hægt er að skapa á ný trúna á gildi hins íslenzka verðmælis, auk þess sem það er réttlætiskrafa af hálfu sparifjáreigenda, að sparifé verði ekki gert að engu með síhækkandi verðlagi.

Er þá næst að athuga, hvort nokkrir þeir annmarkar séu á gengishækkun, sem geri hana óframkvæmanlega eða varhugaverða.

Áður var minnzt á hinn mikla gjaldeyrisforða bankanna. Ef gengið væri hækkað, mundu bankarnir verða fyrir meiri töpum en þeir gætu borið af eigin rammleik, þrátt fyrir góða afkomu þeirra undanfarið. Ríkissjóður yrði því að bæta bönkunum tapið af gengishækkuninni. En ekki þýðir að horfa í það. Ef halda ætti dýrtíðinni niðri með fjárframlögum úr ríkissjóði, hlyti það að kosta stórfé, og væri þó í mörgum tilfellum örðugt að tryggja það, að slík framlög kæmu að fullum notum. En framkvæmd gengishækkunarinnar er mjög auðveld, eins og fyrr var á drepið.

Það er erfitt að gera sér nákvæma grein fyrir því, hve mikið framlag ríkissjóðs þyrfti að vera til þess að bæta töp bankanna samkvæmt ákvæðum frv. Eftir þeim upplýsingum, sem flm. hafa getað aflað sér, virðist mega áætla, að útgjöld ríkissjóðs yrðu um 18 millj. króna, þ. e. kostnaðurinn við þær ráðstafanir, sem stæðu í sambandi við innieignir bankanna erlendis, og er þá tekið tillit til hagnaðarins (í íslenzkum krónum) á lækkun skulda ríkissjóðs og bankanna erlendis.

Til þess að gera ríkissjóði kleift að standast þessi útgjöld, leggja flm. til, að lagður verði á sérstakur stríðsgróðaskattur, og sé hann miðaður við eignaaukningu umfram 75 þúsund krónur frá ársbyrjun 1940. Sé skatturinn 15% af ofangreindri eignaaukningu.

Mestöll eignaaukning, sem kæmi undir þennan skatt, stafar af hreinum stríðsgróða, sem að verulegu leyti stafar af því, að bankarnir hafa keypt erlendan gjaldeyri of háu verði.

Samkvæmt uppgerð skattstofunnar jukust skattskyldar eignir í Reykjavík einni árið 1940 um 32,5 millj. kr. Þar sem þessi hækkun stafar ekki af hækkuðu eignamati, er langmestur hluti hennar hreinn stríðsgróði, enda mun megnið af honum skiptast á tiltölulega fá fyrirtæki og einstaklinga. Engin tök eru á því að gera sér grein fyrir eignaaukningunni árið 1941, en að athuguðum öllum fáanlegum upplýsingum, telja flm. ekki fjarri sanni, að hinn fyrirhugaði skattur mundi gefa í ríkissjóð um 8—10 millj. kr., eða um helming þess fjár, sem afla þyrfti. Rétt er jafn-

framt að benda á það, að gengishækkunin mundi raunverulega auka eignir þeirra, sem setið hafa að mestum stríðsgróðanum og eiga hann nú sem innstæður í bönkum eða í verðbréfum.

Þingmenn Alþýðuflokksins hafa einnig lagt fram á Alþingi frumvarp um dýrtíðarráðstafanir, og er þar gert ráð fyrir sérstökum dýrtíðarsjóði (sbr. einnig heimildir í núgildandi lögum um dýrtíðarráðstafanir, sem ekki hafa verið notaðar). Ef gengishækkun yrði samþykkt, væri þörfin til framlaga úr dýrtíðarsjóði fyrst um sinn miklu minni, og er því gert ráð fyrir, að dýrtíðarsjóður greiddi allt að 6 millj. króna af þeim útgjöldum, sem gengishækkunin hefði í för með sér fyrir ríkissjóð.

Það, sem á vantar, yrði ríkissjóður að leggja fram, og gert er ráð fyrir, að hann greiði upp skuld sína við bankana á 3 árum, en vitanlega mætti greiða hana á lengri tíma, ef hentara þætti.

Er þá komið að öðrum meginerfiðleikanum við gengishækkunina, en það er aðstaða nokkurs hluta útflytjendanna og þeirra, sem eiga afkomu sína beinlínis undir því verði, sem fæst fyrir útflutninginn.

Eins og kunnugt er, er í samningnum við Breta gert ráð fyrir föstu verði í pundum á þeim fiski og fiskafurðum, sem samningurinn nær til. Ef gengið væri hækkað, mundi þetta verð því hækka að sama skapi í íslenzkum krónum.

Þegar brezk-íslenzki samningurinn var gerður, mun vísitalan hafa verið um 160 stig, en nú er hún komin upp í 183. Hefur því aðstaða hlutarsjómanna og annarra, sem háðir eru hinu fasta verði samningsins, stórversnað, þar sem lífsnauðsynjar þeirra halda áfram að hækka í verði. Í raun og veru er sífellt verið að lækka kaup þeirra með aðgerðarleysinu í dýrtíðarmálunum og verðhækkunum á landbúnaðarafurðum, sem eiga drýgstan þáttinn í hinum síðustu hækkunum vísitölunnar. Það er því mjög í þágu þeirra, að vöxtur dýrtíðarinnar verði stöðvaður. En þar sem brezki samningurinn bindur verðið á fiskinum til júníloka 1942, er rétt að bæta þeim upp það tjón, sem þeir yrðu fyrir við gengishækkunina. Er því í frv. ákveðið að ríkisstjórnin skuli bæta það að fullu, að frádregnum þeim hagnaði, sem gengishækkunin hefur í för með sér einnig fyrir þessa aðila. Tækist að halda dýrtíðinni niðri og draga úr henni með gengishækkuninni, ættu þeir þá beinlínis að hagnast á gengishækkuninni, miðað við það, sem yrði, ef dýrtíðin héldi áfram að vaxa eins og hingað til.

Nánar í framsögu.

Nd. 19. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 86 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþykktir og lendingarsjóði.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Sýslunefndum er heimilt að gera samþykktir um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum og mótorbátum, með þeim takmörkunum og skilyrðum, sem nefnd eru í lögum þessum.

Bæjarstjórnum í kaupstöðum er og heimilt að gera samþykktir í þessu efni, hverri innan síns umdæmis, enda gilda öll ákvæði þessara laga um sýslunefndir og sýslufélög einnig um bæjarstjórnir og bæjarfélög.

2. gr.

Orðin „innan 60 smálesta“ í 6. gr. laganna (sbr. lög nr. 29 19. maí 1930) falla burt.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 29 19. maí 1930 og 1. gr. laga nr. 117 29. des. 1933.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 20. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 75 frá 21. júní 1921, um stimpilgjald.

Flm.: Þorst. Þorsteinsson.

1. gr.

14. gr. laganna orðist þannig:

Þeir, sem hafa á hendi stimplun skjala, skulu gæta þess, að hin stimpilskylda upphæð hvers skjals sé rétt tilgreind, og geta krafizt allra nauðsynlegra skýringa af hálfu þeirra, er stimplunar beiðast, og ákveða síðan gjaldið, framkvæma stimplunina og afhenda skjalið beiðanda. Þegar afsalsbréf eða leigusamningar greina ekki hina stimpilskyldu upphæð, ber að áætla hana það háa, að víst sé um það, að söluverð eða leiga hafi ekki hærra verið í raun og veru. Verð fasteigna undir slíkum kringumstæðum skal aldrei áætla lægra en tvöfalt fasteignamat hinnar seldu eignar. Ef gjaldandi er óánægður með ákvörðun gjaldsins, getur hann skotið því undir úrskurð stjórnarráðsins innan tveggja mánaða, en fylgja skal jafnan umsögn stimplunarmanns. Ef hlutaðeigandi vill eigi heldur una við úrskurð stjórnarráðsins, getur hann lagt málið undir dómstólana.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. nær samhljóða þessu frv. var flutt á síðasta Alþingi, en náði ekki afgreiðslu þar, var vísað til þriðju umræðu í efri deild. Fylgdi þá frv. greinargerð á þessa leið:

Gætt hefur nokkurs ósamræmis um ákvörðun stimpilgjalds við sölu fasteigna. Hafa ýmsir gjaldheimtumenn krafizt rækilegra skýrslna um söluverð, ef það hefur ekki verið tilgreint í kaupsamningi eða afsalsbréfi, og innheimt gjaldið samkvæmt því. Aðrir hafa ekki leitað skýrslna um söluverðið og aðeins krafizt stimpilgjalds af jafnhárri upphæð og hin selda eign var virt að fasteignamati, er söluverð var ekki tilgreint í hinu stimpilskylda bréfi. Nú þegar fasteignir eru seldar tvöföldu og þreföldu fasteignamatsverði, hverfa ríkissjóði verulegar tekjur, ef ekki er gengið ríkt eftir, að stimpilgjald sé greitt af hinu raunverulega söluverði. Kemur og slík aðferð oftast niður þeim til góðs, er sízt skyldi. Má varla lengur við svo búið standa. Rétt þótti að leggja nokkur viðurlög við, ef ekki er verð fasteigna ákveðið í sölubréfum þeirra, þótt þau verði lítil eins og nú er verðlagi háttað.

Ed. 21. Lög

um breyting á lögum nr. 86 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþykktir og lendingarsjóði.

(Afgreidd frá Ed. 27. febr.)

Samhljóða þskj. 19.

Ed. 22. Frumvarp til hafnarlaga

fyrir Neskaupstað.

Flm.: Ingvar Pálmason, Magnús Gíslason.

1. gr.

Til hafnargerðar í Neskaupstað veitist úr ríkissjóði ⅖ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 300000.00 — þrjú hundruð þúsund krónur — gegn ⅗ hlutum frá hafnarsjóði Neskaupstaðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 450000.00 — fjögur hundruð og fimmtíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Neskaupstaðar kann að fá til hafnargerðar. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð þessi er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldi sé falin manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Neskaupstaðar. Nú vill annar hvor málsaðila ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Neskaupstaðar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum hafnarnefndar Neskaupstaðar.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki bæjarstjórnar Neskaupstaðar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og önnur mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að taka það burt, án endurgjalds til eiganda.

6. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er bæjarstjórnin kýs á sama hátt og aðrar nefndir, eftir því sem bæjarstjórnarlögin og kosningalög mæla fyrir um. Svo er og um tölu hafnarnefndarmanna í og utan bæjarstjórnar.

8. gr.

Eignum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar.

Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og bæjarstjórnin hefur ábyrgð á eigum og fé hafnarinnar.

9. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land við höfnina, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á höfn Neskaupstaðar, og farmi þeirra:
   a. Lestargjald (hafnargjald).
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald frá skipum þeim, er nota festar hafnarinnar.

Gjöld þessi sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarnefnd Neskaupstaðar semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2. a. og b.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tollum þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd.

Þetta gjald sem og gjöldin samkvæmt 11. gr. má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Bæjarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu-

og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefur bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er á, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sér fara.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúarmánaðar, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á liðna árinu og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, er rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af bæjarstjórn Neskaupstaðar og flutt samkvæmt beiðni hennar á aðalþingi 1941, en varð þá ekki útrætt. Er frv. því nú flutt að nýju samkvæmt áskorun bæjarstjórnar Neskaupstaðar. Að öðru leyti vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frv. 1941. (Sjá 93. mál Ed., þskj. 164.)

Nd. 23. Frumvarp til laga

um framkvæmdasjóð ríkisins.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Eysteinn Jónsson, Skúli Guðmundsson, Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er heitir: **Framkvæmdasjóður ríkisins.** Hlutverk sjóðs þessa er að veita fé til nauðsynlegra framkvæmda í þarfir atvinnuveganna, að styrjöldinni lokinni.

2. gr.

Ríkissjóður skal greiða til framkvæmdasjóðs ríkisins ⅗ hluta þess tekjuafgangs, sem verður á rekstrarreikningi árið 1941. Árið 1942 greiði ríkissjóður til sjóðsins ⅗ hluta tekjuafgangs, en þó aldrei lægri upphæð en 6 milljónir króna. Fé sjóðsins skal geymt í Landsbanka Íslands.

3. gr.

Sameinað Alþingi kýs 5 manna nefnd til þess að hafa umsjón með sjóðnum, og skal nefndin gera tillögur til Alþingis um fjárveitingar úr honum.

4. gr.

Rekstrarreikning sjóðsins, svo og efnahagsyfirlit, skal birta með ríkisreikningi ár hvert.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á aukaþinginu í haust. Fylgdi því þá allýtarleg greinargerð. Vísast til hennar um ástæður fyrir frv.

Nd. 24. Frumvarp til laga

um lendingarbætur á Stokkseyri.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Bjarni Bjarnason.

1. gr.

Til lendingarbóta á Stokkseyri skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðuneytið hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 100 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Stokkseyrar að jafnri tiltölu og lendingarsjóður Stokkseyrar leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 100 þús. kr. lán, er hreppsnefnd Stokkseyrar kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Eigendur Stokkseyrartorfu leggja fram, endurgjaldslaust, nauðsynlegt land til lendingarbótanna, uppsáturs, íveru- og fiskhúsa, allt að 20 þús. fermetrum, svo og land undir brautir og vegi, er nauðsynlegir kunna að þykja, enn fremur grjót, möl og önnur jarðefni, og þola bótalaust þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni eða lendingarbótunum, eftir því, er nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta, né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki hreppsnefndar Stokkseyrar komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum, 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa 3 menn, er hreppsnefnd Stokkseyrar kýs. Skulu þeir kosnir til fjögurra ára. Þegar nýjar hreppsnefndarkosningar hafa farið fram, skal kjósa hafnarnefnd.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Stokkseyrar ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir né taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán, og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna, svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Stokkseyrar allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða á Stokkseyri, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Stokkseyrarhafnar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkv. 12. gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðsins að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykkis.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Stokkseyrar semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, skipagjöld og báta og bryggjugjöld og fleira, er þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Eignir núverandi lendingarsjóðs Stokkseyrar renna í hinn nýja lendingarsjóð, enda tekur hann að sér ábyrgð á skuldum hins.

14. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Umboð núverandi hafnarnefndar Stokkseyrar gildir unz nýjar hreppsnefndarkosningar á Stokkseyri hafa farið fram. Að þeim afstöðnum skal fara um kosningu hafnarnefndar eins og segir í 5. gr. þessara laga.

Greinargerð.

Um langt skeið hefur verið mikið útræði á Stokkseyri. Er skammt þaðan á fiskimið og að því leyti góð aðstaða til sjósóknar. En þó að þessi staður sé að þessu leyti hagstæður, þá er innsigling á Stokkseyri mjög ótrygg og hættusöm. Um mörg ár hefur verið unnið að því að bæta innsiglinguna, og hefur talsverð bót orðið við það, en til þess að gera innsiglinguna sæmilega örugga, þarf enn miklar umbætur.

Af hálfu vitamálastjórnarinnar hafa farið fram allmiklar athuganir á innsiglingunni. Leiða þær í ljós, að allmikið fé þarf til þessa mannvirkis. Nú ber Stokkseyringum að sjá um fjárframlög til lendingarbótanna til jafns við ríkissjóð. Til þess að þeim verði það mögulegt, þurfa þeir að eiga vísar tekjur af höfninni. En ekki getur það talizt tryggt nema hafa stuðning í lögum til fjárheimtunnar. Þeim er því mikil nauðsyn á að fá lagasetning um þetta efni.

Ákvæði þessa frv. eru í höfuðatriðum eins og í gildandi lögum um sams konar mannvirki.

Nd. 25. Frumvarp til laga

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Pálmi Hannesson.

1. gr.

1. Tölul. C. 9. í 2. gr. laganna orðist svo:
   Sauðárkróksvegur: Frá Sauðárkróki um Varmahlíð að Goðdölum.
2. Á eftir tölulið C. 10. í sömu lagagr. kemur nýr tölul., sem verður 11. tölul., svo hljóðandi:
   Hegranesbraut: Frá Hofsósvegi á Garðsás fram Hegranes að Eyhildarholti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frá Sauðárkróki eru um 65 km til fremstu bæja í Skagafirði vestanverðum. Á þessu svæði eru fjölbyggðar sveitir með margsettri bæjaröð og mikilli flutningaþörf, meðal annars fyrir þá sök, að allmargir bændur á þessu svæði selja mjólk til mjólkursamlagsins á Sauðárkróki, og geta þó færri en vilja vegna vegleysis. — Sauðárkróksvegur liggur fram héraðið, en aðeins yzti hluti hans, frá Sauðárkróki að Varmahlíð, telst ríkisvegur, og hefur eigi fengizt til þessa sú leiðrétting, sem telja má sjálfsagða, en hún er sú, að vegurinn allur til Goðdala verði tekinn í tölu þjóðvega, eins og farið er fram á í frv. þessu.

Nú þykir bændum þeim, er búa í framsveitum héraðsins, allþungt að búa undir þeim órétti, er þeir telja sér sýndan í vegamálunum, og hafa þeir, undantekningarlaust að kalla, sent Alþingi áskorun um að gera þeim jafnleikið við aðra, og er það sanngirnismál. Sýslunefnd Skagfirðinga hefur og samþykkt einróma áskorun um þetta og sýslumaður þeirra lagt fast með málinu. Er þess því mjög að vænta, að frv. þetta nái fram að ganga.

Hin breytingin á vegalögunum, sem hér er ráðgerð, er að gera veginn fram Hegranesið, frá Garði að Eyhildarholti, að þjóðvegi. Vegur þessi er nú sýsluvegur. Er búið að bæta veginn mikið fram Hegranesið. Kaflar vegarins eru fullgerðir, en aðrir aðeins lagfærðir, svo að bílfært er að sumarlagi. Bændur í Hegranesi hafa lagt mikið fé til þessa vegar. Mun láta nærri, að hvert býli í hreppnum hafi lagt eitt þúsund krónur til vegarins. Það er nú ofraun bæði sýslufélaginu og hreppsfélaginu að fullgera þennan veg og annast viðhald hans. Þess vegna er farið fram á, að vegurinn verði gerður að þjóðvegi.

Ed. 26. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Vill minni hlutinn (SÁÓ) fella frv., en meiri hlutinn (IngP og MG) samþykkja frv. óbreytt, af þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í greinargerð fyrir frv.

Alþingi, 3. marz 1942.

Magnús Gíslason, frsm. Ingvar Pálmason, fundaskr.

Nd. 27. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við l. nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. marz 1942.

Sveinbjörn Högnason, form. Jón Pálmason, fundaskr. Skúli Guðmundsson, frsm.

H. Guðmundsson. St. Stefánsson.

Ed. 28. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Með lögum nr. 74 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt, er svo ákveðið í 23. gr. nefndra laga, að með tilskipun megi breyta skipan niðurjöfnunarnefndar í Reykjavík. Í þeim sömu lögum er ákveðið, að bæjarstjórar í kaupstöðum, þar sem þeir eru, skuli vera formenn skattanefnda. Í lögum um útsvör, nr. 46 15. júní 1926, er svo ákveðið í 17. gr., að formenn skattanefnda í kaupstöðum skuli vera formenn

niðurjöfnunarnefndar, í Reykjavík skattstjóri, en sú skipan mun hafa komizt á 1923 samkvæmt heimild í lögum frá 1921. Með breytingu á útsvarslögunum 1936 eru þessi ákvæði óbreytt og hafa gilt fram á þennan dag. Með þessu er sannað, að sú stefna hefur haldizt á Alþingi um áratugi, að formenn skattanefnda skuli einnig vera formenn niðurjöfnunarnefnda, og í Reykjavík er skattstjóri með sama starfssvið og formenn skattanefnda í öðrum kaupstöðum og því kjörinn formaður niðurjöfnunarnefndar í Reykjavík. Það hefur ávallt verið talið heppilegt fyrirkomulag, að embættismaður væri formaður niðurjöfnunarnefndar. Maður, sem væri óháður meirihlutavaldi bæjarstjórnar um kosningu sína og starf, og því að vænta, að meiri festa og samræmi skapist í útsvarsálagningunni. Þá er það ekki þýðingarminnst, að skattstjórinn er sá maður, sem gleggstan kunnugleika hefur á efnum og ástæðum borgaranna, meðal annars sökum skattaframtalanna og náinnar viðkynningar við skattborgarana út af kærum og leiðréttingum á skattaframtölum. Undirritaður minni hluti er því mótfallinn þeirri stefnubreytingu, sem fram kemur í frumvarpinu, að bæjarstjórn kjósi alla niðurjöfnunarnefndina, 5 menn, og þar með að útiloka að miklu leyti þá þekkingu á högum manna, sem skattstjóri á hverjum tíma hlýtur að afla sér. Um leið er skapað meira flokkssjónarmið um ákvörðun útsvaranna, sem ekki eru með öllu óþekkt úr sögu Reykjavíkurbæjar.

Minni hlutinn leggur til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 3. marz 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson.

Nd. 29. Frumvarp til laga

um skipti á jörðunum Laxárdal og Ymjabergi í Skógarstrandarhreppi og ¾ hlutum Stóru-Sandvíkur í Sandvíkurhreppi.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Gísli Sveinsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að hafa jarðaskipti, án milligjafar, á kirkjujörðunum Laxárdal og Ymjabergi, báðum í Skógarstrandarhreppi í Snæfellsnessýslu, og ¾ hlutum jarðarinnar Stóru-Sandvíkur í Sandvíkurhreppi í Árnessýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Stefán Björnsson, sparisjóðsgjaldkeri í Keflavík, hefur skrifað dómsmálaráðuneytinu og óskað þess að fá skipt á ¾ hlutum Stóru-Sandvíkur í Árnessýslu og kirkjujörðunum Laxárdal og Ymjabergi í Skógarstrandarhreppi í Snæfellsnessýslu.

Um nokkurt skeið hefur Stefán Björnsson dvalið við Laxá í Skógarstrandarhreppi á hvíldartímum sínum á sumrin. Hefur hann þá haft sér til skemmtunar að veiða með stöng í Laxá. Dálítil veiði er í ánni. Stefán kýs heldur að eiga þessar jarðir, er báðar liggja að ánni, og þess vegna skrifaði hann ráðuneytinu. Ráðuneytið tók erindi Stefáns vingjarnlega, en taldi sig ekki geta haft jarðaskiptin án lagaheimildar. Hvað verðmæti þessara jarða áhrærir, er það að segja, að ¾ hlutar Stóru-Sandvíkur eru mun hærra metnir en hinar jarðirnar báðar. Í gildandi fasteignamati er landverð

Ymjabergs ásamt verði húsa, er jörðinni fylgja	kr.	2800.00
og Laxárdals	—	2600.00
Samtals	kr.	5400.00
en ¾ landverðs Stóru-Sandvíkur eftir sama mati	—	6750.00

(Landverð jarðarinnar allt 9000 kr.)

Samkvæmt þessu mati eru ¾ hlutar lands Stóru-Sandvíkur metnir 1350 kr. hærra en hinar jarðirnar báðar til samans, að meðtöldu því húsaverði, er þeim báðum fylgir. En samkvæmt tillögum undirfasteignamatsnefnda til fasteignamats þess, sem nú er verið að vinna að, er lagt til, að landverð Laxárdals og Ymjabergs, ásamt verði þeirra húsa, er jörðunum fylgja, verði ákveðið samtals kr. 5400, en ¾ hlutar landverðs Stóru-Sandvíkur ca. 9000 kr. (Landverðið allt 12100 kr.)

Stefán Björnsson hagnast því ekki á þessum skiptum, enda gengur honum ábótavonin ekki til, en kirkjujarðasjóður hagnast hins vegar á skiptunum. Er því ástæðulaust annað en taka þessari málaleitan Stefáns Björnssonar vel.

Nd. 30. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

1. Framan við frvgr. kemur nýr liður:
   I. Á eftir B. 5. í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
   Kleifavegur: Frá Borgarfjarðarbraut hjá Kláffossbrú að Litlu-Þverá.
2. Frumvarpsgreinin verður II. liður.

Nd. 31. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

Flm.: Pálmi Hannesson, Jón Pálmason, Stefán Stefánsson, Skúli Guðmundsson, Steingrímur Steinþórsson, Gísli Guðmundsson, Garðar Þorsteinsson.

1. gr.

Fyrsta málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Innan íslenzkrar landhelgi, á svæðinu frá Geirólfsgnúpi á Ströndum austur um land að Bjarnarey norður af Héraðsflóa, skulu veiðar með dragnótum bannaðar á tímabilinu frá 1. janúar til 30. júní og frá 1. september til 31. desember ár hvert, og á svæðinu frá Bjarnarey sunnan um land að Geirólfsgnúpi frá 1. janúar til 15. maí og frá 1. til 31. desember. Einnig eru dragnótaveiðar á skipum, sem eru að stærð 35 smálestir brúttó eða meira, bannaðar allt árið.

Heimilt er sýslunefnd eða bæjarstjórn, með samþykkt, er birta skal í Lögbirtingablaðinu, að banna með öllu dragnótaveiðar innan afmarkaðra, löggiltra hafnarsvæða í viðkomandi héraði.

2. gr.

Á eftir orðunum „möskvastærð dragnóta“ í 8. gr. laganna bætist: lengd dráttarlína.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 26 12. febrúar 1940, um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta reglulegu Alþingi fluttu þm. þeir úr Norðlendingafjórðungi, sem sæti áttu í Nd., frv. um sama efni og þetta. Var þar ákveðið að banna dragnótaveiðar í íslenzkri landhelgi á tímabilinu frá 1. september til 1. júní En við meðferð málsins var því mjög haldið upp, að slíkt bann mundi ganga nærri hagsmunum útgerðarmanna á Austurlandi og Vestfjörðum, einkum fyrir þá sök, að þar hefur tundurduflum verið lagt úti á djúpmiðum. Með tilliti til þessa er því í þessu frv. látið að mestu sitja við sama og verið hefur um dragnótaveiði fyrir öðrum landshlutum en Norðurlandi, og er það von flutningsmanna, að nú muni frv. ná fram að ganga, er þessir agnúar hafa verið af því sorfnir.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frv. því, er flutt var um þetta efni á síðasta reglulegu þingi og áður getur.

Ed. 32. Frumvarp til laga

um íþróttaskóla Íslands.

Flm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Skólinn heitir íþróttaskóli Íslands. Heimili hans er að Laugarvatni.

2. gr.

Verksvið skólans er að búa íslenzka íþróttakennara og íþróttamenn undir alhliða íþróttakennslu og til þátttöku í þeim íþróttum, sem skilyrði eru til að stunda á Íslandi, þannig að notuð sé til fulls nútímatækni í hverri grein.

3. gr.

Námsgreinar skólans skulu vera sem hér segir:

Íslenzka og íslenzk bókmenntafræði, heilsufræði, leikfimifræði, leikfimi, sund, íslenzk glíma, skauta- og skíðafimi, sigling, róður og margs konar knattleikir. Um nánara fyrirkomulag kennslunnar skal ákveðið í reglugerð.

4. gr.

Kennsluár íþróttaskóla Íslands eru 9 mánuðir, frá októberbyrjun til júníloka. Þar skulu vera starfræktar tvær ársdeildir. Önnur fyrir íþróttakennara, sem einir hafa rétt til starfa við ríkisskólana, en hin fyrir áhugamenn í íþróttum og fyrir væntanlega íþróttaleiðtoga, er starfa við ýmiss konar frjálsan íþróttafélagsskap. Auk þess má starfrækja í íþróttaskóla Íslands íþróttanámskeið um lengri eða skemmri tíma, eftir því sem skólanefnd ákveður og fé er veitt til í fjárlögum.

5. gr.

Um námskröfur allar, hvert skilyrði um inngöngu í skólann og burtfararpróf, skulu sett ákvæði í reglugerð.

6. gr.

Íþróttaskóli Íslands skal starfræktur á kostnað ríkisins. Heimilt er kennslumálaráðuneytinu, í samráði við skólanefnd, að ákveða kennslugjald fyrir nemendur.

7. gr.

Þriggja manna nefnd stjórnar skólanum, undir yfirstjórn fræðslumálastjóra og kennslumálaráðuneytisins. Í skólanefnd eiga sæti skólastjóri héraðsskólans á Laugarvatni, læknir skólans og íþróttafulltrúi ríkisins, og er hann formaður skólanefndar.

8. gr.

Ráða má þrjá fasta starfsmenn við íþróttaskólann, skólastjóra og tvo fasta kennara. Skulu þessir starfsmenn skólans hafa aflað sér þeirrar menntunar í heilsufræði og íþróttum, sem Íslendingar geta bezta fengið á hverjum tíma. Skólastjóri og kennarar íþróttaskólans njóta sömu launakjara og hliðstæðir starfsmenn við kennaraskóla Íslands.

Aukakennara og tímakennara getur skólastjóri ráðið, með samþykki skólanefndar, eftir því sem fé er heimilað í fjárlögum.

9. gr.

Um ráðningu og uppsögn skólastjóra og fastra kennara við íþróttaskólann skulu gilda sömu ákvæði og um hliðstæð störf unnin við héraðsskólann á Laugarvatni, þó með þeim mismun, að til þess að ná ráðningu við skólann þarf samþykki allrar skólanefndar og kennslumálaráðherra, en til þess að uppsögn sé lögleg þarf meiri hluta skólanefndar og kennslumálastjórnarinnar.

10. gr.

Áður en ríkið leggur fram fé til nauðsynlegra húsakynna, íþróttavalla og íþróttatækja skólanum til handa, skal kennslumálaráðuneytið hafa gert samning við skólanefnd héraðsskólans á Laugarvatni um alla aðstöðu íþróttaskólans á Laugarvatni, um leiguafnot af landi og náttúrugæðum, um skiptingu á kostnaði við sameiginleg afnot húsa og íþróttatækja, sem báðir skólarnir nota við daglegan rekstur. Sáttmála þennan skal taka til endurskoðunar fimmta hvert ár. Nú verða aðilar ekki ásáttir um skipti sín, og skal þá þriggja manna nefnd leggja á fullnaðarúrskurð, sem er bindandi um næstu fimm ár. Í þeim gerðardómi eiga sæti formaður skólanefndar héraðsskólans á Laugarvatni, íþróttafulltrúi ríkisins og formaður, sem er tilnefndur af forseta sameinaðs Alþingis.

11. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað. Með þeim eru felld úr gildi eldri lagaboð, sem ekki samrýmast þessum lögum.

Greinargerð.

Fyrir tíu árum var stofnsettur að Laugarvatni vísir að íslenzkum íþróttaskóla. Þessi stofnun hefur áunnið sér traust og virðingu dómbærra íþróttamanna og áhugamanna um íþróttamálefni. Nú er tími til að efla þessa stofnun til mikilla muna, svo að hún samsvari kröfum hinnar sívaxandi íþróttaþróunar hér á landi. Íþróttalög þau, sem Alþingi hefur nýlega samþykkt, gera nauðsynlega eflingu íþróttakennslunnar í landinu.

Flestar merkar nýjungar eru tengdar við lífsbaráttu merkra áhugamanna. Svo er og um íþróttaskólann að Laugarvatni. Hann er fyrst og fremst sprottinn af áhuga og fórnfýsi eins hins merkasta af íþróttafrömuðum landsins, Björns Jakobssonar.

Þegar hafizt var handa um hina litlu byrjun að íþróttaskóla á Laugarvatni, var Björn Jakobsson íþróttakennari við menntaskólann í Reykjavík, en það starf var þá talið mesta virðingarstaða í íþróttamálefnum landsins. Björn Jakobsson gegndi þar

fastri adjunktsstöðu, þetur launaðri en nokkurt annað íþróttastarf á landinu. Því fylgdi meira að segja eins konar eftirlaunaréttur, en slíkt var þá óþekkt að því er snerti þess háttar störf.

Björn Jakobsson hafði gegnt þessu starfi um allmörg ár. Hann hafði í æsku stundað íþróttanám með mikilli elju í mörgum löndum. Eftir að hann fékk viðunandi laun við menntaskólann, dvaldi hann nálega alltaf í sumarleyfum sínum erlendis. Hann notaði ekki tímann til gagnslausra dægradvala, heldur fyrst og fremst til framhaldsnáms í íþróttum. Heima fyrir gerði hann sífelldar tilraunir í þá átt að fullkomna sitt eigið leikfimikerfi. Hann lét verkin tala. Ár eftir ár fór hann með úrvals leikfimiflokka sína til framandi landa og sýndi íslenzka íþróttamennt. Hann fór víða um Norðurlönd, til Frakklands og Englands. Hann hlaut hvarvetna mikla viðurkenningu og mesta frá þeim, sem bezt vit höfðu á leikfimi. Það er enginn vafi á því, að ef Björn Jakobsson hefði átt heima í stóru landi, mundi kvenleikfimi hans nú vera þekkt og dáð um allan heim, þar sem íþróttir eru stundaðar.

Ástæðan til hins mikla gengis Björns Jakobssonar var sú, hve vel hann var fær í starfi sínu. Hann vissi allt, sem vert var að vita um leikfimi samtíðarinnar. Hann hafði bjargfasta trú á gildi íþrótta, og hann einbeitti allri orku sinni til að finna hið fegursta samræmi í hreyfingum þeirra íþróttamanna, sem hann mótaði.

Björn Jakobsson hafði það, sem kallað var ágætt embætti, við menntaskólann. Hann hafði hlotið mikla viðurkenningu utan lands og innan fyrir leikflokka sína. En þetta fullnægði honum ekki. Hann vildi grunnmúra íslenzkt íþróttalíf tryggilega og fyrir langa framtíð. En til þess þurfti hann að byrja starf sitt að nýju og á nýjum grundvelli.

Björn Jakobsson sagði upp sinni góðu stöðu við menntaskólann og hvarf frá sínum prýðilegu og vel æfðu íþróttaflokkum í höfuðstaðnum. Hann gerðist landnemi við hinn unga héraðsskóla á Laugarvatni. Björn stofnsetti þar kennaradeild fyrir íslenzka leikfimikennara. Alþingi veitti lítilfjörlegan byrjunarstyrk til kennslunnar, en húsnæði og alla ytri aðstöðu varð hann að fá lánaða hjá héraðsskólanum á Laugarvatni.

Ástæðan til þess, að Björn Jakobsson settist að á Laugarvatni, var hin óvenjulega hagstæðu náttúruskilyrði, sem eru á þeim stað til íþróttaiðkana, bæði á vetrartíma og að sumarlagi. En auk þess vildi svo til, að skólastjórinn á Laugarvatni, Bjarni Bjarnason, var einn af helztu íþróttafrömuðum landsins, kunnur glímumaður og lærður íþróttakennari. Skóli Björns Jakobssonar átti hauk í horni, þar sem var skólastjórinn á Laugarvatni.

Nemendur í íþróttaskólanum voru að jafnaði 6—8, bæði karlar og konur. Sumir nemendur höfðu áður lokið kennaraprófi, en aðrir voru áhugamenn um íþróttir eða ætluðu sér að kenna í skólum eða félögum. Björn lagði hina mestu stund á að kenna þessum litla nemendahópi sem allra bezt margs konar íþróttir. En hann las auk þess með þeim á kvöldin erlend íþróttarit og kennslubækur, kenndi þeim að gera vandaða og skipulega tímaseðla og lét sér í stuttu máli annt um hvern lærisvein, eins og væri honum ætlað að bera hinn nýja fagnaðarboðskap vaknandi íþróttalífs út um allt land.

Birni Jakobssyni hefur orðið að ósk sinni: Lærisveinar hans kenna nú hina fáguðu leikfimi hans út um allt land, alls staðar þar, sem nokkur skilyrði eru til að stunda líkamsmennt við þolanlega aðstöðu.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er samið eftir tillögum Björns Jakobssonar, Bjarna Bjarnasonar skólastjóra og Þorsteins Einarssonar íþróttafulltrúa. Það er byggt á reynslu þessara manna. Íþróttafulltrúanum er það ljóst, að hin nýja löggjöf um íþróttamálefni landsins getur ekki komið nema að hálfum notum, ef ekki er til í landinu tiltölulega fullkomin kennslustofnun, þar sem æskumenn landsins geti numið rétt allar þær íþróttir, sem unnt er að stunda á Íslandi, ef tekið er tillit til landshátta og þjóðhátta. Og það er ekki nóg að geta numið íþróttirnar rétt. Þeir, sem kenna tilvonandi íþróttaleiðtogum landsins, þurfa að hafa svo fullkomna þekkingu á heilsu-

fræði, að nemendur þeirra geti verið að verulegu leyti ábyrgir um afleiðingar fyrirskipaðra æfinga.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar frumv.

Staður fyrir skólann var valinn fyrir 10 árum, sökum þess hve óvenju fjölbreytt skilyrði eru til íþróttaiðkana á Laugarvatni, bæði um vetur og sumar. Það er ávinningur fyrir íþróttaskólann að geta haft aðgang að íþróttahúsi og sundlaug héraðsskólans, og nemendur fengið æfingu við að stýra að nokkru leyti íþróttaæfingum í fjölmennum skóla. Auk þess má gera ráð fyrir, að dvölin á Laugarvatni verði að öllum jafnaði allt að helmingi ódýrari en í fjölmennum kaupstað.

Takmark skólans er, að þar megi nema allar þær íþróttir, sem skilyrði eru til að stunda hér á landi. Íþróttaskólinn þarf að starfa í tveim deildum, auk þess sem þar munu verða haldin stutt námskeið. Annars vegar þarf skólinn að geta veitt væntanlegum kennurum við ríkisskólana þann undirbúning, sem þeir þurfa við starf sitt, en á því hefur að vonum verið misbrestur fram að þessu. Hafa margir íslenzkir kennarar leitað sér framhaldsnáms í íþróttum víða erlendis. Hafa þannig borizt hingað til lands margs konar aðferðir og mjög sundurleitar. Hefur þetta orðið til þess að skapa festuleysi og rugling í hinni nývöknuðu íþróttahreyfingu í landinu. En jafnhliða þessu þarf skólinn að sjá fyrir heppilegu námi til handa úrvals íþróttamönnum, sem vilja ná fullkominni tækni í íþróttum, og auk þess sérstaklega að búa áhugamenn, sem ekki hafa stundað kennarafræði, undir að verða leiðbeinendur um íþróttaiðkanir í margháttuðum frjálsum félagsskap.

Íþróttaskólinn verður að vera ríkisstofnun. Komið getur til mála að taka nokkurt kennslugjald, en það mundi ekki nema að litlu leyti nægja til framdráttar skólanum. Hingað til hefur héraðsskólinn á Laugarvatni, án sérstaks endurgjalds fyrir hús eða aðstöðu, skotið skjólshúsi yfir íþróttakennaraefnin. Til lengdar fullnægir það ekki. Innan tíðar mundi verða að byggja heimavist fyrir nemendur og eitt eða tvö kennsluherbergi.

Gert er ráð fyrir, að skólinn þurfi þrjá fasta starfsmenn. Mest þörf er á að bæta við kennara með fjölþætta æfingu í frjálsum útiíþróttum og konu til að kenna ýmsar íþróttir, sem henta konum sérstaklega. Þar sem hér er um að ræða viðbót við kennaraskólann, þykir eðlilegt að miða laun við þessa deild við launagreiðslur kennaraskólans.

Í heimavistarskóla í sveit — og ekki síður í hverfi margra heimavistarskóla, eins og væntanlega verður á Laugarvatni, — er mjög óþægilegt að hafa nokkurn starfsmann ráðinn með lífstíðarsamningi. Einn óheppilegur starfsmaður á slíkum stað getur haft mjög óþægileg áhrif á allt samlíf í skólaheimilinu. Þess vegna er svo um mælt í lögum um héraðsskóla, að enginn starfsmaður er bundinn með varanlegum samningi. Hér er fylgt hinu sama skipulagi um væntanlegan íþróttaskóla. Auk þess er gert ráð fyrir sérstökum aðgerðum til að hindra árekstra milli forráðamanna héraðsskólans og íþróttaskólans, og mun mega kalla, að með þeim fyrirmælum eigi að vera girt fyrir erfiða sambúð til langframa. Héraðsskólinn á Laugarvatni er eigandi lands og náttúrugæða á skólastaðnum, þannig að væntanlegur húsmæðraskóli og íþróttaskólinn þurfa að fá tryggð réttindi með samningum, án þess þó, að rofin sé eining sú, sem tryggir varanlega góða sambúð í margskiptu skólahverfi.

Með þeim aðgerðum, sem hér eru ráðgerðar, mundi íslenzkt íþróttalíf fá í fyrsta sinn í sögu þjóðarinnar þann stuðning, sem með þarf til þess, að íslenzkir íþróttamenn hafi nokkurn veginn jafna aðstöðu við samtíðarmenn sína í nágrannalöndunum.

Ed. 33. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 78 27. júní 1941, um breyting á lögum um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Í Háskóla Íslands skulu vera 6 deildir: guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, hagfræðideild, heimspekideild og atvinnudeild.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný gr., sem verður 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Í stað „5“ í 4. gr. laganna kemur: 6.

3. gr.

Aftan við 2. gr. laganna, sem verður 3. gr., bætist:

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. má hver karl eða kona, þótt ekki hafi lokið stúdentsprófi, setjast í heimspekideild og ljúka prófi í forspjallsvísindum og enn fremur stunda nám í hagfræðideild eða guðfræðideild og ljúka þar prófi, ef nemandinn fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

1. er fullra 18 ára að aldri;
2. stenzt inntökupróf, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð, er háskólinn setur og kennslumálaráðherra staðfestir;
3. hefur óflekkað mannorð;
4. greiðir lögboðið skrásetningargjald.

Nemendur þeir, sem ganga inn í háskólann með sérstöku inntökuprófi, hafa að öllu sömu skyldur og njóta að öllu sömu réttinda sem væru þeir skrásettir stúdentar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að komið verði á þeim breytingum við Háskóla Íslands, að aðskilið verði laga- og hagfræðinám. Við það verða deildir háskólans 6, í stað 5 áður.

Jafnframt gerir það ráð fyrir því, að taka megi aðra en stúdenta sem nemendur í hagfræði- og guðfræðideild, enda sé sannprófað með inntökuprófi, að þeir hafi tileinkað sér þá undirbúningsmenntun, er teljast verður nauðsynleg til þess, að þeir geti haft námsins not.

Á síðasta aðalþingi var mál þetta töluvert rætt, og virtust flestir sammála um, að rétt væri að veita öðrum en stúdentum aðgang að hagfræði- og viðskiptanámi, og má hér nægja að vitna í þær umræður og þau gögn, sem þá voru lögð fram í málinu.

Nánar í framsögu.

Nd. 34. Frumvarp til laga

um rafveitur ríkisins.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Bjarni Bjarnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn og starfrækja rafveitur, er vera skulu eign ríkisins og reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki, með sérstöku reikningshaldi, undir umsjón atvinnumálaráðuneytisins. Stofnunin skal heita: Rafveitur ríkisins.

2. gr.

Rafveitur ríkisins skulu hafa það verkefni að afla almenningi í landinu raforku með því að vinna hana sjálfar, kaupa eða taka við henni frá orkuverum eða öðrum orkuveitum, veita orkunni um hreppa, sýslur eða stærri landshluta og selja hana eða afhenda raforkuveitum í kaupstöðum, kauptúnum eða öðrum innanhéraðs orkuveitum eða orkuveitufélögum, er stofnuð eru til þess að taka við orkunni og veita henni til neytenda innan héraðs eða á félagssvæði.

Rafveitur ríkisins geta einnig gerzt meðeigandi í orkuverum og orkuveitum annarra eða tekið þær á leigu og starfrækt þær, eða tekið þátt í starfrækslu þeirra eftir sérstökum samningi. Rafveitum ríkisins er heimilt að selja raforku beint til neytenda á þeim stöðum, þar sem innanhéraðsorkuveita eða orkuveitufélag er ekki til, eða annars staðar með samþykki innanhéraðsveitunnar eða orkuveitufélags.

3. gr.

Til þess að hafa á hendi forstöðu fyrir rafveitum ríkisins skal atvinnumálaráðherra skipa framkvæmdarstjóra, er vera skal rafmagnsverkfræðingur, og kallast hann rafveitustjóri ríkisins. Ráðherra setur honum erindisbréf.

Atvinnumálaráðherra skipar aðra starfsmenn rafveitna ríkisins, að fengnum tillögum rafveitustjóra, eftir því sem ákveðið kann að verða í reglugerð.

4. gr.

Rafveitur ríkisins mega ekki reisa, kaupa eða taka á leigu orkuver eða orkuveitu, nema undangengnar rannsóknir og nákvæmar áætlanir sýni, að virkin muni gefa þær tekjur, sem nægja fyrir öllum rekstrarkostnaði, þar með taldir vextir og afborganir stofnkostnaðar, eða að tryggt sé, að tekjuafgangur rafveitnanna af öðrum virkjum sé nægur til þess að greiða hallann, eða nægilegt fé hafi verið veitt til virkjanna á annan hátt. Þá skal og, ef um er að ræða fleiri en eitt orkuver eða orkuveitu í senn, það orkuver eða orkuveita ganga fyrir um framkvæmd, sem áætlanir sýna, að ber sig betur fjárhagslega, nema sérstaklega standi á.

Nú sýna áætlanir, að rekstrarhalli muni verða fyrstu árin, sem veitan starfar, og skal þá talið, að hún beri sig fjárhagslega, ef hún samkvæmt áætlun rafveitustjóra hefur skilyrði til þess að vinna sig upp síðar og endurgreiða samansafnaðan rekstrarhalla fyrstu áranna.

5. gr.

Rafveitustjóri gerir, að undangengnum nauðsynlegum rannsóknum og athugunum, tillögur til ríkisstjórnarinnar um það, í hvaða framkvæmdir skuli ráðizt til orkuvinnslu og orkuveitu. Hann gerir nauðsynlegar kostnaðaráætlanir um þær, athugar skilyrði fyrir orkukaupum og orkusölu og gerir nákvæmar áætlanir um væntanlegar tekjur og gjöld af virkjunum, til þess að séð verði, hvort þau fullnægja skilyrðum 4. gr. Að því er tekur til vatnsvirkja framkvæmir þó vatnamálaráðunautur ríkisins nauðsynlegar mælingar og gerir kostnaðaráætlanir og annan undirbúning að þeim, nema öðruvísi verði ákveðið. Vegamálastjóri er fyrst um sinn vatnamála-

ráðunautur ríkisstjórnarinnar, og skulu mælingar þessar, kostnaðaráætlanir og annar undirbúningur framkvæmdar af honum og fastlaunuðum verkfræðingum vegamálaskrifstofunnar, án sérstaks endurgjalds, eftir því sem þeim vinnst tími til frá öðrum störfum. Kostnað allan við þessar rannsóknir, svo og við annan undirbúning, skal greiða úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt í því skyni. Þó er rafveitum ríkisins heimilt, með samþykki ráðherra, að verja fé af tekjuafgangi sínum til slíkra rannsókna að svo miklu leyti, sem honum hefur ekki verið ráðstafað á annan hátt. Ef ráðizt er í framkvæmdirnar, skal þessi undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði þeirra.

Nú telur atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum rafveitustjóra, rétt að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum, eða að festa kaup á slíkum mannvirkjum, og leitar hann þá til þessa samþykkis Alþingis og gerir jafnframt tillögur um það, á hvern hátt fjár til þeirra framkvæmda skuli aflað. Tillögum sínum til Alþingis lætur ríkisstjórnin fylgja nákvæmar áætlanir um væntanlegar tekjur og gjöld af þessum virkjum, sbr. 8. og 9. gr.

6. gr.

Nú er ákveðið að reisa raforkuver eða koma upp raforkuveitu, og hefur þá rafveitustjóri stjórn þeirra framkvæmda. Að því er tekur til vatnsvirkja annast vatnamálaráðunautur ríkisins framkvæmd verksins. Að öðru leyti ákveður atvinnumálaráðuneytið nánar verkaskiptingu milli þeirra.

7. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum rafveitustjóra, gjaldskrá um raforkusölu frá rafveitum ríkisins.

Tekjum rafveitna ríkisins skal varið til greiðslu rekstrarkostnaðar hinna einstöku raforkuvirkja, þar með talið stjórn, gæzla, viðhald, vaxtagreiðslur og afborganir lána. Afgangurinn leggist í sérstakan sjóð, rafveitusjóð ríkisins, er rafveitustjóri varðveiti undir yfirumsjón atvinnumálaráðuneytisins.

8. gr.

Rafveitusjóði ríkisins skal varið til aukningar raforkuveitum og eflingar raforkuvinnslu og raforkunotkun, sbr. 5. gr.

9. gr.

Rafveitustjóri skal árlega gera efnahags- og rekstrarreikning rafveitna ríkisins, svo og kostnaðarreikning fyrir þau virki, sem eru í smíðum, enn fremur skýrslu um starfsemina, og senda atvinnumálaráðuneytinu. Hann skal og árlega gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda ráðuneytinu svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Í fjárhagsáætlun skal taka upp tillögur um lántökur, fjárveitingar og önnur fjárframlög, sbr. 5. gr.

10. gr.

Setja skal reglugerðir um rekstur innanhéraðsveitna, sem kaupa raforku frá rafveitum ríkisins, og gjaldskrár um raforkusölu frá þeim. Í reglugerðunum skulu vera ákvæði um rekstrarfyrirkomulag og tilhögun veituvirkja, til þess að tryggja rafveitum ríkisins greiðslu fyrir orku þá, sem þær selja, svo og til þess að stuðla að aukinni raforkunotkun og góðri hagnýtingu orkunnar. Atvinnumálaráðuneytið staðfestir reglugerðir þessar og gjaldskrár, að fengnum tillögum rafveitustjóra og rafmagnseftirlits ríkisins, og samræmir reglugerðir og gjaldskrár hinna einstöku raforkuveitna, eftir því sem þörf þykir.

11. gr.

Rafveitustjóri skipar fyrir um rekstur raforkustöðva ríkisins, sem starfræktar eru við skóla eða aðrar opinberar stofnanir ríkisins, nema reksturinn sé falinn þessum stofnunum sérstaklega.

12. gr.

Rafveitustjóri ríkisins hefur umsjón með þeim fallvötnum, sem eru í eign ríkissjóðs, heldur skrá yfir þau og annast nauðsynlegt bókhald í sambandi við þau. Rafveitustjóri gerir í samráði við vatnamálaráðunaut tillögur til ríkisstjórnarinnar um kaup á vatnsréttindum, sem hann telur nauðsynlegt, að ríkið eignist.

13. gr.

Rafveitustjóri ríkisins hefur umsjón með þeim fallvötnum, sem eru í eign ríkissjóðs, sérstaklega um:

1) stjórn og fjárreiður rafveitna ríkisins, reikningshald, fyrningu og greiðslur í rafveitusjóð, svo og um skýrslugerðir rafveitustjóra;
2) starfsmannahald og verkaskiptingu starfsmanna, svo sem ákvæði, er lúta að því að aðgreina undirbúning, byggingu og rekstur í sérdeildir, undir stjórn rafveitustjóra, þegar þess verður þörf;
3) önnur atriði viðvíkjandi starfrækslu veitnanna, kaupum og sölu á raforku;
4) eftirlit með og afskipti af málum innanhéraðsveitna, sbr. 10. gr.

14. gr.

Rísi ágreiningur milli rafveitna ríkisins og kaupenda raforku frá orkuverum þeirra út af samningum, sem gerðir eru samkvæmt þessum lögum, geta aðilar komið sér saman um að leggja hann undir úrskurð gerðardóms þriggja dómkvaddra manna.

15. gr.

Fyrst um sinn er forstöðumaður rafmagnseftirlits ríkisins rafveitustjóri, og er hann jafnframt ráðunautur ríkisstjórnarinnar í raforkumálum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild á þinginu 1938. Um ástæður fyrir flutningi þess er vísað til greinargerðar þeirrar, er málinu fylgdi á því þingi (sjá Alþt. 1938, A. þskj. 114).

Nd. 35. Tillaga til þingsályktunar

um ársskýrslur síldarverksmiðja ríkisins.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Gísli Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um það, að prentuð verði ár hvert skýrsla um starfsemi og hag síldarverksmiðja ríkisins næsta ár á undan. Í skýrslunni skulu vera efnahags- og rekstrarreikningar verksmiðjanna í árslok og frásögn um það, er mestu máli skiptir um störf verksmiðjanna, svo sem nýjar framkvæmdir, afurðasölu, afurðaverð og uppbætur til framleiðenda, starfsmannahald, launagreiðslur, annan kostnað við verksmiðjureksturinn, starfsemi einstakra verksmiðja o. s. frv. Skýrslu þessa skal senda alþingismönnum og þeim, er selt hafa verksmiðjunum síld eða afhent til vinnslu á ári því, sem skýrsla fjallar um.

Greinargerð.

Það er nú altítt, enda í alla staði eðlilegt, að stofnanir, sem starfa á vegum hins opinbera eða félaga með almannahag fyrir augum, gefi árlega út skýrslu um starf-

semi sína og hag í aðalatriðum. Tillaga þessi fer fram á, að síldarverksmiðjur ríkisins taki upp slíka skýrsluútgáfu.

Síldarverksmiðjur ríkisins munu, að tiltölu við þjóðarstærð og þjóðarauð, vera eitt stærsta ríkisfyrirtæki, sem til er í víðri veröld, þar sem einkarekstur er aðalregla í þjóðarbúskap. Alþingi hefur stofnað þetta mikla fyrirtæki vegna nauðsynar síldarútvegsins og lagt því til stofnfé, svo að mörgum milljónum skiptir. Það er því eðlilegt, að alþingismönnum sé ár hvert gerð sem nánust grein fyrir rekstri þess, og þá einnig þeim mönnum, sem verksmiðjurnar starfa fyrir fyrst og fremst. Það er líka eðlilegt, að skýrslur frá verksmiðjunum séu prentaðar, svo að almenningur geti átt þess kost að kynna sér þær, enda mundu þær vera stórfróðlegar til lestrar, svo umfangsmikil sem þessi starfsemi er og mikilsverður liður í þjóðarbúskapnum.

Í lögum verksmiðjanna, sem Alþingi hefur sett, er svo fyrir mælt, að efnahags- og rekstrarreikninga verksmiðjanna skuli birta í stjórnartíðindum og með ríkisreikningum. Þetta hefur að vísu eigi verið gert síðan 1939, að prentaðir voru reikningar ársins 1938. En vitanlega er rétt að fylgja fram ákvæðum verksmiðjulaganna að þessu leyti, þótt tillaga sú, er hér liggur fyrir, verði samþykkt.

Sþ. 36. Tillaga til þingsályktunar

um verksmiðju til að hreinsa og herða síldarlýsi.

Flm.: Ingvar Pálmason, Gísli Guðmundsson, Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka möguleika til og kostnað við að koma upp verksmiðju til að hreinsa og herða síldarlýsi, enn fremur markaðsmöguleika fyrir hert síldarlýsi. Séu niðurstöður rannsóknarinnar lagðar fyrir næsta Alþingi. Kostnaður við rannsóknina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Það er alkunna, að verðmunur á hálfunnum eða fullunnum vörum annars vegar og svo kölluðum hráefnum hins vegar er yfirleitt meiri en vinnslukostnaði nemur. Um verksmiðjuna, sem vinnur úr hráefninu, gildir sama regla og um millilíði í verzlun. Hún vill hafa gróða af starfsemi sinni. Þegar af þessari ástæðu mun það yfirleitt vera talið hagkvæmt hverri þjóð að flytja út unna vöru fremur en ósunna. Einnig af gjaldeyris- og atvinnuástæðum má telja æskilegt, að þessi leið sé farin eftir því, sem verða má, a. m. k. á venjulegum tímum.

Síldarlýsi er nú orðið ein aðalútflutningsvara landsmanna. Árið 1940 framleiddu síldarverksmiðjurnar um 37 þús. tonn af þessari vöru. (Meðaltal áranna 1936—40 er um 24 þús. tonn.) Var síldarafli að vísu óvenju mikill það ár, en þess er þá jafnframt að geta, að ekki er ólíklegt, að verksmiðjum verði eitthvað fjölgað síðar meir og síldarflotinn aukinn. Öll er þessi vara flutt út ósunnin. En tillaga sú, sem hér er fram borin, lýtur að því, að rannsakaðir séu möguleikar til að gera úr henni verðmeiri og e. t. v. seljanlegri vöru, áður en hún er flutt úr landi, og þá jafnframt til notkunar innanlands í stað feitmetis, sem nú er flutt inn frá öðrum löndum.

Upplýsingar þær um hreinsun og herzlu lýsis, sem hér fara á eftir, eru í aðalatriðum teknar eftir erindi Trausta Ólafssonar efnafræðings, sem prentað er í Tímariti Verkfræðingafélags Íslands árið 1940, en erindi þetta er að mestu samhljóða skýrslu, sem fyrrnefndur efnafræðingur gaf atvinnumálaráðuneytinu um þetta mál.

Það eru nú um 30 ár síðan byrjað var að herða fljótandi feiti til kerta- og sápugerðar. Síðar (í fyrri heimsstyrjöldinni) var farið að herða feiti til matar og þá einkum til smjörlíkisgerðar. Þarf þá að hreinsa feitina tvisvar, fyrir og eftir herzluna. Á árunum 1929—32 voru hert samtals um 470 þús. tonn af lýsi að meðaltali árlega í þeim löndum, sem aðallega hafa þessa starfsemi með höndum. Til matar er talið, að aðallega hafi verið hert hvallýsi, en þó má ganga út frá, að síldarlýsi hafi einnig verið notað á sama hátt, þótt eigi sé það gert uppskátt. Atvinnudeild háskólans hefur þegar gert tilraunir til að herða síldarlýsi til matar, með góðum árangri. Mundi það verða einn liðurinn í rannsókn þeirri, sem hér er farið fram á, að afla innanlands vísindalegrar niðurstöðu í þessu efni, með aðstoð atvinnudeildarinnar.

Lýsisherzla fer í aðalatriðum fram á þann hátt, að vatnsefni (sem framleitt er með raforku) er látið streyma gegnum lýsið, en jafnframt verður að hita lýsið upp í 180—200 stig og blanda það öðrum efnum, sem kaupa þarf frá útlöndum. Hægt er að herða lýsið mikið eða lítið, eftir því, til hvers nota skal, en við herzluna, jafnvel þótt lítil sé, hverfur lýsislyktin. Vélar og áhöld til þessarar starfsemi eru allmargbrotin, og til hennar þyrfti allmikinn húsakost. Það, sem hægt væri að leggja fram innanlands til vinnslunnar, er aðallega vinnuafl og raforka — auk síldarlýsisins sjálfs.

Í áðurnefndu erindi Trausta Ólafssonar er gerð bráðabirgðaáætlun um stofnkostnað verksmiðju, sem ynni úr 7500 tonnum af lýsi á ári (ca. 25 tonn daglega), og er miðað við verðlag eins og það var **fyrir stríð.** Samkvæmt þeirri áætlun átti verksmiðjan að kosta 1,6 millj. kr. En slík verksmiðja mundi hafa unnið úr ca. ⅓ af síldarlýsisframleiðslunni 1940.

Í rekstraráætlun, sem einnig er birt í erindi þessu, er kostnaður við vinnsluna talinn 220 kr. á hvert tonn af hertri feiti í umbúðum, miðað við verðlag ársins 1939. Með þessum kostnaði átti herzlan að bera sig, eða vel það, þegar tekið var til samanburðar verð á hertri feiti erlendis til smjörlíkisverksmiðjanna hér.

Ef herða ætti allt síldarlýsi, sem framleitt er hér á landi, mundi þurfa til þess mjög mikinn stofnkostnað, jafnvel á venjulegum tíma. En hér er um svo mikilsvert mál að ræða, að ekki virðist áhorfsmál að rannsaka það eftir föngum, og þá m. a. kynna sér til nokkurrar hlítar markaðinn fyrir herta feiti erlendis.

Nd. 37. Frumvarp til laga

um jöfnunarsjóð aflahluta.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

Af óskiptum afla hvers íslenzks veiðiskips, sem hefur hlutarráðningu (þ. e. skipshöfnin tekur kaup sitt í hlutdeild í afla), skal í lok hverrar vertíðar greiða 1% af verðmæti aflans í óverkuðu ástandi, eftir að sameiginlegur kostnaður hefur verið dreginn frá. Útgerðarmaður stendur skil á gjaldinu, og skoðast það geymslufé eftir að skipti hafa farið fram. Fé þetta innheimta hreppstjórar og bæjarfógetar, hver í sínu umdæmi, og rennur það óskipt í sjóð, er nefnist jöfnunarsjóður aflahluta. Skal það sent sjóðsstjórninni að loknum skiptum eftir hverja vertíð.

2. gr.

Ríkissjóður leggur jöfnunarsjóði fyrsta ár eftir stofnun hans jafnháa fjárhæð og tekjur sjóðsins voru af aflahlutum það ár. Eftir það leggur ríkissjóður sjóðnum árlega fjárhæð, sem jafngildir tekjum hans af aflahlutum frá byrjun, deildum með tölu ára frá stofnun hans.

3. gr.

Skip, sem gerð eru út í sama kaupstað eða sama hreppi, geta myndað sérstaka deild í jöfnunarsjóði, ef útgerðarmenn og starfandi sjómenn í kaupstaðnum eða hreppnum óska þess, og skal þá halda fjárreiðum þeirra deilda aðskildum. Geta deildir þessar með sérstökum samþykktum ákveðið hærri útgjöld en þau almennu og aflað sérsjóði sínum annarra tekna. Framlag ríkissjóðs til þeirra miðast þó ávallt við 1% af afla samkvæmt ákvæðum 1. og 2. gr.

Stjórn jöfnunarsjóðs getur við úthlutun hlutaruppbóta úr sérsjóðum þessum vikið frá hinni almennu reglu, ef ástæða þykir til og óskir koma fram um það frá þeim, sem hlut eiga að máli.

4. gr.

Sjóðnum skal varið þannig: Þegar hlutir á veiðiskipi verða ekki yfir 66% af meðalhlut skipsins 5 síðustu ár, miðað við úthaldstíma, skulu hlutir bættir upp eftir eftirfarandi reglum, meðan fé sjóðsins endist, sbr. þó síðustu málsgr. þessarar greinar.

Hafi aflahlutur orðið 60—66% af meðalhlut 5 síðustu ára, skal hann bættur úr jöfnunarsjóði með 30% af því, sem á vantar meðalhlut. Hafi aflahlutur orðið lægri en 60% af meðalhlut, hækkar uppbótin við hvern hundraðshluta, sem aflahluturinn lækkar, um 1% af því, sem á vantar meðalhlut, þar til uppbótin er orðin 50%, sem er hámark uppbótar.

Hafi skip gengið til veiða skemur en 5 ár, þegar til uppbótar kemur, skal miða við meðalhlut sambærilegra skipa í sömu eða næstu veiðistöð.

Við úthlutun úr sjóðnum til hlutaruppbóta má aldrei ganga nær honum en það, að úthlutað sé 80% af þáverandi eignum hans.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi til þriggja ára í senn. Fiskveiðasjóður Íslands annast daglegar framkvæmdir og reikningshald sjóðsins, fyrir þóknun, er stjórnum sjóðanna kemur saman um.

6. gr.

Stjórn jöfnunarsjóðs geymir fé hans, og skal það ávallt geymt í banka.

7. gr.

Í reglugerð jöfnunarsjóðs aflahluta má setja ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, eins og nauðsynlegt þykir, þótt ekki sé sérstaklega ráð fyrir þeim gert í lögum þessum, þó svo, að þau fari ekki í bág við nein ákvæði laganna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð:

Fyrri flm. þessa frv. hefur tvisvar áður flutt frv. svipað þessu að efni, fyrst á þinginu 1939 og aftur á þinginu 1940. Í fyrra skiptið komst málið til efri deildar, en „dagaði uppi“ þar. Í síðara skiptið var það afgreitt með „rökstuddri dagskrá“, svo hljóðandi: „Þar sem nauðsynlegt verður að teljast, að komið verði á hlutatryggingum á íslenzkum skipum, sem gerð eru út með hlutaráðningu, en mál þetta þarf rækilegan undirbúning og athugun, áður en löggjöf verður um það sett, ályktar deildin að fela ríkisstjórninni að undirbúa, með aðstoð tryggingarfróðra manna, frumvarp til laga um hlutatryggingar, fyrir næsta Alþingi, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Síðan þetta gerðist, hafa ýmsar deildir Fiskifélags Íslands krafizt þess, að málið yrði tekið upp. Og fiskiþing það, er nú situr, hefur einróma samþykkt að skora á Alþingi að setja lög um jöfnunarsjóð aflahluta. Það verður því ekki vefengt, að það sé

vilji útgerðarmanna og sjómanna almennt, að sett verði lög, er ganga í sömu átt og frumvarp þetta.

Að öðru leyti má vísa til greinargerðar fyrir frumvarpi því, er áður getur, að flutt var á Alþingi árið 1939.

Nd. 38. Frumvarp til laga

um sérleyfi til þess að veita raforku frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Bjarni Bjarnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita sérleyfi til þess að veita raforku frá Sogsstöðinni til Selfoss, Eyrarbakka, Stokkseyrar og til þeirra fyrirtækja og sveitabýla í Árnessýslu, sem þannig eru sett, að unnt er kostnaðar vegna að veita rafmagni til þeirra, og einkarétt til sölu á þessu svæði.

Sérleyfistíminn sé 20 ár frá því rafveitan er komin til ofannefndra kauptúna (sbr. þó 4. tölul. 2. gr.).

2. gr.

Skilyrði fyrir sérleyfi og hlunnindi sérleyfishafa til handa eru þau, er nú skal greina:

1. Að stofnað verði félag til að veita rafmagni og reka fyrirtækið, sem ekki hafi minna en 900 þús. króna stofnfé.
2. Að gerð veitunnar sé þannig, að öruggt sé, að hún geti fullnægt þeim byggðarlögum, sem ætlazt er til, að fái rafmagn frá veitu þessari.
3. Að ríkisstjórnin gefi út reglugerð um rekstur veitunnar. Má þar ákveða sektir fyrir brot gegn reglugerðinni.
4. Að ríkið eigi, að sérleyfistímanum liðnum, kauparétt á veitunni fyrir matsverð. Nú telur ríkisstjórnin nauðsynlegt, vegna hagsmuna almennings, að kaupa fyrirtækið, og er það heimilt eftir að 10 ár eru liðin af leyfistímanum, og fellur þá sérleyfið niður. Kaupverðið skal ákveða með mati.
5. Að byrjað sé á veitunni undireins og ástæður frekast leyfa og efni til hennar er fáanlegt, að dómi ráðuneytis.
6. Að sérleyfishafi hliti þeim skilyrðum öðrum, er ríkisstjórnin telur rétt að setja, þar á meðal viðurlögum.

   Ríkisstjórninni er heimilað að ákveða í leyfisbréfinu:

   a. Að engum sé heimilt að vinna raforku til eigin nota á svæðinu nema með leyfi ráðuneytis.
   b. Að leyfishafi skuli vera undanþeginn tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitar. Enn fremur skal hann undanþeginn að greiða innflutningsgjöld af efni og tækjum til veitunnar fyrstu 5 ár leyfistímans, frá því byrjað var á verkinu.

3. gr.

Ríkisstjórnin skal veita alla þá aðstoð, sem auðið er, við útvegun á efni til veitunnar og flutning á því til landsins.

4. gr.

Að öðru leyti en fram er tekið í lögum þessum skal fara um fyrirtækið eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 20. júní 1923, og laga nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ekki verður um það deilt, hve mikið hagræði og híbýlaprýði raforkan veitir þeim, er hennar fá notið. Allir þeir, er kynnzt hafa ágæti þessa undursamlega afls, þrá að fá notið þess. Þeir, er hafa talið sig geta átt þess nokkurn kost, hafa viljað allt til þess vinna. Síðan Sogsstöðin var byggð, hafa þeir, er í ofanskráðum kauptúnum búa, ásamt mörgum öðrum Árnesingum, haft mikla ánægju af að horfa á glampandi rafljósin við stöðina, en meiri gæða og gagns hafa þeir ekki af henni notið hingað til. Þetta er langstærsta rafstöð landsins. Hún er innst inni í Árnesþingi, en að kalla enginn Árnesingur hefur hennar enn hin minnstu not. Þó er aðstaðan ágæt til þess, að margir Árnesingar gætu fengið yl og ljós frá þessum aflgjafa. En þegar gerð hefur verið tilraun til að veita þessu afli út um héraðið, hefur ótal snörum verið brugðið á loft málinu til hindrunar. Hverju byggðu bóli er þessi aflgjafi gagnlegur og ánægjuríkur, en þar, sem þéttust er byggðin, er auðvitað auðveldast að veita honum út um byggðina og láta slík fyrirtæki bera sig. Og fyrir þær sakir verður þéttbýlið enn um skeið að sitja í fyrirrúmi um slíkar framkvæmdir. Hvað þessi kauptún snertir, þá skortir þau tilfinnanlega rafmagn. Þau hafa bæði lítið og dýrt mótorrafmagn.

Ýmiss konar starfsemi í þessum kauptúnum bíður hinn mesta hnekki við það að hafa ekki rafmagn, og allur iðnaður í þessum kauptúnum verður í kaldakoli, unz rafmagn frá Soginu er fengið. Nú er rýmra um peninga manna á milli en verið hefur oft áður. Teljum við flutningsmenn þessa máls, að margir framtakssamir menn mundu vilja leggja fram fé til að hrinda þessu nauðsynjamáli í framkvæmd, ef þeim með lagasetningu er veitt sæmileg aðstaða til þess. Við væntum því svo góðs af háttvirtu Alþingi, að það vilji fremur greiða fyrir þessu máli en leggja stein í götu þess. Gefst nú háttv. þingmönnum tækifæri til þess að sýna áhuga sinn fyrir framkvæmd á einum litlum þætti í þessu þýðingarmikla stórmáli alþjóðar.

Nánar í framsögu.

Nd. 39. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Jón Pálmason, Pálmi Hannesson.

Framan við frvgr. bætist nýr liður (og breytist liðatalan á eftir samkvæmt því):
Tölul. C. 6. í 2. gr. laganna skal orða svo:
Svínvetningabraut: Frá Blönduósi, um væntanlega brú á Blöndu hjá Löngumýri, á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.

Nd. 40. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Bergi Jónssyni.

1. Framan við frvgr. koma nýir liðir:
   a. Tölul. IX. d. í lögum nr. 109 1940 skal orða svo:
      Barðastrandarvegur: Frá Brjánslæk yfir Þingmannaheiði og hálsa á Vesturlandsveg hjá Kollabúðum í Þorskafirði.

b. Á eftir sama tölulið bætist nýr liður:
Reykhólavegur: Frá Vesturlandsvegi í Reykhólasveit að Reykhólum.
2. Fyrir „2. gr. laganna“ í frvgr. kemur: 2. gr. laga nr. 101 1933.
3. Við fyrirsögnina bætist: og lögum nr. 109 14. maí 1940.

Nd. 41. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Pétri Ottesen.

Framan við frvgr. bætist:
Á eftir B. II. í 2. gr. laganna koma nýir liðir:
a. *Melasveitarvegur:* Af Hafnarfjallsvegi hjá Skorholti um Melasveit á þjóðveginn vestanvert við Fiskilæk.
b. *Akrafjallsvegur:* Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl fyrir Akrafjall um Klafastaði og Kúludalsá á þjóðveginn ofan við Akraneskaupstað.

Ed. 42. Frumvarp til laga

um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði.

Flm.: Bernh. Stefánsson, Einar Árnason, Erlendur Þorsteinsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Siglufjarðarkaupstað kirkjujörðina Hvanneyri frá 1. jan. 1943 að telja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. um sama efni var borið fram á þinginu í fyrra og náði samþykki Ed. með lítils háttar breytingu, en varð ekki útrætt í Nd. Er frv. nú borið fram eins og Ed. gekk frá því í fyrra, og þykir nægja að vísa til greinargerðar þeirrar, er þá fylgdi frv.

Nd. 43. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 54 27. júní 1921, um sölu á prestsmötu.

Flm.: Sveinbjörn Högnason.

4. gr. laganna skal orða þannig:
Andvirði seldrar prestsmötu renni til kirkna þess prestakalls, er naut hennar áður, og skiptist jafnt milli þeirra. Skal ákvæði þetta verka aftur fyrir sig til þess tíma, er lögin voru sett.
Prestlaunasjóður greiðir tekjumissi þann, er viðkomandi prestur hefur af sölu prestsmötu.

Greinargerð.

Prestsmatan var upphaflega gefin eða lögð til vissra kirkjustaða til að halda við kirkju og kristnihaldi á þeim. Verður það því að teljast í alla staði eðlilegt, að viðkomandi kirkjur fái andvirði hennar til eignar, er hún er seld aftur, og allt annað er í raun og veru ósæmilegt og andstætt hinum upphaflega tilgangi. Á það ber einnig að líta, að fjárráð kirkna eru nú þannig, að viðhald þeirra er mjög af skornum skammti víðast hvar, svo að húsin eru jafnvel eyðingu ofurseld, ef ekki er lagt fram allverulegt fé þeim til viðreisnar og endurbótar. Á mörgum stöðum mundi sú upphæð, sem hér er um að ræða, koma að töluverðu liði, en eins og nú er högum háttað, er hér um óveruleg útgjöld fyrir ríkið að ræða.

Ed. 44. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Erlendur Þorsteinsson, Einar Árnason.

I. Á undan 1. gr. komi 2 nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (1. gr.) Á eftir b-lið í 8. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi: Ef hann rekur atvinnu í fleiri sveitum en einni, ekki skemur en 8 vikur. Svo og ef rekin hefur verið verzlun, hvalveiði, síldarkaup, síldarsala, síldarverzlun eða annar síldaratvinnurekstur, verksmiðjuiðnaður, hvers konar sem hann er, enda þótt skemur sé rekið.
   b. (2. gr.) Fyrir „a.—c.-liðir“ í 1. lið a. í 9. gr. laganna komi: a.—d.-liðir.

II. Greinatala breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Sþ. 45. Tillaga til þingsályktunar

um lögregluefirlit með samkomum og skemmtunum utan kaupstaða.

Flm.: Bjarni Bjarnason, Jörundur Brynjólfsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá svo um, að lögregla annist eftirlit með samkomum og skemmtunum á þeim stöðum í landinu utan kaupstaða, sem reynsla bendir til, að þörf sé á slíku eftirliti.

Kostnað, er af eftirlitinu leiðir, skal greiða úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Skemmtisamkomur eru fjölsóttar um allt land, bæði af ungu fólki og einnig af hinu eldra. Ýmsir telja þó, að skortur á hollu skemmtanalífi valdi miklu um það, hversu ungt fólk, að því er virðist, unir illa í sveitunum, og að fjölbreyttara skemmtanalíf mundi gera sitt til að veita meira líf og ánægju í dreifbýli landsins. Undirstaða þess, að holl skemmtiatriði fái notið sín og að almenningur hænist að þess háttar samkomum í sveitum, er sú, að þar ríki regla og myndarskapur í öllum atriðum. Nú er það á allra vitorði, að ölvaðir menn sækjast eftir að komast á skemmtisamkomur. Sýnt er, að sjaldnast tekst að koma í veg fyrir, að slíkar heimsóknir valdi verulegum truflunum, og oftast stafa af drukknum mönnum hrein vandræði og stór skömm.

Íslendingar eru flestir friðsamir menn og hefja ekki illdeilur óneyddir, jafnvel þó að óróaseggir eigi hlut að máli. Útkoman verður því sú, að lítill hópur drykkjumanna, sem hafa þann sið að flækjast milli skemmtistaða með háreysti og siðleysishætti, gereyðileggja samkomurnar. Dæmi eru til þess, að menn, sem reynt hafa að sporna við ósóma þessum með því að hindra inngöngu ölvaðra manna á skemmtisamkomur, hafa komið rifnir og slasaðir úr þeirri viðureign. Það eina, sem duga mundi, eru æfðir lögregluþjónar. Slíkir menn þyrftu að vera til í þeim sýslum, sem reynsla hefur sýnt, að þeirra er þörf. Sýslumaður segði þeim að sjálfsögðu fyrir verkum, og yrðu þeir, sem lögregluaðstoðar vildu njóta, að snúa sér til hans.

Lögregla þessi, sem kalla mætti sýslulögreglu, fengi kennslu á námskeiðum, sem haldin væru t. d. í hverjum landsfjórðungi. Kennslu önnuðust sýslumaður og vanur vel metinn lögregluþjónn. Framkvæmd á svipuðum grundvelli og hér er gert ráð fyrir mundi veita bindindissamtökum æskumanna í skólum og félögum ómetanlegan stuðning og uppörvun, enda mundi koma allt annar blær á skemmtisamkomur ýmissa landshluta. Kostnaður allur, bæði af námskeiðum og þóknun til lögreglu, yrði að greiðast úr ríkissjóði. Brýn nauðsyn ber til, að Alþingi láti þetta mál til sín taka tafarlaust.

Nd. 46. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við l. nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá Sigurði Kristjánssyni og Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Lög nr. 82 9. júlí 1941 eru úr gildi numin.
2. Fyrirsögnina skal orða svo:
   Frumvarp til laga um afnám laga nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Nd. 47. Frumvarp til laga

um raforkusjóð.

Flm.: Pétur Ottesen, Skúli Guðmundsson, Sveinbjörn Högnason, Helgi Jónasson, Bjarni Bjarnason, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist raforkusjóður. Tilgangur sjóðsins er að veita lán til að gera raforkuver og raforkuveitur á þeim stöðum, sem ekki hafa rafmagn frá vatnsaflsstöðvum, þegar lög þessi öðlast gildi.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framlög frá ríkissjóði, a. m. k. 300 þús. kr. árlega á næstu 10 árum.
2. Árlegt gjald frá rafveitum, sem reistar hafa verið og reistar verða og hafa vatnsafl til orkuframleiðslu. Skulu rafveiturnar greiða til sjóðsins eftir þessum reglum:

a. Fyrstu 5 árin eftir að stöð er reist er hún gjaldfrjáls.
b. Næstu 5 árin greiðist 2 kr. á ári fyrir hvert kilowatt í málraun rafals í hverri vélasamstæðu.
c. Önnur 5 árin greiðist 4 kr. á ári á sama hátt, og úr því 6 kr. á ári.

Gjald þetta greiðist þó ekki af vélasamstæðum, sem hafa minna afl en 150 kw.

3. Vextir af sjóðnum, er leggjast við höfuðstólinn.

3. gr.

Gjöld þau, er um getur í 2. lið 2. gr., skulu greiðast raforkusjóði 31. des. ár hvert, og fylgir þeim lögtaksréttur.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, allt að 8 millj. króna, handa raforkusjóði, til stuðnings þeirri starfsemi, sem honum er ætluð samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Búnaðarbanki Íslands hefur á hendi ákvarðanir um lán úr raforkusjóði, að fengnum tillögum trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar um rafveitumál, og annast stjórn hans og rekstur fyrir þóknun, er ráðherra ákveður með samkomulagi við stjórn bankans. Þóknunin greiðist úr sjóðnum.

6. gr.

Lán úr raforkusjóði mega nema allt að ⅔ stofnkostnaðar orkuvers eða orkuveitu, og má lánstíminn vera allt að 23 ár. Lán mega vera afborgunarlaus fyrstu 3 ár lánstímans, og skulu vextir vera 3% — þrír af hundraði — á ári.

7. gr.

Til tryggingar fyrir lánum úr raforkusjóði skal vera:

1. Orkuverið og orkuveitan, sem lán er veitt til, með öllum réttindum.
2. Aðrar þær tryggingar, er stjórn sjóðsins metur gildar.

8. gr.

Raforkusjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

9. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um sjóðinn og rekstur hans.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að mestu óbreytt eins og það var afgreitt frá neðri deild á síðasta aðalþingi. Aðeins er nokkuð hækkað hið árlega fjárframlag til sjóðsins og sömuleiðis heimild til lántöku fyrir hann. Þá er og nokkuð lengdur tími sá, sem nýjar aflstöðvar eru gjaldfrjálsar til sjóðsins. Að öðru leyti vísast til greinargerða, sem fylgt hafa sams konar frumvörpum á undanförnum þingum.

Nd. 48. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. marz 1942.

Bergur Jónsson, form., frsm. Finnur Jónsson, fundaskr. Garðar Þorsteinsson.
Gísli Guðmundsson. Jóh. G. Möller.

Nd. 49. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Helga Jónassyni og Sveinbirni Högnasyni.

Framan við frvgr. kemur nýr liður:
Á eftir A. 11. í 2. gr. laga nr. 101 19. júní 1933 bætast nýir liðir:

a. *Þórsmerkurvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsbrautar við Markarfljótsbrú að Stórumörk.
b. *Fljótsvegur:* Frá Hemlu um Akurey að Bergþórshvoli.
c. *Ásvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsbrautar um Ás- og Háfshverfi að fyrirhuguðu brúarstæði á Hólsá.
d. *Hagabraut:* Frá vegamótum Fjallabaksvegar fyrir ofan Lýtingsstaði um Haga, Saurbæ, Stúfholt, Skammbeinsstaði á Fjallabaksveg neðan við Köldukinn.

Ed. 50. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Erlendur Þorsteinsson.

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 2. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Heilbrigðisnefndum í bæjum og lögreglustjórum í kauptúnum og sjávarþorpum skal skylt að hafa eftirlit með hreinlæti í mannaíbúðum og matvælageymslum skipanna. Eftirlitið skal framkvæmt ekki sjaldnar en einu sinni á mánuði, þegar skip liggur í innlendri höfn. Í reglugerð séu ákvæði um, hvaða hreinlætisreglum skuli fylgt, þegar skip er á sjó.

2. gr.

1. og 2. málsgr. 31. gr. laganna skal orða svo:

Öll íslenzk skip, sem eru í förum milli Íslands og annarra landa, skulu vera með hleðslumerkjum og hafa hleðslumerkjaskírteini samkvæmt alþjóðasamþykkt, gerðri í London 5. júlí 1930. Gildir þetta jafnt um fiskiskip, hverrar stærðar sem er og sigla með farm milli landa.

Í innanlandssiglingum skulu öll íslenzk skip vera með hleðslumerkjum eftir sömu reglum og greinir í 1. málsgr. Undanskilin þessum ákvæðum eru skip, sem eru undir 50 rúmlestir og eingöngu notuð til fiskveiða, enn fremur skemmtiskip og skip, sem notuð eru í öðrum tilgangi en til flutnings á fólki og vörum. Nú er fiskiskip notað til fólks- og/eða vöruflutninga, þótt um stutt tímabil sé að ræða, og skal það þá útbúið hleðslumerkjum.

3. gr.

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný gr., sem verður 38. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan á eftir samkv. því):

Á skipum, sem flytja farþega í innan- og utanlandssiglingum, skal óheimilt að flytja í farmrúmi eða á þilfari benzín eða önnur eldfim efni, sem geta valdið sprengingu.

Á öðrum skipum skal með reglugerð ákveðið, hvernig um slíkan farm skuli búið, svo ekki stafi hætta af fyrir skipverja.

Á tímum, sem skip verða að sigla algerlega myrkvuð, má ekki flytja farm á þilfari, sem torveldar umferð skipverja á skipinu. Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði í innanlandssiglingum mánuðina júní—ágúst.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt vegna hins óvanalega ástands, sem nú ríkir á hafinu, og fenginnar reynslu um ýmsa galla á öryggismálum sjómanna og vöntunar á lagaheimildum í þýðingarmiklum atriðum.

Í gildandi lögum er engin lagaheimild til, sem skyldar skipaeigendur fiskiskipa til að setja hleðslumerki á þau skip, þótt þau sigli með fiskfarma til útlanda. Á seinni tímum hefur þetta reynzt vera stórhættulegt fyrir öryggi manna og skipa, að engin takmörk skuli vera sett um hleðslu þeirra. Hin breytta aðferð að fylla skipin með afhausuðum fiski hefur það í för með sér, að þungi farmsins hefur aukizt til jafnaðar á skipi allt upp að 27%. Þessu til sönnunar liggja fyrir útflutningsskýrslur um aflasölur togaranna. Í desember 1940 lögðu á land í Bretlandi 30 togarar 3236559 kg fiskjar, eða tæp 107 þús. kg að meðaltali á skip. En í desember 1941 lögðu 25 togarar á land 3421391 kg fiskjar, eða tæp 137 þús. kg að meðaltali á skip. Farmaukningin er því allt að 27%, og hefur þó farmurinn verið enn þyngri þegar skipin létu héðan úr höfn, því talið er, að 10% rýrnun komi í ljós, þegar aflinn er veginn í Bretlandi. Hefur farmrými skipanna verið aukið á ýmsan hátt, en burðarmagn þeirra er sama og áður.

Þessi ofhleðsla er að dómi fjölda sjómanna svo stórhættuleg, að það verður að teljast óhjákvæmileg nauðsyn að takmarka hleðslu skipanna á sama hátt og nú gildir um vöruflutningaskip.

Eins og telja verður nauðsynlegt að takmarka hleðslu skipa á milli landa, þá er ekki síður þörf fyrir hendi um að takmarka hleðslu skipa í innanlandssiglingum, jafnt fiskiskipa sem þeirra, er fást við vöruflutninga. Dæmin eru nærtæk frá ýmsum tímum um slys af ofhleðslu. Hversu oft hefur legið við stórslysi vegna ofhleðslu, en tekizt að afstýra því, er minna haft í hámæli. En sjómannastéttin þekkir af margra ára reynslu, hve oft er skammt milli lífs og dauða af þeim sökum.

Þá gerir frv. ráð fyrir, að bannaður verði flutningur eldfimra efna á farþegaskipum. Hníga mörg rök að því, að á tímum eins og þeim, er vér lifum á, er það óumdeilanleg lífshætta að hafa flutning innanborðs, sem sprengjuhætta stafar af, ef ráðizt er á skipin á einn eða annan hátt. Fyrir stríð var á sumum Norðurlöndum bannaður flutningur á benzíni á farþegaskipum og á öðrum mjög takmarkaður. Að banna þilfarsflutning á yfirstandandi tímum er öryggisráðstöfun fyrir líf skipverja, sem verða í öllum veðrum að ferðast um skipið stafna á milli og að nóttu sem degi að klifra

búlkann, sem að jafnaði er seinfær yfirferðar. Aldrei má bregða upp ljósi til þess að leiðbeina vegfaranda, þar sem fyrirskipun liggur fyrir um, að skipin sigli ljóslaus.

Ákvæði 1. gr. er heilbrigðisráðstöfun. Á mörgum fiskiskipanna, er sigla til útlanda, er hásetaíbúðin notuð fyrir alls konar flutning og jafnvel veiðarfæraflutning, póstpoka o. m. fl. Engin hreinsun fer fram á íbúðinni, og er það hættulegt frá heilbrigðislegu sjónarmiði, þegar skipverjar flytja í hana á ný. Það er því í fyllsta máta menningarmál, að heilbrigðisyfirvöldunum sé falið allt eftirlit með hreinlæti í mannaíbúðum og matvælageymslu í skipum.

Nánar í framsögu.

Nd. 51. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Jón Pálmason, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Síðasta málsgr. 9. gr. laganna falli burt.

2. gr.

12. gr. laganna orðist þannig:

Skilyrði fyrir byggingarstyrk eru, að umsækjandi leggi fram skilríki samkvæmt ákvæðum 1.—7. töluliðs 7. gr. og enn fremur skilríki fyrir:

1. Að húsakynni séu óhæf til íbúðar að áliti hreppstjóra og héraðslæknis.
2. Að jörðin sé í sjálfsábúð eða falli undir ákvæði laga um erfðaábúð og óðalsrétt.
3. Að fasteignamat (millimat) bæjarhúsa sé ekki yfir 3000 kr. Þó er nýbýlastjórn heimilt að víkja frá þessu ákvæði, ef sérstök nauðsyn er á, að samhljóða áliti nýbýlastjórnarinnar.

Framlagið til hvers býlis má vera 500—1500 kr., að viðbættum þeim hundraðshluta, er byggingarkostnaður hefur, þegar húsið er reist, hækkað frá 1939, samkvæmt útreikningi teiknistofu landbúnaðarins.

Ef ábúandi jarðar verður fyrir tjóni af húsbruna og getur ekki byggt aftur með þeirri aðstoð, sem lög þessi gera ráð fyrir, er nýbýlastjórn heimilt, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að veita hærri byggingarstyrk. Aldrei má þó framlag samkvæmt þessari grein vera meira en ⅓ af kostnaðarverði hússins eða umbótarinnar.

Lokagreiðsla fer fram, þegar fullnaðarreikningur er kominn yfir byggingarkostnaðinn.

3. gr.

Fyrir „4500“ í 33. og 35. gr. laganna komi: 6000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við framkvæmd laga um byggingar- og landnámssjóð hefur komið í ljós, að nauðsynlegt er að gera nokkrar breytingar á lögunum. Þess vegna berum við flutningsmenn þessa frumvarps fram nokkrar breytingar við lögin. Standa þær breytingar allar í beinu sambandi við þá verðröskun, sem hefur átt sér stað, síðan styrjöldin hófst.

Í 9. gr. laganna er svo ákveðið, að lán úr byggingarsjóði megi ekki vera hærra, til sama manns, en 6000 kr. Þetta ákvæði leggjum við til, að verði fellt burtu. Byggingarkostnaður hefur vaxið svo gífurlega, að flestum bændum er algerlega ókleift að endurreisa bæjarhús sín, með núverandi verðlagi á byggingarefni og vinnu, ef aldrei má veita hærra lán en þetta.

Önnur breytingartillaga okkar er við 12. gr. laganna, sem fjallar um skilyrði fyrir því, að endurbyggingarstyrk megi veita. Eins og lögin eru nú, má ekki veita endurbyggingarstyrk, ef fasteignamat þeirra húsa, sem endurreisa á, er yfir 1800 krónur. Það hefur komið í ljós, að þetta er of lágt. Ýmis íbúðarhús í sveitum, sem til fasteignamats eru metin yfir 1800 krónur, eru algerlega óhæf til íbúðar. Höfum við flutningsmenn því lagt til, að fasteignamat slíkra húsa, sem styrkur er veittur til að endurreisa, megi vera 3000 krónur, og þó sé leyfilegt að víkja frá þessu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, að samhljóða áliti nýbýlastjórnarinnar. Þá er og lagt til, að nokkru hærri endurbyggingarstyrk en lögin almennt heimila megi veita til bænda, sem orðið hafa fyrir stórkostlegu tjóni vegna bruna. Þó má nýbýlastjórnin ekki veita slíkan aukastyrk, nema samþykki ríkisstjórnarinnar komi til í hvert sinn.

Loks leggjum við til, að breytt verði ákvæðum 33. og 35. gr. laganna, þar sem framlög nýbýlasjóðs til nýbýla eru ákveðin. Nú má ekki veita hærri fjárhæð til hvers býlis en 9000 krónur, 4500 kr. í lán og 4500 kr. í styrk. Hér er lagt til, að hámarksheimild sé færð upp í 12000 krónur, er skiptist til helminga lán og styrkur. Þessi breyting er gerð til þess að samræma fjárveitingar þessar við núverandi kostnaðarverð bygginga.

Ed. 52. Breytingartillaga

við frv. til l. um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að selja Vestmannaeyjakaupstað jarðir, lóðir og lendur þær í Vestmannaeyjum, sem eru ríkiseign, og enn fremur að selja Siglufjarðarkaupstað kirkjujörðina Hvanneyri, hvort tveggja frá 1. jan. 1943 að telja.
2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frv. til laga um heimild til sölu Vestmannaeyjajarða í Vestmannaeyjum og kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði.

Ed. 53. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 44 (Útsvör).

Frá Bernharð Stefánssyni, Erlendi Þorsteinssyni og Einari Árnasyni.

Við I. b. Við liðinn bætist: 1. tölul. c. í sömu grein falli burt.

Ed. 54. Nefndarálit

um frv. til laga um íþróttaskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið við nokkra áhugamenn í íþróttum og leggur til, að gerðar verði á því nokkrar orðabreytingar. Fundaskrifari nefndarinnar, Árni Jónsson, tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Fyrir „íþróttaskóli“ komi: íþróttakennaraskóli.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Verksvið skólans er að mennta karla og konur til þess að annast íþróttakennslu í skólum og félögum.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Námsgreinir skólans skulu vera sem hér segir:
   A. Verklegt: Leikfimi, sund, íslenzk glíma, frjálsar íþróttir, knattleikir, leikir, skíða- og skautafimi, róður og sigling.
   B. Bóklegt: Íslenzka og íslenzkar bókmenntir, líkamsfræði, efnafræði, hjálp í viðlögum, íþróttafræði, sálarfræði, uppeldisfræði.
   Enn fremur hreinlæti, framkoma og kurteisisreglur, bindindisfræði, gerð íþróttamannvirkja, leikreglur og íþróttareglur, íþróttalíf og íþróttasamkeppni.
4. Við 4. gr. Fyrir „íþróttaskóla“ í tveim stöðum í greininni komi: íþróttakennaraskóla.
5. Við 6. gr. Fyrir „íþróttaskóli“ komi: íþróttakennaraskóli.
6. Við 7. gr. Síðari málsliður orðist svo: Í skólanefnd eiga sæti íþróttafulltrúi ríkisins, og er hann formaður, skólastjóri héraðsskólans á Laugarvatni og 3. maður, er kennslumálaráðuneytið tilnefnir.
7. Við 8. gr.
   a. Fyrir „íþróttaskólann“ komi: íþróttakennaraskólann.
   b. Annar málsliður greinarinnar orðist svo: Skulu þessir starfsmenn hafa aflað sér þeirrar menntunar í kennslugreinum sínum, sem Íslendingar geta bezta fengið á hverjum tíma.
   c. Fyrir „íþróttaskólans“ í 3. málsl. komi: íþróttakennaraskólans.
8. Við 9. gr.
   a. Fyrir „íþróttaskólans“ komi: íþróttakennaraskólans.
   b. Orðin „þó með þeim mismun“ til enda greinarinnar falli burt.
9. Við 10. gr. Fyrir „íþróttaskólans“ komi: íþróttakennaraskólans.
10. Við fyrirsögn. Fyrir „íþróttaskóla“ kemur: íþróttakennaraskóla.

Alþingi, 12. marz 1942.

Jónas Jónsson, form., frsm. Bernh. Stefánsson.

Nd. 55. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga

um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 og stjórnarskipunarlögum nr. 22 24. marz 1934.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Emil Jónsson, Finnur Jónsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

26. grein stjórnarskrárinnar hljóði þannig:

Á Alþingi eiga sæti allt að 54 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af

a. 8 þingmenn í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.
b. 8 þingmenn í kaupstöðum utan Reykjavíkur, þeim sem nú eru, einn fyrir hvern kaupstað.
c. 27 þingmenn í þeim einmennings- og tvímennings kjördæmum, sem nú eru, öðrum en kaupstöðum. Skal kosning vera hlutbundin í tvímenningskjördæmum og jafnmargir varamenn kosnir samtímis og á sama hátt.

   Deyi þingmaður, kosinn í einmenningskjördæmi, eða fari frá á kjörtímanum, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.
d. Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Rétt er flokkum að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar, enda greiði þá kjósendur atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Frambjóðendur flokks, sem nær jöfnunarþingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að kosningu lokinni. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum. Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum, samtímis og á sama hátt.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

2. gr.

Ákvæði um stundarsakir.

Umboð þingmanna fellur niður, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og fara þá fram almennar kosningar til Alþingis.

Greinargerð.

Árið 1934 var síðast gerð breyting á ákvæðum stjórnarskipunarlaganna og almennra laga um kosningar til Alþingis. Var þá jafnframt bundin í stjórnarskipunarlögunum hámarkstala alþingismanna og eins kjördæmaskiptingin. En höfuðtilgangur þeirrar breytingar var sá, að þingflokkar skyldu hafa þingsæti „í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar“, eins og komizt er að orði í sjálfum stjórnarskipunarlögunum. Þó var reynt að samrýma það þessum tilgangi, að hin eldri kjördæmaskipun héldist óbreytt.

Nú er nokkur reynsla komin á í þessum efnum, og skulu hér rifjuð upp úrslitin frá síðustu kosningum árið 1937. Þá voru kosnir í kjördæmum 38 þingmenn, og reyndist atkvæðatala þeirra 5 flokka, sem fengu þingmenn kosna í kjördæmum, og tala kosinna þingmanna fyrir hvern flokk vera þessi:

	Atkvæði	Kosnir þingm.	Meðalt. á þingm.
Sjálfstæðisflokkur	24132	12	2011
Framsóknarflokkur	14556	19	766
Alþýðuflokkur	11084	5	2216
Kommúnistaflokkur	4932	1	4932
Bændaflokkur	3578	1	3578

Af hinum 11 uppbótarþingsætum hlaut svo Sjálfstæðisflokkurinn 5, Alþýðuflokkurinn 3, Kommúnistaflokkurinn 2 og Bændaflokkurinn 1. Varð þá þingmannatala flokkanna og meðaltal atkvæða á hvern þingmann svo sem hér segir:

	Þingmenn	Meðaltal atkvæða á þingmann
Framsóknarflokkur	19	766
Sjálfstæðisflokkur	17	1419
Alþýðuflokkur	8	1385
Kommúnistaflokkur	3	1644
Bændaflokkur	2	1789

Ef tala uppbótarsæta hefði átt að nægja til jöfnunar milli þingflokka til „fyllsta samræmis við atkvæðatölu", þá hefði orðið að úthluta alls 38 uppbótarsætum, eða jafnmörgum og kjördæmakosnum þingmönnum.

Af þessu er bert, að tilgangi stjórnarskipunarlaganna um „sem fyllst samræmi við atkvæðatölu" hefur hvergi nærri verið náð. Þegar fram kemur allt að helmings munur á þingmannafjölda og atkvæðatölu, verður ekki komizt hjá að breyta kosningaskipulaginu svo, að horfi til meiri jöfnunar.

En þá er þrennt til:

1. Að taka upp stór kjördæmi, þar sem alls staðar sé viðhöfð hlutfallskosning;
2. að hafa uppbótarþingsæti ótakmörkuð, eða
3. að byggja á núverandi kjördæmaskipun að mestu og láta haldast núverandi uppbótarsætafjölda óbreyttan, og gera aðrar breytingar, sem horfa til jöfnunar.

Það er hin síðasta leiðin, sem farin er í þessu frumvarpi. En þar er lagt til:

1. Að hafa hlutfallskosningu í öllum kjördæmum, þar sem kosnir eru fleiri en einn þingmaður. Miðað við atkvæðatölur við síðustu kosningar mundi hlutfallskosning í tvímenningskjördæmum hafa nægt til að jafna þingmannatölu og atkvæðamagn flokka.

2. Að fjölga þingmönnum í Reykjavík um tvo. Miðar það í áttina til að tryggja jöfnuð, því þar er hlutbundin kosning. Verður ekki skemmra farið um fjölgun þingmanna í Reykjavík, þegar litið er til mannfjölda, en það, sem á vantar, bætist upp af þátttöku Reykjavíkurkjósenda í uppbótarsætum, ef þau nægja til jöfnunar, eins og líklegt er eftir þessum tillögum.

3. Að allir aðrir kaupstaðir verði einmenningskjördæmi. Ný kjördæmi verða þá þrjú: Siglufjörður, Akranes og Norðfjörður. Má gera ráð fyrir, að það miði einnig til jöfnunar, og réttmætt að taka upp ný kjördæmi, þar sem gætir öflugra útgerðarhagsmuna. Sá atvinnuvegur er nú afskiptur, þegar litið er á kjördæmaskipunina í heild. Það er og gömul og góð regla, að lögsagnarumdæmi séu sér um þingmann. Með því að fjölga þingmönnum í Reykjavík um tvo og í öðrum kaupstöðum um þrjá, getur þingmannatalan komizt upp í 54, úr 49, sem nú er. En þó er ekki víst, að svo verði, ef jöfnuður næst með færri en 11 uppbótarsætum. En ekki er óeðlilegt, að þingmönnum fjölgi nokkuð; það er afleiðing af því að varðveita sem mest af hinni gömlu skipun, um leið og leiðrétt er það misrétti, sem upp hefur komið við breyttar aðstæður. Það er samfelld saga Alþingis frá því að þingmenn voru 36.

4. Að flokkum sé skylt að hafa landslista, og taki menn sæti á þingi eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að kosningu lokinni, þ. e. a. s. þegar fram eru komnar breytingar kjósenda á röðun. Telja flutningsmenn óþarft, að þeir, sem eru á landslista, þurfi að vera í framboði í kjördæmi, og vilja fella niður hinar flóknu reglur um röðun frambjóðenda, sem nú gilda. En ekki er þetta stórt atriði.

Það leiðir af sjálfu sér, að flutningsmenn eru fúsir til samninga um einstök atriði, ef það tryggir framgang málsins. Það koma fleiri leiðir til greina, sem stefna að þessu marki: að jafna atkvæðisrétt þegnanna og skapa jafnvægi milli flokka á þingi. Fyrir þá, sem stefna að því marki, ætti samkomulag að geta náðst um einstök

atriði. Hér er stefnt að því að endurbæta skipulag lýðræðisins í okkar landi. Einstaklingarnir og réttur þeirra er undirstaða þess, og þingið á að vera rétt mynd af þjóðinni.

Ed. 56. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 frá 21. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og borið það saman við gildandi lög og frumvarp um sama efni, sem borið var fram á haustþinginu síðasta.

Þegar það frumvarp kom til meðferðar deildarinnar, var það upplýst, að fjármálaráðuneytið hefði með höndum athugun á stimpilgjaldslögunum, og þótti því nefndinni réttara, að ákvæði frumvarpsins yrðu samferða öðrum breytingum, sem á lögunum kynnu að verða gerð, enda felur frumvarpið í raun og veru ekki í sér neina efnisbreytingu fram yfir það, sem ákveðið er í 3. gr. laganna, en herðir aðeins á þeim ákvæðum, m. a. með því að ákveða viðurlög, ef ákvæðum 3. gr. b-liðs er ekki fullnægt. Bar nefndin því fram tillögu um rökstudda dagskrá með hvatningu til ríkisstjórnarinnar um að bera fram tillögur um breytingar á lögunum. Þessi tillaga um rökstudda dagskrá var felld, og má vera, að sá þingvilji, sem þar kom fram gegn endurskoðun eða breytingum á stimpilgjaldslögunum, hafi nokkru ráðið um það, að ríkisstjórnin virðist hafa horfið frá þeirri fyrirætlun að bera fram breytingar á þeim.

En þar sem nefndin er út af fyrir sig hlynnt þeirri breytingu, sem frumvarpið fer fram á, og ekki nein von á tillögu frá ríkisstjórninni um málið, leggur hún til, að frumvarpið verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að bera fram breytingartillögur eða verða með breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 13. marz 1942.

Magnús Jónsson, form., frsm.	Erlendur Þorsteinsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson.

Nd. 57. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Stefáni Stefánssyni og Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætast nýir liðir:
   a. Á eftir C. 11. í sömu lagagrein kemur nýr liður:
      Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi í Kræklingahlíð til Dagverðareyrar.
   b. Tölulið XXI. a. í lögum nr. 72 23. júní 1936 skal orða svo:
      Svarfaðardalsvegur: Frá Árgerði um Urðir yfir brýr á Svarfaðardalsá hjá Hreiðarsstöðum og Skíðadalsá hjá Hvarfi og síðan austan Svarfaðardalsár á Dalvíkurveg hjá Hrísum.
   c. Tölul. XIV. b. í lögum nr. 109 14. maí 1940 skal orða svo:
      Hörgárdalsvegur: Frá vegamótum hjá Bægisá að Hörgárbrú í Skuggahvammi og þaðan um brú á Helguhyl vestan Hörgár á Hörgárbrú hjá Möðruvöllum.
2. Við fyrirsögn frv. bætist: lögum nr. 72 23. júní 1936 og lögum nr. 109 14. maí 1940.

Sþ. 58. Tillaga til þingsályktunar

um lagningu Siglufjarðarvegar.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Einar Árnason, Steingrímur Steinþórsson, Pálmi Hannesson, Erlendur Þorsteinsson, Stefán Stefánsson, Garðar Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta á næsta sumri leggja veg yfir háhrygg Siglufjarðarskarðs og jafnframt ljúka vegagerð frá Ketilási að Hraunum í Fljótum.

Greinargerð.

Á vetrarþinginu 1941 báru flm. þessarar þáltill. fram till. til þál. um að skora á ríkisstjórnina að láta fullgera veginn frá Siglufirði alla leið að vegamótum við Ketilás í Fljótum á næsta sumri (1942). Þessi þáltill. hafði mikið fylgi í þinginu, og má telja víst, að hún hefði orðið samþ., ef hún hefði verið borin undir atkvæði, en hún var aldrei tekin til umræðu í þinginu þrátt fyrir viðleitni flutningsmanna, heldur var þáltill. tekin út af dagskrá óræddd í þau skipti, sem hún var sett þar.

Um rök fyrir nauðsyn þessa vegar og um kostnað við lagningu hans vísast til greinargerðar, er fylgdi þáltill. í fyrra, svo og til bréfs vegamálastjóra, sbr. þskj. 138 á aðalþingi 1941.

Nú er þáltill. borin fram nokkuð breytt frá því, sem hún var í fyrra, þannig að aðeins er farið fram á, að vegurinn yfir háskarðið og kaflinn frá Ketilási að Hraunum í Fljótum verði fullgerðir.

Ástæðan til þess, að í þessari till. er nú farið skemmra heldur en í till. á síðasta reglulegu þingi er sú, að búast má við, að vinnukraft skorti til þess að fullgera veginn alla leið. Hins vegar má gera sér vonir um, að hægt sé með litlum kostnaði að ryðja kaflann milli Hrauna og skarðsins, svo að hann verði bílfær til bráðabirgða, og komist þá Siglufjarðarbær í samband við vegakerfi landsins, en á því er hin mesta nauðsyn og hefur aldrei verið eins mikil og nú.

Nd. 59. Frumvarp til laga

um læknisvitjanasjóði.

(Lagt fyrir Alþingi 1942.)

1. gr.

Ríkissjóður leggur árlega fram fé til læknisvitjanasjóða, er stofnaðir verða í læknishéruðum samkvæmt ákvæðum laga þessara, gegn þriðjungsframlagi annars staðar að. Þetta framlag ríkissjóðs má ekki fara fram úr 1 kr. á hvern héraðsbúa, er heima á utan þess kaupstaðar eða kauptúns, þar sem læknir situr, og ekki yfir 1000 kr. til hvers læknisvitjanasjóðs.

2. gr.

Læknisvitjanasjóðir, er njóta hlunninda samkvæmt lögum þessum, skulu ná til heils læknishéraðs. Einstakir hreppar mega þó vera sér um eignarhlutdeild í læknisvitjanasjóði, og rennur þá til séreignarinnar framlag hlutaðeigandi hrepps og samsvarandi hluti af framlagi ríkissjóðs samkv. 1. gr. (sbr. enn fremur ákvæði 3. gr.). Markmið læknisvitjanasjóða er að styrkja til læknisvitjana héraðsbúa, sem eiga erfiða læknissókn, eða létta þeim læknissóknina á annan hátt.

Í stjórn læknisvitjanasjóðs skulu vera bæjarfógeti, sýslumaður eða lögreglu-

stjóri þess lögsagnarumdæmis, er meiri hluti hlutaðeigandi læknishéraðs heyrir undir, og tveir menn kosnir á sameiginlegum fundi oddvita allra hreppa læknishéraðsins. Formaður er reikningshaldari og gjaldkeri sjóðsins.

Stjórn læknisvitjanasjóðs setur að öðru leyti reglur um starfsemi sjóðsins, er ráðherra staðfestir. Í reglum þessum má ákveða, að þeir einir geti notið styrks úr læknisvitjanasjóði, er greiða til hans iðgjöld, er nema mega allt að 1 kr. á mann á ári, en ekki mega þau iðgjöld rýra tekjur sjóðsins, sem honum eru áskildar í 1. gr. Úr læknisvitjanasjóði, sem iðgjöld eru greidd til, eða aflað er tekna fram yfir það, sem gert er ráð fyrir í 1. og 3. gr., má veita sjúkrastyrki aðra en læknisvitjanastyrki, svo og styrki til eflingar heilbrigðismálum héraðsins, en ekki má verja til þess háttar styrkja hærri upphæðum en þeim aukatekjum nemur. Í reglum þessum skulu vera ákvæði til tryggingar hagsmunum mjög afskekktra staða. Þess skal og gætt, að samlagsmenn sjúkrasamlaga innan læknishéraðs séu eigi miður settir að því er tekur til aðstoðar sjóðsins en aðrir héraðsbúar.

3. gr.

Þegar læknisvitjanasjóður hefur verið stofnaður í læknishéraði, renna til hans, auk framlags þess, er um getur í 1. gr., læknisvitjanastyrkir þeir, sem veittir eru eða veittir kunna að verða á fjárlögum til sérstakra hreppa læknishéraðsins. Ef hreppur er sér um eignarhlutdeild í sjóðnum, rennur læknisvitjanastyrkur hans til séreignarinnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 49 27. júní 1941.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta felur í sér þrjár smávægilegar breytingar á lögum um læknisvitjanasjóði frá næstsíðasta Alþingi, sem einstök sveitarfélög, er áhuga hafa á slíkum sjóðsstofnunum, hafa reynzt að óska mjög eindregið eftir. Er fyrsta breytingin fólgin í því, að skýrlega er heimilað, að einstakir hreppar megi vera sér um sína sjóðeign, enda geta þá að jafnaði ekki búizt við styrkveitingum úr sjóðnum framar en séreignin hrekkur til. Hefði að vísu mátt ákveða þessa skipun í reglugerð.

Hinar tvær breytingarnar eru gagngerðari, og lýtur önnur að því, að læknisvitjanastyrkir fjárlaganna falli ekki niður, þó að læknisvitjanasjóðum sé komið upp, heldur renni þeir aukreitis til þeirra. Við nánari athugun þykir þetta sanngjarnt. Læknisvitjanastyrkir þeir, sem einstökum hreppum hafa verið veittir á fjárlögum, eru hugsaðir sem erfiðleikauppbót vegna torveldari læknissóknar þessara hreppa en hinna, sem enga slíka styrki hafa fengið, þó að í einstökum tilfellum kunni nokkuð að skorta á, að samræmis og jafnaðar hafi verið gætt um þessar styrkveitingar. Aðstöðumunur hreppanna til læknissóknar er vitaskuld óbreyttur, þó að hinum fyrirhuguðu læknisvitjanasjóðum verði komið upp, og eftir sem áður full nauðsyn á að jafna hann að nokkru.

Loks er þriðja breytingin fólgin í heimild til að krefjast lítils háttar iðgjalda til sjóðanna þeim til nokkurs tekjuauka, enda megi þeir þá færa út svið sitt sem því svarar. Jafnframt því sem slíkar iðgjaldagreiðslur efla sjálfsbjargarviðleitni fólks, vísa þær leiðina til fullkomnari sjúkratrygginga, sem ýmsum sveitarfélögum þykir fullmikið í ráðizt að stofna til í einni atrennu.

Nd. **60. Frumvarp til laga**

um læknaráð.

(Lagt fyrir Alþingi 1942.)

1. gr.

Í læknaráði eiga sæti eftirtaldir læknar.

1) Landlæknir, sem er forseti ráðsins,
2) kennarinn í réttarlæknisfræði við háskólann,
3) kennarinn í heilbrigðisfræði við háskólann,
4) kennarinn í lyfjafræði við háskólann,
5) yfirlæknir lyflæknisdeildar Landsspítalans,
6) yfirlæknir handlæknisdeildar Landsspítalans,
7) yfirlæknir geðveikrahælis ríkisins,
8) yfirlæknir Tryggingarstofnunar ríkisins,
9) formaður Læknafélags Íslands.

Verði ráðið á þennan hátt ekki skipað 7 eða 9 mönnum, skipar ráðherra lækni eða lækna til viðbótar í ráðið, unz 7 eru, en einn, ef 8 eru fyrir.

2. gr.

Það er hlutverk læknaráðs að láta dómstólum, ákæruvaldi og stjórn heilbrigðismálanna í té sérfræðilegar umsagnir varðandi læknisfræðileg efni.

Læknaráð lætur meðal annars í té umsagnir um hvers konar læknisvottorð, sem lögð eru fyrir dómstólana, enda sé þeim beint til ráðsins samkvæmt úrskurði dómara.

Læknaráð lætur stjórn heilbrigðismálanna í té álit sitt á því, hvort tiltekin aðgerð, hegðun eða framkoma læknis, tannlæknis, nuddara, lyfsala, hjúkrunarkonu, ljósmóður eða annarra þvílíkra heilbrigðisstarfsmanna sé tilhlýðileg eða ekki.

Læknaráð lætur og stjórn heilbrigðismálanna í té álit sitt í sambandi við mikilsverðar heilbrigðisframkvæmdir, einkum varðandi meiri háttar sóttvarnarráðstafanir.

3. gr.

Læknaráð lætur ekki önnur mál til sín taka en þau, er borin hafa verið undir það samkvæmt 2. gr., og af þeim aðilum, er þar greinir.

Læknaráð lætur ekki í té umsögn um andlegt ástand eða sakhæfi manns, nema áður liggi fyrir álitsgerð sérfræðings eftir viðeigandi athugun, enda sé kostur slíkrar athugunar.

Læknaráð lætur ekki í té umsögn um dánarmein manns, nema áður liggi fyrir álitsgerð sérfræðings eftir líkskurð eða mannskaðaskýrsla lögum samkvæmt, ef um voveiflegt mannslát er að ræða, enda sé kostur slíkra gagna.

4. gr.

Rétt er, að læknaráð leiti jafnan álits sérfróðra manna utan ráðsins um mál, sem eru utan við sérfræðisvið þeirra manna, er ráðið skipa.

Áður en ráðið hnekkir vottorði læknis, skal það jafnan, ef því verður við komið, gera hlutaðeigandi lækni kost á að rökstyðja vottorð sitt nánar.

Mál, er varðar sérstaklega aðgerð, hegðun eða framkomu læknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna (sbr. 3. málsgr. 2. gr.), skal ráðið jafnan, ef því verður við komið, bera undir aðila, svo og stéttarfélag hans, áður en það lætur í té umsögn sína um það.

5. gr.

Enginn læknaráðsmanna á atkvæðisrétt um mál, er varðar sjálfan hann eða umbjóðanda hans, eða hann hefur áður tekið afstöðu til, hvort heldur er persónulega eða í embættisnafni. Nú verður ráðið óstarfhæft fyrir það, að einhver sér-

fræðingur ráðsins á ekki atkvæðisrétt um mál, er heyrir undir sérgrein hans, og skipar þá ráðherra sérfræðing í hans stað eftir tillögu ráðsins til að fjalla um það mál.

6. gr.

Læknaráð getur falið tveimur eða fleiri læknaráðsmönnum afgreiðslu máls í sínu umboði, enda heyri málið undir sérgrein eins eða fleiri þeirra, er um það fjalla. Læknaráðsmaður getur þó krafizt þess, að umsögn verði borin undir ráðið í heild. Ákveða má nánar um verkaskiptingu ráðsins í reglugerð, er ráðherra staðfestir.

Umsögn um aðgerð, framkomu eða hegðun læknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna (sbr. 3. málsgr. 2. gr.) skal ætíð borin undir ráðið í heild.

Verði ekki samkomulag í ráðinu um afgreiðslu máls, skal þess getið í umsögn, enda á sá eða þeir, er ágreining gera, rétt á að gera sérstaka grein fyrir atkvæði sínu.

Niðurstöður ráðsins skulu að jafnaði rökstuddar, og ætíð, ef sá, er umsagnarinnar beiðist, æskir þess sérstaklega, svo og ef ágreiningur er í ráðinu um niðurstöðu.

7. gr.

Læknaráð sendir ráðherra skýrslu um starfsemi sína að hverju ári liðnu, og skal birta opinberlega þær niðurstöður ráðsins, er almenning varða.

8. gr.

Kostnaður af starfsemi læknaráðs greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði ráðherra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frv. þetta lá fyrir síðasta reglulegu Alþingi, og fylgdi því þá svolátandi greinargerð:

Fyrir frv. þessu, sem er flutt í samráði við félagsmálaráðherra, skal gerð eftirfarandi grein:

Það hefur þótt koma í ljós við málarekstur fyrir dómstólum, er snertir lækna og læknisfræðileg efni, að erfiðleikar geti orðið á því fyrir ólæknisfróða dómara að skera þar úr á viðhlítandi hátt. Í slíkum málum liggja að vísu oftast fyrir vottorð og álitsgerðir lækna, en þá að jafnaði frá fleirum læknum en einum, og sá hænguri nn á, að illa eða ekki vill bera saman. Hlýtur þetta að leiða til meiri og minni ágreinings meðal dómara og hæpinnar dómsniðurstöðu eða dóma, sem vefengdir verða og þá líklegir til að spilla trausti manna á dómstólunum. Skortir hér auðsjáanlega eitthvert æðsta ráð læknisfróðra manna, er málum varðandi lækna og læknisfræðileg efni megi áfrýja til og dómstólarnir geti síðan stuðzt við. Eru slíkar stofnanir til í öðrum löndum og þykja ómissandi.

Ýmsar nýjungar í heilbrigðislöggjöf hinna síðustu ára hafa leitt til þess, að málum af þessu tagi fjölgar ört fyrir íslenzkum dómstólum, og er litt séð fyrir endann á því. Má þar einkum til nefna læknalögin, fóstureyðingalögin, lögin um afkynjanir og vananir, lögin um matvælaeftirlit og síðast en ekki sízt alþýðutryggingalögin. Hefur tryggingayfirlæknirinn vakið athygli á því, hve allur málarekstur í tryggingamálum sé erfiður og dómsúrslit hæpin, meðan dómararnir hafi ekki við annað að styðjast en sundurleit læknisvottorð, og telur hann ekki mega dragast að koma hér annarri skipan á. Að öðru leyti hefur einkum verið fundið til þess í sambandi við túlkun á ákvæðum læknalaganna, að vant væri einhvers konar yfirdóms lækna þar að lútandi. Hafði landlæknir vakið máls á því við læknafélögin, sem nú hafa tekið afstöðu til málsins í heild og tjáð sig eindregið fylgjandi frv. því, er hér liggur fyrir.

Um einstakar greinar frv. skal þessa getið:

Um 1. gr.

Ráðið er haft svo fjölmennt til þess, að þar sé sem víðtækust sérþekking fyrir hendi, en hins vegar er ekki ætlazt til, að það starfi að jafnaði í heild, heldur skipi undirnefndir til afgreiðslu einstakra mála, sbr. 6. gr.

Um 2. gr.

Auk þess, sem er aðalatriðið, að ráðið feiðbeini dómstólunum og ákæruvaldinu, er gert ráð fyrir því, að umboðsvaldið geti í einstökum tilfellum leitað álits þess, og þá sérstaklega um mál, er varða störf og hegðun lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna, svo og um einstakar mikilsverðar heilbrigðisframkvæmdir. En þar eru sérstaklega hafðar í huga sóttvarnarráðstafanir, er mjög mikið liggur við og tvímælis kann að orka um, hvort upp skuli taka eða hvernig haga beri. Eru þess dæmi, að ráð eins manns þyki þá veik stoð og sæti hættulegri gagnrýni. Má í því efni minnast á atburði í sambandi við inflúenzufaraldurinn mikla (spænsku veikina) 1918. Rétt er að geta þess viðvíkjandi fyrirhuguðum umsögnum ráðsins um hegðun lækna, að þeim er ekki ætlað að ná til þeirra viðskipta lækna innbyrðis, er heyra sérstaklega undir siðareglur þeirra (codex ethicus). Því er krafizt úrskurðar dómara um áfrýjun læknisvottorða til ráðsins (2. málsgr.), að ella mætti búast við, að ráðið yrði ónáðað algerlega að óþörfu um umsagnir þar að lútandi.

Um 3. gr.

Hér er verksvið ráðsins takmarkað við ákvæði 2. gr. og skýrt tekið fram, að áður en umsagnar þess sé leitað um andlegt ástand eða sakhæfi eða dánarmein manns, skuli með þau mál hafa verið farið á venjulegan hátt þeim til sem fyllstrar upplýsingar.

Um 4. gr.

Þessari grein er ætlað að tryggja rétt aðila að málum þeim, er ráðið fær til meðferðar.

Um 5.—7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Þóknun fyrir starfsemi ráðsins yrði væntanlega miðuð við afgreiðslu mála eða fundafjölda, eins og nú er farið að tíðkast um opinberar nefndir.

Fylgiskjal.

LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS.

Reykjavík, 12. febr. 1942.

Út af bréfi yðar, herra landlæknir, viðvíkjandi frv. því um læknaráð, sem þér báruð fram á fyrra Alþingi síðastl. ár, vil ég hér með láta yður vita, að stjórnir Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur hafa ekkert sérstaklega við það að athuga, enda gera þær ráð fyrir, að með reglugerð verði ráðinu skipt í smærri sjálfstæðar nefndir eftir verkefnum, svo ekki þurfi ætíð að kalla allt ráðið saman í hvert sinn, sem mundi reynast helzti þungt í vöfunum.[1])

F. h. L. Í. og L. R.

Magnús Pétursson (sign).
p.t. formaður L. Í.

Til landlæknis.

---

1) Ákvæði hér að lútandi hafa verið tekin upp í frv.

Sþ. 61. Tillaga til þingsályktunar

um aðstoð við íslenzka námsmenn á Norðurlöndum og í Þýzkalandi.

Flm.: Pálmi Hannesson, Eiríkur Einarsson, Ásgeir Ásgeirsson, Emil Jónsson. Bjarni Ásgeirsson, Magnús Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá farborða, eftir því sem með þarf og unnt er, þeim íslenzkum námsmönnum, er dveljast í þeim löndum, sem samgöngur héðan eru tepptar við. Jafnframt heimilar Alþingi ríkisstjórninni að veita námsmönnum þessum sem styrk allt að helmingi þess fjár, sem hún leggur þeim til dvalarkostnaðar.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, dveljast allmargir íslenzkir námsmenn á Norðurlöndum og í Þýzkalandi. Litlar fregnir berast frá þeim, en þó er kunnugt, að þeir eigi við að etja allmikla erfiðleika vegna dýrtíðar og annars. Kunnugt er og, að flestir þeirra, ef ekki allir, stundi nám sitt af fullkominni alúð, og ýmsir hafa þegar lokið námi, en komast þó ekki heim.

Ríkisstjórnin hefur látið sendiráðin í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi greiða þessu fólki nauðsynlegan námseyri, en síðan hafa aðstandendur þess endurgreitt féð hér heima, að því leyti, sem þeir hafa getað. Þessi skipun er að vísu góðra gjalda verð og raunar fullnægjandi þar, sem efnaðir aðstandendur eiga í hlut. En hitt er þó víst, að allmargir þeirra námsmanna, sem hér eiga hlut að máli, verði að brjótast áfram af eigin rammleik að miklu leyti eða öllu, og þykir því rétt, að ríkið hlaupi undir bagga með þeim á þann hátt, sem hér segir.

Jafnframt er þess vænzt, að ríkisstjórnin rannsaki til þrautar, hvort ekki sé unnt að hjálpa þeim námsmönnum, sem lokið hafa námi erlendis, til þess að komast heim, því að hér er þeirra þörf, en hins vegar vafasamt, hvert gagn þeir geti gert sér erlendis, úr því að námi er lokið.

Nd. 62. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 126 9. des. 1941, um viðauka við og breyting á lögum 8. sept. 1941 um húsaleigu.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Aftan við 1. málsgr. 1. gr. laganna komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Þegar sérstaklega stendur á, getur húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) leyft aðfluttum opinberum starfsmanni, sem eignazt hefur hús á starfssvæði sínu eftir gildistöku bráðabirgðalaga frá 8. sept. 1941, að segja upp leigusamningum um húsnæði í húsinu, sé honum þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig.

Uppsögn á húsnæði, sem heimil væri eftir 1. málsgr., en fram hefur farið fyrir gildistöku þessara laga, getur húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) metið gilda, enda hafi uppsögn miðazt við 14. maí 1942.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum hlutaðeigandi ráðuneytis, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Landlæknir hefur skýrt ráðuneytinu svo frá, að læknir, sem veitt hafi verið héraðslæknisembætti á síðastliðnu hausti, hafi, eftir að hann tók við embætti sínu, verið að kalla má húsnæðislaus með fjölskyldu sína, lækningastofu og lyfjabúð. Til þess að ráða bót á þessu ástandi hafi héraðslæknirinn neyðzt til að kaupa hús, í fullu trausti þess, að leigjendur hússins mundu víkja 14. maí n. k. Þar sem trygging hafi ekki fengizt fyrir því, að héraðslæknirinn komist inn í hús sitt á næsta flutningsdegi, beri nauðsyn til, bæði vegna héraðslæknisins og héraðsbúa, að húsaleigulögunum verði breytt þannig, að aðfluttum opinberum starfsmönnum leyfist að segja upp leigusamningum, enda þótt þeir hafi eignazt hús eftir gildistöku bráðabirgðalaga frá 8. sept. 1941.

Ráðuneytið er sömu skoðunar og landlæknir um, að nauðsyn beri til að gera umrædda breytingu á húsaleigulögunum, enda er hún í samræmi við ákvæði 2. gr. laga nr. 126/1941, þar sem húsaleigunefnd er heimilað að leyfa húseiganda að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði.

Ráðuneytið hefur borið frumvarp þetta undir húsaleigunefndina í Reykjavík, og er hún því samþykk.

Nd. 63. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1942.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „árið 1942“ komi: árin 1942 og 1943.
   b. Í stað orðanna „með 80% álagi“ komi: með 200% álagi.
2. Við fyrirsögn. Fyrir „árið 1942“ kemur: árin 1942 og 1943.

Einn nefndarmanna (HG) tók það fram, að hann hefði, ásamt fleiri þm., gert till. í frv. um dýrtíðarráðstafanir um skatt á kvikmyndasýningar, og skrifi hann því undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 16. marz 1942.

Sveinbjörn Högnason, form.	Jón Pálmason, fundaskr.	Stefán Stefánsson. frsm.
Skúli Guðmundsson.	H. Guðmundsson, með fyrirvara.	

Ed. 64. Breytingartillögur

við frv. til l. um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að selja, frá 1. jan. 1943 að telja:
   a. Ólafsvíkurhreppi þjóðjörðina Ólafsvík á Snæfellsnesi;
   b. Siglufjarðarkaupstað kirkjujörðina Hvanneyri.
2. Fyrirsögn frumv. skal orða svo:
   Frumvarp til laga um sölu þjóðjarðarinnar Ólafsvíkur á Snæfellsnesi og kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði.

Nd. 65. Tillaga til þingsályktunar

um vörzlu gripa úr Hólakirkju.

Flm.: Pálmi Hannesson, Steingrímur Steinþórsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framvegis geyma í dómkirkjunni að Hólum í Hjaltadal þá muni, eða nákvæmar eftirlíkingar slíkra muna, sem heyra kirkjunni til, en nú eru í vörzlu þjóðminjasafnsins.

Greinargerð.

Hólakirkja í Hjaltadal er vafalaust virðulegasta guðshús á landi hér. Um nokkur ár undanfarið hefur hún verið endurbætt og fengið mjög þann svip, er hún hafði í öndverðu. Þjóðminjavörður hefur annazt endurbætur þessar, og mun það dómur flestra þeirra, er til þekkja, að þær hafi tekizt hið bezta. En nokkrir þeirra muna, sem kirkjan átti og voru henni til skrauts, hafa verið fluttir burtu til varðveizlu í Þjóðminjasafninu, og virðist augljóst, að kirkjan fái ekki sinn fyrri brag, nema hún fái þá á ný. Þeir meinbugir eru þó á um sumt þessara muna, að talið er, að þeim sé hætt við skemmdum af raka, og eru raunar ýmsir þeirra skemmdir og þurfa endurbóta við. Virðist því tæplega rétt að flytja slíka muni í kirkjuna fyrri en svo hefur verið fyrir séð um upphitun hennar, að þeir teljist þar óhultir. En þar sem slíks mun ekki von í náinni framtíð, má telja hitt eðlilegt, að kirkjan fái eftirlíkingar þessara muna, og séu þær gerðar undir eftirliti og umsjá þjóðminjavarðar.

Loks skal á það bent, að æskilegt er, að endurbótum kirkjunnar verði lokið sem fyrst, en til þess skortir fé nokkurt, og þó eigi mikið.

Ed. 66. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 44 [Útsvör].

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við I. a.

1. Á eftir orðunum „svo og ef rekin hefur verið verzlun“ komi: sala eða kaup á fiski eða fiskafurðum, o. s. frv.
2. Við liðinn bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Ákvæði þessi ná eigi til veiðiskipa, þótt þau setji afla sinn á land til söltunar eða í verksmiðjur, né til skipshafna eða annars verkafólks, sem starfar utan dvalarsveitar um stundarsakir.

Nd. 67. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Akranesi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur borið frumvarpið saman við hin nýrri hafnarlög fyrir kaupstaði og kauptún. Leggur hún til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 5 menn. Skal nefndin kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er bæjarstjórn kýs. Heimilt er þó að kjósa í nefndina menn, er ekki eiga sæti í bæjarstjórn.
2. Við 15. gr. Orðin „sem kostur er“ falli burt.
3. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
   Frumvarp til hafnarlaga fyrir Akranes.

Alþingi, 17. marz 1942.

Finnur Jónsson, form. — Sigurður Kristjánsson, frsm. — Sig. E. Hlíðar, fundaskr.

Jón Ívarsson. — Gísli Guðmundsson.

Ed. 68. Nefndarálit

um frv. til laga um notkun vegabréfa innanlands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, ásamt þeim ástæðum, sem fram hafa verið færðar fyrir því, að nauðsyn beri til að fyrirskipa mönnum að bera vegabréf innanlands. Getur nefndin fallizt á þau rök, sem fyrir þessum ráðstöfunum eru færð, og leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 17. marz 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson, form. — Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm. — Magnús Gíslason.

Nd. 69. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

33. gr. laganna orðist þannig:

Hver framboðslisti, sem hlotið hefur bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn, kosna hlutbundnum kosningum, hefur rétt til jafnmargra varamanna og aðalmanna, þó ekki færri en þriggja varamanna.

Varamenn á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt sem aðalmenn, þannig að þeir eru tilnefndir varamenn, sem hæstar atkvæðatölur hafa næst á eftir hinum kjörnu aðalmönnum.

Varamenn taka sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd í þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá, flytjast burtu eða forfallast á annan hátt frá að eiga sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Ef bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða annars, á hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt á meðan.

Varamenn taka sæti í þeim nefndum innan bæjarstjórnar eða hreppsnefndar eða nefndum skipuðum af bæjarstjórnum eða hreppsnefndum, er sá bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður sat í, er þeir taka sæti fyrir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka einnig til bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosninga, sem fram hafa farið frá árslokum 1941.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun félagsmálaráðherra, en nefndarmenn áskilja sér rétt til að hafa óbundnar hendur um einstök atriði þess.

Frumv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Þeirri reglu hefur verið fylgt, að framboðslisti, sem hlotið hefur bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn, skuli hafa rétt til jafnmargra varamanna. Þegar framboðslisti hefur aðeins fengið kosna einn eða tvo aðalmenn, þá kemur það fyrir, að varamenn eru ekki fyrir hendi til þess að taka sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd í stað forfallaðs aðalmanns, og getur þá svo farið, að bæjarstjórn eða hreppsnefnd verði óstarfhæf.

Til þess að ráða bót á þessu er í frumvarpinu lagt til, að lögum um sveitarstjórnarkosningar verði breytt á þá leið, að enginn framboðslisti fái færri en þrjá varamenn.

Þá er lagt til, að felld verði burtu 2. mgr. 33. gr. laganna, þar sem ákveðið er, að fyrsti varamaður taki sæti fyrsta aðalmanns, annar varamaður taki sæti annars aðalmanns o. s. frv. Þessu ákvæði mun ekki hafa verið fylgt í framkvæmd, og er í frumvarpinu ákveðið, að varamenn taki sæti í þeirri röð, sem þeir eru kosnir, án tillits til þess, hvaða aðalfulltrúi hefur forfallazt.“

Nd. 70. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Brunabótafélag Íslands er gagnkvæmt ábyrgðarfélag vátryggjenda, eftir því sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Úr 2. gr. laganna falli burt orðin „utan Reykjavíkur“.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að tryggja í félaginu allar húseignir í kaupstöðum og kauptúnum, þar

með talin hús í smíðum, hvort sem þau eru eign einstakra manna, félaga eða opinberar eignir. Sömuleiðis er skylt að tryggja í félaginu öll hús utan kaupstaða og kauptúna, nema gripahús, hlöður og geymsluhús á sveitabæjum, enda séu þau ekki áföst íbúðarhúsum, svo að þau megi teljast vera í óaðgreinanlegri brunahættu með þeim.

Ákvæði fyrri málsliðar þessarar greinar um vátryggingarskyldu í félaginu nær þó ekki til húseigna í Reykjavíkurkaupstað.

4. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er félaginu að taka í eldsvoðaábyrgð öll hús í sveitum, sem ekki falla undir ákvæði 3. gr. um vátryggingarskyldu í félaginu.

Svo er félaginu og heimilt, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka eldsvoðaábyrgð á húsum í Reykjavík, með sérstökum samningi við bæjarstjórn, og að taka þátt í vátryggingu húseigna í Reykjavík með öðrum vátryggingarfélögum.

Enn fremur er félaginu heimilt að taka í eldsvoðaábyrgð hvers konar lausafé, þar með taldar hvers konar afurðir í vörzlu framleiðenda, nema verzlunarbirgðir.

5. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Vátryggingum skal haldið aðgreindum í 5 flokka, þannig að unnt sé að gera upp iðgjöld og tjón hvers flokks fyrir sig:

1. Tryggingarflokkur fasteigna í kaupstöðum og kauptúnum.
2. Tryggingarflokkur fasteigna í sveitum.
3. Tryggingarflokkur lausafjár.
4. Tryggingarflokkur fasteigna í Reykjavík.
5. Tryggingarflokkur stríðstryggingar íslenzkra skipshafna.

Árlegur tekjuafgangur flokkanna, sem og aðrar tekjur félagsins, fellur til sameiginlegs varasjóðs, sem er að fullu ábyrgur fyrir tjónum í 1.—4. flokki, en hefur takmarkaða ábyrgð fyrir 5. flokki.

6. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Félagið leitar endurtryggingar eða samtryggingar (coassurance) hjá öðrum vátryggingarfélögum, fyrst og fremst innlendum, að því leyti sem það telur ekki fært að hafa áhættuna á eigin ábyrgð.

7. gr.

Fyrri málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Allir þeir, sem skyldir eru til vátryggingar hjá félaginu samkvæmt 3. gr., eru félagsmenn þess. Félagsmenn ábyrgjast, að iðgjaldasjóður félagsins standi í skilum. Þó nær ábyrgðin aðeins til þeirra eigna, sem vátryggðar eru í félaginu, sbr. 3. gr.

8. gr.

9. gr. laganna falli niður, og greinatala breytist samkvæmt því.

9. gr.

Aftan við 13. gr. laganna bætist: eða ástæður, sem tjónþola er ekki sjálfrátt um.

10. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld af fasteignum í skyldutryggingu, svo og skírteinisgjöld, hvíla sem lögveð á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem á þeim hvíla, nema sköttum til ríkissjóðs.

Séu gjöldin eigi greidd innan 6 mánaða frá gjalddaga, er heimilt að láta selja hina vátryggðu eign á uppboði, án undanfarins dóms, sátta eða lögtaks, en tilkynna

skal vátryggjanda í ábyrgðarbréfi eða á annan öruggan hátt, að sölu hafi verið beiðzt. Á sama hátt skal uppboðshaldari aðvara eiganda, með tveggja vikna fyrirvara, áður en hann sendir söluauglýsingu til birtingar.

Uppboðið skal auglýst einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Má sala ekki fara fram fyrr en 6 vikum eftir birtingu auglýsingarinnar.

Virðingargjöld má heimta með lögtaki.

11. gr.

Aftan við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Séu gjöldin eigi greidd áður en 3 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða af þeim dráttarvexti frá gjalddaga til greiðsludags, er nemi ½% fyrir hvern mánuð eða hluta af mánuði, sem það hefur dregizt.

12. gr.

Á eftir 16. gr. laganna komi 3 nýjar greinar, og breytist greinatala samkvæmt því:

a. (16. gr.) Félagið skiptist í deildir. Bæjarfélag hvert eða sveitarfélag telst sérstök deild í félaginu.

b. (17. gr.) Þegar varasjóður félagsins er orðinn svo hár, að öruggt þykir að dómi framkvæmdarstjórnar um fjárhagsafkomu þess, má af árlegum tekjuafgangi greiða félagsdeildunum ágóðahluta af skyldubundnum fasteignatryggingum, enda hafi brunatjón ekki farið fram úr 80% af iðgjöldunum á því ári, sem ágóða er úthlutað fyrir. — Upphæð ágóðahluta í hvert sinn ákveðst af félagsstjórn og miðast við það, að félaginu safnist fé í minnsta lagi hlutfallslega við aukningu vátryggingarverðmætisins.

Nánari reglur um ágóðaúthlutun skulu settar með reglugerð. Má þar ákveða, að úthlutunin sé í tveim flokkum, annars vegar af fasteignavátryggingum í kaupstöðum og kauptúnum, hins vegar af fasteignavátryggingum í sveitum, og geti verið misjöfn til hinna einstöku deilda innan hvors flokks, eftir því hve tjónin hafa orðið mikil á móts við iðgjöld þeirra.

c. (18. gr.) Heimilt er félaginu að efna til eftirlaunasjóðs fyrir fasta starfsmenn félagsins, ekkjur þeirra og börn.

13. gr.

22. gr. laganna falli niður. Greinatala breytist eftir því.

14. gr.

Síðari málsgr. 23. greinar laganna orðist svo:

Brjóti aðrir en vátryggjendur gegn lögunum, eða reglum og ákvæðum settum samkvæmt þeim, varðar það sektum, 10—500 krónum eftir málavöxtum.

15. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 22 1. febr. 1936.

16. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í meginmál laga nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands, að slepptri 25. gr. laganna, og gefa þau síðan út þannig breytt.

Greinargerð.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefur sent nefndinni frv. þetta til meðferðar. Nefndarmenn hafa óbundna afstöðu til einstakra atriða þess. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð frá forstjóra Brunabótafélags Íslands:

„Síðan 1932 og 1936, er lögum Brunabótafélags Íslands var breytt, hefur orðið nokkur útfærsla á starfssviði félagsins og breytingar á ástæðum þess og almennum ástæðum, er gera þörf ýmist nýrra breytinga eða viðauka. — Nánar um það efni verður rætt í athugasemdum við hinar einstöku frumvarpsgreinar.

Um 1. gr.: Þegar Brunabótafélag Íslands var stofnað, átti það eðlilega engan sjóð til að mæta áhættunni, sem það tókst á hendur. Áhættunni var því mætt með takmarkaðri ábyrgð ríkissjóðs og vátryggjenda.

Þrátt fyrir það, þótt félagið setti vátryggingariðgjöldin 25—40% lægri en þau voru áður hjá hinum erlendu vátryggingarfélögum, sem þá höfðu frjálsar tryggingar hér á landi, hefur því samt frá upphafi safnazt árlega fé, og aldrei þurft til að taka, hvorki ábyrgðar ríkissjóðs né félagsmanna. Fjársöfnunin var hæg framan af, en vaxandi smátt og smátt, eftir að hún fór meir og meir að styðjast við vexti af því fé, sem safnaðist. Eftir að starfssvið félagsins var fært út til smákauptúna (1932) og sveitanna (1934) og einkum er félagið fékk hagstæðari endurtryggingarkjör (1932) en verið höfðu áður, fór sjóðurinn örar vaxandi. Í lok síðasta vátryggingarárs (15. okt. 1941) var hann rúmar 4,7 milljónir króna.

Þar sem baktrygging félagsins er þannig orðin að miklum mun meiri en hún var í upphafi, og með tilliti til allrar reynslu félagsins, þykir eðlilegt, að ábyrgð ríkissjóðs falli niður. En þar sem félagið er gagnkvæmt ábyrgðarfélag fasteignavátryggjenda, er sjálfgefið, að þeirra ábyrgð haldist eins og hún var ákveðin í upphafi, enda þótt væntanlega þurfi aldrei til hennar að taka.

Óþarft virðist að halda í lögunum tilvitnuninni um stofnár félagsins, enda er *hún ekki alls kostar rétt. Félagið var stofnað* með lögum 1907, en lögunum var aðeins breytt 1915, og starfræksla hófst ekki fyrr en í ársbyrjun 1917.

Um 2. og 3. gr.: Greinarnar eru samhljóða 1. og 2. gr. laga nr. 22 1936.

Um 4. gr.: Bætt er við 2. efnismálsgr. 4. gr. laganna ákvæði til samræmis við það, að félagið hefur nú með samningi við Sjóvátryggingarfélag Íslands, ásamt endurtryggingarfélagi sínu, tekið að sér hálfa áhættu af vátryggingu húseigna í Reykjavík.

Í síðustu málsgrein felst engin breyting frá lögunum, aðeins nánari orðun á þeirri heimild félagsins til lausafjártrygginga, sem ákveðin hefur verið. Undantekning á almennri heimild félagsins til lausafjártrygginga tekur aðeins til verzlunarbirgða.

Þá má og geta þess hér, að félagið hefur, með heimild í lögum nr. 37 frá 12. febr. 1940, tekið að ¼₀ hluta þátt í stríðstryggingu íslenzkra skipshafna. Tjónin hafa orðið vonum minni til þessa, svo að afgangur hefur orðið af iðgjöldum til þessa. Áhætta félagsins af þátttöku sinni er takmörkuð við 60 þús. krónur.

Um 5. gr.: Flokkaskipting 6. gr. laganna fellur ekki við starfssvið félagsins, eins og það er orðið eftir útfærslu hinna síðari ára. Flokkaskipting sú, sem frumvarpsgreinin ákveður, er nauðsynleg fyrst og fremst til þess að fylgjast með því, hvernig hver tegund trygginganna ber sig, og ákveða iðgjöldin fyrir hvern flokk með tilliti til þess. Þrátt fyrir þessa skiptingu bera flokkarnir að fullu sameiginlega áhættuna hver með öðrum, þó að undanskilinni stríðstryggingunni. Áhætta varasjóðs af þátttöku í henni er takmörkuð (sbr. aths. um 2. gr.).

Um 6. gr.: Vegna hinna óviðráðanlegu og óvissu ástæðna, sem nú eru í hvívetna, getur verið nauðsynlegt, að hámark það, sem 7. gr. laganna setur fyrir áhættu félagsins *af einstökum vátryggingum, sé ekki einskorðað. Hvort tveggja* getur komið fyrir, að endurtrygging fáist ekki eða falli niður af óviðráðanlegum orsökum, sem og hitt, að hagfellt eða nauðsynlegt verði að leita endurtryggingar á öðrum grundvelli en þeim, sem samræmist hámarksákvæðum laganna.

Um 7. gr.: Málsgreinin er samræmd við orðun frumvarpsins. Tilvísunin um það, hverjir séu hinir ábyrgu félagsmenn, er skýrari til 3. gr. en til 6. gr. eins og hún yrði eftir frumvarpinu.

Um 8. gr.: Niðurfall 9. gr. laganna er afleiðing af breytingunni við fyrstu grein, niðurfall ábyrgðar ríkissjóðs.

Um 9. gr.: Lögin (13. gr.) ákveða, að draga skuli 10—20% frá tjónbótum, sé ekki endurbyggt, nema almannahagur heimti, að frá því sé vikið. Aðrar ástæður geta einnig verið fyrir hendi, sem gera tjónþola ómögulegt að endurbyggja, svo sem er nú af völdum ófriðarins. Virðist þá ekki sanngjarnt að láta það bitna á vátryggjanda.

Um 10. gr.: Fyrsta málsgrein er ekki efnisbreyting, aðeins skýrar tekið fram um það, sem í henni hefur falizt.

Í annarri málsgr. er farið fram á það, að félaginu sé veitt sams konar heimild um innheimtu iðgjaldanna sem gefin er Landsbanka Íslands í 17. gr. laga nr. 1 frá 1900 til sölu veðsettra eigna án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms (hér lögtaks), sbr. 10. gr. tilskip. frá 18. febr. 1847. Lögtak sem undanfari sölu er með öllu óþarft, þar sem það er aldrei tekið í öðru en sjálfri hinni vátryggðu og lögveðbundnu eign og því ekki til annars en fyrirhafnar og kostnaðar fyrir vátryggjanda. Í reyndinni mun aldrei hafa komið til nauðungarsölu vegna brunabótagjalda einna saman. Hér er því aðeins um innheimtuaðferð að ræða eða greiðsluþvingun.

Þá er farið fram á, að söluformið sé gert kostnaðarminna með því, að söluumboðið þurfi ekki að auglýsa nema einu sinni. Iðgjöldin nema oft fáum krónum eða tugum króna. Gjaldendum er því tilfinnanlegt að þurfa að greiða í lögtaks- og auglýsingakostnað oft margfalda upphæð við iðgjaldið. Tilhögunin, sem hér er ráðgerð, væri báðum aðilum til hagsbóta, án þess að skert sé réttaröryggi þeirra, enda vátryggjendum tryggður ekki minni frestur en með lögtaksgerðinni til þess að komast hjá auglýsingar- og sölukostnaði.

Um 11. gr.: Það er orðin venja um mörg viðskipti og lögfest um fastákveðin gjöld tlest, að greiddir séu dráttarvextir, ef gjöldin eru ekki greidd innan lögskilins frests frá gjalddaga. Séu dráttarvextir ekki greiddir, fá þeir, sem draga að greiða gjöld sín, umbun fyrir greiðsludráttinn miðað við hina, sem greiða í gjalddaga. Torvelda þessar ástæður mjög greið skil á iðgjöldum. Fresturinn, sem hér er ætlaður, er þrefalt lengri en greiðslufrestur iðgjalda af fasteignum í Reykjavík.

Um 12. gr.: a. Deildaskipting sú, sem hér er gerð, er nauðsynleg til að fá grundvöll fyrir ágóðaúthlutun þeirri, sem ræðir um í staflið b.

b. Þar sem Brunabótafélag Íslands er gagnkvæmt ábyrgðarfélag þeirra fasteignavátryggjenda, sem hafa skyldubundnar vátryggingar í félaginu (sbr. 1. gr. félagslaganna), ber vátryggjendum að réttu lagi að hafa áhættu og ágóða af starfsemi félagsins. Vegna hins verulega stuðnings af vöxtum af því fé, sem safnazt hefur, er áætla má nú árlega nálægt 200 þús. kr., má telja, að árleg fjársöfnun verði hér eftir meiri en full þörf er á. Undanfarin 4 síðustu árin hefur fjársöfnunin verið fullar 400 þús. krónur árlega að meðaltali. Þó að vátryggingarverðmætið vaxi að vísu talsvert með ári hverju, þá fara jafnframt minnkandi hlutfallsleg tjón sem og sambrunahætta, bæði vegna aukinna brunavarna og eldtryggari nýbygginga almennt en hinar eldri voru.

Vegna þess að möguleikinn til ágóðaúthlutunar byggist að mestu eða öllu á vöxtunum af því fé, sem safnazt hefur og safnast væntanlega áfram, þá þykir rétt, að hann falli til deilda félagsins, sveitar- og bæjarfélaga, en ekki beint til vátryggjenda, enda eiga að miklu leyti aðrir einstaklingar hluta í fjársöfnuninni en núverandi eigendur. Þá er og þess að gæta, að félagsdeildirnar hafa nokkur almenn útgjöld til brunavarna. Ágóðahlutunin til þeirra gæfi þeim nokkrar tekjur á móti. Yrðu þau þá færari um að uppfylla þær skyldur um brunamál og brunavarnir, sem á þau eru lögð í hinum almennu brunamálalögum og með brunamálasamþykktum. En í þeim efnum er víða nokkurs áfátt, m. a. vegna fjárskorts. Vátryggjendum kæmi úthlutunin til góða á þann hátt, að vegna hennar þyrftu bæjar- og sveitarfélög að gera til þeirra nokkurn veginn tilsvarandi lægri kröfur til útgjalda.

Ástæðan til að ákveða ágóðaúthlutunina í tveim flokkum er sú, að í þéttbýlinu er sambrunahætta, en ekki í dreifbýlinu. Og ávinningurinn við að ákveða mismunandi ágóðahluta til hinna einstöku deilda innan hvers aðalflokks væri bæði réttlætis-

ástæður og hvöt fyrir deildirnar, hverja fyrir sig, til að gæta sín sem bezt fyrir brunatjónum með öllum tiltækilegum ráðum.

c. Það er nú orðin venja hjá hinum stærri stofnunum að efna til eftirlaunasjóða fyrir fasta starfsmenn, er þeir láta af störfum. Sú er einnig stefnan í almennri löggjöf, að tryggja öllum mönnum nokkurn framfærslueyri, þegar kraftar bresta eða heilsa dvín. En vegna þess hve hinar opinberu almennu ráðstafanir í þessu efni eru nýlega tilkomnar og ófullnægjandi í ýmsu tilliti, þá koma þær lítt að notum fulltíða mönnum eða eldri.

Brunabótafélag Íslands er stofnun, sem ekki er fyrirsjáanlegt, að hætti störfum eða leggist niður. Má því teljast eðlilegt og nauðsynlegt, að félagið komi upp, í samræmi við kröfur tímans, eftirlaunasjóði á líkan hátt og flestar aðrar meiri háttar stofnanir hafa gert.

Um 13. gr.: Ákvæðum laganna er nú fullnægt og greinarinnar því ekki þörf lengur.

Um 14. gr.: Fyrri vátryggingin tekur aðeins til brota vátryggjendanna og leggur við aðeins réttindaskerðingu til brunabóta eftir málsástæðum.

Síðari málsgreinin má ætla, að eigi við brot annarra en vátryggjenda, svo sem ef önnur vátryggingarfélög taka vátryggingar, sem skyldubundnar eru hjá félaginu, brot vátryggjenda sjálfra, sem eru þess eðlis, að ekki er eðlilegt að þau valdi réttindaskerðingu til brunabóta, eða brot annarra manna. Breytingartillagan miðar að því að gera þetta skýrara og ákveðnara. Sektartakmörk virðist rétt, að fram séu tekin í lögunum, og sektartakmörk í reglugerð á þeim byggð.

Um 15. gr.: Krefur ekki skýringa.“

Sþ. 71. Breytingartillögur

við till. til þál. um lagningu Siglufjarðarvegar.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Aftan við tillöguna bætist: enn fremur að láta ljúka á næsta sumri vegagerð á Öxarfjarðarheiði.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði: Tillaga til þingsályktunar um lagningu Siglufjarðar- og Öxarfjarðarheiðarvegar.

Nd. 72. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 27. júní 1921, um sölu á prestsmötu.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Fyrri málsgr. frvgr. orðist þannig:
   Andvirði prestsmötu, sem þegar er seld eða seld verður, renni til kirkna þess prestakalls, sem naut hennar áður, og skiptist jafnt milli þeirra.
2. Aftan við frvgr. komi ný gr., sem verður 2. gr., svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 17. marz 1942.

Sveinbjörn Högnason, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Skúli Guðmundsson.
H. Guðmundsson. St. Stefánsson.

Nd. 73. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Skipaður skal 5 manna gerðardómur í kaupgjaldsmálum. Hæstiréttur Íslands skipar alla gerðardómsmennina, og skal formaður dómsins skipaður sérstaklega. Enn fremur skipar hæstiréttur 3 menn til vara, og taka þeir sæti í dóminum eftir því, sem ákveðið er í skipunarbréfinu.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Allur ágreiningur, sem verður um kaup og kjör milli vinnuveitenda og vinnuþiggjenda hér á landi, skal lagður undir úrskurð gerðardómsins.
3. Við 4.—7. gr. Greinarnar falla niður, og breytist greinatalan samkv. því.
4. Við 12. gr. (sem verður 8. gr.). Greinina skal orða svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
5. Við frv. bætast svo hljóðandi

Ákvæði um stundarsakir:

Meðan styrjöld sú, er nú stendur yfir, varir í Norðurálfunni, skulu eftirfarandi ákvæði gilda sem lög:

1. Verkföll og verkbönn, sem gerð eru í því skyni að fá breytingar á kaupi eða kjörum, eru óheimil.
2. Ríkisstjórnin gefur út skrá yfir nauðsynjavörur innlendar og innfluttar, og ákveður gerðardómurinn verð á þeim í heildsölu og smásölu. Verðlagið skal endurskoðað, þegar verðlagsnefndir eða ríkisstjórnin gera tillögur um það.
3. Gerðardómurinn ákveður farmgjöld með skipum, sem gerð eru út af íslenzkum mönnum, þegar ríkisstjórnin eða útgerðarmaður óskar þess.
4. Gerðardómurinn ákveður verðlag á innlendum iðnaðarvörum, svo og taxta fyrir viðgerðir, smíði, saumaskap, prentun og því um líkt, þegar ríkisstjórnin felur honum það.

6. Fyrirsögn frumv. skal orða svo:
   Frumvarp til laga um gerðardóm í kaupgjaldsmálum o. fl.

Ed. 74. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 100 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Í skólanum skal kenna:

Stærðfræði, siglingafræði, íslenzku, tvö erlend tungumál, eðlisfræði, vélfræði, sjórétt, veðurfræði, hjúkrunarfræði, bókhald, viðskiptafræði, sjómennsku og leikfimi, auk þess þær fræðigreinar, sem krafizt er sérstaklega fyrir skipstjóra á varðskipum ríkisins.

2. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Til hins meira fiskimannaprófs útheimtist: Hið sama og til hins minna fiskimannaprófs og enn fremur:

Stærðfræði (munnleg):
a. Í reikningi: Notkun logaritma. Veldi og rót.
b. Í flatarmálsfræði: Beinar línur. Horn. Hringurinn. Marghyrningur. Sporbaugur. Reglur um hliðar og horn í þvíhyrningum og samhliðungum. Rétthyrndur þríhyrningur. Einslaga og samfalla þríhyrningar. Flatarmál hrings og marghyrninga. Uppdráttur og útreikningur flatarmáls einföldustu flata.
c. Í þríhyrningafræði: Þekking á grundvallaratriðum þvíhyrningafræðinnar og á útreikningi flatra rétthyrndra þríhyrninga eftir henni.
d. Í rúmfræði: Útreikningur rúmtaks, ferstrendings og sívalnings.

Siglingafræði (skrifleg og munnleg):
Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu á bauganeti þess, á því að ákveða afstöðu himinhnatta, á sólinni og hreyfingu hennar.
Þekking á mælingu tímans og skiptingu hans.
Að kunna að finna ristíma, hágöngutíma og hvarftíma himinhnatta.
Þekking á hæðarleiðréttingum himinhnatta og að kunna að finna breiddina af athugun sólar eða fastastjarna í hádegisbaug.
Þekking á sextanti og notkun hans.
Að kunna að finna misvísun eða segulskekkju af athugun pólstjörnunnar. Staðarákvarðanir með radíómiðunum.
Að kunna að finna misvísun eða segulskekkju með víks(amplitude)athugun sólar og við azimutathugun sólar eða stjarna.
Þekking á hallasegulskekkju.
Að búa til vaxandi kort.

Sjómennska (munnleg, skrifleg og verkleg):
Hið sama og til hins minna fiskimannaprófs og enn fremur þekking á notkun alþjóðamerkjabókar og að geta lesið og gefið ljós- og hljóðmerki eftir Morsestafrófi.

Íslenzka (skrifleg og munnleg):
Nokkru fyllri þekking en til minna fiskimannaprófsins.

Danska (munnleg):
Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti, í lausu máli og ljóðum, sérstaklega um líf og störf sjómanna, og að geta talað dönsku nokkuð, einkum um það, er snertir sjómennsku.

Enska (munnleg):
Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti, einkum um sjómennsku, og geta talað ensku nokkuð, einkum um það, er gerist á sjó.

Sjóréttur (munnlegur):
Nokkru fyllri þekking en til hins minna fiskimannaprófs.

Hjúkrunarfræði (munnleg):
Að hafa fengið yfirlit yfir það helzta, er stendur í lækningabókum sjómanna, og sé einkum lögð áherzla á þessi atriði:
Hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu sjúkdóma.
Samræðissjúkdóma og varnir gegn þeim.
Næma sjúkdóma og sóttvarnarreglur, sem skipum er skylt að hlýða.
Almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur í skipum, hirðingu þeirra og umgengni, matvæli og fæði skipverja.

Vélfræði (munnleg):
Einföldustu atriði mótorfræðinnar ásamt yfirliti yfir algengustu vélar, notkun þeirra, umhirðu og eldsneyti.

Bókhald:

Að kunna það bókhald, er staðan útheimtir.

Auk þess sé nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í sjómennsku og veðurfræði.

3. gr.

Orðin „Að búa til vaxandi kort“ í kaflanum um siglingafræði í 7. gr. laganna falli burtu. Aftan við þennan kafla komi: Sigling eftir stórbaug og stórbaugskort.

4. gr.

Í stað orðanna „er segir í 1.—6. lið 12. gr. þessara laga“ komi: er segir í 1.—5. lið 12. gr. þessara laga.

5. gr.

15. gr. laganna orðist þannig:

Við stýrimannaskólann skulu auk skólastjóra vera að jafnaði þrír skipaðir kennarar, tveir aðstoðarkennarar í siglingafræði og tungumálakennari, og stundakennarar eftir þörfum.

Laun fastra kennara við skólann skulu ákveðin í launalögum.

6. gr

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni atvinnumálaráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi skýringar:

„Breytingar þær, er að ofan greinir, eru flestar ýmist leiðréttingar eða nauðsynlegar viðbætur eða tilfærslur til samræmingar á lögunum og þeirri kennslu, sem veitt er í skólanum. Hið síðara á t. d. við um atriðin **„Veldi og rót“, „Að búa til vaxandi kort“** og **„Sigling eftir stórbaug og stórbaugskort“.** Öll þessi atriði eru nú og hafa verið kennd til viðkomandi prófs, frá því er lögin gengu í gildi, þó láðst hafi að taka þau fram, þegar lögin voru sett.

Önnur aðalbreytingin, sem farið er fram á með þessu frumvarpi, er sú, að kennd verði aðeins tvö erlend tungumál í stað þriggja, sem nú er samkvæmt gildandi lögum.

Þess munu varla dæmi við aðra hliðstæða skóla, að kennd séu þrjú tungumál auk móðurmálsins, og enda þótt æskilegt væri, að farmenn okkar væru þeim mun betur að sér en farmenn annarra þjóða sem þessu nemur, þá hefur reynsla undanfarinna ára sýnt, að vegna þess hve mörg tungumál eru kennd við skólann lærist ekkert þeirra til þess gagns, sem til var ætlazt.

Hin aðalbreytingin (við 15. gr.) er fjölgun aðstoðarkennara í siglingafræði úr einum í tvo. Eins og kunnugt er, kostar ríkisstjórnin nú ungan mann til framhaldsnáms í siglingafræði við erlendan skóla, og hefur honum verið heitið kennarastöðu við skólann að afloknu námi. Ráðstafanir þessar eru gerðar vegna nauðsynjar þess að hafa jafnan þrjá menn með kennararéttindum í siglingafræði við skólann, og þar af tvo með fullkomnum skólastjórarétttindum samkv. lögum. Breytingin er því í samræmi við þessa nauðsyn, enda er skólinn orðinn það fjölsóttur og kennslan það yfirgripsmikil, að þessa kennara er full þörf.

Sþ. 75. Breytingartillögur

við till. til þál. um aðstoð við íslenzka námsmenn á Norðurlöndum og í Þýzkalandi.

Frá Héðni Valdimarssyni.

1. Síðari málsl. till. orðist svo:
   Jafnframt heimilar Alþingi ríkisstjórninni að veita námsmönnum, sem stunda nám erlendis, sem styrk allt að helmingi þess fjár, er þeir þurfa til dvalarkostnaðar, og auk þess skólagjöld, ef greiða þarf.
2. Fyrirsögnin orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um aðstoð við íslenzka námsmenn erlendis.

Nd. 76. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Þorsteini Briem.

Framan við frvgr. koma nýir liðir:

a. Á eftir B. 8. í 2. gr. laga nr. 101 19. júní 1933 bætist nýr liður:
   Haukadalsvegur: Frá vegamótum á Vesturlandsvegi, við Haukadalsá, inn Haukadal að Krossi.
b. Tölul. VII. í lögum nr. 109 1940 skal orða svo:
   Klofningsvegur: Frá Vesturlandsvegi hjá Ásgarði um Staðarfell og Skarðsstöð á Skarðsströnd að Salthólmavíkurvegi hjá Tjaldanesi.

Ed. 77. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 14. gr. laganna kemur ný málsgr., svo hljóðandi:

Ráðherra er þó heimilt að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum, enda hafi hlutaðeigandi fiskiræktar- og veiðifélög gert tillögu um slíka friðun og sýslunefnd mælt með.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eftir að fiskiræktar- og veiðifélögum fjölgaði og starfsemi þeirra komst í fastara horf, sérstaklega að því er snerti friðun fyrir netum, hefur greinilega komið í ljós allör fjölgun á göngusilungi (bleikju og urriða). Er þetta í alla staði eðlilegt og í samræmi við lifnaðarháttu þessara fisktegunda, sem ganga í árnar, fyrst smávaxnar og ókynþroska og svo stærri og stærri og kynþroska og hrygna tvisvar til þrisvar sinnum. Því er það, að friðun á þessum fisktegundum sýnir fljótar árangur en t. d. lax, sem oftast hrygnir ekki nema einu sinni.

En jafnframt þessu hlaut að verða meira af göngusilungi á ferð í sjónum, umhverfis ármynnin og í þeim fjörðum, sem viðkomandi ár renna í. Þetta hefur því orðið til þess að örva silungsveiðiframkvæmdir við sjóinn og þar með draga niður eða eyðileggja þá viðleitni til friðunar og fiskræktar, sem hafin var við árnar.

Hvergi hefur þetta komið ljósar fram en í Eyjafirði. Fyrir 5 árum var stofnað fiskiræktar- og veiðifélag við Fnjóská og áin leigð til stangarveiði. Leigjendurnir, sem voru Englendingar, hafa með mikilli lagni og dálítilli þóknun fengið því til vegar komið, að sjóveiði á silungi er ekki stunduð á allstóru svæði við ármynnið, eða frá Nolli til Kljástrandar, enda er árangur á þessu árabili alveg stórkostlegur og langt fram yfir það, sem enskir fræðimenn þorðu að vona.

Við Ólafsfjörð hefur félag starfað álíka lengi og áin verið alfriðuð. Þar mátti því vænta góðs árangurs, en hann hefur því nær enginn orðið, enda er silungsveiði í sjó stunduð þar mun meira en áður, og við Héðinsfjörð hafa Siglfirðingar fundið ágæta silungsveiðistaði, sem efalaust er silungur á göngu til æskustöðvanna í Ólafsfirði. Þannig mætti nefna margar ár, sem félög starfa við, að árangurinn virðist svo mjög bundinn því, hvort veiðiaðstaða við sjóinn er hæg og mikið stunduð eða óhæg og ekki notuð.

Málið horfir því þannig við: Þó að bændur leggi á sig gjöld til klakstarfsemi og hömlur um veiði, þá getur brugðið til beggja vona um árangurinn, meðan ekki er hægt að hafa vald á sjóveiðinni. Hér á að fara alveg eins og með laxinn. Alfriða þessar fisktegundir í sjó; þær eru uppvaxnar lengst inni í dölum landsins og með því eðli að ganga þangað aftur. Þessi fiskur er að því leyti betri en búpeningurinn, að það þarf ekki að fóðra hann, ekki reka á afrétt og ekki fara í göngur eftir honum. Það er því afar óhyggilegt að veiða þennan fisk hálfvaxinn út við sjó, þar sem gnægð er af öðrum góðfiski.

Takmarkið er að fá það mikinn stofn í árnar af laxi og göngusilungi eins og lífsorka hvers vatns leyfir. Borgarfjarðarhérað eitt er komið einna lengst áleiðis með að eignast góðan stofn í ánum, enda er þar víðast óhægt um ádráttarveiði í sjó, og enskir laxveiðimenn innleitt þar það, sem kalla mætti laxveiðimenning.

Sþ. 78. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 71 [Siglufjarðarvegur].

Frá Bergi Jónssyni.

1. Við 1. Aftan við liðinn bætist: og Kollabúðarheiðarvegur norður að Ísafjarðardjúpi.
2. Við 2. Liðurinn orðist svo:
   Fyrirsögn tillögunnar verði: Tillaga til þingsályktunar um vegalagningar.

Ed. 79. Frumvarp til laga

um breytingar á og viðauka við lög nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Erlendur Þorsteinsson.

1. gr.

Auk þeirra örorkubóta, sem ákveðnar eru í 10. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, skal greiða kr. 22000.00 fyrir fulla örorku og hlutfallslega lægra fyrir minni örorku. Örorkubætur þessar greiðast ekki fyrir minni örorku en 5%. Ör-

orkubætur samkvæmt þessum lögum má greiða sem árlegan lífeyri, ef örorkan er metin 50% eða meiri.

2. gr.

Auk þeirra dánarbóta, sem ákveðnar eru í 11. gr. fyrrnefndra laga, greiðast dánarbætur samkvæmt eftirfylgjandi töflu:

	Ekkja (ekkill)	Börn innan 16 ára	Foreldrar	Samtals
Ekkja (ekkill)	12000	„	„	12000
— með 1 barn	12000	5000	„	17000
— með 2 börn eða fleiri	12000	9000	„	21000
— og foreldri(ar)	12000	„	9000	21000
— foreldri og 1 barn	12000	5000	4000	21000
— foreldri og 2 börn eða fleiri	12000	6000	3000	21000
— foreldrar og 1 barn	12000	3000	6000	21000
— foreldrar og 2 börn eða fleiri	12000	5000	4000	21000
1 barn	„	12000	„	12000
2 börn	„	17000	„	17000
3 börn eða fleiri	„	21000	„	21000
1 barn og foreldri(ar)	„	12000	9000	21000
2 börn eða fleiri og foreldri(ar)	„	17000	4000	21000
Foreldri(ar)	„	„	12000	12000

Börn hljóta því aðeins bætur, að þau hafi verið á framfæri hins látna, eða ef þau falla undir ákvæði næstu málsgreinar. Fósturbörn hafa sama rétt til bóta og börn.

Ef hinn látni eftirlætur sér engan af framantöldum vandamönnum eða erfingjum, greiðist erfingjum hans eða dánarbúi kr. 12000.00 samtals.

3. gr.

Nú eru greiddar bætur samkvæmt lögum nr. 66 7. maí 1940, um stríðsslysatryggingar sjómanna, og falla þá niður bætur samkvæmt 1. og 2. gr. þessara laga.

4. gr.

Bráðabirgðaákvæði.

Ríkisstjórnin skipar fimm manna nefnd til þess að athuga, hvort ekki sé rétt að breyta bótagreiðslunni samkvæmt 10. og 11. gr. alþýðutryggingalaganna og samkvæmt lögum þessum í lífeyrisgreiðslur að nokkru eða öllu leyti og til þess að gera tillögur um fyrirkomulag á slíkum tryggingum, ef nefndin telur rétt að gera ofangreinda breytingu. Skal ríkisstjórnin leggja athuganir og niðurstöður nefndarinnar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Í nefndinni skulu eiga sæti 1 fulltrúi, er Alþýðusamband Íslands tilnefnir, 1 fulltrúi, er Vinnuveitendafélag Íslands tilnefnir, forstjóri Tryggingarstofnunar ríkisins, auk tveggja tryggingarfróðra manna, er ríkisstjórnin velur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mönnum hefur lengi verið það ljóst, að einn af aðalgöllum alþýðutryggingalaganna er það, hversu lágar dánar- og örorkubætur eru greiddar fyrir slysatryggða menn. Hefur það verið almenn skoðun þeirra, sem til þekkja, að þessi þáttur trygginganna þyrfti að vera með því fyrsta, sem tekinn væri til gagngerðrar endurskoðunar.

Þegar slysahætta sjómanna margfaldaðist í byrjun stríðsins, kom öllum saman um, að eigi yrði unað við hinar lágu bætur alþýðutryggingalaganna, og varð þá að samkomulagi að taka hér upp svipaðar stríðsslysabætur sem þá tíðkuðust á Norðurlöndum. Var þó ekki tekið tillit til verðlagsmismunar hér og á Norðurlöndum. Samt sem áður varð þessi breyting til þess, að bæturnar urðu 3—4 sinnum hærri en þær höfðu verið áður. Síðar voru bæturnar enn hækkaðar með frjálsu samkomulagi, þannig að teknar voru upp lífeyristryggingar fyrir sjómenn á farskipum og hinum stærri fiskiskipum.

Það skipulag, sem nú er á bótagreiðslunum, hefur aðallega 3 galla:

1. Hinar almennu dánar- og örorkubætur eru allt of lágar.
2. Það er oft miklum vafa bundið að úrskurða, hvaða slys beri með réttu að telja stríðsslys og hver ekki, og geta úrskurðir um þetta atriði oft valdið mikilli óánægju.
3. Hinn stórkostlegi munur, sem gerður er á bótum fyrir stríðsslys og önnur slys, er alveg óeðlilegur og ósanngjarn. Þörf hinna slösuðu og aðstandenda þeirra á slysabótum fer ekki eftir því, hvaða orsakir hafa valdið slysinu, hún er hin sama, hvort sem hernaðaraðgerðir valda því eða ekki.

Úr þessum annmörkum er frumvarpi þessu ætlað að bæta. Er aðalatriði þess, að dánar- og örorkubætur samkvæmt alþýðutryggingalögunum eru hækkaðar til samræmis við þær bætur, sem greiða ber samkvæmt lögum nr. 66 7. maí 1940, um stríðsslysatryggingar sjómanna.

Er hér að vísu um allmikla hækkun að ræða, en þó eigi meiri en svo, að atvinnuvegirnir geti auðveldlega borið hana eins og hagur þeirra er nú.

Flutningsmönnunum er það ljóst, að ýmis vandamál eru í sambandi við þessa breytingu og að hún getur varla talizt annað en aðkallandi bráðabirgðalausn þessa máls og að löggjöf þessi öll þarf vandlegrar endurskoðunar áður en mjög langt líður.

Eitt af þeim vandamálum, sem upp koma í þessu sambandi, er það, hvernig heppilegt sé að haga bótagreiðslunum, svo þær megi koma að sem mestum notum. Víðast hvar á Norðurlöndum mun nú vera greiddur lífeyrir, en ekki fastar upphæðir í eitt skipti fyrir öll. Má segja, að hvort tveggja skipulagið hafi ýmislegt til síns gildis. Flutningsmenn vilja þó ekki að svo stöddu víkja frá þeirri aðalreglu, sem gilt hefur í hinni íslenzku slysatryggingu, að greiða bæturnar í einu lagi. Hins vegar leggja þeir til, að sett verði nefnd til þess að athuga gaumgæfilega þetta atriði til næsta reglulegs Alþingis. Hins vegar telja flutningsmenn svo brýna þörf á að lagfæra það misræmi, sem nú er ríkjandi í þessum málum, að eigi verði beðið eftir slíkri endurskoðun.

Um þann kostnaðarauka, sem af frumvarpi þessu mundi leiða, er ekki unnt að segja með neinni nákvæmni að svo stöddu, en að því atriði mun verða vikið í framsögu.

Ed. 80. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, er verði 7. gr., svo hljóðandi:

Heimilt er að verja úr ríkissjóði fé til að greiða laun allt að fjórum aðstoðarlæknum héraðslækna í fjölmennum læknishéruðum, þar sem ekki eru starfandi læknar aðrir en héraðslæknar. Mega launagreiðslur þessar til hvers aðstoðarlæknis nema allt að 300 kr. á mánuði auk dýrtíðaruppbótar. Landlæknir semur við hér-

aðslækna um vist og kjör aðstoðarlækna, og skal að jafnaði leitazt við að vista einn aðstoðarlækni í hverjum landsfjórðungi. Það skal vera kvöð á aðstoðarlæknum, sem ráðnir eru samkvæmt þessari heimild, að grípa megi til þeirra í allt að fjóra mánuði samtals á ári, þegar þeirra er þörf til að gegna læknishéruðum um stundarsakir sem settir héraðslæknar eða staðgöngumenn héraðslækna í fjarvistum þeirra og öðrum forföllum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni landlæknis, og áskilja nefndarmenn sér rétt til að gera breytingar á frumv. eða vera með breytingum, sem fram kunna að verða bornar. — Frumv. fylgdu eftirfarandi aths. og skýringar:

„Með frumv. þessu er gerð tilraun til að bæta úr erfiðleikum, sem á því eru að fá lækna með litlum og engum fyrirvara til að gegna til bráðabirgða læknishéruðum, sem þörf er á, bæði þegar læknaskipti verða í héruðum, svo og þegar héraðslæknar þurfa að bregða sér frá um stundarsakir sér til hvíldar og upplyftingar, eða forfallast af einhverjum ástæðum. Mundi allvel verða séð fyrir þeim þörfum, sem að jafnaði eru fyrir hendi, ef skipaðar fengjust hinar fjórar aðstoðarlæknisstöður, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Eru gildar ástæður til að ætla, að ekki þurfi að dekstra héraðslækna, sem sitja einir í fjölmennum og erfiðum héruðum, að þiggja aðstoðarlækna með þeim kjörum, sem hér eru boðin, og þó að þeir þyrftu nokkuð í sölurnar að leggja, sem alltaf yrði húsnæði, fæði og önnur aðhlynning. Ætla mætti, að á Vesturlandi mundu rosknir héraðslæknar í Stykkishólmi, á Patreksfirði og Þingeyri og ef til vill víðar að jafnaði keppa um slíkan aðstoðarlækni, á Norðurlandi einkum héraðslæknarnir á Blönduósi, Sauðárkróki og Húsavík, á Austurlandi héraðslæknarnir á Seyðisfirði, Norðfirði og Eskifirði, og á Suðurlandi héraðslæknarnir á Stórólfshvoli og Eyrarbakka. Ef fleiri héraðslæknar en einn kepptu um sama aðstoðarlækninn, yrði vilji hlutaðeigandi aðstoðarlæknisefnis nokkru að ráða, en annars væri það sanngirnismál, að sá héraðslæknir sæti fyrir, sem mestum störfum hefði að sinna, og þó fullt tillit tekið til þess, hvernig á stæði að öðru leyti. Rosknir og heilsuveilir héraðslæknar ættu að öðru jöfnu að ganga fyrir ungum og hraustum. Þá mundi og stundum mega skipta aðstoðarlækni á milli héraða, þannig að hann sæti til skiptis í fleiri héruðum en einu, eftir því sem um kynni að semjast.

Eins og á stendur mundi fremur þurfa að kvíða því, að erfitt yrði að fá lækna til að taka að sér þessar aðstoðarlæknisstöður, og kæmi þá til greina að krefjast nokkurra mánaða aðstoðarlæknisþjónustu eða héraðslæknisþjónustu af læknakandidötum, áður en þeim væri veitt almennt lækningaleyfi. Ef ekki er til þess full lagaheimild fyrir hendi, sbr. lög nr. 47 1937 og reglugerð nr. 15 1936, er auðgert að kippa því í lag.

Ef aðstoðarlæknir yrði kvaddur til að gegna læknishéraði sem settur héraðslæknir, mundu launagreiðslur til hans, þær, er hér um ræðir, falla niður á meðan, en hann taka laun héraðsins, eftir þeim reglum, sem þar um gilda. Hins vegar mundi það að jafnaði teljast sanngjarnt, að aðstoðarlæknarnir héldu launum sínum, þegar þeir væru kvaddir til að gerast um stundarsakir staðgöngumenn héraðslækna í eðlilegum fjarvistum þeirra og lögmætum forföllum, og nytu héraðslæknarnir þeirra hlunninda á þann hátt, að þeir hefðu að sama skapi minni kostnað af staðgöngunni. Mundi á þann hátt meðal annars mega takast að tryggja æðimörgum héraðslæknum lítils háttar orlof sér til hvíldar og hressingar, sem svaraði einu sinni á ári, án verulegs tilkostnaðar þeirra, þeim, er nú eiga slíks frjálsræðis ýmist alls engan kost eða ekki nema með afarkjörum.

Nd. 81. Nefndarálit

um frumv. til l. um lendingarbætur á Stokkseyri.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið það saman við gildandi lög um lendingarbætur á öðrum stöðum og átt tal við vitamálastjóra um málið. Að því loknu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: Land þetta má lendingarsjóður þó eigi selja.
2. Við 5. gr. Síðari málsliður greinarinnar orðist svo: Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar.

Alþingi, 19. marz 1942.

Finnur Jónsson, form. Sig. E. Hlíðar, fundaskr. Gísli Guðmundsson, frsm.
Jón Ívarsson. Sigurður Kristjánsson.

Nd. 82. Nefndarálit

um till. til þingsályktunar um ársskýrslur síldarverksmiðja ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leggur til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. marz 1942.

Finnur Jónsson, form., frsm. Sig. E. Hlíðar, fundaskr. Sigurður Kristjánsson.
Gísli Guðmundsson. Jón Ívarsson.

Nd. 83. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árin 1942 og 1943.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árin 1942 og 1943 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 84. Breytingartillaga

við frv. til l. um læknisvitjanasjóði.

Frá Gísla Sveinssyni.

1. Við 2. gr. Á eftir fyrstu málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Þá eru læknisvitjanasjóðir löglega stofnaðir, er allar hreppsnefndir í læknishéraði hafa gefið því samþykki sitt.
2. Á eftir 3. gr. komi ný gr., er verði 4. gr., svo hljóðandi:
   Þeir hreppar, er njóta læknisvitjanastyrks úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga, enda sé eigi stofnaður læknisvitjanasjóður í hlutaðeigandi læknishéraði, halda þeim styrk þrátt fyrir ákvæði þessara laga.

Nd. 85. Fyrirspurn

til atvinnumálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um athugun á byggingu verksmiðju til vinnslu síldarlýsis.

Frá Finni Jónssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar þeirrar, er ég flutti og Alþingi samþykkti árið 1939, um að ríkisstjórnin léti fara fram fullnaðarathugun á því, hvort eigi mundi svara kostnaði að reisa hér á landi verksmiðju til þess að herða og hreinsa síldarlýsi? Hafi rannsókn þessi farið fram og leitt í ljós, að slík verksmiðja geti svarað kostnaði, hvað líður þá frumvarpi því um byggingu verksmiðjunnar, sem gert var ráð fyrir í nefndri ályktun, að lagt yrði fyrir Alþingi?

Nd. 86. Nefndarálit

um frv. til l. um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta er borið fram af ríkisstjórninni til staðfestingar bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 8. janúar þ. á. Samkvæmt forsendum bráðabirgðalaganna var aðaltilefni þeirra það, að vinnudeilur hófust um s.l. áramót í nokkrum iðngreinum í Reykjavík, og voru aðalkröfur vinnuseljenda um kjarabætur í því fólgnar að fá allverulegar grunnkaupshækkanir. Ríkisstjórninni virtist einsætt, að ef sú stefna yrði upp tekin að hækka grunnkaup, mundi dýrtíð aukast allverulega í landinu. Taldi ríkisstjórnin því brýna nauðsyn til bera að gera ráðstafanir með bráðabirgðalögum samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, sem takmörkuðu rétt til hækkunar á grunnkaupi, jafnframt því, sem kostað væri kapps um að halda verðlagi á nauðsynjavörum í skefjum.

Meiri hl. allshn. fellst á, að þessi viðleitni ríkisstjórnarinnar til þess að draga úr aukinni dýrtíð og verðbólgu sé fyllilega réttmæt. Verðlagsvísitalan hefur ekki hækkað hinn síðasta mánuð, og virðist mega þakka það aðgerðum dómstóls þess, sem settur var á stofn með bráðabirgðalögunum. Ef frv. verður að lögum, er þeim aðeins skapaður ákveðinn aldur, því samkvæmt 12. gr. frv. falla lögin úr gildi í lok yfirstandandi árs. En þá ætti að vera fengin nægileg reynsla fyrir því, hvort lögin ná tilgangi sínum að hafa hemil á dýrtíðinni, svo hún keyri eigi um þverbak.

Með skírskotun til framanskráðs leggur undirritaður meiri hl. allshn. til, að frv. verði samþykkt. — Hins vegar vill minni hl. (FJ) láta fella frv. og skilar sennilega sérstöku nál.

Alþingi, 18. marz 1942.

Bergur Jónsson, form., frsm. Gísli Guðmundsson. Garðar Þorsteinsson.

Jóh. G. Möller.

Nd. 87. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Pálmi Hannesson.

1. gr.

Fyrir liðinn „Viðvík: Viðvíkur, Hóla, Hofstaða og Rípursóknir“ í XVII. tölulið 1. gr. laganna koma 2 nýir liðir:

a. Viðvík: Viðvíkur, Hofstaða og Rípursóknir.
b. Hólar: Hólasókn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að Hólar í Hjaltadal verði gerðir að sérstöku prestakalli. Er það eindregin ósk sóknarfólks þar, að svo verði gert, enda margt, sem mælir með því.

Hólar eru í hugum allra Norðlendinga höfuðstaður íslenzkrar kristni þar, með sínum sögulegu minningum og fornu frægð, sem við staðinn er bundin. Þar er ein elzta og fegursta kirkja landsins, fjölmennur skóli og margt ferðamanna, sem kemur þar jafnan. Telja má því víst, að nægilegt starfssvið sé þarna fyrir hendi handa staðarpresti, sem ekki hefði aðra prestsþjónustu á hendi, og mundi kirkjan á Hólum þá verða nokkurs konar höfuðkirkja héraðsins, sem margir héraðsbúar sæktu til við hátíðleg tækifæri. Gæti það orðið til að skapa aukinn áhuga meðal þeirra um kirkjulegt starf, ef vel væri á haldið og góðir kennimenn veldust þangað, eins og vænta má. —

Á því er enginn efi, að vanræksla sú, sem átt hefur sér stað í kirkjulegu tilliti við slíka höfuðstaði kristninnar hér á landi undanfarið, hefur átt sinn þátt í því sinnuleysi og þeirri deyfð, sem hvílt hefur yfir kristnihaldi þjóðarinnar um skeið.

Á þingi í fyrra var samþykkt þingsályktun um að hefja undirbúning að endurreisn kirknanna í Skálholti og á Þingvöllum, og þá vafalaust með fulla endurreisn þessara staða í kristni þjóðarinnar fyrir augum. Á Hólum er umbótum á hinni fornu dómkirkju að verða lokið, og því ekkert því til fyrirstöðu, að þar verði hafið kirkjulegt starf í samræmi við þau skilyrði, sem þar eru nú þegar fyrir hendi.

Nd. 88. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Bergur Jónsson.

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Úthluta skal tekjum sjóðsins milli lestrarfélaga í réttu hlutfalli við innborguð félagsmannagjöld þeirra á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um lestrarfélög og kennslukvikmyndir er ákveðið, að styrkur til lestrarfélaga megi ekki vera hærri en 2 kr. fyrir hvern félagsmann. Vegna verðlagsbreytinga getur þetta ákvæði nú eigi staðizt, og þykir rétt að fella það niður.

Nd. 89. Frumvarp til hafnarlaga

fyrir Akranes.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Til hafnargerðar á Akranesi veitast úr ríkissjóði $^2/_5$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 480000 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund krónur — gegn $^3/_5$ frá hafnarsjóði Akraness. Með framlagi ríkissjóðs teljast fjárveitingar þær, sem þegar hafa verið veittar í fjárlögum.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 720000 — sjö hundruð og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Akraness kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð bæjarsjóðs, enda sé lánið tekið fyrir milligöngu Landsbankans, ef það er tekið erlendis. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Akraness. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Akraness.

4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá Vestriflasartá um Syðriflasarenda í Þjótarsker og þaðan sjónhending á vestanverðan Sólmundarhöfða.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki bæjarstjórnar Akraness. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Bæjarstjórn Akraness hefur á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 5 menn. Skal nefndin kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er bæjarstjórn kýs. Heimilt er þó að kjósa í nefndina menn, er ekki eiga sæti í bæjarstjórn.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs, og bæjarstjórn hefur ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Bæjarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Akraneshöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.

e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
f. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í kaupstaðnum og leggja þar afla á land eða hafa þar uppsátur.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem bæjarstjórn Akraness semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2 a, b og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimiladir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá bæjarstjórn, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Bæjarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefur bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga bæjarsjóðs.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórn semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 64 8. sept. 1931 og lög nr. 43 27. júní 1941.

Nd. 90. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árin 1942 og 1943.

Flm.: Pétur Ottesen, Finnur Jónsson.

Aftan við 1. gr. frv. bætist ný málsgrein:

Skattauki sá, er hér um ræðir og til fellur í Reykjavík, rennur í þjóðleikhússjóð, en sá hluti hans, er til fellur í kaupstöðum utan Reykjavíkur, rennur í sérstakan sjóð á hverjum stað, og skal hverjum þeirra sjóða varið til styrktar leikstarfsemi á staðnum. Kennslumálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um sjóði þessa, stjórn þeirra og tilhögun, að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórna.

Sþ. 91. Tillaga til þingsályktunar

um kaup á hlutabréfum Útvegsbanka Íslands h/f.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Bergur Jónsson, Sig. E. Hlíðar, Sigurjón Á. Ólafsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs af hinum upprunalegu eigendum eða erfingjum þeirra, ef þess er óskað, hlutabréf þau í Útvegsbanka Íslands h/f, er keypt voru með hluta af sparisjóðs- og innstæðuskírteinainnstæðum í Íslandsbanka, þegar hann hætti störfum, við því verði, er ríkisstjórnin telur hæfilegt, að athuguðum öllum málavöxtum.

Ástæður.

Tillögur, er miða í þá átt, er hér um ræðir, hafa oft verið bornar fram á Alþingi, þótt ekki hafi þær náð endanlegu samþykki þingsins. Enginn getur með réttum rökum varið það, að þeir þegnar þjóðfélagisns, sem hér eiga hlut að máli, séu látnir færa þær fórnir að hafa fjármuni sína bundna um óákveðinn tíma í hlutabréfum Útvegsbankans án þess sú hlutafjáreign gefi þeim nokkurn arð. Ríkið er aðaleigandi þessa banka og ábyrgist það sparifé, sem landsmenn leggja á vöxtu í bankann. Áhrifa annarra aðila en ríkisvaldsins gætir í engu að því er stjórn bankans snertir. Virðist því þegar af þessum ástæðum réttmætt, að ríkið kaupi hlutabréf þau, er um ræðir.

Á síðasta þingi var þetta mál enn til meðferðar, og var þá leitað álits bankaráðs og bankastjórnar Útvegsbankans um það, hvort þessir aðilar teldu rétt, að ríkið keypti hlutabréf þessi. Í bréfi, dags. 26. maí 1941, létu þeir uppi svo hljóðandi álit sitt:

„Stjórn Útvegsbanka Íslands h/f telur rétt, að athugað verði, á hvern hátt ríkið gæti leyst til sín öll hlutabréf bankans, sem ekki eru ríkiseign, og mælir því með, að samþykkt verði á Alþingi ályktun, er heimili þessar framkvæmdir.“

Var þetta samþykkt á sameiginlegum fundi bankaráðs og bankastjórnar.

Meiri hluti fjárveitinganefndar Alþingis 1941 mælti með, að till. sú til þingsályktunar, er lá fyrir þinginu um heimild til ríkisstjórnarinnar til kaupanna, yrði samþykkt, en minni hlutinn vildi afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, er náði samþykki þingsins.

Dagskráin fer hér á eftir:

„Í trausti þess að ríkisstjórnin láti fara fram athugun á framboðum og verðgildi hlutabréfa Útvegsbanka Íslands h/f og leggi fyrir næsta Alþingi tillögur sínar um, hvort ríkissjóður skuli kaupa hlutabréf þau, er um ræðir í þingsályktunartillögunni, og með hvaða skilyrðum, ef til kemur, svo sem kaupverð, árlegt framlag ríkissjóðs til kaupanna og að keypt verði af þeim einum, er voru upphaflega eigendur bréfanna, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.“

Af samþykkt þessarar dagskrártillögu er það ljóst, að Alþingi, þ. e. a. m. k. meiri hluti þess, vill láta ríkisstjórnina taka til athugunar kaup á hlutabréfum, og meiri hluti fjárveitinganefndar og margir þingmenn aðrir vildu strax gefa ríkisstjórninni þá heimild, er flutningsmenn þáltill. fóru fram á.

Ekkert hefur enn verið lagt fram á þingi, er bendi á, að hæstv. ríkisstjórn hafi látið framkvæma það, er Alþingi fól henni með samþykkt dagskrártillögunnar. Er málinu því hreyft hér á nýjan leik.

Hefur við flutning málsins í þetta sinn verið haldið því orðalagi á þingsályktunartillögunni, er meiri hl. háttv. fjárveitinganefndar vildi hafa og lagði til, að samþykkt yrði á síðasta þingi.

Ed. 92. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Aftan við 1. málsgr. 2. greinar laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að umsækjendur hafi gegnt læknishéraði eða aðstoðarlæknisstörfum hjá héraðslækni allt að 6 mánuði að loknu námi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt í samráði við landlækni og í sambandi við afgreiðslu nefndarinnar á frv. á þskj. 80, um breytingar á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna. — Nánar í framsögu.

Ed. 93. Frumvarp til laga

um sölu þjóðjarðarinnar Hólms.

Flm.: Magnús Jónsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja bæjarsjóði Reykjavíkur þjóðjörðina Hólm í Seltjarnarneshreppi í Gullbringusýslu. Námuréttindi í landi Hólms eru undanskilin.

2. gr.

Verði ekki samkomulag milli ríkisstjórnarinnar og bæjarstjórnar Reykjavíkur um kaupverð og greiðsluskilmála, skal mat til verðákvörðunar fara fram samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, en um greiðsluskilmála eins og venja var til við sölu þjóð- og kirkjujarða, sbr. lög nr. 31 20. okt. 1905.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Reykjavíkurbæ er orðið nauðsynlegt að fá aukið landrými til ræktunar og annarra nota fyrir bæjarbúa, og Hólmur er í næsta nágrenni bæjarins og því vel til þess fallinn. Enn fremur er það orðin knýjandi nauðsyn fyrir vatnsveitu bæjarins að afgirða stórt landsvæði umhverfis Gvendarbrunna, og verða 48 ha. af landi jarðarinnar innan þeirrar girðingar. En girðinguna er óhjákvæmilegt að setja upp þegar á næsta vori, vegna aukinnar umferðar á þessum slóðum og þeirrar hættu, sem af því stafar fyrir vatnsból bæjarbúa.

Ed. 94. Frumvarp til laga

um lendingarbætur á Stokkseyri.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til lendingarbóta á Stokkseyri skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðuneytið hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 100 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Stokkseyrar að jafnri tiltölu og lendingarsjóður Stokkseyrar leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 100 þús. kr. lán, er hreppsnefnd Stokkseyrar kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Eigendur Stokkseyrartorfu leggja fram, endurgjaldslaust, nauðsynlegt land til lendingarbótanna, uppsáturs, íveru- og fiskhúsa, allt að 20 þús. fermetrum, svo og land undir brautir og vegi, er nauðsynlegir kunna að þykja, enn fremur grjót, möl

og önnur jarðefni, og þola bótalaust þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér. Land þetta má lendingarsjóður þó eigi selja.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni eða lendingarbótunum, eftir því, er nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta, né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki hreppsnefndar Stokkseyrar komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum, 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa 3 menn, er hreppsnefnd Stokkseyrar kýs. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Stokkseyrar ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir né taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán, og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna, svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Stokkseyrar allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða á Stokkseyri, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Stokkseyrarhafnar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkv. 12. gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðsins að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykkis.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Stokkseyrar semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, skipagjöld og báta og bryggjugjöld og fleira, er þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Eignir núverandi lendingarsjóðs Stokkseyrar renna í hinn nýja lendingarsjóð, enda tekur hann að sér ábyrgð á skuldum hins.

14. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Umboð núverandi hafnarnefndar Stokkseyrar gildir unz nýjar hreppsnefndarkosningar á Stokkseyri hafa farið fram. Að þeim afstöðnum skal fara um kosningu hafnarnefndar eins og segir í 5. gr. þessara laga.

Nd. 95. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá Gísla Guðmundssyni og Bergi Jónssyni.

Við 1. gr. Á eftir 3. málsgr. komi sérstök málsgr., svo hljóðandi:

Varamenn hreppsnefndarmanna, kosinna óhlutbundnum kosningum, taka sæti í þeirri röð, sem þeir eru kosnir.

Nd. 96. Þingsályktun

um ársskýrslur síldarverksmiðja ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 23. marz.)

Samhljóða þskj. 35.

Ed. 97. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árin 1943 og 1944.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum fjármálaráðuneytisins, og eru einstakir nefndarmenn óbundnir um einstök atriði þess. Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð:

„Lög nr. 33 1928 mæla svo fyrir, að h/f Eimskipafélag Íslands skuli með ákveðnum skilyrðum vera undanþegið eignar- og tekjuskatti árin 1929 og 1930, og er því veitt ívilnun á útsvari fyrir sama tímabil.

Undanþága þessi frá skattgreiðslum hefur síðan verið stöðugt framlengd og síðast fyrir árin 1941 og 1942, með lögum nr. 93 1940."

Einn nefndarmanna, BSt, var fjarverandi sakir veikinda, þegar mál þetta var tekið til flutnings.

Ed. 98. Frumvarp til laga

um heimild handa ríkisstjórninni til að veita tannsmið Óla Baldri Jónssyni tannlækningaleyfi.

Flm.: Magnús Gíslason, Ingvar Pálmason, Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að veita tannsmið Óla Baldri Jónssyni tannlækningaleyfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Maður sá, er hér um ræðir, Óli Baldur Jónsson á Eskifirði, hefur stundað tannlækninganám í Þýzkalandi um 5 ára skeið, fyrst í Fachschule für Dentisten í Hamborg frá 1934—1938 og síðan í eitt ár í Lehrinstitut für Dentisten í Dresden. Lauk hann prófi í báðum þessum skólum með góðum vitnisburði. Að námi loknu starfaði hann sem fullgildur aðstoðarmaður á tannlækningastofu í Þýzkalandi í hálft ár, en hvarf þá heim til Íslands og hefur síðan, með leyfi heilbrigðisstjórnarinnar, lagt stund á tannsmíðar og haft aðsetur á Austurlandi. Hins vegar hefur honum verið synjað um leyfi til að stunda tannlækningar: tanndrátt og tannviðgerðir, sökum þess, að skólar þeir, er hann nam í þessi fræði í Þýzkalandi, hafa ekki verið viðurkenndir af heilbrigðisstjórninni, en í lögum nr. 7/1929, um tannlækningar, er tannlækningapróf í tannlæknaskóla, er viðurkenndur er af heilbrigðisstjórninni, gert að skilyrði fyrir rétti til að stunda sjálfstæðar tannlækningar hér á landi.

Hingað til munu ekki aðrir skólar en tannlæknaskólinn í Kaupmannahöfn hafa hlotið slíka viðurkenningu.

Nú er það vitað, að þeir, sem lokið hafa námi við framangreinda skóla í Þýzkalandi, geta fengið full tannlæknaréttindi þar í landi, og þykir þar með fengin trygging fyrir, að Óli Baldur hafi öðlazt nægilega fræðslu og þekkingu í fræðigrein sinni. Á hinn bóginn er mikill skortur á tannlæknum hér á landi, þar sem sumir landsfjórðungar eru alveg tannlæknislausir, svo sem Austfirðingafjórðungur, en þar hyggst Óli Baldur að setjast að, ef honum verður leyft að fara með tannlækningar. Hefur hann þegar unnið sér traust fyrir tannsmíðar sínar, sem þykja bera vott um hagleik og vandvirkni. Er með þessu að nokkru bætt úr vandkvæðum Austfirðinga á þessu sviði, en hitt er þó mikilsverðara, að þar sé búsettur fullkominn tannlæknir, sem geti gert við tannskemmdir. Sýnist engan veginn rétt að láta ónotaða þá starfskrafta, sem fyrir hendi eru, þegar þeirra er slík þörf sem raun ber vitni.

Á það er einnig að líta, að maður þessi hefur varið miklum tíma og fjármunum til að afla sér nauðsynlegrar þekkingar í fræðigrein sinni, og því ósanngjarnt að meina honum að njóta ávaxtanna af iðju sinni.

Ed. 99. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist:
   Aftan við sömu lagagr. komi ný málsgr., er orðist þannig:
   Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum skólastjóra, að ákveða, að aðeins skuli kennd tvö af hinum erlendu tungumálum til farmannaprófs.

Ed. 100. Breytingartillögur

við frumv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá Magnúsi Gíslasyni.

Í stað 1. gr. frv. koma tvær nýjar greinar, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

a. (1. gr.). 17. gr. laganna skal orða svo:
   Með 2% af fasteignamatsfjárhæð fasteigna skal stimpla öll skjöl um eignayfirfærslu þeirra. Erfðafestubréf, sem veita rétt til sölu eða veðsetningar, skal stimpla sem afsalsbréf.
   Með 1% af fjárhæðinni skal stimpla skjöl um eignayfirfærslu skipa.
   Þegar fasteign eða skip er afsalað hlutafélagi, greiðist tvöfalt gjald. Þegar fasteign er lögð út ófullnægðum veðhafa, greiðist hálft gjald.
   Ef giftingarvottorð er þinglesið sem heimild fyrir skipi eða fasteign, skal ekkert stimpilgjald greiða, nema ef endurgjald er áskilið til meðerfingja eða annarra, því að þá skal reikna stimpilgjald eftir endurgjaldinu.
   Útdrætti úr skiptabókum eða öðrum embættisbókum eða vottorð embættismanna, félaga, stofnana eða einstakra manna, er sýna eigandaskipti að fasteign eða skipi, eða eru notuð sem afsöl, stimplast sem afsöl.
   Undanskildir stimpilgjaldi eru þó útdrættir úr skiptabók og önnur skjöl, er sýna eignayfirfærslu fasteigna, er lagðar hafa verið út erfingjum sem arfur, eða maka upp í búshelming hans (lóðseðlar), enda sé eigi samhliða um sölu eða um söluafsal að ræða.
b. (2. gr.). 18. gr. laganna skal orða svo:
   Stimpilgjaldið fyrir öll heimildarbréf fyrir skipum telst eftir því kaupverði, sem sett er á eignina í bréfinu, og teljast veðskuldir, sem kaupandi undirgengst, til kaupverðsins.

Ed. 101. Nefndarálit

um frumv. til hafnarlaga fyrir Neskaupstað.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur borið frumvarpið saman við hafnarlög þau, er afgreidd hafa verið frá Alþingi hin síðustu ár, og leggur til, að það verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 7. gr. Greinin orðist þannig:
   Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd eiga sæti 5 menn. Skal nefndin kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er bæjarstjórn kýs. Heimilt er þó að kjósa í nefndina 2 menn, er ekki eiga sæti í bæjarstjórn.
2. Við 15. gr. Orðin „sem kostur er á“ falli niður.

Alþingi, 23. marz 1942.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 102. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Eiríkur Einarsson, Helgi Jónasson, Gísli Sveinsson, Bjarni Bjarnason, Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu vera þrír skólar á landi hér, er veita bændaefnum nauðsynlega sérþekkingu til undirbúnings stöðu þeirra. Skal einn skólinn vera á Hólum í Hjaltadal, annar á Hvanneyri í Borgarfirði og hinn þriðji á Suðurlandsundirlendi.

Landbúnaðarráðuneytið ákveður skólanum stað, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

Í stað orðanna „Við hvorn skóla“ í byrjun 1. málsgr. 4. gr. laganna komi: Við hvern skólanna, og í stað orðanna „hvorum skóla“ í 3. málsgr. sömu lagagr. komi: hverjum skólanna. — Enn fremur komi í stað orðanna „Í hvorum skóla“ í 1. málsgr. 5. lagagr.: Í hverjum skóla.

3. gr.

Á eftir 13. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Sérákvæði um bændaskóla Suðurlands.

Eftir gildistöku laga þessara skal svo fljótt sem unnt er, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, reisa bændaskóla Suðurlands.

Ef hentugt jarðnæði skortir fyrir skólann, er ríkisstjórninni heimilt að kaupa jörð fyrir hann á kostnað ríkissjóðs.

Þegar bændaskóli Suðurlands tekur til starfa, skal hefja tilraunastarfsemi í sambandi við hann, eftir því sem unnt er.

Sérstaka áherzlu skal leggja á eftirtaldar tilraunir:

a. Tilraunir með kynbætur alidýra, einkanlega nautgripa og sauðfjár.
b. Tilraunir með jarðargróða og rannsókn á gæðum fóðurjurta með tilliti til fóðurgildis. Enn fremur skal rannsaka, á hvern hátt hagkvæmast er og bezt að verka og geyma fóðurjurtir.
c. Fóðurtilraunir búfjár, vetrarbeit sauðfjár í sambandi við kjarnfóðurgjöf, og sumarbeit mjólkurkúa á ræktuðu og óræktuðu landi.
d. Þurrkun lands, bæði með tilliti til ræktunar og notagildis til beitar.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefur aðsóknin að bændaskólunum aukizt að kalla jafnt og þétt. Það mun ekki fjarri lagi, að orðið hafi að neita jafnmörgum piltum um skólavist og fengið hafa inngöngu í skólana, og hefur þó verið tekið á móti eins mörgum nemendum eins og nokkur tök voru til. Fyrir aldamót voru fjórir búnaðarskólar í landinu; nú eru þeir aðeins tveir, að vísu mun stærri hvor heldur en hinir voru hver einstakur, en það litlir, að óviðunandi er. Bændaefnum landsins hefur aldrei verið meiri þörf á að fá fræðslu til undirbúnings starfi sínu en nú. Ber margt til þess, og skal hér fátt eitt talið. Búnaðarhættir hafa með þjóðinni breytzt allmjög hin síðustu ár. Er nú allt önnur aðstaða til landbúnaðarframleiðslu en áður. Sakir gerbreytts fyrirkomulags í viðskiptum með landbúnaðarframleiðslu er miklu vandasamara en fyrrum um hirðing og meðferð varanna, t. d. mjólkur og mjólkurafurða o. fl. o. fl. Krefst það mikillar leikni og þekkingar í störfum. Bændaefnum landsins er því hin mesta nauðsyn á að fá margháttaða fræðslu og verklega æfing í ýmiss konar störfum í sýslan þeirra.

Þá ber og þess að gæta, að notkun véla við margháttuð landbúnaðarstörf hefur aukizt mjög mikið og mun fara í vöxt frá því, sem er, á næstu tímum. En meðferð þeirra og hirðing krefur þekkingar og leikni til að fara með þær svo að full not séu að við vinnuna og valdi ekki skemmdum á vélunum, sakir fákunnáttu og hirðuleysis. Það verður því alls ekki um það deilt, að þörfin á aukinni búnaðarfræðslu er brýn og aðkallandi.

Vera má, að sumir telji, að hagkvæmara væri að stækka bændaskólana á Hólum og Hvanneyri heldur en byggja nýjan skóla, en þegar nánar er að gætt, hyggjum vér, að slíkt væri mjög óhyggilegt. Ber á það að líta, að þar, sem þessar stofnanir starfa, þarf aðstaða þeirra að vera á þann veg, að möguleikarnir til ræktunar og annarra framkvæmda í þágu búnaðarins séu góðir. Nú hagar svo til á Hólum og Hvanneyri, að ræktunarskilyrði eru ekki sem bezt og takmörkunum bundið, hvað mikið er hægt að vinna að aukinni ræktun. Þessir skólar eru líka það fjölmennir, að til þess að nemendur fái þá allra nauðsynlegustu æfingu í verklegum störfum, þarf árlega að taka talsvert stórt nýtt land til ræktunar. Getur því tæpast hjá því farið, áður en langir tímar líða, að land skorti á þessum stöðum til óhjákvæmilegra starfa fyrir piltana.

Er því sjálfsagt að reisa heldur skólann á nýjum og góðum stað, þar sem skilyrði eru góð til starfa fyrir stofnunina. Má og á það benda, að gróðurfar og veðrátta er mismunandi í hinum einstöku landshlutum. En fyrir þær sakir hentar bezt, að tilraunir í kynbótum búfjár og jarðrækt og ýmsum öðrum greinum landbúnaðarins fari fram í hinum ýmsu héruðum landsins.

Suðurland hefur mikla þörf á þessari stofnun. Er það einna stærsta og mesta framleiðsluhérað landbúnaðarins, hefur sérstætt veðráttufar, og gróðurríki þess er talsvert á annan veg en í öðrum héruðum. Þá eru miklar horfur á, að fólki fjölgi í héraðinu, og það hefur meiri og betri skilyrði til þess, að býlum fjölgi að miklum mun frá því, sem nú er, heldur en nokkurt annað landbúnaðarhérað landsins.

Allt þetta bendir til þess, að þjóðin hafi mikla þörf fyrir þessa stofnun og hún verði hvergi betur komin heldur en á Suðurlandsundirlendinu.

Að öðru leyti þykir ekki ástæða til að fjölyrða um málið, og það því síður, þar sem frumv. með greinargerð um þetta efni hefur áður verið borið fram.

Nd. 103. Frumvarp til laga

um verklegt nám kandidata frá Háskóla Íslands.

Flm.: Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

Kandidatar frá Háskóla Íslands skulu, að embættisprófi loknu, stunda verklegt nám, a. m. k. um eins árs skeið, í fræðigrein þeirri, er þeir hafa stundað, til að geta öðlazt rétt til embætta hjá ríkinu. Starfsleyfi þau, sem ríkið veitir, eða bundin hafa verið við embættispróf hingað til, í hinum ýmsu fræðigreinum, skulu einnig sama skilyrði háð.

2. gr.

Um nánari tilhögun og fyrirkomulag náms þessa skal setja sérstaka reglugerð fyrir hverja deild háskólans fyrir sig. Reglugerðir þessar skulu settar af ráðherra, að fengnum tillögum viðkomandi háskóladeilda. Einnig skal leita álits biskups um nám guðfræðikandidata og álits landlæknis um nám læknakandidata, hversu því verði bezt og haganlegast fyrir komið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nú á tímum er stöðugt verið að gera meiri og meiri kröfur til verklegs náms í öllum starfsgreinum svo að segja. Enda verður því ekki neitað, að réttar og hagkvæmar vinnuaðferðir hafa ekki minni þýðingu fyrir árangur starfanna, hver sem þau eru, heldur en fræðileg þekking. Í raun og veru skiptir það mestu máli, þegar út í lífið kemur, að menn kunni hin réttu tök á viðfangsefnum sínum og hafi öðlazt nægilega leikni við að leysa þau af hendi.

Fram hjá þessari staðreynd getur ríkið ekki gengið, er það ræður sér starfsmenn til mestu trúnaðarstarfa sinna, og því vissulega tími kominn til að setja lög um þessi efni, eins og margar aðrar menningarþjóðir hafa gert.

Það er ætlazt til, að nám þetta fari að mestu fram undir leiðsögn starfandi embættismanna, sem til þess verða taldir hæfir, og allt fyrirkomulag miðað við það, að kandidatarnir fái að kynnast sem flestu af störfum þeim, er þeir ætla að takast á hendur.

Þá er einnig annað sjónarmið, sem hér kemur til greina við slíka lagasetningu, sem hér er farið fram á. Þrátt fyrir mikinn fjölda kandidata, sem frá háskólanum koma, eru hinir mestu erfiðleikar á, oft og einatt, að fá menn til að setjast að eða þjóna embættum í dreifbýlinu úti um sveitir landsins, og leita þeir heldur starfa í bæjunum, þótt engin þörf sé þar fyrir þá. Má telja víst, að þetta stafi að einhverju leyti af því, að margir þeir, sem útskrifast frá háskólanum, eru ókunnugir störfum og lifnaðarháttum til sveita og skortir áræði til að hefja sjálfstætt starf þar, sem engrar aðstoðar eða leiðsagnar er að leita hjá embættisbræðrum þeirra. En slíkt er allt auðveldara til að byrja með þar, sem margir starfa fyrir í sömu grein.

Um leið og bæta má nokkuð úr þessum skorti á embættismönnum í dreifbýlinu með verklegu námi kandidatanna út af fyrir sig, er einnig sennilegt, að það hefði áhrif í þá átt, að fleiri tækju þar upp störf að náminu loknu, og það bætti þannig nokkuð úr því öfugstreymi, sem nú er í þessum efnum.

Að sjálfsögðu verður að haga námi þessu þannig, að það bindi kandidötum sem minnstar fjárhagslegar byrðar, og verður því ekki hjá því komizt, að ríkið veiti fé til þess, eftir því sem ástæður þykja til.

Nd. 104. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 54 27. júní 1921, um sölu á prestsmötu.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

4. gr. laganna skal orða þannig:

Andvirði prestsmötu, sem þegar er seld eða seld verður, renni til kirkna þess prestakalls, sem naut hennar áður, og skiptist jafnt milli þeirra.

Prestlaunasjóður greiðir tekjumissi þann, er viðkomandi prestur hefur af sölu prestsmötu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 105. Breytingartillaga

við frv. til l. um lendingarbætur á Stokkseyri.

Frá Eiríki Einarssyni.

Við 7. gr. Á eftir orðunum „né taka lán“ komi: umfram stofnlán samkvæmt heimild 2. gr.

Nd. 106. Nefndarálit

um frv. til laga um málflytjendur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 23. gr. Á eftir orðunum „Dómsmálaráðherra ákveður“ komi: að fengnum tillögum félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna.

Alþingi, 20. marz 1942.

Bergur Jónsson, form., frsm.	Finnur Jónsson, fundaskr.	Garðar Þorsteinsson, með fyrirv.
Gísli Guðmundsson.	Jóh. G. Möller.	

Nd. 107. Þingsályktun

um vörzlu gripa úr Hólakirkju.

(Afgreidd frá Nd. 24. marz).

Samhljóða þskj. 65.

Nd. 108. Nefndarálit

um frv. til l. um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Frumvarpi þessu var vísað til allsherjarnefndar Nd. Alþingis hinn 11. þ. m. Var það tekið fyrir á fundi hennar hinn 17. s. m. Lagði ég þá til, að það yrði sent til umsagnar Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendafélags Íslands, en sú tillaga var felld með atkvæðum þriggja nefndarmanna (BJ, GG og JGM) gegn mínu. Einn nefndarmaður (GÞ) var fjarverandi. Var frumvarpið síðan borið undir atkvæði, þar eð enginn óskaði að ræða það, og samþykkt að mæla með, að það næði fram að ganga, með atkvæðum hinna sömu manna gegn atkvæði undirritaðs.

Þar með var lokið nefndarathugun í neðri deild Alþingis á þessu lagafrumvarpi til staðfestingar á bráðabirgðalögum, er varða lífsafkomu allra vinnandi karla og kvenna í landinu.

Eftir lagafrv. þessu skipar ríkisstjórnin 5 menn í svonefndan gerðardóm, sem á að úrskurða um allar breytingar á kaupi, kjörum, hlutaskiptum og þóknunum, sem greitt var eða gilti á árinu 1941. Grunnkaup má eigi hækka eftir meginreglu frumvarpsins, þó eigi séu útilokaðar breytingar á því til samræmingar og lagfæringar. Öll verkföll og verkbönn skulu bönnuð.

Þá er í frv. gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin gefi út skrá um nauðsynjavörur, er eigi megi selja hærra verði en í árslok 1941, og skrá yfir vörur, er eigi megi leggja meira á en gerðist á þeim tíma. Gerðardómurinn svonefndi skal þó ákveða breytingar á verðlagi innlendra framleiðsluvara, sem á skránni eru, í samræmi við framleiðslukostnað þeirra, enn fremur er honum heimilt að ákveða breytingar á verði annarra vara, er ríkisstjórnin ákveður um.

Farmgjöld má eigi hækka án samþykkis dómsins, og loks er honum heimilað að ákveða verðlag á innlendum iðnaðarvörum og taxta fyrir viðgerðir, smíði, saumaskap, prentun og því um líkt í samræmi við álagningu á efnivöru og vinnulaun, og er þá ekkert eftir, sem hinir 5 vísu dómendur eigi mega ákveða taxta fyrir, nema ef vera skyldi útprjón og hannyrðir.

Með bráðabirgðalögum þeim, er frv. þessu er ætlað að staðfesta, er 5 mönnum gefið úrskurðarvald um það að banna alla kauphækkun launastéttanna, en ríkisstjórnin ákveður, hvað vörur þær, er þessar stéttir þurfa að kaupa, skuli kosta. Þar sem vitað er, að hvorki í ríkisstjórn né heldur í gerðardómnum situr nokkur fulltrúi frá launastéttunum, en ríkisstjórnin hins vegar styðst við verzlunarvaldið, bæði heildsala, kaupmenn og samband ísl. samvinnufélaga, er þegar af þeirri ástæðu hætta á því, að hlutur launastéttanna og neytandans verði fyrir borð borinn, og um hitt meira hugsað, að skerða eigi álagningu á vörurnar. Þessi hefur einnig orðið framkvæmdin, það sem af er starfstíma þessarar stofnunar, svo sem síðar mun sýnt verða.

Skal nú fyrst athugað, hvernig lagasetning þessa hefur borið að höndum, og síðan frumvarpið sjálft í einstökum atriðum og framkvæmd bráðabirgðalaganna.

Með lögum nr. 98 hinn 9. júlí 1941 voru ríkisstjórninni gefnar ýmsar heimildir, sem Alþingi ætlaðist til, að notaðar yrðu til þess að halda niðri dýrtíðinni. Voru lög þessi sett að undangenginni athugun sérstakrar þingnefndar úr þáverandi þrem stjórnarflokkum, og var almennur áhugi ríkjandi meðal þingmanna fyrir því, að ríkisstjórnin framkvæmdi lögin. Eigi bar hún þó gæfu til þess að gera það, heldur tók alveg öfuga stefnu og virtist vera eins konar kapphlaup milli fjögurra ráðherranna um það, hver þeirra gæti látið dýrtíðina aukast sem mest að sínum hluta.

Eftirlit með útsöluverði á vörum, svo og verðlagning á vörunum, var rekið með sama sleifarlagi og verið hafði.

Landbúnaðarvörur voru stórhækkaðar, en eigi verðbættar úr ríkissjóði til þess að koma í veg fyrir vöxt dýrtíðarinnar, svo sem þó var heimild til.

Tollar á nauðsynjavörum voru eigi lækkaðir eða afnumdir samkvæmt lagaheimild.

Ekkert var gert af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að halda niðri farmgjöldunum.

Ríkisstjórnin lét þannig með öllu undir höfuð leggjast að framkvæma nokkuð það, er Alþingi hafði falið henni að gera í dýrtíðarmálunum, þó með þeirri einu undantekningu, að þáverandi félagsmálaráðherra framkvæmdi húsaleigulögin.

Vegna þessarar vanrækslu ríkisstjórnarinnar í dýrtíðarmálunum óx dýrtíðin mjög hratt. Ríkisstjórnin var eigi þeim vanda vaxin að framkvæma það höfuðverkefni, sem Alþingi hafði falið henni, og var því Alþingi kvatt saman til fundar hinn 13. okt. s.l. til þess að ráða fram úr dýrtíðarmálunum.

Á þingi þessu lagði Framsóknarflokkurinn fram, svo sem kunnugt er, frumvarp um að lögbanna hækkun kaupgjalds og lögbinda dýrtíðaruppbót og verð innlendra afurða. Þar eð grunnkaup hafði ekki hækkað frá stríðsbyrjun sem neinu nam, en dýrtíðin hins vegar farið hraðvaxandi, var augljóst, að grunnkaupshækkun var eigi orsök dýrtíðarinnar og frv. þetta því barátta gegn kaupgjaldinu, en ekki dýrtíðinni.

Alþýðuflokkurinn lagði hins vegar fram frv. um auknar ráðstafanir til þess að halda niðri dýrtíðinni. Var þar hert mjög á ákvæðum gildandi laga og borin fram nokkur merk nýmæli.

Sjálfstæðisflokkurinn og Kommúnistaflokkurinn lögðu ekkert til þessara mála.

Frumvarp Alþýðuflokksins varð eigi útrætt, en frv. Framsóknarflokksins var fellt í neðri deild Alþingis hinn 7. nóv. 1941 með 14 atkv. gegn 12. Var þannig sýnt, að meiri hluti Alþingis var því algerlega andvígur.

Sagði ríkisstjórnin þá af sér, og virtist horfa til vandræða. Fór svo fram um hríð, að engir fengust til þess að mynda nýja ríkisstjórn, og settist hún þá aftur. Engar nýjar ráðstafanir voru gerðar í dýrtíðarmálunum, en ríkisstjórnin fékk þungar ávítur hjá ýmsum þingmönnum fyrir aðgerðaleysi sitt í þeim, og lofaði hún nú að framkvæma dýrtíðarlögin, er hún tók á ný við völdum. Forsætisráðherra lét þess þó getið, að hann teldi þau ófullnægjandi, og lýsti yfir ábyrgðarleysi sínu í því sambandi. Sleit Alþingi síðan, og fóru þingmenn hver heim til sín.

Þrátt fyrir gefin loforð leið svo fram um áramót, að enn gerði ríkisstjórnin ekkert það í dýrtíðarmálunum, er Alþingi hafði falið henni að framkvæma. Hins vegar lét landbúnaðarráðherra, sem jafnframt er forsætisráðherra, enn hækka landbúnaðarvörur í verði, eins og til þess að storka launastéttunum og undirstrika ábyrgðarleysi sitt á framkvæmdarleysi hans á dýrtíðarlögunum, sem hann hafði þó tvívegis tekið við frá Alþingi.

Fjögur félög iðnaðarmanna í Reykjavík, sem í Alþýðusambandinu eru, með alls um 500 meðlimum, og tvö smáfélög, sem ekki eru í Alþýðusambandinu, höfðu sagt upp samningum sínum við atvinnurekendur. Flest þessara félaga höfðu eigi í fyrstu gert ráð fyrir að krefjast verulegrar hækkunar á grunnkaupi, en hin stöðuga hækkun dýrtíðarinnar í höndum ríkisstjórnarinnar mun hafa breytt hinum upphaflegu áformum og ýtt undir, að kröfur voru gerðar af þeirra hálfu um hækkun grunnkaups. Þó voru þessar kröfur eigi hærri en svo, að fullt útlit var fyrir, að samningar næð-

ust um eða eftir áramótin milli félaga þessara og atvinnurekenda. Þá hélt forsætisráðherra hina alkunnu nýársræðu sína. Boðaði hann opinberar ráðstafanir gegn hækkun grunnkaups. Stöðvuðust samningar við það í bili, en þó eigi hjá öllum félögunum.

Hinn 8. jan. 1942 gefa síðan 4 ráðherrar af 5 í ríkisstjórninni út bráðabirgðalög um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum. Var með bráðabirgðalögum þessum lögfest bann við hækkun á grunnkaupi, þrátt fyrir að Alþingi hafði fellt sams konar tillögur skömmu áður. Þessi aðferð, að gefa út bráðabirgðalög, sem fóru þverlega í bág við nýyfirlýstan vilja Alþingis og eins ráðherrans í ríkisstjórninni, var hvort tveggja í senn þingræðisbrot og brot á samkomulagi því, sem gert var, þegar þjóðstjórnin var mynduð. Bráðabirgðalög þessi voru mjög sama efnis og Alþingi var nýbúið að fella og eigi nema rúmur mánuður þangað til Alþingi skyldi kvatt saman til reglulegs fundar á ný. Skerða þau algerlega rétt launastéttanna til þess að semja um kaup sitt og kjör, og munu engin dæmi til þess í nokkru þingræðislandi, að hrapað sé að slíkum ráðstöfunum með bráðabirgðalögum, og það rétt eftir að Alþingi hafði fellt frumvarp sama efnis og rétt áður en þetta sama þing kemur saman á ný. Virðist þessi óþingræðislega aðferð hafa verið viðhöfð til þess að binda hendur þingmanna við gerðir ráðherra sinna og flokksstjórna á milli þinga, af því vonlaust hafi þótt að koma þessu máli fram á annan hátt. Slík vinnubrögð eru vitanlega stórhættuleg öllu þingræði og lýðræði og stórlega vítaverð.

Lagafrumvarp þetta hefst á því, að ríkisstjórnin tilnefnir 5 menn í svonefndan gerðardóm. Nú mun það réttarfarsregla um gerðardóma, að tveir aðilar, sem eigi eru á eitt sáttir, tilnefna menn í dóm, jafnmarga aðila hvor, til þess að túlka mál sitt frá báðum hliðum, en komi þeir sér eigi saman, útnefnir hlutlaus aðili oddamann í dóminn. Til þess að gerðardómur starfi, þarf ágreiningur að vera fyrir hendi. Gert er ráð fyrir málsútlistun og að dómarar meti og virði allar málsástæður.

Í frumvarpi þessu eru brotnar allar meginreglur um skipan gerðardóms. Hér er það ríkisstjórnin, sem útnefnir alla dómarana, og eru ekki gerðar til þeirra neinar kröfur um sérþekkingu á högum aðila. Það er því rangt, þegar af þessum ástæðum, að nefna dóm þennan gerðardóm.

Dómurum er að vísu ætlað að vinna drengskaparheit að því, að þeir muni vinna starf sitt eftir beztu vitund, en jafnframt er þeim fyrirskipað að fylgja þeirri meginreglu, að eigi megi greiða hærra grunnkaup fyrir sams konar verk en greitt var á árinu 1941. Þar með er þeim í raun réttri bannað að meta málsástæður. Þeir mega ekki taka tillit til þess, þó að grunnlaun verkamannsins séu í rauninni of lág, þeir mega ekki meta greiðslugetu atvinnuvegarins. Hvað sem þessu hvoru tveggja líður, á grunnkaupið að vera óbreytt. Á þennan hátt er dómnum beinlínis fyrirskipað að ganga á rétt launþega.

Þá er fyrirskipað að leggja undir úrskurð dómsins allar breytingar á kaupi, kjörum, hlutaskiptum og þóknunum, og það alveg eins, þó að samkomulag sé um þær milli atvinnurekenda og launþega. Það er þannig ekki ætlazt til þess, að dómur þessi úrskurði um ágreining, svo sem venja er um gerðardóma, heldur sé hann á verði fyrir atvinnurekendur og gæti þess, að þeir greiði ekki verkamönnum og öðrum launþegum hærra kaup en á árinu 1941, jafnvel þó að atvinnurekendur sjálfir séu fúsir til þess. Er því einsætt, að gerðardómurinn getur skapað ágreining milli launþega og atvinnurekenda um mál, sem þeir eru ásáttir um. Þeir, sem laun taka, og þeir, sem launin greiða, eru að sjálfsögðu betur færir um að meta, hvers virði vinnan er og hvað atvinnureksturinn þolir að borga, heldur en óviðkomandi menn. Þó eru þeir með lagafrv. þessu gerðir ómyndugir og ósjálfráðir gerða sinna. Í samræmi við það eru verkalýðsfélögin svipt verkfallsrétti, sem þeim var löghelgaður á Alþingi 1938. Launastéttirnar eru þannig sviptar öllu samningafrelsi um kaup sitt og kjör á mestu uppgangstímum atvinnuveganna. Hvað mundi þá þegar þrengir að, ef hinir sömu mættu ráða?

Þá er í frv. gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin gefi út skrá yfir vörur, sem eigi

megi selja hærra verði en þær voru seldar á árinu 1941, en þess eigi getið, hvar á að taka mismuninn, ef vörurnar eru seldar með tapi, og eigi heldur hver eigi að úrskurða um það. Enn fremur er ríkisstjórn heimilað að gefa út skrá yfir vörur, sem eigi megi leggja meira á en gert var í árslok 1941, en ef sú álagning, sem þá var leyfð, á að haldast óbreytt, er hætt við, að lítill árangur verði af þessari ráðstöfun, ef hún á að skoðast sem barátta gegn dýrtíðinni. Ýmis ákvæði frv. viðvíkjandi verðlagi gætu þó orðið til bóta, ef framkvæmd væru af kjarki og festu, en hvort tveggja hefur skort til þessa í framkvæmd verðlagseftirlitsins. Ríkisstjórnin hefur lengi haft í öðrum lögum sams konar heimildir og hér eru gefnar, en ekki notað þær að neinu gagni.

Þá fékk ríkisstjórnin með l. nr. 48 hinn 9. júlí 1941 heimild til þess að hafa hemil á farmgjöldum, en hefur eigi fengizt til þess að nota hana. Með þessu frv. er sú heimild færð úr höndum ríkisstjórnar og lögð í hendur hins svo nefnda gerðardóms, að vísu orðuð nokkuð ákveðnar en áður var, en þó fer það enn eftir vilja þeirra, sem heimildina hafa, hvort hún kemur að nokkru gagni eða engu.

Þegar athugað er, að upp í frv. þetta hafa verið teknar heimildir, sem ríkisstjórnin hafði áður í öðrum lögum og hefur eigi fengizt til að framkvæma, verður eigi komizt hjá að álíta, að það sé gert til þess að sýnast. Sama máli er að gegna um víðtæka heimild, sem stofnun þessari er veitt til þess að ákveða taxta fyrir viðgerðir, smíði, saumaskap, prentun og því um líkt. Allt er þetta svo margbrotið og yfirgripsmikið, að eigi er sennilegt, að fimm menn, sem allir hafa margvíslegum öðrum störfum að sinna, geti annað þessu, og sízt í áttina til verðlækkunar. Sú ráðstöfun að hafa fjórar verðlagsnefndir, þar sem allt er gert í hjáverkum, og einn dómstól, sem á að úrskurða hjáverkastarf hinna nefndanna í hjáverkum sínum, sýnir átakanlegt alvöruleysi eða vonleysi ríkisstjórnarinnar um, að nokkuð verði unnið að gagni af hennar hálfu gegn dýrtíðinni.

Framkvæmd bráðabirgðalaganna, sem þetta frv. á að staðfesta, er óræk sönnun fyrir því, er hér að framan segir, og skal hún nú rakin stuttlega eins og hún kemur mér fyrir sjónir.

Framkvæmd þessi hefur verið tvenns konar:

1. Barátta gegn kauphækkun.
2. Eftirlit með vöruverði.

Skulu hinu fyrra nú gerð nokkur skil.

Svo sem áður segir, höfðu 4 félög iðnlærðra manna innan Alþýðusambandsins sagt upp samningum sínum fyrir áramót og kröfðust grunnkaupshækkunar, enn fremur 2 félög utan Alþýðusambandsins. Félög þessi voru:

1. Bókbindarafélagið,
2. Félag járniðnaðarmanna,
3. Hið íslenzka prentarafélag,
4. Klæðskerafélagið Skjaldborg.

Utan Alþýðusambandsins:

1. Félag rafvirkja,
2. Félag skipasmiða.

Eftir nýársræðu forsætisráðherra slitnaði upp úr samningum við þessi félög, og hófst þá verkfall, nema hjá klæðskerasveinum, sem sömdu við atvinnurekendur hinn 5. jan. um 10% hækkun á grunnkaupi og stytting vinnuviku úr 60 stundum í 51 klst. Þessum samningarna samningi var síðar breytt af „gerðardómnum“.

Kjör hinna 4 Alþýðusambandsfélaga voru í höfuðatriðum fyrir áramót sem hér segir fyrir fullkomna iðnsveina:

Prentarar: Vélsetjarar kr. 115.30 á viku, aðrir setjarar og prentarar kr. 97.05. Vinnustundir 48 á viku, sumarfrí 12 dagar, veikindafrí 12 dagar.

Bókbindarar: kr. 93.90 á viku, vinnustundir 48, sumarfrí og veikindafrí hið sama og hjá prenturum.

Járniðnaðarmenn: dagvinnutími 8 stundir, grunnkaup kr. 1.93, eða kr. 92.64 á 6 daga vinnuviku, sumarfrí 6—8 dagar, slysafrí 7 dagar.

Klæðskerasveinar: Vikukaup 90 krónur, vinnustundir 60, sumarfrí 8 dagar, veikindafrí 12 dagar.

Námstími í öllum þessum iðngreinum er minnst 4 ár og síðan lágt kaup fyrir nýsveina í 1 til 1½ ár.

Hinn 8. janúar settu fjórir ráðherrar úr ríkisstjórninni, svo sem kunnugt er, bráðabirgðalög í kaupgjalds- og verðlagsmálum. Voru verkföll þar bönnuð, og aflýstu félögin þeim, en eigi hurfu menn þó aftur til vinnu.

Atvinnurekendur vildu flestir ólmir semja, en fengu því eigi ráðið fyrir bráðabirgðalögum ríkisstjórnar um gerðardóm, og tók dómstóll þessi að dæma af iðnaðarmönnum kjarabætur þær, er atvinnurekendur voru fúsir á að greiða og höfðu ýmsir þegar samið um.

Hófst þessi herferð á því að dæma af hinum lágt launuðu klæðskerasveinum grunnkaupshækkun, er nam h. u. b. 10%, og lengja vinnutíma þeirra úr 51 stund á viku, er samið hafði verið um, upp í 54 stundir.

Sama gerræði var beitt gegn bókbindurum. Var dæmd af þeim h. u. b. 5,5% grunnkaupshækkun, en hins vegar leyfðar nokkrar aðrar smávegis kjarabætur. Var bókstaf „gerðardómslaganna“ beitt gegn þessum lágt launuðu stéttum til hins ýtrasta.

Hins vegar var öðrum tökum tekið á Félagi járniðnaðarmanna. Það fékk staðfesta grunnkaupshækkun, sem nam 12,2% af 16,6%, er samið hafði verið um. Mismuninn, ca. 12 þús. krónur, greiddu meistarar í ellilaunasjóð félagsins. Fengu járniðnaðarmenn með „dómnum“ staðfestan samning um að breyta kaupi sínu úr dagkaupi í vikukaup, kr. 100.00 á viku í grunnlaun, og vinnutíma staðfestan 8 stundir, svo sem áður var. Auk þess fengu þeir sumarfrí aukið úr 8 dögum í 14 og slysavikur 4 fyrir eina áður. Eftirvinna og næturvinna hækkaði í sama hlutfalli og dagvinna.

Ber sízt að telja eftir þessi úrslit, er félag járniðnaðarmanna náði, þó að þau stingi óneitanlega í stúf við meðferð þá, er bókbindarar og klæðskerar fengu, og verður eigi annað séð en „dómurinn“ hafi í úrskurði sínum metið hina brýnu þörf á því að fá leysta deilu járniðnaðarmanna, þó að til þess sé að vísu engin heimild í bráðabirgðalögunum.

Þegar prentarar sáu, hvert stefndi með lagasetningu þessa og framkvæmd hennar, neituðu þeir öllum afskiptum dómsins harðlega og sömdu um sömu kjör og þeir höfðu áður.

Af afskiptum dómsins af samningum annarra félaga má nefna, að afnumin var með úrskurði nýumsamin grunnkaupshækkun hjá verklýðsfélagi Vestmannaeyja og enn fremur 5% grunnkaupshækkun, er illa launuð stétt í félaginu Iðju á Akureyri hafði náð samningum um fyrir milligöngu sáttasemjara ríkisins á Akureyri.

Aðalstarf dómsins hefur þannig verið að koma í veg fyrir, að láglaunamenn fengju hækkun á grunnkaupi.

Alls höfðu 7 félög með 700 meðlimum sagt upp samningum og farið fram á grunnkaupshækkun af um 18000 manns, sem í Alþýðusambandinu eru. Setning bráðabirgðalaganna hindraði að vísu grunnkaupshækkun hjá hinum veikari félögum, en síðan hafa ýmis félög tekið upp nýja aðferð. Þau gera enga sameiginlega samninga, og meðlimirnir ráða sig eins og hver getur bezt. Þetta gefst verkamönnum vel til hækkunar í þeim atvinnugreinum, þar sem eftirspurn er eftir mönnum til vinnu. Og á þennan hátt er þessi löggjöf sniðgengin af fjölda manns, sem hefur aðstöðu til þess. Þá er og vitað, að þótt bannað sé með bráðabirgðalögunum og þessu frv., ef að lögum verður, að hækka kaup vinnufólks, þá mun það samt verða gert af þeim, er telja sig hafa þörf fyrir slíka aðstoð.

Þessi lagasetning er þannig óframkvæmanleg gegn vilja verkalýðsins á þeim stöðum og í þeim atvinnugreinum, þar sem eftirspurn er eftir vinnuafli. Hins vegar eru víða um land staðir og atvinnuvegir, þar sem eftirspurnin eftir vinnuaflinu er

ekki neitt veruleg. Þar gilda sameiginlegir samningar um grunnkaup, og þar sem svo háttar, verður farið eftir þessari löggjöf. Hún mundi þannig skapa misrétti innan verkalýðsstéttarinnar og sérstaklega koma hart niður á þeim, sem hafa lægst laun og vonda aðstöðu, þar sem framboð og eftirspurn verða ráðandi um kaupgjaldið. Er framkvæmd bráðabirgðalaganna þessa alveg óræk sönnun. Hún er einnig óréttlát á þann veg, að hún ákveður eingöngu tekjur launastéttanna á sama tíma og tekjur annarra manna eru eigi takmarkaðar með valdboði. Sem dýrtíðarráðstöfun kemur hún ekki að haldi, þar eð hækkun grunnkaups er eigi orsök dýrtíðarinnar í landinu.

Þá er að athuga eftirlitið með vöruverðinu.

Um áramótin var gefin út skrá yfir vörur, sem ekki mætti selja hærra verði en gert var síðast á árinu 1941. Þá hefur og verið breytt nokkuð til lækkunar álagningu á nokkrum vörutegundum. Samt hefur niðurstaðan orðið sú, að ýmsar vörur, sem bannað var að hækka, hafa hækkað í verði. Má glögglega sjá þetta á skrá þeirri um smásöluverð í Reykjavík í byrjun janúar og byrjun marz 1942, sem birt er hér á eftir. Úti um land hefur þessi mismunur víða orðið enn meiri; ef fylgt er þar álagningarreglu „gerðardómsins", mundu ýmsar vörur hafa hækkað enn meira í verði.

Enn er fylgt þeirri reglu að leyfa álagningu á vörur í hundraðshlutum. Því meira sem varan hækkar í verði í innkaupi, því meira sem farmgjöld og annar kostnaður hækkar, því meira græðir sá, sem selur. Þar er ekki reiknuð út dýrtíðaruppbót og grunnlaunin ekki skorin við neglur. Þetta á sér stað um allar nauðsynjavörur, en þó í enn ríkara mæli um aðrar vörur, sem mikið er nú selt af og ekki koma beint inn í vísitöluna. Vöruumsetningin hefur aukizt og margfaldazt, bæði að magni og verði, en álagning er leyfð mjög hin sama í hundraðshlutum eins og þegar verðið var lágt og umsetningin lítil. Samtímis hefur svo verið leyfð stöðug hækkun innlendra afurða, en eigi verið tekin sú leið að verðbæta þær. Þá hefur frá hálfu ríkisstjórnarinnar eigi verið sinnt þeirri sjálfsögðustu, stærstu og réttlátustu dýrtíðarráðstöfun, sem fyrir hendi var, þeirri að hækka gengi íslenzkrar krónu.

Árangur hins óafsakanlega úrræðaleysis, undandráttar og sinnuleysis ríkisstjórnarinnar í dýrtíðarmálunum hefur orðið sá, svo sem kunnugt er, að dýrtíðarvísitalan hefur komizt upp í 83 stig. Þetta gerist á sama tíma og aðrar ríkisstjórnir gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að halda dýrtíðinni í skefjum. Má til dæmis nefna, að frá ófriðarbyrjun hafði dýrtíðin vaxið í Bretlandi til 1. okt. s. l. um 26%, í Bandaríkjum N.-Ameríku um 8,8% og í Þýzkalandi um 5%.

Þrátt fyrir allt umtal og skrif um nauðsyn framkvæmda í þessum málum hefur farið svo hörmulega hér sem raun ber vitni um.

Þegar ríkisstjórnin loks tekur rögg á sig, ræðst hún ekki á dýrtíðina, heldur kaupgjaldið. Hjá henni snýst baráttan ekki gegn dýrtíðinni, heldur gegn launastéttunum. Innflutningur erlends gjaldeyris, sem keyptur er óeðlilega háu verði, hefur ásamt úrræðaleysi ríkisstjórnarinnar í dýrtíðarmálunum skapað ástand, sem áður en varir veldur vandræðum. Óhemju auður hefur á skömmum tíma safnazt á hendur örfárra manna. Í stað þess að taka þennan stríðsgróða og nota hann til dýrtíðarráðstafana og jafnframt leyfa honum að nokkru leyti að dreifast út á meðal almennings í hækkuðu kaupgjaldi og bættum kjörum almennings, hefur ríkisstjórnin tekið upp í frv. því, er fyrir liggur, þá óheillavænlegu stefnu að láta stríðsgróðann halda áfram að renna til milljónæranna með því að banna almenningi að bæta kjör sín, samhliða því sem verðlagseftirlit hennar er hik eitt og kák, sem eigi kemur að gagni. Frv. það, er fyrir liggur, miðar að því að lögfesta þessa stefnu, sem jafnvel á friðartímum væri óréttlát og skaðleg, en á ófriðartímum leiðir til glötunar.

Að framansögðu athuguðu legg ég til, að frv. þetta verði felld.

Alþingi, 24. marz 1942.

Finnur Jónsson.

Fylgiskjal.

Skrá yfir verðbreytingar á nauðsynjavörum, sem seldar eru í smásölu í Reykjavík, samin eftir skýrslum verðlagsnefndar.

	Útsöluverð byrjun jan. 1942	Útsöluverð byrjun marz 1942	Hækkun	Lækkun
Kindakjöt, nýtt	4,00	4,10	0,10	„
Nautakjöt, steik	6,75	6,33	„	0,34
Nautakjöt, súpa	4,75	4,96	0,21	„
Kálfskjöt	4,17	4,14	„	0,03
Saltkjöt	4,18	4,52	0,34	„
Hangikjöt	7,31	7,51	0,20	„
Kæfa	7,92	8,83	0,91	„
Flesk, saltað	11,00	11,20	0,20	„
Flesk, reykt	14,25	14,64	0,39	„
Fiskbollur	2,43	2,73	0,30	„
Mjólkurostur	8,48	9,80 febr.	1,32	„
Egg	17,30	12,95	„	4,35
Rúgmjöl	0,65	0,62	„	0,03
Hveiti	0,70	0,67	„	0,03
Hafragrjón	0,85	0,82	„	0,03
Kartöflumjöl	1,65	1,50	„	0,15
Hrísmjöl	1,42	1,47	0,05	„
Sagó	1,88	1,92	0,04	„
Hrísgrjón	1,45	1,39	„	0,06
Matbaunir	1,48	1,41	„	0,07
Strásykur	1,23	1,19	„	0,04
Hvítasykur	1,25	1,38	0,13	„
Kandís	2,95	2,73	„	0,18
Kaffi, brennt og malað	5,54	5,57	0,03	„
Kaffi, óbrennt	3,42	3,41	„	0,01
Kaffibætir	4,51	4,54	0,03	„
Kakaó	5,99	6,06	0,07	„
Te	1,30	1,48	0,18	„
Brúnsápa	3,07	3,00	„	0,07
Sólskinssápa	1,22	1,23	0,01	„
Þvottaefni	0,95	1,15	0,18	„
Sódi	0,71	0,70	„	0,01

Sþ. 109. Tillaga til þingsályktunar

um brúargerð á Hólsá.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Helgi Jónasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún láti á sumri komanda gera brú á Hólsá milli Vestur-Landeyja og Þykkvabæjar, og heimilar fé úr ríkissjóði til þess.

Greinargerð.

Eins og nú er komið, eru samgöngurnar ordnar undirstaðan undir athafnalífi og framleiðslustarfi sveitanna, og má segja, að þær sveitir, sem mjög eru afskiptar í þeim

efnum, séu sem óðast að verða óbyggilegar og leggjast í auðn, hversu góð sem skilyrðin eru þar að öðru leyti. Fólksfæðin, sem nú er á flestum sveitaheimilum, á einnig sinn þátt í því að torvelda mjög búskap, þar sem erfitt er að ná til sæmilegs vegasambands með afurðir sínar.

Á Suðurlandsundirlendinu eru Vestur-Landeyjar — eða mikill hluti þeirra a. m. k. — áreiðanlega ein sú sveit, sem langsamlega er afskiptust í þessu efni. Er sveitin þó góð frá náttúrunnar hendi og mörg ákjósanleg skilyrði til búnaðar þar. — Vegasamband er þarna mjög ófullkomið, svo að oft teppast samgöngur með öllu, jafnvel mánuðum saman. Eru annars vegar aðeins troðningar upp á aðalþjóðveginn hjá Hemlu, en hins vegar Hólsá, sem er ferjuvatn, ef reynt er að ná vegasambandi á Þykkvabæjarveginn, sem er að miklum mun skemmra fyrir syðri hluta sveitarinnar.

Búendur á þessu svæði hafa nú séð, að erfitt verður að haldast þarna við, þótt búfjárðir séu margar ágætar, ef á þessu fæst engin bót ráðin hið bráðasta. Hafa þeir því sjálfir hafizt handa og sent áskoranir til þingsins um, að þessu verði komið í verk nú á sumri komanda, og bjóðast jafnframt til að leggja fram vinnu sjálfir í stórum stíl og einnig sjá um mikinn hluta efnisins, ef örðugleikar eru á útvegun þess. En þetta tvennt er talið, að torveldi einkum nú slíkar framkvæmdir sem hér um ræðir: Skortur vinnuafls og efnis.

Eins og nú er um fjárhagsafkomu ríkisins, verður að telja því fé heppilega varið nú á tímum, sem fer til að tryggja það tvennt, að halda fólki áfram við framleiðslustörf í sveitunum og halda íslenzkum vinnukrafti að umbótum á sínu eigin landi.

Ed. 110. Frumvarp til laga

um lendingarbætur á Stokkseyri.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Til lendingarbóta á Stokkseyri skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðuneytið hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 100 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Stokkseyrar að jafnri tiltölu og lendingarsjóður Stokkseyrar leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 100 þús. kr. lán, er hreppsnefnd Stokkseyrar kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Eigendur Stokkseyrartorfu leggja fram, endurgjaldslaust, nauðsynlegt land til lendingarbótanna, uppsáturs, íveru- og fiskhúsa, allt að 20 þús. fermetrum, svo og land undir brautir og vegi, er nauðsynlegir kunna að þykja, enn fremur grjót, möl og önnur jarðefni, og þola bótalaust þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér. Land þetta má lendingarsjóður þó eigi selja.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni eða lendingarbótunum, eftir því, er nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta, né heldur

halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki hreppsnefndar Stokkseyrar komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum, 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa 3 menn, er hreppsnefnd Stokkseyrar kýs. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Stokkseyrar ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir né taka lán, umfram stofnlán samkvæmt heimild 2. gr., til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán, og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna, svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Stokkseyrar allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða á Stokkseyri, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Stokkseyrarhafnar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkv. 12. gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðsins að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykkis.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Stokkseyrar semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, skipagjöld og báta og bryggjugjöld og fleira, er þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Eignir núverandi lendingarsjóðs Stokkseyrar renna í hinn nýja lendingarsjóð, enda tekur hann að sér ábyrgð á skuldum hins.

14. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Umboð núverandi hafnarnefndar Stokkseyrar gildir unz nýjar hreppsnefndarkosningar á Stokkseyri hafa farið fram. Að þeim afstöðnum skal fara um kosningu hafnarnefndar eins og segir í 5. gr. þessara laga.

Ed. 111. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

33. gr. laganna orðist þannig:

Hver framboðslisti, sem hlotið hefur bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn, kosna hlutbundnum kosningum, hefur rétt til jafnmargra varamanna og aðalmanna, þó ekki færri en þriggja varamanna.

Varamenn á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt sem aðalmenn, þannig að þeir eru tilnefndir varamenn, sem hæstar atkvæðatölur hafa næst á eftir hinum kjörnu aðalmönnum.

Varamenn taka sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd í þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá, flytjast burtu eða forfallast á annan hátt frá að eiga sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Varamenn hreppsnefndarmanna, kosinna óhlutbundnum kosningum, taka sæti í þeirri röð, sem þeir eru kosnir.

Ef bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða annars, á hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt á meðan.

Varamenn taka sæti í þeim nefndum innan bæjarstjórnar eða hreppsnefndar eða nefndum skipuðum af bæjarstjórnum eða hreppsnefndum, er sá bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður sat í, er þeir taka sæti fyrir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka einnig til bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosninga, sem fram hafa farið frá árslokum 1941.

Nd. 112. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Gísla Sveinssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:

Á eftir A. 11. í 2. gr. laga nr. 101/1933 bætist nýr liður:

Álftaversvegur: Frá þjóðveginum við Skálmarbrú á Mýrdalssandi að Þykkvabæjarklaustri í Álftaveri.

Nd. 113. Breytingartillaga

við frv. til laga um málflytjendur.

Frá Garðari Þorsteinssyni.

Við 9. gr. 5. Eftir „háskóla Íslands“ komi: með 1. einkunn.

Sþ. 114. Tillaga til þingsályktunar

um brúargerð á Eldvatn í Meðallandi.

Flm.: Gísli Sveinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta á þessu ári gera brú á Eldvatn í Meðallandi og heimilar til þessa nauðsynlegt fé úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Eldvatnið í Meðallandi er á alfaraleið allra þeirra, er fara um fremri byggðir sveitanna milli Mýrdalssands og Skeiðarársands, hvort sem innsveitismenn eru eða lengra að komnir. Meðallandið er nú einangraðasta sveitin í Skaftafellssýslu að því leyti, að sjálf þjóðbraut Suðurlandsins liggur þar allfjarri, og verður því sem fyrst að hefjast handa um akfæran veg þangað, til þess að koma sveitinni í lífrænt samgöngusamband við aðra hluta héraðsins og þar með aðalflutningaleiðirnar.

Meðallandsvegur er nú þegar áætlaður, enda í tölu þjóðvega, og á þessu ári er veitt nokkurt fé til þess að hefja þar framkvæmdir; einnig eru ráðgerðar smábrýr á þeim vegi, en í Meðallandi er Eldvatnið mesta ófæran og er nú farið á ferju. Tiltölulega aðgengilegt er þó að gera brú á það vatnsfall á fleirum en einum stað. Rennur það um byggðina sjálfa og er á hinni fyrirhuguðu Meðallandsbraut, en henni er ætlað hvort tveggja, að tengja þessa sveit við Skaftártunguna og Síðuna.

Áhugi er nú mikill í héraði, eins og gefur að skilja, fyrir góðri og skjótri lausn þessa mikilvæga samgöngumáls, svo sem einnig vegamálastjóra er kunnugt um. Nú þykja vera ráð á framlögum til framkvæmda í landinu, og má þá sízt gleyma því, sem er lyftistöngin undir afkomu atvinnuveganna úti um byggðir landsins og líklegast er til þess að halda sveitafólkinu við sitt, en það eru hinar nauðsynlegustu og sjálfsögðustu samgöngubætur, eins og á sér stað um vega- og brúargerðir í Skaftafellssýslu. Er nú og réttilega bent á, að búendur á þessum stöðum eru fúsir til þess að vinna að þessum verkum, og óvenjulega mikill trjáviður berst einmitt á þessum tíma að landinu, sem sé hinn mikli viðarreki á fjörur, en allmikið af honum er vel nothæft og nærtækt til brúargerða þar eystra.

Ed. 115. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 100 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Til hins meira fiskimannaprófs útheimtist: Hið sama og til hins minna fiskimannaprófs og enn fremur:

Stærðfræði (munnleg):
a. Í reikningi: Notkun logaritma. Veldi og rót.
b. Í flatarmálsfræði: Beinar línur. Horn. Hringurinn. Marghyrningur. Sporbaugur. Reglur um hliðar og horn í þvíhyrningum og samhliðungum. Rétthyrndur þríhyrningur. Einslaga og samfalla þríhyrningar. Flatarmál hrings og marghyrninga. Uppdráttur og útreikningur flatarmáls einföldustu flata.
c. Í þríhyrningafræði: Þekking á grundvallaratriðum þvíhyrningafræðinnar og á útreikningi flatra rétthyrndra þríhyrninga eftir henni.
d. Í rúmfræði: Útreikningur rúmtaks, ferstrendings og sívalnings.

Siglingafræði (skrifleg og munnleg):
Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu á bauganeti þess, á því að ákveða afstöðu himinhnatta, á sólinni og hreyfingu hennar.
Þekking á mælingu tímans og skiptingu hans.
Að kunna að finna ristíma, hágöngutíma og hvarftíma himinhnatta.
Þekking á hæðarleiðréttingum himinhnatta og að kunna að finna breiddina af athugun sólar eða fastastjarna í hádegisbaug.
Þekking á sextanti og notkun hans.
Að kunna að finna misvísun eða segulskekkju af athugun pólstjörnunnar. Staðarákvarðanir með radíómiðunum.
Að kunna að finna misvísun eða segulskekkju með viks(amplitude)athugun sólar og við azimutathugun sólar eða stjarna.
Þekking á hallasegulskekkju.
Að búa til vaxandi kort.

Sjómennska (munnleg, skrifleg og verkleg):
Hið sama og til hins minna fiskimannaprófs og enn fremur þekking á notkun alþjóðamerkjabókar og að geta lesið og gefið ljós- og hljóðmerki eftir Morsestafrófi.
Íslenzka (skrifleg og munnleg):
Nokkru fyllri þekking en til minna fiskimannaprófsins.

Danska (munnleg):
Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti, í lausu máli og ljóðum, sérstaklega um líf og störf sjómanna, og að geta talað dönsku nokkuð, einkum um það, er snertir sjómennsku.

Enska (munnleg):
Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti, einkum um sjómennsku, og geta talað ensku nokkuð, einkum um það, er gerist á sjó.

Sjóréttur (munnlegur):
Nokkru fyllri þekking en til hins minna fiskimannaprófs.

Hjúkrunarfræði (munnleg):
Að hafa fengið yfirlit yfir það helzta, er stendur í lækningabókum sjómanna, og sé einkum lögð áherzla á þessi atriði:
Hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu sjúkdóma.
Samræðissjúkdóma og varnir gegn þeim.
Næma sjúkdóma og sóttvarnarreglur, sem skipum er skylt að hlýða.
Almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur í skipum, hirðingu þeirra og umgengni, matvæli og fæði skipverja.

Vélfræði (munnleg):
Einföldustu atriði mótorfræðinnar ásamt yfirliti yfir algengustu vélar, notkun þeirra, umhirðu og eldsneyti.

Bókhald:

Að kunna það bókhald, er staðan útheimtir.

Auk þess sé nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í sjómennsku og veðurfræði.

2. gr.

Orðin „Að búa til vaxandi kort“ í kaflanum um siglingafræði í 7. gr. laganna falli burtu. Aftan við þennan kafla komi: Sigling eftir stórbaug og stórbaugskort.

3. gr.

Í stað orðanna „er segir í 1.—6. lið 12. gr. þessara laga“ komi: er segir í 1.—5. lið 12. gr. þessara laga.

Aftan við sömu lagagr. komi ný málsgr., er orðist þannig:

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum skólastjóra, að ákveða, að aðeins skuli kennd tvö af hinum erlendu tungumálum til farmannaprófs.

4. gr.

15. gr. laganna orðist þannig:

Við stýrimannaskólann skulu auk skólastjóra vera að jafnaði þrír skipaðir kennarar, tveir aðstoðarkennarar í siglingafræði og tungumálakennari, og stundakennarar eftir þörfum.

Laun fastra kennara við skólann skulu ákveðin í launalögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 116. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá forsætisráðherra.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:

Á eftir XIII. í lögum nr. 72 23. júní 1936 kemur nýr liður:

Selstrandarvegur: Frá Kaldrananeshreppsvegi við Hálsgötugil út Selströnd, um Drangsnes og Bjarnarnes, að Kaldrananesi.

Fylgiskjal.

Kaldrananesi, 15. marz 1942.

Háttvirti herra forsætisráðherra!

Það verður með hverju árinu, sem líður, tilfinnanlegra, hversu erfitt oss veitir að koma í framkvæmd allra nauðsynlegustu umbótum á vegum þeim, er hreppnum að lögum er ætlað að sjá um. Nú liggur ríkisvegurinn innanfyrir Steingrímsfjörð norður í Bjarnarfjörð um Bala til Kaldbaksvíkur og áfram. Þrátt fyrir þetta mun vera nál. 70 km. hinir svokölluðu hreppsvegir. Er víða óhægt að leggja veg á þeirri leið. Vegna staðhátta verður að halda við tveimur leiðum yfir Bjarnarfjarðarháls og allri Selströnd innan frá Hálsgötugili með sjó fram út og norður að Kaldrananesi. Þá hefur ekkert verið hægt að sinna neinum umbótum á vegum fram í dalina Goðdal og Sunnudal, sem er þó aðkallandi nauðsyn. Því ærið eiga þeir dalabændur erfitt um aðdrætti. Væri þar full þörf um að bæta.

Það eru því tilmæli vor fyrir hönd hreppsfélagsins, að þér fáið því til vegar komið: **að vegurinn frá Hálsgötugili — þar sem ríkisvegurinn liggur norður yfir Bjarn-**

arfjarðarháls — út Selströnd, um Drangsnes og Bjarnarnes að Kaldrananesi, verði gerður að ríkisvegi.

Það, sem sérstaklega knýr oss til að biðja yður að skerast í þetta mál nú, er eitt með fleiru, að verið er að reisa frystihús á Drangsnesi. Sömuleiðis ráðgerðar hafnarbætur inn með Selströndinni. Vegna þessara framkvæmda má vænta þess, að sú mikla fólksfjölgun, sem þarna á sér stað, haldist þar við eða jafnvel flytjist líka að fólk. Það er eitt höfuðskilyrði þess, að þessi fyrirtæki dafni og þar með aukist lífsskilyrði þess fólks, sem við þau er tengt, að góðar samgöngur skapist umhverfis þau, þó á landi sé. Hreppsfélaginu verður ofviða að leggja í þá vegagerð, sem óhjákvæmileg er, ásamt umbótum og viðhaldi annarra vega. Vegna kunnugleika yðar á staðháttum þarna, þarf ekki frekari rökstuðning þessa máls. Væntum vér hins bezta með framgang þess.

Í hreppsnefnd Kaldrananeshrepps.

Matth. Helgason. Ben. Benjamínsson. Árni Andrésson, Guðm. Jóhannsson.

Sþ. 117. Tillaga til þingsályktunar

um drykkjumannahæli.

Flm.: Pétur Ottesen, Ingvar Pálmason, Finnur Jónsson, Þorsteinn Briem.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja á þessu ári allt að 150 þús. krónum til stofnkostnaðar drykkjumannahælis, í viðbót við þá sjóði, sem fyrir hendi eru og ætlaðir eru til stofnunar slíks hælis.

Greinargerð.

Það getur engum blandazt hugur um það, að stofnun drykkjumannahælis er hið mesta nauðsynjamál. Það má í rauninni furðu gegna, hve þing og stjórn og allur almenningur hefur lengi daufheyrzt við þeim röddum, sem uppi hafa verið bæði innan þings og utan um það, hver nauðsyn væri á því að hrinda þessu máli í framkvæmd. Guðrún Lárusdóttir, landskjörinn þingmaður, flutti á fjórum þingum í röð ýmist þingsályktunartillögur eða lagafrumvörp um málið. Fékk hún í eitt skipti samþykkta þingsályktunartillögu, þar sem skorað var á ríkisstjórnina að beita sér fyrir framkvæmdum í málinu, en þar við situr.

Fyrir atbeina bindindisstarfseminnar í landinu hefur nú tekizt að vekja almennan áhuga fyrir málinu. Hafa bindindisfélögin beitt sér fyrir fjársöfnun í þessu skyni, sem þegar hefur borið allmikinn árangur, og spáir sú reynsla, sem hér er fengin, góðu um framhaldandi fjáröflun með þessum hætti. Þá hefur Jón Pálsson, fyrrverandi bankagjaldkeri, sýnt þessu fyrirtæki mikið vinarþel og áhuga á málinu með þeirri rausnarlegu gjöf, sem hann lét af hendi rakna í þessu skyni fyrir rúmu ári síðan. Í ráði er, að ýmis félög, sem vinna að framgangi margháttaðra velferðarmála, haldi sameiginlega ráðstefnu á Þingvöllum á sumri komanda, meðal annars í því skyni að vinna að framgangi þessa máls. Málið er því að þessu leyti komið á góðan rekspöl.

Þar sem hér er um að ræða bót á þjóðfélagslegu vandamáli, þá má hið opinbera ekki láta sinn hlut eftir liggja. Að sjálfsögðu ber að taka þakksamlega útréttri hönd einstakra manna og félaga til framgangs þessa þarfa máls.

Í þessari tillögu er lagt til, að ríkissjóður verji allt að 150 þús. krónum á þessu ári til stofnkostnaðar drykkjumannahælis, til viðbótar við þá sjóði, sem fyrir

hendi eru og safnast kunna. Ætlazt er til, að ríkisstjórnin láti gera uppdrátt að hælinu og kostnaðaráætlun, ákveði stærð þess og fyrirkomulag.

Ýmis atvik geta legið til þess, að erfitt reynist, að fullur skriður komist á framkvæmdir á yfirstandandi ári. Væri þó undir öllum kringumstæðum rétt og sjálfsagt að festa kaup á landi á hentugum stað til að reisa hælið á, þar sem fyrir hendi væri jarðhiti og hæfilegt landrými til ræktunarframkvæmda. Að því leyti sem fé það, er hér um ræðir, yrði ekki notað til framkvæmda á þessu ári, þá væri það lagt til hliðar í sérstakan sjóð, svo það gæti verið tiltækt, þegar betur byrjaði um framkvæmdir.

Þegar lokið er við byggingu hælisins, verður að sjálfsögðu að setja reglur um tilhögun alla á rekstri þess og fyrirkomulagi, annaðhvort með lögum eða reglugerð.

Ed. 118. Frumvarp til laga

um framkvæmd á IV. kafla laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

Frá ársbyrjun 1943 skal Lífeyrissjóður Íslands greiða fullan elli- og örorkulífeyri samkvæmt IV. kafla laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar (elli- og örorkutryggingar), og nánari fyrirmælum þessara laga.

2. gr.

Árlegur elli- og örorkulífeyrir (grunnlífeyrir) skal vera sem hér segir:
Í Reykjavík: Fyrir einstakling 1500 kr.; fyrir hjón 2200 kr.
Í kaupstöðum: Fyrir einstakling 1400 kr.; fyrir hjón 2100 kr.
Í kauptúnum með yfir 300 íbúum: Fyrir einstakling 1200 kr.; fyrir hjón 1800 kr.
Annars staðar: Fyrir einstakling 1000 kr.; fyrir hjón 1500 kr.

Lífeyririnn greiðist mánaðarlega, að viðbættri fullri verðlagsuppbót vegna þeirrar hækkunar, sem orðið hefur á framfærslukostnaði síðan jan.—marz 1939 samkvæmt vísitölu kauplagsnefndar.

3. gr.

Bæjar- og sveitarsjóðir greiða Lífeyrissjóði Íslands árlega upphæð, sem fæst með því að margfalda tölu þeirra gamalmenna og öryrkja í bæjar- eða sveitarfélaginu, sem rétt hafa til lífeyris samkvæmt IV. kafla laga um alþýðutryggingar, með ¼ hluta elli- og örorkulífeyris fyrir einstakling, að viðbættri fullri verðlagsuppbót samkvæmt 2. gr.

Ríkissjóður greiðir Lífeyrissjóði árlega jafnháa upphæð og bæjar- og sveitarfélögin samanlagt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðan lögin um alþýðutryggingar gengu í gildi, hefur aðbúð gamalmenna og öryrkja aldrei verið eins óviðunandi og nú, er hin mikla breyting hefur orðið á þjóðarhag landsmanna vegn styrjaldarinnar. Aldrei hafa kjör þessa fólks verið jafnbágborin, að svo miklu leyti sem kemur til kasta hins opinbera. Og aldrei hafa verið jafngóðar ástæður til að búa vel að þessu fólki og einmitt nú.

Það er því vissulega tími til þess kominn, að Lífeyrissjóður Íslands verði látinn koma til fullra framkvæmda og gamalmennunum og öryrkjunum tryggður skilyrðislaus réttur til ákveðins lífeyris. Og lífeyririnn verður að vera svo hár, að þeim, sem hans nýtur, sé að minnsta kosti með ýtrasta sparnaði gert kleift að framfleyta lífinu. Annars eru tryggingarnar kák eitt. Og það eru þær með því fyrirkomulagi, sem nú er á þeim.

Með frv. þessu er lagt til, að mjög veruleg breyting verði á öllu tryggingakerfinu. Þegar lögin um alþýðutryggingar voru sett, voru elli- og örorkutryggingarnar hugsaðar fyrst og fremst sem persónutrygging, þar sem ætlazt er til, að hinir tryggðu kosti trygginguna að mestu sjálfir, en njóti þó stuðnings hins opinbera. Með þessu móti verður tryggingin hvorki fugl né fiskur. Fyrir þeirri kynslóð, sem nú er komin á fullorðinsár, verður að sjá með sérstökum hætti. Reynslan hefur nú þegar sýnt, hvers virði sú forsjá er. Hitt hefur reynslan líka sýnt, að þeir, sem greiða iðgjöld frá 16 ára aldri, geta ekki vænzt þess að fá boðlegan lífeyri í ellinni samkvæmt þeim reglum, sem ellitryggingin er byggð á. Það fyrirkomulag að safna sjóðum, sem ætlazt er til, að standi undir tryggingunni í fjarlægri framtíð, er svo óheppilegt, að það ber tafarlaust að hverfa frá því með öllu.

Með þessu frv. er ætlazt til þess, að horfið verði af þessari braut og elli- og örorkutryggingarnar færðar í það horf, að þær verði fyrst og fremst þjóðfélagstryggingar, bornar uppi af þjóðfélagsheildinni og með ákveðnum og skýlausum þjóðfélagslegum réttindum til handa þeim, sem þeirra eiga að njóta. Það er að vísu nauðsynlegt, að nokkur sjóðssöfnun eigi sér stað, ekki til þess að standa undir tryggingunni í fjarlægri framtíð, þegar sjóðurinn kann að vera orðinn einskis virði, heldur til þess að nægilegur varasjóður sé jafnan fyrir hendi.

Framlög ríkissjóðs og bæjar- og sveitarsjóða eru að vísu allhá samkvæmt frumv. þessu, eins og nú standa sakir nokkuð hátt á þriðju milljón króna, að viðbættri verðlagsuppbót frá hvorum aðila. En með því ætti líka að vera séð fyrir framfærslu alls þess fólks, sem hlut á að máli. Er þá að athuga, hvort tekjur lífeyrissjóðs mundu nægja til að standa undir skuldbindingum hans og fyrir hæfilegri aukningu sjóðsins. Það liggur í hlutarins eðli, að úr þessu getur reynslan ein skorið. En þessar tekjur ættu að nægja til þess að greiða í lífeyri upphæð, sem svarar því, að allt að 70% allra öryrkja og gamalmenna 67 ára og eldri fengju greiddan fullan lífeyri, eins og nánar mun skýrt í framsögu. Á árunum 1937—1939 fengu aðeins 59,7%—62,6% gamalmennanna nokkurn styrk, og mikill meiri hluti þeirra aðeins lítils háttar glaðning samkv. 1. lið 80. gr. alþýðutryggingalaganna. Svo virðist því, sem þessar tekjur ættu vel að nægja. Hins vegar er sjálfsagt, að tækifærið sé notað til þess að safna sem mestu í sjóð, þegar fjárhagur hins opinbera og þjóðarhagurinn yfirleitt stendur með blóma. En að sjálfsögðu verður að endurskoða ákvæðin um tekjuhliðina jafnskjótt og reynsla er fengin.

Ed. 119. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

Í stað „50“ í 1. tölul. 65. gr. laganna komi: 15.

2. gr.

Í stað „5000 kr. fyrir einhleypan og 10000 kr. fyrir hjón“ í 1. málsgr. 67. gr. laganna komi: 10000 kr. fyrir einhleypan og 20000 kr. fyrir hjón.

3. gr.

Í stað „⅗“ í síðasta málsl. 69. gr. laganna komi: ⅘.

4. gr.

70. gr. laganna falli niður frá og með orðunum: „Biðtími telst ...“ o. s. frv.

5. gr.

72. gr. laganna orðist svo:

Tekjur atvinnuleysissjóða skulu vera sem hér segir:

1. Þeir, sem hafa sjóðfélaga í atvinnuleysissjóði í þjónustu sinni, skulu greiða í atvinnuleysissjóð upphæð, sem er jafnhá og 6% af heildarupphæð þeirra vinnulauna, er þeir hafa greitt félögum í sjóðnum. Aflahlutur og hvers konar greiðslur í öðru en peningum fyrir unnin verk teljast vinnulaun.
2. Ríkissjóður greiðir árlega til atvinnuleysissjóðanna 50 krónur á hvern félaga sjóðsins, að viðbættri fullri verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu kauplagsnefndar vegna þeirrar hækkunar á framfærslukostnaði, sem orðið hefur frá meðalframfærslukostnaði mánuðina jan.—marz 1939.
3. Bæjar- og sveitarsjóðir greiða árlega til atvinnuleysissjóðanna í bæjar- eða sveitarfélaginu upphæð, sem nemur helmingi framlags ríkissjóðs samkv. 2. tölul.
4. Iðgjöld, er sjóðfélagar kunna að greiða samkvæmt samþykktum sjóðanna.
5. Auk framlagsins samkv. 2. tölul. greiðir ríkissjóður til atvinnuleysissjóða þeirra, sem stofnaðir verða á árunum 1942 og 1943, eða hafa verið stofnaðir áður, 3 milljónir kr. hvort árið, og skiptist sú upphæð milli sjóðanna í sömu hlutföllum og ríkissjóðsframlagið samkv. 2. tölul.

Stjórnir atvinnuleysissjóða innheimta gjöld þau, er atvinnurekendum ber að greiða samkv. 1. tölul., samkvæmt nánari reglum, sem settar kunna að verða í samþykktum eða með samningum milli félaga verkamanna og atvinnurekenda. Skylt er atvinnurekendum að láta stjórnum atvinnuleysissjóða í té allar þær skýrslur, sem krafizt er og nauðsynlegar eru til að ákveða lögboðin gjöld þeirra til sjóðanna.

6. gr.

a. Í stað „1. apríl“ í 3. málsgr. 73. gr. laganna komi: 1. desember.
b. Síðasti málsl. sömu lagagr. orðist svo: Sjóðir, sem stofnaðir verða á árinu 1942, skulu þó njóta fullra réttinda samkvæmt lögum þessum, þegar er þeir hafa tilkynnt stofnun sína, og njóta framlags úr ríkissjóði og bæjar- eða sveitarsjóði fyrir árið 1942 samkv. 2. og 3. tölul. 72. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Kaflinn um atvinnuleysistryggingar í lögum um alþýðutryggingar hefur verið algerlega dauður bókstafur og mun verða, svo lengi sem honum er ekki gerbreytt. Hann er gott dæmi um það, hvernig löggjöf á ekki að vera. Það hefur verið leitað til flestra verkalýðsfélaga í landinu og spurzt fyrir, hvort þau óskuðu að hagnýta sér þessa löggjöf. Ekkert þeirra hefur gert það. Öll hafa þau komizt að þeirri niðurstöðu, að það svaraði ekki kostnaði. Þessi löggjöf er því beinlínis einskis virði. Það er því alveg augljóst, að annaðhvort á að nema þennan óskapnað úr lögum eða breyta honum, svo að um raunverulegar atvinnuleysistryggingar sé að ræða.

Lagasetning þessi var þó á sínum tíma viðurkenning á nauðsyn þess, að atvinnuleysistryggingar yrðu í lög leiddar. Að ekki var gert betur, var afsakað með slæmum fjárhag ríkisins og atvinnurekenda. Ekki dugir sú afsökun lengur. Nú er afkoma ríkissjóðs og atvinnurekenda betri en dæmi eru til áður. Það er til meira en nóg fjár-

magn, meira að segja slíkt óhemju fjármagn í vörzlu einstakra manna, að það veldur alvarlegum truflunum á öllu hagkerfi þjóðarinnar.

Varla mun neinn treystast að mæla á móti því, að hið mikla fjármagn, sem nú er aflað, beri að nota til þess að mæta erfiðleikum komandi ára, eftir því sem unnt er, og að það beri að leggja það í sjóði til að ráða bót á atvinnuleysi kreppuáranna. Þarf þá að gera hvort tveggja, að hafa nóg fjármagn handbært til þess að ráðast í viðtækar opinberar framkvæmdir, þegar einkaframleiðslan er dregin saman vegna minnkandi gróðamöguleika, og að tryggja menn með lögum gegn afleiðingum atvinnuleysisins.

Sjálfsagt er að gera sér ljóst, að ekki er hægt að gera sér hugmynd um það, á þessum tímum fallveltisins og öryggisleysisins í atvinnumálum og þjóðfélagsmálum, hvers virði slíkir sjóðir verða að stríðinu loknu. En þrátt fyrir það er jafnmikils um vert, að tækifærið sé notað til að fá viðurkennda þá skýlausu réttarkröfu verkamanna, að þeir séu tryggðir gegn atvinnuleysi á kostnað þeirra aðila, sem bera ábyrgð á því, að þeim er meinað að vinna sér fyrir lífsviðurværi.

Ekki eru fyrir hendi nægileg gögn til þess að gera áætlun um tekjur atvinnuleysissjóðanna samkvæmt frumv. þessu. En á árunum 1942 og 1943 ættu þær, að öllu óbreyttu, ekki að verða minni en 10 millj. kr. hvort árið, ef þátttakan verður almenn, sem ekki er að efa, að verða mundi, ef frv. yrði að lögum.

Ed. 120. Frumvarp til laga

um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitum uppsprettum í Skútudal í Siglufirði.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Einar Árnason, Erlendur Þorsteinsson.

1. gr.

Siglufjarðarkaupstað er heimilt að taka eignarnámi heitar uppsprettur í Skútudal í Siglufirði ásamt nauðsynlegu landi fyrir gröft og boranir til virkjunar við uppspretturnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á aðalþingi 1941 eftir beiðni bæjarstjórnarinnar á Siglufirði, og hefur núverandi bæjarstjóri óskað eftir, að það yrði flutt nú. Ástæður voru teknar fram í greinargerð og fylgiskjölum, sem þá fylgdu frv. (þskj. 181 á aðalþingi 1941). Þykir nægja að vísa til þess, er þar kom fram.

Ed. 121. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 28. marz 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Magnús Gíslason.

Ed. 122. Nefndarálit

um frv. til laga um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði.

Frá allsherjarnefnd.

Mál þetta hafði nefndin til meðferðar á vetrarþinginu 1941. Fylgdi því þá allýtarleg greinargerð frá bæjarstjórn Siglufjarðar ásamt meðmælum dómsmálaráðuneytisins. Nefndin lagði þá til, að frv. yrði samþykkt eins og það er flutt nú, og er afstaða hennar um það óbreytt, og leggur hún enn til, að það verði samþykkt.

Þingm. Vestm. (JJós) hefur borið fram breytingartillögu við frv., þess efnis, að ríkisstjórninni verði einnig heimilað að selja Vestmannaeyjakaupstað jarðir, lóðir og lendur þær í Vestmannaeyjum, sem eru ríkiseign.

Nefndin getur ekki lagt til, að breytingartillaga þessi verði samþykkt. Að vísu eru nefndarmenn á einu máli um það, að kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum sé það stór nauðsyn, að allt það land, sem þau þurfa að nota, sé eign hins opinbera, þ. e. ríkis eða sveitarfélags. Hitt er álitamál, hvort heppilegra er, að landið og lóðirnar séu eign ríkisins eða viðkomandi sveitarfélags, og geta verið um það atriði skiptar skoðanir. Virðist nefndinni, að þetta komi mjög til athugunar einmitt að því er snertir Vestmannaeyjar. Fram hafa komið raddir um það, að meðferð og ráðstöfun lands og lóða í kaupstöðum og kauptúnum hafi í ýmsum tilfellum verið mjög óheppileg, svo ekki sé kveðið fastar að orði, og hefur verið á það bent, að slíkt eigi sér stað, hvort sem landið er eign ríkisins eða sveitarfélagsins. Þetta atriði er full þörf á að rannsaka og gera tilraun til úrbóta, ef hægt er.

Þá skal það tekið fram, að þar eð Vestmannaeyjar allar eru eign ríkisins, verður tillaga þm. Vestm., eins og hún er orðuð, ekki skilin á annan veg en þann, að með þessari breytingartillögu, ef samþ. yrði, væri ríkisstjórninni heimilað að selja Vestmannaeyjakaupstað allar eyjarnar, en það mál er með öllu óundirbúið og órannsakað, enda óvíst, að Vestmannaeyjakaupstaður sé viðbúinn þeim kaupum. Sé það hins vegar tilætlun flm., að bærinn kaupi ákveðnar lóðir og lendur úr eigninni, þá virðist nefndinni, að það verði að tilgreina í heimildarlögunum, hverjar þær lendur og lóðir eru, svo Alþingi geti verið ljóst, hvað það er, sem það er að heimila sölu á. Sala Vestmannaeyja, eða einstakra lóða og lendna úr þeim, er ekki með öllu hliðstæð sölu Hvanneyrar í Siglufirði, og virðist því óviðeigandi að tengja slíkar sölur saman með einfaldri og lítið rökstuddri breytingartillögu, án þess að Alþingi gefist kostur gaumgæfilegrar athugunar á því, hvort Vestmannaeyjar skuli vera áfram eign ríkisins eða verða eign Vestmannaeyjakaupstaðar. Verður því þó ekki neitað, að slík ákvörðun er stórt og mjög athyglisvert mál. Lítur nefndin svo á, að heimild til sölu lands eða landspildna í Vestmannaeyjum verði að koma fram sem sérstakt lagafrumvarp, en ekki sem breytingartillaga við annað mál.

Nefndin telur því rétt, að flm. taki aftur brtt. þessa, að öðrum kosti leggur nefndin til, að brtt. verði felld.

Alþingi, 21. marz 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Magnús Gíslason,

Sþ. 123. Tillaga til þingsályktunar

um brúargerðir á Miðá og Hörðudalsá í Dalasýslu.

Flm.: Þorsteinn Briem, Þorsteinn Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta á þessu ári gera brú á Miðá hjá Leirmúla og brú á Hörðudalsá í Dalasýslu og heimilar til þess nauðsynlegt fé úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Miðá og Hörðudalsá eru mestu farartálmar á Skógarstrandarvegi, einkum Miðá, er tvær sveitir eiga yfir að sækja til læknisvitjana og verzlunarviðskipta í Búðardal. Eru ár þessar oft ófærar, einkum vor og haust, þegar mest er að flytja að og frá. Hin síðustu ár hafa þessir farartálmar orðið enn tilfinnanlegri en áður, með því að nú eru teknar upp stöðugar ferðir tvisvar í viku hverri, þegar fært er yfir ár þessar með flutning til smjörsamlagsins í Búðardal. En á smjörsamlaginu byggjast afkomuvonir þessara byggðarlaga nú, er sauðfjárstofn er að miklu fallinn vegna fjársýkinnar.

Þótt Miðá sé meira og hættulegra vatnsfall, verður reglubundnum ferðum eigi á komið nema brú komi einnig á Hörðudalsá. En skammt er á milli, og framkvæmd verksins mundi auðveldari og kostnaðarminni, ef brýrnar eru báðar gerðar samsumars. Er þá hægt að nota sama timbur til steypugerðar og sparnaður á flutningi vinnutækja allra og á ferðakostnaði smiða og tíma þeirra.

Fyrir stríð hafði vegamálastjóri gert kostnaðaráætlun um brúargerðir þessar. Kostnaður verður að vísu allmiklu meiri nú, en þó sízt tilfinnanlegri, þegar litið er á afkomu ríkissjóðs.

Auk þessa er hér á það að líta, að óvíst er, hvenær kostnaður lækkar og hitt, eigi síður, að nokkuð er til þess vinnandi, að búendur þeir, er við mesta samgönguörðugleika eiga að etja, flýi ekki í burtu frá erfiðleikunum, áður en brýrnar eru gerðar.

Ed. 124. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Flm.: Erlendur Þorsteinsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

I. Í stað 30% og 50% verðtolls í 8. kafla (1—39) komi alls staðar: 8%.

II. Nr. 17 í 25. kafla orðist svo:

17 Sement	tollfrjálst

III. Nr. 57, 58 og 60 í 28. kafla orðist svo:

57 — nauðsynlegustu lyf samkvæmt skrá, staðfestri af fjármálaráðherra	tollfrjáls
58 — önnur	tollfrjáls
60 Baðlyf	tollfrjáls

IV. Nr. 3—5 í 36. kafla orðist svo:

3 — sólaleður og bindsólaleður	tollfrjálst
4 — vatnsleður	tollfrjálst
5 — annað	tollfrjálst

V. Nr. 1 í 37. kafla hljóði svo:
1 Leðurstykki, tilsniðin, en ekki frekar unnin, ót. a., svo sem sólar, hælkappar og aðrar þvílíkar vörur ..... tollfrjáls
VI. Nr. 12 og 15 í 39. kafla orðist svo:
12 — gólfdúkar ..... tollfrjálsir
15 — sólar og hælar ..... tollfrjálsir
VII. Nr. 1—3, 9—11, 15, 18, 21—22, 28—30, 34, 39—40 og 53 í 40. kafla orðist svo:
1 — — plankar og bitar, ót. a. ..... tollfrjálsir
2 — — borð ósunnin ..... tollfrjáls
3 — — borð hefluð og plægð ..... tollfrjáls
9 — beyki ..... tollfrjálst
10 — birki og hlynur ..... tollfrjálst
11 — askur ..... tollfrjáls
15 — krossviður og aðrar límdar plötur („gabon") ..... tollfrjáls
18 — brúnspónn í stykkjum ..... tollfrjáls
21 — tunnustafir, tunnubotnar og tunnusvigar ..... tollfrjálst
22 — spons ..... tollfrjálst
28 — síldartunnur ..... tollfrjálsar
29 — kjöttunnur og lýsistunnur ..... tollfrjálsar
30 — aðrar ..... tollfrjálsar
34 Tígulgólf (parketstafir og plötur), einnig úr öðrum efnum .. tollfrjálst
39 — húsalistar, ót. a. ..... tollfrjálsir
40 — þéttilistar á glugga ..... tollfrjálsir
53 Árar ..... tollfrjálsar
VIII. Nr. 1—2 og 5 í 41. kafla orðist svo:
1 Korkplötur, ósunnar ..... tollfrjálsar
2 Korkmylsna ..... tollfrjáls
5 Pressaðar korkplötur með eða án bindiefna til einangrunar .. tollfrjálsar
IX. Nr. 2—4 í 44. kafla orðist svo:
2 Þakpappi og annar pappi borinn asfalti, biki, tjöru eða tjöruolíum, einnig í sambandi við önnur efni ..... tollfrjálst
3 Veggpappi ..... tollfrjáls
4 Gólfpappi ..... tollfrjáls
X. Nr. 3—10 og 13 í 54. kafla orðist svo:
3 (Skófatnaður) úr leðri og skinni, ót. a. ..... tollfrjáls
4 — úr vefnaði, flóka, sefi, strái, ót. a., einnig þótt hann sé með leðursólum ..... tollfrjáls
5 — úr leðri með trébotnum ..... tollfrjáls
6 — (úr kátsjúk) stígvél ..... tollfrjáls
7 — — skóhlífar ..... tollfrjálsar
8 — — annar ..... tollfrjáls
9 — með kátsjúk- eða leðursólum og yfirhluta úr striga ..... tollfrjáls
10 — tréskór ..... tollfrjálsir
13 — — annar ..... tollfrjáls
XI. Nr. 2, 15, 17—18, 21—22 og 25 í 58. kafla orðist svo:
2 — þakhellur ..... tollfrjálsar
15 — pípur og pípuhlutar ..... tollfrjálst
17 — vegg- og gólfflögur, svo og þakhellur og þakplötur ..... tollfrjálsar
18 — pípur og pípuhlutar ..... tollfrjálst
21 — húsalistar, einnig í sambandi við önnur efni ..... tollfrjálsir
22 — vegg- og gólfflögur, svo og aðrar plötur úr gipsi til bygginga o. þ. h. ..... tollfrjálsar
25 — þakhellur og aðrar hellur og flögur, ót. a. ..... tollfrjálsar

XII. Nr. 1—2 og 4—5 í 59. kafla orðist svo:

1	Múrsteinn, venjulegur	tollfrjáls
2	Þaksteinar	tollfrjálsir
4	Pípur og pípuhlutar	tollfrjálst
5	Vegg- og gólfflögur	tollfrjálsar

XIII. Nr. 5—6 og 13—14 í 60. kafla orðist svo:

5	(Rúðugler) litað	tollfrjálst
6	— ólitað	tollfrjálst
13	Vegg- og gólfflögur	tollfrjálsar
14	Þilfarsgler, götugler (fortovsglas) og annað þess konar gler, einnig þótt það sé í járn- eða steinlímsumgerð	tollfrjálst

XIV. Nr. 1—21 í 63. kafla orðist svo:

1	Óunnið járn í klumpum	tollfrjálst
2	Stál- og járnsvarf	tollfrjálst
3	Járn og stál í stöngum	tollfrjálst
4	Prófiljárn alls konar, ót. a.	tollfrjálst
5	Svartar járnplötur	tollfrjálsar
6	— þakjárn (bárujárn)	tollfrjálst
7	— aðrar	tollfrjálsar
8	Blikk alls konar	tollfrjálst
9	(Vír) 2—10 mm. að gildleika (í þvermál)	tollfrjáls
10	— grennri en 2 mm. (í þvermál)	tollfrjáls
11	Gjarðajárn	tollfrjálst
12	(Járn- og stálpípur) galvanhúðaðar	tollfrjálsar
13	— nikkelhúðaðar og krómaðar	tollfrjálsar
14	— vatnslásar	tollfrjálsir
15	— pípugerðarmót	tollfrjáls
16	— annað	tollfrjálst
17	(Þakrennur) úr galvanhúðuðu járni	tollfrjálsar
18	— aðrar	tollfrjálsar
19	(Stólpar) girðingarstaurar, ót. a.	tollfrjálsir
20	— aðrir	tollfrjálsir
21	Járnbrautarteinar og skiptispor og hlutar til þeirra	tollfrjálsir

XV. Nr. 1 í 64. kafla orðist svo:

1	Kopar og koparblöndur, óunnið í klumpum eða sem duft	tollfrjáls

XVI. Nr. 1 í 65. kafla orðist svo:

1	Nikkel, nikkelblöndur, óunnið í klumpum, svo og duft	tollfrjálst

XVII. Nr. 1 í 66. kafla orðist svo:

1	Alúmínium og alúmíniumblöndur, óunnið í klumpum, svo og duft	tollfrjálst

XVIII. Nr. 1 í 67. kafla orðist svo:

1	Blý og blýblöndur, ót. a., óunnið í klumpum, svo og blýspænir	tollfrjálst

XIX. Nr. 1 í 68. kafla orðist svo:

1	Zink og zinkblöndur, óunnið í klumpum, svo og zinkduft	tollfrjálst

XX. Nr. 1 í 69. kafla orðist svo:

1	Tin og tinblöndur, óunnið í klumpum, svo og duft	tollfrjálst

2. gr.

Aftan við c-lið í „Ákvæði um stundarsakir“ komi: Þó skal til 1. júlí 1943 einungis innheimta verðtoll af andvirði varanna kominna um borð í skip á útflutningshöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að felldur verði niður tollur á ýmsum nauðsynjavörum, svo sem öllu byggingarefni, þ. e. sementi, timbri, steypujárni, húsapappa, gólfdúkum o. fl., efni til skógerðar, skófatnaði, lyfjum, járni til iðnaðar og nokkrum fleiri vörum.

Þá er gert ráð fyrir verðtollslækkun á nýjum og þurrkuðum ávöxtum. Með breytingu við c-lið í „ákvæði um stundarsakir" er gert ráð fyrir, að ekki verði innheimtur neinn verðtollur af flutningsgjöldum og vátryggingariðgjöldum til júníloka 1943. Í þetta frv. eru hins vegar ekki teknar tillögur um niðurfelling tolla af skömmtunarvörum, þar sem þær eru undanþegnar tolli í frv. því, sem þm. Alþfl. í neðri deild flytja um ráðstafanir gegn dýrtíðinni.

Þegar núgildandi lög um tollskrá voru til afgreiðslu og umræðu á Alþingi 1939, var á það bent af flm. þessa frv., að um væri að ræða miklar breytingar til hækkunar á tollum frá því, sem verið hafði. Jafnframt var á það bent, að tekjur ríkissjóðs af tollum samkv. tollskránni væru miðaðar við minnsta innflutning tollvara, sem verið hafði um langt skeið. Var það þá þegar augljóst, að tolltekjur mundu með auknum innflutningi stóraukast frá því, sem verið hafði. Einnig var bent á óréttmæti þess að taka verðtoll af farmgjöldum, sem fóru ört hækkandi af styrjaldarástæðum. Fengust að lokum heimildarákvæði inn í lögin, þess efnis, að eigi skyldi innheimta verðtoll af hækkuðu flutningsgjaldi vegna styrjaldarorsaka. Þessi heimild hefur þó aldrei verið notuð, heldur innheimtur verðtollur að fullu af hinni gífurlegu aukningu farmgjaldanna.

Fulltrúi Alþfl. í milliþingan. þeirri, er fjallaði um þessi mál, var einnig þeirrar skoðunar, að um mikla tollahækkun væri að ræða. Lagði hann því til, að tollar allir væru lækkaðir um 20%, en um leið væri heimilað, ef sérstaka nauðsyn bæri til, að hækka tollana um 25% fyrir eitt ár í senn. Jafnframt þessu lagði hann til, að lækkaðir yrðu að mun tollar á brýnustu nauðsynjavörum. Þessar tillögur voru einnig fluttar á Alþingi, en náðu þá eigi samþykki. Reynslan hefur nú sýnt, að allt var rétt, sem sagt var um þessi mál. Hafa tolltekjur ríkissjóðs margfaldazt á seinasta ári.

Með þeim breytingum, sem felast í þessu frv., er þó ekki farin sú leið að lækka tollana almennt, heldur teknar nokkrar helztu nauðsynjavörur og felldur niður alveg tollur af þeim, eða lækkaður að miklum mun.

Það er ljóst, að í baráttunni gegn dýrtíðinni, sem nú er mest talað um og allir þykjast vilja vera aðilar að, munu tollalækkanir vera eitt öflugasta vopnið, eins og síðar mun að vikið. Hefur þetta beinlínis verið viðurkennt af löggjafanum með samþykkt núgildandi heimildarlaga um ráðstafanir gegn dýrtíðinni, þar sem ein grein þeirra gerir ráð fyrir niðurfelling tolla á nokkrum nauðsynjavörum.

Einhverjir kunna að andæfa frv. þessu vegna tekjurýrnunar, sem það muni hafa í för með sér fyrir ríkissjóð. Flm. telja, að þá rýrnun eigi og muni ríkissjóður fá bætta á annan hátt, t. d. með auknum tekjum af tekju-, eignar- og stríðsgróðaskatti.

Eins og nú háttar til, eru tekjustofnar ríkissjóðs aðallega þrenns konar.

1. Beinir skattar, þ. e. tekjuskattur, eignarskattur, stríðsgróðaskattur o. fl.
2. Tekjur af fyrirtækjum ríkissjóðs.
3. Tolltekjur, þar með talin gjöld af innlendum tollvörum.

Flm. þessa frv. telja, að ríkið eigi sem mest að afla sér tekna með allríflegum tekjuskatti og stríðsgróðaskatti af hátekjum, en tollaálögum eigi að vera stillt mjög í hóf, brýnustu nauðsynjavörur undanþegnar hvers konar tolli, en ýmsar munaðarvörur og óþarfi því ríflegar tollað.

Allir virðast sammála um, að ein aðalorsök sívaxandi dýrtíðar sé aukin eða það, sem almennt er kallað fölsk kaupgeta. Þykir því rétt að athuga nokkuð, hvort fram-

angreindir tekjustofnar ríkissjóðs og ákvörðun þeirra getur haft nokkur áhrif á þessa auknu kaupgetu og þá hvers konar.

Það er yfirlýst stefna stjórnmálaflokkanna á Alþingi, að þær tekjur, sem ríkissjóður kann að fá fram yfir það, sem hann þarfnast til nauðsynlegra útgjalda, skuli annað tveggja nota til þess að vinna gegn dýrtíðinni (þ. e. verðbæta vissar vörutegundir) eða leggjast í sérstakan sjóð til notkunar síðar, að styrjöldinni lokinni, er búast má við verðhruni. Þar sem gera verður ráð fyrir því, að auknum tekjum ríkissjóðs af ýmsum fyrirtækjum hans verði ráðstafað eins og að framan greinir, geta þær á engan hátt orðið til þess að auka kaupgetuna, en yrðu vitanlega til þess, ef ágóðinn rynni til einstakra manna eða félaga. Hækkun beinu skattanna á hátekjum, þ. e. hækkun tekjuskatts og stríðsgróðaskatts, mun tvímælalaust ná þessu tvennu, fyrsta: auka tekjur ríkissjóðs stórlega, — annað: mikill hluti háteknanna yrði tekinn úr umferð og bundinn í sérstökum dýrtíðarsjóði. Hækkun tollanna hefur alveg þveröfug áhrif. Með þeim aðferðum, sem nú tíðkast um álagningu, er verzlunarhagnaður einnig tekinn af tollum svo sem öðrum kostnaði. Tollahækkun skapar því meiri gróða hinna ýmsu milliliða og eykur kaupgetuna. Nú kann einhver að segja, að ef sú leið verður farin að taka háa skatta af hátekjum, verði útkoman sú sama. Svo er þó alls ekki. Í fyrsta lagi er ekki hægt að gera ráð fyrir, að nokkru sinni verði gengið svo langt í skattaálögum, að allur gróði verði tekinn, og hlýtur því alltaf eitthvað að verða eftir í umferð af álagningu á háa tolla. Í öðru lagi hefur aukin peningavelta ávallt í för með sér nokkra aukna kaupgetu. Það er þess vegna óumdeilanlega rétt, að tollalækkanir eru óbrigðult vopn í baráttunni gegn dýrtíðinni. Er því jafnaugljóst og víst, að hækkaðir tollar valda aukinni dýrtíð. Þess vegna verður að vænta þess, að þessu tollalækkunarfrv. verði tekið með velvild og skilningi af þeim, sem í raun og veru vilja eitthvað gera til þess að hamla gegn sívaxandi dýrtíð.

Eins og áður getur í greinargerð þessari, er lagt til, að byggingarefni verði tollfrjálst. Geysimikil þörf er nú á byggingu nýrra húsa. Hitt er vitað, að allt efni, sem til þarf, hefur hækkað mjög í verði, auk hins gífurlega flutningskostnaðar, sem hefur margfaldazt síðan styrjöldin hófst. Niðurfelling tolla ætti að hafa allveruleg áhrif til lækkunar, þar sem óeðlilega hár tollur er nú á þessum vörum.

Þá er lagt til, að felldur verði niður tollur af lyfjum og lyfjavörum. Sú tollalækkun mundi að mestu koma sjúkrasamlögunum til góða, en flest þeirra eiga í vök að verjast fjárhagslega, þrátt fyrir síhækkandi iðgjöld. Allir munu nú sammála um, að tilgangi sínum geta þau því aðeins náð, að þau verði fjárhagslega sjálfstæð.

Lagt er til, að felldur verði niður tollur á efni til skógerðar og á tilbúnum skófatnaði. Sá tollur er mjög tilfinnanlegur, enda verðlag á skófatnaði úr hófi fram. Flm. hafa ekki lagt til, að felldur yrði niður tollur á vefnaðarvörum, þar sem þeir líta svo á, að meginhluti þeirra komi undir sérákvæði 18. gr. laga um tollskrá, en sá tollur er eigi mjög tilfinnanlegur.

Lagt er til, að verðtollur á nýjum ávöxtum og þurrkuðum verði lækkaður úr 30% og 50% í 8%. Allir vita, hversu gengið hefur með sölu hinna nýju ávaxta, er komu hingað fyrir skemmstu. Vegna dýrleika, sem verðtollurinn á sinn mikla þátt í, hefur fátækt fólk alls ekki efni á að kaupa þessa hollu og nauðsynlegu vöru handa börnum sínum.

Loks er lagt til, að felldur verði niður tollur af smíðajárni og öðru því, er með þarf til viðgerðar skipa og ýmiss konar þungaiðnaðar. Þykir sjálfsagt, að þessi iðnaður fái slíka ívilnun, þar sem slíkar viðgerðir, framkvæmdar erlendis, eru ótollaðar með öllu.

Í 2. gr. er lagt til, að verðtollur verði innheimtur einungis af andvirði varanna kominna í skip á útflutningshöfn, en ekki af flutningsgjaldi og vátryggingariðgjaldi. Ekki er þó ætlazt til, að þetta verði föst regla, heldur gildi aðeins um ákveðinn tíma, eða til 1. júlí 1943. Kæmi þá að sjálfsögðu í gildi að nýju heimild laganna um að innheimta ekki verðtoll af hækkun farmgjalda af styrjaldarástæðum, en

með því heimildarákvæði hefur löggjafinn viðurkennt, að rétt sé, þegar sérstaklega stendur á, að víkja frá hinni almennu reglu laganna, að innheimta toll af cif-verði varanna, þ. e. verði þeirra kominna á ákvörðunarstað.

Nánar í framsögu.

Nd. 125. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr.

Fyrsta og önnur málsgrein 6. gr. laganna hljóði þannig:

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr. og í a- og c-lið 3. gr., reiknast þannig:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Af	1000—	2000	kr.	greiðist	10	kr.	af	1000	kr.	og	2	%	af afganginum
—	2000—	3000	—	—	30	—	—	2000	—	—	3	—	— —
—	3000—	4000	—	—	60	—	—	3000	—	—	4	—	— —
—	4000—	5000	—	—	100	—	—	4000	—	—	5	—	— —
—	5000—	6000	—	—	150	—	—	5000	—	—	6	—	— —
—	6000—	7000	—	—	210	—	—	6000	—	—	7	—	— —
—	7000—	8000	—	—	280	—	—	7000	—	—	8	—	— —
—	8000—	9000	—	—	360	—	—	8000	—	—	9	—	— —
—	9000—	10000	—	—	450	—	—	9000	—	—	10	—	— —
—	10000—	12000	—	—	550	—	—	10000	—	—	11½	—	— —
—	12000—	14000	—	—	780	—	—	12000	—	—	13	—	— —
—	14000—	17000	—	—	1040	—	—	14000	—	—	15	—	— —
—	17000—	20000	—	—	1490	—	—	17000	—	—	17	—	— —
—	20000—	25000	—	—	2000	—	—	20000	—	—	18	—	— —
—	25000—	30000	—	—	2900	—	—	25000	—	—	19	—	— —
—	30000—	40000	—	—	3850	—	—	30000	—	—	20	—	— —
—	40000—	50000	—	—	5850	—	—	40000	—	—	21	—	— —
—	50000—	60000	—	—	7950	—	—	50000	—	—	22	—	— —

2. gr.

2. málsliður 1. málsgr. d-liðar í 7. gr. laganna orðist svo:

Til arðs af hlutabréfum telst auk venjulegrar arðsútborgunar, úthlutuð fríhlutabréf og sérhver önnur afhending verðmæta til hluthafa, er telja verður sem tekjur af hlutaeign þeirra í félaginu, enn fremur úthlutanir við félagsslit umfram upphaflegt hlutafjárframlag, þ. e. nafnverð hlutabréfanna, og skiptir ekki máli í því sambandi, fyrir hvaða verð þau hafa verið seld og keypt.

3. gr.

Síðasti málsl. 4. málsgr. 8. gr. laganna falli niður.

Í stað 6. og síðustu málsgr. sömu lagagr. komi:

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í 3. gr. a, mega draga frá tekjum sínum 5% af innborguðu hlutafé eða stofnfé.

Ef nokkuð af ársarði þessara félaga er lagt í varasjóð, er sú upphæð undanþegin tekjuskatti og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna, þó eigi hærri fjárhæð en sem nemur ⅕ — einum fimmta — af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá

tekjunum. Hjá þeim af þessum félögum, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, og félögum, sem samkvæmt lögum geta ekki úthlutað varasjóði sínum við félagsslit, sbr. t. d. 3. gr. l. nr. 46 13. júní 1937, má þó draga frá tekjunum varasjóðstillag, sem nemur ⅓ — einum þriðja — af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur, samvinnuskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum.

Arðjöfnunarsjóði, eftirlaunasjóði og aðra sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til að tryggja rekstur fyrirtækisins sjálfs, má ekki telja sem varasjóð.

Ef nokkurri fjárhæð úr varasjóði, sem myndaður er eftir 1. jan. 1941, er síðar varið til úthlutunar til hluthafa, ráðstafað til einkaþarfa þeirra á beinan eða óbeinan hátt eða varið til annars en þess að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins, skal telja þá fjárhæð að viðbættum 20% — tuttugu af hundraði — til skattskyldra tekna á því ári. Nú er einhverri fjárhæð úr varasjóði, sem myndaður var fyrir 1. janúar 1941, varið á þann hátt, er að framan greinir, og skal þá telja ⅗ þeirrar fjárhæðar til skattskyldra tekna félagsins á því ári. Það telst ráðstöfun á fé varasjóðs samkvæmt framansögðu, ef félag, sem nýtur eða notið hefur hlunninda vegna framlags í varasjóð, ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:

a. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem ekki eru beinlínis viðkomandi rekstri félagsins.
b. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum nokkur fríðindi, beint eða óbeint, umfram arðsúthlutun og venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur.
c. Kaupir eign óeðlilega háu verði að dómi skattanefndar. Skal þá skattanefnd meta, hvert verð geti talizt hæfilegt. Mismun hins raunverulega kaupverðs og matsverðs skattanefndar telst ráðstafað úr varasjóði, og úthlutun arðs úr félaginu, ef keypt hefur verið af hluthafa.

Nú hefur félag, sem myndað hefur varasjóð, ráðstafað fé á einhvern þann hátt, sem greinir í a—c-liðum, og fellur það þá til skattgreiðslu samkv. 9. málsgr. þessarar greinar, þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði í lok skattársins. Skal þá miða við þá lánsfjárupphæð, sem útistandandi er um áramót af lánum, er veitt voru á árinu, að viðbættu meðaltali þeirra lána, er veitt hafa verið og greidd á skattárinu samkv. a-lið, heildarupphæð veittra hlunninda á skattárinu samkv. b-lið, og mismun matsverðs og kaupverðs eigna samkvæmt c-lið. Þó ná ákvæði a—b og c-liðar ekki til þeirra upphæða, sem íslenzk útgerðarfélög áttu í varasjóði samkvæmt efnahagsreikningi 31. des. 1939, að því leyti sem þau ganga lengra en takmarkanir um ráðstafanir á fé varasjóðs, sem giltu samkvæmt lögum nr. 6 9. jan. 1935 og lögum nr. 39 12. febr. 1940.

Nú rýrnar varasjóðseign félags, og skal þá telja, að sá hluti varasjóðs, sem til var 1. jan. 1941, eyðist á undan þeim sjóði, er síðar myndaðist, sbr. þó 62. gr.

Nú hrökkva hreinar árstekjur félags að viðbættri þeirri hreinni eign, sem félagið á umfram varasjóð og hlutafé, eigi fyrir skatt- og útsvarsgreiðslum og því varasjóðstillagi, sem undanþegið er skattgreiðslu samkv. lögum þessum, og er þá heimilt að taka þá fjárhæð, sem á vantar, úr varasjóði.

4. gr.

g-liður 10. gr. laganna hljóði þannig:
Eignarskatt, sem greiddur hefur verið á árinu.

5. gr.

Í stað a—c-liða í 12. gr. laganna komi:

a. Í Reykjavík:

Fyrir einstakling	kr.	900.00
— hjón	—	1800.00
— hvert barn	—	700.00

b. Annars staðar á landinu:
Fyrir einstakling ..... — 900.00
— hjón ..... — 1800.00
— hvert barn ..... — 600.00

Frádráttur veitist fyrir þau börn, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með. Fyrir aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi hefur á framfæri sínu, veitist sami frádráttur og fyrir börn. Hafi hinn framfærði tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur lögleyfðum ómagafrádrætti eða meiru.

6. gr.

a. Upphaf 14. gr. laganna verði þannig:
Af skuldlausri eign skal árlega greiða skatt sem hér segir:
Ef eignin er yfir 10000 kr., en undir 15000 kr., greiðist af henni 1‰.
Af 15000—30000 kr. greiðist 15 kr. af 15000 og 2‰ af afgangi.
Af 30000—40000 kr. greiðist 45 kr. af 30000 og 3‰ af afgangi.

b. Í stað „5000“ kr. í niðurlagi 14. gr. laganna komi: 10000 kr.

7. gr.

Fyrri málsgr. e-liðar 19. gr. laganna orðist svo:
Hlutabréf skulu talin með nafnverði, ef hlutaféð er óskert, en annars með hlutfallslegri upphæð, miðað við upphaflegt hlutafé.

8. gr.

a- og b-liðir í 30. gr. laganna hljóði þannig:

a. Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppur fyrir sig, skal greiða skattanefnd 2%, en annars staðar á landinu 4% af þeirri upphæð, sem skatturinn nemur. Þó skal borgunin ekki fara fram úr 20 kr. og ekki vera minni en 14 kr. fyrir hvern starfsdag nefndarmanns.

b. Yfirskattanefndarmenn utan Reykjavíkur fá 15 krónur á dag og ferðakostnað. Borgun til formanna telst þó innifalin í embættislaunum þeirra.

9. gr.

Aftan við 31. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Óheimilt er að slíta félagi og úthluta eignum þess fyrri en opinberir skattar af tekjum þess og eignum hafa að fullu verið greiddir fyrir allan starfstíma félagsins.

10. gr.

Síðari málsliður 2. málsgr. 34. gr. laganna orðist svo:
Komi síðar í ljós, að áætlun hefur verið of lág eða skattþegni hefur ekki verið gert að greiða skatt af öllum tekjum sínum og eignum, er heimilt að reikna skatt gjaldanda að nýju, þó ekki lengra aftur í tímann en 5 ár.

11. gr.

Aftan við 2. málslið 45. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:
Nú er skattur eigi greiddur fyrir næstu áramót eftir að hann var á lagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum.

12. gr.

Í stað 55. gr. í VI. kafla laganna komi 9 nýjar greinar, er verða 55.—63. gr., svo hljóðandi:

a. (55. gr.) Á meðan vísitala kauplagsnefndar er hærri en 110, miðað við grunntöluna 100 í jan.—marz 1939, skal tekjuskattur einstaklinga, heimilisfastra hér á landi, reiknaður þannig:

Hreinar tekjur gjaldanda skal margfalda með 100 og deila útkomunni með meðalmánaðarvísitölu skattársins. Við ákvörðun hreinna tekna skal tekjuhæðin deilanleg með 50, en því sleppt, sem er fram yfir. Meðalvísitala þessi skal jafnan vera heil tala, og er minni hluta en ½ sleppt, en ½ eða meira hækkað.

Frá þeirri tekjuupphæð, er þannig fæst, skal dreginn persónufrádráttur samkvæmt ákvæðum 12. gr.

Þegar upphæð tekjuskatts hefur verið fundin samkv. reglum 6 gr., skal margfalda hana með meðalvísitölunni og deila útkomunni með 100.

Ofangreind ákvæði gilda um þá einstaklinga, er hafa eigi hærri hreinar tekjur en kr. 15000.00, eftir að þær hafa verið lækkaðar á framangreindan hátt. Af hærri tekjum en hér greinir skal tekjuskattur reiknaður samkv. 6. gr. óbreyttri, en tekjuskatturinn síðan lækkaður um sömu fjárhæð og skattívilnunin hefur numið hjá þeim gjaldendum með sama frádrætti eftir 12. gr., er hafa í hreinar tekjur kr. 15000.00, eftir að þær hafa verið lækkaðar samkvæmt framangreindri reglu.

b. (56. gr.) Nú nýtur félag, er um getur í 3. gr. a og hefur sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, hlunninda vegna framlags í varasjóð samkv. ákvæðum 8. gr., og skal þá 50% af því fé, er það leggur í varasjóð, ráðstafað á þann hátt, að það sé lagt á sérstakan reikning í banka eða keypt fyrir það opinber verðbréf og þau falin banka til geymslu. Nefnist sá hluti varasjóðsins nýbyggingarsjóður, og gilda um hann þær reglur, er greinir í 57.—60. gr. Áskilinn hluti af varasjóðstillaginu skal lagður í nýbyggingarsjóð á því sama ári, sem varasjóðstillagið er ákveðið, en séu vanefndir á því að einhverju eða öllu leyti, skal greiða í ríkissjóð 20% af þeirri fjárhæð, er til vantar.

Af fé nýbyggingarsjóðs má ekki meira en ⅗ hlutar vera innstæða á bið-reikningi í erlendri mynt, sbr. lög nr. 82 9. júlí 1941, nema með sérstöku leyfi nefndar þeirrar, er um getur í 59. gr. Getur nefndin veitt leyfi til þess, að meira en að ofan greinir sé á biðreikningi, ef aðili sýnir fram á, að hann geti ekki lagt féð fram á annan hátt vegna þess, að fé varasjóðs hafi verið notað til að greiða skuldir fyrirtækisins.

c. (57. gr.) Útgerðarfélag ráðstafar sjálft því fé, er það hefur lagt í nýbyggingarsjóð, en því má eingöngu verja til aukningar og endurnýjunar á framleiðslutækjum á sviði útgerðar, annaðhvort með nýbyggingum innanlands eða með kaupum frá öðrum löndum. Þó er heimilt að verja fé nýbyggingarsjóðs til að greiða tap á útgerð, ef aðrar eignir hrökkva ekki til fyrir því, en áður en það er gert, skal það tilkynnt nefnd þeirri, er um ræðir í 59. gr., og lætur hún þá aðila vita, hvort hún telur slíka ráðstöfun í samræmi við lög þessi.

Sé fé nýbyggingarsjóðs veðsett eða því ráðstafað á einhvern annan hátt en að framan greinir, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða af því tekjuskatt jafnháan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskylt.

d. (58. gr.) Útgerðarfélag lætur fylgja með skattframtali sínu yfirlýsingu frá hlutaðeigandi banka um það, hve mikið fé sé geymt þar í nýbyggingarsjóði, og yfirlit um þær breytingar, sem kunna að hafa orðið á innstæðu sjóðsins síðan hann var myndaður. Enn fremur vottorð um, að á fé þessu hvíli engar kvaðir.

e. (59. gr.) Þriggja manna nefnd sú, er skipuð var samkv. g-lið (61. gr.) 4. gr. laga nr. 9 5. maí 1941, skal hafa eftirlit með því, að fylgt sé fyrirmælum laga þessara um ávöxtun og ráðstöfun á fé nýbyggingarsjóðs, svo og fyrirmælum laga nr. 9 5. maí 1941, um ávöxtun og ráðstöfun á því fé, sem lagt var í nýbyggingarsjóð á árinu 1941.

Skattanefndir skulu senda nefnd þeirri, er hér um ræðir, skýrslu um fram-

lög í nýbyggingarsjóð og innstæðu hvers fyrirtækis, svo fljótt sem unnt er, eftir að upplýsingar um það bárust þeim í hendur. Um hver áramót skulu þau fyrirtæki, er fé eiga í nýbyggingarsjóði, senda nefndinni skýrslu um ráðstöfun þess fjár, er þau hafa tekið úr sjóðnum á liðnu ári.

Nú telur nefndin vafa á því, að fé úr nýbyggingarsjóði hafi verið varið samkvæmt ákvæðum laga þessara, og skal hún þá tafarlaust tilkynna það stjórn viðkomandi útgerðarfélags. Nefndin skal síðan úrskurða um það, hvort greiða skuli skatt af fénu samkv. síðari málsgr. 57. gr., og tilkynna það skattanefnd og eiganda sjóðsins.

Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til ríkisskattanefndar til fullnaðarúrskurðar, sbr. þó 2. málsgr. 41. gr. Sé ágreiningur innan nefndarinnar, getur minni hlutinn einnig skotið honum til úrskurðar ríkisskattanefndar.

Þóknun fyrir störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

f. (60. gr.) Nú hefur innstæða í nýbyggingarsjóði verið notuð samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og telst þá sú eign til varasjóðs hjá viðkomandi félagi.

g. (61. gr.) Einstaklingar og sameignarfélög, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, mega draga frá skattskyldum tekjum sínum þær fjárupphæðir, er þau leggja í nýbyggingarsjóð af útgerðartekjum sínum, þó eigi hærri fjárhæð en sem nemur 20% af hreinum árstekjum þeirra af útgerð áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum, enda sé tekjum af útgerðinni haldið greinilega aðskildum frá öðrum tekjum gjaldanda. Um ávöxtun og ráðstöfun þessa fjár gilda ákvæði þessara laga, eftir því sem við á.

h. (62. gr.) Sá hluti af tekjum félags árið 1940, sem undanþeginn var skattgreiðslu árið 1941 vegna tapsfrádráttar samkv. ákvæðum j-liðar (64. gr.) 4. greinar laga nr. 9 5. maí 1941, skal teljast til varasjóðs, og má nota þann hluta varasjóðsins til að mæta hreinum rekstrarhalla félagsins, að svo miklu leyti sem aðrar eignir þess, þar með talin önnur eign í varasjóði, hrökkva ekki til að jafna rekstrarhallann. Sé nokkru af þessu fé varið til annars en að framan greinir, skal greiða tekjuskatt af 60% þeirrar fjárhæðar, er þannig er varið úr sjóðnum, jafnháan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskylt.

i. (63. gr.) Heimilt er ráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, er um ræðir í IV. kafla laganna, eftir því, sem þörf krefur, við álagningu skatts 1942.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1942, miðað við tekjur ársins 1941. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 9 5. maí 1941, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af meiri hluta fjárhagsnefndar, eftir ósk ríkisstjórnarinnar. Flutningsmenn áskilja sér rétt til að flytja tillögur um breytingar á einstökum atriðum frv., eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að sú breyting verði gerð á núgildandi skattalögum, að við ákvörðun skattskyldra tekna verði ekki leyft að draga greiddan tekjuskatt og útsvör frá tekjum, en í þess stað verði settur nýr skattstigi.

Í löggjöf um álagningu beinna skatta má í þessu efni greina milli tvenns konar ólíkra aðferða. Önnur aðferðin er sú, að skattstiginn er ákveðinn hærri, en hins vegar er skattgreiðendum leyft að draga frá tekjum sínum þá skatta, sem þeir greiða, áður en skattur er reiknaður af tekjunum. Með hinni aðferðinni er skattstiginn hafður lægri, en ekki leyft að draga greidda skatta frá tekjunum. Með öðrum orð-

um: Skattskyldu tekjurnar eru þá hærri, en skattstiginn lægri. Skatturinn reiknaður með lægri hundraðstölu, en af hærri tekjuupphæð.

Nágrannaþjóðir okkar fylgja ýmist fyrr nefndu eða síðar nefndu reglunni. T. d. gildir fyrri reglan í Danmörku. Þar eru greiddir skattar dregnir frá tekjunum, áður en skattur er reiknaður. En í Noregi er höfð síðar nefnda aðferðin og skattstigarnir miðaðir við það.

Hér á landi var síðar nefnda reglan tekin upp, þegar tekjuskattslögin voru upphaflega sett. En árið 1923 var þessu breytt, og síðan hefur sú regla gilt hér á landi, að skattgreiðendum er leyft að draga frá tekjum sínum útsvör og skatta, sem þeir greiddu á skattárinu, áður en skattur er á lagður. Sá hluti af tekjum manna, sem fer til að greiða útsvör og skatta, er því skattfrjáls. Af þeim tekjum, sem þá eru eftir, hefur síðan orðið að reikna skatta eftir þeim mun hærri skatta- og útsvarsstigum.

Þó að hægt sé að telja hvorri þeirri aðferð, sem hér hafa verið nefndar, ýmislegt til gildis, má fullyrða það, að þeirri reglu, sem nú gildir hér á landi, að leyfa frádrátt á greiddum sköttum og hafa gjaldstigana þeim mun hærri, fylgir sá galli, að einstaklingar og fyrirtæki, sem hafa ójafnar eða breytilegar tekjur frá ári til árs, bera hlutfallslega miklu hærri skatta en hinir, sem hafa jafnar og stöðugar tekjur. Núgildandi skatt- og útsvarsstigar koma þyngst niður, ef svo vill til, að menn hafa háar tekjur eitt ár, en lágar tekjur bæði árið á undan og árið eftir. Þá hafa menn aðeins lágar skattgreiðslur til þess að draga frá tekjum hátekjuársins, og skattarnir, sem á eru lagðir vegna hátekjuársins, dragast frá lágu tekjunum árið eftir.

Til þess að skýra nánar það, sem hér hefur verið fram tekið, má taka eftirfarandi dæmi um skattgreiðslur tveggja einstaklinga.

A. hefur 100 þús. kr. í hreinar tekjur eitt ár. Hann hefur engar skattgreiðslur til að draga frá þeim tekjum, og ber honum þá að greiða í tekjuskatt og stríðsgróðaskatt, eftir núgildandi skattstigum, samtals kr. 37270.00. Eftir þeim reglum, sem farið var eftir við álagningu útsvara í Reykjavík 1941, hefði þessi maður átt að greiða í útsvar kr. 31675.00, eða samtals í skatta og útsvar kr. 68945.00.

B. hefur 100 þús. króna tekjur í tvö ár, hvort árið eftir annað. Af tekjum fyrra ársins þarf hann að greiða jafnmikið og A. í skatta og útsvör, eða samtals kr. 68945.00. Þessa upphæð má hann síðan draga frá tekjum síðara ársins, og þarf þá aðeins að greiða skatt og útsvar af kr. 31050.00, sem verður samkvæmt fyrr nefndum álagningarstigum kr. 13839.00. (Tekjuskattur kr. 6774.00 og útsvar kr. 7065.00). Af 200 þús. kr. tekjum samtals bæði árin þarf því B. að greiða alls í útsvar og skatta kr. 82784.00, **eða rúmlega 41% af tekjunum til jafnaðar.** En eins og áður er sýnt, þarf A. að borga um það bil 69% af jafnháum árstekjum í útsvar og skatta, af því að hann hafði þessar háu tekjur aðeins í eitt ár.

Þessi mismunur stafar af því, að skattaálögur manna eru nú háðar því hvoru tveggja, **hverjar árstekjur þeirra eru og hverjar þær hafa verið næsta ár á undan.** Sé hins vegar horfið að þeirri aðferð að skattleggja tekjur manna án tillits til greiddra skatta, eins og lagt er til í þessu frumvarpi, verða **hin álögðu gjöld eingöngu bundin við tekjur skattársins, án nokkurs sambands við önnur ár.** Þá verður skattgreiðslan þannig, að tveir menn með sömu tekjur og sömu fjölskylduástæður, hverjar sem þær eru, greiða jafnháan tekjuskatt, hverjar sem tekjur þeirra hvors um sig hafa verið næsta ár á undan.

Tæplega verður um það deilt, að eins og atvinnulífi okkar er háttað, er óeðlilegt að búa við skattalöggjöf, sem krefst þyngstra fórna af þeim gjaldþegnum, sem hafa áhættumestan atvinnurekstur og óvissar eða ójafnar tekjur frá ári til árs. Engin rök virðast liggja til þess, að menn með óvissar og ójafnar tekjur eigi að bera hlutfallslega miklu þyngri skatta en hinir, sem hafa jafnar og stöðugar tekjur.

Ef sú breyting á skattalögunum, sem gert er ráð fyrir í frv. þessu, verður samþykkt, er afnumið það ósamræmi í skattgreiðslum, sem leiðir af misjöfnum skattafrádrætti.

Þá skal bent á það, að einmitt nú er þannig ástatt í þjóðfélaginu, að sérstök

ástæða er til að gera þessa breytingu á skattalögunum. Árið 1940 voru tekjur margra einstaklinga og félaga mjög háar, sérstaklega hinna stærri atvinnufyrirtækja. Af því leiddi það, að skattgreiðslurnar voru háar árið 1941. Verði skattalögunum ekki breytt, koma þessar háu skattgreiðslur til frádráttar tekjum ársins 1941, áður en skattur er á þær lagður, og mundi það valda stórkostlegri rýrnun á skattatekjum ríkisins árið 1942 og fella undan skatti mikinn hluta af stríðsgróðanum 1941. Er hér tekið dæmi, sem sýnir, hver áhrif sú skattalagabreyting, sem hér eru gerðar tillögur um, muni hafa á skattgreiðslu tekjuhárra fyrirtækja á þessu ári. Tekið er t. d. útgerðarhlutafélag, sem hefur 200 þús. kr. innborgað hlutafé og hafði í hreinar tekjur árið 1940 kr. 600000.00. Félagið dregur frá tekjunum 5% af hlutafénu, kr. 10000.00, en leggur eftirstöðvar teknanna, 590 þús. kr., í varasjóð, og er helmingur þeirrar upphæðar undanþeginn skatti. Skattskyldar tekjur félagsins eru því 295 þús. kr., og skattgreiðslur þess árið 1941 sem hér segir:

Tekjuskattur	kr.	112980.00
Stríðsgróðaskattur	—	59250.00
Útsvar ca.	—	100000.00
Samtals	kr.	272230.00

Sé gert ráð fyrir, að þetta félag hafi aftur 600 þús. kr. ágóða árið 1941, áður en skattar og útsvar er greitt, og leggi í varasjóð 315 þús. kr., sem eftir verður af gróðanum, þegar búið er að greiða útsvar og skatta og 5% af hlutafénu, ætti félagið að greiða í skatta árið 1942 eftir núgildandi skattalögum (Skattskyldar tekjur þá kr. 160250.00):

Tekjuskatt	kr.	59080.00
Stríðsgróðaskatt	—	14812.50
Samtals	kr.	73892.50

Ef hins vegar þetta frumvarp verður samþykkt, ásamt frumvarpi til laga um stríðsgróðaskatt, sem er lagt fyrir Alþingi samhliða þessu frv., og skattar reiknaðir samkvæmt þeim árið 1942, mundu skattskyldar tekjur félagsins verða kr. 393300.00 og skattarnir verða sem hér segir:

Tekjuskattur	kr.	83476.00
Stríðsgróðaskattur	—	172044.00
Samtals	kr.	255520.00

Þetta dæmi ætti að nægja til að sýna það, að þessi tvö skattafrumvörp miða að því að auka skatta af háum tekjum á árinu 1942.

Önnur aðalbreytingin á skattalögunum, sem fólgin er í frumvarpi þessu, snertir varasjóðshlunnindi félaga.

Samkvæmt þeim skattalögum, sem nú gilda, hafa félög, sem um getur í 3. gr. a. og b. (hlutafélög, samvinnufélög), getað dregið frá tekjum sínum helming þeirra upphæða, er þau lögðu í varasjóð af árstekjum sínum, þegar skattskyldar tekjur voru fundnar. Aðalreglan hefur verið sú, að til þess að njóta þessara hlunninda, hafa félögin lagt allar hreinar árstekjur sínar í varasjóð. Eins og þegar hefur verið lýst, er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir þeirri breytingu á skattalögunum, að hætta að draga greiddan tekjuskatt og útsvar frá tekjunum áður en skattur er á þær lagður. Í samræmi við þá breytingu er hér lagt til, að framvegis verði aðeins ákveðinn hluti af árstekjum félaganna undanþeginn skattgreiðslu, með því skilyrði, að sá hluti teknanna sé lagður í varasjóð. Breytingin er í því fólgin, að í stað þess að áður var helmingur af varasjóðstillaginu undanþeginn skatti, án tillits til þess hve mikið af heildar-

tekjunum var lagt í varasjóð, er nú allt varasjóðstillagið skattfrjálst, svo framarlega sem það fer ekki fram úr ákveðnum hluta af árstekjunum (⅕ og ⅓ af tekjunum).

Um einstakar greinar frumvarpsins skal tekið fram það, er hér fer á eftir:

Um 1. gr.

Í þessari grein er nýr skattstigi. Er hann lægri en sá, er nú gildir, og er lækkunin gerð með tilliti til þeirrar breytingar, sem ákveðin er í 4. gr. frv., að hætt verði að draga greiddan tekjuskatt og útsvar frá tekjunum áður en skattur er á þær lagður.

Um 2. gr.

Þessi grein er aðeins til þess að skýra nánar eitt ákvæði í 7. gr. skattalaganna, sem er það, að með orðunum „upphaflegt hlutafjárframlag“ í nefndri grein, sé átt við nafnverð hlutabréfanna.

Um 3. gr.

Hér eru ákvæði um varasjóði félaga. Er þar lagt til, að skattfrjálst varasjóðstillag þeirra verði mismunandi mikill hluti af tekjunum, eftir því, hver atvinnurekstur þeirra er, og hvernig heimilt er að ráðstafa varasjóðunum. Félög, er um ræðir í 3. gr. a. (hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð), sem ekki hafa sjávarútveg að aðalatvinnu, fá samkv. frumvarpinu skattfrjálst varasjóðstillag, er nemur ⅕ af hreinum árstekjum áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum. Hins vegar er ákveðið í frumvarpinu, að þau af þessum félögum, er hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, fái skattfrjálst varasjóðstillag, er nemi ⅓ af hreinum árstekjum þeirra áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum. Virðist það eðlilegt, að félög, sem hafa sjávarútveg að aðalatvinnu, fái hlutfallslega hærra varasjóðstillag en önnur félög, er hafa áhættuminni rekstur. Er með þessu viðurkennd meiri þörf þeirra félaga, sem hafa sérstaklega áhættusaman atvinnurekstur, til að safna fé í varasjóði. Þá þykir og rétt að láta sams konar ákvæði gilda um félög, sem samkvæmt lögum geta ekki úthlutað varasjóðum sínum við félagsslit (t. d. samvinnufélög), þannig að þau hafi skattfrjálst varasjóðstillag, er nemur ⅓ af hreinum árstekjum áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur, samvinnuskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum.

Það ákvæði þessa frv., að skattfrjáls varasjóðstillög félaga skuli miðast við hreinar árstekjur þeirra **áður en skattar og útsvör, sem greitt hefur verið á árinu,** er **dregið frá tekjunum,** er sett til þess að tryggja það, að félögin geti ávallt lagt ákveðinn hluta af hreinum rekstrartekjum sínum í varasjóð, án tillits til þeirra skatta, sem þau þurfa árlega að borga af fyrra árs tekjum.

Enn fremur eru í þessari grein fyrirmæli um það, á hvern hátt eigi að skattleggja varasjóðsinnstæðu, ef hún er notuð til einkaþarfa hluthafa á beinan eða óbeinan hátt, eða varið til annars en þess að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins. Er í þessu sambandi gerður greinarmunur á því, hvort varasjóðirnir voru myndaðir fyrir 1. jan. 1941, þegar aðeins nokkur hluti varasjóðstillagsins var skattfrjáls, eða síðar, eftir að ákvæði þessa frv. eru gengin í gildi. Einnig eru ákvæði um það, hvað teljist ráðstöfun á fé varasjóðs. Ákvæðin í a- og b-liðum 6. málsgr. eru óbreytt frá því, sem ákveðið var í lögum nr. 9 5. maí 1941, en breyting hefur verið gerð á c-lið þessarar málsgreinar.

Í síðustu málsgr. 3. gr. er ákveðið, að ef hreinar árstekjur félags, að viðbættri þeirri hreinni eign, sem félagið á umfram varasjóð og hlutafé, hrökkva eigi fyrir skatt- og útsvarsgreiðslum og því varasjóðstillagi, sem undanþegið er skattgreiðslu samkv. frumvarpinu, skuli heimilt að taka þá fjárhæð, er á vantar, úr varasjóði. Félögin munu yfirleitt hafa lagt allar hreinar árstekjur sínar á undanförnum árum í varasjóð, til þess að geta notið varasjóðshlunnindanna. Með þeirri breytingu á skatta-

lögunum, sem hér er gert ráð fyrir, geta félögin ekki dregið tekjuskatt og útsvör, er þau greiddu á árinu 1941, frá tekjum þess árs. Er því líklegt, að mörg félög skorti laust fé til greiðslu á þessum gjöldum og þurfi að nota heimildina.

Um 4. gr.

Með tilvísun til þess, sem áður er frá skýrt, er hér lagt til, að sú breyting verði gerð á g-lið 10. gr. laganna, að aðeins eignarskattur komi til frádráttar tekjum áður en skattur er á þær lagður.

Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru óbreytt frá því, sem samþykkt var á síðasta reglulegu Alþingi, sbr. 3. gr. laga nr. 9 5. maí 1941.

Um 6. gr.

Hér er lagt til, að eignarskattur verði eigi reiknaður öðrum en þeim, sem hafa yfir 10 þúsund króna skuldlausa eign, í stað 5 þús. kr. áður, og auk þess gert ráð fyrir lítils háttar lækkun á eignarskattinum af eignum innan við 20 þús. krónur.

Um 7. gr.

Með þessari grein er komið í veg fyrir þá tvísköttun á eign í hlutafélögum, sem áður hefur átt sér stað.

Um 8. gr.

Hér er lagt til, að kaup fyrir skattanefndarstörf verði hækkað nokkuð frá því, sem verið hefur.

Um 9. gr.

Réttara þykir að setja slíkt ákvæði um það, að óheimilt sé að slíta félagi og úthluta eignum þess fyrr en skattar og útsvör af tekjum þess og eignum hefur verið að fullu greitt.

Um 10. gr.

Með þessari breytingu er skýrt kveðið á um það, að heimilt sé að reikna skatt gjaldanda að nýju, um allt að 5 ár aftur í tímann, ef það kemur í ljós, að hann hafi ekki greitt skatt af öllum tekjum sínum og eignum, og skiptir ekki máli í því sambandi, hvort skattur hefur verið ákveðinn eftir eigin framtali gjaldanda eða ekki.

Um 11. gr.

Hér er lagt til, að dráttarvextir af sköttum verði hækkaðir frá því, sem nú er, ef skattarnir eru ekki greiddir fyrir næstu áramót eftir að þeir falla í gjalddaga. Þessi hækkun á dráttarvöxtunum er ákveðin í þeim tilgangi að hvetja gjaldendur til að greiða skattana á réttum tíma, þótt eigi sé leyft að draga greidda skatta frá tekjum, áður en skattur er á þær lagður, eins og áður var.

Um 12. gr.

a. (55. gr.) Greinin er óbreytt frá því, sem nú gildir, að öðru leyti en því, að hér er lagt til, að allt að 15000 kr. tekjur verði „umreiknaðar“ í stað 12000 kr. áður. Er þessi breyting gerð vegna þeirrar hækkunar á hreinum tekjum, sem orsakast af því að nú er ekki heimilt að draga frá þeim greidda skatta og útsvör.

b. (56. gr.) Hér er ákveðið, að félag, er hefur sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur og nýtur hlunninda vegna framlags í varasjóð samkv. 3. gr. frumvarpsins, skuli leggja í nýbyggingarsjóð 50% af varasjóðsframlaginu. Í lögum nr. 9 5. maí 1941 var nýbyggingarsjóðsféð 40% af varasjóðstillaginu, og er því hér nokkur hækkun á framlögum í nýbyggingarsjóð.

c.—f. (57.—60. gr.) Hér eru tekin upp óbreytt ákvæðin um nýbyggingarsjóð úr lögum nr. 9 5. maí 1941, sem ætlazt er til, að verði áfram í gildi.

g. (61. gr.) Í þessum lið er ákveðið, að einstaklingar og sameignarfélög, er stunda

sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, geti dregið frá skattskyldum tekjum ⅕ af hreinum árstekjum af útgerð, gegn því að leggja þá upphæð í nýbyggingarsjóð.

h. (62. gr.) Ákvæði þetta er tekið úr lögum nr. 9 5. maí 1941, þar sem til þess er ætlazt, að það verði áfram í gildi.

i. (63. gr.) Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Um leið og frumvarp þetta verður að lögum, falla úr gildi lög nr. 9 5. maí 1941, þar sem öll þau ákvæði í þeim lögum, sem rétt þykir að séu áfram í gildi, hafa verið tekin í þetta frumvarp.

Nd. 126. Frumvarp til laga

um stríðsgróðaskatt.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr.

Auk þess skattgjalds, sem ákveðið er í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, skal leggja á og innheimta sérstakan stríðsgróðaskatt samkvæmt eftirfarandi reglum:

Ef skattskyldar tekjur nema 45000—60000 kr., greiðist 3% af því, sem er umfram 45000 kr.

Af	60000— 75000 kr.	greiðist	450 kr.	af 60000 kr. og	6% af afganginum.
—	75000—100000	—	1350	— 75000	— 10—
—	100000—125000	—	3850	— 100000	— 20—
—	125000—150000	—	8850	— 125000	— 30—
—	150000—175000	—	16350	— 150000	— 42—
—	175000—200000	—	26850	— 175000	— 55—
—	200000 og þar yfir	—	40600	— 200000	— 68—

2. gr.

Stríðsgróðaskattur skal lagður á og innheimtur um leið og tekju- og eignarskattur, og af sömu aðilum. Ríkissjóður greiðir hlutaðeigandi sveitarfélagi 45% af þeim stríðsgróðaskatti, sem þar er á lagður og innheimtur, þó aldrei hærri fjárhæð en sem nemur 40% af áætluðum útsvörum í sveitarfélaginu á því ári.

3. gr.

Ríkissjóður greiðir 5% — fimm af hundraði — af stríðsgróðaskatti, sem innheimtur er eftir lögum þessum, til sýslufélaga og þeirra bæjarfélaga, er engan skatt fá samkvæmt 2. gr. Fé þessu skal skipt í hlutfalli við þann tekjuskatt, sem tilfellur í viðkomandi sýslu- og bæjarfélögum.

4. gr.

Meðan ákveðið er í lögum, að greiða skuli 90% — níutíu af hundraði — samtals í tekjuskatt og stríðsgróðaskatt af skattskyldum tekjum yfir 200 þús. krónur, er óheimilt að leggja tekjuútsvör á þann hluta af hreinum tekjum gjaldenda, sem er umfram 200 þús. krónur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1942, miðað við tekjur ársins 1941. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 10 5. maí 1941, um stríðsgróðaskatt.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar, en flutningsmenn þess áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við einstök atriði þess, eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Í 1. gr. frv. er ákveðinn stríðsgróðaskattstigi, og er óþarft að skýra þá grein nánar. Í 2. gr. er ákveðið, að ríkissjóður greiði hlutaðeigandi sveitarfélagi 45% af þeim stríðsgróðaskatti, sem þar er á lagður og innheimtur, þó ekki hærri upphæð en sem nemur 40% af áætluðum útsvörum í sveitarfélaginu á því ári. Í núgildandi lögum um stríðsgróðaskatt er hluti sveitarfélaganna af skattinum ákveðinn 40%, og er hann samkvæmt þessu hækkaður um 5%. Er það einkum vegna þeirrar hækkunar á skattstiganum, sem ákveðin er í frumvarpinu, en með henni eru möguleikar sveitarfélaganna til útsvarsálagningar nokkuð skertir.

Í 3. gr. er ákveðið, að 5% af stríðsgróðaskattinum skuli renna til sýslufélaga og þeirra bæjarfélaga, sem engan stríðsgróðaskatt fá samkvæmt ákvæðum 2. gr.

Loks eru í 4. gr. frv. fyrirmæli um það, að meðan ákveðið er, að greiða skuli samtals 90% af skattskyldum tekjum yfir 200 þús. kr. í tekjuskatt og stríðsgróðaskatt, sé óheimilt að leggja tekjuútsvör á þann hluta af hreinum tekjum gjaldenda, sem er umfram 200 þús. kr.

Með samþykkt þessa frumvarps eru felld úr gildi lög nr. 10 5. maí 1941, um stríðsgróðaskatt.

Nd. 127. Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning löggjafar um reka og rekarétt.

Flm.: Gísli Sveinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa fyrir næsta þing nýja löggjöf um reka og rekarétt á Íslandi.

Greinargerð.

Öll lagaákvæði um reka og rekarétt hér á landi, þau er eigi er að finna í vogrekakafla strandlaganna, nr. 42/1926, eru nú næsta gömul orðin og sum með því elzta í íslenzkri löggjöf (aðallega í Jónsbók 1281). Að ýmsu leyti er þetta að vonum, því að um hlunnindi og fasteignaréttindi ber að hafa staðfastar reglur, þótt þær vitaskuld geti ekki orðið ævarandi án viðeigandi endurbóta, eftir því sem tímar líða og aðstæður allar breytast. Aðalgallinn á þessum reglum hefur um hríð verið sá, að þær hafa verið um of sundurlausar og óskýrar, svo að erfitt hefur reynzt og stundum ókleift að komast að viðunanlegum niðurstöðum, er öllum aðilum gæti hæft. Hefði því fyrir löngu þurft gleggri ákvæða og samræmingar í þessari grein, þótt enn hafi engin gangskör verið að því ger.

En nú hafa þessir ágallar orðið sérstaklega áberandi og lítt viðráðanlegir vegna hins geysimikla og óvenjulega sjóreka af öllum tegundum, sem borizt hefur hér víða á land og fylgir umbrotum geisandi styrjaldar á höfum úti. Að sumu leyti er hér um algerlega nýtt viðhorf að ræða, sem beinlínis krefst endurskoðunar á hinum gömlu ákvæðum og venjum, og er þessi þáltill. fyrir því fram borin. En til þessa má eigi kasta höndum, og er þess að vænta, að ríkisstjórnin sinni þessu máli hið fyrsta og neyti þar aðstoðar m. a. hinna lærðustu lögfræðinga við Hæstarétt og Háskóla Íslands.

Nd. 128. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Þó hafa nefndarmenn óbundnar hendur um það ákvæði í 2. gr. frv., að heimilt sé að greiða hærri byggingarstyrk til ábúenda jarða, sem verða fyrir stórtjóni af völdum húsbruna.

Alþingi, 26. marz 1942.

Bjarni Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, fundaskr. Steingr. Steinþórsson, frsm.

Pétur Ottesen. H. Guðmundsson.

Nd. 129. Nefndarálit

um frv. til l. um rafveitur ríkisins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Rafveitur ríkisins mega ekki reisa, kaupa eða taka á leigu orkuver eða orkuveitu, nema undangengnar rannsóknir og nákvæmar áætlanir sýni, að virkin muni gefa þær tekjur, sem nægja fyrir öllum rekstrarkostnaði, þar með taldir vextir og afborganir stofnkostnaðar, eða nægilegt fé hafi verið veitt til virkjanna á annan hátt. Þá skal og, ef um er að ræða fleiri en eitt orkuver eða orkuveitu í senn, það orkuver eða orkuveita ganga fyrir um framkvæmd, sem áætlanir sýna, að ber sig betur fjárhagslega.
   Enda þótt áætlanir sýni, að rekstrarhalli muni verða fyrstu árin á orkuveitu, skal hún talin með veitum þeim, sem bera sig fjárhagslega, ef hún samkvæmt áætlun rafveitustjóra hefur skilyrði til þess að vinna sig upp síðar og endurgreiða samansafnaðan rekstrarhalla fyrstu áranna.
2. Við 7. gr. Í stað orðanna „afborganir lána“ í 2. málsgr. komi: hæfilegar afborganir lána, miðað við fyrningu.
3. Við 12. gr. Á eftir 1. málslið gr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi:
   Um alla veiði í slíkum fallvötnum skal hann leita tillagna veiðimálastjóra.
4. Við 13. gr. Upphaf gr. orðist svo:
   Ráðherra getur sett reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um:

Alþingi, 30. marz 1942.

Emil Jónsson, form., frsm. Eiríkur Einarsson, fundaskr. Bjarni Ásgeirsson.

Pálmi Hannesson. Jóh. G. Möller.

Nd. 130. Frumvarp til laga

um málflytjendur.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 15, með þessari breytingu:

23. gr. hljóðar svo:

Dómsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna, hvort málflytjandastarf er samrímanlegt öðru opinberu starfi. Ef það mezt ósamrímanlegt, skal málflytjandi afhenda dómsmálaráðuneytinu leyfi sitt, ef því er að skipta, meðan svo er ástatt.

Ed. 131. Frumvarp til hafnarlaga

fyrir Neskaupstað.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Til hafnargerðar í Neskaupstað veitist úr ríkissjóði ⅖ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 300000.00 — þrjú hundruð þúsund krónur — gegn ⅗ hlutum frá hafnarsjóði Neskaupstaðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 450000.00 — fjögur hundruð og fimmtíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Neskaupstaðar kann að fá til hafnargerðar. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð þessi er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldi sé falin manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Neskaupstaðar. Nú vill annar hvor málsaðila ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Neskaupstaðar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum hafnarnefndar Neskaupstaðar.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki bæjarstjórnar Neskaupstaðar. Sá, sem vill gera

eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og önnur mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að taka það burt, án endurgjalds til eiganda.

6. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd eiga sæti 5 menn. Skal nefndin kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er bæjarstjórn kýs. Heimilt er þó að kjósa í nefndina 2 menn, er ekki eiga sæti í bæjarstjórn.

8. gr.

Eignum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar.

Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og bæjarstjórnin hefur ábyrgð á eigum og fé hafnarinnar.

9. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land við höfnina, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á höfn Neskaupstaðar, og farmi þeirra:
   a. Lestargjald (hafnargjald).
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald frá skipum þeim, er nota festar hafnarinnar.

Gjöld þessi sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarnefnd Neskaupstaðar semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2. a. og b.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimiladir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tollum þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd.

Þetta gjald sem og gjöldin samkvæmt 11. gr. má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Bæjarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefur bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sér fara.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhalláns.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúarmánaðar, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á liðna árinu og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, er rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Nd. 132. Frumvarp til laga

um vörugjald fyrir Akureyrarkaupstað.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar er heimilt að ákveða hækkun á núverandi vörugjaldi, samkv. 8. gr. l. nr. 62 3. nóv. 1915, um allt að 100%, enda gangi sú hækkun óskipt til greiðslu á byggingarkostnaði sjúkrahúss Akureyrar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1944.

Greinargerð.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur á fundi sínum 17. febr. s. l. samþykkt svofellda ályktun:

„Bæjarstjórn Akureyrar fer fram á, að hið háa Alþingi samþykki að heimila Akureyrarbæ að hækka vörugjald af aðfluttum og útfluttum vörum, allt að 100% frá því, sem nú er, enda gangi hækkunin óskipt til greiðslu á byggingarkostnaði sjúkrahúss Akureyrar."

Fyrir skömmu var hafin bygging nýs spítala á Akureyri. Var byggt hús, sem á að verða hluti af framtíðarsjúkrahúsi á Akureyri. Nýr spítali, sem fullnægir kröfum tímans, kostar sennilega talsvert á aðra milljón króna, og þótt styrkur fáist til hans úr ríkissjóði, eins og til annarra spítala, þá er ekki hægt að ætlast til, að lítill bær eins og Akureyri beri mestallan kostnað við sjúkrahús, sem sjúklingar sækja til úr öllum landsfjórðungum, en svo er nú um þennan spítala, og yrði þó enn meira, ef reist yrði nýtt sjúkrahús með nýtízku sniði.

Það hefur á undanförnum árum reynzt miklum erfiðleikum bundið að afla nægra tekna í sjóði flestra bæja hér á landi.

Að vísu hefur nokkuð raknað úr með þetta um stund í þeim bæjum, sem mikil útgerð er stunduð í. En þetta nær ekki til Akureyrar. Helztu tekjur bæjanna hafa verið útsvörin.

Mikill hluti útsvaranna hefur í flestum bæjum verið lagður á verzlun og iðnað bæjanna, sumpart sem tekju- og eignaútsvör, sumpart sem rekstrarútsvör.

Á Akureyri er þetta ekki hægt, vegna þess að mikill hluti þessa rekstrar er rekinn af samvinnufélögum, er njóta sérréttinda um útsvarsgreiðslur. Þetta hefur orðið til þess, að annan verzlunar- og iðnrekstur hefur tæplega verið lagt eins mikið á eins og ella mundi. Niðurjöfnunarnefnd hefur t. d. ekki séð sér fært að leggja há rekstrarútsvör á nokkurn hluta verzlunar og iðnaðar, þegar meira en helmingur slíks rekstrar í bænum ber engin rekstrarútsvör.

Þegar þess er gætt, að hér er annars vegar að ræða um brýna þörf á nýtízku sjúkrahúsi, ekki aðeins fyrir Akureyrarbæ, heldur og fyrir nálægar sveitir, jafnvel fjórðung landsins og vel það, en hins vegar eru fjáröflunarleiðir bæjarsjóðs fáar og tekjurýrar, þá virðist sú ósk bæjarstjórnarinnar um heimild til vörugjaldshækkunar í þessu augnamiði vera sanngjörn og á fyllstu rökum reist.

Vörugjaldshækkun sú, sem hér er farið fram á, svarar til rekstrarútsvara á verzlanir í bænum, og væri því eðlilegt, að hún rynni beint í bæjarsjóð.

Vörugjaldsaukning þessi er svo lítil, að hennar gætir ekki í vöruverði, nema á einstaka vörutegund, en því hefur verið haldið fram, að með henni sé verið að skattleggja sveitirnar, sem verzla við Akureyri, og með tilliti til þess fer bæjarstjórnin fram á, að fé renni til byggingar spítalans, sem er stofnun, er sveitirnar nota mjög mikið, en Akureyrarbær verður að standa straum af.

Árið 1940, en það er síðasta árið, sem reikningar liggja fyrir um, námu vörugjöld á Akureyri samtals kr. 54237.91. Gjöldin miðast við þunga, en ekki verð, svo að búast má við, að þau verði svipuð næstu ár eins og 1940.

Spítalamál Akureyrar er ekkert kappsmál eða hagsmunamál einstakra manna eða stétta, heldur standa allir bæjarbúar að því, hverjum flokki sem nefnast, og líta nú á það sem hið allra brýnasta úrlausnarefni bæjarfélagsins.

Sþ. 133. Tillaga til þingsályktunar

um áfengismál.

Flm.: Pétur Ottesen, Ingvar Pálmason, Sigurjón Á. Ólafsson, Þorsteinn Briem.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að hvika í engu frá þeirri ákvörðun, sem ríkisstjórnin tók á s. l. ári um lokun áfengisverzlana ríkisins, og láta nú þegar niður falla allar þær tilslakanir, sem gerðar hafa verið í þessu efni, og verði þeirri framkvæmd eigi breytt án samþykkis Alþingis, meðan erlent herlið dvelur í landinu.
2. Að vinna að því við stjórnir þeirra ríkja, sem herlið er komið frá hingað til lands, að komið verði í veg fyrir öll vínútlát til Íslendinga frá herliðinu.

Greinargerð.

Því var mjög fagnað af öllum almenningi í landinu, þegar ríkisstjórnin sýndi þá rögg af sér á s. l. ári að loka vínbúðum ríkisins. Sú ákvörðun er talandi vottur um gerhygli hennar á þeim háska, sem þjóðinni er búinn af vínflóðinu, hún ber og vott um einlæga viðleitni til þess að bægja þessari hættu frá bæjardyrum hennar. Allir velunnarar bindindis og hvers konar öryggisvarðveizlu í landinu hljóta að færa ríkisstjórninni þakkir og viðurkenningu fyrir þá stefnu í þessum málum, sem hún markaði með lokuninni. En svo sem af líkum má ráða hefur það valdið sárum vonbrigðum, að ríkisstjórnina skuli nú upp á síðkastið hafa hrakið nokkuð af leið þeirrar göfugu og giftusömu ákvörðunar, sem lýst er hér að framan. Það var strax upp úr áramótunum síðustu, sem fyrsta ógæfusporið var stigið.

Síðan hefur í gegnum bakdyr vínbúðanna, sem áður var hespa og lás fyrir, runnið með vaxandi fallþunga allstríður vínstraumur inn í samkvæmislíf höfuðstaðarins og víðar. Þetta hefur skeð með þeim sorglega hætti, að ríkisstjórnina, sem hér hefur glapizt sýn, hefur hent það slys að veita undanþágur um vínútlát til notkunar í samkvæmum. Með þessu byrjar undanhaldið, og svo tekur flóttinn við frá hinum góða og hrósverða ásetningi. Nú er sem sé svo komið, samkvæmt skýrslum, sem við flutningsmenn þessarar tillögu höfum í höndum, að í viðbót við strauminn, sem flýtur inn í samkvæmislífið, þá hafa ýmsir meiri háttar broddborgarar komizt upp á það krambúðarloftið hjá ríkisstjórninni að fá bakdyra megin vín til eigin neyzlu á heimilum sínum og til risnu þar.

Þessum málum er því þannig komið nú, að Alþingi ber skylda til að leggja fram lið sitt og krafta til þess að hið góða og lofsverða áform ríkisstjórnarinnar, sem lýsti sér í algerri lokun vínbúðanna, fái aftur að njóta sín. Útrétt hönd Alþingis, hófleg og vinsamleg bending og aðvörun úr þeirri átt ætti að geta læknað og upprætt þá veilu í skapgerð ríkisstjórnarinnar, sem hefur valdið þessari undanlátssemi. Að þessa lýtur fyrri liður tillögunnar.

Um síðari liðinn er það að segja, að það er vitað, að einstakir menn í setuliðinu fá flutt til landsins með íslenzkum skipum og skipum, sem eru á vegum íslenzkra

skipafélaga, miklar vinbirgðir og, að því er talið er, að meira eða minna leyti keyptar fyrir milligöngu íslenzks manns eða manna í verzlunarstétt. Grunur liggur á, — og í sumum tilfellum eru fyrir því sannanir —, að frá þessum flutningum stafi vinútlát til Íslendinga.

Það er til þess ætlazt, að ríkisstjórnin gangi vasklega fram í því og geri til þess allt, sem unnt er, að komið verði í veg fyrir þetta ósæmilega og hættulega hátterni.

Ed. 134. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá Bjarna Snæbjörnssyni.

Við frvgr.

a. Í stað „300“ í 2. málsgr. komi: 500.

b. Aftan við greinina bætist: enda séu nauðsynleg lyf og læknisverkfæri fyrirliggjandi í héraðinu, og skiptist ágóðinn af lyfjasölunni að jöfnu milli lyfjaeiganda og viðkomandi læknis. Hafi umsækjandi um héraðslæknisembætti gegnt aðstoðarlæknisstarfi, skal tekið tillit til þess við veitingu embættisins.

Nd. 135. Breytingartillaga

við frv. til laga um málflytjendur.

Frá Jóh. G. Möller og Gísla Guðmundssyni.

Við 9. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo:

Maður, sem hefur verið hæstaréttardómari, prófessor í lögum, dómari í Reykjavík, bæjarfógeti eða dómsmálaráðherra, er undanþeginn ákvæðum 7. tölul. 1. málsgr.

Ed. 136. Frumvarp til laga

um málflytjendur.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn eru opinberir sýslunarmenn og hafa skyldur og réttindi samkvæmt því, meðal annars þagnarskyldu um það, er aðili trúir þeim fyrir í starfa þeirra.

2. gr.

Fyrir flutning gjafsóknar- og gjafvarnarmála skal ákveða málflytjanda laun með dómi í aðalmálinu.

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og hærra endurgjald, ef mál vinnst, en ef það tapast.

Loforð um sýnilega ósanngjarnt endurgjald fyrir málflutningsstarf er ekki skuldbindandi.

3. gr.

Rétt er héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni að taka sér fulltrúa, hvern þann sem lokið hefur embættisprófi í lögum, er 21 árs að aldri, hefur óflekkað mannorð, er lögráður og hefur forræði fjár síns. Dómi þeim, er í hlut á, skal tilkynnt um töku fulltrúans.

4. gr.

Nú sækir héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður eða fulltrúi þeirra dómþing fyrir aðila, og skal hann þá talinn hafa umboð til, nema annað sé sannað.

Í málflutningsumboði felst, nema öðruvísi sé mælt, heimild til að framkvæma sérhvað það, sem venjulegt er til flutnings slíks máls fyrir dómi. Umbjóðandi er bundinn við málflutningsathafnir og yfirlýsingar umboðsmanns síns bæði um forms- og efnisatriði máls, enda þótt hann hafi takmarkað umboð gagnaðila sínum í óhag. Ef umbjóðandi hefur takmarkað umboð gagnaðila sínum í hag, er takmörkunin bindandi fyrir umbjóðanda sem málflutningsyfirlýsing fyrir dómi.

Skipun stjórnvalds eða dómara til að flytja mál felur í sér rétt og skyldu til að gera allt það, sem venjulegt er, heppilegt eða nauðsynlegt til þess að koma máli fram og til að ná sem heppilegustum málalokum fyrir aðila með öllum löglegum hætti.

5. gr.

Aðila er jafnan rétt að fara sjálfur með mál sitt fyrir dómi, ef hann er löghæfur til að ráðstafa sakarefninu. Lögráðamaður fer með mál þeirra, sem geta ekki sjálfir farið með það samkvæmt framansögðu. Nú hefur slíkur maður engan lögráðanda, og getur dómari þá skipað honum fyrirsvarsmann í því máli. Stjórnendur félags eða stofnunar fara, einn eða fleiri, með mál þeirra.

Ef aðili máls er einstakur maður, getur hann jafnan látið frændur sína að feðgatali eða niðja, maka sinn, systkini sín, tengdaforeldri eða tengdabarn, stjúpforeldri eða stjúpbarn, kjörforeldri eða kjörbarn fara með mál fyrir sig.

Ef mál er rekið fyrir héraðsdómi í Reykjavík eða á Akureyri og aðili fer ekki sjálfur með mál sitt eða lögmæltur fyrirsvarsmaður eða venzlamaður samkvæmt áður sögðu, skal hann fela meðferð þess héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni, og tekur þetta einnig til skipta-, fógeta- og uppboðsgerða, eftir ákvörðun dómara, ef sækja þarf þar mál eða verja með líkum hætti og fyrir venjulegum dómi. Í greindum kaupstöðum má maður ekki ella flytja mál annars manns í hans eða sjálfs sín nafni, nema hann standi í áður nefndu sambandi við aðila eða sé héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður. Með sömu takmörkunum hafa hæstaréttarlögmenn einkarétt til málflutnings fyrir hæstarétti.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum héraðsdómara, ákveðið, að fyrirmæli 3. málsgr. um málflytjendur í Reykjavík og á Akureyri skuli og taka til annarra kaupstaða, þar sem ekki er neinn hörgull héraðsdómslögmanna.

6. gr.

Ef héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður missir einhvers hinna almennu skilyrða til að fá leyfi til málflutnings, eða fullnægir ekki skilyrðum þessara laga um skrifstofu eða búsetu, hefur hann fyrirgert rétti þeim, er leyfið veitir, meðan svo er ástatt. Ef héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður hefur verið sektaður þrisvar samkvæmt 188. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, eða ef stjórn félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna leggur einróma til, að ákveðinn félagsmaður verði sviptur leyfi vegna tiltekinna, óviðurkvæmilegra athafna í starfi sínu, getur dómsmálaráðherra tekið af

honum leyfi til málflutnings um stundarsakir, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Leita skal áður álits dóms þess, er hlut á að máli.

Nú hefur héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður verið sviptur leyfi til málflutnings, og getur hann þá borið málið undir dómstóla með venjulegum hætti og að stefndum dómsmálaráðherra af hálfu ríkisvaldsins.

7. gr.

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn skulu hafa með sér félag, og kemur stjórn þess fram fyrir þeirra hönd gagnvart dómurum og stjórnarvöldum í málum, er stéttina varða. Samþykktir og gjaldskrá félagsins skulu lagðar fyrir dómsmálaráðherra, sem staðfestir þær eða synjar staðfestingar.

8. gr.

Stjórn félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna ber að hafa eftirlit með, að félagsmenn fari að lögum í starfa sínum og ræki skyldur sínar með trúmennsku og samvizkusemi. Stjórn félagsins hefur úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstarf, ef ágreiningur um það er borinn undir hana.

Stjórn félagsins ber að hafa eftirlit með þeim, er búa sig undir að verða héraðsdómslögmenn. Dómsmálaráðuneytinu ber að leita umsagnar stjórnar félagsins, áður en það veitir leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

Stjórn félagsins getur veitt einstökum félagsmönnum áminningar og gert þeim á hendur allt að 5000 króna sekt til styrktarsjóðs félagsins fyrir framferði í starfa þeirra, er telja má stéttinni ósamboðið.

Úrskurðir félagsstjórnarinnar samkvæmt þessari grein sæta kæru eftir 199. gr. laga nr. 85 23. júní 1936.

II. KAFLI

Um hæstaréttarlögmenn.

9. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til málflutnings fyrir hæstarétti hverjum þeim, sem

1. er 30 ára gamall,
2. er lögráður og hefur forræði fjár síns,
3. hefur óflekkað mannorð,
4. hefur íslenzkan ríkisborgararétt,
5. hefur lokið embættisprófi í lögfræði í háskóla Íslands eða jafngildu prófi í öðrum háskólum samkvæmt íslenzkum lögum,
6. hefur verið héraðsdómslögmaður í 3 ár samtals, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til,
7. hefur sýnt það með flutningi 4 mála, og sé eitt þeirra að minnsta kosti opinbert mál, að hann sé að dómi hæstaréttar hæfur til að vera hæstaréttarlögmaður. Enginn má þreyta raun þessa oftar en þrisvar, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn vottorð dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að verða hæstaréttarlögmaður.

Maður, sem hefur verið hæstaréttardómari, prófessor í lögum, dómari í Reykjavík, bæjarfógeti eða dómsmálaráðherra, er undanþeginn ákvæðum 7. töluliðs 1. málsgr.

10. gr.

Áður en manni sé veitt leyfi til málflutnings fyrir hæstarétti, skal hann heita því skriflega og að viðlögðum drengskap, að hann skuli rækja með trúmennsku og samvizkusemi þau málflutningsstörf, sem honum verða falin.

11. gr.

Fyrir leyfi til málflutnings fyrir hæstarétti skal greiða 1000 kr. í ríkissjóð.

12. gr.

Hæstaréttarlögmenn skulu hafa skrifstofu í Reykjavík og vera búsettir þar eða í grennd við borgina.

Skylt er þeim að inna sjálfir af hendi þau störf fyrir dómi, er aðilar hafa falið þeim; þó er þeim rétt að fela þau öðrum hæstaréttarlögmanni, ef nauðsyn krefur. Þegar mál er flutt skriflega eða ef hæstaréttarlögmaður getur eigi sótt sjálfur þing sakir skyndilegra nauðsynja, er honum og rétt að senda fulltrúa sinn í sinn stað til að taka frest eða leggja fram skjöl.

13. gr.

Skylt er hæstaréttarlögmönnum að flytja opinber mál, er forseti skipar þá til að sækja eða verja. Önnur mál er þeim eigi skylt að taka að sér fyrir hæstarétti.

Nú óskar sökunautur í opinberu máli eða gjafsóknar- eða gjafvarnarhafi sér skipaðan ákveðinn hæstaréttarlögmann, og skal honum þá skipaður sá maður, nema einhverjar sérstakar ástæður mæli gegn því.

III. KAFLI

Um héraðsdómslögmenn.

14. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi hverjum þeim, sem

1. er 25 ára gamall,
2. er lögráður og hefur forræði fjár síns,
3. hefur óflekkað mannorð,
4. hefur íslenzkan ríkisborgararétt,
5. hefur lokið embættisprófi í lögfræði í háskóla Íslands eða jafngildu prófi í öðrum háskólum samkvæmt íslenzkum lögum,
6. hefur sýnt það með flutningi 4 munnlega fluttra mála, að hann sé hæfur til að vera héraðsdómslögmaður. Enginn má þreyta raun þessa oftar en þrisvar, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dómara vottorð dómsmálaráðuneytisins um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að verða héraðsdómslögmaður.

Dómsmálaráðherra setur prófdómendur til að dæma um málflutningsraun samkvæmt 1. málsgr. Héraðsdómari ákveður þóknun fyrir þetta starf, og greiðist hún úr ríkissjóði.

15. gr.

Áður en manni sé veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi, skal hann heita því skriflega og að viðlögðum drengskap, að hann skuli rækja með trúmennsku og samvizkusemi þau málflutningsstörf, sem honum verða falin.

16. gr.

Fyrir leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi skal greiða 100 kr. í ríkissjóð.

17. gr.

Héraðsdómslögmönnum er heimilt að fara með mál fyrir héraðsdómi hvar sem er á landinu.

18. gr.

Héraðsdómslögmönnum er skylt að flytja þau opinber mál og gjafsóknar- og gjafvarnarmál, sem þeim verða falin, þar í kaupstað, sem þeir hafa skrifstofu, eða

þar í grennd, enda hafi þeir opna skrifstofu á tilteknum stað og tilkynni dómara það. Annars ráða þeir því sjálfir, hvaða málflutningsstörf þeir taka að sér.

Nú óskar aðili, er skipa skal talsmann, að fá sér skipaðan ákveðinn héraðsdómslögmann, og skal þá veita honum það, nema einhverjar sérstakar ástæður mæli á móti því.

Ef mál er flutt munnlega, ber héraðsdómslögmanni að gera það sjálfur; þó er honum rétt að fela það öðrum héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni, ef nauðsyn krefur. Annars er héraðsdómslögmanni heimilt að láta fulltrúa sinn flytja mál fyrir dómi.

IV. KAFLI
Um málflutningsmenn.

19. gr.

Ef mál er rekið utan þeirra kaupstaða, er einkaréttur héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna nær til, getur aðili falið hverjum lögráða manni, sem hefur óflekkað mannorð og almennan andlegan þroska, meðferð máls síns.

20. gr.

Málflutningsmenn verða að sanna umboð sitt, ef það er vefengt. Hafi þeir lokið embættisprófi í lögfræði, mega þeir ganga í félag héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna, en hvorki hafa þeir atkvæðisrétt um samþykktir eða gjaldskrá félagsins né kosningarrétt eða kjörgengi í stjórn félagsins.

21. gr.

Félög eða stofnanir, sem hafa embættisgenga lögfræðinga í fastri þjónustu sinni, geta látið þá fara með mál sín fyrir héraðsdómi hvar sem er á landinu.

22. gr.

Ef málflutningsmaður sætir sektum samkvæmt 188. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 eða reynist óhæfur til málflutnings vegna vankunnáttu, getur héraðsdómari, þar sem málflutningsmaður er búsettur, tekið af honum heimild til að fara með mál í umboði annarra fyrir fullt og allt eða um stundarsakir, en bera má hann málið undir dómstóla með venjulegum hætti og að stefndum dómara þeim, er í hlut á.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

23. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna, hvort málflytjandastarf er samrímanlegt öðru opinberu starfi. Ef það mezt ósamrímanlegt, skal málflytjandi afhenda dómsmálaráðuneytinu leyfi sitt, ef því er að skipta, meðan svo er ástatt.

24. gr.

Lögfræðingar þeir, er stundað hafa málflutning að staðaldri frá 1. janúar 1937, skulu hafa rétt til að þreyta málflutningsraun samkvæmt 9. gr., enda hafi þeir fengið löggildingu til málflutnings fyrir héraðsdómi fyrir 1. janúar 1942.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagaákvæði úr gildi felld:

Lög nr. 112 18. maí 1935, III. kafli, um málflutningsmenn fyrir hæstarétti, lög nr. 85 23. júní 1936, V. kafli, um málflytjendur, og lög nr. 3 11. jan. 1940, um breyting á þeim lögum.

Nd. 137. Frumvarp til laga

um rafveitur ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn og starfrækja rafveitur, er vera skulu eign ríkisins og reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki, með sérstöku reikningshaldi, undir umsjón atvinnumálaráðuneytisins. Stofnunin skal heita: Rafveitur ríkisins.

2. gr.

Rafveitur ríkisins skulu hafa það verkefni að afla almenningi í landinu raforku með því að vinna hana sjálfar, kaupa eða taka við henni frá orkuverum eða öðrum orkuveitum, veita orkunni um hreppa, sýslur eða stærri landshluta og selja hana eða afhenda raforkuveitum í kaupstöðum, kauptúnum eða öðrum innanhéraðs orkuveitum eða orkuveitufélögum, er stofnuð eru til þess að taka við orkunni og veita henni til neytenda innan héraðs eða á félagssvæði.

Rafveitur ríkisins geta einnig gerzt meðeigandi í orkuverum og orkuveitum annarra eða tekið þær á leigu og starfrækt þær, eða tekið þátt í starfrækslu þeirra eftir sérstökum samningi. Rafveitum ríkisins er heimilt að selja raforku beint til neytenda á þeim stöðum, þar sem innanhéraðsorkuveita eða orkuveitufélag er ekki til, eða annars staðar með samþykki innanhéraðsveitunnar eða orkuveitufélags.

3. gr.

Til þess að hafa á hendi forstöðu fyrir rafveitum ríkisins skal atvinnumálaráðherra skipa framkvæmdarstjóra, er vera skal rafmagnsverkfræðingur, og kallast hann rafveitustjóri ríkisins. Ráðherra setur honum erindisbréf.

Atvinnumálaráðherra skipar aðra starfsmenn rafveitna ríkisins, að fengnum tillögum rafveitustjóra, eftir því sem ákveðið kann að verða í reglugerð.

4. gr.

Rafveitur ríkisins mega ekki reisa, kaupa eða taka á leigu orkuver eða orkuveitu, nema undangengnar rannsóknir og nákvæmar áætlanir sýni, að virkin muni gefa þær tekjur, sem nægja fyrir öllum rekstrarkostnaði, þar með taldir vextir og afborganir stofnkostnaðar, eða nægilegt fé hafi verið veitt til virkjanna á annan hátt. Þá skal og, ef um er að ræða fleiri en eitt orkuver eða orkuveitu í senn, það orkuver eða orkuveita ganga fyrir um framkvæmd, sem áætlanir sýna, að ber sig betur fjárhagslega.

Enda þótt áætlanir sýni, að rekstrarhalli muni verða fyrstu árin á orkuveitu, skal hún talin með veitum þeim, sem bera sig fjárhagslega, ef hún samkvæmt áætlun rafveitustjóra hefur skilyrði til þess að vinna sig upp síðar og endurgreiða samansafnaðan rekstrarhalla fyrstu áranna.

5. gr.

Rafveitustjóri gerir, að undangengnum nauðsynlegum rannsóknum og athugunum, tillögur til ríkisstjórnarinnar um það, í hvaða framkvæmdir skuli ráðizt til orkuvinnslu og orkuveitu. Hann gerir nauðsynlegar kostnaðaráætlanir um þær, athugar skilyrði fyrir orkukaupum og orkusölu og gerir nákvæmar áætlanir um vænt-

anlegar tekjur og gjöld af virkjunum, til þess að séð verði, hvort þau fullnægja skilyrðum 4. gr. Að því er tekur til vatnsvirkja framkvæmir þó vatnamálaráðunautur ríkisins nauðsynlegar mælingar og gerir kostnaðaráætlanir og annan undirbúning að þeim, nema öðruvísi verði ákveðið. Vegamálastjóri er fyrst um sinn vatnamálaráðunautur ríkisstjórnarinnar, og skulu mælingar þessar, kostnaðaráætlanir og annar undirbúningur framkvæmdar af honum og fastlaunuðum verkfræðingum vegamálaskrifstofunnar, án sérstaks endurgjalds, eftir því sem þeim vinnst tími til frá öðrum störfum. Kostnað allan við þessar rannsóknir, svo og við annan undirbúning, skal greiða úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt í því skyni. Þó er rafveitum ríkisins heimilt, með samþykki ráðherra, að verja fé af tekjuafgangi sínum til slíkra rannsókna að svo miklu leyti, sem honum hefur ekki verið ráðstafað á annan hátt. Ef ráðizt er í framkvæmdirnar, skal þessi undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði þeirra.

Nú telur atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum rafveitustjóra, rétt að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum, eða að festa kaup á slíkum mannvirkjum, og leitar hann þá til þessa samþykkis Alþingis og gerir jafnframt tillögur um það, á hvern hátt fjár til þeirra framkvæmda skuli aflað. Tillögum sínum til Alþingis lætur ríkisstjórnin fylgja nákvæmar áætlanir um væntanlegar tekjur og gjöld af þessum virkjum, sbr. 8. og 9. gr.

6. gr.

Nú er ákveðið að reisa raforkuver eða koma upp raforkuveitu, og hefur þá rafveitustjóri stjórn þeirra framkvæmda. Að því er tekur til vatnsvirkja annast vatnamálaráðunautur ríkisins framkvæmd verksins. Að öðru leyti ákveður atvinnumálaráðuneytið nánar verkaskiptingu milli þeirra.

7. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum rafveitustjóra, gjaldskrá um raforkusölu frá rafveitum ríkisins.

Tekjum rafveitna ríkisins skal varið til greiðslu rekstrarkostnaðar hinna einstöku raforkuvirkja, þar með talið stjórn, gæzla, viðhald, vaxtagreiðslur og hæfilegar afborganir lána, miðað við fyrningu. Afgangurinn leggist í sérstakan sjóð, rafveitusjóð ríkisins, er rafveitustjóri varðveiti undir yfirumsjón atvinnumálaráðuneytisins.

8. gr.

Rafveitusjóði ríkisins skal varið til aukningar raforkuveitum og eflingar raforkuvinnslu og raforkunotkun, sbr. 5. gr.

9. gr.

Rafveitustjóri skal árlega gera efnahags- og rekstrarreikning rafveitna ríkisins, svo og kostnaðarreikning fyrir þau virki, sem eru í smíðum, enn fremur skýrslu um starfsemina, og senda atvinnumálaráðuneytinu. Hann skal og árlega gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda ráðuneytinu svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Í fjárhagsáætlun skal taka upp tillögur um lántökur, fjárveitingar og önnur fjárframlög, sbr. 5. gr.

10. gr.

Setja skal reglugerðir um rekstur innanhéraðsveitna, sem kaupa raforku frá rafveitum ríkisins, og gjaldskrár um raforkusölu frá þeim. Í reglugerðunum skulu vera ákvæði um rekstrarfyrirkomulag og tilhögun veituvirkja, til þess að tryggja rafveitum ríkisins greiðslu fyrir orku þá, sem þær selja, svo og til þess að stuðla að aukinni raforkunotkun og góðri hagnýtingu orkunnar. Atvinnumálaráðuneytið staðfestir reglugerðir þessar og gjaldskrár, að fengnum tillögum rafveitustjóra og

rafmagnseftirlits ríkisins, og samræmir reglugerðir og gjaldskrár hinna einstöku raforkuveitna, eftir því sem þörf þykir.

11. gr.

Rafveitustjóri skipar fyrir um rekstur raforkustöðva ríkisins, sem starfræktar eru við skóla eða aðrar opinberar stofnanir ríkisins, nema reksturinn sé falinn þessum stofnunum sérstaklega.

12. gr.

Rafveitustjóri ríkisins hefur umsjón með þeim fallvötnum, sem eru í eign ríkissjóðs, heldur skrá yfir þau og annast nauðsynlegt bókhald í sambandi við þau. Um alla veiði í slíkum fallvötnum skal hann leita tillagna veiðimálastjóra. Rafveitustjóri gerir í samráði við vatnamálaráðunaut tillögur til ríkisstjórnarinnar um kaup á vatnsréttindum, sem hann telur nauðsynlegt, að ríkið eignist.

13. gr.

Ráðherra getur sett reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um:

1) stjórn og fjárreiður rafveitna ríkisins, reikningshald, fyrningu og greiðslur í rafveitusjóð, svo og um skýrslugerðir rafveitustjóra;
2) starfsmannahald og verkaskiptingu starfsmanna, svo sem ákvæði, er lúta að því að aðgreina undirbúning, byggingu og rekstur í sérdeildir, undir stjórn rafveitustjóra, þegar þess verður þörf;
3) önnur atriði viðvíkjandi starfrækslu veitnanna, kaupum og sölu á raforku;
4) eftirlit með og afskipti af málum innanhéraðsveitna, sbr. 10. gr.

14. gr.

Rísi ágreiningur milli rafveitna ríkisins og kaupenda raforku frá orkuverum þeirra út af samningum, sem gerðir eru samkvæmt þessum lögum, geta aðilar komið sér saman um að leggja hann undir úrskurð gerðardóms þriggja dómkvaddra manna.

15. gr.

Fyrst um sinn er forstöðumaður rafmagnseftirlits ríkisins rafveitustjóri, og er hann jafnframt ráðunautur ríkisstjórnarinnar í raforkumálum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 138. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 2. gr. Næstsíðasta málsgrein falli niður.

Ed. 139. Lög

um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

(Afgreidd frá Ed. 7. apríl.)

Samhljóða þskj. 12.

Ed. 140. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Skipavík.

Flm.: Hermann Jónasson.

1. gr.

Til lendingarbóta í Skipavík, Kaldrananeshreppi, Strandasýslu, skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðuneytið hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 60 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Kaldrananeshrepps að jafnri tiltölu og lendingarsjóður Kaldrananeshrepps leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 60 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Kaldrananeshrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar, eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Kaldrananeshrepps. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði Kaldrananeshrepps.

4. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Kaldrananeshrepps kýs. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Hreppsnefnd Kaldrananeshrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

5. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Kaldrananeshrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

6. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán, og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna, svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

7. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árslegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lend-

ingarsjóð Kaldrananeshrepps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða úr Skipavík, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Skipavíkurlendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 11. gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

8. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

9. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

10. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

11. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Kaldrananeshrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

12. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frá ýmsum stöðum á Selströnd í Strandasýslu, einkum utanverðri ströndinni, eru stundaðar fiskveiðar á vélbátum. Steingrímsfjörðurinn sjálfur er fiskisæll, og auk þess er þaðan gott að sækja til ýmissa hinna beztu fiskimiða á Húnaflóa. Á Selströnd hefur myndazt allmikil byggð og nokkru fé verið varið til mannvirkja þar. Nokkuð hefur verið gert að því að rækta þarna land, þótt það sé fremur illa til ræktunar fallið. Þótt útgerð hafi aukizt allverulega á þessum slóðum, hefur það háð atvinnurekstrinum, að engin örugg bátahöfn er við Selströnd, einkum kemur það tilfinnanlega að sök í suðaustan átt. Bátar frá Selströnd verða að hætta fiskveiðum snemma á haustin, þegar veðrátta tekur að versna, og geta ekki hafið sjósókn eins snemma að vorinu og ef örugg bátahöfn væri fyrir hendi. Fiskveiðar eru oft arðvænlegastar á þessum slóðum að vetrinum, þegar fiskur gengur inn í Steingrímsfjörð. Þá er hins vegar illt eða oft ómögulegt að stunda veiðar vegna hafnleysisins. Er því augljóst, að afkoma þeirra, sem stunda fiskveiðar frá Selströnd, er ótryggari, þrátt fyrir góð fiskimið, en vera mundi, ef þar væri örugg höfn.

Fyrir alllöngu síðan hefur vitamálastjóri eftir ósk minni athugað hafnarmál Selstrendinga. Að órannsökuðu máli lék mönnum nokkur hugur á að gera lendingarbót í svonefndu Gautshamarsbæli, og voru veittar til þessa 7 þús. kr. í fjárlögum. Einnig hafði verið talað um að gera lendingarbætur í Hafnarhólmi. Við rannsókn á þessum málum (sjá fskj. I) kom ótvírætt í ljós, að svonefnd Skipavík, er liggur miðja vega milli Gautshamarsbælis og Hafnarhólms, mundi bezt fallin til bátahafnar.

En þegar þessi rannsókn var hafin, voru þeir peningar, er veittir höfðu verið til umbóta í Gautshamarsbæli, látnir ónotaðir, í fullri vissu um það, að fé mundi ekki síður fást til lendingarbóta eftir að nákvæm rannsókn hefði farið fram á því, hvar heppilegast væri að framkvæma þær. Skipavík hefur verið mæld og gerðir uppdrættir að fyrirhuguðum mannvirkjum, er gera þarf til þess að höfnin verði öruggt athvarf fyrir báta. Svo sem álitsskjal vitamálastjóra, sem prentað er hér sem fylgiskjal, ber með sér, er nálega allt efni, sem þarf til þessarar lendingarbótar, íslenzkt.

Á s. l. ári fór enn á ný fram rannsókn á hafnarskilyrðum á Selströnd, og fylgir hér með bréf vitamálastjóra og verkfræðings þess, er athugunina framkvæmdi (fskj. II og III).

Það er rétt að geta þess alveg sérstaklega, að þessari bátahöfn í Skipavík er ætlað að verða til hagsbóta fyrir þá, sem þegar hafa tekið sér bólfestu þarna á ströndinni, en aðalaukning útgerðarinnar í framtíðinni ætti að verða frá Bjarnarfirði (Kaldrananesi) og Hólmavík. Í nágrenni Skipavíkur eru ræktunarskilyrði fremur slæm, en í Bjarnarfirði aftur á móti góð. Þar geta þeir, sem fiskveiðar stunda, haft allverulegan stuðning af landbúnaði.

Mál þetta hefur verið óvenjuvel athugað og undirbúið. Vænti ég því, að frv. hljóti greiða og góða afgreiðslu á Alþingi.

Fylgiskjal I.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 23. febrúar 1940.

Skipavík hjá Gautshamri, Selströnd. Varnargarður fyrir bátalegu.

Meðfylgjandi uppdráttur sýnir yfirlitsmynd af aðstöðunni í Skipavík. Víkin er dálítill pollur, varin á þrjá vegu. Að norðan liggur lágt, flatt nes, óbyggt enn sem komið er. Að austan gengur út í fjörðinn grjóttangi, sem nær upp úr sjó, einnig um flóð, og vestur úr grjóttanganum langur grandi, sem liggur í kafi um flóð, en er að mestöllu leyti upp úr sjó um stórstraumsfjöru.

Legan inni á pollinum er því að mestu leyti varin fyrir öllum áttum nema suðvestan. Útsynningurinn stefnir nærri þvert yfir fjörðinn, og þó að aðdragandinn til öldumyndunar sé ekki mjög langur, um 7 km., þá nær vindurinn sér svo vel á þessari átt, að pollurinn er talinn ófær sem bátalega að vetrarlagi.

Það hefur því verið tekið til athugunar að byggja varnargarð út frá norðurlandinu og skapa þannig bátalegu, sem varin er í öllum áttum. Svo óvenjulega vill til, að þarna er stæði fyrir 133 m. langan garð, þar sem dýpi um fjöru er að meðaltali ekki yfir 1 m. Þennan garð má byggja nær eingöngu úr grjóti, og með því þversniði, sem sýnt er á uppdrætti, kostar hann aðeins 21 þúsund krónur, miðað við það stríðsverð, sem nú er.

Í skjóli þessa garðs mundi verða öruggt legusvæði fyrir að minnsta kosti þrjá stóra vélbáta (liggjandi við botnfestar) og nokkra minni báta, auk þess sem allur pollurinn mundi njóta nokkurs góðs af garðinum.

Garðurinn gæti verið fyrsti áfangi af stærri virkjun síðar meir. Eins og sést á uppdrætti, liggur í framlengingu hans boði með tveggja metra dýpi, en milli boðans og garðendans er djúpt sund. Ef garðurinn yrði á sínum tíma framlengdur út á boðann og ef byggt væri ofan á grandann það, sem á vantar, að hann standi upp úr um flóð, þá væri þarna mynduð fullkomin skipakví með mjóu innsiglingaropi. Uppdrátturinn sýnir, að svo mikið aðdýpi er meðfram grandanum, að aðeins örfáir metrar eru út á hafskipadýpi. Það hefur enn ekki verið gerð nein gagngerð athugun á þessari hlið málsins, en það liggur í augum uppi, að þarna liggja ýmsir möguleikar, og staðurinn er þess verður, að þeir séu rannsakaðir til hlítar.

Fylgiskjal II.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 9. okt. 1941.

Samkvæmt bréfi yðar, herra forsætisráðherra, dags. 2. f. m., hef ég á ný látið athuga hafnarskilyrðin á Selströnd. Hefur sú athugun leitt í ljós, að ekki muni þar fást öllu heppilegri staður en Skipavíkin. Skrifstofan hefur áður gert tillögur um, hvernig hagað skuli mannvirkjagerð þar, og leyfi ég mér að vísa til þess. Auk þess læt ég hér með fylgja álitsgerð Axels Sveinssonar verkfræðings, sem hefur framkvæmt mælingar á þessum stöðum og er þeim manna kunnugastur hér á skrifstofunni. Ég hef enn fremur, samkvæmt bréfi yðar, átt tal um þetta mál við Jens Hólmgeirsson, og eru tillögur þessar gerðar í samráði við hann.

Virðingarfyllst

Emil Jónsson.

Til forsætisráðherra, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

Lendingarbætur á Selströnd.

Þegar velja skal stað fyrir bátahöfn á utanverðri Selströnd, þá tel ég það alveg tvímælalaust, að Skipavík hafi bezt skilyrði frá náttúrunnar hendi. Pollurinn inni á víkinni er varinn á þrjá vegu. Að norðan liggur landið, að vestan gengur nes fram í fjörðinn og suðaustur úr því liggur grandi, sem er að mestu upp úr sjó um fjöru, og þar sem flóðhæðin er mjög lítil þarna, aðeins rúmir tveir metrar, þá ver þessi grandi víkina fyrir öllu, sem heitið getur brim úr þeirri átt.

En víkin er opin fyrir suðvestan átt, þar leggur inn innfjarðaröldu með 7 km. aðdraganda og gerir víkina ófæra fyrir bátalegu. En svo heppilega vill til, að einmitt þvert á þessa stefnu gengur út grynni með aðeins eins metra dýpi 130 metra fram, og meira að segja í framhaldi af grynninu er boði með 2½ m. dýpi, og þá er aðeins eftir mjótt innsiglingarsund inn á pollinn í víkinni, þegar skjólgarður væri kominn fram á boðann. Ef enn fremur væri hlaðinn eða steyptur garður fram grandann, þá væri kominn þarna fullkomlega lokaður pollur, og bryggja út frá grandanum þyrfti ekki að hafa nema 10 m. landgang til þess að flutningaskip gætu lagzt að í góðu veðri.

Aðrir staðir, sem til álita gætu komið, eru Gautshamarsbæli og Hafnarhólmur.

Bryggjuna í Gautshamarsbæli má stækka svo, að lítil vöruskip geti lagzt að, og jafnframt auka að nokkru varið fyrir smærri báta, en um virkilega bátahöfn þar getur tæplega orðið að ræða, nema þá með miklum kostnaði.

Að Hafnarhólmi má án efa gera höfn fyrir mikinn bátafjölda, en aðeins fyrir smærri báta, því að svæðið er allt grunnt. Þar er þegar, án þess að nein mannvirki komi til, sæmilega öruggt lægi fyrir fáeina báta.

Á báðum þessum stöðum, Bæli og Hafnarhólmi, hefur talsverðu verið kostað til að skapa aðstöðu til útgerðar, þar standa bæði bryggjur og fiskhús. Vegalengdin frá Hafnarhólmi út í Bæli er aðeins 1200 metrar, og Skipavík liggur þar mitt á milli. Öruggt bátalægi í Skipavík mundi því, auk þess að vinna upp nýtt athafnasvæði þar, óhjákvæmilega verða athvarfshöfn fyrir Bælis- og Hafnarhólmsbáta og þannig leiða til þess, að full not yrðu að mannvirkjunum, sem þar eru fyrir, sem enn þá koma ekki nema að hálfum notum, vegna hinnar sífelldu hættu, sem bátarnir eru í. Góð akbraut þennan stutta spotta mundi tengja þessa þrjá staði í eina atvinnuheild.

Ef ráðgert væri að byrja á skjólgarði í Skipavík á komandi vori, þá veitti ekki af að byrja þegar í stað að huga að undirbúningi við öflun nauðsynlegra vinnutækja.

Reykjavík, 1. okt. 1941.

Axel Sveinsson.

Ed. 141. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á kostnaði við að byggja brimbrjót við Húsavíkurhöfn.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela vitamálaskrifstofunni að gera athuganir og kostnaðaráætlun um byggingu brimbrjóts við Húsavíkurhöfn. Síðan verði árangur rannsóknarinnar lagður fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Fyrir nokkrum árum var byggð vönduð steinbryggja á Húsavík, og er hún til mikils gagns við afgreiðslu skipa og báta. En meðan ekki er hlaðinn skjólgarður á grynningum norðvestanvert við höfnina, verður oft erfitt að vinna að skipaafgreiðslu við bryggjuna, því að norðvestankyljan frá Skjálfandaflóa nær að bryggjunni báðum megin. Auk þess hafa bátar Húsvíkinga þar mjög lítið skjól að haust- og vetrarlagi. Skjólgarðurinn á að hlífa bryggjunni og skapa öryggi fyrir bátaflota Húsvíkinga innan við bryggjuna og garðinn.

Húsvíkingar hafa sýnt alveg óvenjulegan dugnað við að rækta land sér til hagsbóta samhliða sjósókninni. En öryggisleysi bátanna stendur í vegi fyrir því, að útgerð í kauptúninu geti vaxið eins og skilyrði leyfa að öðru leyti.

Sþ. 142. Tillaga til þingsályktunar

um landkaup í Ölfusi.

Flm.: Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi heimilar ríkisstjórninni að kaupa nú þegar fyrir ríkisins hönd eftir taldar jarðeignir í Ölfusi, ef unnt er að ná viðunandi kaupsamningum:

a. Landeign Kaupfélags Árnesinga í Hveragerði, með jarðhitaréttindum.
b. Land jarðarinnar Vorsabæjar vestan Varmár að landamerkjum Öxnalækjar og að brattanum neðan við Kamba, svo og land allt, með hitaréttindum, sem liggur vestan Varmár, milli núverandi landeignar Kaupfélags Árnesinga og ríkiseignarinnar Reykjakots að brekkurótum norður frá Kömbum.
c. Landblett Gísla Björnssonar, svo kallað Ekrubarð, báðum megin við þjóðveginn ofan við efri brúna á Varmá.

Greinargerð.

Fyrir nokkrum árum keypti ríkið fimm jarðir í Ölfusi, austan Varmár, þrjár af þeim með jarðhita. Garðyrkjuskólinn hefur nú tvær af þessum jörðum, Reyki og Reykjahjáleigu, en skólasel menntaskólans er í Reykjakoti. Hinar tvær jarðirnar eru í ábúð sömu bænda og þegar þær voru keyptar. Á landsvæði því, sem er

á milli garðyrkjuskólans og menntaskólaselsins, eru ágæt skilyrði fyrir sjúkrahús og líknarstofnanir í mörgum deildum. Eru allar líkur til, að auk þess megi fá mikinn jarðhita til annarra almenningsnota úr því landi, sem ríkið á nú í Ölfusi.

Um sama leyti og ríkið keypti landið austan Varmár, eignaðist Mjólkurbú Ölfusinga allmikið landsvæði og hitaréttindi vestan árinnar, gegnt núverandi garðyrkjuskóla. Þar var reist mjólkurbú fyrir sveitina, er starfaði í nokkur ár. Á sama tíma tók að aukast byggð á þessu landi mjólkurbúsins, og fyrr en varði var komið þar allmikið þorp. Sumpart var þetta beint landnám, og settust allmargar fjölskyldur að í Hveragerði við sjálfstæða iðju, en að nokkru leyti byggðist Hveragerði mönnum úr Reykjavík, sem gerðu sér þar sumarheimili, bæði til hressingar og heilsubótar. Á allra síðustu árum hefur aðsókn aukizt mjög að Hveragerði. Fram að þessu hefur mest verið byggt á landi mjólkurbúsins, en auk þess á landblettum, sem aðrir eiga í nánd við hverasvæðið. Allra síðustu mánuðina hefur verið rekið mjög óheilbrigt fjárbrall með sumt af eignum einstakra manna á þessum stað, smáblettir, ef til vill jarðhitalausir, seldir hærra verði en heilar jarðir í sveit.

Fyrir nokkru þótti bændum austan fjalls sér hentara að sameina starf beggja mjólkurbúanna á Selfossi, en hætta mjólkurvinnslu í Hveragerði. Kaupfélag Árnesinga eignaðist þá húseignir, lönd og hitaréttindi Mjólkurbús Ölfusinga. Stjórn kaupfélagsins hefur fengið skipulagsnefnd ríkisins til að skipuleggja Hveragerði og hafa eftirlit með byggingarmálum þorpsins. Með því hefur miklu verið bjargað, því að nýbyggðin í þorpinu er skipuleg. En hver verður að bjarga sér sjálfur með hita, vatn og frárennsli. Leggja margir í að bora eftir jarðhita, hver fyrir sig. Veldur það óþarfri eyðslu og tilkostnaði. Jarðhitinn mundi notast margfalt betur, ef skipulegar hitaleiðslur lægju um þorpið. Þó verður eyðslan miklu meiri, þegar komið er út fyrir hið eiginlega jarðhitasvæði, þar sem landverðið er nú að komast upp úr öllu valdi, en vafasamt um jarðhitann. Að minnsta kosti er hann þar ekki fáanlegur nema með miklum tilkostnaði.

Ef þessi tillaga nær samþykki Alþingis, mundi ríkisstjórnin leitast við að ná heppilegum kaupsamningum við Kaupfélag Árnesinga, og er það megineignin. Auk þess við eiganda jarðarinnar Vorsabæjar um nokkuð af landi þeirrar jarðar, og enn um nokkra landbletti kringum goshverinn Grýtu og sléttlendið frá þeim hver inn að Reykjakotslandi. Gísli Björnsson, fyrrverandi eigandi Reykjaeignarinnar, tók undan við söluna lítinn blett vestan Varmár, í því skyni að geta búið þar, ef hann yrði að flytjast úr sínum gamla bústað, eftir að spítali tæki til starfa á Reykjum. Nú hefur þjóðvegur verið lagður yfir þennan blett, og væri sanngjarnt, að ríkið eignaðist hann, eins og nú er komið.

Það má telja alveg öruggt, að á næstu árum vex byggðin í Hveragerði hröðum skrefum. En ef margir verða landeigendur, verður margskipt ábyrgð og forsjón. Mun nýbyggðin verða óþarflega dýr og í molum um sameiginlegar framkvæmdir. Úr þessu verður ekki bætt nema með því, að ríkið eignist allan jarðhitann á þessu hverasvæði og það land, sem sýnilega er auðvelt að nota til þéttbýlis. Með því móti er hægt að fullnota jarðhitann með skipulegum borunum, og er erfitt að spá fyrir fram, hve mikil not má hafa af þeim dulda krafti.

Frá Hveragerði og vestur að Öxnalækjarlandi er hálfgróin hraunbreiða, lítt notuð eins og nú hagar til. Á stöku stað sjást merki um jarðhita á þessu svæði, en vel má vera, að dýrt verði að ná honum. En með þeim hita, sem líkur eru til, að fá megi í Hveragerði, mundi mega byggja allt þetta hraunlendi og hafa þar garðrækt undir þaki og undir beru lofti. Hér er þess vegna um að ræða mikla atvinnumöguleika, auk þess sem vel gæti farið svo, að jarðhitinn yrði leiddur til heimilisnota í væntanlegt landnám austar í Ölfusinu.

Mér er kunnugt um, að sumir af áhrifamönnum Reykjavíkurbæjar álíta, að landkaup þau, sem hér ræðir um, geti haft verulega þýðingu fyrir höfuðstaðinn, ekki síst eftir stríðið, þegar dregur úr bráðabirgðaatvinnu yfirstandandi tíma. Hygg ég, að kalla megi landkaup þessi mikilsvert þjóðmál, hvort heldur litið er á hagsmuni héraðanna austan fjalls eða höfuðstaðarins.

Ef svo skyldi fara, mót von, að ekki næðist samkomulag við eigendur umræddra eigna, mundi verða að flytja á næsta þingi frumvarp um eignarnámsheimild í þessu skyni.

Ed. 143. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til meðferðar á nokkrum fundum og borið það saman við gildandi lög og enn fremur þá reglugerð um hleðslu og eldsneytisforða skipa, er sett var í byrjun janúar 1941.

Þá hafði nefndin einnig tal af forráðamönnum Skipaútgerðar ríkisins og Eimskipafélagsins, aðallega um flutning eldfimra efna á farþegaskipum og þilfarsflutninga að vetrarlagi. Um þetta sama og enn fremur um reglur fyrir hleðslu skipa samkv. framangreindri reglugerð ræddi nefndin við skipaskoðunarstjóra og þá menn, er af ráðuneytinu voru skipaðir til að semja skrá um hleðsluborð skipanna og eldsneytisforða samkvæmt sömu reglugerð.

Nefndin telur rétt, að hreinlætiseftirliti á skipum, eins og segir í 1. gr. frv., sé komið á. Henni er það að vísu ljóst, að lagareglur um hreinlæti bæði til sjós og lands koma að litlu haldi, ef viljann vantar til góðrar umgengni hjá þeim, sem hlut eiga að máli á hverjum stað. Hins vegar er það ljóst, að bæði hið opinbera og einstaklingar eiga að taka höndum saman til að auka hreinlæti og hollustu hvarvetna á landi hér, og þá ekki síst þar, sem matvæli fyrir almenning eru geymd eða framreidd.

Nokkur viðleitni á daglegu eftirliti af þessu tagi er nú hafin hér í Reykjavík, og virðist þá eðlilegt, að hreinlætiseftirliti á skipum vorum sé líka komið á.

Vegna þess, að þörf þótti á því vera, eftir að ófriðurinn hófst og siglingar til Bretlands með ísvarinn fisk færðust í aukana, gaf ríkisstjórnin út reglugerð í byrjun árs 1941 um hleðslu og eldsneytisforða skipa, er flytja ísvarinn fisk til Bretlands á ófriðartímum, eins og áður segir. Er m. a. í reglugerðinni ákveðið, að öll skip, sem í þessum förum eru, hafi ákveðið hleðsluborð á vetrarferðum, eða frá 15. okt. til 1. apríl. Reglugerðin mun sérstaklega hafa verið sett vegna þess, að mörg dæmi urðu þess, að skipin, einkum hin smærri, væru hlaðin af lítilli fyrirhyggju, og það þótt um hávetur væri.

Var samkv. þessari reglugerð þrem mönnum falið af hálfu ráðherra að gera skrá yfir þau skip, er til greina kæmu í þessu efni, og eftirlit með ákvæðum reglugerðarinnar falið skipaskoðunarstjóra eða trúnaðarmönnum hans.

Það er líklegt, að ákvæði þessarar reglugerðar hafi lagt nokkurn hemil á þá takmarkalitlu óforsjálni, er gætti í hleðslu sumra fiskflutningsskipanna, og vissulega eru þau ákvæði til mikilla bóta, ef þeim er framfylgt, en það veltur að sjálfsögðu allt á eftirliti hins opinbera.

Nefndin átti ýtarlegar viðræður við þá, er upphaflega voru af ráðuneytinu skipaðir til að ákveða hleðsluborð og eldsneytisforða skipanna, og einnig við skipaskoðunarstjóra, en undir hans umsjá er framkvæmd reglugerðarinnar.

Í þeim viðræðum kom m. a. í ljós, að reglugerðin hefur í framkvæmdinni ekki náð til botnvörpuskipanna, en nefndin telur ekki rétt, hvorki samkv. orðalagi reglugerðarinnar né af öðrum ástæðum, að það sé látið afskiptalaust með öllu, hvað mikið slík skip eru hlaðin í ferðum sínum landa á milli.

Því fremur er nú ástæða til þess, að hleðsla botnvörpuskipanna sé nú undir frekara eftirliti en verið hefur, þegar vitað er, að fiskurinn er nú fluttur afhöfð-

aður, en farmur skipanna, þegar þau eru fyllt með afhöfðuðum fiski, er að dómi allra, sem til þekkja, miklum mun þyngri heldur en ef haldið væri gamla laginu og höfuðin látin fylgja bolnum. Meðal annars af þessum ástæðum lítur nefndin svo á, að nauðsynlegt sé, að botnvörpuskipin, eins og önnur skip, hlíti settum reglum um hæfilegt hleðsluborð. Hins vegar lítur nefndin svo á, að fengnum upplýsingum, að ekki sé fært að láta ákvæði Lundúnasamþykktarinnar um hleðslumerki ná til allra þeirra skipa, sem um ræðir í frv.

Nefndin veit, að benzínflutningar með farþegaskipum vorum á þilfari hafa átt sér stað, og eins hitt, að á sumum þeirra hafa verið gerðar ráðstafanir með því að nota strigaábreiður til að draga úr hættu þeirri, er stafa kann af óvarlegri meðferð elds. Hún veit einnig, að mikil vandkvæði kunna á því að reynast að afnema slíka flutninga á farþegaskipunum. Þau vandkvæði eru þó eigi svo vaxin, að áliti nefndarinnar, að hún geti fallizt á, að áframhaldandi sé benzín flutt með farþegaskipunum, sem hafa stundum mörg hundruð farþega innanborðs. Hefur nefndin hér einnig þá auknu hættu fyrir augum, sem af benzínflutningi og af flutningi annarra eldfimra efna gæti stafað í yfirstandandi ófriði.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frv. sé samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

   Á eftir 2. málsgr. 31. gr. laga nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, komi ný málsgr., svo hljóðandi:

   Um öll skip, sem samkvæmt framansögðu eru undanskilin því að hafa hleðslumerki, en flytja farm milli Íslands og annarra landa eða eru í vöruflutningum milli hafna innanlands, skal í reglugerð, er ráðherra setur, ákveða, hve mikið hleðsluborð, mælt í sentimetrum, hvert þeirra skuli hafa sem minnsta hleðsluborð. Skulu öll ákvæði laga þessara um hleðslumerki og skírteini þar að lútandi, er varða þau skip, sem að lögum er skylt að hafa hleðslumerki, vera hin sömu, þar sem þau eiga við, að því er snertir hleðsluborð og hleðsluborðsskírteini þeirra skipa, er hafa skulu ákveðið minnsta hleðsluborð samkvæmt þessari grein.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

   Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, er verður 38. gr., svo hljóðandi:

   Á farþegaskipum í innan- og utanlandssiglingum skal óheimilt að flytja í farmrúmi eða á þilfari benzín eða önnur eldfim efni, sem geta valdið sprengingu.

   Á öðrum skipum skal með reglugerð ákveða, hvernig skuli um slíkan farm búið, svo sem minnst hætta stafi af.

Alþingi, 9. apríl 1942.

Ingvar Pálmason, form. (með fyrirvara).	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.

Ed. 144. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og rætt um það við fiskiræktarráðunaut og sent það veiðimálanefnd til umsagnar. Hafa ráðunauturinn og veiðimálanefndin lagt eindregið með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Landbúnaðarnefnd vill mæla með því, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU.

Við 1. gr. Í stað orðanna „og sýslunefnd mælt með“ komi: og sýslunefnd mælt með henni eða bæjarstjórn, ef veiðin er úti fyrir bæjarlandi.

Alþingi, 9. apríl 1942.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Páll Zóphóníasson.

Nd. 145. Þingsályktun

um undirbúning löggjafar um reka og rekarétt.

(Afgreidd frá Nd. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 127.

Ed. 146. Framhaldsnefndarálit

um frumv. til l. um íþróttaskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Eftir að Jóhann Jósefsson hafði tekið sæti í menntamálanefnd, tók hún málið að nýju til meðferðar. Fékk hún á fund sinn Guðmund Kr. Guðmundsson, formann íþróttaráðsins; Benedikt G. Wåge, formann íþróttasambandsins; Erling Pálsson, varaform. Í. S. Í., og Jón Þorsteinsson íþróttakennara. Ræddi nefndin málið ýtarlega við þessa menn. Gáfu þeir allir mikilsverðar upplýsingar um ýmis atriði. Voru allir þessir íþróttaleiðtogar mjög hlynntir því, að málið næði fram að ganga á þessu þingi, en óskuðu að geta rætt það bæði í stjórn Í. S. Í. og félagi íþróttakennara í Reykjavík. Hafa nú komið rökstudd meðmæli með frv. frá báðum þessum aðilum, og fylgja þau með þessu áliti.

Einn af nefndarmönnum (BSt) var fjarstaddur, er málið var tekið til meðferðar að nýju, en hinir nefndarmennirnir komu sér saman um að mæla með því, að frv. verði samþ. ásamt brtt. á þskj. 54, með eftir farandi

BREYTINGUM.

1. Við brtt. 54, 3. B. Á eftir orðinu „líkamsfræði“ komi: kennslufræði.
2. Við brtt. 54, 6. Í stað orðanna „og 3. maður, er kennslumálaráðuneytið tilnefnir“ komi: og þriðji maður, annaðhvort læknir eða forustumaður í íþróttamálum, tilnefndur af kennslumálaráðherra.

Alþingi, 9. apríl 1942.

Jónas Jónsson, form., frsm.	Jóhann Jósefsson, fundaskr.

Fylgiskjal I.

ÍÞRÓTTASAMBAND ÍSLANDS (Í. S. Í.)

Reykjavík, 4. apríl 1942.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.

Hr. form. Jónas Jónsson, alþm., Reykjavík.

Vér höfum haft til athugunar frumvarp til laga um íþróttakennaraskóla Íslands, er þér hafið sent oss til umsagnar. Höfum vér rætt frumvarpið á nokkrum fundum og leyfum oss hér með að senda yður álit vort.

Stofnun íþróttakennaraskóla hér á landi er að vorum dómi hið mesta nauðsynjamál fyrir líkamsmenningu landsmanna, og þá fyrst og fremst fyrir íþróttakennara og þjálfkennara í hinum ýmsu íþróttagreinum, sem þar eiga að geta fengið fullgilda íþróttamenntun. Þá má og gera ráð fyrir, að mikill sparnaður verði að því í framtíðinni, að íþróttakennarar vorir geti fengið sem fullkomnasta íþróttamenntun hérlendis, þó að vísu megi gera ráð fyrir því, að einhverjir íþróttakennarar fari utan til framhaldsnáms eða háskólanáms í íþróttum.

Á síðari árum hefur það háð nokkuð starfsemi sambandsfélaga Íþróttasambands Íslands (Í. S. Í.), hve fátt hefur verið af velmenntuðum þjálfkennurum t. d., sem gætu farið víða um landið til námskeiðahalds hjá hinum ýmsu félögum, er íþróttir iðka. En með þessu frumvarpi, ef fram nær að ganga, yrði ráðin bót á þessum þjálfkennaraskorti, þar sem gera má ráð fyrir, að margir ungir íþróttamenn vildu læra til hlítar ýmsar séríþróttagreinir, svo að þeir yrðu fullfærir að kenna íþróttamönnum og þjálfa þá eftir réttum reglum.

Sama máli má raunar segja að gegni um íþróttakennara almennt, er á hinum fyrirhugaða skóla ættu að fá þá fullkomnustu íþróttamenntun, sem hér yrði völ á, og ætti þá að vera tryggt, að nægilega margir íþróttakennarar bættust við til starfa í hinum ýmsu skólum landsins.

Af þeim ástæðum, er að framan getur, erum vér því eindregið fylgjandi, að fyrirhugaður íþróttakennaraskóli Íslands verði stofnsettur sem allra fyrst og starfræktur af ríkinu, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Vér teljum, að skólinn eigi að stofnast og starfa þar, sem bezt skilyrði eru fyrir hendi, jafnt um kennaraval sem íþróttamannvirkja (fimleikahús, leikvangur, sundlaug o. s. frv.), og gerum vér ráð fyrir, að slíkur íþróttakennaraskóli yrði í framtíðinni í höfuðstað landsins, eins og önnur æðstu menntasetur vor, þegar öll skilyrði fyrir skólann eru orðin betri en þau nú eru. Í því sambandi má geta þess, að setuliðin, sem hér eru, hafa lagt undir sig hið fyrirhugaða íþróttahverfi vestan undir Öskjuhlíðinni, þar sem ýmsum íþróttamannvirkjum var ákveðinn staður í framtíðinni.

Eins og sakir standa mun eigi vera völ á heppilegri stað fyrir íþróttakennaraskóla Íslands en að Laugarvatni, eins og 1. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir, sérstaklega þar sem og gert er ráð fyrir, að um heimavistarskóla sé að ræða. Verður þó ekki hjá því komizt að gera þar ýmsar umbætur, svo skólinn fái strax í byrjun sem fullkomnastan aðbúnað fyrir nemendur sína. Það þarf að stækka sundlaugina, sem þar er, eða byggja aðra nýja, stækka fimleikahúsið og byggja góðan leikvöll fyrir frjálsar íþróttir og ýmsa knattleika; en nægilegt landrými er fyrir þessi mannvirki þar eystra, svo sem kunnugt er.

Þá viljum vér benda á, hvort ekki sé heppilegra og farsælla í framtíðinni að hafa námstímann lengri fyrir íþróttakennarana en gert er ráð fyrir í frumvarpinu (4. gr.), t. d. að námstíminn yrði 2 ár, þ. e. tvisvar sinnum 9 mánuðir, en að námstími þjálfkennaranna í hinum ýmsu íþróttagreinum verði 9 mánuðir, eins og flutningsmaður frumvarpsins gerir ráð fyrir. Þá álítum vér nauðsynlegt að hafa fasta kennara skólans a. m. k. fjóra (þar af einn kvenkennara), vegna þess hve námsgreinar skólans verða margar (sbr. 3. gr.), því gera má ráð fyrir, að erfitt verði að fá nægilega marga

stundakennara við skólann austur á Laugarvatni, nema með ærnum kostnaði. Teljum vér því heppilegra að hafa strax í byrjun fastakennarana fjóra.

Um framtíðarstjórn skólans virðist oss æskilegast að hafa þriggja manna nefnd, eins og 7. gr. frv. ákveður, en að nefndin verði þannig skipuð: Íþróttafulltrúi ríkisins sé formaður hennar, annar meðstjórnandi sé tilnefndur af Íþróttakennarafélagi Íslands, en hinn þriðji maður stjórnarnefndar skólans af Íþróttasambandi Íslands, og er það vegna hinna væntanlegu þjálfkennara áhugamanna.

Þá viljum vér vekja athygli á því, að mjög vel þarf að vanda til reglugerða þeirra, sem 5. gr. frv. gerir ráð fyrir, að settar verði.

Að lokum viljum vér geta þess, að sambandsfélög Í. S. Í. eru nú 121 að tölu með yfir 15 þúsund félagsmenn víðsvegar um landið. Leggja sambandsfélög vor stund á ýmsar íþróttir, eins og 5. gr. meðf. laga Í. S. Í. sýnir. Væntum vér, að mörg félaganna neyti hinnar bættu aðstöðu, ef skólinn verður stofnaður, og sendi áhugamenn sína þangað til náms, og kenni þeir síðan félögum og þjálfi, hver í sínum heimahögum, því fæst félaganna hafa fasta íþróttakennara, svo sem fyrr segir.

Vér erum flutningsmanni þakklátir fyrir frumvarp þetta og væntum, að háttvirt Alþingi, er nú situr, samþykki frumvarpið með þeim breytingum, sem hér er farið fram á, að gerðar verði.

Virðingarfyllst.

f. h. Íþróttasambands Íslands

Ben. G. Wåge, forseti Í. S. Í. Erlingur Pálsson. Frímann Helgason.

Sigurj. Pétursson. Þ. Magnússon.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 9.—4. 1942.

Herra alþingismaður Jónas Jónsson.

Samkvæmt ósk yðar hefur frumvarp til laga um íþróttakennaraskóla Íslands verið til umræðu á almennum fundi í íþróttakennarafélagi Íslands 7. apríl 1942 í Reykjavík.

Fundurinn flytur yður sínar beztu þakkir fyrir flutning þessa frumvarps og annan undirbúning málsins.

Fundurinn samþykkti að láta í ljós eftirfarandi álit sitt á frumvarpinu:

1. Vér erum samþykkir því, að væntanlegum íþróttakennaraskóla sé valinn staður að Laugarvatni, þar eð enginn staður mun fullnægja betur kröfum um skilyrði til íþróttanáms en Laugarvatn. Vér viljum þó leggja sérstaka áherzlu á, að nauðsynlegt er, að varið sé allmiklu fé til bygginga á íþróttamannvirkjum á Laugarvatni, svo sem íþróttavallar, sundlaugar og umbóta á íþróttasal. Þessar umbætur þarf að hefja nú þegar í sumar og ljúka eins miklu og auðið er fyrir komanda haust.
2. Verksvið hins fyrirhugaða skóla hlýtur að verulegu leyti að miðast við núverandi þarfir skóla í samræmi við okkar staðhætti og kennslu í íþróttafélögum.
3. Skólanum er ætlað að starfa í þrem deildum.
   a. Kennaradeild.
      Til þeirrar deildar verður að vanda þegar frá byrjun og stefna að því marki, að þeir einir stundi þar nám, sem hlotið hafa kennaramenntun, lokið stúdentsprófi eða hlotið aðra menntun, sem telja má jafngilda. Kennsluna sjálfa verður að miða sem mest við þær kröfur, sem aðrar þjóðir gera til slíkra stofnana, er reknar eru í sama tilgangi, og svipaða tímalengd.
   b. Önnur deild skólans, sem miðast við áhugamenn, hlýtur að verða nokkuð með öðru sniði. Inntökuskilyrði væg, t. d. eins vetrar nám við héraðsskóla. Kennslu í deildinni verður að miða við undirbúningsþroska og því nauðsyn-

legt að kenna fleiri námsgreinar en þær, sem heyra beint undir íþróttanám, t. d. íslenzku, íslenzk fræði o. fl. Burtfararpróf úr þessari deild verður því að vera í öllum atriðum vægara, enda gefur það ekki réttindi til kennslu við skóla, heldur verði starfssvið slíkra kennara íþróttakennsla hjá ungmenna- og íþróttafélögum.

c. Í þriðja lagi haldi skólinn styttri námskeið fyrir íþróttamenn, er löngun hafa til að öðlast tækni í einhverri íþróttagrein til hlítar. Slíka kennslu þurfa að annast þeir beztu menn, sem völ er á til kennslu í hverri grein. Þessi deild setur hvorki inntökuskilyrði eða gefur kennsluréttindi.

4. Skólinn skal rekinn að öllu leyti á kostnað ríkisins. En þar sem Íþróttasamband Íslands hefur farið þess á leit, að það fái að tilnefna einn mann í skólanefnd, óskum vér, að íþróttakennarafélagið fái að gera slíkt hið sama.

5. Námsgreinar skólans skulu vera:

a. Í bóklegum fræðum: Líffærafræði, lífeðlisfræði, fimleikafræði, sálar- og uppeldisfræði, þjálfunarfræði, hollustu- og sjúkdómafræði (þar teljast undir hreinlæti, bindindisfræði, íþróttalíf og íþróttasamkeppni), leikreglur.

b. Í verklegum fræðum: Fimleikar, íslenzk glíma, sund og dýfingar, frjálsar útiíþróttir, knattspyrna, knattleikir, leikir, skíðafimi (sveiflur, ganga, stökk), skautafimi og skautaleikir, t. d. bandy, þjálfunarnudd og sjúkraleikfimi að því er við kemur hryggskekkju.

Róður og siglingar eru íþróttagreinar, sem lítið eru æfðar hér á landi og litlar líkur eru til, að verði teknar upp sem námsgreinar við skólana í náinni framtíð, og mættu því falla niður að sinni sem skyldunámsgreinar.

Vér teljum mál þetta mjög þýðingarmikið fyrir íþróttalegt uppeldi hinnar íslenzku þjóðar og álítum, að með því að samþykkja þetta frumvarp væri stigið stórt skref í rétta átt. Eigi að vera mögulegt að framkvæma íþróttalögin frá 1939, er bráðnauðsynlegt, að komið verði upp íþróttakennaraskóla hér á landi, er bætt geti úr mjög aðkallandi þörf fyrir íþróttakennara víðsvegar um land. Vér vonum því fastlega, að hið háa Alþingi sjái sér fært að afgreiða frumvarp þetta sem lög á yfirstandandi þingi.

Virðingarfyllst.

Fyrir hönd íþróttakennarafélags Íslands

Benedikt Jakobsson.

Til hr. alþingismanns Jónasar Jónssonar.

Fylgiskjal III.

SAMBANDSSTJÓRN U. M. F. Í.

Reykjavík, 10. apríl 1942.

Sambandsstjórn Ungmennafélags Íslands mælist mjög eindregið til þess við hið háa Alþingi, að ef svo verður ákveðið í lögum um íþróttaskóla, sem Alþingi fjallar nú um, að einhverjum frjálsum félagssamtökum sé veittur réttur til að nefna fulltrúa í skólanefnd íþróttaskólans, þá sé Ungmennafélagi Íslands veittur slíkur réttur.

Tilmæli þessi leyfum vér oss að styðja með eftirfarandi rökum:

1. Í gildandi íþróttalögum er Ungmennafélagi Íslands veittur jafn réttur og Íþróttasambandi Íslands um íhlutun í stjórn íþróttamála landsins og ráðstöfun og afnot íþróttasjóðs.

2. Sambandsfélög U. M. F. Í., sem nú eru á annað hundrað, hafa með höndum mjög mikinn hluta íþróttastarfseminnar í dreifbýli landsins, sveitum og smærri þorpum. Yfirgnæfandi meiri hluti héraðsmóta í íþróttum er á vegum U. M. F. Í., auk

þess sem það heldur landsmót af og til. Og það hefur að staðaldri í þjónustu sinni nokkra íþróttakennara.

3. Allverulegur hluti íþróttakennara þeirra, sem lokið hafa kennaraprófi í skóla Björns Jakobssonar að Laugarvatni, hefur starfað í þjónustu U. M. F. Í., t. d. sjö þann vetur, sem nú er að enda.

Virðingarfyllst

Fyrir sambandsstjórn U. M. F. Í.

Daníel Ágústínusson,
ritari.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.

Sþ. 147. Tillaga til þingsályktunar

um menntaskólann í Reykjavík.

Flm.: Pálmi Hannesson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi tillögur um framtíðarhúsakost og hentugan stað fyrir menntaskólann í Reykjavík, og sé í því sambandi sérstaklega rannsakað, hvort ekki sé tiltækilegt að flytja skólann að Skálholti í Biskupstungum.

Greinargerð.

Menntaskólahúsið við Lækjargötu var reist árið 1845. Það er því eitt elzta hús í bænum og langelzta skólahús á landinu. Að vísu var það forkunnargott á sinni tíð, enda mjög til þess vandað, en, eins og vænta má, er það nú orðið úrelt mjög og óhentugt til skólahalds fyrir margra hluta sakir, svo að ekki verður við unað til frambúðar. Hlýtur því að því að reka áður en langt líður, að reisa verði nýtt hús handa skólanum, og sýnist sanngjarnt, að það verði fullgert árið 1946, en þá verða liðin 100 ár frá því, er skólinn fluttist til Reykjavíkur frá Bessastöðum. — Þykir því eigi mega dragast úr þessu að hefja þann undirbúning, sem nauðsynlegur er, áður en húsið verður reist, því að margt kemur þar til álita og þó í fyrsta lagi skólastaðurinn.

Í öndverðu fylgdi skólahúsinu allt land milli Bókhlöðustígs og Amtmannsstígs upp að Þingholtsstræti. En síðar var tekið að selja lóðarskákir af landi þessu, og var því eigi létt fyrri en komið var fast að skólahúsunum sjálfum. Jafnframt var bannað að byggja á túninu niður frá skólahúsinu, og hefur skólinn þess raunar lítil not, því að útlit bæjarins heimtar, að því sé haldið í sæmilegri rækt. Á þennan hátt hefur þrengt svo að skólanum, að varla er við hlítandi, og kemur ekki til mála að reisa ný skólahús á lóð hans við Lækjargötu, jafnvel þó að rifin væru þau hús, sem nú standa þar.

Nú er Reykjavík með úthverfum sínum orðin svo stór, að ekki er auðvelt að finna þar óbyggðan stað með nægilegu landrými fyrir skólann og þannig settan, að nemendur hvaðanæva úr bænum geti sótt þangað með sæmilega auðveldu móti. Að minnsta kosti mundi sá staður torfundinn innan Hringbrautar, enda hefur ekki verið séð fyrir honum í skipulagi bæjarins. Í námunda við flugvöllinn verður skólinn varla reistur, en ef setja á hann niður utarlega í bænum eða utanvert við hann að austan eða vestan, mun verða að hafa þar heimavist fyrir utanbæjarnemendur og þá bæjarnemendur, sem lengst eiga til að sækja. Nú getur naumast orkað tvímælis, að heima-

vist hér í bænum eða hið næsta honum yrði allmiklum annmörkum háð, bæði sakir kostnaðar og þó einkum vegna truflana af völdum bæjarlífsins. Hlýtur því að vakna sú spurning og koma til álits, hvort ekki sé rétt að reisa skólann fyrir utan bæinn, uppi í sveit, með heimavist fyrir alla nemendur. Slíkir skólar tíðkast erlendis, eins og kunnugt er, og þykja hvarvetna gefa góða raun, enda hafa þeir tvímælalaust ýmsa kosti fram yfir dagskóla í bæjum. Er þetta vissulega merkilegt rannsóknarefni, sem krefst úrlausnar í sambandi við val skólastaðarins. En ekki þykir rétt að rekja það mál lengra að svo komnu.

Þó að horfið yrði að því ráði að flytja skólann burt úr bænum, þyrfti eins fyrir því að ákveða honum stað, og verður það ekki gert rannsóknarlaust, því að skólastaður í sveit þarf að hafa margt til síns ágætis. Ef til þessa kæmi, má ætla með vissu, að margir mundu óska þess, að skólinn yrði reistur að Skálholti í Biskupstungum, þar sem hann var í öndverðu, og þykir því rétt að láta rannsaka, hvort þar séu þau skilyrði, sem skólanum eru nauðsynleg, svo sem jarðhiti og aðgangur að raforku.

Hér hafa verið rakin þau atriði, sem mestu þykja skipta um þetta mál. Ef tillaga þessi nær samþykki, er til þess ætlazt, að ríkisstjórnin láti rannsaka þau til hlítar og leggi síðan fram á næsta reglulegu Alþingi tillögur sínar um skólastað og skólahús fyrir menntaskólann, ásamt uppdráttum að fyrirhuguðum skólahúsum, kostnaðaráætlun og greinargerð um málið allt.

Nd. 148. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Akureyrarbæ lán til aukningar Laxárvirkjuninni og raforkuveitu Akureyrar.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alls að 2 milljóna króna innlent lán fyrir Akureyrarkaupstað, til aukningar Laxárvirkjuninni og raforkuveitu Akureyrar, þó aldrei yfir 80% af stofnkostnaði aukningarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ástæður fyrir frv. þessu felast í bréfi því til Alþingis, sem prentað er hér á eftir sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

BÆJARSTJÓRINN Á AKUREYRI

Akureyri, 4. apríl 1942.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur á fundi sínum 31. marz s. l. samþykkt svofellda ályktun með samhljóða atkvæðum:

„Bæjarstjórn Akureyrar fer fram á, að Alþingi það, er nú situr, veiti ríkisstjórninni heimild til þess að ábyrgjast allt að 2ja millj. króna innlent lán fyrir Akureyrarbæ til aukningar Laxárvirkjuninni og Raforkuveitu Akureyrar."

Um leið og ég tilkynni hinu háa Alþingi samþykkt þessa, leyfi ég mér að láta fylgja henni eftirfarandi

Greinargerð.

Á árunum 1938 og 1939 voru virkjuð 2400 hestöfl í Laxá fyrir Akureyrarbæ og nærliggjandi sveitir.

Áður höfðu verið virkjuð um 300 hestöfl í Glerá hjá Akureyri og auk þess átti Rafveita Akureyrar 160 hestafla olíumótor. Virkjun Laxár var svo háttað, að hægt er að auka hana um allt að 4000 hestöfl með því einu að bæta nýrri vélasamstæðu við þá, sem fyrir er.

Nú er svo komið, að notkun rafmagnsins hefur aukizt svo miklu örar en búizt var við, að rafmagnsskortur er þegar farinn að gera verulega vart við sig, og útlit fyrir, að hann verði brátt mjög tilfinnanlegur, ef ekki er úr bætt. Vélarnar, sem framleiða rafmagnið, ganga nú mestallan sólarhringinn fyrir fullu álagi, en þegar svo er, virðist ekki nægilega öruggt að hafa aðeins eina vélasamstæðu, því hættara er við bilun, þegar álag er stöðugt mikið, en þegar það er lítið.

Nú er mjög erfitt að fá það, sem þarf til viðgerðar, ef vélar bila, aðgerð mundi því sennilega taka langan tíma og bilunin valda stórtjóni.

Af þessum ástæðum hefur bæjarstjórn Akureyrar leitað eftir kaupum á nýrri vélasamstæðu og hefur með aðstoð ríkisstjórnarinnar fengið tilboð frá amerískum firmum.

Tilboð þessi eru vegna ófriðarins talsvert há, miðað við venjulegt verð, en bæjarstjórnin hefur þó samþykkt að ganga að þeim, vegna yfirvofandi rafmagnsskorts og vegna þess, að ekki þykir nægjanlega öruggt að hafa aðeins eina vélasamstæðu um ófyrirsjáanlegan tíma.

Gert er ráð fyrir að bæta við 4000 hestafla vélasamstæðu, og hefur Rafmagnseftirlit ríkisins gert áætlun um kostnað við hana, eftir þeim tilboðum, sem fyrir liggja, og komizt að þeirri niðurstöðu, að vélasamstæðan uppsett með tilheyrandi spennubreytum og útbúnaði muni kosta rúmar 1600 þúsund krónur.

Um leið og virkjun Laxár er þannig aukin, verður að auka við innanbæjarkerfið á Akureyri, til þess að aukning Laxárstöðvarinnar komi að fullum notum. Með tilliti til þess fer bæjarstjórnin fram á ábyrgð fyrir nokkuð hærri upphæð en Laxárvirkjunin þarfnast. Fáist 2ja millj. króna lán, verður hægt að leggja í aukningu bæjarkerfisins að minnsta kosti um 600 þúsund krónur, því Rafveita Akureyrar á í handbæru fé um 150 þúsund og líklegt, að rekstrarafgangur á þessu ári verði talsvert hár.

Reikningar rafveitunnar fyrir síðasta ár eru ekki fullgerðir enn, en samkvæmt bráðabirgðayfirliti um reksturinn, sem gert hefur verið, hefur hann verið þannig:

Tekjur:

Ljós		kr. 164236.00
Suða		— 27744.00
Heimilistaxti		— 199392.00
Iðnaður		— 100119.00
Hitun		— 45682.00
Ýmsar tekjur		— 34782.00
	Samtals	kr. 571955.00

Gjöld:

Rekstur Glerárstöðvar	kr. 7616.26	
Viðhald bæjarkerfis	— 18620.01	
Stjórn og skrifstofukostnaður	— 59681.13	
Vextir	— 7202.97	
Ýmis gjöld	— 10126.28	
Rekstur olíumótors	— 1433.10	
Flyt	kr. 104679.75	kr. 571955.00

Flutt	kr. 104679.75	kr. 571955.00
Til varnar útvarpstruflunum	— 1488.37	
Rekstur bifreiðar	— 7984.57	— 114152.69
Rafmagn keypt frá Laxárveitunni		— 200000.00
Viðbætur bæjarkerfis og mælitækja	kr. 52990.46	
Afborganir lána	— 35123.39	— 88113.85
	Samtals	kr. 402266.54

Tekjuafgangur, sem ekki hefur verið ráðstafað, hefur því orðið kr. 169688.46.

Verð það, sem rafveitan greiðir Laxárveitunni, miðast við, að Laxárveitan geti staðið vel í skilum með vexti og afborganir.

Fyrir yfirstandandi ár er áætlað, að rafveitan greiði Laxárveitunni kr. 290 þús.

Framvegis er sennilegt, að Laxárveitan þurfi að fá árlega um 300 þús. kr. frá Rafveitu Akureyrar, auk vaxta og afborgana af því láni, sem tekið verður til aukningarinnar.

Rekstrarútgjöld Rafveitu Akureyrar vaxa við aukningu virkjunarinnar lítið umfram það, sem nemur afborgunum og vöxtum af nýju lánunum.

Ef vextir og afborganir af nýju lánunum, samtals 2 milljónum, eru áætlaðir 120 þús. á ári og gert er ráð fyrir, að bæjarkerfið hafi verið aukið svo, að ekki þurfi að taka á rekstraraukningu þess, þá bendir rekstur síðasta árs til þess, að rafveitan þurfi að hafa um 600000.00 krónur í tekjur á ári, og gjöldin virðast eðlilega áætluð þannig:

Vextir og afborganir lána rafveitunnar	kr.	70000.00
Annar rekstur rafveitunnar	—	130000.00
Til Laxárveitunnar fyrir rafmagn	—	400000.00
Samtals	kr.	600000.00

Brúttótekjur rafveitunnar síðasta ár voru um 570 þús. kr.

Nú er útlit fyrir, að tekjur þessa árs verði mun hærri, því tekjur tveggja fyrstu mánaða ársins, sem gerðir hafa verið upp, eru samtals 36800 krónum hærri en sömu mánaða í fyrra. Verði tilsvarandi hækkanir allt árið, ættu tekjur rafveitunnar þetta ár að verða milli 7 og 8 hundruð þúsund. Þótt hækkunin verði eigi svo mikil, þá virðist ekki óvarlegt að áætla, að rafveitan geti borið hin auknu gjöld vegna viðbótarvirkjunarinnar án þess að tekjurnar aukist frá því, sem þær eru í ár.

Þess ber þó að gæta, að útlenda setuliðið, sem hér er, greiðir talsvert háa upphæð, sennilega á annað hundrað þúsund, á þessu ári fyrir rafmagn.

Rafmagn það, sem fengist við viðbótarvirkjunina, yrði mestallt selt lágu verði til hitunar húsa, svo eigi er víst, að virkjun þessi út af fyrir sig geti borið sig fjárhagslega, en hér að framan er sýnt fram á, að eldri virkjunin, sem er gerð á ódýrum tímum, gefur svo mikinn tekjuafgang, að hann mundi nægja fyrir vöxtum og afborgunum nýju lánanna.

Hin umbeðna ábyrgð ríkissjóðs virðist því vera algerlega hættulaus fyrir hann, en aðstaða Akureyrarbæjar til lántöku er betri, ef ríkisábyrgð er fyrir láninu. Ég vona því, að hið háa Alþingi sjái sér fært að veita hina umbeðnu ábyrgðarheimild, þar sem hér er um mikið hagsmunamál bæjarins og aðliggjandi héraða að ræða.

Virðingarfyllst,

Steinn Steinsen.

Til Alþingis, Reykjavík.

Nd. 149. Nefndarálit

um frv. til laga um læknaráð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. apríl 1942.

Bergur Jónsson, form. Finnur Jónsson, fundaskr., frsm. Garðar Þorsteinsson.
Gísli Guðmundsson. Jóh. G. Möller.

Nd. 150. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og orðið sammála um að mæla með því til samþykktar. Einn nefndarm. skrifar þó undir með fyrirvara.

Alþingi, 9. apríl 1942.

Bergur Jónsson, form. Finnur Jónsson, fundaskr. (með fyrirvara). Jóh. G. Möller, frsm.
Gísli Guðmundsson. Garðar Þorsteinsson.

Nd. 151. Frumvarp til laga

um þjóðfána Íslendinga.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Bergur Jónsson, Gísli Guðmundsson, Jóhann G. Möller, Garðar Þorsteinsson.

1. gr.

Hinn almenni þjóðfáni Íslendinga er heiðblár (ultramarineblár) með mjallhvítum krossi og eldrauðum (hárauðum) krossi innan í hvíta krossinum. Armar krossanna ná alveg út í jaðra fánans, og er breidd þeirra ⅖, en rauða krossins ⅛ af fánabreiddinni. Bláu reitirnir eru rétthyrndir ferhyrningar: stangarreitirnir jafnhliða og ytri reitirnir jafnbreiðir þeim, en helmingi lengri. Hlutfallið milli breiddar fánans og lengdar er 18:25.

2. gr.

Ríkisstjórnin og opinberar stofnanir svo og fulltrúar utanríkisráðuneytis Íslands erlendis skulu nota þjóðfánann klofinn að framan: tjúgufána.

Tjúgufáninn er að því leyti frábrugðinn hinum almenna þjóðfána, að ytri reitir hans eru þrefalt lengri en stangarreitirnir og klauf upp í hann að framan, skorin eftir beinum línum, dregnum frá ytri hornum fánans inn að miðlínu hans. Línur þessar skera innjaðra ytri reitanna, þar sem saman koma ⅔ ytri og ⅔ innri hlutar lengdar þeirra. Þar sem línur þessar nema við arm rauða krossins, er hann þverskorinn.

Póst- og símafáni svo og tollgæzlufáni eru tjúgufánar með merki í efra stangarreit miðjum: póst- og símafáninn með póstlúðri hringuðum utan um stjörnu og út frá stjörnunni eldingarleiftur á alla vegu, en tollfáninn með upphafstéi (T). Merki þessi eru silfurlit og gylt merki æðsta valdsmanns þjóðarinnar yfir.

3. gr.

Fáni hafnsögumanns er hinn almenni þjóðfáni með hvítum jöðrum á alla vegu, jafnbreiðum krossunum, þ. e. ⅓ af breidd bláu reitanna.

4. gr.

Engin önnur merki en þau, er greinir í 2. og 3. gr., má nota í nokkrum þjóðfána.

5. gr.

Tjúgufánann má aðeins nota á húsum, sem eru eign ríkis eða ríkisstofnana, nema um sé að ræða heimili eða embættisskrifstofu fulltrúa utanríkisráðuneytis Íslands erlendis. Þótt hús sé eign ríkis eða ríkisstofnana, má ekki nota tjúgufánann á því, ef leigt er að mestu eða öllu einstökum mönnum eða einkastofnunum. Hins vegar má nota tjúgufánann á húsi, sem er í eign einstakra manna eða einkastofnana, ef ríkið eða ríkisstofnanir hafa húsið á leigu og nota það að öllu eða mestu leyti til sinna þarfa.

Tjúgufánann má aðeins nota á skipum, sem eru í eign ríkis eða ríkisstofnana og notuð í þeirra þarfir, með þeim undantekningum, sem hér greinir:

Ef ríkið tekur skip á leigu til embættisþarfa (strandgæzlu, tollgæzlu, póstflutnings, vitaeftirlits, hafnsögu o. s. frv.), má það nota tjúgufánann af þeirri gerð, sem við á samkvæmt 2. gr.

Skip, sem annast póstflutning eftir samkomulagi eða samningi við ríkisstjórnina, mega nota póstfánann á umsömdum póstleiðum, enda hafi þau rétt til að sigla undir íslenzkum fána.

6. gr.

Þjóðfánann skal draga að hún á þar til gerðri stöng. Á húsum getur stöngin verið annaðhvort beint upp af þaki hússins eða gengið út frá hlið þess, enda sé stönginni í báðum tilfellum komið fyrir á smekklegan hátt. Enn fremur má nota stöng, sem reist er á jörðu. Á skipum skal stönginni komið fyrir í skut eða á ásenda aftur af aftara siglutré. Ef um smáskip eða báta er að ræða, má draga fánann að hún á aftara siglutré, enda séu siglutrén tvö.

7. gr.

Frá 1. marz til 31. október skal ekki draga þjóðfánann að hún á landi fyrr en kl. 8 að morgni og frá 1. nóvember til febrúarloka ekki fyrr en kl. 9 að morgni. Fáninn skal dreginn niður, er sól sezt, þó ekki síðar en kl. 22, ef sól sezt síðar.

Um notkun fánans á skipum fer eftir reglum þeim, er gilda á hverjum tíma um slíka notkun.

Á húsum og skipum strandgæzlu og tollstjórnar má víkja frá þessum reglum.

8. gr.

Nú rís ágreiningur um rétta notkun þjóðfánans, og sker þá dómsmálaráðuneytið úr.

9. gr.

Sýnishorn af réttum litum þjóðfánans skal vera til á vissum stöðum, sem dómsmálaráðuneytið ákveður og auglýsir, svo og hjá öllum lögreglustjórum. Bannað er að hafa á boðstólum, selja eða leigja aðra fána en þá, sem gerðir eru með réttum litum og réttum hlutföllum reita og krossa.

10. gr.

Lögreglan skal hafa eftirlit með því, að enginn noti þjóðfána, sem er ekki í samræmi við sýnishorn þau, er greinir í 9. gr., eða svo upplitaður eða slitinn, að verulega frábrugðinn sé réttum fána um lit og stærðarhlutföll reita. Má gera slíka fána upptæka, ef notaðir eru á stöng eða sýndir úti eða inni, þar sem almenningur getur séð þá.

11. gr.

Lög þessi ná til allra þjóðfána, sem notaðir eru á venjulegan hátt, svo að almenningur eigi kost á að sjá þá úti eða inni, en ekki til skrautfána, borðfána eða því um líkra fána, sem þó skulu jafnan vera gerðir þannig, að réttir séu litir og stærðarhlutföll reita og krossa.

12. gr.

Enginn má óvirða þjóðfánann, hvorki í orði né verki.

Óheimilt er að nota þjóðfánann sem einkamerki einstaklinga, félaga eða stofnana eða auðkennismerki á aðgöngumiðum, samskotamerkjum eða öðru þess háttar.

Óheimilt er einstökum stjórnmálaflokkum að nota þjóðfánann í áróðursskyni við kosningaundirbúning eða kosningar.

Óheimilt er að nota fánann í firmamerki, vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vörum.

Nú hefur verið skrásett af misgáningi vörumerki, þar sem notaður er þjóðfáninn án heimildar, og skal þá afmá það úr vörumerkjaskrá samkvæmt kröfu dómsmálaráðuneytisins.

Nú setur maður þjóðfánann á söluvarning eða umbúðir hans, og skal þá fenginn dómsúrskurður um, að honum sé óheimilt að nota fánamerkið eða hafa vörur til sölu, sem auðkenndar eru með því. Auk þess má skylda hann til þess, ef nauðsyn krefur, að ónýta vörurnar eða umbúðir þeirra, svo framarlega sem þær eru þá í vörzlum hans eða hann á annan hátt hefur umráð yfir þeim.

13. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur, ef þörf þykir, sett með reglugerð sérstök ákvæði til skýringar ákvæðum laga þessara eða ný fyrirmæli, sem þörf kann að vera á að dómi reynslunnar.

14. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum frá 10—1000 krónum. Með sektum frá 500—5000 krónum eða fangelsi allt að 6 mánuðum skal refsa skipstjóra, sem notar þjóðfánann ólöglega eða notar á sjó, þar sem íslenzkt vald nær til, nokkurn fána, sem hann á ekki rétt á að nota. Með mál út af brotunum skal farið sem almenn lögreglumál.

15. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi konungsúrskurðir nr. 41 frá 30. nóv. 1918, nr. 1 frá 12. febr. 1919 og nr. 30 13. jan. 1938.

Greinargerð.

Á reglulegu Alþingi 1941 lagði ríkisstjórnin fram frumvarp til laga um þjóðfána Íslendinga. Allsherjarnefnd neðri deildar fékk málið til meðferðar og lagði einróma til, að frumv. yrði samþykkt með nokkrum breytingum. Málið fékk þó eigi afgreiðslu á því þingi.

Nú eru felldar inn í frumv. breytingar þær, sem allshn. lagði til, að á því yrðu gerðar, en að öðru leyti er það í samræmi við frumv. ríkisstjórnarinnar. Fer hér á eftir meginmál ástæðna fyrir stjórnarfrumv., svo og meginmál álits allshn. ásamt fylgiskjali, en ekki þótti ástæða til að endurprenta nú fánamyndir þær, sem í álitinu getur og fylgdu því í fyrra. (Sjá Alþt. 1941 (aðalþing), A. milli bls. 636 og 637).

Í ástæðum ríkisstj. fyrir frumv. segir svo:

„Á síðasta Alþingi var samþykkt svo hljóðandi þingsályktun:

„Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að safna heimildum frá þeim þjóðum, sem eru skyldastar Íslendingum og lengi hafa notið fullkomins sjálfstæðis, um löggjöf og venjur þessara landa um rétta notkun þjóðfánans, og leggja síðan fyrir næsta Alþingi niðurstöður þessara rannsókna í frumvarpsformi, hversu skuli fara með þjóðfána Íslendinga."

Eins og ástatt er nú um samgöngur við önnur lönd, varð að láta sér nægja að safna heimildum þeim, sem hægt var að ná til hér á landi. Urðu það heimildir um löggjöf frændþjóða vorra, Dana, Norðmanna og Svía, — þó ekki allar, sem til kunna að vera, en væntanlega fullnægjandi að svo komnu. Enda hafa þessar þjóðir lengi notið fullkomins sjálfstæðis, og þjóðfáni Dana er af ýmsum talinn elzti þjóðfáni, sem til er.

Í Danmörku eru engin lög til um þjóðfánann. Og um fyrirmælin var talið svo ábótavant, að 19. júlí 1927 var skipuð nefnd „til þess að rannsaka fánalöggjöf þá, sem er hér á landi, og undirbúa lagafrumvarp, sem nái yfir allar reglur á þessu sviði". Nefndin samdi slíkt frumvarp, sem síðan var lagt fyrir ríkisþingið af ríkisstjórninni með nokkrum breytingum, en hefur ekki enn verið samþykkt sem lög. Frumvarp þetta var með nokkrum öðrum blæ en fánalög Norðmanna og Svía. Lögð talsverð áherzla á að setja fyrirmæli um fána frábrugðna þjóðfánanum, sem notaðir kynnu að vera í landshlutum eða jafnvel bæjum og sveitum. Hefur ekki þótt þörf að setja slík ákvæði í frumvarpið hér að framan.

Aðalheimildir um danska þjóðfánann og notkun hans eru í dag í tilskipun frá 11. júlí 1748, sem ber nafnið: „Forordning om Coffardie-Skibes og Commis-Farernes, samt de octrojerede Compagniers Skibes Flag og Giös, samt Vimpeler og Flöie." Eru þar ákvæðin um gerð fánans og notkun hans á ýmsum tegundum skipa.

Í Noregi eru til þessi ákvæði um efnið:

1. Lög um fána Noregs frá 10. des. 1898.
2. Grundvallarlagaákvæði frá 21. nóv. 1905 (111. gr. grundvallarlaganna), sem segir, að ákveða skuli með lögum gerð og liti norska fánans.
3. Konungsúrskurður frá 21. okt. 1927 um notkun ríkisfánans og verzlunarfánans.
4. Ákvæði í hegningarlögum frá 22. maí 1902, sem segir m. a.: „Með sektum eða allt að 3 mánaða fangelsi skal refsa skipstjóra, sem notar norska fánann ólöglega, eða notar í norskri landhelgi nokkurn fána, sem hann á ekki rétt á að nota."

Fánalögin eru aðallega um gerð fánans og liti, en konungsúrskurðurinn frá 21. okt. 1927 um notkun hans.

Í Svíþjóð eru lög um fána ríkisins frá 22. júní 1906.

Enn fremur er það ákvæði í stjórnarskrá Svía, að ekki megi gera neina breytingu á fánanum nema með samþykki ríkisþingsins.

Loks eru til ýmsar konungsauglýsingar um notkun fánans frá árunum 1908—1936.

Í lögunum frá 22. júní 1906 eru ákvæði um gerð og liti fánans og ýmis ákvæði um notkun frábrigða frá almenna fánanum (klofna fánans m. m.).

Af þessu stutta yfirliti má sjá:

1. Norðmenn og Svíar hafa ákvæði um fána sína í stjórnarskrám sínum, til tryggingar því, að gerð fánans verði ekki breytt nema af þjóðþinginu. Danir hafa engin slík stjórnarskrárákvæði.
2. Norðmenn og Svíar eiga fánalög. Danir eiga engin slík lög.
3. Ákvæðin um gerð fánans eru sett með lögum í Noregi og Svíþjóð, en ákvæðin um notkun fánans með konungsúrskurðum og auglýsingum. Sama er í Danmörku. En þar er auk þess gerð fánans aðeins ákveðin á sama hátt.

Hér á landi eru ákvæðin um gerð þjóðfánans og notkun hans í þrem konungsúrskurðum: nr. 41 frá 30. nóv. 1918, nr. 1 frá 12. febrúar 1919 og nr. 30 frá 13. jan.

1938. Er fyrri úrskurðurinn aðallega um gerð almenna þjóðfánans, en sá síðari um gerð klofna fánans. Ákvæðin um notkunina eru takmörkuð og ófullkomin. Virðist því þörf frekari ákvæða.

Eins og nú horfir, virðist rétt að hafa helztu ákvæðin um fánann í lagaformi. Hvort ástæða sé til þess að setja lík ákvæði í stjórnarskrána um fánann eins og eru í stjórnarskrám Norðmanna og Svía, liggur ekki fyrir nú, en mætti athuga næst, er gerðar yrðu aðrar breytingar á stjórnarskránni.

Í lagafrumvarpið hafa verið tekin ýmis ákvæði, sem eru ekki í fánalögum Norðmanna og Svía; eru sum þeirra í konungsúrskurðum eða auglýsingum. Alltaf geta komið fyrir ný atvik, sem geri æskilegt að skýra nánar einhver ákvæði laganna eða jafnvel setja ný ákvæði. Hefur því þótt rétt að setja í lögin ákvæði, sem heimili slíkt í öðru formi en lagaformi.

Til greina gat komið að setja í fánalögin ákvæði um notkun erlendra þjóðfána hér á landi. Það hefur ekki verið gert. Þingsályktunartillagan gerir ekki ráð fyrir því. Auk þess hafa skapazt vissar venjur um það efni, sem farið er eftir í flestum löndum og breytzt geta frá ári til árs; því ekki heppilegt að lögbinda það um of. Enda erfitt að semja slík ákvæði svo tæmandi séu. Erlendir þjóðfánar notaðir á ýmsan hátt til þess að sýna kurteisi og samúð, til skrauts við hátíðleg tækifæri o. s. frv. Þá fyrst, ef vart yrði við, að brögð yrðu að misnotkun erlendra þjóðfána, væri ástæða til þess að taka það mál til sérstakrar athugunar."

Meginmál álits allshn. Nd. (þskj. 423 á aðalþingi 1941) hljóðar svo:

„Frv. þetta er stjórnarfrumvarp. Í 1.—3. gr. frv. eru tekin upp gildandi fyrirmæli um gerð íslenzks þjóðfána, en þau þá jafnframt niður felld samkv. 15. gr. Í 4.—14. gr. eru ákvæði um meðferð þjóðfánans, svo og ákvæði um viðurlög. Er frv. lagt fram vegna ályktunar efri deildar Alþingis 1940 um „rétta notkun þjóðfánans".

Nefndin fellst á, að rétt sé að sameina í einn lagabálk ákvæðin um gerð þjóðfánans og notkun hans.

Gerð þjóðfánans íslenzka var, svo sem mörgum mun vera kunnugt, ákveðin samkvæmt tillögum 5 manna milliþinganefndar, er skipuð var 30. des. 1913 til að „koma fram með tillögur til stjórnarinnar um lögun og lit fánans". Í nefnd þessari voru Guðmundur Björnsson landlæknir (formaður), Jón Aðils sagnfræðingur, Matthías Þórðarson fornminjavörður, Ólafur Björnsson ritstjóri og Þórarinn Þorláksson listmálari.

En hugmyndin um þrílitan (hvítan, rauðan, bláan) þjóðfána til handa Íslendingum er raunar miklu eldri, eða um 55 ára gömul að minnsta kosti. Árið 1885 flutti stjórnskipunarnefnd neðri deildar Alþingis frumvarp um þjóðfána fyrir Ísland, en formaður þeirrar nefndar var Jón Sigurðsson á Gautlöndum, og hafði hann orð fyrir frumvarpinu. Var þetta í fyrsta sinn, að frumvarp um íslenzkan þjóðfána var lagt fyrir Alþingi, og er það því upphaf fánamálsins á þeim vettvangi. Samkvæmt þessu frv. skyldi fáninn vera, eins og nú, blár með rauðum og hvítum krossi („með rauðum krossi hvítjöðruðum"), en mynd af fálka í þrem hornum og danska fánanum sem sambandsmerki í einu. Hafði Benedikt Gröndal málað fánann eftir uppástungu nefndarinnar, og voru þær myndir lagðar fram til sýnis í lestrarsal Alþingis. Í nefndinni voru auk Jóns á Gautlöndum: Benedikt Sveinsson, Þórarinn Böðvarsson, Þorvarður Kjerulf, Þórður Magnússon og Jón Jónsson (síðar á Stafafelli). Þessar sögulegu fánamyndir eru enn til hér á þjóðminjasafninu, og hefur nefndinni þótt hlýða að láta þær fylgja nefndarálitinu prentaðar í réttum litum ásamt fánafrv. stjórnskipunarnefndarinnar frá 1885.

Þegar þjóðfáninn var endanlega ákveðinn um 30 árum síðar, voru niður felldar fálkamyndirnar og sambandsmerkið og hlutföllum lítils háttar breytt. En uppruna þjóðfánans má þó í aðalatriðum rekja til frumvarpsins 1885, enda er greinilega að því vikið í áliti fánanefndarinnar 1914.

Á þeim greinum frv., sem fjalla um gerð þjóðfánans, telur nefndin ekki koma til mála að gera neinar efnisbreytingar. Hins vegar telur hún rétt, að ákvæðin um verndun þjóðfánans séu gerð nokkru fyllri. Að því lúta brtt. við 12. gr.

Aðrar brtt. nefndarinnar eru aðallega orðalagsbreytingar. Telur nefndin rétt, að vandað sé til orðfæris í fánalögum Íslendinga, meir en gert hefur verið í fyrirmælum þeim, er gilt hafa og tekin eru inn í frv.“

Fylgiskjal.

Upphaf fánamálsins á Alþingi 1885.

Nd. **161. Frumvarp**

til laga um þjóðfána fyrir Ísland. — Frá stjórnarskipunarlaganefndinni.

Flutningsm.: Jón Sigurðsson.

1. gr. Ísland skal hafa sérstakan fána.

2. gr. Verzlunarfána Íslands skal skipt í 4 ferhyrnda reiti, er séu greindir með rauðum krossi hvítjöðruðum. Skulu 3 reitirnir vera bláir og á hvern þeirra markaður hvítur fálki. Fjórði reiturinn skal vera auður með hvítum krossi eftir sömu hlutföllum sem í meginfánanum, og skal það vera sá reitur, sem næstur er stönginni að ofan, þegar fáninn er hafinn.

Breidd krossins skal vera 1/7 af breidd fánans. Báðir efri reitirnir næst stönginni skulu vera rétthyrndir og jafnhliða. Lengd beggja fremri reitanna skal standa í sama hlutfalli við lengd eftri reitanna, sem 6 á móti 4.

3. gr. Öll íslenzk skip skulu hafa hinn íslenzka verzlunarfána sem þjóðernismerki. Íslenzk skip eru þau skip, sem eru íslenzk eign, og þau skip önnur, sem eru í þjónustu landsins.

4. gr. Stjórninni og umboðsmönnum hennar skal heimilt að hafa tvítyngdan fána, og skal hann hafa sömu gerð sem hinn almenni verzlunarfáni, að öðru en því, að lengd beggja fremri reitanna skal standa í sama hlutfalli við lengd eftri reitanna, sem 5 á móti 4, og skulu þá tungurnar hvor um sig vera að lengd 5/12 af lengd meginfánans. Heimilt er og að hafa fangamark konungs í þessum fána.

5. gr. Landstjórnin skal gera þær ráðstafanir, sem með þarf, lögum þessum til framkvæmdar.

6. gr. Allar eldri ákvarðanir, sem koma í bága við þessi lög, eru hér með úr lögum numdar.

Ed. 152. Breytingartillaga

við frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „skulu gilda árin 1943 og 1944“ komi: skulu gilda árið 1943.

Nd. 153. Nefndarálit

um frv. til laga um notkun vegabréfa innanlands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. apríl 1942.

Bergur Jónsson, form.	Finnur Jónsson, fundaskr.	Garðar Þorsteinsson, frsm.
Gísli Guðmundsson.	Jóh. G. Möller.	

Ed. 154. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 66 31. des. 1937, um breyting á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og mjólkurafurða.

Flm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Í stað „3000 lítra“ í 2. málsl. 1. málsgr. 3. greinar kemur: 2500 lítra.

2. gr.

Á eftir 5. gr. kemur:

Ákvæði um stundarsakir.

Fyrst um sinn, meðan mjólk og mjólkurafurðir seljast greiðlega og við háu verði, skal ekki taka verðjöfnunargjald það, sem um ræðir í 1. gr. (sbr. 2. gr. l. nr. 1 frá 1935), og breytast önnur ákvæði laganna, sem stafa af ákvæðum um verðjöfnunargjald, í samræmi við það.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að hvötum 21 búanda á bæjarlandi Reykjavíkur, sem rituðu borgarstjóra og bæjarráði Reykjavíkur 10. febr. þ. á. og báðu um umbætur á ákvæðum mjólkurlaganna, en borgarstjóri sendi erindi þeirra til þm. Reykjavíkur með bréfi dags. 23. febr. Fer hér á eftir kafli úr bréfi bændanna:

„Það, sem við sérstaklega förum fram á, að lagfært verði í lögunum, er fyrst og fremst, að verðjöfnunargjaldið verði afnumið frá 1. jan. 1942 að telja. Okkur finnst, að grundvöllur sá, sem það upphaflega byggðist á, ekki vera lengur til í raun og veru, þar sem öll mjólk og mjólkurafurðir seljast nú greiðlega og sumar þeirra vantar algerlega marga mánuði ársins, eins og t. d. smjör, en verðjöfnunargjaldið byggðist fyrst og fremst á því, að mikill hluti mjólkur og mjólkurafurða voru illseljanlegar. ... Verðjöfnunargjald það, sem nú er greitt, er miðað við það, að hver kýr mjólki 3000 lítra á ári, og tekur 10% af útsöluverði á hverjum tíma, og er það með núverandi verðlagi á mjólk 276 kr. á hverja kú á ári. Þetta er þungur og ósanngjarn skattur, og kennir nokkurs misræmis í því hjá þingi og stjórn að hlynna að og hvetja íbúa annarra kaupstaða á landinu til ræktunar og mjólkurframleiðslu, en skattleggja svo og íþyngja að óþörfu þeim fáu bændum, sem enn þrauka við búskap hér í nágrenni Reykjavíkur, og fækka þannig atvinnumöguleikum hér. ...

Það er mikill misbrestur á því, að kýr yfirleitt mjólki 3000 lítra á ári; 2500 lítrar munu vera nokkurn veginn rétt meðaltal, úr vanhaldalausum kúm, að öðrum kálfi og eldri. Það er vitanlega mjög ósanngjarnt að skattleggja allar kýr jafnt, og enn fremur er það skaðlegt fyrir kúastofninn, vegna þess að góðar kýr geta mislánazt af ýmsum ástæðum jafnvel heilt ár, en orðið svo jafngóðar næsta ár, og mundi hver bóndi reyna að ala slíkar kýr, þótt þær væru nytlágar eitt ár eða svo, ef þær væru skattfrjálsar, en tæplega með skatti þeim, sem nú er á þær lagður. Margt fleira mætti fram færa máli þessu til stuðnings, svo sem landþrengsli þau, sem kúaeigendur hér eiga við að búa, sem aftur orsakar stórum aukna áburðarþörf ....“

Ég hef í frumvarpi þessu tekið upp tvær af óskum mjólkurframleiðenda,

að miðað verði við 2500 lítra meðalnyt úr kú, — en ekki séð mér fært að setja ákvæði um frekari ívilnanir, svo sem út af vanhöldum, — og

að verðjöfnunargjald verði ekki tekið, meðan svo sérstakar ástæður eru fyrir hendi sem nú. Virðist sannast að segja alveg óþarft að verðbæta vöru, sem er rifin

út jafnóðum og hún kemur á markaðinn, og fá færri en vilja. Hef ég því lagt til, að sett verði bráðabirgðaákvæði um þetta atriði.

Ed. 155. Nefndarálit

um frv. til laga um lendingarbætur á Stokkseyri.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Er það að mestu samhljóða gildandi lögum um sama efni á ýmsum stöðum, svo sem á Eyrarbakka og víðar. Nefndin hefur einnig rætt við vitamálastjóra um þær framkvæmdir, sem frv. gerir ráð fyrir, sem er í aðalatriðum sú að gera skipaleiðina um sundin öruggari sjófarendum en nú er.

Nefndin er sammála um að mæla með frv. óbreyttu.

Alþingi, 10. apríl 1942.

Ingvar Pálmason, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 156. Nefndarálit

um frumv. til laga um jöfnunarsjóð aflahluta.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndarmenn hafa ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar, þeir SK, SEH og FJ, leggur til, að frumv. verði samþ. með breytingum þeim, er hér fara á eftir. FJ áskilur sér þó rétt til að bera fram brtt. við frv. eða greiða atkv. öðrum brtt., er fram kunna að koma. Tveir nefndarmanna, þeir GG og JÍv hafa ekki séð sér fært að ákveða afstöðu sína.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 3. gr. 2. málsliður orðist svo: Þó því aðeins, að deildir þessar hafi, með sérstökum samþykktum, ákveðið hærri iðgjöld en þau almennu eða aflað sérsjóði sínum annarra tekna.
2. Við 4. gr. Í stað orðanna „miðað við úthaldstíma“ í 1. málsgr. komi: miðað við fullan úthaldstíma.
3. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist: Ráðherra sá, er fer með sjávarútvegsmál, ákveður, hver stjórnarnefndarmanna skuli vera formaður stjórnarinnar. Hann ákveður stjórninni þóknun fyrir störf hennar.

Alþingi, 10. apríl 1942.

Finnur Jónsson, form.	Sigurður Kristjánsson, frsm.	Sigurður E. Hlíðar.

Nd. 157. Frumvarp til laga

um heimild fyrir Reykjavíkurbæ til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Jóh. G. Möller.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur, fyrir hönd bæjarsjóðs, skal heimilt að taka eignarnámi spildu af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi til þess að auka við fyrirhugað friðland Reykjavíkurbæjar, Heiðmörk. Eignarnámið skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni borgarstjórans í Reykjavík. Málið er fullskýrt með bréfi borgarstjóra og bréfi Skógræktarfélags Íslands, er hvort tveggja fylgir frumvarpinu.

Fylgiskjal I.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. marz 1942.

Á fundi bæjarráðs 20. þ. m. var samþykkt svo hljóðandi ályktun:

„Eftir tillögu borgarstjóra samþykkti bæjarráð að skora á þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar að beita sér fyrir löggjöf þess efnis, að bæjarsjóður fái heimild til að taka eignarnámi spildu úr landi jarðarinnar Vatnsenda, er lögð verði við fyrirhugað friðland Reykvíkinga, Heiðmörk."

Jafnframt því að tilkynna háttvirtum þingmönnum Reykjavíkurkaupstaðar framangreinda ályktun, með tilmælum um, að þeir verði við áskorun þeirri, sem þar um ræðir, læt ég fylgja hér með eftirrit af bréfi frá stjórn Skógræktarfélags Íslands, dags. 18. febr. síðastl., þar sem gerð er nánari grein fyrir málavöxtum.

Bjarni Benediktsson.

Til þingmanna Reykjavíkurkaupstaðar.
c/o Herra próf. theol. Magnús Jónsson, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 18. febr. 1942.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands leyfir sér hér með að tilkynna háttvirtu bæjarráði Reykjavíkur, að það muni á vori komanda að öllum líkindum geta gefið bæjarfélaginu nægan gaddavír til þess að girða hið væntanlega friðland Reykvíkinga, „Heiðmörk". Hvort félagið verður þess megnugt að láta girðingarstaura fylgja með gjöf þessari, er eigi unnt að segja eins og nú standa sakir, en félagið hefur hins vegar lagt drög fyrir kaup á góðum girðingarstaurum norður á Ströndum, og að líkindum munu fást 4000—5000 staurar á næsta vori eða sumri. Verð staura var um kr. 2.00 hér í Reykjavík síðastliðið vor, en má vera, að það verði ögn hærra í ár. Í

væntanlega friðunargirðingu mun þurfa 4000—5000 staura, eftir því hversu girt verður og hversu girðingarstæði er.

Með bréfi þessu vildi stjórn félagsins beina því erindi til bæjarráðs, hvort það mundi vilja taka við þessari gjöf með því skilyrði, að land þetta, sem rætt hefur verið um í þessu sambandi, yrði almenningur fyrir bæjarbúa.

Það skal tekið fram, að fyrir atbeina stjórnar Skógræktarfélags Íslands hefur allmikil spilda úr Hólmshrauni fengizt leigð af hálfu eiganda jarðarinnar með því skilyrði, að núverandi ábúanda á Hólmi, Eggerti Norðdahl, væru greiddar kr. 200.00 á ári meðan hann nýtur ábúðarréttar, en að honum liðnum er landið leigulaust.

Innan hinnar fyrirhuguðu girðingar um „Heiðmörkina" er nokkur spilda úr landi jarðarinnar Vatnsenda. Land þetta er ekki ýkja stórt, en hins vegar er það bezta sauðfjárland bóndans þar. Nú er ákveðið í erfðaskrá Magnúsar heitins Hjaltested, að jörðina Vatnsenda megi ekki selja, en hins vegar hefur umráðamaður hennar leigt miklar spildur úr jörðinni ýmist til 50 eða 99 ára. Til þess að framkvæmd verði úr því verki, sem hafið er, þarf bæjarráð að tryggja sér land þetta á einhvern hátt, annaðhvort með leigu um alla framtíð eða þá með eignarnámi samkvæmt mati, ef ástæður þykja nægar til þess, að eignarnám geti farið fram.

Sunnan við land Vatnsenda er land, sem er í eign hins opinbera, þar eð það er hluti úr landi Garða á Álftanesi. Stjórn Skógræktarfélagsins mun leitast við að ná samningum við hið opinbera, þannig að Reykjavíkurbær geti fengið land þetta með góðum skilmálum.

Að lokum skal þess getið, að stjórn Skógræktarfélagsins hefur dottið í hug, að vera mætti það hagur fyrir Reykjavíkurbæ að hafa samvinnu við bæjarstjórn Hafnarfjarðar, ef hún kynni að hafa áhuga fyrir því að vilja vera með í þessu starfi til þess að friðlandið næði til Hafnarfjarðar um leið.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands býður bæjarráði að vera með í ráðum um uppsetningu og tilhögun væntanlegrar girðingar, ásamt verkfræðingum bæjarins, ef það skyldi óska þess.

Þar eð nauðsynlegt er að vinda bráðan bug að þessu máli, ef girðingin á að komast upp í sumar, treystir stjórn félagsins því, að bæjarráð láti athuga möguleika á því að fá Vatnsendaland með í fyrirhugaða girðingu nú þegar.

Virðingarfyllst

STJÓRN SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Valtýr Stefánsson (p. t. formaður.) H. J. Hólmjárn (p. t. ritari.) Guðbrandur Magnússon. Hákon Bjarnason.

Til bæjarráðs Reykjavíkur.

Sþ. 158. Tillaga til þingsályktunar

um brúargerð á Hvítá hjá Iðu í Árnessýslu.

Flm.: Eiríkur Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú á þessu ári gera brú á Hvítá hjá Iðu og heimilar fé úr ríkissjóði, er nægi til þeirrar brúargerðar.

Greinargerð.

Á meðal hinna stærri brúa, er gerðar skulu samkvæmt brúalögum, án þess að enn sé komið til framkvæmda, er Hvítárbrú hjá Iðu í Biskupstungnahreppi.

Vegamálastjórn landsins mun ljóst, að brú þessi er aðkallandi og þolir eigi bið, er eitthvað verður aðhafzt hér eftir um brúargerðir.

Víðlent og fjölmennt læknishérað, er nær yfir uppsveitir Árnessýslu, er svo að kalla skipt í tvo jafna hluta af hinu mikla sundvatni, Hvítá. Er læknissetrið, Laugarás, í námunda við ána að vestanverðu, en 3 stórir hreppar læknishéraðsins, með heimilafjölda eitthvað á annað hundrað, austan og sunnan árinnar, og eiga þar allir enn sem komið er yfir þessa óbrúuðu stórá að sækja, þegar læknis er vitjað. Hinn lögmælti þjóðvegur, Skálholtsbrautin, sem verið er að leggja, er um brúarstæði þetta og tengir saman Grímsnes—Biskupstungnabraut annars vegar og Skeiða- og Hreppaveg hins vegar. Til þess að sá vegur fái notið sín til samgöngubóta, er Iðubrúin höfuðnauðsyn. — Með símakerfi því, sem nú er um héraðið og nær til allra hreppanna, má kallast hart, er mikið liggur við og búið er að eiga símtal við héraðslækninn, að eftir skuli vera að sækja hann á hestum langar leiðir, hverju sem viðrar og þótt enginn eigi heimangengt, eins og nú er komið allvíða, einungis vegna þess að brú þessa vantar ásamt herzlumun á vegagerðina. Þegar bót er ráðin á þessu, er fyrst búið að læknishéraði þessu líkt því, sem á sér stað um flest önnur slík þéttbýl og stór læknishéruð, þ. e. að læknirinn sjálfur á bifreið sinni sér um hraðari og greiðari gang.

Auk þessa segir það sig sjálft, að Iðubrúin verður til margs konar hagræðis fyrir héraðsbúa og tryggir að öðru leyti nauðsynlegar samgöngur milli sveita þessara með allri þeirri öru samgangnaþörf, er til greina kemur.

Að öðru leyti er óþarft að fjölyrða um tillögu þessa. Það eina, sem vekja má undrun, er rætt er um framkvæmd í þessu sambandi, er það, að brú þessi og aðliggjandi vegur skuli ekki vera þegar gert og það fyrir löngu.

Sþ. 159. Tillaga til þingsályktunar

um greiðslu víxilskuldar, er ríkissjóður ábyrgist vegna brimbrjótsins í Bolungavík.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

Alþingi felur ríkisstjórninni að taka að sér, fyrir hönd ríkissjóðs, greiðslu á 35 þúsund króna víxilskuld, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, en hreppsnefnd Hólshrepps skuldar útibúi Landsbankans á Ísafirði vegna byggingar brimbrjótsins í Bolungavík.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt samkvæmt beiðni hafnarnefndar og hreppsnefndar Hólshrepps í N.-Ísafjarðarsýslu.

Alþingi er kunnugt, hversu harða baráttu Hólshreppur hefur háð fyrir hafnarmálum sínum. Þessi fátæki og fámenni hreppur hefur þegar lagt fram nál. 250 þúsund krónur til fyrirtækisins. Ríkisstjórnin hefur frá öndverðu gert allar áætlanir um verkið og ráðið framkvæmdum þess. Áætlanirnar hafa sjaldnast farið nálægt sanni, og má með réttu segja, að hafnarbætur þessar hafi að öðrum þræði verið tilraunastarfsemi ríkissjóðs í hafnarmálum. En hreppurinn hefur leiðzt lengra og lengra út í framkvæmdir, blekktur af áætlunum, er ekki stóðust, þar til kostnaðurinn var orðinn hreppnum langt um megn.

Loks er svo var komið, að hreppurinn gat ekki af eigin rammleik aflað fjár til framlags móti ríkissjóðsframlaginu, gekk ríkissjóður í ábyrgð fyrir 35 þús. kr. víxilláni til þess að mannvirkinu yrði bjargað frá tortímingu. Var frá upphafi gengið út frá því, að ríkið yrði að taka skuld þessa að sér. Og vegna þeirra miklu mistaka, sem átt höfðu sér stað við byggingu mannvirkisins og urðu þess vald-

andi, að það varð stórum dýrara en ella, var í raun og veru sanngjarnt og sjálfsagt, að ríkissjóður tæki að sér að ljúka verkinu. — Enn má geta þess, að þegar gerð voru skuldaskil hreppanna, fékkst skuld þessi ekki tekin með í skuldaskil, eingöngu vegna ríkisábyrgðarinnar. En skuldaskilanefnd var ljóst, að hreppurinn var þess allsómegnugur að greiða hana. Var þá enn gengið út frá því, að ríkissjóður teldi þetta sína skuld og greiddi hana.

Ed. 160. Nefndarálit

um frv. til hafnarlaga fyrir Akranes.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 11. apríl 1942.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 161. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 101 frá 23. júní 1936.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

II.—V. lið 9. gr. laganna skal orða svo:

II. a.	Skurðir, 1 m og grynnri	kr.	1.50	10 m³
b.	Skurðir, dýpt 1—1,3 m.	—	1.80	— —
c.	Skurðir, dýpt yfir 1,3 m.	—	2.50	— —
d.	Lokuð grjótræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	—	2.25	10 m.
e.	Viðarræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	—	1.50	— —
f.	Hnausaræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	—	1.00	— —
g.	Pípuræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	—	2.25	— —
III. a.	Þaksléttur í nýrækt	—	2.00	100 m²
b.	Græðisléttur í nýrækt	—	1.40	— —
c.	Sáðsléttur í nýrækt	—	2.50	— —
d.	Sáðsléttur í nýrækt, 1 árs forrækt	—	3.00	— —
e.	Sáðsléttur í nýrækt; 2 ára forrækt	—	3.50	— —
f.	Þaksléttur í túni	—	2.00	— —
g.	Græðisléttur í túni	—	1.25	— —
h.	Sáðsléttur í túni	—	2.00	— —
i.	Matjurtagarðar	—	1.80	— —
j.	Grjótnám úr ræktunarlandi, aldrei yfir 50 m³ á býli árlega	—	1.00	1 m³
IV. a.	Girðingar um ræktað land, sem að vörn og varanleik jafngilda 5 strengja gaddavírsgirðingu	—	2.00	10 m.
b.	Sama gerð, með steyptum horn- og hliðarstólpum og gegnumdreyptum stólpum eða öðrum jafngóðum	—	2.50	— —

V. a. Þurrheyshlöður, steyptar með járnþaki	kr.	1.00	1 m³
b. Þurrheyshlöður úr öðru efni, með járnþaki	—	0.50	— —
c. Votheyshlöður, steyptar með járnþaki, hringlaga	—	4.00	— —
d. Votheyshlöður af annarri lögun, steyptar með járnþaki	—	3.50	— —

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir verðlagsuppbót á jarðræktarstyrk þann, sem talinn er í 9. og 11. gr., samkvæmt verðlagsvísitölu kauplagsnefndar næsta ár á undan. Af jarðabótastyrk þeim, sem talinn er í 9. og 11. gr., að viðlagðri verðlagsuppbót, renna 5% til hlutaðeigandi búnaðarfélags til sameiginlegra félagsþarfa. Styrkur sá, sem veittur er vegna verðlagsuppbótar, skal ekki talinn með við útreikning hámarksupphæða þeirra, sem um getur í 11., 13. og 16. gr.

3. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðabótastyrk hvers býlis, og skal skrásetja það, er greitt hefur verið síðan jarðræktarlög, nr. 43 23. júní 1923, gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða, að því er snertir upphæðir þær, er farið hafa til afgjaldsgreiðslu býlanna, og skal telja aðeins þann hluta afgjaldsins, er nemur venjulegum jarðabótastyrk, miðað við þá dagsverkatölu, er jarðarafgjöldin voru reiknuð eftir.

Styrkur sá til jarðræktar og húsabóta, er 9. gr. ákveður, skal þessum breytingum háður:

a. Býlum, sem fengið hafa samtals minna en 2000 kr., greiðist 30% hærri styrkur.
b. Býlum, sem fengið hafa samtals 7000—10000 kr., skal greiða 50% minna fyrir hvert verk.

Býlum, sem fengið hafa samtals 2000—7000 kr., skal greiða styrk samkvæmt ákvæðum 9. gr. En býlum, sem fengið hafa fullar 10000 kr. til umbóta, greiðist enginn styrkur.

Ekki nær ákvæðið um heildarhámarksstyrk til þeirra búa, er bæjarfélög reka vegna þess, að ókleift er að flytja nauðsynlega neyzlumjólk til bæjarins handa íbúum, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Hækkunar á styrk þeim, er 9. gr. ákveður, njóta aðeins jarðir samkvæmt skilgreiningu 1. gr. ábúðarlaga, nr. 87 19. júní 1933, svo og nýbýli, sem rekinn er sjálfstæður búrekstur á sem aðalatvinna, að áliti Búnaðarfélags Íslands.

4. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Nú er býli skipt, og ef jarðarpartarnir verða í sjálfsábúð, erfðaábúð eða lífstíðarábúð, skiptist upphæð þess styrks, sem býlið hefur fengið, sbr. 11. gr., milli býlanna eftir mati trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands. Frá styrkupphæðinni skal þó draga 25% áður en skipti fara fram milli býlanna. Þá upphæð, sem þannig er fengin, skal leggja til grundvallar við útreikning framhaldsstyrks fyrir umbætur á býlinu. Verði býli þessi aftur sameinuð, skal leggja saman jarðræktarstyrk þann, er þau hafa notið, og hækka þá tölu um 25%. Jarðræktarstyrk annarra býla, sem sameinuð kunna að verða, skal leggja saman án hækkunar.

5. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Hámarksstyrkur til hvers býlis má nema:

a. Til byggingar safngryfja og haughúsa	samtals	kr.	1500.00
b. Til byggingar þurrheyshlaða	—		500.00
c. Til byggingar votheyshlaða	—		350.00
d. Til jarðræktar á ári	—		600.00

6. gr.

Á eftir orðunum „sem ætla má“ í 14. gr. laganna komi: að dómi Búnaðarfélags Íslands.

7. gr.

Í stað „5 þús. kr.“ í 16. gr. laganna komi: 10000 kr.

8. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Rétt eiga menn að stofna félag um:

a. Að útvega land og framkvæma á því félagsræktun til stofnunar nýbýla eða samvinnubyggða.
b. Að útvega íbúum kaupstaða, kauptúna og sveitaþorpa land til ræktunar og framkvæma félagsræktun á því, enda sé tryggt, að dómi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, að hver félagsmaður geti fengið sinn hluta af ræktunarlandinu til eignar eða erfðaleigu.
c. Að koma á sameiginlegum ræktunarframkvæmdum á landi tveggja eða fleiri lögbýla, þar sem aðstaða við framræslu lands eða jarðvinnslu gerir félagsræktun æskilega, að dómi Búnaðarfélags Íslands.
d. Jarðræktarfélög, sem ekki geta heyrt undir a-, b- eða c-lið þessarar greinar, skulu því aðeins njóta þess réttar, er 19. gr. áskilur þessum félögum:
   1. að þau hafi eignarumráð eða varanleg leiguliðanot á landi til ræktunar.
   2. að tilgangur ræktunarinnar sé aðeins framleiðsla jarðargróða.
   3. að í samþykkt sé ákveðin aðstaða hvers einstaks félagsmanns til ræktunarinnar.
   4. að Búnaðarfélag Íslands mæli með því, að félögum sé veittur sá réttur.

9. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Þau félög, sem stofnuð eru samkvæmt 18. gr. og fullnægja að öðru leyti skilyrðum laga þessara, skulu njóta styrks fyrir hvern félagsmann samkvæmt ákvæðum 9. gr.

Þegar byggt hefur verið yfir fólk og fénað á löndum félaga samkv. a-, b- og c-lið 18. gr., fá býlin styrk samkvæmt ákvæðum 9. og 11. gr.

10. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Þeir, sem hafa ákveðið að stofna félag samkvæmt 18. gr., skulu á stofnfundi setja því samþykkt. Í samþykkt skulu vera ákvæði um:

a. Nafn félagsins, heimili þess og varnarþing.
b. Markmið félagsins og fyrirhugaðar framkvæmdir.
c. Atkvæðisrétt á félagsfundum, vald og verksvið félagsfunda og skilyrði fyrir lögmæti þeirra.
d. Skipun félagsstjórnar, kosning hennar, kjörtímabil og vald hennar í félagsmálum.
e. Hverjar landareignir félagið hafi til umráða.
f. Hvernig fara skuli um greiðslu kostnaðar þess, sem félagsskapurinn hefur í för með sér.
g. Bókhald félagsins og endurskoðun.
h. Heimildir til lántöku og ábyrgð meðlima vegna skuldbindinga félagsins.
i. Breytingar samþykkta, félagsslit og hvernig eignum félagsins skuli ráðstafað.

Samþykkt skal vera staðfest af atvinnumálaráðuneytinu, að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands. Ræktunarfélög, sem stofnuð eru samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skulu skrásett.

11. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Nú þykir hreppsnefnd hætta á, að þau ræktunarlönd, er í 18. gr. getur, komist við eigendaskipti á fárra manna hendur, svo að þrengist um ræktunarlönd fyrir aðra hreppsbúa, og hefur hún þá fyrir hönd hreppsins forkaupsrétt á löndunum. Bæjarstjórnir í kaupstöðum hafa og sama rétt. Sbr. lög nr. 55 15. júní 1926.

12. gr.

24. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal árlega greiða 80000 krónur til verkfærakaupasjóðs.

Búnaðarfélag Íslands annast rekstur sjóðsins samkvæmt ákvæðum þessara laga.

13. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Tilgangur sjóðsins er að létta undir með bændum, einstökum eða fleirum í félagi, svo og búnaðarfélögum, til að eignast eftirtaldar vélar og verkfæri:

1. Hestverkfæri til jarðyrkju, forardælur, steingálga og verkfæri vegna garðyrkju og kornræktar.
2. Heyvinnuvélar, svo sem sláttuvélar, rakstrarvélar, snúningsvélar og heybindingsvélar.
3. Tóvinnuvélar til heimilisiðnaðar, svo sem handspunavélar, prjónavélar og vefstóla.
4. Dráttarvélar með tilheyrandi verkfærum og minni skurðgröfur. Styrkurinn nemi allt að ⅓ af kaupverði þeirra verkfæra, sem talin eru í 1.—3. tölulið þessarar greinar, en allt að ¼ af kaupverði vélanna eða verkfæranna, sem talin eru í 4. tölulið. En aldrei skal þó styrkurinn fara yfir 700 krónur samtals til sama manns.

14. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Styrkur til kaupa á dráttarvélum og skurðgröfum veitist aðeins búnaðarsamböndum og búnaðarfélögum, einu eða fleirum í félagi. Er styrkurinn þessum skilyrðum bundinn:

1. Að kaupin hafi verið samþykkt á almennum fundi í hlutaðeigandi félagi eða félögum.
2. Að Búnaðarfélag Íslands telji áhöldin félögunum nauðsynleg.
3. Að félagið hafi hús yfir áhöldin, selji þau ekki nema með samþykki félagsfundar og Búnaðarfélags Íslands.

15. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skal senda stjórn hlutaðeigandi búnaðarfélags, sem innfærir þær ásamt áliti sínu í gerðabók félagsins og sendir þær svo ásamt umsögn sinni til Búnaðarfélags Íslands, sem fellir fullnaðarúrskurð um umsóknirnar og útvegar verkfærin.

16. gr.

28. gr. laganna orðist svo:

Innstæður, sem einstök búnaðarfélög eiga í sjóðnum, skulu áfram vera séreign þeirra. Skal þeim varið til að styrkja verkfærakaup viðkomandi félaga eða meðlima þeirra, og fá þessir aðilar ekki styrk úr sameiginlegum sjóði, fyrr en innstæða þeirra er eydd. Skuldir þær, sem safnazt hafa hjá einstökum búnaðarfélögum, skulu greiddar úr sameiginlegum sjóði á næstu tveim árum.

17. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Reikningar hans skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

18. gr.

30. gr. laganna orðist svo:

Eign vélasjóðs, sem var 1. jan. 1942 kr. 70471.73, verður stofnfé sjóðsins, og má ekki skerða það. Við stofnféð skal árlega leggja helming þess vaxtafjár, sem sjóðnum áskotnast, svo og ef afgangur verður af rekstrarfé sjóðsins.

Ríkissjóður skal árlega greiða sjóðnum 25000 krónur, sem verður ásamt helmingi vaxtanna rekstrarfé hans.

19. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Starfsemi sjóðsins skal vera tvískipt. Skal ⅔ af stofnfé hans varið til útlána vegna vélakaupa í þágu landbúnaðarins. Setur landbúnaðarráðuneytið reglur um lánastarfsemi sjóðsins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

⅓ hluta af stofnfé sjóðsins skal nota til vélakaupa samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 20. gr. þessara laga.

20. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Vélasjóður kaupir og gerir tilraunir með vélknúðar jarðræktarvélar og minni skurðgröfur, sem ætla má, að hæfi hérlendum staðháttum. Vélar þær, er að dómi verkfæranefndar reynast nothæfar, skal búnaðarsamböndum, félögum eða einstaklingum gefinn kostur á að eignast með sanngjörnu verði.

21. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við tilraunir þær, er 20. gr. gerir ráð fyrir, þar með talinn rekstrarkostnaður vélanna meðan tilraunir standa yfir, greiðist úr vélasjóði.

22. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Ríkið kaupir stærri skurðgröfur til meiri háttar framræslu, áveituframkvæmda eða breytingar vatnsfarvega, enda liggi fyrir rökstutt álit Búnaðarfélags Íslands, að þeirra sé þörf.

Sé nauðsynlegt að gera tilraunir með skurðgröfur þessar, áður en þær eru teknar í notkun, greiðist sá kostnaður úr vélasjóði.

23. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands skal hafa umsjón og eftirlit með skurðgröfum ríkisins. En atvinnumálaráðuneytið setur reglur um rekstur þeirra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

24. gr.

36. gr. laganna orðist svo:

Landþurrkunar- eða áveitufélag, sem stofnað er samkvæmt fyrirmælum vatnalaganna frá 1923, 4. og 8. kafla, hefur rétt til að fá eina eða fleiri af skurðgröfum ríkisins lánaðar, svo fljótt sem ástæður leyfa, enda hagi svo til, að hentugt sé að nota þar skurðgröfu.

Ríkið lánar skurðgröfurnar án endurgjalds, greiðir allan kostnað af flutningi þeirra milli vinnustaða og hefur umsjón með viðhaldi þeirra.

25. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir að ⅓ kostnað þann, er leiðir af starfsemi landþurrkunar- og áveitufélaga, sem um getur í 36. gr., svo sem rekstri skurðgrafnanna (þar með talið nauðsynlegt viðhald þeirra, varahlutir og vátrygging), öðrum skurðagrefti, byggingu flóðgátta og flóðgarða. ⅓ kostnaðar heimilast landþurrkunar- eða áveitufélögum að taka að láni, en ⅓ skulu landeigendur leggja fram sjálfir, um leið og verkið er framkvæmt.

Verk þau, sem styrkt eru af ríkinu á þennan hátt, geta ekki notið styrks samkvæmt II. kafla þessara laga.

26. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands hefur á hendi reikningshald vélasjóðs. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

27. gr.

Aftan við 45. gr. laganna bætist:

Eru jarðabætur, sem unnar eru á slíku landi, því aðeins styrkhæfar, að fylgt sé tillögum þessum eða breytingum við þær, sem Búnaðarfélag Íslands hefur fallizt á.

28. gr.

Í stað bráðabirgðaákvæða laganna komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Næstu 10 ár skal þúfnasléttun í túni styrkt með 400—500 kr. pr. ha., eftir tegund jarðabótarinnar, samkvæmt reglugerð, enda skal styrkurinn bundinn því skilyrði, að minnst ⅒ túnþýfisins sé sléttaður árlega, meðan þessi ákvæði gilda.

Ákvæði þetta skal miða að því að útrýma öllu túnþýfi á næstu 10 árum.

Búnaðarsamböndin skulu hvert á sínu svæði hafa mælt allt túnþýfi áður en fyrsta úttekt til styrkgreiðslu í þessu skyni fer fram á viðkomandi sambandssvæði.

Undir þessa mælingu heyrir aðeins það túnþýfi, sem eftir er ósléttað af hinu upprunalega túni, enda heyri ekki þar undir fitjar eða óhæfilega grýtt tún.

Búnaðarfélag Íslands gefur út nánari fyrirmæli til búnaðarsambandanna viðvíkjandi mælingu túnþýfis og úttekt til styrkgreiðslu á þessar jarðabætur.

Greinargerð.

Á aðalþingi 1941 flutti landbúnaðarnefnd samhljóða frumvarp, sem náði þá ekki afgreiðslu. Flytur nefndin því frv. nú að nýju, með sömu greinargerð og því fylgdi í fyrra, og fer hún hér á eftir.

„Á búnaðarþingi 1939 skipaði þingið þriggja manna milliþinganefnd, sem skyldi taka til meðferðar ýmis vandamál landbúnaðarins. Eitt verkefni þessarar nefndar, en hana skipuðu þeir Hafsteinn bóndi Pétursson á Gunnsteinsstöðum, Jón bóndi Sigurðsson á Reynistað og Þorsteinn bóndi Sigurðsson á Vatnsleysu, var að endurskoða jarðræktarlögin.

Nefndin skilaði tillögum sínum fyrir búnaðarþing það, sem sat að störfum í febrúarmánuði s.l. Búnaðarþing hafði breytingartillögur milliþinganefndarinnar til rækilegrar yfirvegunar og samþykkti síðan frv. til laga um breyting á jarðræktarlögum.

Frumvarp þetta var sent landbúnaðarnefnd Nd. Hefur nefndin yfirfarið frv. rækilega og gert við það nokkrar breytingar. Þótt nefndin flytji frumvarpið og sé því samþykk í öllum aðalatriðum, hafa nefndarmenn samt óbundnar hendur um einstök atriði þess.

Hér skal stuttlega skýrt frá þeim helztu breytingum, sem frumvarp þetta gerir á gildandi jarðræktarlögum.

Um breytingar á II. kafla laganna (Um styrki til jarðræktar og húsabóta).

Styrkur til framræslu er hækkaður nokkuð frá því, sem verið hefur. Mun hækkunin nema nálægt 20%. Þó er það dálítið breytilegt eftir því, um hvaða tegund af skurðum og ræsum er að ræða. Framræslan hefur alltaf verið styrkt of lítið á móts við jarðvinnslu. Þess vegna hefur stundum verið vanrækt að þurrka nýræktarlandið nægilega. Er það álit vort, að eina ráðið til þess að bæta úr þessu sé, að styrkur verði sambærilegur við þann styrk, sem veittur er til jarðvinnslunnar.

Lagt er til, að styrkur til þaksléttna verði hækkaður lítils háttar. Þessi ræktunaraðferð er nú óvíða viðhöfð, og þá aðallega þar, sem jörð er svo grýtt, að hestaverkfærum verður ekki við komið. Þá er og lagt til, að hækkaður verði styrkur á sáðsléttur, sem eru þannig gerðar, að landið hefur verið ræktað í eitt eða tvö ár, áður en grasfræi var sáð.

Þá er og lagt til að hækka allverulega styrk til votheystófta. Er hin mesta nauðsyn að auka votheysgerð mjög frá því, sem er, þótt nokkuð hafi skipazt í því efni síðustu árin. Áhrifaríkast verður að hækka styrkinn eins og hér er lagt til.

Þá er gert ráð fyrir samkvæmt 2. gr. frumvarpsins, að verðlagsuppbót verði greidd á jarðræktarstyrkinn. Er ætlazt til, að verðlagsuppbót þessi miðist við meðalverðlagsvísitölu kauplagsnefndar næsta ár áður en styrkurinn er greiddur. Eigi að halda áfram nokkrum jarðræktarframkvæmdum, meðan verðbólga sú ríkir, sem nú er, verður að greiða einhvers konar verðuppbætur, og þykir þá rétt og sjálfsagt að miða þær við þær uppbætur, sem greiddar eru á laun starfsmanna ríkisins og annarra launþega þjóðfélagsins.

Ákvæðum jarðræktarlaganna um hámarksstyrk til býla er allmikið breytt. Heildarhámarksstyrkur til hvers býlis er hækkaður úr 5 þús. krónum í 10 þúsund krónur, en jafnframt er ákveðið, að býli, sem fengið hafa yfir 7000 krónur í heildarstyrk, verði aðeins greiddur hálfur styrkur út á hvert verk, miðað við ákvæði 9. gr. laganna. Nefndarmenn hafa nokkuð skiptar skoðanir um, á hvern hátt eigi að koma þessu fyrir, en þetta er samkomulagstillaga, sem nefndin öll stendur að. Hins vegar er býlum, sem fengið hafa innan við 2000 krónur, veittur 30% hærri styrkur fyrir hvert verk heldur en 9. gr. ákveður. En áður var hér miðað við 1000 króna hámark til býlis og aðeins veitt 20% uppbót. Heildarhámarksstyrkur á votheyshlöður er ákveðinn 350 krónur, en áður var hámark á allar heyhlöður, þar með taldar votheyshlöður, 500 krónur, en þá upphæð er nú heimilt að veita til hvers býlis sem styrk á þurrheyshlöður. Hins vegar hefur hámarksstyrkur til jarðræktar til hvers býlis verið lækkaður úr 800 krónum í 600 krónur. Telur nefndin, að ástæðulaust sé að veita hærri upphæð árlega en hér er lagt til.

Til landbúnaðarnefndar hefur verið vísað frumvarpi frá Gísla Sveinssyni o. fl. um að fella niður 17. gr. jarðræktarlaganna. Nefndin hefur rætt þetta atriði allmikið, og er það vilji allra nefndarmanna að reyna að finna samkomulagsgrundvöll, svo að takast megi að leysa þetta gamla deiluefni, svo að báðir aðilar megi vel við una. Mun nefndin starfa að því undir meðferð frumvarpsins hér í deildinni.

Nokkrar smærri breytingartillögur leggur nefndin til, að gerðar verði við II. kafla jarðræktarlaganna, en telur ekki ástæðu til að skýra þær sérstaklega.

Um breytingar á III. kafla laganna (Um félagsræktun).

Þessum kafla jarðræktarlaganna hefur verið breytt í ýmsum atriðum og aukinn að miklum mun.

Nefndin taldi rétt að setja ýmis nánari ákvæði um markmið, formlega stofnun og starfsemi félaga, er rétt öðlast samkvæmt ákvæðum kaflans. Enn fremur er sett ákvæði um, að samþykktir félaganna skuli staðfestar af ráðuneyti því, er fer með landbúnaðarmál. Þá hefur og þótt rétt að setja ákvæði um íhlutunarrétt sveitar- og bæjarstjórna, er sérstaklega stendur á.

Um ákvæði hinna einstöku greina frv. skal sérstaklega tekið fram:

Um 8. gr. Félög, sem stofnuð eru samkvæmt a- og c-lið, er gert ráð fyrir, að hafi sem markmið að undirbúa stofnun nýbýla og stuðla þar með að fjölgun sjálfstæðra lögbýla, er notendur geti haft fullt lífsframfæri af.

Félög, sem stofnuð eru samkvæmt b-lið, er ætlazt til, að hafi það verksvið að undirbúa og framkvæma félagsræktun á löndum, er félagar þeirra fá á erfðaleigu til framleiðslu búsafurða, er geti verið stuðningur í lífsframfæri þeirra, er aðalatvinnu stunda í kauptúnum og þorpum.

Sveitar- og bæjarstjórnir þykja vegna kunnugleika og annarrar aðstöðu sjálfsagður aðili um að gæta þess, að tryggður sé sá réttur einstakra félagsmanna, er í b-lið getur.

Rétt þykir, að í þessum kafla séu ákvæði, er taki til annarrar félagsræktunar, sem bundin er við sameiginleg eignar- eða leiguumráð á landi, meðal annars til að tryggja, að aðeins verði styrkt sú ræktun, er hefur að markmiði framleiðslu á hagnýtum jarðargróða, og að fyrirfram sé ákveðin aðstaða hvers einstaks félagsmanns til ræktunarinnar.

Um 10. gr. Rétt þykir að setja ákvæði um samþykktir ræktunarfélaga, og með ákvæðunum er í aðalatriðum sett skilyrði fyrir því, að samþykkt geti orðið staðfest, sem sjálfsagt þykir, að það ráðuneyti geri, er fer með landbúnaðarmál, að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands. Vegna þeirra félaga, sem í miklar framkvæmdir ráðast, þykir rétt, að félögin séu skrásett.

Um 11. gr. Sveitar- og bæjarstjórnir eru sjálfkjörnir aðilar, ef hætta þykir á, að ræktunarlönd þau, er í 18. gr. getur, geti við eigendaskipti komizt á fárra manna hendur, svo að þrengist um ræktunarlönd fyrir aðra hrepps- eða bæjarbúa, og er því lagt til, að um þessi lönd gildi þau ákvæði, að þessir aðilar hafi forkaupsrétt.

Um breytingar á IV. kafla laganna (Um verkfærakaupasjóð).

Verkfærakaupasjóður hefur komið að stórmiklu gagni og stuðlað mjög að því, að efnalitlir bændur hafa getað keypt jarðvinnslu- og heyvinnuvélar. Við framkvæmd þeirra lagaákvæða hefur þó komið í ljós, að nauðsynlegt er að breyta skipulagi verkfærakaupasjóðsins allmikið frá því, sem nú er.

Höfuðbreyting sú, sem nefndin leggur til, að sé gerð á fyrirkomulagi sjóðsins, er, að hann verði gerður að óskiptum sameignarsjóði allra hreppabúnaðarfélaga í landinu, í stað þess að fé því, sem hann hefur haft til umráða, hefur verið skipt milli hreppabúnaðarfélaganna árlega og hlutdeild hvers félags því verið séreign þeirra.

Verkfærakaupasjóður hefur síðan 1928 verið starfræktur á þessum grundvelli. Það kom strax í ljós, meðan sjóðnum aðeins var ætlað að styrkja bændur til að kaupa hestaverkfæri, að mörg hreppabúnaðarfélögin höfðu ekki aðstöðu til að nota það fé á þann hátt, er lögin gerðu ráð fyrir, þar sem einstaklingum þótti henta betur, að tveir eða fleiri væru í samlögum um eign og notkun jarðvinnslutækjanna. Síðar var verksvið sjóðsins aukið, þegar upp var tekið að styrkja heyvinnuvélar og tóvinnuvélar til heimilisiðnaðar í sveitum.

Við þá breytingu notuðu fleiri félög innstæður sínar, en ljóst var þó strax, að þau félögin, sem mesta þörf höfðu fyrir jarðyrkjuverkfæri og mest höfðu keypt af þeim, keyptu einnig mest af heyvinnuvélum, en aðstaða þeirra til að styrkja þau kaup varð því erfiðari sem verksvið sjóðsins jókst. Þegar nýju jarðræktarlögin voru sett, var breytt þeim grundvelli, sem skipting fjárins milli félaga var byggð á. Skipting þessi hafði verið byggð á tölu jarðabótamanna, en var breytt á þann hátt, sem er í núgildandi lögum, að það reiknast eftir tölu félagsmanna að ⅓, en að ⅔ eftir

ákvæðunum er í aðalatrituð sett skilyrði fyrir því, að samþykkt geti orðið staðfest, er svo misjöfn eftir staðháttum. Heimildin til að lána upp á væntanlegar innstæður bætti nokkuð úr brýnustu þörf, en raunverulega aðeins fyrst eftir að breytingin var gerð.

Innstæður og skuldir félaga hafa verið þessar:

	Innstæða kr.	Skuldir kr.
1. jan. 1938	70168.70	16490.91
1. — 1939	70246 39	18449.82
1. — 1940	73075.65	15265.78
1. — 1941	74453.00	12220.13

Félög, sem eiga innstæður 1940, eru 149, en 146 árið 1941. Félög, sem skulda, eru árið 1940 68, en 1941 eru þau 74.

Þegar athugaður er rekstur sjóðsins, verður ljóst, að innstæður eru hjá mörgum félögum óhreyfðar, og nokkur félög hafa aldrei notfært sér fé sitt, vegna þeirrar einskorðunar, sem verður að vera um styrkveitingarnar.

Önnur félög hafa verið að reyna að skipta árlegum tekjum til styrks á keypt verkfæri félaga sinna, og hafa styrkfjárhæðirnar þannig orðið aðeins lítilfjörlegur hluti af verði vélanna, eða frá 20—50 krónur á vélar, er kosta 400—700 krónur.

Nefndin er sammála um, að betur náist sá tilgangur, sem sjóðnum er ætlað að hafa, með því að sjóðurinn sé óskiptur. Búnaðarfélögin dæmi um nauðsyn og verðleika félagsmanna til að njóta styrks, en Búnaðarfélag Íslands, sem hefur nákvæma spjaldskrá um allar styrkveitingar síðan 1928, felli fullnaðarúrskurð um, hve mikill og hverjum er veittur styrkur árlega.

Markmið sjóðsins er að sjá fyrir þörf bænda til að geta eignazt nauðsynlegustu vinnuvélar. Til þess að það geti orðið þarf að beina fénu til styrktar á þá staði, sem mesta hafa þörfina á hverjum tíma, og er það gert mögulegt með því fyrirkomulagi, sem hér er gert ráð fyrir.

Um hinar einstöku greinar frv. skal tekið fram:

Um 12. gr. Ástæðurnar fyrir breytingu hennar eru þegar teknar fram.

Um 13. gr. Þar er nokkru nánar skilgreint en áður, hver verkfæri eru styrkhæf. Hámark til hvers einstaklings er hækkað úr 400 í 700 kr., og er þá gengið út frá, að bóndinn geti eignazt hinar allra nauðsynlegustu vinnuvélar.

Um 14. gr. Þar eru sett nokkru ákveðnari skilyrði fyrir styrkveitingum til dráttarvéla og skurðgrafna.

Um 16. gr. Er afleiðing þeirrar efnisbreytingar, sem gerð er á lögunum. Félögin halda vitanlega þeirri séreign sinni, sem þegar er til orðin, en ætlazt er til, að skuldir félaganna við sjóðinn séu afborgaðar úr sjóðnum á tveim árum.

Um breytingar á V. kafla laganna (Um vélasjóð).

Þessi kafli jarðræktarlaganna hefur einkum komið að gagni til þess að gera hreppabúnaðarfélögum kleift að geta keypt dráttarvélar til jarðvinnslu. Meginhlutinn af fé sjóðsins hefur staðið í þess konar lánum. En þar sem mjög lítið hefur verið keypt af slíkum vélum síðstu árin, er meginhluti af fé sjóðsins, sem er fast við 70 þús. krónur, nú í sjóði.

Í gildandi lögum er svo fyrir mælt, að ríkissjóður skuli greiða vélasjóði 50 þús. krónur í eitt skipti fyrir öll. Af þessu stofnframlagi hafa verið greiddar 35 þús. kr. Með frumvarpi þessu er ætlazt til, að ríkissjóður greiði árlegt gjald til vélasjóðs, að upphæð 25 þús. krónur.

Er ætlazt til þess, að starfsemi vélasjóðs verði tvíþætt. Sumpart verði honum varið til útlána vegna vélakaupa í þágu landbúnaðarins, en sumpart til þess að gera tilraunir með nýjar tegundir vélknúinna jarðræktarverkfæra. Er hin mesta þörf á því, að í tilraunaskyni megi kaupa ýmsar nýjar vélar, svo sem jarðvinnsluvélar, minni skurðgröfur og fleiri þess konar vélknúin tæki, sem að gagni geta komið við ýmsar

meiri háttar landbúnaðarframkvæmdir. Eins og nú er getur vélasjóður alls ekki sinnt þessu verkefni, en fengist árlegt framlag úr ríkissjóði til vélasjóðs, mundi hann geta sinnt því verkefni, og tvímælalaust til stórmikils gagns fyrir landbúnaðinn.

Um breytingar á VII. kafla laganna (Um erfðaleigulönd).

Við þennan kafla jarðræktarlaganna er aðeins gerð ein smávægileg breytingartillaga. Stefnir hún að því að gefa Búnaðarfélagi Íslands meira vald til eftirlits með þeim framkvæmdum, sem gerðar eru á erfðafestulöndum við kaupstaði og kauptún.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Landbúnaðarnefnd lítur svo á, að bráðabirgðaákvæði þau, sem samþykkt voru með jarðræktarlögunum 1936, megi falla úr gildi, þar sem þau ákvæði tóku aðeins til fyrstu áranna eftir gildistöku laganna.

Hins vegar gerði búnaðarþing tillögur um ný bráðabirgðaákvæði. Fjalla þau um að veita sérstakan styrk til þess að slétta túnþýfi. Þessi styrkur er miðaður við það, að allt túnþýfi verði sléttað á næstu 10 árum. Svo er til ætlazt, að styrkur þessi verði því aðeins greiddur, að vissum skilyrðum verði fullnægt, svo sem að búnaðarsamböndin hafi látið mæla upp allt túnþýfi og að Búnaðarfélag Íslands gefi út sérstaka reglugerð um framkvæmd þessa máls.

Þótt landbúnaðarnefnd flytji þessi bráðabirgðaákvæði ásamt flestum öðrum tillögum búnaðarþings um breytingar við jarðræktarlögin, þá eru sumir nefndarmenn samt mótfallnir þessu ákvæði og áskilja sér rétt til þess að bera fram breytingartillögur við seinni umræðu frumvarpsins hér í deildinni.“

Sþ. 162. Tillaga til þingsályktunar

um hluttöku ríkissjóðs í kostnaði við byggingu Djúpbátsins.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að taka að sér, fyrir hönd ríkissjóðs, að greiða ⅔ hluta af byggingarkostnaði báts þess, sem fyrirhugað er, að byggður verði til Djúpferða í Norður-Ísafjarðarsýslu, og verði stærð bátsins 60—70 smálestir brúttó.

Greinargerð.

Á fjárlögum fyrir árið 1943 er ákveðið, að ríkissjóður skuli leggja fram ⅔ kostnaðar við byggingu flóabáts til Djúpferða í Norður-Ísafjarðarsýslu. Gert var ráð fyrir, að báturinn yrði nál. 70 smál. að stærð, og var áætlað, að hann mundi kosta nálægt ¼ milljón króna. Framlag ríkissjóðs var því takmarkað við 150 þús. kr.

Nú hefur verið ákveðið, að báturinn verði rúml. 60 smál. En eigi að síður mun verð hans fara verulega fram úr því, sem áætlað var á fjárlagaþinginu 1941.

Stjórn Djúpbátsins hefur þegar látið gera uppdrátt af bátnum og gert samning um kaup á vél í hann, en útboð í bygginguna hefur ekki verið gert, því Djúpbátsstjórnin telur sig ekki geta gert samning um bygginguna fyrr en hún á það víst, að ríkissjóður greiði ⅔ bátsverðsins, þótt það fari fram úr því, sem upphaflega var gert ráð fyrir.

Þingsályktun þessi er því skilyrði fyrir því, að bygging bátsins geti hafizt.

Sþ. 163. Tillaga til þingsályktunar

um hafnarbætur í Hnífsdal í Eyrarhreppi.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta á komanda sumri lengja bryggjuna í Hnífsdal um ca. 20 metra og skuldbinda ríkissjóð til að bera helming kostnaðarins.

Greinargerð.

Á fundi hreppsnefndar Eyrarhrepps 5. febr. s. l. var samþykkt einróma eftirfarandi ályktun:

„Hreppsnefndin samþykkir að beita sér fyrir því, að bryggjan í Hnífsdal verði lengd á komandi sumri, um ca. 20 metra, og skorar á ríkisstjórn og Alþingi að veita ríflegan styrk til framkvæmdanna, og telur sanngjarnt, að ríkissjóður greiði allan aukinn kostnað vegna dýrtíðarinnar, auk venjulegs framlags."

Viðbótin, sem fyrirhuguð er við bryggjuna nú á sumri komanda, kostar samkv. áætlun vitamálastjóra kr. 120000.00. Hér er ekki farið fram á, að ríkissjóður beri verðhækkun þá, sem styrjöldin veldur, heldur aðeins helming kostnaðarins.

Fyrir málinu verður gerð nánari grein í framsögu.

Ed. 164. Tillaga til þingsályktunar

um útgáfu lagasafnsins.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela einum lögfræðingi að annast endurskoðun og endurútgáfu lagasafnsins. Jafnframt verði lögð áherzla á, að hið nýja lagasafn verði gefið út svo fljótt sem unnt er.

Greinargerð.

Alþingi hefur fyrir nokkrum árum skorað á ríkisstjórnina að láta gefa út lagasafnið með þeim breytingum, sem orðnar eru á lögum landsins undanfarin tíu ár. Stjórnin mun hafa falið þetta verk þrem mjög færum lögfræðingum, en af einhverjum ástæðum hafa þeir ekki byrjað á verkinu. Þess vegna er hér lagt til, að forstaða útgáfunnar verði falin einum manni og lögð stund á að hraða útgáfunni. Lögbókin er nauðsynleg öllum þorra manna, vegna daglegra viðskipta. Jafnvel beztu lögfræðingar landsins telja sér mikinn verksparnað að hafa ætíð sér við hönd tiltölulega nýtt lagasafn.

Nd. 165. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er flutt af öllum þingmönnum Suðurlandsundirlendisins. Virðist almennur áhugi alls almennings á Suðurlandi standa að baki flutningsmanna.

Landbúnaðarnefnd telur, að þörf sé á því að auka bændafræðslu frá því, sem nú er, og leggur því til, að frv. verði samþykkt. Einn nefndarmanna, Haraldur Guðmundsson, var ekki á fundi, þegar málið var afgreitt.

Hins vegar getur nefndin ekki fallizt að öllu leyti á þau sérákvæði, sem flutningsmenn frv. leggja til, að ákveðin verði fyrir þennan væntanlega bændaskóla. Í 2. gr. bændaskólalaganna frá 1938 er heimild til þess að taka upp ýmiss konar tilraunastarfsemi á skólabúunum og þá einmitt á sömu sviðum og sérákvæðin gera ráð fyrir. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Við 3. gr. Niðurlag greinarinnar („þegar bændaskóli Suðurlands tekur“ o. s. frv.) falli niður.

Alþingi, 13. apríl 1942.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Jón Pálmason, fundaskr.	Steingr. Steinþórsson, frsm.
	Pétur Ottesen.	

Nd. 166. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá Bjarna Ásgeirssyni og Skúla Guðmundssyni.

1. Á undan 1. gr. frumvarpsins komi ný grein, er verði 1. gr., svo hljóðandi:
   Aftan við 9. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Á meðan vísitala kauplagsnefndar er hærri en 110, miðað við grunntöluna 100 í jan.—marz 1939, skulu fjárhæðir þær, sem um getur í 2. og 3. tölulið, hækkaðar sem nemur meðalframfærslukostnaði á skattárinu samkvæmt vísitölu kauplagsnefndar.
2. Við 2. gr. (sem verður 3. gr.). Aftan við greinina bætist: og koma ákvæði 1. gr. þegar til framkvæmda við innheimtu útsvara, álagðra á árinu 1942.

Ed. 167. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 14. gr. laganna kemur ný málsgr., svo hljóðandi:

Ráðherra er þó heimilt að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum, enda hafi hlutaðeigandi fiskiræktar- og veiðifélög gert tillögu um slíka friðun og sýslunefnd mælt með henni, eða bæjarstjórn, ef veiðin er úti fyrir bæjarlandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 168. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 2. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Heilbrigðisnefndum í bæjum og lögreglustjórum í kauptúnum og sjávarþorpum skal skylt að hafa eftirlit með hreinlæti í mannaíbúðum og matvælageymslum skipanna. Eftirlitið skal framkvæmt ekki sjaldnar en einu sinni á mánuði, þegar skip liggur í innlendri höfn. Í reglugerð séu ákvæði um, hvaða hreinlætisreglum skuli fylgt, þegar skip er á sjó.

2. gr.

Á eftir 2. málsgr. 31. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Um öll skip, sem samkvæmt framansögðu eru undanskilin því að hafa hleðslumerki, en flytja farm milli Íslands og annarra landa eða eru í vöruflutningum milli hafna innanlands, skal í reglugerð, er ráðherra setur, ákveða, hve mikið hleðsluborð, mælt í sentimetrum, hvert þeirra skuli hafa sem minnsta hleðsluborð. Skulu öll ákvæði laga þessara um hleðslumerki og skírteini þar að lútandi, er varða þau skip, sem að lögum er skylt að hafa hleðslumerki, vera hin sömu, þar sem þau eiga við, að því er snertir hleðsluborð og hleðsluborðsskírteini þeirra skipa, er hafa skulu ákveðið minnsta hleðsluborð samkvæmt þessari grein.

3. gr.

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, er verður 38. gr., svo hljóðandi:

Á farþegaskipum í innan- og utanlandssiglingum skal óheimilt að flytja í farmrúmi eða á þilfari benzín eða önnur eldfim efni, sem geta valdið sprengingu.

Á öðrum skipum skal með reglugerð ákveða, hvernig skuli um slíkan farm búið, svo sem minnst hætta stafi af.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 169. Tillaga til þingsályktunar

um brúargerð á Hvítá í Borgarfirði og Urriðaá í Mýrasýslu.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að láta á árinu 1942 gera brýr:

a. Á Hvítá í Borgarfirði, hjá Bjarnastöðum í Hvítársíðu, og
b. Á Urriðaá í Mýrasýslu, þar sem þjóðvegurinn um Álftaneshreppinn liggur að ánni.

Greinargerð.

Þörfin fyrir brú á Hvítá milli Hvítársíðu og Hálsasveitar verður æ brýnni með hverju ári. Vetrarsamgöngur héraðsins eru meiri og nauðsynlegri en fyrr, eftir að mjólkurframleiðslan hefur aukizt þar í sambandi við hið myndarlega mjólkurbú í Borgarnesi og vegna nauðsynjar á breyttum búnaðarháttum, eftir að mæðiveikin tók að eyða sauðfjárbústofni bænda. Brú á Hvítá á þessum stað, eða nærri honum, er eini vegurinn til að tryggja mjólkurflutninga og mjólkursölu úr efri hluta Hvítársíðu að vetrinum.

Vegur er nú kominn um Reykholtsdal, og er nú verið að leggja hann þaðan yfir Hálsasveit, og er áformað, að hann liggi að Hvítá mjög nærri brúarstæði því, sem hér

er nefnt, eða gegnt Bjarnastöðum. Má telja, að ef brú þessi yrði byggð, þá yrði vetrarvegurinn bæði hagkvæmur og öruggur til Borgarness og samgöngur allar um efri hluta Borgarfjarðarhéraðs stórum bættar. Hin gamla brú hjá Barnafossi er þegar orðin mjög hættuleg yfirferðar og engir akfærir vegir að henni, enda er hún ekki á heppilegum stað til að bæta úr samgönguþörf þeirri, er hér um ræðir.

Þjóðvegurinn um Álftaneshrepp er nú kominn að Urriðaá, sem rennur í gegnum miðjan hreppinn, og verður á næsta sumri haldið áfram hinum megin árinnar. Áin er oft ill yfirferðar og ófær að vetrinum, og alltaf alófær með ökutæki þar, sem vegurinn liggur að henni. Það má því telja mjög litla samgöngubót að veginum fyrir sveitina, á meðan áin er óbrúuð og vegurinn þannig sundurslitinn með öllu. En þó að mikill hluti þeirra manna, er vegarins eiga að njóta, verði enn að bíða mörg ár, þar til þeir hafa full not af þessari samgöngubót, má samt segja, að fyrir þá alla yrði brúargerð þessi hin mikilsverðasta umbót, því að þá kæmi vegur þessi þegar að miklum notum og sívaxandi. Skapaðist þá m. a. aðstaða fyrir ýmsa bændur til að hagnýta mjólkurmarkaðinn, sem þeir eru nú útilokaðir frá, en hafa brýna þörf fyrir vegna mæðiveikiplágunnar, sem hefur herjað sveit þessa nú undanfarið ekki minna en annars staðar í héraðinu.

Ed. 170. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita tannsmið Óla Baldri Jónssyni tannlækningaleyfi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leitað um það álits landlæknis.

Skýrir landlæknir svo frá, að í Þýzkalandi sé um tvenns konar skólafyrirkomulag að ræða í þessum fræðum. Annað, eldra fyrirkomulag, þar sem lögð er áherzla á tannsmíðar með framhaldskennslu í að draga út tennur og fylla skemmdar tennur. Hitt og yngra skólafyrirkomulagið er almenn akademisk kennsla í tannlækningum, á líkan hátt og gert er ráð fyrir hér á landi með lögum nr. 44 frá 1941 um kennslu í tannlækningum. Tannsmiðir (Dentisten) eru þeir kallaðir, sem lokið hafa námi eftir eldra fyrirkomulaginu, og fá þeir rétt til þar í landi að stunda tannsmíðar, tanndrátt og tannfyllingar. Hinir kallast tannlæknar (Zahnärzte) og fá full tannlæknaréttindi. Maður sá, er þetta frv. fjallar um, hefur stundað nám eftir eldra fyrirkomulaginu, og hefur heilbrigðisstjórnin af þeim ástæðum ekki viljað veita honum full tannlæknaréttindi.

Nefndinni er það ljóst, að mikill skortur er á tannlæknum hér á landi nú sem stendur og brýn nauðsyn á að bæta úr þeirri þörf, og þar sem hún sér ekkert því til fyrirstöðu, að maður þessi fái samskonar atvinnuréttindi hér á landi sem hann mundi hafa fengið í Þýzkalandi, ef hann hefði ílenzt þar, hefur hún orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með eftirtöldum

BREYTINGUM.

1. 1. gr. frv. orðist svo:
   Ríkisstjórninni heimilast að veita Baldri Óla Jónssyni leyfi til að stunda tanndrátt og tannfyllingar í sambandi við tannsmíðar sínar.
2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita Baldri Óla Jónssyni leyfi til að stunda tanndrátt og tannfyllingar.

Alþingi, 13. apríl 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason, frsm.

Sþ. 171. Tillaga til þingsályktunar

um brúargerð á Kvíá í Öræfum.

Flm.: Jón Ívarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta á þessu ári gera brú á Kvíá í Öræfum og heimilar fé úr ríkissjóði til þess.

Greinargerð.

Öræfasveitin í Austur-Skaftafellssýslu er án efa afskekktasta og mest einangraða byggð á landi hér, þar sem hún er umlukt af eyðisöndum með illfærum jökulvötnum, hafnlausri strönd og samfelldum jökli. Þær torfærur, sem þannig aðskilja þessa sveit frá öðrum byggðum landsins, verða ekki sigraðar, þrátt fyrir hina miklu tækni nútímans. Íbúar þessarar sveitar verða án vafa að búa áfram við alla þá miklu erfiðleika, sem hafnlaus strönd, eyðisandar, illfær óbrúandi vatnsföll og miklar fjarlægðir valda, án þess um verði þokað.

Hins vegar má vafalaust takast — og það er þjóðfélaginu skylt — að bæta úr þeim erfiðleikum, sem viðráðanlegir eru, til jafns við það, sem gert hefur verið og gert er í öðrum héruðum landsins, og kemur þá til greina meðal annars að bæta úr mestu samgönguerfiðleikunum innan sveitarinnar, en þær úrbætur eru að gera betri vegi og brúa árnar.

Um þessa sveit renna allmargar ár, sumar þeirra vatnsmiklar, og torvelda þær mjög alla umferð og valda þannig hinum mestu óþægindum og tjóni.

Ríkisvaldið hefur hingað til ekki kostað neinu til brúargerða í Öræfum og litlu til vegabóta. Það verður varla talin mikil heimtufrekja, þótt nú sé farið fram á þá samgöngubót, sem átt er við í þessari þingsályktunartillögu, sem er brú á Kvíá.

Brú þessi var sett í brúalög 1936, og er þetta eina áin í Öræfum, sem enn þá hefur komizt inn í þau.

Það er mikill áhugi meðal Öræfinga fyrir því að fá brú þessa gerða sem fyrst, en auk þeirra munu allir þeir ferðamenn, sem átt hafa leið yfir Kvíá, eiga þá sameiginlega ósk, að framkvæmd þessa máls dragist ekki lengi, og því heldur sem hagur ríkissjóðsins er nú óvenjulega góður.

Nd. 172. Frumvarp til hafnarlaga

fyrir Patreksfjörð.

Flm.: Bergur Jónsson.

1. gr.

Til hafnargerðar á Patreksfirði veitast úr ríkissjóði ⅖ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 150000 — eitt hundrað og fimmtíu þúsund krónur — gegn ⅗ frá hafnarsjóði Patrekshrepps.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 225000 — tvö hundruð og tuttugu og fimm þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Patrekshrepps kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð sveitarsjóðs og sýslunefndar Vestur-Barðastrandarsýslu, enda sé lánið tekið fyrir milligöngu Landsbankans, ef það er tekið erlendis. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs

er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Patrekshrepps. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Patrekshrepps.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Patrekshrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Patrekshrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn. Skal nefndin kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er hreppsnefnd kýs. Heimilt er þó að kjósa í nefndina menn, er ekki eiga sæti í hreppsnefnd.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Sveitarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs, og hreppsnefnd hefur ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Patreksfjarðarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
   f. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í kauptúninu og leggja þar afla á land eða hafa þar uppsátur.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Patreksfjarðar semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2 a, b og c.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimiladir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefnd, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefur hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarsjóðs.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Patreksfjarðarkauptún er orðið einn af mestu útgerðarstöðum á Vestfjörðum. Frá kauptúninu eru gerðir út 2 togarar og fjöldi vélbáta. Enn fremur er karfaverksmiðja í kauptúninu, eitt hraðfrystihús og annað nærri fullbúið. Íbúafjöldi fer sífellt vaxandi. Er því einsætt, að nauðsyn ber til að koma hafnarmálum kauptúnsins í viðunandi horf, sérstaklega með bryggjugerð fyrir vélbátaútveginn.

Nd. 173. Frumvarp til laga

um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

I. KAFLI

Stofnun og verksvið.

1. gr.

Skip merkir í lögum þessum öll skip og báta, stór og smá, sem sigla undir íslenzkum fána, innan þeirra takmarka, sem lögin setja.

2. gr.

Allir vélbátaeigendur, sem eiga vélbáta með þilfari, allt að 100 smálestir að stærð, sem aðallega eru ætlaðir til fiskveiða við Ísland, skulu skyldir til að vátryggja þá hjá vátryggingarfélagi, sem starfar samkv. lögum þessum innan þess svæðis, sem báturinn er skrásettur í, og með þeim skilmálum, sem settir eru í lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim.

Neiti einhver skipseigandi að vátryggja skip, sem tryggingarskylt er samkvæmt lögum þessum, skal það eigi að síður skoðað og metið af skoðunar- og virðingarmönnum hlutaðeigandi félags og vátryggt sem önnur tryggingarskyld skip, og iðgjaldið innheimt með lögtaki samkv. 30. gr., ef þörf krefur.

Heimilt er vátryggingarfélögunum að vátryggja skip, sem eru allt að 250 smál. brúttó, en ávallt skal leita samþykkis Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, áður en

skip, sem er yfir 100 smál. brúttó, er tekið í tryggingu, og skal ákveða iðgjöld fyrir þau í samráði við Samábyrgðina.

Heimilt er félögunum einnig að taka til vátryggingar opna vélbáta, að fengnu samþykki Samábyrgðarinnar.

Enn fremur er félögunum heimilt að vátryggja afla, veiðarfæri og lausa muni skips og skipshafnar, ef um algerðan skipstapa er að ræða.

3. gr.

Landinu skal skipt í vátryggingarsvæði. Skulu núverandi vátryggingarsvæði haldast óbreytt, nema hentara þyki að breyta þeim. Ákveður þá atvinnumálaráðherra takmörk þeirra, í samráði við Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Á hverju vátryggingarsvæði skal vera eitt vátryggingarfélag fyrir vélbáta. Allir eigendur vátryggingarskyldra vélbáta á hverju vátryggingarsvæði eru skyldir til að vera í félagi því, sem þar starfar.

Lög félaganna verða að vera í samræmi við lög Samábyrgðarinnar og samþykkt af stjórn hennar.

4. gr.

Ríkissjóður ábyrgist með 800000 kr., að félögin fullnægi skuldbindingum sínum. Geti þau ekki af eigin rammleik greitt þær tjónbætur, sem þau eru skyld til að greiða, leggur ríkissjóður það til, er á vantar, en þó aldrei meira en áður nefnda upphæð.

Ef eitthvert félaganna hefur orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til þess að greiða tjónbætur, skal styrkur sá, er það hefur þegið af ríkissjóði, að viðbættum 4% í árlega vöxtu, endurgreiddur smátt og smátt, eftir því sem efni þess leyfa.

5. gr.

Félög þau, sem stofnuð eru samkv. lögum þessum, skulu endurtryggja hjá Samábyrgðinni helming þess fjár að minnsta kosti, sem þau ábyrgjast.

Hæsta fjárhæð, sem félögunum sjálfum er heimilt að taka ábyrgð á í einu skipi, má þó eigi fara fram úr 30000 krónum, en það, sem fram yfir þetta er, eftir að skipt er til helminga, ábyrgist Samábyrgðin einnig, og getur hún ekki undan því skorazt.

Félögin greiða Samábyrgðinni jafnhá iðgjöld af þessum fjárhæðum og þau taka sjálf.

Innheimtulaun af iðgjöldum, sem greidd eru Samábyrgðinni, skulu ákveðin í samningi, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

II. KAFLI

Stjórn og reikningshald félaganna.

6. gr.

Vátryggingarfélögum, sem starfa samkvæmt lögum þessum, skal stjórnað af þriggja manna nefnd. Er einn þeirra formaður og tveir meðstjórnendur. Stjórnarnefndina velja eigendur hinna vátryggðu skipa, og kýs hún framkvæmdarstjóra.

Stjórnarnefndin skal kosin á aðalfundi til þriggja ára í senn, og enn fremur 2 endurskoðendur til jafnlangs tíma. Stjórnarnefndarmenn og endurskoðendur má endurkjósa. Á sama hátt skal kjósa 3 menn til vara í stjórn og 2 endurskoðendur. Þóknun til stjórnar og endurskoðenda ákveður aðalfundur.

Stjórnarnefnd hefur æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins innan takmarka þessara laga. Hún hefur og daglegt eftirlit með rekstri félagsins, skipar skoðunar- og virðingarmenn og úrskurðar skaðabótagreiðslur. Þó þarf jafnan samþykki Samábyrgðarinnar, ef um greiðslu hærri skaðabóta en 5000 króna er að ræða.

Stjórnarnefndin skal halda fundabók og skrá í hana allar ákvarðanir sínar.

Framkvæmdarstjóri annast allan daglegan rekstur félagsins, gefur út og undir-

ritar vátryggingarskírteini, innheimtir iðgjöld, annast reikningshald og hefur á hendi fjárvörzlu félagsins. Stjórnin ákveður þóknun til hans. Endurskoðendur skulu endurskoða reikninga félagsins, hver á sínu svæði, og hafa lokið endurskoðun sinni í síðasta lagi 5 dögum fyrir aðalfund, og skulu reikningar félaganna liggja frammi hjá framkvæmdastjóra frá því endurskoðun er lokið og þar til aðalfundur hefst.

7. gr.

Til að framkvæma skoðunar- og virðingargerð þá, sem um getur í 11. gr., skal stjórn félagsins skipa 2 skoðunar- og virðingarmenn fyrir hvert félag og 2 til vara. Skal annar þeirra vera fróður um byggingu skipa og hinn vélfróður. Þeir skulu, áður en skip er tekið í tryggingu, skoða og meta skipið og gefa skriflega sundurliðaða skýrslu um matið.

Ef skoða skal skip, sem skoðunar- og virðingarmaður á að öllu eða nokkru leyti, skal varamaður framkvæma skoðun og mat.

Skoðunar- og virðingarmenn skulu einnig skoða og meta hvert það tjón, er vátryggt skip verður fyrir, áður en aðgerð á skipinu hefst, og gefa skriflega sundurliðaða skýrslu um mat sitt á tjóninu. Þeir skulu einnig skoða sömu skip eftir að aðgerð hefur farið fram og gefa skriflega skýrslu um, hvort þau eru komin í samt lag aftur eftir aðgerðina.

Til tryggingar því, að skilyrðum þeim, sem vátryggða eru sett, sé fullnægt, getur stjórnin skipað eftirlitsmenn, og ákveður hún þóknun til þeirra.

8. gr.

Aðalfund skal halda fyrir hvert einstakt félag fyrir lok júnímánaðar ár hvert og aukafund þegar stjórnin telur þess þörf eða ⅕ hluti skipaeigenda fer þess á leit. Til aðalfundar skal boðað með skriflegri eða símaðri tilkynningu til skipaeigenda, eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag, og aukafund skal halda svo fljótt sem auðið er, eftir að stjórn félagsins hefur fengið tilmæli um fundinn. Boða skal til aukafundar með viku fyrirvara.

Á aðalfundi skal lagður fram endurskoðaður reikningur félagsins og þriðja hvert ár kosin stjórn og endurskoðendur samkv. 6. gr.

Atkvæðisrétt á fundum hafa allir skipaeigendur, sem skip eiga í tryggingarfélaginu, og skulu þeir hafa eitt atkvæði fyrir hverjar 5000 krónur eða minni upphæð í einu skipi, sem þeir hafa tryggt hjá félaginu. Þó má enginn fara með meira atkvæðamagn fyrir sjálfan sig og aðra en 10% af heildaratkvæðamagni félagsins.

Eitt atkvæði er fyrir hvert skip, þótt vátryggingarfjárhæð sé undir 5000 krónum.

Ef fleiri en einn eru eigendur að sama skipi, skulu þeir fela einum sameignarmanni að fara með atkvæði skipsins, og skal tilkynna það stjórn félagsins, þegar vátrygging fer fram eða mannaskipti verða.

Atkvæðisréttur fyrir hvert skip er tryggingarupphæð skipsins deild með 5000. Brot, sem nemur ½ eða meiru, gefur atkvæði.

Eigi má fela utanfélagsmanni að fara með umboð félagsmanna á fundum, nema veðhafi sé í skipi, sem vátryggt er hjá félaginu.

Fundur er lögmætur, ef mætt er með helming allra atkvæða á fundinum. Verði fundur ekki lögmætur, skal svo fljótt sem auðið er boða til nýs fundar með viku fyrirvara, og er sá fundur ályktunarfær án tillits til þess, með hve mörg atkvæði mætt eru á þeim fundi.

Senda skal Samábyrgðinni afrit af ársreikningum félagsins að afloknum aðalfundi ár hvert.

9. gr.

Eignum félaganna má eingöngu verja samkvæmt tilgangi þeirra, og skulu þær ávaxtaðar í innlendum bönkum eða sparisjóðum, er ráðherra samþykkir.

10. gr.

Í reikningum félaganna ár hvert skal færa til skuldar ógreiddar tjónbætur, eftir því sem stjórnir félaganna telja nauðsynlegt, til vara fyrir óbættum tjónum, og telja þá upphæð til tekna í næsta ársreikningi þar á eftir.

III. KAFLI
Um vátryggingar skipa.

11. gr.

Áður en skip er vátryggt, skal það skoðað og metið af þar til skipuðum skoðunar- og matsmönnum, en þeir skulu skipaðir af stjórn hlutaðeigandi félags.

Sé skipi í einhverju ábótavant, er skoðun fer fram, skal úr því bætt, áður en skipið er tekið í tryggingu.

Skoðunarmenn skulu láta álit sitt og mat í ljós skriflega á þar til gerð eyðublöð. Þóknun skoðunarmanna ákveður stjórn félagsins, og greiðist hún af eiganda skipsins.

Skoðun skipa gildir til tveggja ára í senn. Þó er stjórninni heimilt að láta skoðun og mat fara fram hvenær sem henni þykir ástæða til. Öll áhöld, sem á skipi eru, skulu talin með í virðingarupphæð skipsins. Undantekið er þó: bækur, sjókort, sjóúr. Einnig olíur, mál og brennsluforði.

Nú er eigandi óánægður með skoðun og mat á skipi. Skal hann þá kæra mál sitt fyrir stjórn félagsins, en hún sker úr um skoðunina og matið.

Þegar skip er tryggt í fyrsta sinn í einhverju félagi, skal auk iðgjaldsins greiða félaginu stofngjald 1% af virðingarverði skipsins. Ef virðingarverð skipsins hækkar, skal greiða viðbótarstofngjald af hækkuninni.

Vátryggja skal $^{9}/_{10}$ hluta virðingarverðs hvers skips. Þann $^{1}/_{10}$ hluta, sem þá verður eftir, má hvergi vátryggja.

Stjórn félagsins gefur út vátryggingarskírteini fyrir hvert skip um sig til eins árs í senn.

Nú þykir Samábyrgðinni einhver skoðunar- og matsgerð eigi framkvæmd sem skyldi, og getur hún þá krafizt yfirskoðunar og yfirmats dómkvaddra manna. Hún getur og hvenær sem henni þykir ástæða til krafizt skoðunar og endurmats á skipunum.

12. gr.

Nú flyzt skip á annað vátryggingarsvæði, og skal þá eigandi þess þegar í stað sjá um flutning tryggingar skipsins í félag það, er starfar á félagssvæði því, er skipið flyzt á. Ábyrgð fyrra félagsins fellur niður jafnskjótt og skipið hefur verið skrásett. Skal skrásetningin tilkynnt báðum félögunum þegar er hún hefur farið fram. Tilkynninguna annast skrásetningarstjóri. Sá, er skip flytur, skal einnig skyldur að tilkynna flutninginn þegar í stað báðum vátryggingarfélögunum, að viðlögðum algerum missi réttinda á hendur vátryggingarfélagi því, er í hlut á. Sömu viðurlögum varðar það hann, ef hann vanrækir flutning tryggingarinnar. Jafnframt má dæma hann í fésekt fyrir vanrækslu í þessum efnum.

IV. KAFLI
Um sjótjón.

13. gr.

Þar sem annað er ekki ákveðið í lögum þessum, reglugerðum, sem út kunna að verða gefnar, eða vátryggingarskírteinum, bæta félögin tjón það, sem verður af sérhverri þeirri hættu, sem skip lendir í á vátryggingartímabilinu. Félögin greiða þannig tjón, sem verður af völdum storms, sjávar, straums, íss, jarðskjálfta, elds, eldingar, árekstrar á grunn, skipbrots, veltu, ásiglingar eða sjóráns.

Það hefur engin áhrif á skaðabótaskyldu félagsins, þótt svo kunni að standa á, að tjónbóta verði krafizt af þriðja aðila, og eigi heldur þótt skipstjóri eða skipshöfn hafi valdið tjóninu (sbr. þó 25. gr.).

Óbein tjón, svo sem aflatjón og veiðarfæratjón, bæta félögin þó aldrei.

Hvert sinn, er skip verður fyrir bótaskyldu tjóni, skal það skoðað og tjónið metið af skoðunar- og virðingarmönnum hlutaðeigandi félags, áður en aðgerð hefst. Ef skipið er statt utan vátryggingarsvæðis síns félags, þegar það verður fyrir tjóni, getur stjórn félagsins útnefnt aðra menn til að skoða og virða tjónið. Skipaeigendur annast sjálfir aðgerðir skipa sinna.

Tjónbætur greiðast samkvæmt mati á tjóninu, nema viðgerðarkostnaður verði lægri en matið. Þá skal greiða tjónið samkvæmt viðgerðarreikningi.

14. gr.

Þegar greiddar eru tjónbætur fyrir viðgerðir, skal ávallt draga frá viðgerðarkostnaði eða matsverði sem hér segir:

Frá tjónbótum fyrir skip, sem er:

a.	6 rúmlesta eða minni	200 kr.
b.	6—12 rúmlesta	300 —
c.	12—20 rúmlesta	400 —
d.	20—30 rúmlesta	500 —
e.	Yfir 30 rúmlesta	700 —

Verði viðgerð á skemmdum frestað án samþykkis félagsstjórnarinnar, bætist ekki sá tjónauki, sem af drættinum kann að hafa hlotizt.

15. gr.

Tjón á vélum, ásamt ásum og skrúfum eða öðrum útbúnaði, bætist því aðeins, að það stafi af:

1. Eldi eða sprengingu, sem ekki stafar frá vélinni.
2. Að skipið sökkvi, strandi, því hvolfi eða það rekist á grunn.
3. Árekstri skipsins á fasta eða fljótandi hluti, þar með talinn ís.

16. gr.

Tjón á seglum, ábreiðum, köðlum, reiða og öðrum lausum áhöldum, útbúnaði í herbergjum skipverjanna, þó ekki á föstum tré- eða málmhlutum, bætist því aðeins, að það stafi af:

1. Eldi eða sprengingu.
2. Að skipið sökkvi, strandi, því hvolfi eða það rekist á grunn.
3. Árekstri skipsins eða áhalda þess á fasta eða fljótandi hluti, þar með talinn ís.

17. gr.

Vátryggður hefur rétt til bóta fyrir algerðan skiptapa, þegar:

1. Skipið týnist algerlega.
2. Skipið sekkur, strandar eða á annan hátt verður fyrir tjóni, þannig að ekki telst hægt að bjarga því né endurbæta það á staðnum eða flytja það á annan stað til viðgerðar.
3. Skipið er löglega dæmt óbætandi, þ. e. hefur orðið fyrir svo miklum skemmdum vegna sjótjóns, að aðgerð á því borgar sig ekki, þar eð kostnaðurinn við aðgerð á skemmdunum fer fram úr verði skipsins í viðgerðu ástandi, að frádregnu verði þess óviðgerðs.

Greiði félagið bætur fyrir algerðan skiptapa, ber því hlutfallslegur hluti af andvirði þess, er inn kann að koma fyrir leifar þess.

Félögin skulu þó ávallt hafa rétt til, ef skip verður fyrir ónýtingardómi á þennan hátt, að gera við skipið á sinn kostnað og skila eiganda því í skoðunarfæru standi.

Nú sekkur skip, strandar eða verður fyrir öðru tjóni, sem um ræðir í 2. og 3. tölul. þessarar greinar, og vátryggjandi vill eigi að síður reyna björgun á því á eigin ábyrgð og gerir slíka tilraun, án þess að óþarfur dráttur verði á, og á þá vátryggður því aðeins rétt til bóta fyrir algerðan skiptapa, að björgun skipsins sé ekki lokið í síðasta lagi 10 mánuðum eftir að áfallið varð, eða björgunartilraunum sé áður hætt.

18. gr.

Nú hefur ekki spurzt til skips í 3 mánuði frá því það lagði síðast úr höfn til fiskveiða hér við land, og skal þá líta svo á, að það hafi farizt algerlega, og skal greiða bætur fyrir það sem algerlega tapað. Sé skipið í utanlandssiglingum, lengist þessi frestur í 6 mánuði.

Nú er skipið yfirgefið af áhöfn úti á rúmsjó og því hefur ekki verið bjargað innan 3 mánaða frá því það var yfirgefið, og á vátryggður þá kröfu til bóta sem um algerðan skiptapa væri að ræða.

19. gr.

Bætur, sem vátryggður hefur orðið að greiða þriðja manni vegna tjóns af árekstri (þegar skipið eða áhöld þess hafa rekizt á annan fastan eða fljótandi hlut), enn fremur kostnað við málarekstur, gerðardóm eða samkomulag vegna þess, greiðir félagið, en þó ekki fram yfir það, sem vátryggingarfjárhæð skipsins hrekkur til. Bætur fyrir tjón á lífi manna eða fyrir meiðsli eru vátryggingarfélögunum óviðkomandi.

20. gr.

Sameiginlegt sjótjón (havari grosse) skal leitt til lykta samkvæmt York-Antwerpen-ákvæðunum frá 1924.

21. gr.

Þetta skal ekki bæta sem sjótjón:

1. Tjón, sem verður vegna þess, að skip var, þegar það lagði síðast úr höfn, ekki sjófært, hæfilega útbúið, mannað og lestað, nema ætla megi, að vátryggður hafi ekki vitað eða hlotið að sjá, að ábótavant var.
2. Tjón, sem verður vegna þess, að skipið hefur ekki verið í gildu ástandi, þegar því var lagt upp, eða ekki frá því gengið svo sem vera bar, eða haft undir nægilegu eftirliti, nema vátryggða verði ekki gefin sök á því.
3. Tjón, sem verður á skipi, sem með vitund vátryggða liggur mannlaust við bryggju eða hafnarvirki. Undanþágu frá þessu geta félögin veitt með samþykki Samábyrgðarinnar.
4. Ef skip er að staðaldri notað til einhvers, sem er óviðkomandi fiskveiðum, er tjón, sem það veldur eða hlýtur, því aðeins bótaskylt, að vátryggjandi hafi samþykkt notkunina.
5. Tjón á áhöldum eða skipshluta, sem orsakast af almennri notkun hlutaðeigandi skipshluta eða áhalds.
6. Tjón, sem orsakast af hernaði, borgarastyrjöld eða þess háttar.
7. Tjón, sem verður meðan áfallið iðgjald er ekki greitt. Félagsstjórnin hefur þó heimild til að víkja frá þessu ákvæði.

Ef tjón verður vegna smíðisgalla eða efnisgalla, verður tjón á hlutum þeim, sem gallinn er á, ekki bætt.

Ef tjón verður vegna slits, fúa, ryðs, tæringar, maðkskemmda, rottu, músa eða af öðrum slíkum orsökum, verður tjón á þeim hlutum, sem áður nefndar orsakir hafa valdið, ekki bætt.

22. gr.

Ef skip þiggur hjálp af öðrum vegna bilunar á vél eða af öðrum ástæðum, greiðir vátryggjandi kostnað af því í hlutfalli við vátryggingarupphæðina, að frádregnum 25%.

Öll þau skip, sem tryggð eru samkvæmt lögum þessum, eða af Samábyrgðinni, svo og öll þau skip, sem Skipaútgerð ríkisins eða ríkissjóður gerir út eða sér um útgerð á, eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska. Greiðslu fyrir slíka hjálp verður ekki krafizt eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn hlutaðeigandi félags, ef bæði skipin eru tryggð hjá sama félagi, ella af stjórn Samábyrgðarinnar. Greiða skal aðeins það fjártjón og þann tilkostnað, sem hjálpin hefur bakað þeim, er hana veitti. Sbr. einnig 13. gr. 3. málsgr., og aldrei getur greiðslan orðið hærri en vátryggingarfjárhæð skipsins, sem hjálpina þáði. Ákvæði laga nr. 32 9. jan. 1935 um hlutdeild skipshafnar í björgunarlaunum breytist í samræmi við ákvæði greinar þessarar.

23. gr.

Þegar gert er við skip, sem orðið hefur fyrir tjóni, sem vátryggjendum ber að greiða, greiðir félagið ekki þann aukakostnað, sem stafar af eftir- eða helgidagavinnu, nema að svo miklu leyti sem við þá vinnu sparast önnur útgjöld fyrir vátryggjendur.

Leifar skips, sem farizt hefur eða dæmt hefur verið ónýtt, svo og verð braks, sem rifið er úr skipi, sem gert er við á kostnað vátryggjanda, er eign vátryggjanda að réttri tiltölu við virðingarupphæð þess, sem vátryggt er.

24. gr.

Opnir vélbátar eru allir þeir vélbátar, sem ekki eru með fullu þilfari. Fyrir þá gilda þessi ákvæði sérstaklega:

Bætur fyrir tjón á opnum vélbáti skal greiða samkvæmt sömu reglu sem um aðra vélbáta, ef báturinn ferst algerlega eða er dæmdur ónýtur eða óbætanlegur af skoðunarmönnum félagsins, en hálfar ella.

Þó skal félagið ávallt greiða að sínum hluta kostnað við björgun á opnum vélbáti, sem orðið hefur fyrir áfalli, og skaða, er hlýzt af nauðlendingu, enda fari kostnaðurinn ekki fram úr vátryggingarfjárhæðinni.

Stjórn félagsins getur krafizt þess, að opnir vélbátar séu settir á land eftir hverja notkun í sjóferð. Hafi félagsstjórn krafizt þessa, verða engar bætur greiddar fyrir tjón, sem af því kann að leiða, að út af er brugðið.

25. gr.

Nú sannast það, að skipstjóri hafi af ásettu ráði eða í sviksamlegum tilgangi valdið tjóninu, og má þá draga allt að 20% af skaðabótafénu, enda þótt vátryggðum annars hefðu borið fullar bætur. Hafi vátryggður sjálfur í sviksamlegum tilgangi tvítryggt hið sama, eða hafi hann gerzt valdur að tjóni af ásettu ráði eða fyrir hirðuleysi, er félagið laust allra mála um skaðabótaskyldu gagnvart honum.

Hins vegar skal félaginu ávallt skylt að greiða svo mikið af skaðabótafénu sem þarf til að greiða lán, er veitt hafa verið gegn veði í skipinu eða bátnum, enda skerða ákvæði laga þessara um niðurfall skaðabótaskyldu vátryggingarfélaga að einhverju eða öðru leyti í einstökum tilfellum aldrei rétt veðhafa til innheimtu vátryggingarfjárins hjá félaginu.

Skaðabætur greiðast þó aldrei, ef tjón verður af þeim orsökum, er greinir í 21. gr., 5. og 6. tölulið.

Félagið á ætíð endurgjaldskröfu á hendur þeim, sem sekur er samkvæmt fyrri hluta þessarar greinar.

26. gr.

Öll skjöl og reikninga snertandi tjón og aðgerð á skipi skal þegar að aðgerðinni lokinni afhenda hlutaðeigandi félagi. Skal tjónið þá gert upp innan eins mánaðar frá afhendingu skjalanna. Félagið og skipseigandi koma sér saman um það, hversu aðgerð skuli hagað, og greiða kostnaðinn í hlutfalli við áhættu sína.

Aðgerðarreikningar, sem ekki eru komnir í hendur stjórnar félagsins áður en 1 mánuður er liðinn frá því að aðgerðinni er lokið, verða ekki teknir til greina, nema sannað sé fyrir stjórn félagsins, að gildar ástæður séu, að hennar dómi, fyrir þeim drætti, sem orðið hefur á því að gera kröfu.

Sama gildir um aðrar kröfur vegna sjótjóns, ef þær eru ekki komnar félagsstjórninni í hendur innan mánaðar frá því að tjónið varð.

Afrit af tjónbótaniðurjöfnun skal ávallt senda Samábyrgðinni.

V. KAFLI
Skyldur vátryggða.

27. gr.

Þegar vátryggt skip verður fyrir tjóni, sem bótaskylt er samkvæmt lögum þessum, skal eigandi skipsins, eða formaður þess í hans stað, þegar í stað tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi félagsstjórnar og gefa nákvæma skýrslu um atvikin. Skýrslan skal rituð á þar til gerð skýrsluform, er Samábyrgðin semur og lætur vátryggjendum í té.

Tjón, sem ekki hefur verið tilkynnt innan hálfs mánaðar frá því er það vildi til, getur félagsstjórnin neitað að taka til greina, nema sannað sé fyrir henni, að óviðráðanlegar orsakir séu til dráttarins.

28. gr.

Skylt er bæði skipstjóra og útgerðarmönnum að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að draga úr tjóni, svo að það verði sem allra minnst. Þeim ber að hlíta þeim ráðstöfunum, sem stjórn félagsins kann að gera í því skyni.

Á vátryggðum hvílir skylda til þess að færa sönnur á tjónið og hve miklu það hefur numið.

29. gr.

Skipstjórar á hinum vátryggðu skipum verða að fullnægja þeim reglum, sem settar eru í gildandi lögum á hverjum tíma um rétt til að vera skipstjóri á slíkum skipum, sem þeir stjórna, og í þeim siglingum, er þau ganga. Skipin verða einnig að fullnægja ákvæðum laganna um útbúnað, áhöfn, ljós- og bendingarfæri o. fl.

Félögin og Samábyrgðin geta hvort um sig neitað skipstjórn þess skipstjóra, sem þrisvar hefur orðið fyrir bótaskyldu tjóni á skipum, sem tryggð eru samkvæmt lögum þessum. Ef eigandi skips hlítir ekki fyrirmælum um þetta, verða ekki bætt þau tjón, er sá skipstjóri verður fyrir.

Hvert það skip, sem hefur mótor í lokuðu rúmi, skal hafa meðferðis öflugt slökkvitól, sem tekið er gilt af Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og skal það haft einhvers staðar fyrir utan vélarrúmið, þar sem auðvelt er að ná til þess. Í vélarrúmi mega ekki vera nein þau tæki, sem eldur er notaður við, að undanteknum lömpum þeim, sem nauðsynlegt er að hafa við rekstur og gæzlu mótorsins.

VI. KAFLI
Um iðgjöld og iðgjaldaendurgreiðslu.

30. gr.

Iðgjöld skulu á hverjum tíma ákveðin af atvinnumálaráðuneytinu, að fengnum tillögum Samábyrgðarinnar og starfandi vélbátavátryggingarfélaga.

Þar, sem sérstaklega stendur á að dómi atvinnumálaráðuneytisins og Samábyrgðarinnar, skal heimilt að ákveða iðgjöldin með hliðsjón af því áhættusvæði, þar sem skipinu er ætlað að vera í förum.

Vátryggingarfélag hefur lögveð í skipi fyrir skoðunarkostnaði og vátryggingariðgjöldum, þó eigi fyrir lengra tímabil en 2 ár frá gjalddaga þeirra að telja.

Vátryggingin gengur í gildi þegar áskilið iðgjald og stofnsjóðsgjald er ákveðið, og eiga félögin kröfu á að fá greitt iðgjald fyrir vátryggt skip frá þeim tíma, er beðið var um vátrygginguna.

31. gr.

Endurgreiða skal iðgjald fyrir skip, sem staðið hefur í landi eða verið lagt tryggilega fyrir festum á öruggum stað, sem stjórn félagsins telur gildan, ef slík landstaða eða hafnlega hefur varað að minnsta kosti einn mánuð samfleytt. Ef tjónbætur á vátryggingarárinu fara fram úr helmingi hins greidda iðgjalds, fellur endurgreiðsla niður fyrir það vátryggingarár. Sömu reglur gilda um endurgreiðslu, ef skip flyzt milli vátryggingarfélaga eða hættir að vera vátryggingarskylt.

Endurgreiðslu þessa skal reikna hlutfallslega af hinu greidda ársiðgjaldi.

Vottorð tveggja manna, sem stjórn félagsins tekur gilda, um uppistöðu eða hafnlegu þá, er hér um ræðir, skal afhenda stjórn félagsins og er skilyrði fyrir, að endurgreiðsla verði látin af hendi.

Skipin eru þó ávallt tryggð fyrir venjulegri hafnaráhættu (revier), þegar þau liggja uppi. En fyrir þá áhættu skal greiða iðgjald eins og ákveðið verður í iðgjaldaskránni.

32. gr.

Ágreining milli félags og skipseiganda má leggja í gerð. Í gerðardóminn kveður hvor málsaðili einn mann, en héraðsdómari í því héraði, þar sem félagið á heima, eða fulltrúi hans, skal vera oddamaður, enda séu þeir á engan hátt við málið riðnir. Sé svo, skipar atvinnumálaráðherra oddamann.

Ágreining milli félaga, sem endurtryggja hjá Samábyrgðinni, og milli félaganna og Samábyrgðarinnar skal leggja í gerð á sama hátt, en þá skipar atvinnumálaráðherra oddamann gerðardómsins, og skal það vera einn af dómurum hæstaréttar.

Gerðardómur í ágreiningsmáli félags og skipseiganda skal háður þar, sem félagið á lögheimili, en sé ágreiningurinn milli tveggja félaga eða milli félags og Samábyrgðarinnar, skal gerðardómurinn háður í Reykjavík.

Ef gerðardómsmenn verða ekki á eitt sáttir, ræður atkvæði oddamanns úrslitum.

Nú hefur annar hvor málsaðila ekki kvatt mann í gerðardóminn og tilkynnt það, svo sannanlegt sé, hinum málsaðila 30 dögum eftir að sannanlegt er, að hann hafi fengið vitneskju um kvaðningu andstæðings síns, og skal þá héraðsdómari í því lögsagnarumdæmi, þar sem gerðardómurinn er háður, skipa gerðardómsmann í hans stað.

Nú hefur ágreiningurinn ekki getað orðið útkljáður vegna vanrækslu annars gerðardómsmanna 30 dögum eftir að hann var nefndur í dóminn, og á þá hinn gerðardómsmaðurinn rétt á að gera út um málið ásamt oddamanninum, og ræður þá atkvæði oddamanns úrslitum, ef þeir verða eigi á eitt sáttir. Oddamaður sker úr því, hvort gerðardómsmaður hafi gert sig sekan í vanrækslu.

Í gerðardómnum skal það og ákveðið, hvort málskostnaður skuli að öllu eða nokkru leyti falla á annan málsaðila, eða hvernig skuli skipta honum milli málsaðila.

Gerðardómur uppkveðinn samkvæmt þessum ákvæðum er óraskanlegur.

33. gr.

Þegar vátryggðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til vátryggingarfjárins. Þegar vátryggingarfé er útborgað, ber félaginu skylda til þess að rannsaka, hverjir hafi veð í skipinu, og að haga útborgun fjárins eftir því.

34. gr.

Ef félögin leggjast niður, skal eignum þeirra varið í þarfir hlutaðeigandi héraðs, eftir tillögum bæjarstjórnar eða sýslunefndar, enda komi samþykki atvinnumálaráðuneytisins til.

Þetta gildir þó ekki, er einstök félög leggjast niður vegna þess, að tvö eða fleiri

félagssvæði sameinast. Ganga eignirnar þá til þess félags, er tekur við tryggingarstarfsemi á félagssvæðinu.

35. gr.

Vátryggingarfélög, sem starfa samkvæmt lögum þessum, eru undanþegin gjöldum til bæjar- og sveitarsjóða, svo og undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs.

36. gr.

Lög, venjur og reglur Samábyrgðarinnar gilda um þau atriði, sem eigi eru ákveði um í lögum þessum.

37. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 27 13. jan. 1938 og lög nr. 38 27. júní 1941.

38. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Meðan núverandi ófriður helzt, mega félögin stríðstryggja skip þau, er þau hafa í sjóvátryggingu. Áhættan skal skiptast milli félaganna og Samábyrgðarinnar eftir sömu hlutföllum og áhættan við sjóvátryggingarnar. Að öðru leyti skulu tryggingar þessar fara eftir þeim reglum, sem Samábyrgðin setur.
2. Samábyrgðin getur veitt vélbátaábyrgðarfélagi því, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, undanþágu frá skyldutryggingu samkvæmt lögum þessum um ákveðið árabil.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af stjórn Samábyrgðarinnar, með aðstoð tryggingarsérfræðings og lögfræðings félagsins.

Að baki er nú fjögurra ára reynsla af lögunum um vélbátaábyrgðarfélögin. Reynslutími þessi er eflaust ekki nægilega langur til þess, að allt það sé í ljós komið, sem tillit þarf að taka til í þessari löggjöf. Eigi að síður þótti ekki annað fært en að endurskoða lögin í heild, vegna annmarka á framkvæmd þeirra, svo tilgangi þeirra verði náð.

Hér skulu taldar helztu efnisbreytingar frá þeim lögum, er nú gilda.

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 2. gr.

Í hana er tekið efni 3. gr. gömlu laganna. Helzta breyting sú, að skyldutryggingin nær til 100 smál. skipa, í stað 70 smálesta, er áður var.

Um 3. gr.

Í henni er efni 2. gr. gildandi laga, og þó mjög stytt, því sú grein var aðallega um stofnun félaganna.

Um 4. gr.

Aðalbreytingin er sú, að ábyrgð ríkissjóðs fyrir skuldbindingum félaganna er færð úr 300 þús. kr. í 800 þús. kr. Þetta er í samræmi við þá verðhækkun, sem orðin er á skipum, síðan lögin voru sett.

Um 5. gr.

Í þessari grein felst sú breyting, að félögin megi hafa í eigin ábyrgð mest 30 þús. kr. í einu skipi, í stað 20 þús. kr., sem heimilt er nú. Þessi hækkun er miklu

minni en svarar verðlagshækkuninni, en vegna fátæktar félaganna og takmarkaðrar tryggingar, þykir ekki fært að hafa þessa breytingu stórfelldari.

Um 6. gr.

Greinin er óbreytt að efni til.

Um 7. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 8. gr.

Aðeins orðalagi þessarar greinar er breytt, til þess að koma í veg fyrir misskilning.

Um 9. gr.

Er 10. gr. úr núgildandi lögum óbreytt. En 9. gr. þeirra laga fellur niður.

Um 10. gr.

11. gr. gömlu laganna óbreytt.

Um 11. gr.

Þessi grein var áður 12. gr. Breytingar á henni eru aðallega orðabreytingar. Efnisbreytingar eru þær einar, að inn í þessa gr. er tekið ákvæði 2. gr. gömlu laganna um stofngjald. Enn fremur, að Samábyrgðin geti látið endurmeta skip, hvenær sem henni þykir ástæða til.

Um 12. gr.

Þetta er 13. gr. gömlu laganna endursamin þannig, að hún á ekki að misskiljast, eins og áður kom oft fyrir.

Um 13. gr.

Þetta er 14. gr. gömlu laganna, óbreytt að öðru leyti en því, að nú eru félögin undanþegin þeirri kvöð að bæta óbein tjón. Félögunum hefur verið sýnd svo mikil ágengni vegna svo kallaðra óbeinna tjóna, að til fulls voða horfir, nema þeim sé veitt lagavernd gegn slíkum kröfum.

Um 14. gr.

Greinin er óbreytt 15. gr. gömlu laganna að efni til, en orðalagi breytt lítils háttar.

Um 15. gr.

Greinin er óbreytt 16. gr. gömlu laganna.

Um 16. gr.

Greinin er óbreytt 17. gr. gömlu laganna.

Um 17. gr.

Greinin er efnislega óbreytt 18. gr. gömlu laganna.

Um 18. gr.

Óbreytt 19. gr. gömlu laganna.

Um 19. gr.

Óbreytt 20. gr. gömlu laganna.

Um 20. gr.

Óbreytt 21. gr. gömlu laganna.

Um 21. gr.

Greinin er að efni til óbreytt 22. gr. gömlu laganna.

Um 22. gr.

Greinin svarar til 23. gr. gömlu laganna, með þeirri breytingu, að skip þau, er ríkissjóður gerir út (Skipaútgerð ríkisins), hafa nú sömu skyldur gagnvart þeim skipum, sem tryggð eru hjá félögunum, eins og þau skip hvert gagnvart öðru. Þessi breyting er í samræmi við samning, sem Samábyrgðin hefur gert við ríkisstjórn Íslands og Skipaútgerð ríkisins.

Um 23. gr.

Óbreytt 24. gr. gömlu laganna.

Um 24. gr.

Óbreytt 25. gr. gömlu laganna, með breytingu frá 1941 á þeirri grein.

Um 25. gr.

Óbreytt 26. gr. gömlu laganna.

Um 26. gr.

Greinin er að efni óbreytt 27. gr. gömlu laganna.

Um 27. gr.

Óbreytt 28. gr. gömlu laganna.

Um 28. gr.

Óbreytt 29. gr. gömlu laganna.

Um 29. gr.

Þessi gr. svarar til 30. greinar gömlu laganna. En við er bætt heimild félögunum og Samábyrgðinni til handa til þess að neita skipstjórn þess manns, er þrisvar hefur orðið fyrir bótaskyldu tjóni á skipi, er vátryggt er samkv. þessum lögum.

Um 30. gr.

Óbreytt 31. gr. gömlu laganna.

Um 31. gr.

Þetta er 32. gr. gömlu laganna að því viðbættu, að um endurgreiðslur iðgjalda gildi sömu reglur, þegar skip flyzt milli vátryggingarfélaga, eins og um uppistöðu eða hafnarlegu væri að ræða.

Um 32. gr.

Óbreytt 33. gr. gömlu laganna, með breytingunni frá 1941.

Um 33. gr.

Óbreytt 34. gr. gömlu laganna.

Um 34. gr.

Greinin svarar til 35. greinar gömlu laganna, með viðbót, er skýrir sig sjálf.

Um 35. gr.

Óbreytt 36. gr. gömlu laganna.

Um 36. gr.

Efnislega sama og 37. gr. gömlu laganna.

Um 37. og 38. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Við undanþágu fyrir Vestmannaeyjafélagið er gerð sú breyting, að Samábyrgðin skuli veita hana. Þykir nauðsyn til bera, er slík undanþága er veitt, að um leið sé tryggt, að félagið, sem undanþáguna fær, ræki hliðstæðar skyldur við báta, skrásetta þar, þeim skyldum, sem félögin, er starfa samkvæmt lögum þessum, takast á hendur gagnvart bátum, sem skrásettir eru á félagssvæðum þeirra.

Ákvæðið um stríðstryggingar er óbreytt úr lögunum frá 1941.

Nd. 174. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 9. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Á meðan vísitala kauplagsnefndar er hærri en 110, miðað við grunntöluna 100 í jan.—marz 1939, skulu fjárhæðir þær, sem um getur í 2. og 3. tölulið, hækkaðar sem nemur meðalframfærslukostnaði á skattárinu samkvæmt vísitölu kauplagsnefndar.

2. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Í kaupstöðum jafnar niðurjöfnunarnefnd niður útsvörum. Utan Reykjavíkur er formaður skattanefndar einnig formaður niðurjöfnunarnefndar. Auk þess eiga sæti í nefndinni fjórir menn, kosnir hlutbundnum kosningum af bæjarstjórn í nóvembermánuði ár hvert til eins árs í senn. Í Reykjavík kýs bæjarstjórn á sama hátt og til sama tíma fimm menn í niðurjöfnunarnefnd, og einn þeirra formann nefndarinnar. Með sama hætti skal kjósa fjóra — í Reykjavík fimm — menn til vara, er taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Kjörgengir eru þeir, sem kjörgengir eru til bæjarstjórna. Skylt er hverjum manni, sjálfum sér ráðandi, yngri en 60 ára, heilum og hraustum, konum jafnt sem körlum, að starfa í niðurjöfnunarnefnd, en óskylt er þó sama manni að sitja í henni samfleytt lengur en 6 ár, enda þarf hann ekki að taka við endurkjöri fyrr en 6 ár eru liðin síðan hann sat síðast í nefndinni. Í Reykjavík skal skrifstofustjóri skattstjóra aðstoða við starf niðurjöfnunarnefndarinnar og veita allar upplýsingar sem hægt er.

Áður en niðurjöfnunarnefndarmaður tekur í fyrsta skipti til starfa í nefndinni, vinnur hann skriflegt drengskaparheit um að rækja starfið með alúð og samvizkusemi.

Bæjarstjórn ákveður þóknun niðurjöfnunarnefndar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og koma ákvæði 1. gr. þegar til framkvæmda við innheimtu útsvara, álagðra á árinu 1942.

Nd. 175. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Flm.: Garðar Þorsteinsson, Sigurður Kristjánsson.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, sem verður 1. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Á eftir b-lið í 8. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi: Ef hann rekur atvinnu í fleiri sveitum en einni, ekki skemur en 8 vikur. Svo og ef rekin hefur verið verzlun, hvalveiði, síldarkaup, síldarsala, síldarverzlun eða annar síldaratvinnurekstur, verksmiðjuiðnaður, hvers konar sem hann er, enda þótt skemur sé rekið. Ákvæði þetta nær þó ekki til veiðiskipa, sem leggja upp afla sinn utan heimilissveitar.

2. Við 1. gr.
   a. Framan við greinina bætist:
      Fyrir „a.—c.-liðir“ í 1. lið a. í 9. gr. laganna komi: a.—d.-liðir.
      1. tölul. c. í sömu lagagrein falli burt.
   b. Fyrir „9. gr. laganna“ í upphafi greinarinnar komi: sömu lagagrein.

Ed. 176. Þingsályktun

um rannsókn á kostnaði við að byggja brimbrjót við Húsavíkurhöfn.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl).

Samhljóða þskj. 141.

Nd. 177. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:
Samábyrgðin má ekki hafa í eigin ábyrgð hærri upphæð en 35000 kr. í neinu skipi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Ákvæði þau, er hér er farið fram á, að breytt verði, eru nær 40 ára gömul og því algerlega ósamrýmanleg þörfum Samábyrgðarinnar.

Nd. 178. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: eða þótt eigandi þeirra sé að öðru leyti undanþeginn greiðslu tekjuskatts.
2. Við 3. gr.
   a. 4. málsgr. orðist svo:
      Ef nokkuð af ársarði þessara félaga er lagt í varasjóð, eru ¾ hlutar þeirrar upphæðar undanþegnir tekjuskatti og koma til frádráttar við ákvörðun

skattskyldra tekna, þó eigi hærri fjárhæð en nemur ½ — einum fimmta — af hreinum tekjum félags áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum. Hjá þeim félögum, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, og félögum, sem samkv. lögum geta ekki úthlutað varasjóði sínum við félagsslit, sbr. t. d. 3. gr. l. nr. 46 13. júní 1937, má þó sá hluti varasjóðstillagsins, sem er undanþeginn tekjuskatti og kemur til frádráttar, nema ⅓ — einum þriðja — af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur, samvinnuskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum.

b. Á eftir b-lið komi nýr liður, er verði c-liður, svo látandi:
Ver fé til einhvers annars, sem er óviðkomandi rekstrinum, t. d. kaupa á eignum, hvers eðlis sem eru, sem ekki geta talizt nauðsynlegar við rekstur félagsins. Undanskilin eru þó opinber verðbréf ríkis- og bæjarfélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð, svo og eignir, sem félag hefur orðið að taka í sambandi við reksturinn, án þess að um bein eignakaup sé að ræða.

c. c-liður verði d-liður, og upphaf hans orðist svo:
Kaupir eign, sbr. c-lið, óeðlilega háu verði .....

3. Við 7. gr. Greinin falli niður.

Nd. 179. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 3. gr. Í stað orðanna „9. málsgr. þessarar greinar“ í 6. málsgr. komi: ákvæðum næstu málsgreinar hér á undan.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   a. Fyrir „500 krónur“ í d-lið 10. gr. laganna komi: 1000 kr.
   b. Aftan við e-lið 10. gr. laganna bætist: Enn fremur sjúkrakostnaður þeirra manna, sem ekki hafa aðgöngu að sjúkrasamlagi, enda séu fullar sönnur færðar fyrir þeim útgjöldum, að dómi skattanefndar.
   c. g-liður 10. gr. laganna hljóði þannig: Eignarskatt, sem greiddur hefur verið á árinu.
3. Við 8. gr. Orðin „Borgun til formanna telst þó innifalin í embættislaunum þeirra“ í lok greinarinnar falli niður.
4. Við 12. gr. Fyrsta málsgrein e-liðar (59. gr.) orðist svo: Þriggja manna nefnd sú, er skipuð var samkv. g-lið (61. gr.) 4. gr. laga nr. 9 5. maí 1941, skal hafa eftirlit með því, að fylgt sé fyrirmælum laga þessara um ávöxtun og ráðstöfun á fé nýbyggingarsjóðs, en ákvæði laga þessara gilda bæði um það fé, er greitt var í nýbyggingarsjóð árið 1941, og það fé, sem síðar er í hann lagt. Nefndin er skipuð af ráðherra, einn eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, annar eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, en hinn þriðji án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Nú verður autt sæti nefndarmanns, og skipar þá ráðherra mann í nefndina í hans stað, eftir þeirri reglu, er að framan greinir.

Nd. 180. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og athugað allar greinar þess. Eru nefndarmenn sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, en tillögur um breytingar flytur nefndin á sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur um einstök atriði, sem ekki hefur náðst samkomulag um í nefndinni.

Að öðru leyti skal tekið fram það, er hér fer á eftir.

JPálm og ÞBr taka fram, að þeir telja óvarlega ráðið að afnema úr lögunum heimild til frádráttar á tekjuskatti og útsvari og að heppilegra hefði verið að hækka skattinn með breytingu á skattstiga. En þar sem þegar hefur verið samið um, að breytingin sé gerð á þennan hátt, þá sjá þeir eigi þýða að flytja tillögu til breytinga um það.

Út af athugasemd þeirra JPálm og ÞBr vilja þeir SkG og SvbH taka fram, að þeir telja ekki mögulegt að ná hæfilegum sköttum af þeim mikla gróða, sem margir einstaklingar og félög höfðu á næstliðnu ári, nema með því, að hætt sé að draga tekjuskatt og útsvör frá tekjunum áður en skattur er reiknaður, eins og lagt er til í þessu frv.

HG fellst á, að nú sé rétt, með tilliti til þess, að skattar og útsvör, sem greidd voru á síðasta ári, námu allháum upphæðum hjá flestum hinna tekjuhæstu gjaldenda, að hætta að draga þessar greiðslur frá við ákvörðun skattskyldra tekna og breyta skattstiganum til samræmis við það. Jafnframt áskilur hann sér rétt til þess að bera fram við 3. umr. till. til breytinga á skattstiganum, einkum á bilinu milli 25—50 þús. kr., þar sem virðist vera um nokkra ástæðulausa lækkun að ræða. Hins vegar er HG algerlega mótfallinn því að taka upp þá reglu að fella niður skatt af öllu því fé, sem félög leggja í varasjóði, með þeim takmörkunum einum, að það fari eigi fram úr ákveðnum hluta af hreinum tekjum. Hann telur einsætt að halda jafnframt þeirri reglu, sem ávallt hefur verið fylgt, að veita skattfrelsi aðeins fyrir ákveðinn hundraðshluta af varasjóðstillaginu. Samkvæmt gildandi lögum verða t. d. útgerðarfélög að leggja 100 kr. í varasjóði til þess að fá 50 kr. af tillaginu skattfrjálsar. Er þetta tvímælalaust hin áhrifamesta uppörvun til félaganna til þess að binda sem allra mest af arði hvers árs í varasjóði. Sé þetta ákvæði fellt niður og fullt skattfrelsi veitt fyrir allt varasjóðstillagið, er aukið frjálsræði félaganna til þess að verja fé til arðsúthlutunar og annarra ráðstafana, sem á engan hátt tryggja framtíðaröryggi félagsins og starfsemi þess. Í sömu átt hníga önnur ákvæði sömu greinar, um að fella niður bannið við því að verja fé varasjóðs til þess, sem er óviðkomandi starfsemi félagsins, t. d. til kaupa á eignum, sem ekki geta talizt nauðsynlegar vegna rekstrarins, svo og ákvæði 7. gr. frv. um, að hlutabréf skuli jafnan talin fram til eignarskatts með nafnverði, án tillits til þess, þótt sannvirði þeirra sé margfalt hærra og arðsútborgun í samræmi við það.

HG telur, að með því að hvetja félögin til að auka arðsútborganir og draga úr aðhaldi um eflingu varasjóðs og ráðstöfun þeirra sé stefnt í þveröfuga átt við það, sem vera ætti. Í stað þess að herða á ákvæðum um bindingu þess hluta stríðsgróðans, sem ekki er tekinn með sköttum, er í frv. lagt til, að sjálfræði eigendanna um notkun hans sé gert víðtækara en nú er. Á sérstöku þingskjali mun HG bera fram breytingartillögu varðandi fyrrgreind ákvæði frv.

Í sambandi við athugasemdir HG vilja aðrir nefndarmenn taka fram:

Eftir þessu frv. geta hlutafélög, sem hafa sjávarútveg að aðalatvinnurekstri, fengið skattfrjálst tillag í varasjóð og nýbyggingarsjóð, sem nemur ⅓ af hreinum tekjum þeirra, áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum. Af hinum ⅔ teknanna er síðan reiknaður skatt-

ur eftir þessu frv. og frv. um stríðsgróðaskatt. Komast þeir skattar samtals í 90% af tekjum umfram 200 þús. kr., sem er miklu hærra en áður hefur verið í lögum. Samkvæmt þessu munu félögin leggja í varasjóð og nýbyggingarsjóð af tekjunum 33⅓%, en greiða í skatta af tekjunum, eftir að hámarkinu er náð, 60%. Eru þá eftir 6⅔% af tekjunum, en af þeim hluta þurfa félögin að greiða eignarútsvör og rekstrarútsvör, ef þau eru á lögð.

HG hefur engar tillögur gert um breytingar á skatti af hæstu tekjunum. Hann er einnig samþykkur þeim ákvæðum frv., að útgerðarfélögin geti fengið skattfrjálst varasjóðstillag, sem nemi ⅓ af tekjunum. Hins vegar vill hann setja það skilyrði, að félögin leggi nokkru meira fé í varasjóð, þannig, að eigi sé skattfrjálst meira en ¾ af varasjóðstillaginu. Samkvæmt þeirri tillögu hans þyrftu því félögin að leggja í varasjóð 44—45% af heildartekjunum, til þess að geta fengið skattfrjálst varasjóðstillag, sem nemur ⅓ af tekjunum, eins og HG er sammála öðrum nefndarmönnum um, að rétt sé að veita. En þar sem 60% af tekjunum, eftir að þær eru komnar í vissa hæð, fer í tekjuskatt og stríðsgróðaskatt, eins og áður segir, er tillaga HG um að leggja 44—45% af tekjunum í varasjóð ekki framkvæmanleg að því er snertir tekjuhá fyrirtæki, þar sem ekki er hægt að ráðstafa á þennan hátt meiru en tekjunum nemur, og geta aðrir nefndarmenn því ekki fallizt á tillögu hans.

Út af því, sem HG segir um 7. gr. frv. og arðsútborganir í því sambandi, vilja aðrir nefndarmenn taka fram, að þeir geta ekki fallizt á þá skoðun HG, að ákvæði 7. gr. frv. snerti arðsútborgun úr félögunum eða sé hvatning til þess að auka úhlutun á arði. Þótt 7. gr. verði samþykkt og þar með ákveðið, að eigi skuli reikna tvöfaldan eignarskatt af eignum hlutafélaga, eru eftir sem áður í gildi fyrirmæli um það, að af öllum arðsútborgunum hjá félögunum, sem eru umfram 5% af hlutafé, skuli reiknaður tekjuskattur bæði hjá félögunum sjálfum og hluthöfunum. Sé varasjóðseign notuð til arðsúthlutunar, verða félögin auk þess að greiða tekjuskatt af 20% hærri upphæð en varið er úr varasjóði í þessu skyni. Þá er það nýmæli í frv., að ef félag kaupir eign óeðlilega háu verði, að dómi skattanefndar, skuli telja, að mismunur kaupverðsins og matsverðs skattanefndar sé tekinn úr varasjóði. Borga félögin þá skatt af þeim mismun, að viðbættum 20%, og sú upphæð er einnig skattlögð hjá hluthafa, ef eignin hefur verið keypt af honum. Er þetta ákvæði sett til þess að fyrirbyggja, að hægt sé að úthluta varasjóðum eða öðrum eignum félaganna á þann hátt að láta félögin kaupa eignir af hluthöfunum eða öðrum fyrir óeðlilega hátt verð.

Í sambandi við framanritað bendir HG á, að til þess að skattar og varasjóðstillag til samans geti farið fram úr hreinum tekjum, þurfi tekjurnar að vera svo háar, að slík dæmi megi teljast til undantekninga, og jafnframt, að í síðustu málsgr. 3. gr. frv. sé einmitt gert ráð fyrir, að þegar svo stendur á, skuli heimilt að taka þá fjárhæð, sem á vantar, úr varasjóði. Enn fremur, að sá hluti, sem bæjar- og sveitarfélög fá af stríðsgróðaskattinum, skv. þskj. 126, eigi að koma í stað tekjuútsvara af öllum tekjunum umfram 200 þús. kr., þannig að þeim sé bannað að leggja tekjuútsvar á þær tekjur, en samkvæmt gildandi lögum er sveitar- og bæjarstjórnum heimilt að leggja útsvar á allar tekjur, einnig þann hluta teknanna, sem lagður er í varasjóð.

Alþingi, 14. apríl 1942.

Sveinbjörn Högnason, form.	Jón Pálmason, fundaskr.	Skúli Guðmundsson, frsm.
Haraldur Guðmundsson.	Þorsteinn Briem.	

Nd. 181. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Skúla Guðmundssyni og Sveinbirni Högnasyni.

Á eftir 10. gr. frv. komi 2 nýjar greinar, er verði 11. og 12. gr., svo hljóðandi:

a. (11. gr.) 42. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra skipar lögfræðing til þess að hafa á hendi rannsóknir í skattamálum, er hafi heimild til þess að hefja rannsókn og setja rétt í hvaða umdæmi landsins sem er. Auk valds rannsóknardómara skal hann hafa sama rétt til þess að krefjast upplýsinga og sama aðgang að bókum og skjölum og ríkisskattanefnd hefur samkvæmt lögum þessum. Kostnaður af þessari ráðstöfun greiðist úr ríkissjóði.

Er mál er svo vaxið, að yfirskattanefnd eða ríkisskattanefnd telur sig ekki geta fengið nægar upplýsingar um tekjur og eignir skattþegns eða framtal þykir tortryggilegt, getur nefndin vísað málinu til rannsóknar samkvæmt 1. mgr. Fjármálaráðherra getur og gefið fyrirmæli um, að rannsókn skuli hafin, er hann telur ástæðu til. Að rannsókn lokinni skal afrit af prófum málsins, ásamt greinargerð um niðurstöður rannsóknarinnar, send aðila þeim, er rannsóknar hafði beiðzt, en sá aðili hlutast síðan til um frekari afgreiðslu málsins samkvæmt þessum lögum.

b. (12. gr.) 43. gr. laganna orðist svo:

Skattanefndir allar og skattstjórar bæjanna skulu halda gerðabækur, er fjármálaráðuneytið lætur gera á kostnað ríkissjóðs. Löggildir lögreglustjóri gerðabækur skattanefnda og skattstjóra, en fjármálaráðuneytið gerðabækur yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar.

Í gerðabækur skattanefnda skal meðal annars rita skattskrárnar og úrskurði. Skattskrá skal þó eigi rita í gerðabók skattstjóra. Yfirskattanefndir og ríkisskattanefnd skrá og í gerðabækur sínar úrskurði og aðrar ákvarðanir.

Formenn skattanefnda og skattstjórar skulu árlega láta niðurjöfnunarnefnd í té ókeypis endurrit af skattskrám, til afnota við niðurjöfnun útsvara. Svo skulu og formenn skattanefnda og skattstjórar gefa hagstofunni skýrslur um skattálagninguna, í því formi, sem hún fyrirskipar.

Nd. 182. Breytingartillaga

við frumv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Jóni Pálmasyni og Þorsteini Briem.

Við 2. gr. Síðasti málsl. orðist svo: þ. e. nafnverð hlutabréfanna eða kaupverð, ef sannað er, að þau hafi verið keypt á öðru verði að minnsta kosti 3 árum fyrir félagsslit.

Nd. 183. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 94 23. júní 1936, um fræðslu barna.

Frá menntamálanefnd.

27. grein laganna orðist svo:

Lækniseftirliti með heilbrigði skólabarna og kennara og hollustuháttum skólanna skal haga eftir reglum, er ráðherra heilbrigðismálanna setur í samráði við yfir-

stjórn fræðslumálanna, enda er ráðherra heimilt að ráða sérfróðan lækni, er verði skólayfirlæknir landsins, til að skipuleggja og hafa yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti í skólum, svo og íþróttastarfseminni í landinu.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum landlæknis, en nefndarmenn eru óbundnir gagnvart breytingum. Málinu fylgdu svo hljóðandi athugasemdir og skýringar:

„Nákvæmt eftirlit með heilsusamlegri aðbúð og uppeldi barna og unglinga er meginþáttur allrar heilsuverndar. Þetta hefur verið viðurkennt af hinu opinbera með því, að síðan 1916 hefur að þess tilhlutun nokkurt lækniseftirlit verið haft með hollustuháttum í barnaskólum, og flestir aðrir skólar einnig látið sig slíkt nokkru varða. Styðjast þessar ráðstafanir fyrst og fremst við ákvæði berklavarnarlaganna (9. og 21. gr. laga nr. 66 31. des. 1939) og fræðslulaganna (27. gr. laga nr. 94 23. júní 1936), en framkvæmdunum er hagað samkvæmt landlæknisauglýsingum 7. sept. 1916 og 20. okt. 1921 (Lögbirtingablaðið, 40. tbl. 1916 og 44. tbl. 1921). Þó að Reykjavíkurkaupstaður og nokkrir aðrir stærstu kaupstaðirnir hafi sinnt þessu heilbrigðiseftirliti og heilsuverndarstarfi nokkru framar en bein lagaskylda býður, er sannast mála, að víðast er skólaeftirlitið nafnið eitt, og alls staðar vantar mikið á, að það sé rækt eins og vert væri og á þann hátt, að það sé líklegt til að bera tilætlaðan árangur. Skortir einkum tilfinnanlega, að þess samræmis sé gætt um athuganir þær, sem gerðar eru, að af þeim verði dregnar ályktanir, er leitt geti til heildarniðurstöðu um ástandið, en slíkt er skilyrði þess, að örugg stoð verði í eftirlitinu, ef til þess kæmi að gera verulegar ráðstafanir til heilsuverndar og líkamlegrar menningar hins uppvaxandi æskulýðs í landinu. Tel ég engar líkur til, að um þetta verði bætt, nema fenginn verði til hæfur læknir, vel sérfróður og áhugasamur um þessi mál, er skipulegði þessa starfsemi alla og vekti síðan yfir framkvæmd hennar um allt land.

Nátengd þessu máli er íþróttastarfsemin í landinu, bæði í skólum, þar sem íþróttir eru nú orðnar skyldunámsgrein, og utan þeirra. Frá heilbrigðislegu sjónarmiði er hér mikillar aðgæzlu þörf, og fátt heilsuverndarmála, sem meiri ástæða væri til, að vakað væri trúlega yfir af áhugasömum lækni með nægri kunnáttu, ef ekki á að geta brugðið til beggja vona um æskilegan árangur af ýmsum greinum þessarar starfsemi. Finna þeir menn, sem nú hafa forstöðu íþróttamálanna, daglega til þessarar þarfar og telja aðkallandi, að úr verði bætt.

Eftir atvikum mætti ætla, að allvel væri fyrir séð, ef einum völdum lækni, bæði að áhuga og kunnáttu, væri falin forsjá þessara mála beggja, hins almenna skólaeftirlits og íþróttamálanna, enda gæfi hann sig allan við þeim og sinnti ekki öðrum störfum. Er með frumvarpi þessu farið fram á, að ráðherra verði heimilað að skipa málunum á þá leið. Ekki er kunnugt um neinn lækni, er við því væri búinn og sjálfsagður teldist að taka þessi störf að sér, og hlýtur því að verða nokkur bið á framkvæmdum, þó að heimildin yrði fyrir hendi. Hitt hefur verið undirbúið, að íslenzkur læknir, til þess valinn af heilbrigðisstjórninni, eigi með mjög góðum kjörum kost á að leggja stund á þessi fræði (physical culture) bæði verklega og fræðilega við úrvalsháskóla í Bandaríkjunum. Aftur eru engin líkindi til, að nokkur læknir leggi upp á eigin spýtur út á slíka braut, enda hæpið að eiga að sitja uppi með þann mann til þvílíkra starfa, er sjálfur kynni að velja sig til þeirra.“

Fylgiskjal I.

FRÆÐSLUMÁLASKRIFSTOFAN
ÍÞRÓTTAFULLTRÚINN

Reykjavík, 17. marz 1942.

Landlæknir hefur sýnt mér frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 94 23. júní 1936, um fræðslu barna.

Heilbrigðiseftirlit í sumum barnaskólum landsins mun mjög af skornum skammti og víðast hvar að einhverju leyti ófullnægjandi. Einkum mun þó húsnæði sums staðar þar, sem farskólar eru, vera mjög varhugavert og jafnvel hættulegt fyrir heilsufar barnanna, og þyrfti miklu nánara eftirlit með þessu að hafa. Sömuleiðis mun full þörf vera á gaumgæfilegu lækniseftirliti með leikfimisstarfseminni í skólum, bæði barnaskólum og framhaldsskólum, og yfir höfuð með allri íþróttastarfsemi í landinu.

Fyrir því tel ég mikils um vert, að landsmenn fái sérstakan skólayfirlækni samkvæmt því, er um getur í ofannefndu frumvarpi.

Jakob Kristinsson.

Til landlæknis, Rvík.

Fylgiskjal II.

FRÆÐSLUMÁLASKRIFSTOFAN
ÍÞRÓTTAFULLTRÚINN

Reykjavík, 19. febr. 1942.

Með gildistöku íþróttalaganna 12. febr. 1940 eru íþróttaiðkanir gerðar að skyldunámsgreinum í skólum landsins. Nemendum þeim, sem að dómi læknis eru eigi færir um að taka þátt í hinum almennu íþróttaiðkunum skólanna, á að sjá fyrir líkamsæfingum við þeirra hæfi.

Einnig lætur löggjafinn sig skipta íþróttastarfsemi áhugamanna með því að setja skilyrði fyrir styrkveitingum úr íþróttasjóði.

Í 4. liði 26. gr. íþróttalaganna er það skilyrði sett styrkveitingum, að félögin hafi lækniseftirlit með íþróttamönnum sínum.

Í hinum stærri bæjum og kauptúnum, þar sem fleiri en einn læknir er, hefur ríkt ósamræmi í undanþágum frá íþróttanámi. Við marga af skólum landsins fara fram nákvæmar mælingar og athuganir á líkamsbyggingu og heilsufari nemenda. Úr þessum skýrslum mætti í heild fyrir allt landið vinna margþættan fróðleik um líkamsatgervi skólaæskunnar í landinu.

Vér, sem vinnum að aukinni líkamsmennt landsmanna, til eflingar á heilbrigði og tápi, höfum engan sérstakan lækni til þess að ráðfæra oss við, lækni, sem eingöngu starfar að athugun og eftirliti á líkamsatgervi skólaæskunnar og um leið annarra þeirra, sem leggja stund á íþróttir, og þau húsakynni, hreinlætistæki o. fl., sem þeir búa við.

Nú þegar vér viljum sem mest og bezt búa að okkar eigin málum, þá er það þörf fyrir ísl. íþróttakennara að hafa sérmenntaðan lækni, sem þeir geta leitað til viðvíkjandi ýmsu í vali íþrótta, leikfimiæfinga og vinnuaðferða, sem lífeðlisfræðilega og líffærafræðilega sérþekkingu þarf til að skera úr um áhrif þeirra. Ég vil því fyrir hönd míns embættis og allra íþróttakennara landsins leggja fram eindregin meðmæli mín um, að fræðslumálastjórninni verði heimilað að ráða til sín íþrótta- og skólalækni.

Virðingarfyllst

Þorsteinn Einarsson.

Landlæknir Vilmundur Jónsson, Arnarhváli, Rvík.

Ed. 184. Nefndarálit

um frv. til laga um lendingarbætur í Skipavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Við 4. gr. Á eftir 2. málslið komi nýr málsl., svo hljóðandi: Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn.

Alþingi, 15. apríl 1942.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóh. Þ. Jósefsson.

Ed. 185. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á því, hvort framkvæmanlegt megi teljast að lögbjóða skógræktardag.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram, með aðstoð skógræktarstjóra og Búnaðarfélags Íslands, rannsókn á því, hvort framkvæmanlegt megi telja að lögbjóða nú þegar skógræktardag á Íslandi, og leggja síðan niðurstöður þeirrar rannsóknar fram á Alþingi.

Greinargerð.

Ingibjörg Jóhannsdóttir, forstöðukona húsmæðraskólans á Staðarfelli, hefur sent mér erindi um þetta mál og mælzt til, að ég komi því á framfæri á Alþingi. Mér er ljúft að verða við þessari ósk. Forstöðukonan á Staðarfelli hefur sýnt mikinn áhuga á þessu máli. Hún hefur átt mikinn þátt í starfi Skógræktarfélags Skagfirðinga og að koma upp gróðurreitnum hjá Varmahlíð.

Það eru til óteljandi heimildir um, að Ísland var eitt sinn skógi vaxið. Skógurinn eyddist á mörgum öldum fyrir það, að þjóðin gat ekki, með þeirri tækni, sem þá var til í landinu, lifað hér nema með því að ganga á skóginn. Nú ræður þjóðin yfir margfaldri tækni til að geta klætt landið skógi að nýju. Það er að vísu ekki auðgert, en þó framkvæmanlegt. Ef skógur klæddi mikið af því láglendi, sem nú er bert og nakið, hefði Ísland eignazt það eina fegurðareinkenni, er það vantar.

Ég vænti mér mikils af áhuga ungu kynslóðarinnar í skólum landsins og þeim vaxandi aðgerðum, sem ríkið hefur efnt til í þessu skyni. Það mun tæplega líða á löngu, þar til það þykir sjálfsagt mál, að allir Íslendingar gefi einn af dögum ársins til að vinna fyrir þá hugsjón að klæða landið skógi.

Fylgiskjal.

Ég undirrituð leyfi mér hér með að skora á hina háttvirtu ríkisstjórn og Alþingi Íslendinga að lögbjóða fastákveðinn skógræktardag á hverju ári, þar sem öllum landsmönnum sé gert að skyldu að vinna án endurgjalds að hugsjóninni „að klæða landið".

Legg ég til, að hið háttvirta Alþingi skipi umsjónarmenn innan hverrar sýslu, er skipuleggi störf skógræktardagsins og sjái um, að þau séu byggð á skynsamlegum grundvelli.

Staðarfelli, 11. marz 1942.

Ingibjörg Jóhannsdóttir,
forstöðukona.

Til hinnar háttvirtu ríkisstjórnar og Alþingis Íslendinga, Reykjavík.

Nd. 186. Breytingartillaga

við frumv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 101 frá 23. júní 1936.

Frá Jóni Pálmasyni og Pétri Ottesen.

Á undan 8. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
17. grein laganna falli burt.
(Greinatala breytist samkvæmt því.)

Ed. 187. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og fellst á þær breytingar, sem þar er farið fram á, en telur rétt að bæta inn í frv. nýrri málsgrein, þess efnis, að þegar tveir eða fleiri stjórnmálaflokkar hafa sameiginlegan lista í framboði, þá skuli sá varamaður listans, sem er úr sama stjórnmálaflokki og sá aðalfulltrúi, sem forfallast, var í við kosningu, taka sæti, án tillits til, hvar í röðinni hann er á listanum. Er þessi breytingartill. í samræmi við úrskurð, sem fallið hefur um þetta efni. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Á eftir 3. efnismálsgr. kemur ný málsgr., svo hljóðandi:
Nú hafa tveir eða fleiri stjórnmálaflokkar sameiginlega lista í framboði við bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar og sæti eins aðalfulltrúa slíks lista losnar á kjörtímabilinu, eða hann óskar að láta varamann sitja fund í sinn stað, og skal þá sá varamaður listans, sem er úr sama stjórnmálaflokki og aðalmaður sá, er um er að ræða, var fulltrúi fyrir, er hann var kjörinn, taka sæti hans í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, án tillits til þess, hver í röðinni hann er af varamönnum listans. Sé enginn úr hópi varamanna slíks sameiginlegs lista í sama stjórnmálaflokki og aðalfulltrúinn, sem í hlut á, var í, taka varamenn listans sæti samkvæmt ákvæðum 3. mgr. þessarar greinar.

Alþingi, 9. apríl 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Magnús Gíslason.

Nd. 188. Frumvarp til laga

um styrk til Íslendinga vestan hafs til náms í íslenzkum fræðum í Háskóla Íslands.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Á ári hverju skal einn maður af íslenzkum ættum, sem búsettur er í Kanada eða Bandaríkjunum og lokið hefur stúdentsprófi vestan hafs, njóta styrks úr ríkissjóði til náms í íslenzkum fræðum í heimspekideild Háskóla Íslands.

2. gr.

Námsstyrkur samkvæmt 1. gr. skal miðaður við það, að nemandinn fái greiddan fullan kostnað af húsnæði, fæði og kaupum nauðsynlegra námsbóka. Menntamálaráðherra úrskurðar kostnað þennan, að fengnu áliti heimspekideildar háskólans, og skal fæðis- og húsnæðiskostnaður greiddur á mánuði hverjum fyrirfram.

3. gr.

Ráðherra ákveður, hver styrks þessa skuli verða aðnjótandi í hvert sinn, að fengnum tillögum stjórnar Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi og heimspekideildar Háskóla Íslands.

Sá, er styrk hlýtur, skal njóta hans meðan hann stundar nám í deildinni, þó aldrei lengur en 5 ár.

Greinargerð.

Það vekur undrun og aðdáun okkar á Íslandi, hversu mikla þrautseigju íslenzka þjóðarbrotið vestan hafs hefur sýnt í baráttunni við að halda óslitnum tengslum við íslenzkt mál og menningu og hverjum árangri það hefur náð í því starfi, þegar athugað er, hve hér er við ramman reip að draga. Þetta litla þjóðarbrot er dreift víðsvegar um milljónaþjóðfélög, eins og smáeyjar umflotnar hafi voldugrar, annarlegrar menningar og tungu, og hver einstaklingur þess jafnframt háður harðri lífsbaráttu dag hvern sem þegnar hinna miklu erlendu þjóða vestan hafs. Þrátt fyrir þetta hefur þeim auðnazt að varðveita íslenzkt mál í ræðu og riti fram á þennan dag í meira en hálfa öld og skapa íslenzkar bókmenntir, sem heimaþjóðin getur verið stolt af. Það orkar nú ekki tvímælis, að okkur Íslendingum væri það ómetanlegur ávinningur, ef þetta samband gæti haldizt í framtíðinni, ef mikill hluti þeirra manna í Vesturheimi, sem af íslenzku bergi eru brotnir, gætu varðveitt tungu Íslands og tengsl við menningu og sögu feðra sinna og heimaþjóðarinnar og haldið áfram að auðga íslenzkar bókmenntir frá hinum erlendu heimkynnum. Og það gæti einnig orðið stórkostlegt hagsmunamál fyrir hina fámennu íslenzku þjóð, að náin kynni og samstarf gæti haldizt við landa okkar vestan hafs. En sameiginlegt mál og lifandi menningarsamband er skilyrði fyrir því, að svo geti orðið.

Það eru fyllstu líkur fyrir því, að samgöngur vestur um haf verði mun meiri í framtíðinni en verið hefur til þessa, og þar með stóraukin viðskipti á öllum sviðum. Væri þá ekki lítils virði að geta í hvívetna leitað trausts og halds meðal vina og kunningja, en margir landar okkar eru mikils metnir áhrifamenn meðal þeirra voldugu þjóða, er við mundum eiga meginskipti við.

Nú er það margra mál, að við Íslendingar austan hafs höfum sýnt um of tómlæti í því að styðja landa okkar vestra í hinni þjóðlegu baráttu þeirra allt til þessa. En á síðari árum hefur þó mjög aukizt skilningur hér heima á því, hve mál þetta er mikilsvert og um leið starfsemi í þessa átt, sem meðal annars hefur komið fram í stofnun þjóðræknisfélagsins á Íslandi fyrir nokkrum árum og starfsemi þeirri, er það hefur haldið uppi. Tel ég sjálfsagt, að sá félagsskapur hafi forustuna í þeim

málum og að íslenzka ríkið veiti því allan þann stuðning, sem það er fært að láta af hendi, til þess að starfsemi þess nái sem beztum árangri.

Frumvarpi því, sem hér er fram borið, er ætlað að vera einn liður í stuðningi íslenzku þjóðarinnar við þjóðernisbaráttu landa okkar vestan hafs. Örðugleikar þeirra í þessum efnum eru miklir, eins og drepið er á að framan, og fara þó stórum vaxandi, eftir því sem fleiri kynslóðir þeirra fæðast og alast þar upp. Það er því nauðsynleg undirstaða þessarar starfsemi, að þeir hafi ætíð á að skipa mönnum, sem hafa fullkomna þekkingu og skilning á íslenzkri tungu, sögu Íslands og gildi íslenzkrar menningar, sem geta tekið að sér að vera oddvitar þeirra í þessum efnum. Með frv. þessu er til þess ætlazt, að íslenzka ríkið taki að sér að veita ungum mönnum af íslenzkum ættum aðstöðu til að njóta fullkominnar vísindalegrar menntunar í íslenzkum fræðum, það á að vera útrétt hönd þess til landa okkar vestra um aðstoð þeim til handa í hinni þjóðlegu menningarbaráttu þeirra og viðurkenning á gildi hennar fyrir íslenzku þjóðina í heild. Ætti ekki að þurfa að efast um, að sú viðleitni bæri nokkurn árangur, þegar athuguð er sú tryggð til ættlandsins og heimaþjóðarinnar, sem löndum okkar vestra er í blóð borin.

En það ætti einnig að vera okkur Íslendingum ekki lítið metnaðarmál, auk þess sem það virðist okkur rík nauðsyn, að auka þekkingu á máli okkar, sögu og þjóðlegum menningarverðmætum, sem er okkar eini hróður og hið eina, sem gefur okkur rétt til að krefjast þess að vera sjálfstæð, fullvalda þjóð. Okkur er nauðsyn að auka þekkingu á þessum efnum meðal hinna voldugu þjóða vestan hafs, sem nú, og ef til vill um langa framtíð, kunna að hafa meiri áhrif en okkur til þessa hefur órað fyrir á örlög þjóðar okkar, og að eignast meðal þeirra talsmenn, sem við getum treyst að þekkingu, skilningi og góðvild. Telja mætti víst, að menn, sem lokið hafa námi því, er hér um ræðir, gengju fyrir öðrum í kennarastöður í íslenzkum fræðum við háskóla vestan hafs.

Nd. 189. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn brúarstæðis á Jökulsá í Lóni.

Flm.: Jón Ívarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta á þessu ári gera ýtarlega rannsókn á brúarstæði á Jökulsá í Lóni.

Greinargerð.

Jökulsá í Lóni er eitt af stórvötnum landsins og hefur enn ekki verið brúuð. Hún rennur eftir miðri Lónssveit í Austur-Skaftafellssýslu og skiptir byggðinni þannig í tvo hluta. Veldur þetta miklum erfiðleikum og tálmar því samstarfi og viðskiptum, sem óhjákvæmileg eru innan sveitarinnar. En sérstaklega verða þó þeir, sem austan árinnar búa, fyrir miklu tjóni af hennar völdum, auk margs konar trafala, sökum þess að þeir verða að sækja öll sín verzlunarviðskipti yfir hana til Hafnar í Hornafirði.

Venjulegast er áin alveg ófær með ökutæki, bæði bifreiðar og aðra vagna, vegna vatnsmagns og aurbleytu, einkum þó að sumarlagi, allt frá því snjóa tekur að leysa að vorinu og fram á vetur. Hafa sláturfjárrekstrar iðulega teppzt við ána marga daga að haustinu, og eru afleiðingar þess stórfellt tjón fjáreigenda vegna rýrari og minni afurða fjárins, auk alls konar óþæginda annarra.

Eins og von er til, er þess almennt óskað af hálfu allra þeirra, sem þarna eiga hlut að máli og við þetta eiga að búa, að úr þessu verði bætt sem fyrst og sem bezt,

en það verður með því einu að brúa Jökulsá, og fyrir því er almennur áhugi, ekki einungis í sjálfri Lónssveit, heldur og meðal allra sýslubúa. Þess vegna er það ákveðin ósk úr héraðinu, að brú verði gerð á Jökulsá. En auk þeirra ástæðna, sem hér eru greindar og snerta héraðið sjálft beinlínis, renna hér undir fleiri stoðir, sem nú verður greint og fleiri eiga hlut að heldur en þeir, sem næstir ánni búa.

Eins og kunnugt er, hefur um nokkurn tíma undanfarið verið að því stefnt í samgöngumálum hér á landi að koma sem flestum héruðum landsins í akfært vegasamband. Er þetta mjög vel á veg komið, en eins og máske vonlegt er, hefur syðsti hluti Austurlands, eða Suðausturlandið, orðið á eftir um þetta, þótt að hinu sama hafi einnig verið stefnt þar, og er þessi landshluti nú árlega að tengjast þessu vegasambandi, eða að minnsta kosti að færast nær því. Væntanlega tekst nú innan skamms að tengja vegasambandið við Austurland, úr Breiðdal í Suður-Múlasýslu, — en þar endar nú samfelldur akfær vegur, — suður fyrir Berufjörð, um Álftafjörð, yfir Lónsheiði og Jökulsá í Lóni, og kemst Austur-Skaftafellssýsla þá fyrst í nefnt vegasamband, með því móti þó, að Jökulsá í Lóni verði brúuð. En frá Jökulsá er nú þegar nokkurn veginn akfært til Hafnar í Hornafirði, og með bifreiðaferju á Hornafirði, eins og nú þegar er, ætti að jafnaði að verða samfelldur bifreiðafær vegur eftir Austur-Skaftafellssýslu, allt að Jökulsá á Breiðamerkursandi. Að vísu yrði þá að brúa nokkrar ár sunnan Hornafjarðar. Þótt þetta kunni að eiga nokkuð langt í land, er það æskilegt og nauðsynlegt, að fram fari sem allra fyrst athuganir og rannsóknir á því, sem mest kann að tálma framkvæmdum á þessu, svo að unnt sé að hefjast handa svo fljótt, sem ástæðurnar leyfa.

Tillaga sú, sem hér er flutt, miðar að því, að ríkisstjórnin láti fara fram nauðsynlega og ýtarlega rannsókn þess, hvernig og hvar Jökulsá í Lóni verði brúuð, því að hún mun vera sá þátturinn í nefndu vega- eða samgöngukerfi, sem einna erfiðast verður að ráða fram úr.

Vegamálastjóri mun fyrir nokkru hafa tekið þetta til athugunar, og mundi sú rannsókn, sem hér er farið fram á, verða framhald þess, sem hann þegar kann að hafa gert eða látið gera.

Sþ. 190. Tillaga til þingsályktunar

um bókasafn menntaskólans í Reykjavík.

Flm.: Jóhann G. Möller.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar skrásetja bókasafn menntaskólans í Reykjavík og gera það aðgengilegt til afnota.

Ástæður.

Þessi þingsályktunartillaga er flutt vegna þess, að bókasafn það, er hér um ræðir, hefur að geyma mikil bókleg verðmæti, sem lítt hefur verið hirt um nú um langt skeið. Enn fremur hefur safnið mikið minjagildi fyrir oss Íslendinga, þar sem þar er saman kominn nokkur hluti bókakosts hinna gömlu skóla biskupsstólanna, Hóla- og Skálholtsskóla, og Bessastaðaskóla. En eins og nú er komið þessu bókasafni, þá er það hulinn fjársjóður, enginn veit í rauninni með vissu, hvað í safninu er, þar sem ekki er til nein heildarskrá um safnið. Í annan stað er allt of þröngt um safnið í skáprúmi því, sem nú er, en það má auka hæglega í þessum húsakynnum, sem safnið hefur til umráða.

Er flm. þessarar þingsályktunartillögu kunnugt um, bæði af eigin sjón og af frásögnum þeirra, er til þekkja, að safnið er í mikilli niðurníðslu og hefur legið

að nokkru undir stórskemmdum. Flm. hefur og orðið var við, að töluverðrar óánægju hefur gætt meðal menntamanna í bænum út af þessu ófremdarástandi safnsins, og virðist, að öllum málavöxtum athuguðum, full ástæða vera til, að hafizt verði handa um að gera safninu þau skil, sem venja er við bókasöfn, að það sé skrásett og fái þann aðbúnað, er því sómir og full tök eru á án nokkurs verulegs kostnaðar.

Þetta mál er í fyllsta máta menningarmál, sem of lengi hefur verið vanrækt. Það er Íslendingum einnig metnaðarmál að sýna þeim verðmætum, sem í safni þessu eru, fulla rækt, einkum með tilliti til þess, að í ráði er að byggja nýtt skólahús. En hvað sem því líður, þá þolir endurbót skólasafnsins enga bið, ef ekki á að hljótast meira tjón á því en þegar er orðið.

Sþ. 191. Tillaga til þingsályktunar

um stofnfé Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða Samábyrgðinni allt stofnfé hennar nú þegar.

Greinargerð.

Samábyrgðin hefur, vegna styrjaldarinnar, orðið að flytja allar endurtryggingar sínar frá Danmörku til Englands. Af breytingu þessari leiðir það, að Samábyrgðin verður að greiða fyrir fram ársiðgjöld af öllum tryggingum um leið og tryggingar er beiðzt, en áður þurfti hún aldrei að greiða iðgjöldin fyrr en reikningsskil voru gerð.

Félögin gefa skipaeigendum ákveðna greiðslufresti og telja sig ekki geta breytt því. Endurtryggingarfjárhæðin hefur líka aukizt stórkostlega við hækkað virðingarverð skipanna, því sú viðbót lendir að mestu í endurtryggingu.

Af þessum ástæðum hefur rekstrarfjárþörf Samábyrgðarinnar aukizt um hundruð þúsunda króna.

Af stofnfé Samábyrgðarinnar eru ógreiddar 400 þús. kr. Mun ríkisstjórnin ekki telja nein vandkvæði á því, að ríkissjóður greiði allt stofnféð í einu.

Ed. 192. Frumvarp til laga

um íþróttakennaraskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Skólinn heitir íþróttakennaraskóli Íslands. Heimili hans er að Laugarvatni.

2. gr.

Verksvið skólans er að mennta karla og konur til þess að annast íþróttakennslu í skólum og félögum.

3. gr.

Námsgreinir skólans skulu vera sem hér segir:

A. Verklegt: Leikfimi, sund, íslenzk glíma, frjálsar íþróttir, knattleikir, leikir, skíða- og skautafimi, róður og sigling.

B. Bóklegt: Íslenzka og íslenzkar bókmenntir, líkamsfræði, kennslufræði, efnafræði, hjálp í viðlögum, íþróttafræði, sálarfræði, uppeldisfræði.
Enn fremur hreinlæti, framkoma og kurteisisreglur, bindindisfræði, gerð íþróttamannvirkja, leikreglur og íþróttareglur, íþróttalíf og íþróttasamkeppni.

4. gr.

Kennsluár íþróttakennaraskóla Íslands er 9 mánuðir, frá októberbyrjun til júníloka. Þar skulu vera starfræktar tvær ársdeildir. Önnur fyrir íþróttakennara, sem einir hafa rétt til starfa við ríkisskólana, en hin fyrir áhugamenn í íþróttum og fyrir væntanlega íþróttaleiðtoga, er starfa við ýmiss konar frjálsan íþróttafélagsskap. Auk þess má starfrækja í íþróttakennaraskóla Íslands íþróttanámskeið um lengri eða skemmri tíma, eftir því sem skólanefnd ákveður og fé er veitt til í fjárlögum.

5. gr.

Um námskröfur allar, hvert skilyrði um inngöngu í skólann og burtfararpróf skulu sett ákvæði í reglugerð.

6. gr.

Íþróttakennaraskóli Íslands skal starfræktur á kostnað ríkisins. Heimilt er kennslumálaráðuneytinu, í samráði við skólanefnd, að ákveða kennslugjald fyrir nemendur.

7. gr.

Þriggja manna nefnd stjórnar skólanum, undir yfirstjórn fræðslumálastjóra og kennslumálaráðuneytisins. Í skólanefnd eiga sæti íþróttafulltrúi ríkisins, og er hann formaður, skólastjóri héraðsskólans á Laugarvatni og þriðji maður, er kennslumálaráðuneytið tilnefnir.

8. gr.

Ráða má þrjá fasta starfsmenn við íþróttakennaraskólann, skólastjóra og tvo fasta kennara. Skulu þessir starfsmenn hafa aflað sér þeirrar menntunar í kennslugreinum sínum, sem Íslendingar geta bezta fengið á hverjum tíma. Skólastjóri og kennarar íþróttakennaraskólans njóta sömu launakjara og hliðstæðir starfsmenn við kennaraskóla Íslands.
Aukakennara og tímakennara getur skólastjóri ráðið, með samþykki skólanefndar, eftir því sem fé er heimilað í fjárlögum.

9. gr.

Um ráðningu og uppsögn skólastjóra og fastra kennara við íþróttakennaraskólann skulu gilda sömu ákvæði og um hliðstæð störf unnin við héraðsskólann á Laugarvatni.

10. gr.

Áður en ríkið leggur fram fé til nauðsynlegra húsakynna, íþróttavalla og íþróttatækja skólanum til handa, skal kennslumálaráðuneytið hafa gert samning við skólanefnd héraðsskólans á Laugarvatni um alla aðstöðu íþróttakennaraskólans á Laugarvatni, um leiguafnot af landi og náttúrugæðum, um skiptingu á kostnaði við sameiginleg afnot húsa og íþróttatækja, sem báðir skólarnir nota við daglegan rekstur. Sáttmála þennan skal taka til endurskoðunar fimmta hvert ár. Nú verða aðilar ekki ásáttir um skipti sín, og skal þá þriggja manna nefnd leggja á fullnaðarúrskurð, sem er bindandi um næstu fimm ár. Í þeim gerðardómi eiga sæti formaður skólanefndar héraðsskólans á Laugarvatni, íþróttafulltrúi ríkisins og formaður, sem er tilnefndur af forseta sameinaðs Alþingis.

11. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað. Með þeim eru felld úr gildi eldri lagaboð, sem ekki samrýmast þessum lögum.

Sþ. 193. Tillaga til þingsályktunar

um brú yfir Skjálfandafljót í Bárðardal.

Flm.: Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta brúa Skjálfandafljót í Bárðardal, jafnskjótt og unnt verður að byrja að brúa stór fallvötn, er völ verður á útlendu efni og innlendu starfsliði.

Greinargerð.

Brúalögin mæla svo fyrir, að brú skuli gera yfir Skjálfandafljót í Bárðardal hjá Stóruvöllum. Hafa þeir vegamálastjóri og Árni Pálsson verkfræðingur báðir athugað brúarstæðið og gert athuganir á staðháttum eftir því, sem með þarf. Brúin verður alllöng, en annars engum erfiðleikum bundið að reisa hana.

Bárðardalur er ein af blómlegustu og beztu sveitum landsins. En byggðinni er skipt í tvennt með Skjálfandafljóti. Veldur það miklum erfiðleikum í daglegu lífi sveitarbúa, bæði um atvinnu, mannfundi, læknis- og ljósmóðursókn o. s. frv. Bárðardalur er einhver lengsti byggði dalur á landinu, alllangt milli bæja, en Bárðdælingar hafa verið í röð fremstu byggða á landinu um nýbýlamyndun og jarðrækt. Er mörgum jörðum í dalnum nú skipt í tvö, þrjú eða jafnvel fjögur býli. Venjulega skipta fjölskyldurnar jörðunum, og oft án þess að fá til þess nokkurn verulegan stuðning af hálfu þjóðfélagsins. Á margan annan hátt gætir dugnaðar og manndóms af hálfu dalbúa. Þeir hafa komið sér upp einhverjum bezta fjárstofni, sem til er á landinu, byggt varanleg steinhús á flestum jörðum sínum, rafstöðvar eru á mörgum bæjum og sími á hverju heimili í hreppnum. Slík sveit, hvar sem hún er á landinu, er dýrmætur útvörður fyrir menningu þjóðarinnar. Fólk hefur hvarvetna í heiminum hneigð til að sækjast eftir þéttbýli. Hinu íslenzka þjóðfélagi ber skylda til að halda áfram brúargerðum yfir hin erfiðu fallvötn, til að þoka fólkinu í dreifbýlinu saman, eftir því sem ástæður leyfa.

Nd. 194. Tillaga til þingsályktunar

um sölu og úthlutun bifreiða.

Flm.: Helgi Jónasson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna nefnd, sem hafi fullt úrslitavald um úthlutun bifreiða þeirra, er bifreiðaeinkasalan flytur inn og selur. Jafnframt sé bifreiðaeigendum því aðeins gefinn kostur á nýjum bifreiðum til endurnýjunar, að þeir afhendi einkasölunni eldri bílana eftir mati dómkvaddra manna.

Greinargerð

Undanfarið mun þriggja manna nefnd hafa verið falið að gera tillögur um úthlutun bifreiða, en úrslitavald virðist hafa verið í höndum ráðherra. Hér er gert ráð fyrir skipun 3 manna nefndar, sem skeri úr þeim málum og losi m.a. ráðherrana undan þeim óþægindum og leiðindum, sem starfi þessu fylgja. Þeir, sem koma í Arnarhvol, sjá, að húsið er eins og umsetin borg, þar er ekki hægt að þverfóta fyrir bílstjórum og öðrum, sem eru að reyna að ná tali af ráðherrunum vegna bílakaupa, og

hlýtur þetta að vera mjög til leiðinda viðkomandi ráðherrum, sem eru önnum kafnir við önnur störf.

Enn fremur fer þáltill. fram á, að þeim bifreiðaeigendum, sem fá nýja bíla til endurnýjunar eldri bílum, sé gert að skyldu að afhenda gömlu bílana til einkasölunnar eftir mati, til þess að reyna að stemma stigu fyrir því braski og okri á þessum gömlu bílum, sem hafa verið seldir til þeirra, sem enga nýja bíla fengu, fyrir óhæfilega hátt verð.

Ed. 195. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Skipavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Til lendingarbóta í Skipavík, Kaldrananeshreppi, Strandasýslu, skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðuneytið hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 60 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Kaldrananeshrepps að jafnri tiltölu og lendingarsjóður Kaldrananeshrepps leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 60 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Kaldrananeshrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar, eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Kaldrananeshrepps. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði Kaldrananeshrepps.

4. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Kaldrananeshrepps kýs. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Kaldrananeshrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

5. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Kaldrananeshrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

6. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán, og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna, svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

7. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árslegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Kaldrananeshrepps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða úr Skipavík, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Skipavíkurlendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 11. gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

8. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

9. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

10. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

11. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Kaldrananeshrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

12. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 196. Hafnarlög

fyrir Akranes.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 89.

Ed. 197. Lög

um lendingarbætur á Stokkseyri.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 110.

Nd. 198. Þingsályktun

um útgáfu lagasafnsins.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 164.

Nd. 199. Nefndarálit

um frv. til laga um stríðsgróðaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Í þessu frv. er lagt til, að lagður verði sérstakur stríðsgróðaskattur á skattskyldar tekjur, sem nema 45 þús. kr. eða hærri upphæð, og er skatturinn ákveðinn frá 3%—68%. Er hann kominn í hámark við 200 þús. kr. tekjur. Þennan skatt á að leggja á tekjurnar til viðbótar þeim tekjuskatti, sem ákveðinn er á þingskj. 125, en sá skattur kemst hæst í 22%. Tekjuskattur og stríðsgróðaskattur eru því til samans 90% af skattskyldum tekjum yfir 200 þús. kr.

Samkv. frumv. á þskj. 125, um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, er félögum heimilt að draga varasjóðstillög frá tekjunum við ákvörðun skattskyldra tekna, en þau varasjóðstillög takmarkast þó við ákveðinn hluta af tekjum félaganna. Þessi skattfrjálsu varasjóðstillög geta numið ½ af tekjum hlutafélaga, annarra en útgerðarfélaga, en ⅓ af tekjum þeirra félaga, sem hafa sjávarútveg að aðalatvinnurekstri, enda sé helmingurinn af varasjóðstillagi þeirra lagður í nýbyggingarsjóð. Hjá þeim félögum, sem samkv. lögum geta ekki úthlutað varasjóðum sínum við félagsslit (samvinnufélögum), geta varasjóðstillögin numið ⅓ af tekjunum. Einstaklingar, sem reka sjávarútveg, geta fengið skattfrjálst tillag í nýbyggingarsjóð, sem nemur 20% af útgerðartekjum þeirra.

Samkvæmt 2. gr. þessa frv. greiðir ríkissjóður bæjar- eða sveitarfélagi 45% af þeim stríðsgróðaskatti, sem þar er á lagður og innheimtur, þó ekki yfir ákveðinn hundraðshluta af útsvörum þar. Í 3. gr. er ákveðið, að ríkissjóður skuli auk þess greiða 5% af skattinum til sýslufélaga og þeirra bæjarfélaga, er engan skatt fá skv. 2. gr. Ríkissjóður fær því helminginn af þeim stríðsgróðaskatti, sem ákveðinn er í frv.

Í 4. gr. eru fyrirmæli um það, að meðan ákveðið er í lögum, að greiða skuli samtals 90% af skattskyldum tekjum yfir 200 þús. kr. í tekjuskatt og stríðsgróðaskatt, sé óheimilt að leggja tekjuútsvör á þann hluta af hreinum tekjum gjaldanda, sem er umfram 200 þús. kr.

Um einstakar greinar frv. vilja nefndarmenn enn fremur taka fram:

HG er mótfallinn ákvæðum 4. gr. frv. og leggur til á sérstöku þingskjali, að hún verði felld.

Samkv. grein þessari er ætlazt til þess, að sveitar- og bæjarfélögum skuli framvegis óheimilt að leggja nokkurt tekjuútsvar á þann hluta teknanna, sem fer fram úr 200 þús. kr., og að þau verði þannig svipt réttinum til þess að ákveða útsvör gjaldenda, sem fara yfir þetta tekjumark, í samræmi við útsvör annarra borgara. Hins vegar veitir þetta ákvæði félögum hina fyllstu tryggingu fyrir því, að þau hafi jafnan eftir ríflegan hluta teknanna, a. m. k. 40%, eða 28%, þegar skattur og útsvar af tekjum er að fullu greitt. Þannig fengi útgerðarfélag, sem hefði t. d. 6 millj. kr. gróða, að halda a. m. k. 2 millj. 400 þús. kr. Sé gróðinn 3 millj., heldur það á sama hátt 1200 þús. kr., en sé hann 900 þús., verða eftir 360 þús. kr. Ekkert af þessum gróða má taka með tekjuútsvörum.

Að vísu er svo til ætlazt, að nálægt ⅓ hlutum afgangsins renni í varasjóði félaganna. En þegar þess er gætt, að mjög mikill hluti stríðsgróðans árið 1940 var skattfrjáls hjá þessum félögum og að þau hafa þegar safnað milljónasjóðum, verður að telja með öllu ástæðulaust að veita þeim þessi sérstöku fríðindi og svipta bæjar- og sveitarfélög réttinum til að leggja tekjuútsvar á stríðsgróða þeirra.

Engin ástæða er til þess að ætla, eins og nú árar, að svo langt yrði gengið í álagningu útsvara, þótt réttur sveitarfélaga í þessu efni væri látinn óskertur, að félögin gætu eigi aukið sjóði sína nægilega. En ef árferði breytist þannig, að óhægra verði um niðurjöfnun útsvara, yrðu þessi fríðindi félaganna óþolandi ranglæti gagnvart öðrum borgurum og gætu orðið hættuleg fjárhag bæjanna. Margt bendir og til þess, að hér í Reykjavík yrði þetta ákvæði til þess að hækka þyrfti útsvör á almenningi á þessu ári, ef fjárhagsáætlun bæjarins er ekki breytt. Nægir í því sambandi að benda á það, að á síðastl. ári var lagt á eitt útgerðarfélag hér 700 þús. kr. útsvar, auk hluta bæjarins af stríðsgróðaskatti. En verði þetta ákvæði lögfest, er tæplega hægt að leggja hærra tekjuútsvar á félagið en sem nemur ¼₀ hluta þeirrar upphæðar. Þetta ákvæði mundi einnig verka á það misræmi, sem nú er á milli skattlagningar einstaklinga og félaga, og er þó vitað, að allmörg hlutafélaganna eru í raun réttri einstaklingsfyrirtæki, sem hafa tekið upp félagsfyrirkomulagið með tilliti til skattanna fyrst og fremst.

Út af athugasemd HG vilja aðrir nefndarmenn taka fram:

Við undirbúning þessara skattafrumvarpa komu tvær leiðir til athugunar. Önnur var sú að ákveða skattstigana lægri, láta bæjar- og sveitarfélögin hafa hlutfallslega minna, eða jafnvel ekkert, af stríðsgróðaskattinum, en setja engin ákvæði um útsvarsálagninguna. Ef sú leið var farin, mátti búast við því, að misjafnlega mikið af stríðsgróðanum yrði tekið til opinberra þarfa, eftir því á hvaða stöðum gróðafyrirtækin voru útsvarsskyld. Þá gat auðveldlega svo farið, að í einstökum bæjar- eða sveitarfélögum væri óeðlilega lítið tekið til sveitarþarfa af gróða tekjuhæstu fyrirtækjanna, en á öðrum stöðum væru tekin hátekjuútsvör til viðbótar sköttum til ríkisins. Mikill munur á útsvarsgreiðslum gat auðveldlega leitt til þess, að t. d. útgerðarfélög teldu sér hagkvæmt að flytja starfsemi sína frá þeim stöðum, sem hafa tiltölulega þyngsta gjaldabyrði, og gat það valdið vandræðum í þeim bæjar- og sveitarfélögum.

Hin leiðin var sú, sem hér er valin, að sameina skatta og tekjuútsvör á hæstu tekjunum, hækka stríðsgróðaskattinn mjög verulega, láta bæjar- og sveitarfélögin fá ríflegan hlut af honum, en ákveða í þess stað, að eigi sé heimilt að leggja tekjuútsvör á þann hluta teknanna, sem hámarksskattur er tekinn af. Með því er það tryggt, að meira samræmi sé í greiðslum tekjuhárra fyrirtækja, eigi aðeins til ríkisins, heldur einnig til sveitarfélaganna, og með þessari aðferð er það einnig fyrirbyggt, að einstök bæjar- eða sveitarfélög geti ívilnað slíkum fyrirtækjum í útsvarsálagningu á kostnað annarra gjaldenda.

Í sambandi við þau andmæli, sem komið hafa frá HG, fulltrúa Alþýðuflokksins í nefndinni, gegn því að takmarka rétt bæjar- og sveitarfélaga til útsvarsálagningar, um leið og þeim er veittur ríflegur hluti af stríðsgróðaskattinum, sem nú er mikið hækkaður, er enn fremur ástæða til að vekja athygli á þeim tillögum, sem áður hafa komið frá Alþýðuflokknum um þessi mál. Í áliti og tillögum frá fulltrúa Alþýðuflokksins í milliþinganefnd í skatta- og tollamálum, sem hann gaf út í marz 1941, eru tillögur um það, að af því fé, sem útgerðarfyrirtæki leggja í nýbyggingarsjóð, skuli reikna aðeins 10% í tekjuskatt og 15% í útsvar, en óheimilt sé að leggja stríðsgróðaskatt á þær tekjur.

Af því, sem hér segir, er það ljóst, að tillaga HG um að fella niður 4. gr. frv. er í miklu ósamræmi við þær tillögur, sem áður hafa komið frá hans flokki um þessi mál. Í þeim skattafrumvörpum, sem nú liggja fyrir þinginu, er ákveðið að taka í tekjuskatt og stríðsgróðaskatt samtals frá 60% til 90% af hæstu tekjum gróðafyrirtækja, eftir því, hvernig atvinnurekstur er um að ræða. Ákvæði 4. gr.

eru aðeins um það, að hindra álagningu tekjuútsvara á þær tekjur, sem svo hátt eru skattlagðar. En samkv. þeim tillögum, sem fulltrúi Alþýðuflokksins í milliþinganefnd í skattamálum bar fram fyrir einu ári síðan, þurfti útgerðarfyrirtæki, sem lögðu gróða sinn í nýbyggingarsjóð, ekki að greiða nema 10% af tekjunum í skatt til ríkissjóðs og 15% í útsvar, eða samtals aðeins 25% af gróða sínum til ríkis og sveitar.

Í sambandi við framanritað tekur HG þetta fram:

Samkv. gildandi löggjöf nema tekjuskattur og stríðsgróðaskattur af hinum hæstu tekjum samtals 75% skattskyldra tekna. En skv. þessu frv. og frv. á þskj. 125 er gert ráð fyrir, að þessi skattur geti komizt upp í 90% samtals. Hækkun skattstigans er því 15%, sé ekki tekið tillit til breytinga á ákvörðun skattskyldra tekna. Hins vegar er í gildandi löggjöf réttur sveitar- og bæjarfélaga til að leggja útsvör á hátekjur látinn óskertur, en verður afnuminn með öllu, ef frv. þetta nær samþykki.

Til þess að tryggja samræmi í útsvarsálagningu fyrirtækja alls staðar á landinu, þyrfti aðrar og víðtækari breytingar en frv. þetta gerir ráð fyrir.

Í grg. fulltrúa Alþfl. í milliþn. í skatta- og tollamálum fyrir tillögum hans um nýbyggingarsjóð, sem að framan er drepið á, segir meðal annars svo:

„Í grein, sem undirritaður ritaði um tillögurnar um nýbyggingarsjóð útgerðarfyrirtækja í Alþýðubl., var á það bent, að rétt mundi að setja eitthvert hámark fyrir því, hve mikið fé eitt fyrirtæki megi leggja til hliðar í nýbyggingarsjóð. Ástæðan er ekki sú, að óttast þurfi, að of mikið verði lagt til hliðar til endurnýjunar og aukningar framleiðslutækjum þjóðarinnar, heldur hitt, að hugsanlegt væri, að stríðsgróðinn yrði svo gífurlegur, að þeir, sem nytu þeirra skattaívilnana, er nýbyggingarsjóðurinn gerir ráð fyrir, ykju eignir sínar langt umfram það, sem sanngjarnt væri. Það skal játað, að þessi möguleiki er miklu nær nú en þegar tillögurnar upprunalega voru lagðar fram."

Í framhaldi af þessu er á það bent í grg., að rétt væri að taka miklum mun hærra útsvar og skatta af því fé, sem lagt yrði í sjóðinn umfram tiltekið hámark. Auk þess var í frv. lagt til, að fé nýbyggingarsjóðs skyldi taka úr vörzlu félaganna og setja undir opinbera stjórn.

Síðan hefur komið í ljós, að stríðsgróðinn hefur orðið miklu gífurlegri en nokkurn gat órað fyrir, þegar tillögur þessar voru fyrst lagðar fram á miðju ári 1940, þegar engar upplýsingar voru fáanlegar um þetta atriði.

Í tilefni af því, sem HG hefur fært sem rök fyrir því að fella niður 4. gr. frv. og hafa ótakmarkaða heimild sveitar- og bæjarfélaga til útsvarsálagningar einnig á þau fyrirtæki, sem greiða 90% skattskyldra tekna í tekjuskatt og stríðsgróðaskatt, vilja þeir JPálm og ÞBr taka fram:

Þegar svo langt er komið í skattakröfum af hálfu þess opinbera eins og þau frumvörp, sem fyrir liggja um þetta efni, gera ráð fyrir, að heimild til frádráttar útsvara og tekjuskatts er niður felld og af skattskyldum tekjum yfir 200 þús. kr. sé tekið 90%, jafnhliða því, sem skattfrjáls varasjóðshlunnindi eru færð úr 50% í 33⅓% hjá útgerðarfélögum, en úr 40% í 20% hjá öðrum félögum, þá verður að telja svo nærri gengið, að óhæfilegt sé að fara fram á meiri skerðingu á rétti þeirra fyrirtækja, sem bera eiga ábyrgð á framleiðslu eða öðrum atvinnurekstri. Tækifærin til endurnýjunar og viðhalds ómissandi atvinnutækjum eru þá svo skert, að minnsta krafa, sem eðlileg væri, er sú, að engin heimild væri til að leggja útsvör á veltu eða þær tekjur, sem 90% skattur nær til.

Hvort flutt verður breytingartillaga við 4. grein frumv. í þá átt, mun verða tekið til athugunar fyrir 3. umræðu.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. Í stað orðanna „40% af áætluðum útsvörum" komi: 2 krónum á móti hverjum 3 krónum, sem jafnað er niður í útsvörum.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja fleiri breytingartillögur við frumvarpið, eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 16. apríl 1942.

Sveinbjörn Högnason, form. Jón Pálmason, fundaskr. Skúli Guðmundsson, frsm.
Þorsteinn Briem. H. Guðmundsson.

Nd. 200. Breytingartillaga

við frv. til laga um stríðsgróðaskatt.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 4. gr. Greinin falli niður.

Ed. 201. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 27. júní 1921, um sölu á prestsmötu.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 16. apríl 1942.

Magnús Jónsson, form. Erl. Þorsteinsson, fundaskr. Bernh. Stefánsson, frsm.

Nd. 202. Nefndarálit

um frv. til l. um sérleyfi til þess að veita raforku frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og m. a. rætt það við nefnd manna, sem kosin var á almennum fundi á svæði því, sem hér er lagt til að veita raforku um, og kynnt sér afstöðu þeirra. Það er sameiginlegt álit nefndarinnar, að æskilegt sé og sanngjarnt, að flýtt verði svo sem frekast eru föng á lagningu raforkuveitna um þann hluta Árnessýslu, sem bezta afstöðu hefur til að notfæra sér raforkuna frá Sogsvirkjuninni, en til þeirra staða verður að telja alla þá, sem í frv. eru nefndir, fyrst og fremst, og reyndar einnig fleiri.

Nefndin er einnig sammála um, að æskilegasta leiðin til þess að ná þessu marki sé sú, að ríkið taki að sér lagningu háspennulínanna frá orkuverinu til þeirra staða, þar sem nota á orkuna og lágspennuveiturnar taka við. Ef frv. til l. um rafveitur ríkisins, sem nú liggur fyrir Alþingi, verður samþykkt, sem líkur benda nú til, er þar með opnuð leið til þess, að málið verði leyst á þennan hátt, sem nefndin telur

æskilegastan. Hins vegar telur nefndin rétt, ef þessi æskilegasta leið, af einhverjum orsökum, skyldi ekki reynast fær, að mæla með því að tryggja þann möguleika, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, enda þótt nefndin telji þessa lausn engan veginn jafngóða og hina.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr.
   a. 1. tölul. orðist þannig:
      Að stofnað verði félag til að veita rafmagni og reka fyrirtækið, sem hafi hæfilegt stofnfé, að dómi ráðuneytisins, og ráði yfir að minnsta kosti 900000 kr. til framkvæmdanna.
   b. Aftan við 2. tölul. bætist: í framtíðinni.
   c. 4. tölul. orðist þannig:
      Að ríkið eigi, að sérleyfistímanum liðnum, kauparétt á veitunni fyrir matsverð dómkvaddra manna. Nú telur ríkisstjórnin nauðsynlegt, vegna hagsmuna almennings, að kaupa orkuveituna fyrr, og er það þá heimilt, enda fellur þá sérleyfið niður. Kaupverðið skal ákveða með mati dómkvaddra manna.
   d. 5. tölul. orðist svo:
      Að byrjað verði á veitunni þegar er ástæður leyfa og efni til hennar fæst, að dómi ráðuneytisins. Verði sérleyfið ekki notað næstu 5 árin eftir að það er veitt, fellur það niður.
      Sérleyfið er ekki framseljanlegt.
   e. Síðari málsl. 6. tölul. b. orðist svo: Enn fremur skal hann undanþeginn að greiða innflutningsgjöld af efni og tækjum, sem þarf til stofnunar veitunnar.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Um stofnun félagsins, sérleyfisveitingu og önnur atriði, er lúta að fyrirtæki þessu, skal farið eftir ákvæðum laga nr. 15 20. júní 1923 (vatnalaga) og l. nr. 83 23. júní 1932 (um raforkuvirki), að svo miklu leyti sem hér er ekki sérstaklega kveðið á um.

Alþingi, 16. apríl 1942.

Emil Jónsson, form., frsm. Eiríkur Einarsson, fundaskr. Bjarni Ásgeirsson.
Pálmi Hannesson. Jóh. G. Möller.

Ed. 203. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árin 1942 og 1943.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefur athugað frumvarp þetta, sem borið er fram af ríkisstjórninni til staðfestingar á bráðabirgðalögum frá 4. febr. 1942, en tók nokkrum breytingum í Nd. Þykir nefndinni ekki ástæða til, að lög þessi verði framlengd um meira en eitt ár, eins og gert er ráð fyrir í stjórnarfrumvarpinu, en mælir að öðru leyti með því, að frv. verði samþykkt. Tveir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til breytingartillagna.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „árin 1942 og 1943“ komi: árið 1942.
2. Við fyrirsögn frumvarpsins. Í stað orðanna „árin 1942 og 1943“ komi: árið 1942.

Alþingi, 17. apríl 1942.

Magnús Jónsson, form., frsm. Erl. Þorsteinsson, fundaskr., með fyrirvara. Bernh. Stefánsson, með fyrirvara.

Nd. 204. Breytingartillaga

við frv. til l. um stríðsgróðaskatt.

Frá Emil Jónssyni.

Við 2. gr. Síðari málsl. greinarinnar orðist svo: Ríkissjóður greiðir hlutaðeigandi sveitarfélagi 45% af þeim stríðsgróðaskatti, sem þar er á lagður, mánaðarlega jafnóðum og hann innheimtist.

Nd. 205. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er komið frá Ed. og var flutt þar af meiri hl. sjávarútvegsnefndar samkv. beiðni atvinnumálaráðherra.

Nefndin hefur borið frumvarpið saman við lögin og einnig athugað þær breyt., sem Ed. gerði á því. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. apríl 1942.

Finnur Jónsson, form. Sigurður E. Hlíðar, fundaskr. Sigurður Kristjánsson, frsm.

Jón Ívarsson. Gísli Guðmundsson.

Nd. 206. Lög

um notkun vegabréfa innanlands.

(Afgreidd frá Nd. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 8.

Ed. 207. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita Baldri Óla Jónssyni leyfi til að stunda tanndrátt og tannfyllingar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að veita Baldri Óla Jónssyni leyfi til að stunda tanndrátt og tannfyllingar í sambandi við tannsmíðar sínar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 208. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

33. gr. laganna orðist þannig:

Hver framboðslisti, sem hlotið hefur bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn, kosna hlutbundnum kosningum, hefur rétt til jafnmargra varamanna og aðalmanna, þó ekki færri en þriggja varamanna.

Varamenn á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt sem aðalmenn, þannig að þeir eru tilnefndir varamenn, sem hæstar atkvæðatölur hafa næst á eftir hinum kjörnu aðalmönnum.

Varamenn taka sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd í þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá, flytjast burtu eða forfallast á annan hátt frá að eiga sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Nú hafa tveir eða fleiri stjórnmálaflokkar sameiginlega lista í framboði við bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar og sæti eins aðalfulltrúa slíks lista losnar á kjörtímabilinu, eða hann óskar að láta varamann sitja fund í sinn stað, og skal þá sá varamaður listans, sem er úr sama stjórnmálaflokki og aðalmaður sá, er um er að ræða, var fulltrúi fyrir, er hann var kjörinn, taka sæti hans í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, án tillits til þess, hver í röðinni hann er af varamönnum listans. Sé enginn úr hópi varamanna slíks sameiginlegs lista í sama stjórnmálaflokki og aðalfulltrúinn, sem í hlut á, var í, taka varamenn listans sæti samkvæmt ákvæðum 3. mgr. þessarar greinar.

Varamenn hreppsnefndarmanna, kosinna óhlutbundnum kosningum, taka sæti í þeirri röð, sem þeir eru kosnir.

Ef bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða annars, á hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt á meðan.

Varamenn taka sæti í þeim nefndum innan bæjarstjórnar eða hreppsnefndar eða nefndum skipuðum af bæjarstjórnum eða hreppsnefndum, er sá bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður sat í, er þeir taka sæti fyrir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka einnig til bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosninga, sem fram hafa farið frá árslokum 1941.

Nd. 209. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Fyrsta og önnur málsgrein 6. gr. laganna hljóði þannig:

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr. og í a- og c-lið 3. gr., reiknast þannig:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Af	1000—	2000	kr.	greiðist	10	kr.	af	1000	kr.	og	2	% af afganginum
—	2000—	3000	—	—	30	—	—	2000	—	—	3	— — —
—	3000—	4000	—	—	60	—	—	3000	—	—	4	— — —
—	4000—	5000	—	—	100	—	—	4000	—	—	5	— — —
—	5000—	6000	—	—	150	—	—	5000	—	—	6	— — —
—	6000—	7000	—	—	210	—	—	6000	—	—	7	— — —
—	7000—	8000	—	—	280	—	—	7000	—	—	8	— — —
—	8000—	9000	—	—	360	—	—	8000	—	—	9	— — —
—	9000—	10000	—	—	450	—	—	9000	—	—	10	— — —
—	10000—	12000	—	—	550	—	—	10000	—	—	11½	— — —
—	12000—	14000	—	—	780	—	—	12000	—	—	13	— — —
—	14000—	17000	—	—	1040	—	—	14000	—	—	15	— — —
—	17000—	20000	—	—	1490	—	—	17000	—	—	17	— — —
—	20000—	25000	—	—	2000	—	—	20000	—	—	18	— — —
—	25000—	30000	—	—	2900	—	—	25000	—	—	19	— — —
—	30000—	40000	—	—	3850	—	—	30000	—	—	20	— — —
—	40000—	50000	—	—	5850	—	—	40000	—	—	21	— — —
—	50000—	60000	—	—	7950	—	—	50000	—	—	22	— — —

2. gr.

2. málsliður 1. málsgr. d-liðar í 7. gr. laganna orðist svo:

Til arðs af hlutabréfum telst auk venjulegrar arðsútborgunar, úthlutuð frihlutabréf og sérhver önnur afhending verðmæta til hluthafa, er telja verður sem tekjur af hlutaeign þeirra í félaginu, enn fremur úthlutanir við félagsslit umfram upphaflegt hlutafjárframlag, þ. e. nafnverð hlutabréfanna, og skiptir ekki máli í því sambandi, fyrir hvaða verð þau hafa verið seld og keypt.

3. gr.

Síðasti málsl. 4. málsgr. 8. gr. laganna falli niður.

Í stað 6. og síðustu málsgr. sömu lagagr. komi:

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í 3. gr. a, mega draga frá tekjum sínum 5% af innborguðu hlutafé eða stofnfé.

Ef nokkuð af ársarði þessara félaga er lagt í varasjóð, er sú upphæð undanþegin tekjuskatti og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna, þó eigi hærri fjárhæð en sem nemur ⅕ — einum fimmta — af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum. Hjá þeim af þessum félögum, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, og félögum, sem samkvæmt lögum geta ekki úthlutað varasjóði sínum við félagsslit, sbr. t. d. 3. gr. l. nr. 46 13. júní 1937, má þó draga frá tekjunum varasjóðstillag, sem nemur ⅓ — einum þriðja — af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur, samvinnuskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum.

Arðjöfnunarsjóði, eftirlaunasjóði og aðra sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til að tryggja rekstur fyrirtækisins sjálfs, má ekki telja sem varasjóð.

Ef nokkurri fjárhæð úr varasjóði, sem myndaður er eftir 1. jan. 1941, er síðar varið til úthlutunar til hluthafa, ráðstafað til einkaþarfa þeirra á beinan eða óbeinan hátt eða varið til annars en þess að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins, skal telja þá fjárhæð að viðbættum 20% — tuttugu af hundraði — til skattskyldra tekna á því ári. Nú er einhverri fjárhæð úr varasjóði, sem myndaður var fyrir 1. janúar 1941, varið á þann hátt, er að framan greinir, og skal þá telja ¾ þeirrar fjárhæðar til skattskyldra tekna félagsins á því ári. Það telst ráðstöfun á fé varasjóðs samkvæmt framansögðu, ef félag, sem nýtur eða notið hefur hlunninda vegna framlags í varasjóð, ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:

a. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem ekki eru beinlínis viðkomandi rekstri félagsins.
b. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum nokkur fríðindi, beint eða óbeint, umfram arðsúthlutun og venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur.
c. Kaupir eign óeðlilega háu verði að dómi skattanefndar. Skal þá skattanefnd meta, hvert verð geti talizt hæfilegt. Mismun hins raunverulega kaupverðs og matsverðs skattanefndar telst ráðstafað úr varasjóði, og úthlutun arðs úr félaginu, ef keypt hefur verið af hluthafa.

Nú hefur félag, sem myndað hefur varasjóð, ráðstafað fé á einhvern þann hátt, sem greinir í a—c-liðum, og fellur það þá til skattgreiðslu samkv. ákvæðum næstu málsgreinar hér á undan, þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði í lok skattársins. Skal þá miða við þá lánsfjárupphæð, sem útistandandi er um áramót af lánum, er veitt voru á árinu, að viðbættu meðaltali þeirra lána, er veitt hafa verið og greidd á skattárinu samkv. a-lið, heildarupphæð veittra hlunninda á skattárinu samkv. b-lið, og mismun matsverðs og kaupverðs eigna samkv. c-lið. Þó ná ákvæði a—b og c-liðar ekki til þeirra upphæða, sem íslenzk útgerðarfélög áttu í varasjóði samkvæmt efnahagsreikningi 31. des. 1939, að því leyti sem þau ganga lengra en takmarkanir um ráðstafanir á fé varasjóðs, sem giltu samkvæmt lögum nr. 6 9. jan. 1935 og lögum nr. 39 12. febr. 1940.

Nú rýrnar varasjóðseign félags, og skal þá telja, að sá hluti varasjóðs, sem til var 1. jan. 1941, eyðist á undan þeim sjóði, er síðar myndaðist, sbr. þó 62. gr.

Nú hrökkva hreinar árstekjur félags að viðbættri þeirri hreinni eign, sem félagið á umfram varasjóð og hlutafé, eigi fyrir skatt- og útsvarsgreiðslum og því varasjóðstillagi, sem undanþegið er skattgreiðslu samkv. lögum þessum, og er þá heimilt að taka þá fjárhæð, sem á vantar, úr varasjóði.

4. gr.

a. Fyrir „500 krónur“ í d-lið 10. gr. laganna komi: 1000 kr.
b. g-liður 10. gr. laganna hljóði þannig: Eignarskatt, sem greiddur hefur verið á árinu.

5. gr.

Í stað a—c-liða í 12. gr. laganna komi:

a. Í Reykjavík:

Fyrir einstakling	kr.	900.00
— hjón	—	1800.00
— hvert barn	—	700.00

b. Annars staðar á landinu:

Fyrir einstakling	—	900.00
— hjón	—	1800.00
— hvert barn	—	600.00

Frádráttur veitist fyrir þau börn, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með. Fyrir aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi

hefur á framfæri sínu, veitist sami frádráttur og fyrir börn. Hafi hinn framfærði tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur lögleyfðum ómagafrádrætti eða meiru.

6. gr.

a. Upphaf 14. gr. laganna verði þannig:
Af skuldlausri eign skal árlega greiða skatt sem hér segir:
Ef eignin er yfir 10000 kr., en undir 15000 kr., greiðist af henni 1‰.
Af 15000—30000 kr. greiðist 15 kr. af 15000 óg 2‰ af afgangi.
Af 30000—40000 kr. greiðist 45 kr. af 30000 og 3‰ af afgangi.

b. Í stað „5000“ kr. í niðurlagi 14. gr. laganna komi: 10000 kr.

7. gr.

Fyrri málsgr. e-liðar 19. gr. laganna orðist svo:
Hlutabréf skulu talin með nafnverði, ef hlutaféð er óskert, en annars með hlutfallslegri upphæð, miðað við upphaflegt hlutafé.

8. gr.

a- og b-liðir í 30. gr. laganna hljóði þannig:

a. Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppur fyrir sig, skal greiða skattanefnd 2%, en annars staðar á landinu 4% af þeirri upphæð, sem skatturinn nemur. Þó skal borgunin ekki fara fram úr 20 kr. og ekki vera minni en 14 kr. fyrir hvern starfsdag nefndarmanns.

b. Yfirskattanefndarmenn utan Reykjavíkur fá 15 krónur á dag og ferðakostnað.

9. gr.

Aftan við 31. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Óheimilt er að slíta félagi og úthluta eignum þess fyrri en opinberir skattar af tekjum þess og eignum hafa að fullu verið greiddir fyrir allan starfstíma félagsins.

10. gr.

Síðari málsliður 2. málsgr. 34. gr. laganna orðist svo:
Komi síðar í ljós, að áætlun hefur verið of lág eða skattþegni hefur ekki verið gert að greiða skatt af öllum tekjum sínum og eignum, er heimilt að reikna skatt gjaldanda að nýju, þó ekki lengra aftur í tímann en 5 ár.

11. gr.

42. gr. laganna orðist svo:
Dómsmálaráðherra skipar lögfræðing til þess að hafa á hendi rannsóknir í skattamálum, er hafi heimild til þess að hefja rannsókn og setja rétt í hvaða umdæmi landsins sem er. Auk valds rannsóknardómara skal hann hafa sama rétt til þess að krefjast upplýsinga og sama aðgang að bókum og skjölum og ríkisskattanefnd hefur samkvæmt lögum þessum. Kostnaður af þessari ráðstöfun greiðist úr ríkissjóði.
Er mál er svo vaxið, að yfirskattanefnd eða ríkisskattanefnd telur sig ekki geta fengið nægar upplýsingar um tekjur og eignir skattþegns eða framtal þykir tortryggilegt, getur nefndin vísað málinu til rannsóknar samkvæmt 1. mgr. Fjármálaráðherra getur og gefið fyrirmæli um, að rannsókn skuli hafin, er hann telur ástæðu til. Að rannsókn lokinni skal afrit af prófum málsins, ásamt greinargerð um niðurstöður rannsóknarinnar, send aðila þeim, er rannsóknar hafði beiðzt, en sá aðili hlutast síðan til um frekari afgreiðslu málsins samkvæmt þessum lögum.

12. gr.

43. gr. laganna orðist svo:
Skattanefndir allar og skattstjórar bæjanna skulu halda gerðabækur, er fjármálaráðuneytið lætur gera á kostnað ríkissjóðs. Löggildir lögreglustjóri gerðabækur

skattanefnda og skattstjóra, en fjármálaráðuneytið gerðabækur yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar.

Í gerðabækur skattanefnda skal meðal annars rita skattskrárnar og úrskurði. Skattskrá skal þó eigi rita í gerðabók skattstjóra. Yfirskattanefndir og ríkisskattanefnd skrá og í gerðabækur sínar úrskurði og aðrar ákvarðanir.

Formenn skattanefnda og skattstjórar skulu árlega láta niðurjöfnunarnefnd í té ókeypis endurrit af skattskrám, til afnota við niðurjöfnun útsvara. Svo skulu og formenn skattanefnda og skattstjórar gefa hagstofunni skýrslur um skattálagninguna, í því formi, sem hún fyrirskipar.

13. gr.

Aftan við 2. málslið 45. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Nú er skattur eigi greiddur fyrir næstu áramót eftir að hann var á lagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum.

14. gr.

Í stað 55. gr. í VI. kafla laganna komi 9 nýjar greinar, er verða 55.—63. gr., svo hljóðandi:

a. (55. gr.) Á meðan vísitala kauplagsnefndar er hærri en 110, miðað við grunntöluna 100 í jan.—marz 1939, skal tekjuskattur einstaklinga, heimilisfastra hér á landi, reiknaður þannig:

Hreinar tekjur gjaldanda skal margfalda með 100 og deila útkomunni með meðalmánaðarvísitölu skattársins. Við ákvörðun hreinna tekna skal tekjuhæðin deilanleg með 50, en því sleppt, sem er fram yfir. Meðalvísitala þessi skal jafnan vera heil tala, og er minni hluta en ½ sleppt, en ½ eða meira hækkað.

Frá þeirri tekjuupphæð, er þannig fæst, skal dreginn persónufrádráttur samkvæmt ákvæðum 12. gr.

Þegar upphæð tekjuskatts hefur verið fundin samkv. reglum 6 gr., skal margfalda hana með meðalvísitölunni og deila útkomunni með 100.

Ofangreind ákvæði gilda um þá einstaklinga, er hafa eigi hærri hreinar tekjur en kr. 15000.00, eftir að þær hafa verið lækkaðar á framangreindan hátt. Af hærri tekjum en hér greinir skal tekjuskattur reiknaður samkv. 6. gr. óbreyttri, en tekjuskatturinn síðan lækkaður um sömu fjárhæð og skattívilnunin hefur numið hjá þeim gjaldendum með sama frádrætti eftir 12. gr., er hafa í hreinar tekjur kr. 15000.00, eftir að þær hafa verið lækkaðar samkvæmt framangreindri reglu.

b. (56. gr.) Nú nýtur félag, er um getur í 3. gr. a og hefur sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, hlunninda vegna framlags í varasjóð samkv. ákvæðum 8. gr., og skal þá 50% af því fé, er það leggur í varasjóð, ráðstafað á þann hátt, að það sé lagt á sérstakan reikning í banka eða keypt fyrir það opinber verðbréf og þau falin banka til geymslu. Nefnist sá hluti varasjóðsins nýbyggingarsjóður, og gilda um hann þær reglur, er greinir í 57.—60. gr. Áskilinn hluti af varasjóðstillaginu skal lagður í nýbyggingarsjóð á því sama ári, sem varasjóðstillagið er ákveðið, en séu vanefndir á því að einhverju eða öllu leyti, skal greiða í ríkissjóð 20% af þeirri fjárhæð, er til vantar.

Af fé nýbyggingarsjóðs má ekki meira en ⅗ hlutar vera innstæða á biðreikningi í erlendri mynt, sbr. lög nr. 82 9. júlí 1941, nema með sérstöku leyfi nefndar þeirrar, er um getur í 59. gr. Getur nefndin veitt leyfi til þess, að meira en að ofan greinir sé á biðreikningi, ef aðili sýnir fram á, að hann geti ekki lagt féð fram á annan hátt vegna þess, að fé varasjóðs hafi verið notað til að greiða skuldir fyrirtækisins.

c. (57. gr.) Útgerðarfélag ráðstafar sjálft því fé, er það hefur lagt í nýbyggingarsjóð, en því má eingöngu verja til aukningar og endurnýjunar á framleiðslutækjum á sviði útgerðar, annaðhvort með nýbyggingum innanlands eða með

kaupum frá öðrum löndum. Þó er heimilt að verja fé nýbyggingarsjóðs til að greiða tap á útgerð, ef aðrar eignir hrökkva ekki til fyrir því, en áður en það er gert, skal það tilkynnt nefnd þeirri, er um ræðir í 59. gr., og lætur hún þá aðila vita, hvort hún telur slíka ráðstöfun í samræmi við lög þessi.

Sé fé nýbyggingarsjóðs veðsett eða því ráðstafað á einhvern annan hátt en að framan greinir, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða af því tekjuskatt jafnháan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskylt.

d. (58. gr.) Útgerðarfélag lætur fylgja með skattframtali sínu yfirlýsingu frá hlutaðeigandi banka um það, hve mikið fé sé geymt þar í nýbyggingarsjóði, og yfirlit um þær breytingar, sem kunna að hafa orðið á innstæðu sjóðsins síðan hann var myndaður. Enn fremur vottorð um, að á fé þessu hvíli engar kvaðir.

e. (59. gr.) Þriggja manna nefnd sú, er skipuð var samkv. g-lið (61. gr.) 4. gr. laga nr. 9 5. maí 1941, skal hafa eftirlit með því, að fylgt sé fyrirmælum laga þessara um ávöxtun og ráðstöfun á fé nýbyggingarsjóðs, en ákvæði laga þessara gilda bæði um það fé, er greitt var í nýbyggingarsjóð árið 1941, og það fé, sem síðar er í hann lagt. Nefndin er skipuð af ráðherra, einn eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, annar eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, en hinn þriðji án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Nú verður autt sæti nefndarmanns, og skipar þá ráðherra mann í nefndina í hans stað, eftir þeirri reglu, er að framan greinir.

Skattanefndir skulu senda nefnd þeirri, er hér um ræðir, skýrslu um framlög í nýbyggingarsjóð og innstæðu hvers fyrirtækis, svo fljótt sem unnt er, eftir að upplýsingar um það bárust þeim í hendur. Um hver áramót skulu þau fyrirtæki, er fé eiga í nýbyggingarsjóði, senda nefndinni skýrslu um ráðstöfun þess fjár, er þau hafa tekið úr sjóðnum á liðnu ári.

Nú telur nefndin vafa á því, að fé úr nýbyggingarsjóði hafi verið varið samkvæmt ákvæðum laga þessara, og skal hún þá tafarlaust tilkynna það stjórn viðkomandi útgerðarfélags. Nefndin skal síðan úrskurða um það, hvort greiða skuli skatt af fénu samkv. síðari málsgr. 57. gr., og tilkynna það skattanefnd og eiganda sjóðsins.

Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til ríkisskattanefndar til fullnaðarúrskurðar, sbr. þó 2. málsgr. 41. gr. Sé ágreiningur innan nefndarinnar, getur minni hlutinn einnig skotið honum til úrskurðar ríkisskattanefndar.

Þóknun fyrir störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

f. (60. gr.) Nú hefur innstæða í nýbyggingarsjóði verið notuð samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og telst þá sú eign til varasjóðs hjá viðkomandi félagi.

g. (61. gr.) Einstaklingar og sameignarfélög, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, mega draga frá skattskyldum tekjum sínum þær fjárupphæðir, er þau leggja í nýbyggingarsjóð af útgerðartekjum sínum, þó eigi hærri fjárhæð en sem nemur 20% af hreinum árstekjum þeirra af útgerð áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum, enda sé tekjum af útgerðinni haldið greinilega aðskildum frá öðrum tekjum gjaldanda. Um ávöxtun og ráðstöfun þessa fjár gilda ákvæði þessara laga, eftir því sem við á.

h. (62. gr.) Sá hluti af tekjum félags árið 1940, sem undanþeginn var skattgreiðslu árið 1941 vegna tapsfrádráttar samkv. ákvæðum j-liðar (64. gr.) 4. greinar laga nr. 9 5. maí 1941, skal teljast til varasjóðs, og má nota þann hluta varasjóðsins til að mæta hreinum rekstrarhalla félagsins, að svo miklu leyti sem aðrar eignir þess, þar með talin önnur eign í varasjóði, hrökkva ekki til að jafna rekstrarhallann. Sé nokkru af þessu fé varið til annars en að framan greinir, skal greiða tekjuskatt af 60% þeirrar fjárhæðar, er þannig er varið úr sjóðnum, jafnháan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskylt.

i. (63. gr.) Heimilt er ráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, er um ræðir í IV. kafla laganna, eftir því, sem þörf krefur, við álagningu skatts 1942.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1942, miðað við tekjur ársins 1941. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 9 5. maí 1941, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Nd. 210. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 58 10. nóv. 1913, um friðun æðarfugla.

Flm.: Pálmi Hannesson, Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Frá 15. apríl til 15. júlí eru, nema nauðsyn beri til, öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 4 km, en á öðrum tímum árs nær en 2 km.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt tilmælum sýslumanns og sýslunefndar Skagafjarðarsýslu, og fer hér á eftir bréf sýslumannsins til flutningsmannanna:

„Sauðárkróki, 9. apríl 1942.

Á aðalfundi sýslunefndarinnar, þ. 31. f. m., var samþykkt með samhljóða atkvæðum nefndarmanna svo hljóðandi ályktun:

„Sýslunefndin ályktar að skora á þingmenn kjördæmisins að beita sér fyrir því, að varplönd verði friðuð fyrir skotum, þannig að um varptímann megi ekki skjóta nær varplandi en í 4 km fjarlægð og á öðrum tíma árs ekki nær varplandi en í 2 km fjarlægð.“

Jafnframt því að tjá ykkur þingmönnum Skagfirðinga frá ályktun þessari, væntum vér þess, að þið beitið ykkur fyrir, að mál þetta nái fram að ganga, með því að hin umbeðna breyting miðar að því að stemma stigu fyrir, að æðarvörpin hér í sýslu, sem stöðugt hafa rýrnað mjög að undanförnu, verði alveg eyðilögð.

Sigurður Sigurðsson.

Til alþingismanna Skagfirðinga.“

Nd. 211. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Í stað „300“ komi: 400.

Alþingi, 17. apríl 1942.

Bergur Jónsson, form. Finnur Jónsson, fundaskr. Gísli Guðmundsson, frsm.

Garðar Þorsteinsson. Jóh. G. Möller.

Sþ. 212. Tillaga til þingsályktunar

um að skora á ríkisstjórnina að láta reisa sementsverksmiðju og áburðarverksmiðju.

Frá Jóni Pálmasyni og Þorsteini Þorsteinssyni.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast um, að tafarlaust verði hafizt handa um byggingu sementsverksmiðju og áburðarverksmiðju, ef rannsókn sú, sem framkvæmd hefur verið að tilhlutun ríkisstjórnarinnar, leiðir í ljós, að tiltækilegt sé að ráðast í þessar framkvæmdir.

Greinargerð.

Landbúnaðurinn íslenzki er nú í hættu af ýmsum orsökum. Skortur á vinnuafli og sjúkdómar í búfénaði eru sem stendur ískyggilegustu meinin. En framundan er áburðarvöntun og vöntun á byggingarefni, ef lengi helzt það stríð, er nú geisar. Örðugleikarnir munu þá fara sívaxandi um kaup og innflutning þessara þýðingarmiklu vörutegunda. Skipakostur fer vafalaust minnkandi eftir því, sem lengra líður. Flutningsgjöld eiga þá eftir að hækka til muna frá því, sem nú er. Að sama skapi mun verðlag einnig hækka á öllum aðfluttum vörum, og líkurnar fyrir því að geta fengið byggingarefni og áburð o. fl. fara vafalaust minnkandi af öðrum ástæðum. Kemur þar til greina skortur á vinnuafli og vaxandi örðugleikar um allan iðnað í stríðslöndunum. Jafnframt er það augljóst, að stofnkostnaður við hvers konar fyrirtæki mun stórlega hækka, eigi aðeins meðan stríðið stendur, heldur einnig áfram fyrst á eftir. Það skiptir því afar miklu máli um slík nauðsynjafyrirtæki eins og þau, er hér um ræðir, ef unnt væri að koma þeim upp hið bráðasta. Ella gæti það orðið ókleift fyrr en einhvern tíma eftir stríð. Þó stofnkostnaður hljóti eðlilega að verða mikill eins og nú stendur, þá er einnig á hitt að líta, að framleiðslan yrði í háu verði meðan stríðið er. Mætti þá svo fara, að nokkuð yrði búið að lækka stofnkostnaðinn með rekstrarhagnaði, áður en verðfallið á öllum sviðum skellur yfir. Nú mun vera nýlega búið að kaupa mikið efni fyrir hitaveitu Reykjavíkur, og tilboð eru á leiðinni í rafveitu í Árnessýslu o. fl. framkvæmdir. Væri því ef til vill hentugt tækifæri til að reyna um leið að fá keypt efni í þær þýðingarmiklu verksmiðjubyggingar og annað, sem til þarf, áður en örðugleikarnir vaxa frá því, sem orðið er við flutningana.

Um nauðsyn landbúnaðarins á þessu sviði gerist eigi þörf að fjölyrða mikið. Hún ætti að vera öllum ljós. Lélegar húsabyggingar er eitt af því, sem hamlar velgengni sveitanna meira en flest annað. Á því sviði er mestur munur á lífsþægindum sveita og kaupstaða og þar er því eitt sterkasta aflið til að laða uppvaxandi fólkið til kaupstaðanna. Innlend sementsverksmiðja gæti því orðið ótreiknanlegt framfaraspor fyrir sveitir þessa lands, ef vel tækist. En hún væri það eigi eingöngu fyrir sveitir, heldur einnig fyrir kauptún og kaupstaði, fyrir landið allt.

Um áburðarverksmiðjuna má segja nokkuð svipað. Ef aðflutningur á áburði teppist, þá er okkar ræktun í voða, og þar með sú matarframleiðsla, sem þjóðinni er nauðsynlegust, ekki sízt á stríðstíma. Bygging áburðarverksmiðju er því mál, sem gæti orðið til líftryggingar fyrir landbúnaðinn og þjóðina alla.

Á þessu sviði er því vissulega þörf á skjótum og dugmiklum ráðum.

Nánar í framsögu.

Nd. 213. Nefndarálit

um frv. til laga um læknisvitjanasjóði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og telur, að breytingar þær, sem með því eru ráðgerðar á gildandi lögum, séu til bóta. Nefndin mælir með brtt. hv. þm. V.-Sk. á þskj. 84, en flytur sérstaka viðaukatillögu við þær brtt. Að öðru leyti mælir nefndin með, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTNGUM.

I. Við 1. gr. Í stað „1 kr.“ komi: 2 kr., og í stað „1000 kr.“ komi: 1500 kr.
II. Við 2. gr. Í stað „1 kr.“ í 3. mgr. komi: 2 kr.

Alþingi, 17. apríl 1942.

Bergur Jónsson, form., frsm. Finnur Jónsson, fundaskr. Gísli Guðmundsson.
Garðar Þorsteinsson. Jóh. G. Möller.

Nd. 214. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 84 [Læknisvitjanasjóðir].

Frá allsherjarnefnd.

Við 2. Aftan við brtt. bætist:

Nú er hreppur mjög afskekktur eða á af öðrum ástæðum sérstaklega óhægt um þátttöku í rekstri læknisvitjanasjóðs læknishéraðs, og má ráðherra þá heimila þeim hreppi að vera sér um sjóð. Kýs hreppsnefndin tvo menn til að vera í stjórn sjóðsins ásamt hlutaðeigandi hreppstjóra. Að öðru leyti fer um sjóðinn í samræmi við hin almennu ákvæði þessara laga.

Nd. 215. Nefndarálit

um frv. til laga um jöfnunarsjóð aflahluta.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Aðalefni frv. þessa er að lögskipa, að greiða skuli fast gjald af óskiptum afla hvers íslenzks veiðiskips, sem hefur hlutarráðningu, í sérstakan sjóð, sem nefndur er jöfnunarsjóður aflahluta, gegn því að ríkissjóður leggi fram jafna fjárhæð á móti eftir ákveðnum reglum.

Sjóði þessum á síðan að verja til þess að bæta upp aflahluti síðar, þegar þeir verða minni en lágmark, sem nánar er tilgreint í frv.

Við, sem erum í minni hluta sjútvn. í þessu máli, lítum að vísu svo á, að æskilegt og jafnvel nauðsynlegt geti verið að setja einhver ákvæði í lög um kauptryggingar eða hlutatryggingar þeirra manna, sem þessa atvinnu stunda, og munum geta verið sammála meiri hl. nefndarinnar um þá meginhugsun, sem í frv. felst. Hins vegar teljum við, að á engan hátt megi að því hrapa að setja löggjöf um þessi efni, heldur verði fyrst að láta fara fram ýtarlega athugun, á hvern hátt slíkum tryggingum sé haganlegast fyrir komið. Slíka athugun er naumast á færi þingnefndar að gera, því að sjálfsagt er, að ekki sé til hennar höndum kastað. Við fórum fram á það í nefndinni, að leitað væri til Fiskifél. Íslands um, að það láti gera rannsókn á því, hver árangur mundi hafa orðið af löggjöf slíkri sem þessari, ef sett hefði verið fyrir nokkrum árum, og jafnframt vildum við, að leitað væri til fleiri aðila um rökstutt álit á þessari lagasmíð. Þetta fekkst sumpart ekki fram í nefndinni og sumpart báru málaleitanir þessar ekki árangur.

Mál þetta er ekki alveg nýr gestur á Alþingi; það hefur tvisvar áður legið fyrir, á árunum 1939 og 1940, og var í bæði skiptin borið fram af núv. fyrra flutningsmanni þess (SK). Á fyrra þinginu, þegar það var svipað og nú, var frv. breytt í Nd., þannig að skattgreiðslan til sjóðsins var því aðeins skylda, að meiri hluti sjómanna innan hvers bæjar- eða sveitarfélags hefði gert samþykkt um það. Var þeim því sett það í sjálfsvald, hvort þeir greiddu gjaldið eða eigi. (Sbr. Alþt. 1939, þskj. 483). — Í efri deild var málinu vísað til nefndar, en álit frá henni kom ekki. Á Alþingi 1940 var frv. flutt líkt því að efni, sem neðri deild hafði gengið frá því árið áður, eða jafnvel enn þá lausara eða frjálsara. Samþykktar sjómanna í hlutaðeigandi bæjarfélagi eða sveitar þurfti nú ekki, heldur gat hver og einn ráðið því, hvort hann vildi tryggja aflahluta sinn eða ekki. Afgreiðsla málsins á því þingi varð sú, að samþykkt var í Nd. með 16 : 5 atkv. svo hljóðandi rökstudd dagskrá frá sjávarútvegsnefnd:

„Þar sem nauðsynlegt verður að teljast, að komið verði á hlutatryggingum á íslenzkum skipum, sem gerð eru út með hlutarráðningu, en mál þetta þarf rækilegan undirbúning og athugun, áður en löggjöf verður um það sett, ályktar deildin að fela ríkisstjórninni að undirbúa, með aðstoð tryggingafróðra manna, frv. til laga um hlutatryggingar fyrir næsta Alþingi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“ (Sbr. Alþt. 1940, þskj. 189).

Meðferð málsins á þessum tveim þingum sýnir það meðal annars, að svo hefur þá verið litið á, að nauðsynlega athugun og undirbúning vantaði. Þess vegna breytir fyrra þingið skyldutryggingu í frjálsa tryggingu, og af sömu ástæðu felur seinna þingið ríkisstjórninni undirbúning þess. En þar sem sú athugun og undirbúningur hefur enn ekki verið gerður, er málið allt í sömu sporum og þegar rökst. dagskráin var samþykkt. Það er ekki vitað, að neitt það hafi fram komið síðan, sem geri málið einfaldara en þá né auðveldara í framkvæmd, nema síður sé. Síðan þá hefur orðið stórfelld röskun í atvinnuvegum þjóðarinnar og ekki síður í sjávarútveginum en annars staðar. Því má að vísu halda fram, að sjómenn séu ekki síður færir um greiðslu tryggingargjaldsins nú en þá, en þó er því nú haldið fram, og

er rétt, að vertíðin í vetur hafi brugðizt verulega í sumum verstöðvum landsins. Í greinargerð frumv. er engin tilraun gerð til þess að meta, hversu gjald það, sem ríkissjóði er ætlað að greiða, muni nema miklu, og væri því samþykkt þessa frv., eins og það liggur fyrir, hálfgerður blindingsleikur gagnvart ríkissjóði. Það er að vísu talað um góða afkomu hans á þessum tímum, en hvað fram undan er í þeim efnum, er öllum hulið, og því nokkuð vafasamt að binda honum með lögum ný útgjöld, sem ekkert liggur fyrir um, hverju kunna að nema.

Að þessu öllu athuguðu getum við ekki ráðið til þess, að frv. verði samþykkt á þessu þingi, en munum bera fram á sérstöku þskj. till. til þingsályktunar um að fela ríkisstjórninni athugun og undirbúning málsins.

Með tilvísun til þess, sem að framan er sagt, leggjum við til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að mál þetta hefur enn ekki hlotið þann undirbúning, sem áður hefur verið óskað eftir og telja verður nauðsynlegan í svo mikilsverðu fjárhagsmáli sem hér um ræðir, telur deildin ekki fært að afgreiða það með lögum að þessu sinni, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. apríl 1942.

Jón Ívarsson, frsm. Gísli Guðmundsson.

Ed. 216. Nefndarálit

um frv. til l. um eftirlit með ungmennum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, borið það saman við gildandi lög og leitað um það álits barnaverndarráðs og prófessorsins í refsirétti við Háskóla Íslands, hr. Ísleifs Árnasonar.

Nefndin fellst á þá meginhugsun, sem virðist liggja til grundvallar fyrir setningu bráðabirgðalaganna frá 9. des. f. á., sem eru samhljóða frumvarpinu, að vegna dvalar hins fjölmenna erlenda setuliðs í landinu sé þörf á auknu eftirliti með framferði ungmenna, og að hættan á, að börn og þroskalitlir unglingar leiðist á siðferðislega glapstigu sé meiri nú en nokkru sinni fyrr. Hins vegar er nefndin vantrúuð á, að lækning þessara meina fáist fyrst og fremst með ströngum ráðstöfunum og refsiaðgerðum af hálfu hins opinbera, heldur beri að leggja aðaláherzluna á bætt siðferðislegt uppeldi barna og unglinga, bæði af hálfu foreldra og forráðamanna barnanna annars vegar og kennara og skólanefnda hins vegar. Vill nefndin í því sambandi benda á sem ráðstafanir, er að haldi mættu koma: aukna fræðslustarfsemi um þann háska, sem hér er á ferðum, og nánara samstarf skólanna og heimilanna í þessum efnum en verið hefur.

Nefndin hefur þó orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt, en vill, að á því verði gerðar nokkrar breytingar.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að barnaverndarnefndir og skólanefndir skuli hafa eftirlit með hegðun og uppeldi ungmenna til 20 ára í stað 16 ára aldurs, sem nú er í lögum, og þar sem framlengja má samkv. 5. gr. úrskurðaðan dvalartíma unglinga á hæli eða heimili um 3 ára skeið í senn, getur eftirlitið náð allt til 23 ára aldurs.

Hér þykir nefndinni of langt gengið. Samkv. íslenzkum lögum er sjálfræði manna bundið við 16 ára aldur, og mega konur ganga í hjónaband 18 ára. Sýnist í alla staði óeðlilegt, að giftar konur eða fulltíða fólk, sem fyrir löngu hefur öðlazt sjálfræði að lögum, skuli vera háð eftirliti barnaverndarnefnda.

Hitt er annað mál, að full ástæða virðist til að hækka sjálfræðisaldurinn nokkuð, t. d. allt upp í 18 ár, en það hefur ekki enn verið gert.

En það, sem þó mestu máli skiptir að dómi nefndarinnar, er það, að framkvæmd eftirlitsins með 18—20 ára ungmennum mun reynast mjög torveld og líklegast, að hún geti öll farið í handaskolum, en löggjöf, sem ekki er hægt að framfylgja, skapar virðingarleysi fyrir lögum og rétti og vinnur gjarnan meira ógagn en gagn. Þessu samkvæmt vill nefndin færa aldurstakmarkið niður í 18 ár, og styðst hún þar við álit barnaverndarráðs og próf. Ísleifs Árnasonar.

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir, að settir verði á stofn í hverri sveit á landinu sérstakir dómstólar, skipaðir héraðsdómara og 2 meðdómendum, er fari með mál, sem höfðuð kunna að verða gegn ungmennum 20 ára eða yngri eftir 3. gr. frv., svo og refsimál. Nefndin er í vafa um, hvort nokkuð sé unnið við slíka meðferð á málum þessum. Telur jafnvel, að málareksturinn geti orðið þyngri í vöfum en ef héraðsdómari fer einn með málið, auk þess sem skipun fjölda meðdómenda um land allt hlýtur að hafa allverulegan kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

Nefndin hefur þó ekki viljað gera breytingu á þessu ákvæði að því er snertir meðferð mála samkv. 3. gr. frv., en leggur hins vegar til, að þessi dómstóll fjalli ekki um refsimál unglinga, heldur gildi sú skipun, sem nú er í lögum þar um, framvegis.

Nefndin getur fallizt á, að úrskurðir um vistun ungmennis á hæli eða heimili skuli gilda um óákveðinn tíma, en telur hámark slíkrar vistar 3 ár í senn of hátt og leggur til, að það verði lækkað í 2 ár. Þá telur nefndin sanngjarnara, að aðili eða lögráðamaður geti krafizt nýs úrskurðar eftir 6 mánuði í stað 1 árs, sem ákveðið er í 5. gr.

Nefndin getur ekki fallizt á, að rétt sé að meina aðila eða lögráðamanni hans að áfrýja úrskurði ungmennadóms nema leyfi dómsmálaráðuneytisins komi til, en leggur til, að sömu reglur gildi um áfrýjan þessara mála og refsimála.

Loks hefur nefndin gert tillögur um breytingu á 9. gr. frv. í þá átt, að í stað orðanna „húsum sínum, bifreiðum“ komi: húsum, skipum, bifreiðum.

Samkv. framansögðu leggur nefndin til, að á frv. verði gerðar eftirtaldar

BREYTINGAR.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „20 ára“ komi: 18 ára.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Héraðsdómari fer ásamt tveimur meðdómendum, er viðkomandi sveitar- eða bæjarstjórn velur til 4 ára í senn, með mál samkvæmt 3. gr. Skal dómur þessi halda réttarrannsókn um mál og kveða upp í þeim rökstuddan úrskurð, ef ungmenni er úrskurðað í hælisvist eða heimilis. Héraðsdómari hefur forsæti í dómnum. Dómsmálaráðherra ákveður þóknun meðdómenda, er greiðist úr ríkissjóði.
3. Við 5. gr.
   a. Í stað orðanna „þremur árum“ í 3. mgr. komi: tveimur árum.
   b. Í stað orðanna „eitt ár er liðið“ í síðustu mgr. komi: 6 mánuðir eru liðnir.
4. Við 6. gr. Í stað orðanna „að fengnu leyfi ... þess hálfu“ komi: af hálfu dómsmálaráðuneytisins eða aðila eða lögráðamanns hans.
5. Við 9. gr. Í stað orðanna „húsum sínum, bifreiðum“ komi: húsum, skipum, bifreiðum.

Alþingi, 20. apríl 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason, frsm.

Ed. 217. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 2. gr. Á eftir orðunum „og einn þeirra formann nefndarinnar“ komi: og sé hann kosinn til 4 ára.

Ed. 218. Nefndarálit

um frv. til laga um læknaráð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 20. apríl 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason. frsm.

Nd. 219. Frumvarp til laga

um stríðsgróðaskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Auk þess skattgjalds, sem ákveðið er í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, skal leggja á og innheimta sérstakan stríðsgróðaskatt samkvæmt eftirfarandi reglum:

Ef skattskyldar tekjur nema 45000—60000 kr., greiðist 3% af því, sem er umfram 45000 kr.

Af	60000— 75000 kr.	greiðist	450 kr.	af	60000 kr.	og	6%	af afganginum.
—	75000—100000 —	—	1350 —	—	75000 —	—	10—	— —
—	100000—125000 —	—	3850 —	—	100000 —	—	20—	— —
—	125000—150000 —	—	8850 —	—	125000 —	—	30—	— —
—	150000—175000 —	—	16350 —	—	150000 —	—	42—	— —
—	175000—200000 —	—	26850 —	—	175000 —	—	55—	— —
—	200000 og þar yfir	—	40600 —	—	200000 —	—	68—	— —

2. gr.

Stríðsgróðaskattur skal lagður á og innheimtur um leið og tekju- og eignarskattur og af sömu aðilum. Ríkissjóður greiðir hlutaðeigandi sveitarfélagi 45% af þeim stríðsgróðaskatti, sem þar er á lagður og innheimtur, þó aldrei hærri fjárhæð en sem nemur 2 krónum á móti hverjum 3 krónum, sem jafnað er niður í útsvörum í sveitarfélaginu á því ári.

3. gr.

Ríkissjóður greiðir 5% — fimm af hundraði — af stríðsgróðaskatti, sem innheimtur er eftir lögum þessum, til sýslufélaga og þeirra bæjarfélaga, er engan skatt

fá samkvæmt 2. gr. Fé þessu skal skipt í hlutfalli við þann tekjuskatt, sem tilfellur í viðkomandi sýslu- og bæjarfélögum.

4. gr.

Meðan ákveðið er í lögum, að greiða skuli 90% — níutíu af hundraði — samtals í tekjuskatt og stríðsgróðaskatt af skattskyldum tekjum yfir 200 þús. krónur, er óheimilt að leggja tekjuútsvör á þann hluta af hreinum tekjum gjaldenda, sem er umfram 200 þús. krónur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1942, miðað við tekjur ársins 1941. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 10 5. maí 1941, um stríðsgróðaskatt.

Ed. 220. Lög

um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

(Afgreidd frá Ed. 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 174.

Ed. 221. Þingsályktun

um rannsókn á því, hvort framkvæmanlegt megi teljast að lögbjóða skógræktardag.

(Afgreidd frá Ed. 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 185.

Ed. 222. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá Erlendi Þorsteinssyni.

Við 1. gr.

a. Í stað tveggja fyrstu málsgreina komi ein málsgrein, svo hljóðandi:
Hver framboðslisti, sem hlotið hefur bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn kosna hlutbundnum kosningum, hefur rétt til varamanna, og skulu frambjóðendur á lista, þeir er ekki ná kosningu, vera varamenn.

b. Í stað „3. mgr.“ í niðurlagi 4. málsgr. komi: 2. mgr.

Sþ. 223. Tillaga til þingsályktunar

um fjölgun hæstaréttardómara.

Flm.: Jóhann G. Möller.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita nú þegar ákvæðum hæstaréttarlaganna og heimild fjárlaganna um, að hæstaréttardómarar skuli vera fimm.

Ástæður.

Eins og vitað er, greinist stjórnvaldið í þrennt, löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdarvald. Allir eru þættir þessir mikilvægir, og veltur á miklu, að á milli þeirra sé greint, en sérstaklega er það áríðandi fyrir pólitíska siðmenningu einnar þjóðar, að dómsvaldið sé öruggt og óháð í gerðum sínum gagnvart hinum tveimur þáttum stjórnvaldsins, sem og áhrifavaldi þegnanna. Dómsvaldið ákveður um réttmæti gerða eða vangerða þegnanna, sker úr um rétt þeirra og skyldur hvers gagnvart öðrum og gagnvart framkvæmdarvaldinu. Meðferð dómsvaldsins og framkvæmd segir því að verulegu leyti til um, hvort þjóðfélagið er réttarþjóðfélag eða hvort þegnarnir eiga að búa við öryggisleysi um allan rétt sinn, enda er svo talið, að af því, hvernig skipan og meðferð þjóðríkis sé á réttarfarsmálunum, megi glögglega marka, hvernig siðgæðislegum lyndiseinkunnum þjóðarinnar sé farið.

Það skiptir því ekki litlu fyrir hvert þjóðfélag, að búið sé þannig að dómsvaldinu í landinu, og þá ekki síst æðsta dómstól landsins, að þegnarnir finni til öryggis í honum og hlíti ákvörðunum hans hispurslaust. Ber því að vanda sem mest um byggingu þessa valds og allan aðbúnað með sérhverri þjóð, sem menningarþjóð vill kallast, en fyrst og fremst verður að vera vandað til þessa, ef þjóðin er lítil, sundurleit og valdi kunningsskaparins er hætt við að ráða miklu með henni, en þannig er þessu, að talsverðu leyti, farið með þjóð vora. Verður því að telja það hina fyllstu skyldu þjóðarinnar að búa svo um æðsta dómstólinn, hæstarétt, að hann geti og verði jafnan hið helga vé þjóðarinnar, sem jafnvel þeir, er engu vilja annars lúta, beygi höfuð sín fyrir.

Svo sem kunnugt er, hefur nú um nokkurt skeið ríkt friður um þennan æðsta dómstól landsins, og er það vel farið, enda skipan hans — svo langt sem hún nær — og hættir á þann veg, að erfitt mundi út á að setja. En hins er skemmst að minnast, að þau eru ekki mörg árin, síðan pólitískar deilur voru háðar um hæstarétt. Hér skal ekki út í það farið, hvort deilur þessar voru á rökum byggðar eða ekki, en um hitt geta menn ekki efazt, að deilur þessar voru þjóð vorri til lítils sóma og báru vott um skort á pólitískri siðmenningu. En einmitt nú, þegar hæstiréttur er að allra dómi skipaður hinum ágætustu og lærðustu dómendum og engar deilur ríkja um réttinn, virðist það ekki liggja fjarri að nota þennan tíma til þess að tryggja framtíð hans og hindra það, að deilur og vafi um gerðir hans geti risið með þjóðinni.

Eitt af því, sem flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu telur að gangi í þessa átt, er að nota heimild gildandi laga til þess að fjölga í réttinum um tvo menn, svo að dómarar réttarins verði fimm. Í hæstaréttarlögunum er gert ráð fyrir, að dómarar séu fimm, og virðist það vera í fyllsta máta eðlilegt, þegar tillit er tekið til þess, hversu þjóðin er fámenn og kunningsskapurinn mikils ráðandi, og svo hins, hvað hér var á undan gengið. Voru dómendur réttarins og í upphafi svo margir. Þá virðist og sú ákvörðun hæstaréttar, að láta ágreining dómaranna koma fram í dómsuppsögu, styðja að því, að dómurum sé fjölgað.

Fjárhagsástæður munu að mestu hafa valdið því, að dómarar hæstaréttar eru ekki fleiri en þrír. Er það næsta furðulegt, að löggjafarvaldið skuli hafa, jafnvel þótt illa áraði, látið nokkrar krónur fleiri eða færri hafa getað ráðið því, hvort dómarar væru þrír eða fimm, en sú skoðun löggjafans, að heilbrigðara sé, að dómararnir séu fimm heldur en þrír, kemur greinilega fram í hæstaréttarlögunum og hinni árlegu heimild ríkisstjórnarinnar í fjárlögunum til þess að greiða laun tveimur dómurum til viðbótar. Virðist það vera nokkuð hæpið að láta fjárhagsástæður hafa áhrif, þegar um skipan æðsta dómstóls landsins er að ræða, en hvað sem því líður, verður varla hægt að telja þá ástæðu vera fyrir hendi nú.

Að þessu athuguðu og svo því tvennu, að þjóðin er nú að taka að sér alla stjórnskipan landsins og hinu, að augu stórþjóðanna fylgjast nú mjög svo vel með gerðum okkar og allri stjórnskipan, en meðferð og skipun dómsvaldsins í landinu er glöggt sýnishorn hinnar pólitísku siðmenningar vorrar, virðist það vera einnig af þessum

ástæðum mjög vel til fallið að gera þessa fjölgun á dómurum hæstaréttar, sem tillagan fer fram á og heimildir virðast vera fyrir.

Nd. 224. Breytingartillögur

við frv. til laga um stríðsgróðaskatt.

Frá Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: og komi hluti bæjar- og sveitarfélaga til frádráttar þeirri upphæð, sem gert er ráð fyrir, að jafnað sé niður í útsvörum á því ári..
2. Við 4. gr. Í stað „tekjuútsvör“ komi: útsvör.

Nd. 225. Frumvarp til laga

um afnám laga nr. 31 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

Lög nr. 31 frá 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri, skulu úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Atvinnumálaráðuneytið hefur sent allsherjarnefnd frumvarp þetta og æskt þess, að hún flytti það. Hefur meiri hl. nefndarinnar (BJ, GÞ, GG og JGM) orðið sammála um að mæla með frumv. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi málinu frá ráðuneytinu:

„Á Alþingi 1939 var aukið við frumvarp til laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga lið um það að fresta framkvæmd laga nr. 31 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri, til ársloka 1940, og var frumvarp þetta staðfest sem lög 12. jan. 1940, og rekstrarráð þau, sem kosin voru af Alþingi samkvæmt lögum frá 1935, þá jafnframt lögð niður. Var látið í ljós á þinginu, að nokkur reynd þótti komin á það, að lítið gagn væri að rekstrarráðum þessum, og einn flutningsmanna frestunartillögunnar lét svo um mælt, að flutningsmenn hennar ætluðust til, að ráðin yrðu aldrei vakin upp aftur. Frestun á framkvæmd laganna var svo framlengd til ársloka 1941 með lögum nr. 99 14. maí 1940.

Vegna þess að ekki eru nú lengur til nein bráðabirgðafrestunarlög eins og að undanförnu, en laganna hins vegar virðist ekki frekar þörf nú er árin 1940 og 1941, er frumvarp þetta borið fram um afnám téðra laga, nr. 31 9. jan. 1935.“

Nd. 226. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Við e-lið 7. gr. laganna bætist:
   Ákvæði þessi taka ekki til þess, er skattþegn hefur eignazt hið selda við arftöku, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða, en þá telst söluhagnaður,

miðað við upphaflegt kostnaðarverð, til skattskyldra tekna, ef hið selda hefur verið í eign arfleifanda og erfingja skemur en 5 ár samanlagt, ef um fasteign er að ræða, en ella skemur en 3 ár.

2. Við 4. gr. Á eftir a-lið komi nýr liður, er verði b-liður, svo hljóðandi: e-liður 10. gr. laganna orðist svo: Iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysissjóða, þó ekki hærri en sem svarar 5% af hreinum tekjum aðila. Enn fremur kostnað af sjúkrahúsvist og annan meiri háttar sjúkrakostnað þeirra manna, sem ekki hafa aðgang að sjúkrasamlagi, enda séu fullar sannanir færðar fyrir þeim útgjöldum, að dómi skattanefndar.

Nd. 227. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 7. gr. Framan við greinina bætist: b-liður 19. gr. laganna verði þannig: Búpening skal telja svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir, og með verðlagi, er ríkisskattanefnd ákveður, að fengnum tillögum yfirskattanefnda, til 5 ára í senn, í fyrsta sinn með hliðsjón af matsverði til skatts næstliðin 5 ár.

Nd. 228. Breytingartillaga

frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 14. gr. b. (56. gr.). Í stað „50%“ í fyrstu málsgr. komi: 75%.

Ed. 229. Nefndarálit

um frv. til l. um rafveitur ríkisins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 21. apríl 1942.

Páll Hermannsson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Bj. Snæbjörnsson.

Nd. 230. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 3. gr. Greinina skal orða svo:
Á eftir 13. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Sérákvæði um bændaskóla Suðurlands.

Eftir gildistöku laga þessara skal, svo fljótt sem unnt er, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, reisa bændaskóla Suðurlands.

Ef hentugt jarðnæði skortir fyrir skólann, er ríkisstjórninni heimilt að kaupa jörð fyrir hann á kostnað ríkissjóðs.

Þegar bændaskóli Suðurlands tekur til starfa, skal með reglugerð sett sérákvæði um starfshætti hans, og skal þá varðandi tilraunastarfsemi og önnur verkefni hans lögð megináherzla á það, er snertir sérstöðu Suðurlandsundirlendisins í búnaðarháttum.

Nd. 231. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.

1. Við 3. gr.
   a. 3. málsgr. („Félög þau ... stofnfé") falli burt.
   b. Á eftir 4. málsgr. bætist þessi málsliður: Þó skal aldrei koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna hærri upphæð en nemur ⅓ — einum þriðja — af innborguðu hlutafé eða stofnfé viðkomandi félaga.
2. Við 5. gr. Í stað a—b-liða komi þrír liðir, er hljóði svo:

a. Í Reykjavík:	
Fyrir einstakling	1500 kr.
Fyrir hjón	2500 —
Fyrir hvert barn	800 —
b. Í öðrum kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa:	
Fyrir einstakling	1400 kr.
Fyrir hjón	2300 —
Fyrir hvert barn	700 —
c. Annars staðar á landinu:	
Fyrir einstakling	1200 kr.
Fyrir hjón	2000 —
Fyrir hvert barn	700 —

Nd. 232. Þingsályktun

um rannsókn brúarstæðis á Jökulsá í Lóni.

(Afgreidd frá Nd. 21. apríl.)

Samhljóða þskj. 189.

Nd. 233. Frumvarp til laga

um læknisvitjanasjóði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkissjóður leggur árlega fram fé til læknisvitjanasjóða, er stofnaðir verða í læknishéruðum samkvæmt ákvæðum laga þessara, gegn þriðjungsframlagi annars staðar að. Þetta framlag ríkissjóðs má ekki fara fram úr 2 kr. á hvern héraðsbúa,

er heima á utan þess kaupstaðar eða kauptúns, þar sem læknir situr, og ekki yfir 1500 kr. til hvers læknisvitjanasjóðs.

2. gr.

Læknisvitjanasjóðir, er njóta hlunninda samkvæmt lögum þessum, skulu ná til heils læknishéraðs. Einstakir hreppar mega þó vera sér um eignarhlutdeild í læknisvitjanasjóði, og rennur þá til séreignarinnar framlag hlutaðeigandi hrepps og samsvarandi hluti af framlagi ríkissjóðs samkv. 1. gr. (sbr. enn fremur ákvæði 3. gr.). Markmið læknisvitjanasjóða er að styrkja til læknisvitjana héraðsbúa, sem eiga erfiða læknissókn, eða létta þeim læknissóknina á annan hátt.

Þá eru læknisvitjanasjóðir löglega stofnaðir, er allar hreppsnefndir í læknishéraði hafa gefið því samþykki sitt.

Í stjórn læknisvitjanasjóðs skulu vera bæjarfógeti, sýslumaður eða lögreglustjóri þess lögsagnarumdæmis, er meiri hluti hlutaðeigandi læknishéraðs heyrir undir, og tveir menn kosnir á sameiginlegum fundi oddvita allra hreppa læknishéraðsins. Formaður er reikningshaldari og gjaldkeri sjóðsins.

Stjórn læknisvitjanasjóðs setur að öðru leyti reglur um starfsemi sjóðsins, er ráðherra staðfestir. Í reglum þessum má ákveða, að þeir einir geti notið styrks úr læknisvitjanasjóði, er greiða til hans iðgjöld, er nema mega allt að 2 kr. á mann á ári, en ekki mega þau iðgjöld rýra tekjur sjóðsins, sem honum eru áskildar í 1. gr. Úr læknisvitjanasjóði, sem iðgjöld eru greidd til, eða aflað er tekna fram yfir það, sem gert er ráð fyrir í 1. og 3. gr., má veita sjúkrastyrki aðra en læknisvitjanastyrki, svo og styrki til eflingar heilbrigðismálum héraðsins, en ekki má verja til þess háttar styrkja hærri upphæðum en þeim aukatekjum nemur. Í reglum þessum skulu vera ákvæði til tryggingar hagsmunum mjög afskekktra staða. Þess skal og gætt, að samlagsmenn sjúkrasamlaga innan læknishéraðs séu eigi miður settir að því er tekur til aðstoðar sjóðsins en aðrir héraðsbúar.

3. gr.

Þegar læknisvitjanasjóður hefur verið stofnaður í læknishéraði, renna til hans, auk framlags þess, er um getur í 1. gr., læknisvitjanastyrkir þeir, sem veittir eru eða veittir kunna að verða á fjárlögum til sérstakra hreppa læknishéraðsins. Ef hreppur er sér um eignarhlutdeild í sjóðnum, rennur læknisvitjanastyrkur hans til séreignarinnar.

4. gr.

Þeir hreppar, er njóta læknisvitjanastyrks úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga, enda sé eigi stofnaður læknisvitjanasjóður í hlutaðeigandi læknishéraði, halda þeim styrk þrátt fyrir ákvæði þessara laga.

Nú er hreppur mjög afskekktur eða á af öðrum ástæðum sérstaklega óhægt um þátttöku í rekstri læknisvitjanasjóðs læknishéraðs, og má ráðherra þá heimila þeim hreppi að vera sér um sjóð. Kýs hreppsnefndin tvo menn til að vera í stjórn sjóðsins ásamt hlutaðeigandi hreppstjóra. Að öðru leyti fer um sjóðinn í samræmi við hin almennu ákvæði þessara laga.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 49 27. júní 1941.

Ed. 234. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við l. n. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. apríl 1942.

Magnús Jónsson, form.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr., frsm.	Bernh. Stefánsson.

Nd. 208. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

33. gr. laganna orðist þannig:

Hver framboðslisti. sem hlotið hefur bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn kosna hlutbundnum kosningum, hefur rétt til varamanna, og skulu frambjóðendur á lista, þeir er ekki ná kosningu, vera varamenn.

Varamenn taka sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd í þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá, flytjast burtu eða forfallast á annan hátt frá að eiga sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Nú hafa tveir eða fleiri stjórnmálaflokkar sameiginlega lista í framboði við bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar og sæti eins aðalfulltrúa slíks lista losnar á kjörtímabilinu, eða hann óskar að láta varamann sitja fund í sinn stað, og skal þá sá varamaður listans, sem er úr sama stjórnmálaflokki og aðalmaður sá, er um er að ræða, var fulltrúi fyrir, er hann var kjörinn, taka sæti hans í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, án tillits til þess, hver í röðinni hann er af varamönnum listans. Sé enginn úr hópi varamanna slíks sameiginlegs lista í sama stjórnmálaflokki og aðalfulltrúinn, sem í hlut á, var í, taka varamenn listans sæti samkvæmt ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar.

Varamenn hreppsnefndarmanna, kosinna óhlutbundnum kosningum, taka sæti í þeirri röð, sem þeir eru kosnir.

Ef bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða annars, á hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt á meðan.

Varamenn taka sæti í þeim nefndum innan bæjarstjórnar eða hreppsnefndar eða nefndum skipuðum af bæjarstjórnum eða hreppsnefndum, er sá bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður sat í, er þeir taka sæti fyrir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka einnig til bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosninga, sem fram hafa farið frá árslokum 1941.

Nd. **236. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

1. Við 2. gr. Á eftir greininni komi tvær nýjar greinar, sem verða 3. og 4. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan á eftir samkv. því):
   a. (3. gr) Gerðardómur skal halda bók, og skal skrá í hana það, sem gerist á dómsfundum, svo og allt, er úrskurðast í dóminum.
   b. (4. gr.) Í gerðardóminum ræður afl atkvæða, og eru úrskurðir hans og ályktanir fullnaðarúrslit máls. Þó má dómurinn taka mál til meðferðar af nýju, ef aðstæður hafa breytzt eða nýjar skýrslur komið fram. Gerðardómurinn er eigi ályktunarfær nema allir gerðardómsmenn séu mættir.
2. Við 3. gr., sem verður 5. gr. Greinin orðist þannig:
   Allar breytingar á kaupi, kjörum, hlutaskiptum og þóknunum, sem greitt var eða gilti á árinu 1941, skal leggja undir úrskurð gerðardómsins.
   Gerðardómurinn skal beita þeirri meginreglu, að eigi skal greitt hærra grunnkaup fyrir sams konar verk en greitt var á árinu 1941. Gerðardómurinn hefur þó heimild til að úrskurða breytingar til samræmingar og lagfæringar, ef sérstaklega stendur á.
   Leita má staðfestingar gerðardóms fyrir fram á tiltekinni kaupgreiðslu eða kauptilboði, og fer um úrskurð hans í þeim föllum eins og segir í 4. gr.
3. Við 4. gr., sem verður 6. gr. Greinin orðist svo:
   Verkföll og verkbönn, sem gerð eru í því skyni að fá breytingar á kaupi eða kjörum, sbr. 5. gr., eru óheimil.
4. Við 5. gr., sem verður 7. gr. Greinin orðist svo:
   Gerðardómurinn skal hafa eftirlit með öllu verðlagi, og hefur dómurinn vald til að ákveða hámarksverð á hvers konar vörum, hámark álagningar, umboðslauna og hvers konar þóknana, sem áhrif hefur á verðlag í landinu. Enn fremur getur gerðardómurinn úrskurðað um þá kostnaðarliði, er til greina koma um verðlagningu á vöru. Þá getur gerðardómurinn ákveðið greiðslu fyrir flutninga, viðgerðir, smíðar, saumaskap, prentun og því um líkt.
   Verðlagsnefndir þær, sem fjalla um verðlag á innlendum framleiðsluvörum, skulu, þegar þeim þykir þurfa eða þegar gerðardómurinn óskar þess, láta honum í té tillögur um hæfilegt verð þessara vara. Skal gerðardómurinn, að fengnum slíkum tillögum, ákveða breytingar á verðlagi þessara vara, í samræmi við breytingar á tilkostnaði við framleiðslu þeirra.
5. Á eftir 5. gr., sem verður 7. gr., komi ný gr., er verður 8. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):
   Sala á vörum milli verzlana innbyrðis (keðjuverzlun) umfram það, sem almennt tíðkast í hverri grein, er bönnuð nema slík verzlun sé gerð án álagningar.
   Bannað er að halda vörum, sem keyptar eru og tilbúnar til sölu, úr umferð í þeim tilgangi að fá á þeim hærri verzlunarágóða en venjulegt er á þeim tíma, sem þær höfðu átt að seljast.
6. 7. gr. frv. falli niður.
7. Á eftir 8. gr., sem verður 10. gr., komi tvær nýjar greinar, 11. gr. og 12. gr., svo hljóðandi (greinatalan breytist samkvæmt því):
   a. (11. gr.) Allar ákvarðanir gerðardómsins skulu birtar þegar í stað, og koma þær í gildi jafnskjótt og gilda þar til öðruvísi verður ákveðið. Birta skal þær á þann hátt, er hagkvæmastur þykir, annaðhvort með opinberum auglýsingum eða með bréflegum tilkynningum til þeirra, er þar eiga í hlut.
   b. (12. gr.) Meðlimum gerðardómsins og starfsmönnum hans og öðrum þeim, sem kynni að verða falið eftirlit með framkvæmdum laga þessara, er bannað,

að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, er þeir verða áskynja um af skýrslum þeim, sem um getur í 10. gr., að því leyti, sem þær varða einstaka menn eða einstök fyrirtæki.

8. Við 10. gr., sem verður 14. gr. Greinin orðist svo:

Sá, sem vanrækir skyldur þær, er um ræðir í 10. gr., skal sæta 10—100 kr. dagsektum.

Sá, sem gefur rangar skýrslur til gerðardómsins, skal sæta refsingu samkv. ákvæðum almennra hegningarlaga.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara og reglugerð, er kynni að verða sett samkv. þeim, varða sektum frá 100—100000 kr. Enn fremur er upptækur sá ágóði, sem fæst við brot á lögum þessum. Ef félög eða félagasamtök brjóta lögin, skal dæma þau í sekt og auk þess stjórnendur félaganna.

9. Við 11. gr., sem verður 15. gr.

a. Greinin orðist svo:

Mál út af brotum á 12. gr. og 2. mgr. 14. gr. skulu sæta meðferð sakamála. Með mál út af brotum á öðrum ákvæðum laganna skal farið sem almenn lögreglumál.

b. Á eftir greininni komi tvær nýjar greinar, 16. og 17. gr., svo hljóðandi:

a. (16. gr.). Með reglugerð má setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

b. (17. gr). Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 118 2. júlí 1940, um verðlag, á meðan lög þessi gilda.

10. Í lok frv. komi svo hljóðandi

ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA:

Allar þær verðlagsákvarðanir um hámarksverð og hámarksálagningu, sem í gildi eru við gildistöku laganna, skulu haldast fyrst um sinn, þar til gerðardómurinn hefur afnumið þær og sett ný ákvæði í stað þeirra.

Nd. 237. Breytingartillögur

við frv. til laga um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

I. Við greinar frv. Hvarvetna þar, er gerðardómur er nefndur í frv., skal koma orðið dómnefnd í viðeigandi falli.

II. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um dómnefnd í kaupgjalds- og verðlagsmálum.

Nd. 238. Frumvarp til laga

um erfðaleigulönd.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Skylt er að leigja á erfðaleigu hvert það leiguland í sveitum, kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum, sem hagnýtt er til ræktunar, enda sé það að flatarmáli minna en svo, að það geti talizt jörð samkvæmt skilgreiningu ábúðarlaga, nr. 87 19. júní 1933.

Undanþegin þessu ákvæði eru þó þau lönd, sem eru minna en 1000 m² að stærð, svo og þau, er að dómi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar verða innan 20 ára notuð sem húsalóðir, undir götur, hafnarmannvirki, fiskreita eða aðrar slíkar framkvæmdir í almenningsþarfir. Leigusamningar, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku laga þessara og eru í ósamræmi við þau, skulu lagfærðir til samræmis við lögin, svo fljótt sem verða má.

2. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal gera ræktunarskipulag og tillögur um fyrirkomulag ræktunar í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum, og eru tillögurnar bindandi, þegar þær hafa náð samþykki viðkomandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Búnaðarfélag Íslands skal einnig hafa eftirlit með því, að ræktunin fari fram eftir tillögum þess, og varðar missi jarðræktarstyrks, ef út af er brugðið.

3. gr.

Árlegt eftirgjald erfðaleigulanda skal vera 4% af matsverði landsins, eins og það er ákveðið, þegar leiguliði tekur við því. Mat þetta og úttekt samkv. 6. gr. framkvæma úttektarmenn hreppsins, og gilda um störf þeirra ákvæði ábúðarlaga, nr. 87 19. júní 1933. Ef engir úttektarmenn eru til í kauptúnum og kaupstöðum, skal hlutaðeigandi sýslumaður skipa þá, að fengnum tillögum hreppsnefnda og bæjarstjórna. Mat og úttekt á erfðaleigulöndum ásamt greinilegri lýsingu á landi og ræktunarmannvirkjum þeim, sem hafa á þeim verið gerð frá því síðasta úttekt fór fram, skulu úttektarmenn færa inn í úttektarbók hreppsins eða kaupstaðarins. Ef hús og önnur mannvirki, sem ekki teljast ræktunarmannvirki, eru á landinu, skal þeim lýst og þau metin á sama hátt. Er viðtakandi skyldur að kaupa þau af fráfaranda, á matsverði úttektarmanna, enda séu þessi mannvirki nauðsynleg vegna afnota erfðaleigulandsins, að dómi úttektarmanna. Ræktunarmannvirki þau, sem fráfarandi hefur gert á landinu, er viðtakandi einnig skyldur að kaupa með því verði, er úttektarmenn ákveða, enda óski þá landeigandi ekki að sitja fyrir kaupum á þeim. Ef landeigandi kaupir ræktunarmannvirkin, er honum skylt að leigja þau viðtakanda fyrir 4% af matsverði. Við úttekt og mat á húsum skal hafa hliðsjón af kostnaði við byggingu þeirra, en meta jafnframt til frádráttar eðlilega fyrningu og raunverulegt slit. Ræktunarmannvirki má þó aldrei meta hærra verði en svo, að landbúnaður sá, sem á þeim er rekinn, geti rentað matsverðið. Eftirspurn eftir landi eða verðhækkunarmöguleikar má aldrei hafa áhrif á matsverð og úttekt erfðaleigulandanna.

4. gr.

Nú verða skemmdir á erfðaleigulandi af náttúrunnar völdum, svo sem af skriðuföllum, sandfoki, eldgosum, vatnagangi, sjávarflóðum eða af öðrum slíkum orsökum. Getur þá leiguliði krafizt mats úttektarmanna á skemmdunum. Ber þeim að meta tjónið til verðs, og breytist afgjald landsins í hlutfalli við það mat. Úttektarmenn geta ákveðið, að afgjaldsbreytingin gildi aðeins ákveðinn tíma.

5. gr.

Erfðaréttur á erfðaleigulöndum erfist til þess hjónanna, er lengur lifir, og til barna þeirra, þar með talin kjörbörn og fósturbörn. Elzta barnið hefur forgangsrétt að leiguréttinum og síðan eftir aldri, nema samkomulag verði um annað. Hafi erfingi leiguréttar ekki náð lögaldri, þegar leiguliðaskipti verða, og óski ekki eftir að fá landið, er landeigandi skyldur að leigja það öðrum um stundarsakir, ef erfingi eða fjárráðamaður hans óskar þess.

6. gr.

Nú vill leiguliði hætta að nota leiguland sitt, og ber honum þá að segja því lausu með skriflegri tilkynningu til landeiganda eða umboðsmanns hans fyrir jól. Fer þá afhending landsins fram á næstu fardögum á eftir. Þá skulu úttektarmenn meta til

verðs þær breytingar, sem orðið hafa á húsum og ræktunarmannvirkjum frá því að leiguliðaskipti urðu síðast. Fráfarandi skal svara álagi til viðtakanda, ef metið verður, og á hinn bóginn fá greiddar umbætur með matsverði, sbr. 3. gr.

Nú losnar erfðaleiguland úr ábúð, og er þá landeiganda skylt að leigja það á erfðaleigu á ný. Sé þess ekki kostur, skal landinu ráðstafað til eins árs í senn, þar til hægt er að leigja það á erfðaleigu. Ekki er heimilt að leigja sama manni meira en eitt land á erfðaleigu, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

7. gr.

Leiguliði fyrirgerir ábúðarrétti sínum og varðar útbyggingu, ef hann:

a. Greiðir ekki samningsbundið afgjald af landinu.
b. Vanrækir að greiða vexti og afborganir af þeim veðskuldum, sem á landinu kunna að hvíla og honum ber að standa straum af, svo til sölu leiði á því.
c. Nytjar ekki landið sjálfur.
d. Hirðir landið svo illa, að ræktunarmannvirki þess ganga úr sér að dómi úttektarmanna.
e. Vanrækir að rækta landið, svo sem erfðaleigusamningur hans kveður á um, eða brýtur samninginn að öðru leyti í verulegum atriðum.

8. gr.

Nú þarf ríki, kaupstaður, kauptún eða hreppur á erfðaleigulandi að halda vegna framkvæmda í almenningsþarfir, svo sem vegna opinberra bygginga, vega- eða gatnagerðar, hafnarmannvirkja, framkvæmda á skipulagi kaupstaðarins eða kauptúnsins eða til hvers konar annarra framkvæmda í almenningsþágu, og er leiguliða þá skylt að láta af hendi leigurétt sinn, enda sé honum það tilkynnt með árs fyrirvara. Skal leiguliði þá fá endurgjald fyrir ræktunarmannvirki sín og aðrar eignir á landinu eftir mati úttektarmanna, og sé þess gætt við matið, að hann fái viðunandi bætur fyrir þessar eignir sínar og það hagsmunatjón, sem hann bíður við missi þeirra. Verðhækkun á landi og mannvirkjum, sem orsakast af öðrum ástæðum heldur en umbótunum sjálfum, má þó aldrei hafa áhrif á matsverðið. Ef það opinbera vill taka meira en ¼ hluta landsins, getur leiguliði krafizt þess, að landið sé allt tekið, ásamt þeim mannvirkjum, er á því eru. Þó er heimilt að leggja vatns- og skólpæðar í almenningsþarfir um erfðaleigulönd án þess að sérstakar bætur komi fyrir, nema fyrir skemmdir, eftir mati úttektarmanna.

9. gr.

Heimilt er leiguliðum á erfðaleigulöndum, sem byggð eru eftir lögum þessum, að taka lán með veði í löndunum til ræktunar eða húsbygginga, enda séu mannvirkin gerð á þeim. Lán þessi mega þó aldrei vera hærri en 75% af fasteignamati lands, ræktunarmannvirkja og húsa, sem á landinu eru. Úttektarmenn viðkomandi hrepps eða kaupstaðar skulu hafa eftirlit með því, að láninu sé varið til þeirra umbóta, sem til var ætlazt, og ber þeim að taka þær út að verkinu loknu og færa úttektargerðina inn í úttektarbók.

10. gr.

Leiguliða ber að greiða alla skatta og gjöld af erfðaleigulandi sínu.

11. gr.

Skylt er að láta leiguliða fá erfðaleigusamning. Í samningnum séu tekin fram meginatriði laga þessara um réttindi og skyldur leiguliða. Enn fremur sé þar tilgreind stærð landsins, landamerki, afgjaldsupphæð og ræktunarskyldur. Þá sé og greint frá réttindum til húsabygginga á landinu o. s. frv. Fjögur samhljóða frumrit skulu gerð af erfðaleigusamningnum, og rita landeigandi og leiguliði nöfn sín undir þá í votta viðurvist. Heldur landeigandi einu eintakinu, leiguliði öðru, úttektarmenn geyma hið þriðja, en hið fjórða afhendist til þinglestrar. Leiguliði greiðir kostnað við þinglestur.

12. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Með lögum þessum fellur úr gildi VII. kafli laga nr. 101 23. júní 1936, svo og önnur lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar jarðræktarlögin voru samþykkt árið 1923, var inn í þau settur sérstakur kafli um erfðaleigulönd í kaupstöðum og kauptúnum. Mun þetta hafa verið fyrsta sjálfstæða ákvæðið í íslenzkri löggjöf um leigukjör á ræktunarlöndum, sem ekki náðu lögbýlisstærð. Þrátt fyrir það, þótt fyrr nefnd ákvæði jarðræktarlaganna væru á sínum tíma mikil bót frá ríkjandi ástandi, hefur það komið í ljós, að fyrirmæli þessi hafa ekki fyllilega náð þeim tilgangi, sem til var ætlazt. Reynslan hefur sýnt, að talsvert brask hefur átt sér stað með afnotarétt ræktunarlandanna, sem hefur víða leitt af sér óeðlilega mikla verðhækkun, jafnvel þótt landið sjálft hafi verið og sé enn þá í opinberri eign. Þess munu nokkur dæmi, að óræktað land hafi verið látið á erfðaleigu og afnotaréttur þess seldur háu verði eftir örfá ár, án þess að minnstu ræktunarumbætur hafi verið á því gerðar. Þannig hefur jafnvel alveg óræktað land getað komizt í hátt verð, ef landsþörfin á staðnum hefur verið nægilega mikil. Það er augljóst mál, að óeðlileg verðhækkun lands er þjóðfélagslegt böl, sem leiðir af sér dýrtíð og fátækt fyrir þá, sem hlut eiga að máli, og er ekki þörf að rökstyðja það nánar.

Þessu frumvarpi er ætlað að lagfæra þá galla, sem eru á skipulagi þessara mála. Af ýmsum ástæðum virðist eðlilegra að hafa um þessi mál sjálfstæða löggjöf heldur en að fella hana inn í jarðræktarlögin. Frumvarpið hefur þó verið sniðið mjög mikið eftir fyrr nefndum kafla jarðræktarlaganna. Til hliðsjónar hafa einnig verið notuð gildandi lög um ábúð á jörðum, enda um skylt mál að ræða.

Skal nú stuttlega vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.: Sjálfsagt virðist að greina tæmandi frá því, hvers konar lönd skuli teljast erfðaleigulönd.

Rétt þykir að lögfesta, að Búnaðarfélag Íslands hafi afskipti og umsjón með rækun í kaupstöðum og kauptúnum, þar eð í því felst allmikil trygging fyrir heppilegri framkvæmd þeirra mála, enda er sú regla óðum að skapast, að þessir staðir óski aðstoðar Bf. Ísl. um ræktunarmál sín.

Mjög mun orka tvímælis, hvort hægt er að breyta gildandi samningum um erfðaleigulönd. En þar sem vitað er, að mikið af þessum samningum gildir aðeins um ákveðinn árafjölda, þykir rétt að gera ráð fyrir, að þeim verði breytt til samræmis við hin nýju ákvæði frumvarps þessa, ef tækifæri gefst til þess.

Um. 3. gr.: Þessi grein ásamt 6. grein felur í sér meginnýmæli frumvarpsins. Er það í því fólgið, að sama aðalregla gildi um erfðaleigulönd, sem losna úr leigu, eins og um leigujarðir, er losna úr ábúð, þ. e. að þeim skuli sagt lausum, þegar leigjandi eða erfingi leiguréttar óskar ekki að hafa landið lengur til afnota. Enn fremur að mannvirki, sem á landinu hafa verið gerð, skuli seld eða leigð eftir mati, er úttektarmenn framkvæma. Þetta á að tryggja óeðlilega verðhækkun á löndunum og koma í veg fyrir brask. Ef til vill dregur það úr ræktunaráhuga stöku manna, að þeim skuli óheimilt að selja ræktunarmannvirki sín og aðrar eignir, er þeir hafa gert á leigulandi sínu, á frjálsum markaði. En að óreyndu verður því ekki trúað, að þetta dragi verulega úr áhuga manna við ræktunina, enda verður hinn þjóðfélagslegi ávinningur í málinu mjög mikill, ef unnt reynist að koma í veg fyrir óeðlilega verðhækkun. Um

hlutverk úttektarmannanna í þessu máli, sem að vísu er allvandasamt, nægir að vísa til gildandi ábúðarlaga, að því viðbættu, sem grein þessi tekur fram um starfsreglur þeirra við matið. Gert er ráð fyrir, að árleg landsleiga sé 4% af matsverði. Er það 1% hækkun frá gildandi ákvæðum um það atriði, og skulu færð fyrir því eftirfarandi rök:

Árið 1941 voru samþykkt lög um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa, þar sem veitt er heimild til að ríkið kaupi lönd og lóðir á þessum stöðum og leigi hreppunum fyrir 4% af kaupverði. Þess má vænta, að mikið af landi kauptúna og sjávarþorpa, sem nú er í einkaeign, verði keypt af ríkinu og leigt hlutaðeigandi hreppum eftir þessum lögum, þ. e. fyrir 4% árlegt gjald. Þykir því rétt að samræma afgjald erfðaleigulandanna við ákvæði fyrr greindra laga, enda er þessi hækkun fremur smávægileg í framkvæmd.

Um 4. gr.: Þarf ekki skýringar við.

Um 5. gr.: Greinin er hliðstæð sams konar ákvæðum í lögum um erfðaábúð og óðalsrétt.

Um 6. gr.: Um fyrri hluta greinarinnar hefur verið nokkuð rætt í sambandi við 3. grein. Síðari hluti 6. gr. er hliðstæður sams konar ákvæðum gildandi ábúðarlaga, að viðbættu ákvæðinu um að óheimila söfnun erfðaleigulanda á fáar hendur. Þetta ákvæði verður að teljast réttmætt og nauðsynlegt.

Um 7. gr.: Er að mestu samhljóða ákvæðum ábúðarlaganna og gildandi lögum um erfðaleigulönd.

Um 8. gr.: Er að mestu samhljóða hliðstæðum ákvæðum gildandi erfðaleigulaga, með þeirri aðalbreytingu, að úttektarmenn framkvæma mat í stað dómkvaddra manna og að úttektarmönnunum eru lagðar meginreglur um matsgrundvöll. Verður að telja hvort tveggja til bóta.

Um 9. gr.: Er hliðstæð sams konar ákvæðum í lögum um erfðaábúð og óðalsrétt.

Um 10. gr.: Þarf ekki skýringar.

Um 11. gr.: Þarf ekki skýringar. Á það skal þó bent, að heppilegt virðist, að Bf. Ísl. búi til fyrirmynd að erfðaleigusamningum, sem séu í samræmi við frumvarp þetta. Mundi það skapa aukna festu og samræmi í framkvæmd málsins. Um þetta má ákveða í reglugerð.

Um 12., 13. og 14. gr.: Þurfa ekki skýringar.

Nd. 239. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 71 11. júní 1938, um byggingarsamvinnufélög.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

13. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

13. gr. laganna um byggingarsamvinnufélög hljóðar svo: „Ríkisábyrgðin fyrir lánum til byggingarsamvinnufélaga er því skilyrði bundin, að fyrsti veðréttur, að viðbættri ríkisábyrgð, nemi ekki hærri upphæð en 15 þús. kr. fyrir hverja einstaka íbúð.“ Þetta ákvæði verður að telja óeðlilegt eins og nú er komið verðlagi, og ættu ákvæði 5. og 12. gr. laganna að nægja sem takmörkun á útlánum félaganna.

Sþ. 240. Tillaga til þingsályktunar

um staðfesting á þingsályktun frá 15. maí 1941 um frestun almennra alþingiskosninga.

Flm.: Gísli Sveinsson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að ástæður þær, sem greindar eru í þingsályktun frá 15. maí 1941 um frestun almennra alþingiskosninga, hafi í engu breytzt til batnaðar, og stendur ályktunin því enn í fullu gildi.

Greinargerð.

Hin tilvitnaða þingsályktun frá f. á. er svo hljóðandi:

„Vegna þess að Ísland hefur verið hernumið af öðrum aðila styrjaldarinnar og lýst á hernaðarsvæði af hinum og vegna þess ástands, sem af þeim sökum hefur þegar skapazt í landinu, og fullkominnar óvissu um það, sem í vændum kann að vera, telur Alþingi, að almennar kosningar geti ekki að svo komnu farið fram með eðlilegum hætti eða í samræmi við tilgang stjórnarskrárinnar og anda lýðræðisins.

Alþingi ákveður því, að almennum kosningum til Alþingis skuli frestað fyrst um sinn, þar til ástæður breytast þannig, að fært þyki að láta kosningar fara fram, þó ekki lengur en 4 ár, og framlengist núverandi kjörtímabil í samræmi við það."

Kosningafrestunin var samþykkt á Alþingi fyrir ári síðan, með atkvæðum alls þorra þingheims, og voru ástæðurnar fyrir henni, eins og þingsályktunin greinir berum orðum, hinar hættulegu horfur vegna styrjaldarinnar. Nú ber öllum saman um, að horfurnar séu enn miklu hættulegri fyrir þetta land en þær voru þá. Hví á þá að rifta frestuninni, sem að sjálfsögðu er enn í fullu gildi og verður, þar til ástandið breytist til batnaðar? Því einu er svarað til þessa, sem mark er á takandi, af þeim, sem hrópa á kosningar, að færri þingmenn munu nú hlynntir áframhaldandi frestun en í fyrra, þar eð Alþýðuflokkurinn hefur (um sinn) brotizt út úr stjórnarsamvinnu, sem að öðru leyti skal ekki lagður neinn dómur á hér. En ályktunin stendur óhögguð fyrir þessu, og endurnýjun samþykktar hennar, beinlínis eða óbeinlínis, er að fullu lögmæt, ef meiri hluti þingsins er með henni; annað skiptir í raun réttri ekki máli. Og aukaatriði, sem færð hafa verið fram sem ástæða fyrir breyttri aðstöðu í þessu, eru einskis virði.

Kosningar til Alþingis eiga ekki að fara fram á þessum tíma, og munu gætnir menn á einu máli um það. Af þeim stafar úlfúð og illindi miklu framar og víðtækar í þjóðlífinu heldur en þótt menn deili nokkuð í málafylgju á þingi eða annars staðar. Stendur allt öðruvísi á, þótt kosið sé til hreppsnefnda eða bæjarstjórna, því að þar er aðeins um að ræða afgerð staðbundinna málefna, en eigi þjóðmálanna, er landið allt varða og lífsafkomu allra þegnanna, enda hefur aldrei í sögu þjóðarinnar ríðið eins mikið á samheldni og samvinnu ráðamannanna eins og einmitt nú. Frá þessu sjónarmiði er það óverjandi, eins og nú háttar í þjóðfélaginu, að varpa afdrifum málanna í eld kosninga, hvað sem öllu öðru líður, og kemur hér einnig enn fleira til, sem flestum mun ljóst, en eigi tel ég þörf að rekja það.

Þegar kosningatali er lokið, er miklu auðveldara fyrir stjórnmálaflokkana að tala saman og hefja samvinnu að nýju, enda er þess aðkallandi þörf, því að geigvænleg vá er fyrir dyrum lífsafkomu vorri og frelsi. Það á eigi að binda neinn við oftöluð orð eða í ótíma flutt, og er svo um kosningahjalið nú um hríð.

Óróamálin, er snerta innanlandshagi vora, verða að leggjast sem mest á hillu á þeim ógnatímum, sem nú eru yfir oss. Allir höfum vér skyldu, nú meir en nokkru sinni, til þess að vinna saman að alþjóðarheill og færa þær fórnir, er með þarf, einnig í flokkslegu tilliti. Jafnvel „kjördæmamálið", sem hefur verið og er deilumál innan þings og utan, en nú er fram komið sem skilgetið afkvæmi kosninga-

hugans, gæti fengið sína eðlilegu athugun og lausn með undirbúningi hinnar nýju stjórnarskrár, ef kosningar til Alþingis væru ekki um sinn á dagskrá.

Nd. 241. Frumvarp til laga

um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

4. gr. laganna breytist svo:

a. Fyrir „300 krónur“ í 1. tölulið komi: 450 krónur.
b. Fyrir „300 krónur“ í 2. tölulið komi: 450 krónur, — og fyrir „10 krónum“ komi: 25 krónum.
c. Fyrir „1000 krónur“ í 3. tölulið komi: 1500 krónur.
d. Fyrir „50 kr.“ á tveim stöðum í 3. málsgr. komi: 75 kr., — og fyrir „1500 krónum“ í lok málsgr. komi: 2000 krónum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu laun ljósmæðra reiknast samkvæmt þeim frá 1. jan. 1942.

Greinargerð.

Tillögur þær um rýmkun á launakjörum ljósmæðra, sem hér eru fram bornar, eru frá sýslunefnd Mýrasýslu, er hafði mál þetta til meðferðar á nýafstöðnum sýslufundi, vegna stórkostlegra vandræða með að fá ljósmæður til starfa í ljósmæðraumdæmum sýslunnar. Var á fundi þessum samþykkt svo látandi tillaga:

Sýslufundur Mýrasýslu, haldinn í Borgarnesi dagana 7.—10. apríl 1942, skorar á Alþingi að taka nú þegar til athugunar launakjör ljósmæðra og breyta þeim til betra samræmis við kjör annarra opinberra starfsmanna ríkisins og almennt verkkaup í landinu.“ Og enn fremur: „Telur nefndin, að grunnlaun í umdæmum með allt að 300 íbúum megi eigi lægri vera en 500 krónur, og hækki þau um 25 kr. fyrir hverja 50 íbúa þar fram yfir.“

Tillögur þær, sem hér eru fram fluttar, eru nokkuð í samræmi við framanskráða samþykkt og þó nokkuð lægri. Mun tæpast farandi skemmra um launabætur til handa ljósmæðrastéttinni en hér er gert, ef kjör þeirra eiga að verða svo, að von sé um, að konur fáist til þessa mikilvæga starfa fyrir þjóðfélagið.

Sþ. 242. Tillaga til þingsályktunar

um bifreiðaeinkasölu ríkisins.

Flm.: Jóh. G. Möller.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gefa nú þegar frjálsa verzlun á þeim vörutegundum, sem bifreiðaeinkasalan hefur verzlað með.

Greinargerð.

Þegar lögin um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl. voru sett 1935, var það einkum fært einkasölu á bifreiðum

til ágætis, að slík verzlun mundi „standardisera“ bifreiðaverzlunina, eins og það var orðað. Var með þessu átt við það, að með einkasölu fengist trygging fyrir því, að bifreiðategundirnar á landinu yrðu mjög fáar, og einungis yrði um þær tegundir að ræða, sem bezt væru fallnar til notkunar á íslenzkum vegum og við íslenzka staðhætti, en á þennan hátt var talið, að tryggja mætti aftur það, að „einfaldara yrði að útvega varahluti til bifreiðanna“. Kemur þetta sjónarmið mjög greinilega fram hjá fyrirsvarsmönnum laganna, enda er þar tekið fram, að ekki sé ætlað að koma þessu verzlunarfyrirkomulagi á í „tekjuöflunarskyni eingöngu, heldur líka með það fyrir augum að skipuleggja verzlunina“, og var það talið líklegt, að einkasalan mundi geta lækkað verðið, því að vafalaust gæti hún komizt að hagfelldari kaupum með því að kaupa hjá fáum verksmiðjum.

Þegar einkasalan var sett á stofn, munu bifreiðategundir á landinu hafa verið 74. Var sú tala talin vera mjög há, og töldu flutningsmenn, að eigi mætti lengur við svo búið standa, heldur yrði að gera allt til þess að fækka bifreiðategundunum.

Þegar litið er á þennan tilgang einkasölunnar og það athugað, hvort hún hafi verið þessu starfi vaxin, kemur það furðulega í ljós, að bifreiðategundunum hefur ekki fækkað, heldur fjölgað. Flutningsmaður þessarar tillögu hefur í fórum sínum skýrslur um bifreiðategundirnar hér á landi undanfarin ár. Sýna þessar skýrslur, að árið 1936 eru tegundir bifreiðanna 75, fjölgun 1; árið 1937 eru tegundirnar 86, fjölgun 12; árið 1938 89, fjölgun 15; árið 1939 93, fjölgun 19; árið 1940 94, fjölgun 20; og árið 1941 eru tegundirnar 102, fjölgun 28.

Skýrslur þessar bera það með sér, að þótt einkasalan hafi átt að vinna að því að fækka bifreiðategundunum hér, hefur þeim fjölgað jafnt og þétt öll árin, þrátt fyrir starfsemi hennar, og eru nú tegundirnar 28 fleiri heldur en þær voru, þegar einkasalan hóf göngu sína. Þetta sýnir greinilega, að sá höfuðtilgangur einkasölunnar að fækka bifreiðategundunum hefur gersamlega mistekizt. Raunverulega eru tegundirnar miklu fleiri, miðað við varahlutaþörf.

Þessi fjölgun tegundanna sýnir og, að einkasalan hefur líka brugðizt því að tryggja það, að í landinu væru eingöngu bifreiðar, sem sérstaklega væru vel fallnar til aksturs á íslenzkum vegum. Hrapallegast mun hún þó hafa brugðizt í þessu efni með því að flytja sjálf inn notaðar bifreiðar í stórum stíl og leyfa einstaklingum verulegan innflutning slíkra bifreiða. Hefur þetta einkum átt sér stað síðast liðin tvö ár. Verður varla annað sagt en að þar hafi gætt lítillar fyrirhyggju, og nýjum tegundum og nýjum ársgerðum verið hrúgað inn í landið, án þess að sama skapi hafi verið athugað, hvort þessar bifreiðar væru á nokkurn hátt hæfar til aksturs á íslenzkum vegum. Í þessu sambandi þykir rétt að geta þess, að fagmenn bera mjög brigður á, að innkaup einkasölunnar á bifreiðum hafi yfirleitt verið heppileg, miðað við íslenzka staðhætti.

Eins og kunnugt er, tók einkasalan aldrei einkasölu á bifreiðahlutum, enda mundi slík verzlun hafa orðið henni algerlega ofviða. En þar sem hún hafði þann tilgang að fækka bifreiðategundunum, meðal annars til þess, að hægara væri að fá varahluti, þar henni ótvírætt skylda til þess að standa í sambandi við innflytjendur bifreiðavarahluta til þess að tryggja, svo sem bezt mátti vera, að varahlutir flyttust inn, að minnsta kosti í þær bifreiðar, sem hún sjálf flutti inn eða sá um innflutning á, beint eða óbeint. Þessu hefur einkasalan brugðizt undanfarið, en einkum og sér í lagi nú síðustu tvö árin, þar sem hún hefur flutt inn notaðar bifreiðar, án þess að hafa nokkra minnstu tryggingu fyrir því, að varahlutir fengjust í þær, og voru þó sumar bifreiðarnar í mjög lélegu ásigkomulagi og þurftu þegar í stað mikillar viðgerðar.

Veit ég dæmi þess, að einkasalan hefur jafnvel neitað að gefa firmum í bænum upp tegundir þær, er hún hafði í hyggju að panta, þó að þess hafi verið óskað með það eitt fyrir augum, að viðkomandi firmu gætu í tæka tíð tryggt sér almenna varahluti til bifreiðanna.

Nú er líka svo komið í þessum efnum, að svo til ókleift virðist vera að fá varahluti í hinar algengustu bifreiðar, hvað þá heldur í þær bifreiðar, sem eru algerlega

nýjar af nálinni hér og gamalkeyptar. Um alla verzlun með tekniska hluti þykir það yfirleitt sjálfsagt, að seljandinn tryggi það, sem heitir á erlendu máli „service“ og er fólgið í því að annast eða tryggja, að hægt sé að fá viðhald og viðgerð hlutanna af hendi leyst. Einkasalan hefur ekki fylgt þessari reglu, heldur þvert á móti flutt inn bifreiðar án þess að hafa hina minnstu tryggingu fyrir „service“ þeirra. Það verður því ekki annað sagt en að hún hafi einnig brugðizt hvað viðvíkur varahlutunum. Hún átti að tryggja það, að auðvelt væri að fá þá og gera þá ódýrari, en hvort tveggja hefur farið fyrir ofan garð og neðan.

Hvatamenn að stofnun einkasölunnar héldu því í öndverðu fram, að hún mundi selja alla hluti, sem hún verzlaði með, ódýrara en þeir höfðu áður verið seldir. Hún mundi m. ö. o. lækka verðið. Þetta virðist og hafa mistekizt, enda mun einkasalan hafa haft það á orði, að mjög erfitt væri fyrir hana að flytja inn bifreiðar frá einum stærstu bifreiðaframleiðendum heimsins, vegna þess að umboðsmenn þeirra hér hefðu selt þá svo ódýrt, að um of lítinn ágóða væri að ræða. Liggur þetta vitanlega í því, að tiltölulega lítil álagning var á bifreiðunum sjálfum, en höfuðálagning þeirra, sem með þessar vörur verzluðu, var yfirleitt á varahlutunum, en ekki á hinum tilbúnu bifreiðum. En varahlutirnir voru ekki með í verzlun einkasölunnar, og hefur því rekstrarkostnaður hennar orðið að leggjast að verulegu leyti á þá hluti, sem mjög lítil álagning var á áður, en þetta hefur aftur haft það í för með sér, að bifreiðar mundu yfirleitt hafa verið ódýrari, ef einkasalan hefði ekki haft verzlunina með höndum.

Það er og kunnugt, að einkasalan verzlar einnig með hjólbarða og allt þeim tilheyrandi. Um þá verzlun er mér ekki nægilega kunnugt, annað en það, að mjög virðist hafa skort á, að hægt hafi verið að fullnægja þeirri eftirspurn, sem alveg eðlilega hlaut að vera fyrir hendi, þegar miðað er við innflutning bifreiða, og einkasölunni mátti vera bezt kunnugt um. Verður því að telja, að einnig í þessu efni hafi einkasalan leyst hlutverk sitt verr af hendi heldur en mundi hafa verið gert, ef verzlunin hefði verið frjáls í höndum einstaklinga.

Þá er það, að eins og einkasölunni hefur orðið um megn að fullnægja eftirspurninni eftir hjólbörðum, þá virðist hún einnig hafa átt mjög erfitt með að fullnægja innflutningsþörfinni á bifreiðum. Má vera, að þetta stafi að einhverju leyti af gjaldeyrisskorti. Ég hygg þó, að gjaldeyrisskorturinn muni ekki nægja hér til afsökunar. Kemur þetta í ljós, þegar athugað er, að þrátt fyrir einkasöluna flytja einstaklingar inn 53 bifreiðar árið 1940 og 182 á árinu 1941. Er innflutningur einstaklinga árið 1941 60 fólksbifreiðum meiri en einkasölunnar sjálfrar. Verður þetta með þeim hætti, 1) að einstaklingarnir hafa verið hvattir til þess af einkasölunni að útvega sér bifreiðar sjálfir, eftir að hún, þrátt fyrir gefin loforð, hefur talið sér það ókleift, eða 2) þeir hafa fengið leyfi til þess hjá einkasölunni, eða 3) þeir hafa gert það án leyfis, gegn væntanlegu leyfi einkasölunnar, þegar bifreiðarnar kæmu. Bendir þetta til þess, að einstaklingar hafi verið færari um að fullnægja eftirspurninni. Annars virðist þetta vera nokkuð einkennilegur máti á rekstri einkasölu, þó að hitt virðist enn þá furðulegra, að vera að halda uppi einkasölu, þegar einstaklingarnir flytja inn 50% fleiri bifreiðar heldur en einkasalan sjálf. Ef menn svo athuga það, að einkasalan tekur 17% af verði hverrar bifreiðar, og það alveg eins, þó að hún hafi hvergi komið nærri innflutningnum, verður ekki annað séð en að hún sé komin nokkuð langt frá hugsun stofnenda sinna, sem töldu, að heilbrigður verzlunarmáti og hófstillt álagning mundi verða einkenni hennar.

Flutningsmaður þessar þingsályktunartillögu fær ekki annað séð, að því athuguðu, sem að framan greinir, en að bifreiðaeinkasalan hafi í einu og öllu brugðist þeim vonum, sem þeir menn, er börðust fyrir að koma henni á, virðast hafa tengt við hana og jafnvel talið tilgang hennar. Virðist því rekstur hennar hafa leitt það í ljós, að heppilegra mundi vera að hafa þessa verzlun í höndum einstaklinganna. Er og svo komið, að um fáan eða engan verzlunarrekstur á landinu mun ríkja jafnmikil óánægja eins og með þessa einkasölu. Stafar sú óánægja frá vitneskjunni um þá hluti, sem hér

að ofan hafa verið færðir fram til stuðnings því, að hverfa beri frá þessum einkasölurekstri og einkasölu yfirleitt, en sérstaklega virðist hafa legið í láginni hjá bifreiðaeinkasölunni. Má þar til nefna meðal annars framúrskarandi litla festu í viðskiptaloforðum og handahófsreglur um úthlutun bifreiðanna, eftir að ekki var kostur að fullnægja eftirspurninni. Er um fátt meira talað heldur en þessa úthlutun og hverja einkasalan hafi sérstaklega látið sitja í fyrirrúmi fyrir bílum, einkum undanfarin tvö ár. Út í þá sálma skal ekki farið hér, en mér er kunnugt um, að þær sögur, sem ganga manna á milli um þetta, eru ekki allar úr lausu lofti gripnar.

Í þingsályktunartillögu þeirri, sem hér um ræðir, er gert ráð fyrir, að þær vörur, sem bifreiðaeinkasalan hefur verzlað með, verði gefnar frjálsar þegar í stað. Er það hins vegar talið sjálfsagt, að ríkisstjórnin verði að reka verzlun með þessar vörur, meðan verið er að ganga frá endanlegri uppgerð hennar. Raunar mun vera miklum erfiðleikum bundið að ná í þessar vörur nú, en það virðist einmitt skapa sérstaka ástæðu til þess að gefa einstaklingunum tækifæri til að vinna bug á þeim örðugleikum, enda virðist einkasalan ekki hafa sýnt þá fremd í rekstri sínum, að það sé ekki eðlilegra að láta verzlunina aftur í hendur einstaklinga, jafnvel þó óvenjulegum erfiðleikum sé bundið um útvegun vörunnar. Virðist ekkert því til fyrirstöðu, að öflun þeirra vara, sem hér um ræðir, fari fram með sama hætti og útvegun annarra vara til landsins.

Nd. 243. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1941, um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur rætt frumvarpið og eigi getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar er andvígur frumvarpinu, en skoðanirnar hjá einstökum nefndarmönnum virðast þó nokkuð skiptar um afstöðu til málsins. Minni hlutinn vill láta samþykkja frumvarpið, en gæti eftir ástæðum fallizt á nokkrar breytingar á því, sem ekki draga þó úr því, að aðaltilgangurinn með frumvarpinu náist.

Málið hefur verið rætt og athugað eftir beiðni nefndarinnar í sauðfjársjúkdómanefnd og á búnaðarþingi. Leggur nefndin einróma gegn frumvarpinu, en búnaðarþing var verulega skipt í afstöðu sinni til þess, þótt meiri hlutinn yrði á móti að lokum. Ég tel þessa afstöðu ekki mjög óeðlilega eins og á stendur, en furða mig nokkuð meira á, að meiri hluti minna samstarfsmanna í landbúnaðarnefnd byggir svo mikið á þessum umsögnum sem fyrir liggur. Svo sem kunnugt er, hefur sauðfjársjúkdómanefnd starfað nokkur ár. Hún hefur sett sér mjög flóknar reglur um úthlutun styrkja vegna mæðiveiki og lagt í það mikla vinnu. Það er því ekki svo undarlegt, þó henni falli illa, að farið er fram á að kasta öllum þessum reglum með einni lagabreytingu og færa framkvæmd þessara mála í nýtt og einfalt horf. Nefndin virðist skoða slíkt sem árás á starf sitt og stefnu. Sá var þó eigi tilgangur flutningsmanna, heldur hitt, að koma þessari starfsemi í hagnýtara og réttlátara horf. Á búnaðarþingi starfa svo sumir sömu menn og einnig þeir starfsmenn, sem mest hafa fengizt við framkvæmd þessara mála. Þar berjast þeir gegn því, að þessi breyting fái meðmæli, með þeim árangri, að þeir menn lenda í minni hluta, sem litu á nauðsyn þessarar breytingar sömu augum eins og flutningsmenn. Þessi aðstaða er að vissu leyti eðlileg og er sýnishorn af því, hve oft er örðugt að breyta flókinni framkvæmd í einfaldara og eðlilegra horf.

Mér þykir rétt að minnast hér aðeins á þau aðalatriði, sem sauðfjársjúkdómanefnd færir gegn þessari breytingu, og er það vegna þess, að meiri hluti landbúnaðarnefndar byggir aðallega á því áliti. Þessi atriði eru:

1. Niðurfelling framlags til vegagerða vegna fjárpestanna.
2. Að ekki fylgir kostnaðaráætlun, er sýni útgjöld ríkisins af þessari breytingu.
3. Að hætt sé við, að þetta fyrirkomulag yrði misnotað, þar sem fénu mundi fjölga of fljótt og menn færu þá að drepa veturgamlar ær o. s. frv. til að fá styrkinn.
4. Að samkvæmt frumvarpinu yrði ekkert tillit tekið til breytilegrar búskaparaðstöðu.
5. Að þeir bændur fengju of mikið fé, sem flest fé áttu áður og geta fjölgað því nægilega aftur.

Um þessi atriði hef ég í stuttu máli þetta að segja:

1. Að fella niður heimild til vegabótaframlags tel ég ekki miklu skipta. Sú ráðstöfun í sambandi við bætur fyrir tjón af mæðiveiki hefur alltaf verið vafasöm. Framlög til vegabóta eiga að koma eftir venjulegum leiðum, og hefur enda nokkuð verið tekið tillit til hinnar breyttu aðstöðu við þau fjárframlög, í það minnsta á meðan atvinna var af skornum skammti. Annars er í þessu efni eigi um svo mikið fjárframlag að ræða, að það skipti miklu máli.
2. Kostnaðaráætlanir hafa ekki að undanförnu fylgt þeim tillögum, sem gerðar hafa verið um framkvæmd þessara mála, hvorki frá mæðiveikinefnd eða öðrum, nema þau drög til áætlana, sem árlega hafa af nefndinni verið gerð í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Mér er ljóst, að breytingin mundi hafa nokkur aukin útgjöld í för með sér, enda yrði gagnið lítið ella fyrir þá mörgu framleiðendur, sem hafa verið og eru í vanda staddir vegna þeirrar plágu, sem hér um ræðir. En ég gat þess við 1. umræðu málsins og vil endurtaka það hér, að samkvæmt síðustu úthlutun uppeldisframlaga og þeim skýrslum, sem hún er byggð á, þá var veitt á um 75% þeirra lamba, sem á voru sett haustið 1940 á aðalmæðiveikisvæðinu: Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Vestur-Húnavatnssýslu og Austur-Húnavatnssýslu vestan Blöndu. Þetta ár gengu 25% lambanna frá, og ég er viss um, að það var víða ekki réttlátt, hvað sem öllum reglum líður. Fjölda dæma væri hægt að nefna því til sönnunar. Nú er það að vísu víst, að þetta dæmi um úthlutun yrði ekki eins í framkvæmdinni framvegis, því að framlagið mundi vaxa, ef ekki eru því meiri vandræði fyrir höndum um okkar sauðfjárrækt. Því aðeins væri líka gagn að breytingunni, að hún yrði til að örva menn á fjárpestarsvæðunum til að eiga fé og reyna til hins ýtrasta að fjölga því.
3. Sá ótti, sem fram kemur í áliti sauðfjársjúkdómanefndar við, að fénu fjölgi of fljótt, ef þessi regla yrði upp tekin, og því mundu menn fara að misnota aðstoðina, er mér undrunarefni. Að vísu er ekki hægt að girða fyrir einhverja misnotkun hjá einstaka manni, en ég tel af því enga hættu stafa. Ég tel lífsskilyrði að reyna að viðhalda fénu og fjölga því, og ríkisvaldið hefur skyldu til að stuðla að því, að svo megi verða. Ella er voði fyrir dyrum í þeim héruðum, sem hlut eiga að máli. Að fénu mundi af þessu fjölga of fljótt, svo menn færu að drepa niður veturgamlar lambgimbrar, er því miður ekki líklegt. Ég segi því miður, af því að þá væri plágan eigi eins alvarleg eins og reynslan sýnir, og mig undrar að sjá þvílíku haldið fram. Til dæmis um það, hvernig ástandið að þessu leyti er í því héraði, sem ég þekki bezt, Austur-Húnavatnssýslu, vil ég geta þess, að samkvæmt skýrslu, sem ég hef fengið frá öðrum sýslufulltrúanum, herra Jóni S. Pálmasyni, sýslunefndarmanni á Þingeyrum, þá hefur tjónið í héraðinu á árinu 1941 verið sem hér segir: Í 8 hreppum sýslunnar hafa farizt á árinu af mæðiveiki hjá 294 framteljendum 4939 kindur fullorðnar og 258 veturgamlar. Áætlað tjón þessara manna á árinu er kr. 418920.00. Auk þessa eru kauptúnahrepparnir tveir, og þar hafa farizt 278 kindur. Samtals hafa því farizt í þessari litlu sýslu á árinu 5475 kindur, og þetta er 5. árið, sem veikin er í héraðinu. Þegar þess er gætt, að ástandið að þessu leyti mun vera sízt betra annars staðar á svæðinu, þá er aug-

ljóst, hve gífurlegir örðugleikar eru á því að viðhalda fjárstofninum, hvað þá heldur að fjölga aftur til að ná hinni upphaflegu búastærð. Að hætt sé við, að menn færu að drepa heilbrigðar, veturgamlar gimbrar, þó að þeir fengju uppeldisverðlaun fyrir ásettar lambgimbrar, er því hugmyndasmíð, sem er nokkuð fjarlæg veruleikanum. Menn geta skemmt sér við að koma með þvílík mótmæli, en þeir fjáreigendur, sem þekkja mæðiveikina, taka þau naumast alvarlega.

4. Að samkvæmt frumvarpinu yrði ekkert tillit tekið til breytilegrar búskaparaðstöðu, er réttmæt athugasemd, og mun ég flytja breytingartillögu um það efni fyrir 3. umr., ef frumvarpið heldur áfram. Það er náttúrlega sanngjarnt, svo ákveðið dæmi sé nefnt, að bóndi, sem hefur góða aðstöðu til mjólkursölu, fái minni aðstoð en annar, sem hefur ekki tækifæri til að auka tekjur sínar á þann hátt, enda mun nefndin eiga við það.
5. Að þeir bændur fengju óþarflega mikið fé samkvæmt frumvarpinu, sem flest fé áttu áður en fjárpestin kom, er álitamál. Er mér ekkert kappsmál um þau ákvæði, sem takmarka framlögin að ofan. Gæti ég vel hugsað mér að setja hámarkið nokkru neðar, ef það gæti orðið til samkomulags.

Aðalatriðið í málinu er það, að ekki sé verið að klípa af þessari aðstoð hjá ungum mönnum, sem eru fáanlegir til að leggja inn á búskaparbrautina á þessum svæðum og eru að byrja að eignast fé, og ekki heldur hjá fátækum mönnum, sem hafa lægri tekjur en nokkrir aðrir menn í landinu. Mönnum, sem setja á þetta frá 5 og upp í 25 lömb, eins og flestir þessir menn gera, sem eiga innan við 100 kindur alls og eru í stöðugum vanda og hafa við stöðug vonbrigði að stríða út af því, að þeirra eina lífsbjörg er í háska. Að vera að týna það sundur kind fyrir kind, hvað slíkir menn megi fá uppeldisframlag á mörg af sínum lömbum og það eftir mjög vafasömum reglum, er svo mikil þröngsýni, að ég tel ríkisvaldinu ekki samboðið, að þess háttar starfsaðferðir haldi áfram. Þess vegna var frumvarpið flutt og þess vegna legg ég til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 20. apríl 1942.

Jón Pálmason.

Nd. 244. Nefndarálit

um frv. til laga um íþróttakennaraskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með frv. og flytur ekki á þessu stigi breytingartillögur við það. Einn nefndarmanna (ÞBr) var fjarstaddur.

Alþingi, 22. apríl 1942.

Bjarni Bjarnason, form., frsm.
Gísli Sveinsson, fundaskr.
Pálmi Hannesson.
Ásgeir Ásgeirsson.

Ed. **245. Frumvarp til laga**

um orlof.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Erlendur Þorsteinsson.

1. gr.

Lög þessi gilda um allt fólk, sem starfar í þjónustu annarra, hvort heldur einstaklinga eða hins opinbera. Undanteknir eru þó:

a. Iðnnemar, sbr. 9. gr. laga nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám.
b. Starfsmenn fiskiskipa, sem ráðnir eru eftir reglum um hrein hlutaskipti og hlutarmaður tekur þátt í útgerðarkostnaði að meira eða minna leyti. Þó skal, ef hlutarmaður óskar þess, greiða honum orlofsfé þannig, að helmingur þess sé tekinn af kaupi hans sjálfs, en hinn helminginn greiði útgerðarmaður.

2. gr.

Lög þessi rýra í engu orlofsrétt þeirra, sem samkvæmt samningi eða venju eiga eða kunna að eignast betri orlofsrétt en í lögum þessum er ákveðið.

Samningar um takmarkanir á orlofsrétti samkvæmt lögum þessum eru ógildir.

3. gr.

Sérhver, sem lög þessi ná til, hefur rétt og skyldu til orlofs ár hvert jafnmarga virka daga og hann hefur unnið marga almanaksmánuði samanlagt næsta orlofsár á undan, en orlofsár merkir í lögum þessum tímabilið frá 15. maí til 14. maí næsta ár á eftir.

Telst í þessu sambandi hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður, en skemmri tími er ekki talinn með.

Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær kaup greitt, eða hann er í orlofi.

4. gr.

Sá, sem fer í orlof, á rétt á að fá greitt sem orlofsfé 4% — fjóra af hundraði — af kaupi því, sem hann hefur borið úr býtum fyrir vinnu sína næsta orlofsár á undan.

Nú hefur maður unnið eftirvinnu, nætur- eða helgidagavinnu, og greiðist þá orlofsfé aðeins af þeirri upphæð, sem greidd hefði verið fyrir þá vinnu, ef það hefði verið dagvinna. Þó skulu farmenn fá greitt orlofsfé af eftirvinnukaupi eins og það er á hverjum tíma.

Orlofsfé greiðir sá eða þeir, sem orlofsrétthafi hefur unnið hjá á orlofsárinu, og fer greiðsla fram með orlofsmerkjum hvert skipti sem útborgun vinnulauna fer fram.

Ákvæði þetta gildir þó ekki um starfsmenn, sem eru í fastri stöðu, þegar þeir fara í orlof, og hafa unnið hjá sama vinnuveitanda samfellt næsta orlofsár á undan. Halda þeir kaupi sínu óskertu orlofsdagana, jafnháu og þeir hefðu unnið venjulegan vinnutíma. Kaup fyrir orlofsdagana skulu þeir fá greitt næsta virkan dag áður en orlof hefst.

Nú fer maður úr fastri stöðu, og greiðir vinnuveitandi þá með orlofsmerkjum orlofsfé af kaupi því, er starfsmaðurinn vann fyrir á því orlofsári.

Starfsmaður, sem er í fastri stöðu, þegar hann fer í orlof, en hefur ekki unnið hjá sama vinnuveitanda samfellt næsta orlofsár á undan, fær greitt orlofsfé með orlofsmerkjum næsta virkan dag áður en orlof hefst, og miðast það við kaup það, er hann vann fyrir hjá núverandi vinnuveitanda á orlofsárinu.

Krafa um greiðslu orlofsfjár er forgangskrafa í dánar- eða þrotabúi vinnuveitanda til jafns við kröfur þær, sem um ræðir í 83. gr. b, 5. lið, skiptalaganna, nr. 3 12. apríl 1878.

5. gr.

Nú tekur maður ekki kaup beint frá vinnuveitanda, heldur fær kaupið greitt t. d. með þjórfé að öllu eða nokkru leyti, og skal upphæð orlofsfjár þá miðast við framtal tekna til skatts næsta ár á undan, eða áætlun skattanefndar um vinnutekjur, ef ekki var talið fram til skatts.

6. gr.

Eigi skal reikna orlofsfé af greiðslum, sem ætlaðar eru til borgunar á sérstökum kostnaði vegna starfsins, t. d. ferðakostnaði, og ekki teljast skattskyldar. Sama gildir um áhættuþóknanir, sem greiddar eru vegna stríðshættu.

7. gr.

Nú er kaup greitt með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum að öllu leyti eða einhverju, og greiðist þá orlofsfé af verðmæti þess, sem miðast við mat skattanefndar á hlunnindum þessum til tekna við síðustu ákvörðun tekjuskatts.

8. gr.

Ríkisstjórnin hlutast til um, að póststjórnin gefi út orlofsmerki og orlofsbækur á þann hátt, er fyrir er mælt í lögum þessum og reglugerð, er sett skal samkvæmt þeim.

Í reglugerðinni skal ákveðin gerð merkjanna, með hvaða upphæðum í aurum eða krónum þau skuli gefin út og hvernig sölu þeirra skuli hagað.

Orlofsmerki skulu vera til sölu og orlofsbækur til afhendingar í öllum póststöðvum, þar sem póstfrímerki eru seld.

Merkin skulu seld vinnuveitendum með ákvæðisverði og starfsmönnum afhentar ókeypis þær bækur, sem eru þeim nauðsynlegar.

Í bækurnar skal starfsmaður rita nafn sitt, stétt og heimili, um leið og bókin er afhent og í viðurvist þess, er afhendir honum bókina. Hver bók skal aðeins gilda fyrir eitt orlofsár, og skal það tilgreint fremst í bókinni, og má aðeins festa í þær orlofsmerki fyrir vinnu á því orlofsári. Í reglugerð skulu sett ákvæði um gerð bókanna og notkun, svo og um önnur atriði varðandi framkvæmd laga þessara, er þurfa þykir.

Allur kostnaður við orlofsmerki og orlofsbækur greiðist úr ríkissjóði.

Þegar kaupgreiðandi afhendir starfsmanni orlofsmerki, skal kaupgreiðandi sjálfur festa þau í orlofsbók starfsmannsins á þann hátt, er fyrir er mælt í reglugerð um orlof, og skrifa í bókina það, sem reglugerðin ákveður.

9. gr.

Orlof skal veitt í einu lagi á tímabilinu 1. júní til 15. september. Þó geta aðilar ákveðið með samkomulagi, bæði að orlofi skuli skipta og að það skuli veitt á öðrum tíma árs.

Ríkisstjórnin getur í reglugerð um orlof ákveðið, að víkja skuli frá ákvæðum þessarar greinar að því er snertir sérstakar starfsgreinar, er nauðsynlegt þykir, að aðrar reglur gildi um.

10. gr.

Nú er starfsmaður í starfi á þeim tíma, þegar hann vill fara í orlof, og ákveður vinnuveitandi þá, með a. m. k. viku fyrirvara, hvenær honum skuli veitt orlof, nema samkomulag verði um annað.

Ritar vinnuveitandi í orlofsbók starfsmanns vottorð um það, hvaða daga orlof hans skuli standa yfir.

11. gr.

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof á þeim tíma, er vinnuveitandi ákveður samkv. 10. gr., skal hann sanna forföll sín með vottorði sjúkrasamlagslæknis

síns, ef hann er í sjúkrasamlagi, en annars héraðslæknis. Læknisvottorð skal ritað í orlofsbók. Getur starfsmaður þá krafizt orlofs og greiðslu andvirðis orlofsmerkja á öðrum tímum en ákveðið er í 9. gr., en þó ekki síðar en svo, að orlofi hans sé lokið fyrir 31. maí næstan á eftir.

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof fyrir þann tíma, á hann rétt á að fá greitt andvirði orlofsmerkja sinna, ef hann sannar veikindi sín á sama hátt og að ofan greinir.

12. gr.

Nú er maður ekki í starfi, þegar hann vill fara í orlof, eða er orðinn sjálfstæður atvinnurekandi eða hættur að starfa í þjónustu annarra af öðrum ástæðum, og skal hann þá snúa sér til oddvita, bæjar- eða borgarstjóra, þar sem hann er heimilisfastur, og gefa skriflega yfirlýsingu um, að hann ætli að fara í orlof tiltekna daga, en sá, sem við yfirlýsingunni tekur, ritar vottorð í orlofsbók hlutaðeiganda um, að hann hafi tekið við yfirlýsingunni, og um innihald hennar, enda sé yfirlýsingin geymd í hans vörzlum.

13. gr.

Þegar ritað hefur verið í orlofsbók vottorð samkvæmt því, sem segir í 10. og 12. gr., snýr starfsmaður sér til einhverrar póststöðvar og fær þar, hinn síðasta virka daga áður en orlof hefst eða síðar, greidda í peningum samanlagða upphæð orlofsmerkja, sem fest eru í orlofsbókina, gegn afhendingu bókarinnar með áritaðri kvittun fyrir móttöku upphæðarinnar.

Nú er orlofsbók ekki lögð fram í póststöð til innlausnar fyrir 15. september fyrir næsta orlofsár á undan, og fellur þá andvirði orlofsmerkjanna til ríkissjóðs, nema sérstök heimild sé í lögum þessum eða reglugerð samkvæmt þeim til þess að fresta innlausn bókarinnar. Þó getur ráðherra, þegar sérstaklega stendur á, veitt frest í þessu efni til loka yfirstandandi orlofsárs.

Andvirði orlofsmerkja greiðist dánarbúi manns, sé það sannað með dánarvottorði, rituðu í orlofsbók, að hann sé látinn.

14. gr.

Nú er orlofi skipt samkvæmt heimild í 9. gr. laga þessara, og skal þá stíla vottorð þau, sem um ræðir í 10. gr. og 12. gr., í samræmi við það. Verður síðan aðeins greiddur í það sinn sá hluti samanlagðrar upphæðar orlofsmerkja í orlofsbók, sem svarar til þess hluta orlofs, er vottorð ræðir um. Skal rita í orlofsbókina kvittun fyrir greiðslunni, en afhenda bókina síðan þeirri póststöð, sem greiðir eftirstöðvar orlofsmerkjanna.

15. gr.

Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum falla úr gildi fyrir fyrning, ef þær hafa ekki verið viðurkenndar eða lögsókn hafin innan loka næsta orlofsárs eftir að kröfurnar stofnuðust.

16. gr.

Óheimilt er manni að vinna fyrir kaupi í starfsgrein sinni meðan hann er í orlofi.

17. gr.

Framsal orlofsmerkja og flutningur orlofsmerkja milli ára er óheimill.

18. gr.

Það varðar sektum, er renna í ríkissjóð, ef:

1. Vinnuveitandi lætur starfsmann sinn ekki fá orlof eða orlofsfé samkvæmt lögum þessum, nema um ítrekað brot sé að ræða, því þá má dæma hann til varðhalds.

2. Ef vinnuveitandi gerir samning við starfsmann sinn, sem bannaður er í 2. gr. 2. mgr.
3. Ef starfsmaður brýtur ákvæði 16. og 17. gr., og skal þá jafnframt, ef brot er ítrekað, ákveða með dómi missi orlofsréttar næsta orlofsár eftir að dómur er kveðinn upp.

Mál út af brotum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála. Sökin fyrnist, ef mál er eigi höfðað áður en næsta orlofsári lýkur eftir að brot var framið.

19. gr.

Ef eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, skulu öll mál út af réttindum og skyldum samkvæmt þeim og til fullnægingar öllum kröfum í því sambandi heyra undir félagsdóm.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. maí 1942.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af meiri hluta milliþinganefndar, er skipuð var af félagsmálaráðuneytinu 17. okt. 1941, og fylgdu því svo hljóðandi skýringar:

„Á síðasta reglulega Alþingi var samþykkt svofelld þingsályktunartillaga um undirbúning löggjafar um orlof:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita tillagna verkalýðs- og vinnuveitendasamtakanna, svo og Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands, um undirbúning löggjafar um orlof vinnandi fólks í landinu til sjávar og sveita frá störfum á vissum tímum árs. Leggi ríkisstjórnin málið síðan fyrir næsta Alþingi í því formi, sem henni þykir henta.“

Með bréfum, dags. 17. okt. s. l., var síðan 5 manna nefnd skipuð samkvæmt tilnefningu ofangreindra aðila og félagsmálaráðherra til þess að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um þetta efni.

Í nefndina voru skipaðir þeir Sigurjón Á. Ólafsson, eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Eggert Claessen, eftir tilnefningu Vinnuveitendafélags Íslands, Jón Hannesson, eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, Davíð Ólafsson, eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, og Friðjón Skarphéðinsson, tilnefndur af félagsmálaráðherra.

Með samþykkt þingsályktunartillögunnar hefur Alþingi viðurkennt nauðsyn þess, að vinnandi fólk til sjávar og sveita fái hæfilega hvíld frá störfum vissan tíma í einu með vissu millibili. Þetta er og almennt viðurkennt og hefur verið um langt skeið, enda hafa skapazt venjur um orlof (sumarfrí) hjá ýmsum stéttum manna og þá fyrst og fremst hjá skrifstofu- og verzlunarfólki. Þá var og í sumum sveitum landsins sú venja fram yfir aldamót, og er ef til vill enn, að veita hjúum nokkurra daga orlof árlega.

Á síðari árum hafa auk þess fjölmörg stéttarfélög fengið því til vegar komið með samningum við atvinnurekendur, að meðlimum þeirra hefur verið tryggt orlof, mismunandi langt eftir atvikum. Nefndin hefur kynnt sér þá af þessum samningum, sem hún hefur náð til, og er að sjálfsögðu gengið út frá því í frumvarpinu, að þeir samningar um orlof haldi gildi sínu, þar sem betri orlofsréttur er tryggður en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. (Útdráttur úr samningum þessum fylgir hér með (fskj. V).

Það er því augljóst, að í frumvarpinu felast ekki svo miklar breytingar á skipun þessara mála eins og ætla mætti að óathuguðu máli, þar sem venjur og samningar um þetta efni eru mjög víðtæk. Höfuðnýmæli frumvarpsins er orlof verkamanna, en sjómenn og þó einkum iðnaðarmenn hafa í fjölmörgum tilfellum tryggt sér orlof með samningum. Þá hafa og verkamannafélögin Dagsbrún í Reykjavík og Hlíf í Hafnarfirði tryggt meðlimum sínum vísi til orlofs með samningum á s. l. ári.

Nauðsyn þess að taka sér hvíld frá störfum vissan tíma með vissu millibili hefur ekki aðeins verið viðurkennd í framkvæmdinni hér á landi, heldur einnig í öllum menningarlöndum. Reynslan hefur kennt, að slík hvíld er ekki aðeins til hagræðis fyrir einstaklingana, heldur einnig er hún vinningur frá þjóðhagslegu sjónarmiði, bæði að því er snertir aukin vinnuafköst og endingu á starfsþreki og heilbrigði. Tvöfalt gildi hefur slík hvíld, ef hægt er að sameina hana dvöl úti í náttúrunni eða hollum ferðalögum.

Flestir, sem eru sjálfs sín húsbændur, taka sumarfrí eftir því, sem atvik leyfa. Eigi hinir, sem starfa í þjónustu annarra, að njóta orlofs, verður það að byggjast á samningi við atvinnurekanda, venju eða löggjöf. Óumdeilda þýðingu hefur það, að fólk fái greitt kaup, meðan það er í orlofi. Að öðrum kosti mundi það mjög sjaldan hafa efni á að fara í orlof. Hagsmunir atvinnurekanda og starfsfólks hafa því leitt til þess, að þeir, sem orlof fá samkvæmt samningi eða venju, fá einnig greitt sitt venjulega kaup í orlofinu.

Hér á landi hefur til þessa ekki verið til löggjöf um orlof. Í félagsmálalöggjöf hinna Norðurlandanna og í ýmsum öðrum löndum hefur hins vegar verið sett allvíðtæk löggjöf um þetta efni, einkum eftir að 20. alþjóðlega vinnumálaþingið í Genf samþykkti árið 1936 ályktun um þetta og tilmæli til meðlima sinna um orlofslöggjöf. (Um orlofslöggjöf Norðurlandaþjóðanna vísast til meðfylgjandi efniságrips (fskj. IV)).

Með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er til þess ætlazt, að málum verði þannig skipað, að orlof sé lögákveðið 12 virkir dagar á ári, miðað við, að unnið sé allt árið, en 1 dagur fyrir hvern mánuð, sem unnið er, og að kaup í orlofinu — orlofsfé — sé 4% af vinnulaunum, greiddum viðkomanda á orlofsárinu, sem hefst 15. maí og endar 14. maí árið eftir. Þá er gert ráð fyrir, að atvinnurekendur láti starfsfólki í té orlofsmerki, sem eru eins konar ávísanir á orlofsféð.

Fyrirkomulag þetta útheimtir nokkra fyrirhöfn og kostnað, en ekki virðist önnur leið heppilegri. Orlofsmerkin yrðu prentuð á kostnað hins opinbera og höfð til sölu fyrir atvinnurekendur á póststöðvum, en póststöðvarnar greiddu andvirði þeirra til eigenda, áður en þeir færu í orlof. Þá yrði og að prenta orlofsbækur, er mönnum yrðu látnar í té árlega til þess að festa í orlofsmerki og til þess að rita í vinnuvottorð. Sams konar fyrirkomulag er haft í Danmörku.

Um einstakar greinar frumvarpsins er þetta að segja:

Um 1. gr.: Eðlilegt virðist að takmarka lögin við þann tilgang að tryggja þeim, sem vinna í þjónustu annarra, orlof.

Rétt þykir þó, að iðnnemar séu undanteknir, þar sem þeim er tryggður orlofsréttur í lögum um iðnaðarnám, jafngóður og frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Þá eru undanteknir starfsmenn fiskiskipa, sem ráðnir eru eftir reglum um hrein hlutaskipti. Er það í samræmi við þá reglu, sem gildir í Danmörku og á öðrum Norðurlöndum, þar sem orlof hefur verið lögfest.

Eftir íslenzkri venju fyrr og síðar ber að skilja hrein hlutaskipti á þann veg, að hlutarmaður sé sá, sem er þátttakandi í útgerðarkostnaði skipsins, þ. e. að skipshöfn greiði að jöfnu við útgerðarmann olíur, beitu, veiðarfæri og ýmislegt fleira, sem er beinn kostnaður við útgerð skipsins. Hundraðshlutir af afla hafa ekki talizt hrein hlutaskipti.

Það verður að teljast rétt, þar sem um hrein hlutaskipti er að ræða, að heimilt sé hlutarmanni að krefjast orlofs, og greiðist þá orlofsfé að jöfnu frá útgerðarmanni og hlutarmanni.

Um 2. gr.: Þarf ekki skýringar.

Um 3. gr.: Í þessari grein, ásamt þeirri næstu á eftir, er þungamiðja frumvarpsins. Er þar ákveðið, að árlegt orlof skuli vera jafnmarga daga og maður hefur unnið

marga mánuði á orlofsárinu. Regla þessi er í aðalatriðum eins í dönsku orlofslögunum.

Tímabil það, sem orlofsrétturinn er byggður á — orlofsárið —, er af hagkvæmnisástæðum ákveðið 15. maí til 14. maí, þar eð heppilegt þykir, að ekki líði á löngu frá lokum þessa tímabils þar til farið er í orlof. Þá er hjúaskildagi 14. maí og vertíðarlok um svipað leyti.

Sjálfsagt þykir, að orlofsréttur falli ekki niður vegna atvika, sem um ræðir í 2. mgr. og viðkomanda eru ósjálfráð.

Um 4. gr.: Ákvæðið um 4% orlofsfé er samsvarandi fríðindum þeim, sem starfsfólk það hefur, er nú fær orlof samkvæmt venju eða samningi, þ. e. fullt kaup í orlofinu. Virðist slíkt ákvæði óhjákvæmilegt, því að öðrum kosti mundi lögákveðið orlof óframkvæmanlegt.

Tilhögun þessi, sem er samkvæmt fyrirmynd í dönsku lögunum, miðar að því að gera þeim, sem ekki starfa hjá sama vinnuveitanda að staðaldri, mögulegt að safna orlofsfé, þar til þeir fara í orlof.

Ef það fyrirkomulag yrði tekið upp, að réttur til orlofs og orlofsfjár stofnaðist aðeins með samfelldu starfi hjá sama vinnuveitanda, t. d. 1 ár eða 6 mánuði, og þótt skemmri tími væri, mundi það útiloka fjölda manna frá orlofi. Með fyrirkomulagi því, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er hins vegar tryggt, að allt starfandi fólk í þjónustu annarra öðlast rétt til orlofs og orlofsfjár, án tillits til þess, hvort það vinnur lengur eða skemur hjá sama vinnuveitanda. Þetta virðist fullkomlega réttmætt, þegar tekið er tillit til þess, að margvísleg störf eru þannig vaxin, að ekki má vænta þess, að sami atvinnurekandi láti vinna þau nema skamman tíma í einu.

Þá þykir rétt, að greitt sé orlofsfé af eftirvinnu, nætur- og helgidagavinnu, vegna þess að oft getur komið fyrir á venjulegum tímum, að dagvinna einstakra verkamanna sé lítil, en eftirvinna nokkur. Hins vegar þykir þó ekki rétt að reikna orlofsfé af hærri vinnulaunum en kaupi, sem greitt er í dagvinnu.

Eftirvinnukaup farmanna er svipað dagvinnukaupi landverkamanna, en hjá farmönnum er ekkert til, sem heitir dagvinnukaup, nema fastakaup þeirra, sem er tiltölulega lágt. Er því nauðsynlegt, að greitt sé orlofsfé af eftirvinnukaupi farmanna, til þess að koma í veg fyrir ósamræmi, sem annars yrði milli þeirra og landverkamanna.

Um 5.—7. gr.: Þurfa ekki skýringa.

Um 8. gr.: Hér er ráðgert, að reglugerð verði sett um ýmis atriði varðandi framkvæmd laganna og þá meðal annarra um orlofsmerki og orlofsbækur, sem óhjákvæmilegt er, að nánari ákvæði verði sett um, en óheppilegt þykir að hafa í lögunum sjálfum.

Kostnað við prentun og sölu orlofsmerkja, prentun, afhendingu og innlausn orlofsbóka þykir óhjákvæmilegt, að ríkissjóður beri.

Um 9. gr.: Aðalreglan er, að orlof skuli veitt á tímabilinu 1. júní til 15. september. Þykir nauðsynlegt að hafa tímabil þetta sem lengst, vegna þess að erfiðleikar geta verið á því fyrir vinnuveitendur að missa margt starfsfólk í einu.

Þá er það einnig aðalregla, að orlof skuli veitt í einu lagi.

Sjálfsagt þykir að heimila undantekningar frá þessu hvoru tveggja, og þá fyrst og fremst ef samkomulag verður um það milli aðila. Það er kunnugt, að sumt fólk kýs að skipta orlofi sínu í tvo hluta og fá nokkurn hluta orlofsins á veturna vegna skíðaiðkana.

Óhjákvæmilegt er og að heimila ráðherra að gera viðtækar undantekningar frá aðalreglunni með reglugerðarákvæðum. Þannig háttar hjá oss um ýmsar starfsgreinar, að ekki er unnt að svipta þær vinnukrafti að sumrinu, og ber þar fyrst og fremst að nefna landbúnaðarstörf. Sama máli er að gegna um ýmis sjávarútvegsstörf. Þykir heppilegra, að undantekningar að því er snertir starfsgreinar þessar og aðrar, sem svipað stendur á með, séu ákveðnar í reglugerð.

Um 10. gr.: Sjálfsagt þykir, að vinnuveitendur ákveði, hvenær orlof er veitt innan þeirra takmarka, sem segir í 9. gr. Sama regla gildir á Norðurlöndum.

Um 11. gr.: Þegar starfsmaður getur ekki farið í orlof á tímabilinu 1. júní til 15. september vegna veikinda, þykir sjálfsagt, að hann fái frest í því efni, en rétt þykir þó að setja því takmörk.

Um 12. gr.: Það er nauðsynlegt, að ákveðið sé á einhvern hátt, hvenær menn eru í orlofi, þó að þeir séu atvinnulausir, m. a. vegna reglunnar um, að menn megi ekki vinna í starfsgrein sinni meðan á orlofi stendur. Svipuð regla gildir í Danmörku.

Um 13. og 14. gr.: Greinar þessar þurfa ekki skýringa.

Um 15. gr.: Nauðsynlegt virðist, að öll viðskipti milli starfsmanna og vinnuveitenda séu sem hreinust í þessum efnum, og virðist því rétt að hafa fyrningarfrest á kröfum í þessu efni mjög stuttan. Í Svíþjóð fyrnast kröfur þessar á 2 árum, en í Finnlandi á einu ári.

Um 16. gr.: Tilgangur með orlofi er sá, að starfsmaður fái hvíld frá starfi, og þykir ákvæði þetta því sjálfsagt. Ekki þykir þó rétt að ganga svo langt að banna starfsmanni algerlega hvers konar vinnu í orlofinu. Ætla má t. d., að maður, sem stundar skrifstofu- eða verzlunarstarf, hvílist þótt hann vinni við heyskap í orlofinu, svo að eitt dæmi sé nefnt. Í Noregi og Svíþjóð gildir sams konar regla og í þessari grein.

Um 17. gr.: Það liggur í sjálfum tilgangi laganna, að framsal orlofsmerkja á ekki að eiga sér stað. Eins mundi það raska grundvelli fyrirkomulagsins, ef heimilt væri að flytja orlofsmerkin milli orlofsára.

Um 18. gr.: Þarf ekki skýringar við.

Um 19. gr.: Hentugast þykir, að öll mál út af lögum þessum, þar sem eigi er ákveðið annað, séu látin heyra undir félagsdóm, sem af dómstólum hefur mesta þekkingu og reynslu að því er snertir afstöðuna milli vinnuveitenda og starfsmanna.

Um 20. gr.: Heppilegast væri, að lög þessi gengju í gildi í upphafi orlofsárs, eða svo skömmum tíma eftir sem frekast er unnt.

Fylgiskjal I.

Framanritað frumvarp til laga um orlof, ásamt greinargerð, hefur undirritaður meiri hluti orlofsnefndar samið og leggur hér með fyrir hið háa ráðuneyti.

Reykjavík, 17. marz 1942.

Friðjón Skarphéðinsson. Sigurjón Á. Ólafsson.
Davíð Ólafsson,
með tilvísun til meðfylgjandi fyrirvara.
Jón Hannesson,
með tilvísun til meðfylgjandi fyrirvara.

Til félagsmálaráðuneytisins.

Fylgiskjal II.

Með tilvísun til frumvarps þess til laga um orlof, og greinargerðar með því, sem hér fer á undan, vildi ég taka fram eftirfarandi:

Ef löggjafinn álítur nauðsynlegt, að lög séu sett um efni það, er hér um ræðir, þá tel ég óhjákvæmilegt, að undanskildir verði allir þeir starfsmenn fiskiskipa, sem ráðnir eru eftir reglum um hlutaskipti, þar sem það mundi raska grundvelli hlutaskiptanna, ef greiða ætti orlofsfé, sem taka ætti af útgerðinni að einhverju eða öllu leyti.

Sömuleiðis tel ég mjög nauðsynlegt, að tryggt yrði, að orlofstíminn væri eigi svo fast bundinn, að truflun gæti valdið á vertíðum, svo sem vor- og sumarvertíðum, svo og síldarvertíð að sumrinu, þar sem slíkt mundi baka útgerðinni mikið fjárhagslegt tjón.

Sé ég eigi ástæðu til að taka fleira fram í þessu sambandi.

Reykjavík, 17. marz 1942.

Davíð Ólafsson.

Fylgiskjal III.

Sjái löggjafarvaldið þörf fyrir að setja lagafyrirmæli um þetta efni, tel ég þjóðhagfræðilega rétt að tryggja vinnandi fólki í sveitum sama rétt og öðrum þegnum þjóðfélagsins. Jafnframt legg ég áherzlu á, að löggjöfinni verði þannig fyrir komið, að heyannatími verði verndaður fyrir töfum af framkvæmd laganna.

Reykjavík, 17. marz 1942.

Jón Hannesson.

Fylgiskjal IV.

Höfuðatriði í löggjöf Norðurlandaþjóða um orlof.

I. Danmörk. (Lög nr. 170 13. apríl 1938.)

Lögin eiga við sérhvern verkamann eða starfsmann, hvort heldur í þjónustu einstaklinga eða hins opinbera, nema þar sem orlof er ákveðið með sérstökum lögum. Enn fremur ná lögin ekki til þeirra, sem hafa hluta af afla í kaup eingöngu.

Sérhver, sem lög þessi ná til, á rétt á eins dags orlofi með fullu kaupi fyrir hvern vinnumánuð hjá sama vinnuveitanda. Hafi vinnan varað skemur en einn mánuð, er orlofsrétturinn í hlutfalli við tímalengdina, þó þannig, að ekki er tekið tillit til vinnu, sem varað hefur skemur en eina viku (6 daga).

Félagsmálaráðherra setur sérstakar reglur um orlofsrétt þeirra, sem erfitt eiga með að fullnægja skilyrðum næstu málsgr. hér á undan um samfellt starf hjá sama vinnuveitanda.

Að því er snertir hafnarverkamenn eru reglur þessar í reglug. 29. júní 1938, þannig að orlofsréttur stofnast án tillits til þess, hversu lengi þeir hafa unnið hjá sama vinnuveitanda. Orlof þessara manna er 1 dagur fyrir hverja 200 vinnutíma og orlofsfé greiðist af öllum vinnulaunum þeirra.

Fólk, sem vinnur við landbúnað, öðlast fyrst rétt til orlofs með fullu kaupi samkv. reglum þeim, sem síðar segir, þegar það hefur unnið 25 vinnudaga samtals hjá sama vinnuveitanda.

Það hefur ekki áhrif á orlofsrétt, þótt atvinnufyrirtæki skipti um eiganda.

Orlof skal veitt í einu lagi á tímabilinu 2. maí til 30. september, og ákveður vinnuveitandi, hvenær það er veitt. Víkja má frá reglunum um, hvenær orlof skuli

veitt, að því er snertir sjómenn, þegar talið er nauðsynlegt vegna rekstrar útgerðarinnar. — Að því er snertir landbúnaðarverkafólk er heimilt að skipta orlofi, þó þannig, að orlof sé a. m. k. 6 daga samfleytt.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur forstjóri vinnu- og verksmiðjueftirlitsins gefið undanþágu frá ákvæðunum um, hvenær orlof skuli veitt, að undangengnum samningum við vinnuveitenda- og verkamannasamtök viðkomandi starfsgreinar.

Samtímis því, að maður öðlast rétt til orlofs með vinnu ákveðinn tíma, öðlast hann einnig rétt til orlofsfjár, sem nemur 4% af kaupi því, er hann fékk greitt fyrir vinnu þá, sem er grundvöllur orlofsréttarins, og fer greiðslan fram þegar viðkomandi tekur orlof. Orlofsfé greiðir sá eða þeir, sem starfsmaður vann hjá á orlofsárinu. Sé kaupið að öllu leyti eða einhverju greitt með fæði og húsnæði, reiknast verðmæti þess eftir ákveðnum reglum.

Lögin takmarka ekki orlofsrétt, sem byggist á öðrum lögum, venju eða samningi og gengur lengra en í orlofslögunum.

Orlofsrétthafa er skylt að taka orlof þann dagafjölda, sem orlofsrétturinn nær til, og réttur til orlofsfjár glatast, ef viðkomandi vinnur fyrir kaupi í orlofinu.

Sérhver samningur, sem takmarkar orlofsrétt samkvæmt lögunum, er ógildur, og refsivert af hálfu vinnuveitanda að gera slíkan samning.

Verzlunar-, iðnaðar- og siglingamálaráðherra veitir undanþágur frá lögum þessum, sem nauðsynlegar eru vegna sérstakra aðstæðna við siglingar, að því er snertir fólk, sem vinnur við þá starfsgrein.

Í reglugerð frá 29. júní 1938 segir, að maður, sem rétt hefur á orlofi samkv. orlofslögunum og ekki er meðlimur stéttarfélags, sem annast greiðslu orlofsfjár eða tryggir greiðslu þess, eigi rétt á, um leið og hann fær kaup greitt, að fá orlofsmerki, er séu að upphæð 4% af kaupgreiðslunni. Vinnuveitendur fá merkin keypt í pósthúsum, en starfsmenn fá þar ókeypis orlofsbækur til eins árs í senn.

II. Noregur.

Í Noregi eru ekki sérstök lög um orlof, en í lögum um vinnuvernd frá 19. júní 1936, 23. gr., eru allvíðtæk ákvæði um orlof.

Orlofsákvæði laganna ná til hvers konar atvinnurekstrar, að undanteknum siglingum, fiskiveiðum, flugstarfsemi, landbúnaði í smærri stíl og opinberum störfum.

Verkafólk hefur orlofsrétt, en með verkafólki er átt við fólk, sem vinnur í þjónustu annarra utan heimilis síns. Hafi viðkomandi unnið eitt ár samfleytt hjá sama vinnuveitanda, skal orlof vera minnst 9 virkir dagar á ári. Orlof skal að jafnaði veita í einu lagi, en skipta má því í tvo hluta með samningi milli aðila.

Í orlofinu greiðast laun eins og viðkomandi hefði unnið fyrir með venjulegum vinnutíma. Nú miðast kaup manns við afköst, og miðast þá greiðsla við meðalafköst viðkomanda. Sé kaupgreiðsla látin í té með fæði, greiðast peningar í stað þess í orlofinu.

Hafi starfsmaður unnið skemur en eitt ár, en þó lengur en 6 mánuði, í sömu starfsgrein, á hann rétt á orlofi í hlutfalli við tímalengd (miðað við 9 daga í 12 mánuði), þannig að brot úr degi reiknast sem heill dagur. Skemmsta orlof, sem gert er ráð fyrir, er því 5 dagar eftir hálfs árs starf.

Vinnuveitandi ákveður, hvenær orlof er veitt. Það skal þó vera á tímabilinu 15. maí til 15. sept., nema sérstakar ástæður séu til annars vegna atvinnurekstrarins.

Nú lætur starfsmaður, sem rétt hefur til orlofs, af stöðu sinni áður en hann hefur fengið orlof, og á hann þá rétt á orlofsfé.

Orlofsfé greiðist þegar orlof hefst.

Orlofsreglur laganna eru frávíkjanlegar með samningum, þó þannig, að ákvæði um lengd orlofstíma verður ekki breytt orlofsþega í óhag.

Í flestum stéttarfélagasamningum er vinnuveitanda bannað að greiða peninga í stað þess að gefa orlof, og orlofsþegum er bannað að vinna fyrir kaupi í orlofinu. Í lögunum eru engin ákvæði um þetta.

Orlofsákvæði laganna eru ekki opinberréttareðlis með refsiviðurlögum. Mál út af brotum á orlofsákvæðunum verður því að sækja fyrir almennum dómstólum.

III. Svíþjóð.

Í Svíþjóð gilda um orlof lög nr. 287 17. júní 1938. Ná þau til vinnandi fólks hjá einkafyrirtækjum eða hinu opinbera, þó ekki til þeirra, sem starfa í þjónustu ríkisins og sérstakar reglur gilda um. Undanskildir eru og fjölskyldumeðlimir vinnuveitandans og þeir, sem taka eingöngu laun með hlutaskiptum á arði.

Þar sem venja er til eða samningar um orlof, er slíkt aðeins gilt, ef tryggður er eins góður eða betri réttur til orlofs en í lögunum.

Vinnandi fólk, sem haft hefur á hendi stöðu sína 180 daga, á rétt til orlofs eftir reglum, er síðar greinir. Eigandaskipti á fyrirtæki hafa ekki áhrif á rétt til orlofs né heldur þótt hlé verði á starfi af ástæðum, sem varða rekstur fyrirtækis. Atvinna, sem ekki er aðalstarf viðkomanda, skapar ekki rétt til orlofs.

Orlof reiknast einn virkur dagur fyrir hvern almanaksmánuð, er viðkomandi hafði á hendi stöðu sína næsta almanaksár á undan. Heimilt er að miða við annan tíma jafnlangan almanaksári, ef samkomulag er um það milli aðila. Orlofsréttur, miðað við almanaksmánuð, er fyrir hendi, ef viðkomandi hefur unnið a. m. k. 16 daga mánaðarins. Með vinnudögum skal í þessu sambandi telja orlofsdaga eða daga, sem viðkomandi gat ekki unnið vegna slysa við starfið eða sjúkdóms tiltekinn tíma.

Vinnuveitandi ákveður, hvenær orlof er veitt. Það skal veitt í einu lagi, nema að því er snertir landbúnaðarverkafólk, — þá er það heimilt en ekki skylt — og heimilt er að víkja frá þessu ákvæði með samningi.

Vinnuveitandi skal a. m. k. hálfum mánuði áður en orlof skal hefjast tilkynna það orlofsþega. Þetta gildir þó ekki um starfsfólk á skipum.

Starfsmaður fær kaup meðan hann er í orlofi.

Starfsfólki, sem fær fæði hjá vinnuveitanda upp í kaup sitt, greiðist peningar í þess stað í orlofinu. Hins vegar reiknast ekki með í orlofskaupi greiðsla fyrir íbúð, er kann að vera látin í té sem kaup.

Vinnandi fólk, sem vinnur í annarra þjónustu á heimili sínu eða undir slíkum kringumstæðum, að ekki verði ætlazt til, að vinnuveitandi hafi eftirlit með vinnunni, hefur ekki rétt til orlofs, heldur aðeins kaupgreiðslu fyrir orlofstíma eftir nánar tilteknum reglum.

Nú er hirðing kvikfjár aðalstarf manns, og heimilast þá vinnuveitanda að greiða í stað orlofs upphæð samsvarandi þeirri, er hann hefði orðið að greiða orlofstímann.

Starfsmenn á skipum, sem vilja fá orlof, sæki um það skriflega til vinnuveitanda. Komi slík umsókn ekki, skal vinnuveitandi greiða í stað orlofs upphæð, sem starfsmaðurinn hefði fengið í kaup í orlofinu. Þó má vinnuveitandi í stað þess og ef samkomulag næst um það, fresta orlofinu í allt að einu ári.

Starfsmaður, sem fer úr stöðu sinni áður en hann hefur fengið orlof á því ári, á rétt á orlofsfé, sem miðast við starfstíma.

Starfsmaður, sem vinnur fyrir kaupi í starfsgrein sinni í orlofinu, missir rétt til kaupgreiðslu í orlofinu.

Nú vanrækir vinnuveitandi skyldur sínar samkvæmt lögum þessum, og greiði hann þá bætur fyrir tjón, er hann hefur valdið. Þegar metið er, hvort og að hve miklu leyti tjón hafi hlotizt af, skal tekið tillit til hagsmuna starfsmannsins í því að fá orlof og annarra slíkra atvika, þótt ekki hafi beina fjárhagslega þýðingu. Þá eru ákvæði um niðurfærslu eða brottfall bótaskyldu og skiptingu bóta, ef fleiri eiga sök, svo og fyrningarfrest.

Mál út af lögunum heyra undir almenna dómstóla, nema mál þeirra manna, er vinna samkvæmt samningum stéttarfélags og félags vinnuveitenda. Slík mál heyra undir vinnudómstólinn.

IV. Finnland.

Í lögum um vinnusamninga frá 1. júní 1922 voru ákvæði um orlof. Nú gilda um þetta lög nr. 110 21. apríl 1939.

Starfsfólk, sem hefur vinnu- eða námssamning við vinnuveitanda, skal fá orlof eða orlofsbætur á þann hátt, er í lögunum greinir. Lögin ná ekki til fjölskyldumeðlima vinnuveitandans eða þeirra, sem taka hlutdeild í ágóða í laun. Sérákvæði gilda um orlof sjómanna.

Orlof skal vera sem hér segir:

1) Fyrir sex mánaða starfstíma samfleytt	5	virkir dagar
2) Fyrir eins árs starfstíma samfleytt	9	— —
3) Fyrir fimm ára starfstíma	12	— —

Starfsfólk 16 ára eða yngra fær orlof einum degi lengra en segir í 1) og þrem dögum lengra en segir í 2).

Verzlunar- og skrifstofufólk og fólk, sem hefur sambærileg störf, fær viku orlof, ef um er að ræða 6 mánaða samfleytt starf, 2 vikur, ef starfið hefur varað 1 ár, 3 vikur, hafi það varað 5 ár, og 4 vikur, hafi það varað 10 ár.

Vinnuveitandi ákveður, hvenær orlof er veitt, en það skal vera á tímabilinu 2. maí til 30. sept., nema um sé að ræða landbúnaðarverkafólk eða samkomulag beggja aðila um annað.

Orlof skal að jafnaði veitt í einu lagi. Undantekningar frá þessu ákvæði eru þó allvíðtækar. Vinnuveitanda ber að tilkynna starfsmanni með hálfs mánaðar fyrirvara, hvenær orlof er veitt.

Eigandaskipti að atvinnufyrirtæki hafa ekki áhrif á orlofsrétt, né heldur þótt hlé verði á starfi vegna veikinda, orlofs eða forfalla, sem viðkomandi sjálfur á ekki sök á, ef hann tekur til starfa, þegar forföllin eru liðin hjá.

Fullt kaup greiðist í orlofi, þar á meðal greiðsla fyrir fæði (helga daga sem virka), ef kaup hefur verið greitt með því. Hins vegar gildir ekki slík regla um húsnæði.

Þeir, sem vinna ákvæðisvinnu, fá greidd laun í orlofi, sem miðast við meðalvinnutekjur næstu þrjá mánuði á undan fyrir venjulegan vinnutíma.

Nú hættir starfsmaður að vinna hjá vinnuveitanda og hefur ekki fengið orlof á því ári, og skal vinnuveitandi þá greiða tilsvarandi full laun eins og hér segir í stað orlofs:

1. Starfsmönnum, sem unnið hafa lengur en sex mánuði, en skemur en eitt ár, greiðist kaup í 5 daga, starfsfólki 16 ára og yngra þó 6 daga og verzlunar- og skrifstofufólki 7 daga.

2. Starfsfólki, sem unnið hefur samfleytt eitt ár og vinnusambandi er lokið eftir 1. maí, greiðist fullt kaup fyrir orlof, er viðkomandi átti rétt á það almanaksár. Sé vinnusambandinu hins vegar lokið eftir 1. maí, greiðist kaup fyrir hálft orlof.

Í „seson"-vinnu, þar sem vinnusamband varir venjulega ekki lengur en 6 mánuði, skal vinnuveitandi, þegar því er lokið, greiða bætur í stað orlofs á þann hátt, er segir í 1. hér á undan, en hafi vinnan aðeins varað þrjá mánuði, greiðist tveggja daga kaup, og hafi hún varað fjóra mánuði, þriggja daga kaup.

Starfsmenn við út- og uppskipunarvinnu, sem öðlast ekki rétt til orlofs samkvæmt framangreindum ákvæðum vegna þess, að skilyrði um samfleytt starf hjá sama vinnuveitanda er ekki fyrir hendi, fá orlofsfé miðað við vinnustundafjölda hjá hverjum vinnuveitanda yfir almanaksárið, á þann hátt er hér segir:

Starfsmenn, sem unnið hafa 600 klst., fá tveggja daga kaup. Starfsmenn, sem unnið hafa 800 klst., fá þriggja daga kaup, og starfsmenn, sem unnið hafa 1200 klst., fá fimm daga kaup, og starfsmenn, sem unnið hafa 2000 klst., fá níu daga kaup, allt miðað við átta klst. vinnudag.

Vinnuveitendur mega almennt ekki láta starfsfólk sitt vinna í orlofi þess. Við landbúnaðarstörf og heimilisstörf er slíkt þó heimilt eftir samkomulagi, enda greiðist þá auk venjulegs kaups orlofsfé.

Samningar, sem takmarka rétt manna eftir lögum þessum til orlofs eða orlofsfjár, eru ógildir.

Réttur til málshöfðunar út af vanefndum vinnuveitanda að því er snertir orlof eða orlofsfé glatast, ef mál er ekki höfðað innan árs frá lokum þess almanaksárs, er orlof skyldi veitt eða orlofsfé greitt.

Vinni maður fyrir kaupi í starfsgrein sinni í orlofi, er vinnuveitanda heimilt að draga samsvarandi upphæð frá kaupi hans fyrir orlofstímann.

Vinnuveitandi, sem veitir starfsmanni ekki orlof eins og í lögunum segir eða heldur starfsmanni við vinnu orlofstímann, greiði sektir auk orlofsfjár. Mál út af brotum á lögunum eru opinber, og höfðar opinber ákærandi slík mál.

Fylgiskjal V.

Yfirlit

yfir samninga um sumarfrí milli félaga vinnuveitenda og félaga starfsfólks, sem Vinnuveitendafélag Íslands hefur átt þátt í.

Nöfn félaga	Dagsetning samnings	Sumarfrí eftir vinnu í minnst	Dagar
1) Félag bifvélavirkja í Reykjavík og Félag bílverkstæðaeigenda í Reykjavík	7—1—41	6 mán.	3
		10 mán.	6
2) Félag blikksmiðjueigenda í Reykjavík og Félag blikksmiðja í Reykjavík	18—1—41	6 mán.	3
		12 mán.	6
3) Vinnuveitendafélag Íslands og Verkamannafélagið Dagsbrún	30—10—41	3—15 vik.	2
		16—25 vik.	3
		26—35 vik.	4
		36—45 vik.	5
		46—52 vik.	6
4) Húsgagnameistarafélag Reykjavíkur og Sveinafélag húsgagnasmiða í Reykjavík	17—5—37	6 mán.	3
		10 mán.	6
5) Félag íslenzkra iðnrekenda og Iðja, félag verksmiðjufólks	22—12—37	6 mán.	5
	14—1—41	12 mán.	10
6) Félag járniðnaðarmanna og Egill Vilhjálmsson	Jan. 41	2 ár	1
		5 ár	
7) Félag járniðnaðarmanna og Meistarafélag járniðnaðarmanna	30—12—40	2 mán.	1
		8 ár	8
8) Félag netaverkstæðaeigenda í Reykjavík og Nót, félag netavinnufólks, Reykjavík	23—1—41	9 mán.	6
9) Rafvirkjafélag Reykjavíkur og Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík	22—1—41	6 mán.	6
		3 mán.	3

Athugasemdir:

Við 2) Eftir 6 mán. vinnu eða meira, en undir 12 mán., er frí í hlutfalli við unninn mánaðafjölda.
Við 4) Miðað við starf á 12. mán.
Við 5) Samfleytt starf.
Við 6) Einn dagur fyrir hverja tvo mánuði samfleytt. 5 ár samfleytt.
Við 7) 1 dagur fyrir hverja tvo mán. (8 ár samfleytt).
Við 8) 9 mán. á sama almanaksári.
Við 9) 6 dagar eftir 1 árs starf hjá sama meistara með minnst 6 mán. vinnu. 3 dagar, ef hefur starfað hjá sama meistara í 6 mán. og haft minnst 3 mán. vinnu.

Nöfn félaga	Dagsetning samnings	Sumarfrí eftir vinnu í minnst	Dagar
10) Sveinafélag skipasmiða og Meistarafélag skipasmiða í Reykjavík	13—1—41	1½ mán.	1
		3 mán.	2
		11 mán.	8
11) Félag gistihúsa og veitingastaðarekenda, sem hafa kvenfólk í þjónustu sinni, og Alþýðusamband Íslands vegna Sjafnar, félags starfsstúlkna á veitingahúsum og skipum í Reykjavík	2—3—40	6 mán.	10
12) Samningur um kaup og kjör á botnvörpuskipum við veiðar í salt og ís, karfa og síld, svo og flutning á ísuðum fiski (hásetar og kyndarar)	14—1—41	10 mán.	7
13) Eimskipafélag Íslands og Sjómannafélag Reykjavíkur	21—1—41	1 mán.	1
		8 mán.	11
14) Eimskipafélagið Ísafold h/f, Eimskipafélag Reykjavíkur h/f og Kveldúlfur h/f vegna e/s Heklu og Sjómannafélag Reykjavíkur (hásetar)	21—1—41	1 mán.	1
		8 mán.	11
15) Eimskipafél. Íslands h/f og Sjómannafélag Reykjavíkur (kyndarar)	21—1—41	1 mán.	1
		8 mán.	11
16) Eimskipafélagið Ísafold h/f, Eimskipafélag Reykjavíkur h/f og Kveldúlfur h/f vegna e/s Heklu og Sjómannafélag Reykjavíkur (kyndarar)	21—1—41	1 mán.	1
		8 mán.	11
17) Eimskipafél. Íslands h/f og Matsveina- og veitingaþjónafélag Íslands	22—4—41		
a) yfirmatsveinar		1 ár	9
		2 ár	11
		3 ár	12
b) hjálparmatsveinar		1 ár	7
		2 ár	9
c) búrmenn		1 ár	9
		2 ár	11
		3 ár	12
d) veitingaþjónar		pr. mán.	2

Athugasemdir:

Við 11) 6 mán. starf á næstu 12 mánuðum áður en orlof er veitt.
Við 12) 10 mán. á árinu.
Við 13) Starf á næst undangengnum 12 mán. og sé enn í þjónustu útgerðarfélags.
Við 14) Sjá aths. við nr. 13.
Við 15) Sjá aths. við nr. 13.
Við 16) Sjá aths. við nr. 13.
Við 17 a) Samfleytt starf.
Við 17 b) Geti aðili ekki fengið orlofið, ber honum tvöföld laun fyrir tímann.
Við 17 d) Vinna jafnt helga daga.

Nöfn félaga	Dagsetning samnings	Sumarfrí eftir vinnu í minnst	Dagar
18) Skipstjóra- og stýrimannafélag Reykjavíkur, skipstjórafélagið Kári í Hafnarfirði og skipstjórafélagið Hafþór á Akranesi og Félag íslenzkra línuveiða- og fiskflutningsskipa (skipstjórar og stýrimenn)	21—1—41	6 mán.	10
19) Eimskipafélag Íslands h/f og Stýrimannafélag Íslands	31—1—41	1 ár 2 ár	20 30
20) Eimskipafélagið Ísafold h/f, Eimskipafélag Reykjavíkur h/f og Kveldúlfur h/f sem eigandi e/s Heklu og Stýrimannafélag Íslands	31—1—41	1 ár	21
21) Eimskipafélag Íslands h/f og Vélstjórafélag Íslands	27—6—38	1 ár 2 ár	15 30
22) Eimskipafélag Reykjavíkur h/f og Eimskipafélagið Ísafold h/f og Vélstjórafélag Íslands	1—6—34	1 ár	21
23) Vélstjórafélag Ísafjarðar og Útgerðarmenn og vinnuveitendur á Ísafirði	19—6—41	6 mán. 12 mán.	7 14
24) Eimskipafélag Íslands h/f og Félag íslenzkra loftskeytamanna	20—2—41	1 ár 2 ár	20 30
25) Eimskipafélagið Ísafold h/f, Kveldúlfur h/f sem eigandi e/s Heklu og Eimskipafélag Reykjavíkur og Félag íslenzkra loftskeytamanna	20—2—41	1 ár	20

Athugasemdir:

Við 18) Séu þeir í þjónustu útgerðarfyrirtækisins, þegar frí byrjar, og hafi verið það samfleytt síðustu 6 mánuði.
Við 20) 30 dagar meðan styrjöldin stendur yfir.

Viðbætir. Samningar, sem Vinnuveitendafélag Íslands hefur ekki átt þátt í.

Nöfn félaga	Dagsetning samnings	Sumarfrí eftir vinnu í minnst	Dagar
26) Mjólkursamsalan í Reykjavík og Félag afgreiðslustúlkna brauða- og mjólkursölubúða	29—12—37	3 mán. 6 mán.	7 14
27) Bakarameistarafélag Reykjavíkur og Félag afgreiðslustúlkna brauða- og mjólkursölubúða	28—6—38	3 mán. 6 mán. 3 ár	7 14 14
28) Bakarasveinafélag Íslands og Bakarameistarafélag Reykjavíkur ásamt Alþýðubrauðgerðinni h/f	8—1—41	6 mán. 12 mán.	4 12

Nöfn félaga	Dagsetning samnings	Sumarfrí eftir vinnu í minnst	Dagar
29) Bifreiðastjórafélagið Hreyfill og Bifreiðaeigendur í Reykjavík	15—1—41	6 mán. 12 mán.	5 5+5
30) Bifreiðastjórafélagið Hreyfill og Strætisvagnar Reykjavíkur h/f		1 mán.	1
31) Félag bókbandsiðnrekenda í Reykjavík og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg og Bókbindarafélag Reykjavíkur	10—1—41	12 mán.	12
32) Meistarafélag húsgagnabólstrara og Sveinafélag húsgagnabólstrara	1—1—41	1 ár 1 mán.	6 1/2
33) Félagið Skjaldborg og Klæðskerameistarafélag Reykjavíkur	17—1—41	12 mán.	8
34) Hið íslenzka prentarafélag og Félag íslenzkra prentsmiðjueigenda og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	4—1—41	pr. mán.	1
35) Bakarasveinafélag Reykjavíkur og Bakarameistarafélag Reykjavíkur	29—3—41	pr. mán.	1
36) Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis og Verzlunarmannafélagið í Reykjavík ásamt Verzlunarmannafél. Hafnarfjarðar og Sendisveinafélagi Reykjavíkur	15—12—37	1 ár 1 mán.	12 1
37) Alþýðusamband Íslands vegna Sjafnar, félags starfsstúlkna í veitingahúsum og skipum og Ingólfs Café og Iðnó	8—2—41	1 ár 1 mán.	12 1
38) Skallagrímur h/f Borgarnesi og Sjómannafélag Reykjavíkur	Jan. 41	6 mán. 12 mán.	6 12
39) Starfsstúlknafélagið Sókn og Stjórnarnefnd ríkisspítalanna f. h. landsspítalans, heilsuhælisins á Vífilsstöðum, spítalanna á Kleppi og holdsveikraspítalans í Kópavogi	31—1—41	6 mán. undir 6 mán.	14 7
40) Stjórnarnefnd ríkisspítalanna og starfsmannafélagið Þór, Reykjavík	8—5—36	6 mán.	14

Athugasemdir:

Við 29) Samfleytt starf. 5 daga sumarfrí og 5 daga vetrarfrí.
Við 30) Fastamenn.
Við 31) Fyrir skemmri tíma unninn hlutfallslegt orlof.
Við 33) Fólk, sem unnið hefur skemur en 1 ár í sama verkst., fær orlof í hlutfalli við unninn tíma.
Við 34) Fyrir skemmri tíma tiltölulegt orlof.
Við 36) 1 ár samfleytt.
Við 37) Hlutfallslegt orlof fyrir lengri tíma (hvern unninn mán.) allt að ári, miðað við 31. ágúst.
Við 38) Starf í 7—11 mán. incl. hlutfallslegt orlof.
Við 40) Fastamenn.

Nd. 246. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir Reykjavíkurbæ til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. apríl 1942.

Bergur Jónsson, form. Finnur Jónsson, fundaskr. Jóh. G. Möller, frsm.
Gísli Guðmundsson. Garðar Þorsteinsson.

Sþ. 247. Breytingartillaga

við till. til þál. um menntaskólann í Reykjavík.

Frá Sigurði Kristjánssyni og Jóhanni G. Möller.

Síðari liður þáltill. („og sé í því sambandi“ o. s. frv.) falli niður.

Ed. 248. Nefndarálit

um frv. til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Með frv. þessu er farið fram á að hækka örorku- og dánarbætur vegna slysa umfram þær, sem nú eru ákveðnar með lögum, fyrir alla þá, sem ekki eru tryggðir fyrir slysum af stríðsvöldum. Stríðsslysatrygging sjómanna er ákveðin með lögum nr. 66 7. maí 1940 frá 12 þús. upp í 21 þús. umfram þá tryggingu, sem ákveðin er í alþýðutryggingalögunum frá 1937. Auk þessa var stríðsslysatrygging sjómanna hækkuð um helming með samningi við útgerðarmenn, dags. 29. apríl og 16. júlí 1941. Aðstandendur þeirra, sem farast af slysum, hvort heldur er á sjó eða landi, og ekki teljast stríðsslys, fá aðeins bætur samkvæmt alþýðutryggingalögunum. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að jafna þann mikla mun, sem hér er á orðinn. Í mörgum tilfellum er örðugt að greina orsakir slysa á sjó frá stríðsslysum, eins og nú á sér stað um hættur þær, sem búnar eru hverri fleytu vegna hernaðarráðstafana. Meiri hluti nefndarinnar viðurkennir að vísu rök þau, sem færð eru fyrir frv., en telur hins vegar, að kostnaður sá, sem af því leiðir fyrir atvinnurekendur í hækkun iðgjalda, sé þeim ofvaxinn, og getur því ekki fallizt á að mæla með samþykkt þess. Undirritaður minni hl. er ekki sammála meiri hl. um þetta atriði og telur, að þá iðgjaldahækkun, sem nægja mundi, sé atvinnurekendum kleift að greiða. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir nefndinni lágu og voru nánar skýrðar af forstjóra tryggingarstofnunarinnar, þá verður að ætla, að 50% hækkun iðgjaldanna mundi nægileg. Verður að líta svo á, að hin góða afkoma atvinnuveganna geti innt af hendi þá kvöð, sem hér er gert ráð fyrir. Með frv. er verið að tryggja þrennt:

1) Að jafna þann mismun, sem orðinn er í örorku- og dánarbótum, 2) Að tryggja ekkjum og munaðarleysingjum bætur, sem geti verið þeim nokkur stoð til lífsframfæris, og 3) Að firra þjóðfélagið því, að skyldulið þeirra, sem fyrir slysum verða, komist á vonarvöl og létta byrði af sveitar- og bæjarsjóðum.

Minni hlutinn leggur því til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 23. apríl 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson.

Ed. 249. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu vera þrír skólar á landi hér, er veita bændaefnum nauðsynlega sérþekkingu til undirbúnings stöðu þeirra. Skal einn skólinn vera á Hólum í Hjaltadal, annar á Hvanneyri í Borgarfirði og hinn þriðji á Suðurlandsundirlendi.

Landbúnaðarráðuneytið ákveður skólanum stað, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

Í stað orðanna „Við hvorn skóla“ í byrjun 1. málsgr. 4. gr. laganna komi: Við hvern skólanna, og í stað orðanna „hvorum skóla“ í 3. málsgr. sömu lagagr. komi: hverjum skólanna. — Enn fremur komi í stað orðanna „Í hvorum skóla“ í 1. málsgr. 5. lagagr.: Í hverjum skóla.

3. gr.

Á eftir 13. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Sérákvæði um bændaskóla Suðurlands.

Eftir gildistöku laga þessara skal, svo fljótt sem unnt er, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, reisa bændaskóla Suðurlands.

Ef hentugt jarðnæði skortir fyrir skólann, er ríkisstjórninni heimilt að kaupa jörð fyrir hann á kostnað ríkissjóðs.

Þegar bændaskóli Suðurlands tekur til starfa, skal með reglugerð sett sérákvæði um starfshætti hans, og skal þá varðandi tilraunastarfsemi og önnur verkefni hans lögð megináherzla á það, er snertir sérstöðu Suðurlandsundirlendisins í búnaðarháttum.

Ed. 250. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1942.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1942 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmt-

unum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 251. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, er verði 7. gr., svo hljóðandi:

Heimilt er að verja úr ríkissjóði fé til að greiða laun allt að fjórum aðstoðarlæknum héraðslækna í fjölmennum læknishéruðum, þar sem ekki eru starfandi læknar aðrir en héraðslæknar. Mega launagreiðslur þessar til hvers aðstoðarlæknis nema allt að 400 kr. á mánuði auk dýrtíðaruppbótar. Landlæknir semur við héraðslækna um vist og kjör aðstoðarlækna, og skal að jafnaði leitazt við að vista einn aðstoðarlækni í hverjum landsfjórðungi. Það skal vera kvöð á aðstoðarlæknum, sem ráðnir eru samkvæmt þessari heimild, að grípa megi til þeirra í allt að fjóra mánuði samtals á ári, þegar þeirra er þörf til að gegna læknishéruðum um stundarsakir sem settir héraðslæknar eða staðgöngumenn héraðslækna í fjarvistum þeirra og öðrum forföllum.

Nd. 252. Nefndarálit

um frv. til l. um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Land það, er Siglufjarðarkaupstaður eignast í þessum kaupum, er honum óheimilt að selja, en heimilt er honum að leigja það, og fer um leiguna samkv. reglugerð, er ríkisstjórnin samþykkir. Leigumáli lóða þeirra, er síldarverksmiðjur ríkisins nú hafa á leigu, skal þó framlengjast áfram óbreyttur, að núverandi leigutíma loknum, ef stjórn síldarverksmiðja ríkisins krefst þess.

Alþingi, 24. apríl 1942.

Bergur Jónsson, form.	Finnur Jónsson, fundaskr.	Garðar Þorsteinsson, frsm.
Gísli Guðmundsson.	Jóh. G. Möller.	

Ed. 253. Frumvarp til laga

um eftirlit með ungmennum o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Barnaverndarnefndir og skólanefndir hafa eftirlit með uppeldi og hegðun ungmenna innan 20 ára aldurs. Ber löggæzlumönnum að aðstoða nefndir þessar eftir þörfum og gera þeim við vart, ef þeir verða vísir athugaverðs framferðis ungmenna.

2. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd eða skólanefnd þess vís, að hegðun ungmennis sé ábótavant, svo sem vegna lauslætis, drykkjuskapar, slæpingsháttar, óknytta eða annarra slíkra lasta, og skal hún þá gera foreldri eða lögráðamanni við vart, áminna ungmennið, reyna eftir föngum að leiða það á rétta braut og aðstoða það við atvinnuleit eða útvega því vist á góðu heimili, ef því er að skipta. Ef ungmenni er í skóla, ber barnaverndarnefnd að ráðgast við kennara um betrun á hegðun þess. Ef framferði ungmennis er refsivert að lögum, skal barnaverndarnefnd starfa í sambandi við héraðsdómara.

3. gr.

Ef úrræði þau, sem í 2. gr. getur, koma ekki að haldi eða telja má þau óframkvæmanleg, má beita hæfilegum uppeldisráðstöfunum og öryggis, t. d. vistun ungmennis á góðu heimili, hæli eða skóla. Vist á slíkum stöðum má koma í stað refsivistar, ef framferði ungmennis er refsivert. Veitist ríkisstjórninni heimild til að koma upp stofnunum í nefndu skyni og setja reglugerð um framkvæmd uppeldis þar. Kostnaður við vist ungmennis samkvæmt grein þessari greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Héraðsdómari fer ásamt tveimur meðdómendum, er viðkomandi sveitar- eða bæjarstjórn velur til 4 ára í senn, með mál samkvæmt 3. gr. Skal dómur þessi halda réttarrannsókn um mál og kveða upp í þeim rökstuddan úrskurð, ef ungmenni er úrskurðað í hælisvist eða heimilis. Héraðsdómari hefur forsæti í dómnum. Dómsmálaráðherra ákveður þóknun meðdómenda, er greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Úrskurður um vistun ungmennis á stofnun samkvæmt 3. gr. skal gilda um ótiltekinn tíma. Dómur sá, sem í 4. gr. getur, leysir ungmenni úr hælisvist eða heimilis, ef slíkrar vistar þykir ekki lengur þörf. Greind vist má þá ekki fara fram úr tveimur árum, nema nýr úrskurður sé upp kveðinn. Aðili eða lögráðamaður hans getur og krafizt nýs úrskurðar, þegar 6 mánuðir eru liðnir frá uppkvaðningu síðasta úrskurðar.

6. gr.

Úrskurðum um hælisvist eða heimilis samkvæmt 3. gr. má áfrýja til hæstaréttar innan fjögurra vikna frá birtingu þeirra af hálfu dómsmálaráðuneytisins eða aðila eða lögráðamanns hans. Áfrýjun frestar ekki framkvæmd úrskurðar.

7. gr.

Kennurum skal rétt og skylt að fylgjast eftir föngum með hegðun og uppeldi þeirra ungmenna, sem á vegum þeirra eru, og gera foreldrum, lögráðamönnum og barnaverndarnefnd eða skólanefnd við vart, ef þeir fá grun um ábótavant framferði ungmennis.

8. gr.

Nú telur ríkisstjórnin, að fengnum tillögum barnaverndarnefndar eða ungmennadóms, hættu á því, að tilgreind störf séu, miðað við aðstæður á tilteknum stað, skað-

samleg þroska eða siðferði ungmenna, og getur hún þá bannað ungmennum innan tilgreinds aldurs að stunda þar slík störf. Ef fyrirsvarsmenn atvinnufyrirtækis brjóta gegn banni þessu, varðar það refsingu og réttindamissi samkvæmt 9. gr.

9. gr.

Ef maður leiðir ungmenni innan 21 árs á siðferðislega glapstigu eða lætur saurlífi viðgangast í húsum, skipum, bifreiðum eða öðrum stöðum, sem hann ræður yfir, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum. Auk refsingar má svipta hann réttindum samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 254. Tillaga til þingsályktunar

um fjárframlag úr ríkissjóði og ríkisábyrgð á láni til þess að reisa nýjan stúdentagarð.

Flm.: Hermann Jónasson, Jakob Möller.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði á árinu 1942 allt að 150 þús. kr. til þess að reisa nýjan stúdentagarð í Reykjavík og að takast á hendur ábyrgð á allt að 150 þús. kr. láni í sama skyni.

Greinargerð.

Húsnæðismálum stúdenta, sem nám stunda í háskólanum, er, svo sem kunnugt er, í fullt óefni komið um sinn, og þykir ekki verða hjá því komizt, að ríkissjóður rétti hjálparhönd til þess að bæta úr því, svo sem lagt er til í tillögunni, og það því fremur, sem sýnt er, að reka muni að því áður en langir tímar líða, að auka þurfi við það húsnæði, sem stúdentar höfðu til afnota áður en til greina komu þær sérstöku ástæður, sem nú eru fyrir hendi.

Nd. 255. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Hansen, Jannet Vivian, ungfrú, Flatey á Breiðafirði, fædd í Noregi.
2. Hansen, Níels William Larchmont, verkamaður í Flatey á Breiðafirði, fæddur í Bandaríkjunum.
3. Johansen, Freidar Marselius, matsveinn á Akureyri, fæddur í Noregi.
4. Júlíus Ámundi Jónsson, innheimtumaður í Reykjavík, fæddur á Íslandi.
5. Korsham, Johan Ludviksen, bóndi á Kúskeri í Blönduhlíð, fæddur í Noregi.
6. Kristensen, Alfred Viggo, verkamaður, Fagraskógi í Arnarneshreppi, fæddur í Danmörku.
7. Rasmussen, Lauritz Alfred, verkstjóri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
8. Toft, Hartwig, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
9. Torp, Evald Christian, veitingaþjónn í Reykjavík, fæddur í Danmörku.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun dómsmálaráðuneytisins, og mælir það með því, að allir þeir, er í frumvarpinu greinir, öðlist íslenzkan ríkisborgararétt.

Alfred V. Kristensen dvaldi 4 mánuði í Danmörku 1937, en fluttist hingað í apríl 1932.

Christian Evald Torp dvelur sem stendur í Danmörku. Fór þangað sér til lækninga 1940 og hefur ekki komizt hingað síðan sakir ófriðarins.

Júlíus Ámundi Jónsson fluttist hingað 1934, en hann og kona hans eru fædd hér á landi af íslenzkum foreldrum.

Enginn umsækjendanna hefur getað aflað sér hegningarvottorðs frá útlöndum.

Að öðru leyti fullnægja umsækjendurnir þeim skilyrðum, sem lög og venjur krefjast.

Nd. 256. Lög

um breytingar á lögum nr. 100 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd. 24. apríl).

Samhljóða þskj. 115.

Nd. 257. Frumvarp til laga

um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

Flm.: Bergur Jónsson, Garðar Þorsteinsson.

1. gr.

Fyrir „18 ára“ í 2. mgr. 20. gr. laganna komi: 17 ára.

2. gr.

Við 4. mgr. 20. gr. bætist: Þeir, sem eru fullra 19 ára að aldri, geta þó fengið leyfi til að aka leigubifreiðum til mannflutninga fyrir allt að 10 farþegum, enda uppfylli þeir öll önnur skilyrði þessarar málsgreinar. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki um bifreiðarstjóra vörubifreiða, er flytja verkamenn til og frá vinnustað.

3. gr.

3. mgr. 21. gr. orðist svo:

Engum má veita æfingu í akstri, sem yngri eru en svo, að vanti einn mánuð í 17 ára aldur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk dómsmálaráðuneytisins, og fylgdu því eftirfarandi skýringar:

„Nú upp á síðkastið hefur verið mjög mikill hörgull á bifreiðarstjórum, og hafa því þráfaldar umsóknir borizt til dómsmálaráðuneytisins og bifreiðaeftirlitsins um undanþágu frá aldursákvæðum bifreiðalaganna.

Til að ráða bót á þessu gerir frumvarp þetta ráð fyrir, að aldurstakmarkið verði fært niður um eitt ár, niður í 17 ára, að því er snertir almennan bifeiðaakstur, og einnig um eitt ár, niður í 19 ára, að því er snertir akstur á leigubifreiðum til mannflutninga, er taka allt að 10 farþegum.

Þá tekur frumvarpið af allan vafa um heimild bifreiðarstjóra með minna prófi til að aka verkamönnum á vörubifreiðum til og frá vinnustað, en heimild þessi er ekki tvímælalaus eftir núgildandi bifreiðalögum.

Hefur bifreiðaeftirlitið mælt með breytingum þessum."

Sþ. 258. Nefndarálit

um till. til þál. um aðstoð við íslenzka námsmenn á Norðurlöndum og í Þýzkalandi.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leggur til, að hún verði samþykkt. Þó vill nefndin binda þá aðstoð, sem felst í síðari hluta tillögunnar, við venjulegan námstíma og leggur því til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU

Aftan við tillgr. bætist: miðað við venjulegan námstíma.

Alþingi, 24. apríl 1942.

Pétur Ottesen, form. Emil Jónsson, fundaskr., frsm. Helgi Jónasson. Sig. E. Hlíðar.

Bjarni Bjarnason. Páll Hermannsson. Sigurður Kristjánsson.

Þorst. Þorsteinsson. Jónas Jónsson.

Nd. 259. Frumvarp til laga

um heimild til að taka eignarnámi húseignina Austurstræti 5 í Reykjavík.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Pétur Ottesen, Bjarni Bjarnason, Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta taka eignarnámi húseignina Austurstræti 5 í Reykjavík ásamt tilheyrandi eignarlóð, sem er 419,3 fermetrar og liggur milli Austurstrætis og Hafnarstrætis.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins samkv. 1. gr. skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarps þessa er að tryggja Búnaðarbanka Íslands hentuga lóð undir byggingu fyrir starfsemi hans. Búnaðarbankinn er nú í leiguhúsnæði, er hann hefur til afnota til ársins 1947, en vitað er, að leigusamningur bankans verður ekki framlengdur. Auk þess er þetta húsnæði bankans mjög ófullnægjandi sakir hins öra vaxt-

ar, sem orðið hefur á bankastarfseminni. Háskóli Íslands keypti eign þessa nýlega með það fyrir augum að reisa þar kvikmyndahús, en nú er vitað, að háskólinn hefur fengið annað húsnæði fyrir kvikmyndareksturinn, og virðist honum því ekki nauðsyn að halda þessari eign. Hins vegar hefur reynzt ókleift fyrir Búnaðarbankann að fá hentuga lóð undir hina fyrirhuguðu nýbyggingu.

Nánar í framsögu.

Nd. 260. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 75 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Flm.: Bjarni Bjarnason, Jörundur Brynjólfsson.

1. a-liður 9. greinar laganna orðist svo:
   Forstöðumenn barnaskóla í kaupstöðum 2000 kr., auk ókeypis bústaðar, ef þeir óska þess, en að öðrum kosti jafngildi þess í peningum.
2. d-liður sömu lagagr. orðist svo:
   Forstöðumenn barnaskóla utan kaupstaða 1600 kr., auk ókeypis bústaðar, ef þeir óska þess, eða jafngildi þess í peningum, og kennarar við þá skóla 1600 kr.

Greinargerð.

Undanfarið hafa skólastjórar í ýmsum þorpum úti um land átt í erfiðleikum með að útvega sér húsnæði, og síðast liðið haust urðu tveir þeirra að leita aðstoðar fræðslumálastjóra, og á þriðja staðnum lá einnig við sjálft, að skólastjórinn þyrfti að hverfa frá starfi vegna húsnæðisleysis. Skólastjórar og kennarar þessara skóla hafa og nú orðið verri kjör en nokkrir aðrir kennarar landsins.

Launahækkun sú, sem hér er farið fram á, má teljast eðlileg til samræmis, ef skólastjórarnir fá ókeypis húsnæði samkv. 1. lið, einnig til samræmis við laun kennara í öðrum skólaflokkum.

Samkvæmt gildandi lögum um skipun barnakennara og laun þeirra er kaupstöðunum gert að skyldu að láta skólastjórum barnaskóla sinna í té ókeypis húsnæði eða jafngildi þess í peningum. En nú vofir það yfir, að a. m. k. einn skólastjóri við kaupstaðarskóla fái hvergi viðunandi húsnæði á næsta hausti. Virðist þá einsætt, að hlutaðeigandi kaupstaður sé skyldur að láta skólastjóranum húsnæðið í té.

Við flutningsmenn teljum frv. þetta til samræmingar í réttlætisátt að því er snertir kaup og kjör barnakennara.

Sþ. 261. Tillaga til þingsályktunar

um Langanesveg.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta á þessu sumri fullgera þjóðveginn frá Þórshöfn að Heiði á Langanesi, og jafnframt að láta fram fara fullnaðarathugun á þjóðvegarstæði frá Heiði að Skálum á Langanesi og gera kostnaðaráætlun um lagningu þess vegar, og sé þeirri áætlun lokið fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Á þessu þingi hafa þegar verið fluttar margar tillögur til þingsályktunar um framlög úr ríkissjóði á árinu 1942 umfram það, sem veitt er í fjárlögum ársins eins

og frá þeim var gengið á Alþingi 1941. Hefur fjárveitinganefnd ýmsar slíkar tillögur til athugunar. Í samræmi við þau vinnubrögð er tillaga þessi fram borin.

Þjóðvegurinn frá Þórshöfn að Heiði á Langanesi má heita slarkfær fyrir bifreiðar í góðri tíð að sumarlagi. Hins vegar eru sumir kaflar á þessum vegi aðeins sjálfgerðir og aðrir svo lélegir, að þeir þola litla umferð. Kostnaður við að gera veg þennan (um 13 km.) vel akfæran mun þó ekki vera mikill, en upphæð sú, sem veitt er í þessu skyni (3000 kr.) á árinu 1942, hrekkur þar þó hvergi nærri til. En vegur þessi er mikilsverð flutningaleið innan sveitar, fyrir verstöðina Heiðarhöfn og bændur á miðnesinu, auk þess, sem hún er til mikils hagræðis fyrir útnesið og Skálaþorp, en sá sveitarhluti er enn vegarlaus. Léttir þessi vegarkafli m. a. mjög læknisvitjanir til Þórshafnar, ef fær væri að staðaldri. Í tillögunni er farið fram á, að vegurinn að Heiði verði fullgerður í sumar.

Enn fremur er í tillögunni farið fram á, að vegarstæðið frá Heiði að Skálum verði nánar athugað á þessu sumri. Hefur bráðabirgðaathugun á því að vísu farið fram, en kostnaðaráætlun eigi verið gerð. Á Skálum er mikill áhugi fyrir því, að vegur þessi verði lagður, enda þorpið mjög einangrað eins og nú er. Um það vísast til fylgiskjals, sem prentað er með greinargerð þessari.

Fylgiskjal.

Erindi Skálabúa um fjárframlag til Langanesvegar.

Skálum, 10. nóvember 1941.

Við undirritaðir íbúar á Skálum leyfum okkur hér með að fara fram á það við yður, herra alþingismaður, að þér hlutist til um, að á næsta sumri verði lagt ríflegt framlag til þjóðvegarins frá Heiði að Skálum. Eins og yður er kunnugt um, þá er þetta algerlega ófær vegur, en mjög gott vegarstæði. Samgöngur á sjó höfum við mjög slæmar, þar sem höfnin er svo slæm, en allar nauðsynjavörur þurfum við að sækja til Þórshafnar. Ef nú kæmi bílvegur frá Þórshöfn að Skálum, þá væri stórlega bætt afkoma okkar Skálabúa. Við berum það traust til yðar, herra alþingismaður, að þér sjáið yður fært að koma þessu til leiðar, svo að ríflegt framlag fáist á komandi sumri og verkið verði hafið.

Virðingarfyllst.

(Nöfn 38 kjósenda).

Herra alþingismaður Gísli Guðmundsson.

Ed. 262. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 31. des. 1937, um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og mjólkurafurða.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það við ýmsa menn, sem standa að framkvæmd „mjólkurlaganna“, svo og við bændur, er búa á bæjarlandi Reykjavíkur, en þá snertir frumvarpið fyrst og fremst.

Til að afla sér sem gleggstra upplýsinga um, hver mundi vera meðalnyt kúa hér í Reykjavík, var athugað, hvaða meðaltöl þeir kýreigendur, sem eru í nautgripa-

ræktarfélögunum, hafa úr kúm sínum, ef draga mætti af því ályktanir um meðalnyt kúnna í Reykjavík.

Árin 1938, 1939 og 1940 voru milli 11 og 12 þúsund kýr í eign eða umsjá þeirra bænda, er voru í nautgriparæktarfélögunum. Meðalnyt þeirra allra var rétt um 2600 kg þessi ár. Af þessum kúm er nærri níundi hlutinn kvígur að fyrsta kálfi. Í Reykjavík er miklum mun færra af kvígum, því að kúauppeldi er þar hverfandi lítið. Aftur eru þar aðkeyptar kýr, og reynast þær oft misjafnlega meðan þær eru að venjast þeim sérstæðu lífskjörum, sem þeim þar eru boðin og oft eru allt önnur en þær áður hafa átt við að búa.

Hagar að sumrinu eru slæmir í Reykjavík, og þarf að gefa með beitinni fóðurbæti. Fóðurbætisgjöf er því meiri á kúm í Reykjavík en víðast annars staðar. Í lögunum er ákveðið að miða greiðslu verðjöfnunargjalds við það, að meðalkýrnyt sé 3000 kg á ári. Þegar athugaðir eru staðhættir allir, virðist sú tala of há, og getur nefndin eftir atvikum fallizt á að leggja til, að hún verði lækkuð í 2600 kg.

Í lögunum er gert ráð fyrir því, að hver kýreigandi megi hafa heima til eigin afnota ½ lítra á dag fyrir hvern heimilisfastan mann, og var þetta byggt á því, að mjólkurneyzla í bænum var á þeim tíma minni en þetta, miðað við fólksfjölda. Nú er hvort tveggja, að mjólkurneyzla bæjarbúa hefur aukizt nokkuð, og að nefndin vill sýna, að hún telur, að mjólkurneyzlan eigi enn að aukast og það verulega, og vill hún því gera ráð fyrir, að hver kýreigandi noti 1 lítra á dag pr. mann til drykkjar og matseldar, og því hækka það mjólkurmagn, sem ætlað er til eigin heimilis, úr ½ lítra í heilan.

Önnur grein frumvarpsins gerir ráð fyrir því, að hætt verði um stundarsakir að greiða verðjöfnunargjald, og þá líklega líka að verðjafna mjólkina eins og nú er gert.

Nú er þetta svo, að þeir menn, sem búa á bæjarlandinu og senda mjólk sína til samsölunnar, fá verðjöfnunargjaldið endurgreitt, ef þeir hafa ekki fleiri kýr en þeir hafa ræktaða hektara af landi. Hafi þeir fleiri kýr, greiða þeir verðjöfnunargjald af þeirri mjólk, er þeir hafa fram yfir 3000 lítra úr kúnum, sem eru á ræktaða landinu. En þegar horfið yrði að því að áætla kýrnytina 2600 kg, þá mundu þeir greiða verðjöfnunargjald af þeirri mjólk, er þeir hefðu fram yfir 2600 kg úr kúnum á ræktaða landinu. Og þeir, sem uppfylla þær kröfur til hreinlætis o. fl., sem gerðar eru til þess að þeir megi selja mjólk sína milliliðalaust beint til neytenda, greiða nú verðjöfnunargjald miðað við, að hver kýr mjólki 3000 kg, en ef breytingar okkar verða samþykktar, verður miðað við, að þær mjólki 2600 kg.

Mjólkursölunefnd hefur nú heimild til þess að ákveða, hversu verðjöfnunargjaldið skuli vera hátt, og getur breytt því hvenær sem henni þykir ástæða til. Síðast liðið ár var það 10% af útsöluverði mjólkurinnar, eða að meðaltali allt árið 7,0591 eyrir pr. lítra, en annars misjafnt eftir útsöluverðinu. Menn utan bæjarlandsins, er senda mjólk til samsölunnar, fá sem nemur verðjöfnunargjaldinu minna fyrir sína mjólk en menn á bæjarlandinu.

Greiðsla verðjöfnunargjaldsins byggist fyrst og fremst á því, að þeir, sem búa á bæjarlandinu, fá í gegnum mjólkursamsöluna tryggingu fyrir jafnari og betri markaði fyrir sína mjólk en þeir mundu hafa, ef þeir ættu að selja hana í samkeppni við hina, sem utan við búa. Þetta er þeim ákaflega mikið öryggi. Auk þess hefur Samsalan, þótt henni beri engin skylda til þess, tekið mjólk frá þeim þá tíma ársins, sem þeir hafa haft meiri mjólk en þeir gátu selt beint til fastra kaupenda, og er þetta þeim líka mikið hagræði, og þekkja þeir það bezt, sem þurftu að eyðileggja þessa mjólk, áður en Samsalan kom.

Nefndinni er það ljóst, að deila má um það, hvað hæfilegt verðjöfnunargjald ætti að vera, og að það getur átt að breytast með breyttum staðháttum og breyttri aðstöðu. Vegna þessa mun líka hafa verið horfið frá því að hafa það fastákveðið í lögum, heldur láta mjólkursölunefnd ráða því, enda verður að telja, að hún hafi langbezt skilyrði til að dæma um það, hve hátt það á að vera.

Nefndinni er kunnugt um það, að mjólkursölunefnd hefur nú til athugunar, hvort ekki sé tímabært að breyta verðjöfnunargjaldinu til lækkunar, og með því að nefndin telur réttast, að mjólkursölunefnd ákveði það eftir kunnugleika sínum, telur hún ekki rétt að svo stöddu að breyta til frá því, sem verið hefur, og getur því ekki mælt með því, að önnur grein frumvarpsins verði samþykkt.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   a. Í stað „3000 lítra“ í 1. málsgr. 3. gr. laganna komi: 2600 lítra.
   b. Í stað „½ lítra“ í 2. málsgr. sömu lagagr. komi: 1 lítra.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 66 31. des. 1937, um breyting á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Alþingi, 25. apríl 1942.

Þorst. Þorsteinsson, form.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Páll Zóphóníasson, frsm.

Ed. 263. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Lög nr. 82 9. júlí 1941 eru úr gildi numin.
2. Fyrirsögnina skal orða svo:
   Frumvarp til laga um afnám laga nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Nd. 264. Frumvarp til laga

um eftirlit með ungmennum o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Barnaverndarnefndir og skólanefndir hafa eftirlit með uppeldi og hegðun ungmenna innan 18 ára aldurs. Ber löggæzlumönnum að aðstoða nefndir þessar eftir þörfum og gera þeim við vart, ef þeir verða vísir athugaverðs framferðis ungmenna.

2. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd eða skólanefnd þess vís, að hegðun ungmennis sé ábótavant, svo sem vegna lauslætis, drykkjuskapar, slæpingsháttar, óknytta eða annarra slíkra lasta, og skal hún þá gera foreldri eða lögráðamanni við vart, áminna

ungmennið, reyna eftir föngum að leiða það á rétta braut og aðstoða það við atvinnuleit eða útvega því vist á góðu heimili, ef því er að skipta. Ef ungmenni er í skóla, ber barnaverndarnefnd að ráðgast við kennara um betrun á hegðun þess. Ef framferði ungmennis er refsivert að lögum, skal barnaverndarnefnd starfa í sambandi við héraðsdómara.

3. gr.

Ef úrræði þau, sem í 2. gr. getur, koma ekki að haldi eða telja má þau óframkvæmanleg, má beita hæfilegum uppeldisráðstöfunum og öryggis, t. d. vistun ungmennis á góðu heimili, hæli eða skóla. Vist á slíkum stöðum má koma í stað refsivistar, ef framferði ungmennis er refsivert. Veitist ríkisstjórninni heimild til að koma upp stofnunum í nefndu skyni og setja reglugerð um framkvæmd uppeldis þar. Kostnaður við vist ungmennis samkvæmt grein þessari greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Héraðsdómari fer ásamt tveimur meðdómendum, er viðkomandi sveitar- eða bæjarstjórn velur til 4 ára í senn, með mál samkvæmt 3. gr. Skal dómur þessi halda réttarrannsókn um mál og kveða upp í þeim rökstuddan úrskurð, ef ungmenni er úrskurðað í hælisvist eða heimilis. Héraðsdómari hefur forsæti í dómnum. Dómsmálaráðherra ákveður þóknun meðdómenda, er greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Úrskurður um vistun ungmennis á stofnun samkvæmt 3. gr. skal gilda um ótiltekinn tíma. Dómur sá, sem í 4. gr. getur, leysir ungmenni úr hælisvist eða heimilis, ef slíkrar vistar þykir ekki lengur þörf. Greind vist má þá ekki fara fram úr tveimur árum, nema nýr úrskurður sé upp kveðinn. Aðili eða lögráðamaður hans getur og krafizt nýs úrskurðar, þegar 6 mánuðir eru liðnir frá uppkvaðningu síðasta úrskurðar.

6. gr.

Úrskurðum um hælisvist eða heimilis samkvæmt 3. gr. má áfrýja til hæstaréttar innan fjögurra vikna frá birtingu þeirra af hálfu dómsmálaráðuneytisins eða aðila eða lögráðamanns hans. Áfrýjun frestar ekki framkvæmt úrskurðar.

7. gr.

Kennurum skal rétt og skylt að fylgjast eftir föngum með hegðun og uppeldi þeirra ungmenna, sem á vegum þeirra eru, og gera foreldrum, lögráðamönnum og barnaverndarnefnd eða skólanefnd við vart, ef þeir fá grun um ábótavant framferði ungmennis.

8. gr.

Nú telur ríkisstjórnin, að fengnum tillögum barnaverndarnefndar eða ungmennadóms, hættu á því, að tilgreind störf séu, miðað við aðstæður á tilteknum stað, skaðsamleg þroska eða siðferði ungmenna, og getur hún þá bannað ungmennum innan tilgreinds aldurs að stunda þar slík störf. Ef fyrirsvarsmenn atvinnufyrirtækis brjóta gegn banni þessu, varðar það refsingu og réttindamissi samkvæmt 9. gr.

9. gr.

Ef maður leiðir ungmenni innan 21 árs á siðferðislega glapstigu eða lætur saurlífi viðgangast í húsum, skipum, bifreiðum eða öðrum stöðum, sem hann ræður yfir, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum. Auk refsingar má svipta hann réttindum samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 265. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 27. júní 1941, um breyt. á l. um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936.

Frá menntamálanefnd.

Nefndarmenn eru ekki sammála um frv. Form. nefndarinnar (JJ) vill samþ. það með fyrirvara, en hinir nefndarmenn leggja til, að frv. verði vísað til stjórnarinnar.

Með áliti þessu eru prentaðar sem fylgiskjöl umsagnir háskóladeilda þeirra, er um ræðir í frv. og sendar voru nefndinni með bréfi rektors háskólans, dags. 17. þ. m.

Alþingi, 27. apríl 1942.

Jónas Jónsson, form. (með fyrirvara).	Jóhann Jósefsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson, frsm.

Fylgiskjal I.

Úr fundargerð heimspekisdeildar 13. apríl 1942.

Lagt var fram bréf frá menntamálanefnd efri deildar, dags. 9. apríl, þar sem beðizt var umsagnar um frv. Páls Zóphóníassonar um breytingu á lögum háskólans. Hafði þessu máli verið vísað til deilda af háskólaráði.

Var eftirfarandi samþykkt:

Deildin lítur svo á, að engin stúdentaekla sé í landinu, og því ekki ástæða til þess að taka í neina deild háskólans menn með lélegri undirbúningsmenntun en stúdentar fá. Að öðru leyti telur deildin sér ekki koma þetta frv. sérstaklega við.

Fylgiskjal II.

Úr fundargerð guðfræðisdeildar 16. apríl 1942.

1. Háskólaráð hefur sent deildinni til umsagnar frv. til laga um breyting á háskólalögunum. Var samþykkt að svara á þessa leið:

Guðfræðideildin er andvíg því, að öðrum en stúdentum verði veittur aðgangur að námi í deildinni, þar sem hún telur alhliða menntun nauðsynlega til undirbúnings námi þar. Eins og nú er, eiga menn kost á að taka stúdentspróf án þess að hafa gengið gegnum menntaskólana og geta því, ef þeir eru að öðru leyti um það færir, stytt námstíma sinn, og inntökupróf, sem háskólinn kæmi á, gæti vafalaust ekki orðið léttara en stúdentspróf er nú, ef það ætti að verða nægileg undirstaða háskólanáms.

Fylgiskjal III.

Samkvæmt beiðni háskólaráðs hef ég athugað frumvarp það, er Páll Zóphóníasson flytur í efri deild Alþingis um breytingu á háskólalögunum, að því er snertir nám í viðskiptafræðum innan laga- og hagfræðideildar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir tveim breytingum á núverandi fyrirkomulagi, þ. e. a. s. að hagfræðideildin verði sérstök deild og að auk stúdenta megi þeir, er staðizt hefðu sérstakt inntökupróf, stunda nám í viðskiptafræðum.

Um fyrra atriðið er það að segja; að samkvæmt öðrum ákvæðum háskólalaganna virðist hagfræðideildin ekki geta orðið sérstök deild, meðan einungis einn fastur kennari, sem er dósent, en ekki prófessor, starfar að þeirri kennslu, sem þar mundi fara fram. Það kemur og að engu leyti að sök og er til einskis óhagræðis, hvorki fyrir

stúdenta né kennara, að kennslan í viðskiptafræðum fer nú fram innan laga- og hagfræðideildar. Auk þess er kennsla í nokkrum greinum (bókfærslu og sumum greinum lögfræðinnar) sameiginleg fyrir stúdenta, sem leggja stund á viðskiptafræði og lögfræði. Hins vegar getur að sjálfsögðu vel komið til mála, að hagfræðideildin verði sérstök deild, ef föstum kennurum við hana verður fjölgað, en fyrir næsta haust virðist nauðsynlegt að bæta við einum föstum kennara, og þó einkum, ef kennsla í hagfræði yrði aukin frá því, sem nú er innan viðskiptafræðanámsins, og háskólinn tæki einnig að brautskrá hagfræðinga.

Um síðara atriðið er þetta að segja. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að háskólinn semji reglugerð um próf, sem auk stúdentsprófs veiti rétt til þess að stunda nám í viðskiptafræðum, og kemur þá til athugunar, hvernig sú reglugerð ætti að vera, eða m. ö. o. hvaða skilyrði ætti að setja fyrir því, að stunda mætti nám í viðskiptafræðum. Ýmsir virðast telja, að skilyrðið, sem setja eigi fyrir því, að maður megi leggja stund á háskólagrein og síðar brautskrást frá háskóla, sé, að hann hafi aflað sér þeirrar þekkingar, sem geri honum kleift að fylgjast með kennslunni, — önnur skilyrði þurfi ekki og eigi ekki að setja. En þetta er hinn mesti og háskalegasti misskilningur. Ástæðan til þess, að stúdentspróf er hér og í nágrannalöndum gert að skilyrði fyrir inngöngu í háskóla, er ekki sú, að allt það, sem kennt er í menntaskólunum, sé í sjálfu sér nauðsynlegt til þess. að stúdentarnir geti fylgzt með háskólakennslunni. Til þess að geta lagt stund á lögfræði, er ekki nauðsynlegt að hafa lært reikning og stærðfræði, til þess að geta lagt stund á læknisfræði, er ekki nauðsynlegt að hafa lært sögu, til þess að nema guðfræði, er ekki nauðsynlegt að hafa lært náttúrufræði o. s. frv. Ef setja ætti þau skilyrði ein fyrir inntöku í háskóla, að menn gætu haft not kennslunnar í þeirri grein, sem menn ætluðu að leggja stund á, yrðu inntökuskilyrðin mjög misjöfn í hinar ýmsu deildir, og menntaskólarnir, sem byggju stúdentana undir námið, yrðu þá að vera mjög margs konar og undirbúningsnámið mjög mismunandi langt. En nú hlýtur öllum að geta komið saman um, að það eitt er ekki nauðsynlegt, að maður, sem gegna á ábyrgðarmiklum stöðum, hafi góða sérþekkingu í þeirri grein, er lýtur að starfi hans og hann stundaði í háskóla, heldur verður hann einnig að hafa til að bera allvíðtæka almenna menntun. Háskólinn veitir sérmenntun, en til þess að tryggja það, að þeir, sem öðlast hana, hafi einnig til að bera almenna menntun, er próf frá skóla, sem veitir slíka menntun (menntaskólum), þ. e. a. s. stúdentsprófið, gert að inntökuskilyrði í háskólann. Og almenna menntunin er ekki einungis nauðsynleg vegna þess, að hún gerir menn hæfari en ella til þess að gegna þeim stöðum, sem sérmenntunin veitir þeim rétt eða möguleika til, heldur einnig sökum þess, að hún veitir þroska, sem gerir menn færari en ella til þess að tileinka sér og notfæra vísindalega sérþekkingu. Þar eð stúdentsprófið veitir hvort tveggja í senn, nauðsynlega undirbúningsmenntun undir sérnám í háskóla og allvíðtæka almenna menntun, hefur það hingað til — bæði hér og í nágrannalöndum — verið gert að inntökuskilyrði í háskóla.

Ef háskólinn ætti að setja reglugerð um inntökupróf til viðskiptafræðanáms, yrði hann að krefjast nauðsynlegrar þekkingar til þess að geta fylgzt með í náminu og auk þess allvíðtækrar almennrar menntunar, en þar eð stúdentsprófið er einmitt einnig miðað við þetta tvennt, fæ ég ekki annað séð en að prófið yrði að vera mjög líkt stúdentsprófi, og þá ástæðulaust að vera að halda það sérstaklega. Ef sérstakt inntökupróf í háskólann er talið nauðsynlegt sökum þess, að stúdentsprófið veiti ekki nægilega undirbúningsmenntun eða nóga almenna menntun, ber það vott um það eitt, að breyta ætti stúdentsprófinu, og má vel vera, að svo sé að einhverju leyti. Ef hins vegar sérstakt inntökupróf er talið nauðsynlegt sökum þess, að nægilega undirbúningsmenntun og nóga almenna menntun megi öðlast á annan hátt en þann, sem nú er krafizt í menntaskólanum og til stúdentsprófs, ber það vott um það, að auka ætti fjölbreytnina í námsgreinum menntaskólanna eða gera aðra skóla að menntaskólum, þ. e. a. s. veita þeim leyfi til þess að brautskrá stúdenta, eða m. ö. o. taka upp fleiri tegundir stúdentsprófs en mála- og stærð-

fræði-stúdentspróf, t. d. verzlunar-stúdentspróf, og er vel athugandi, hvort svo sé ekki. En verði gerðar einhverjar breytingar á inntökuskilyrðum í háskólann, er það víst, að þær mega ekki ganga í þá átt að gera minni kröfur en nú er gert, þ. e. a. s. það eina, sem að mínu áliti getur komið til greina, er breyting á stúdentsprófinu, en ekki annað eða önnur próf, þar sem gerðar væru minni kröfur. Stúdentsprófið á fyrst og fremst að vera inntökupróf í háskólann, og ef skoðanir manna á því breytast eitthvað, hver skuli verða inntökuskilyrði í hann, á að breyta stúdentsprófinu og menntaskólunum, en ekki láta háskólann halda sérstök próf, nema þá háskólinn tæki að sér stúdentsprófið að öllu leyti, að svo miklu leyti sem það er inntökupróf í hann.

Sumir virðast telja, að einhverju öðru máli gegni um nám í viðskiptafræðum en öðrum námsgreinum háskólans, hvað inntökuskilyrði snertir. En ég tel ekki, að svo sé. Eigi viðskiptafræðingar háskólans að vera til forystu fallnir í atvinnu- og viðskiptamálum þjóðarinnar, verða þeir að minnsta kosti að hafa þá almennu menntun til að bera, sem stúdentspróf gerir ráð fyrir, — þau stúdentspróf, sem nú eru haldin, eða önnur, sem rétt kynni að þykja að setja ákvæði um, — auk þess sem slík menntun veitir nokkra tryggingu fyrir því, að viðkomandi hafi náð þeim þroska að geta lagt stund á vísindalegt sérnám. Þá virðast og ýmsir telja, að nauðsynlegt sé eða æskilegt, að þeir, sem stunda viðskiptafræðanám í háskólanum, hafi áður lært eitthvað í þeim greinum, sem telja má nauðsynlega sérþekkingu þeirra, sem fást við atvinnurekstur og viðskipti, en ég álít ekki, að svo sé, þar eð allt slíkt er kennt rækilega í háskólanum, svo að í sjálfu sér er miklu æskilegra, að undirbúningsmenntunin sé í almennum greinum, en ekki í sérgreinum, og eftir því sem hin almenna undirbúningsmenntun er betri, því meiri árangurs má vænta af námi sérgreinanna í háskólanum.

Af þeim sökum, sem nú er frá greint, tel ég ekki rétt að breyta inntökuskilyrðum til viðskiptafræðináms — eða annars náms — við háskólann, nema þá með breytingum á stúdentsprófinu sjálfu, án þess þó að gerðar verði minni kröfur en nú er gert.

Í sambandi við þetta mál tel ég rétt að vekja athygli á öðru máli, sem mikla þýðingu getur haft fyrir menntunarmöguleika þeirra mörgu manna, sem hér fást við atvinnurekstur og viðskipti. Það er vissulega ekki heppilegt ástand, að greindir menn og námfúsir, sem gengið hafa gegnum verzlunarskólann eða samvinnuskólann eða unnið nokkuð að verzlunarstörfum, skuli ekki eiga kost á nokkurri framhaldsmenntun. Verzlunarskólinn mun hafa gert tilraun til þess að gefa verzlunarmönnum kost á framhaldsmenntun með kvöldnámskeiðum og gefizt vel, þótt slík starfsemi liggi þar nú niðri. En nú, þegar háskólakennsla hefur verið tekin upp í viðskiptafræðum, virðist mun hægara að halda uppi slíkri fræðslu fyrir verzlunarmenn, og þá eðlilegt, að háskólinn annist hana, því að við hann starfa nú þegar kennarar í öllum þeim greinum, er til greina kæmi að veita verzlunarmönnunum nokkra fræðslu í, og hann hefur húsnæði og öll ytri skilyrði til þess. Mætti þá haga þessu þannig, að háskólinn héldi eins vetrar námskeið fyrir verzlunarmenn, sem þeir gætu tekið þátt í, er lokið hefðu prófi í verzlunarskólanum eða samvinnuskólanum eða stundað hefðu verzlunarstörf í ákveðinn tíma, og sýndu þeir síðast töldu þá með prófi, að þeir hefðu ákveðna þekkingu í vissum greinum, sem nauðsynleg væri til þess að geta notfært sér fræðslu námskeiðsins, þar eð ekki væri hægt að miða hana við byrjendur í t. d. bókfærslu, erlendum tungumálum o. fl. Greinar þær, sem æskilegt væri að kenna, og stundafjöldi í hverri þeirra væru svo sem hér segir:

1. Þjóðhagfræði	3	stundir	vikulega
2. Rekstrshagfræði	3	—	—
3. Iðnaðar-, verzlunar- og bankarekstrsfræði	1	—	—
4. Verzlunarréttur	3	—	—
5. Íslenzk hagfýsing	1	—	—

6. Bókfærsla, bókleg	2	stundir	vikulega
7. Bókfærsla, verkleg	4	—	—
8. Endurskoðun og skattaskil	2	—	—
9. Viðskiptareikningur	1	—	—
10. Enskar og þýzkar bréfaskriftir	4	—	—
	Samtals 24	stundir	vikulega

Í lok námskeiðsins væri svo rétt að halda próf og láta þátttakendum í té vottorð um þátttöku í námskeiðinu og árangur prófsins.

Er hér gert ráð fyrir 4 kennslustundum daglega, og má það varla meira vera, þar eð gera verður ráð fyrir mikilli heimavinnu. Allar eru greinar þessar kenndar við háskólann, svo að ekki ætti að verða skortur á hæfum kennurum til þess að annast kennsluna. Í sumum greinunum gæti kennslan jafnvel orðið sameiginleg með viðskiptafræðastúdentum, en í flestum greinunum læra þeir þó svo miklu meira en hægt yrði að kenna á eins vetrar námskeiði, að kennsla getur að sjálfsögðu ekki orðið sameiginleg. Sé ekki gert ráð fyrir neinni sameiginlegri kennslu, en reiknað með þeirri þóknun til kennara, sem nú er greidd fyrir stundakennslu við háskólann (10 kr. fyrir stund) og gert ráð fyrir 7 mánaða kennslutíma, yrðu kennslulaunin 6720 kr., en annar kostnaður við námskeiðið yrði enginn. Eðlilegast virðist, að þeir, sem þátt tækju í námskeiðinu, greiddu nokkurt skólagjald, og sé gert ráð fyrir því gjaldi, sem nú er greitt í skólum, sem skólagjald hafa (350 kr.), þyrftu 20 nemendur að taka þátt í námskeiðinu til þess að það bæri sig algerlega, og er slík þátttaka engan veginn óhugsandi. Þátttakendur yrðu að minnsta kosti varla færri en 10, — að öðrum kosti væri ekki nauðsynlegt að halda námskeiðið, — og kennslugjöldin yrðu þá 3500 kr., svo að hreinn kostnaður við námskeiðið yrði einungis um 3000 kr. Ef einhverjir tímar yrðu sameiginlegir með viðskiptafræðastúdentunum, yrði kostnaðurinn að sjálfsögðu þeim mun minni, og væri það mögulegt, ef nauðsynlegt þætti af fjárhagsástæðum, en slíkt yrði þó að ýmsu leyti óþægilegt fyrir báða aðila. En þar eð kostnaðurinn færi aldrei fram úr 3000 kr. og gæti orðið minni, ef þátttakendur yrðu fleiri en 10, og jafnvel enginn, ef þeir yrðu 20, virðist hér um svo lítið fjárhagsatriði að ræða, að ekki ætti að þurfa að telja það álitamál, hvort í þetta skuli ráðizt, svo þýðingarmikið sem slíkt námskeið gæti orðið fyrir menntun verzlunarstéttarinnar í landinu.

Reykjavík, 12. apríl 1942.

Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 266. Lög

um læknaráð.

(Afgreidd frá Ed. 27. apríl).

Samhljóða þskj. 60.

Ed. 267. Lög

um rafveitur ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 27. apríl).

Samhljóða þskj. 137.

Nd. 268. Breytingartillaga

við frv. til l. um sérleyfi til þess að veita raforku frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Bjarni Bjarnason.

Á eftir 1. gr. kemur ný gr., sem verður 2. gr., svo hljóðandi:

Nú berast óskir um raforkuveitu til Hveragerðis, og samkomulag tekst við sérleyfishafa um lagningu hennar og raforkusölu á þetta svæði, og nær þá sérleyfið einnig til lagningar þeirrar veitu.

Nd. 269. Breytingartillögur

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Akureyrarbæ lán til aukningar Laxárvirkjuninni og raforkuveitu Akureyrar.

Frá Finni Jónssyni.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Á sama hátt er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að einnar milljón króna lán til aukningar rafveitu Ísafjarðar og Eyrarhrepps.
2. Fyrirsögn frv. verði:
   Frv. til l. um heimild til ábyrgðar fyrir lánum handa Akureyrarkaupstað og Ísafjarðarkaupstað til aukningar rafveitum.

Sþ. 270. Tillaga til þingsályktunar

um veg yfir Kollabúðarheiði.

Frá Finni Jónssyni.

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú á þessu sumri fullgera bifreiðaveginn yfir Kollabúðarheiði að Melgraseyri við Ísafjarðardjúp og heimilar fé úr ríkissjóði í þessu skyni.

Greinargerð.

Svo að segja daglega berast fregnir um auknar hættur í siglingum umhverfis landið, og eru menn þó misjafnlega settir í þessu efni. Mikinn hluta ársins fara fólksflutningar fram landveg, með bifreiðum til allra landshluta nema Vestfjarða. Þeir hafa orðið útundan með akvegasamband sitt. Virðist því mjög brýn þörf á að bæta úr þessu hið allra fyrsta, enda geta ríkissjóðs næg til þess. Setuliðsvinna er engin á Vestfjörðum, en almennur áhugi fyrir, að vegur sá, er í tillögunni getur, sé fullgerður hið allra fyrsta. Virðist því einsætt, að með samvinnu ríkisstjórnar og sveitarstjórna á Vestfjörðum ætti að vera í lófa lagið að bæta úr hinni brýnu þörf Vestfirðinga, með því að fullgera nefndan veg nú í sumar.

Ed. 271. Nefndarálit

um frv. til l. um sölu þjóðjarðarinnar Hólms.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og átt samræður við borgarstjórann í Reykjavík og bæjarverkfræðing um málið. Nefndin taldi æskilegt að fá lýsing jarðarinnar til athugunar, en af sérstökum ástæðum var hún ekki fyrir hendi. Nefndin áleit þó rétt að afgreiða málið, þar sem enginn ágreiningur er um nauðsynina á því, að Reykjavíkurbær fái jörðina keypta, og er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. apríl 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason.

Ed. 272. Frumvarp til laga

um heimild til þess að taka eignar- og leigunámi nokkur lönd á hverasvæðinu í Ölfusi.

Flm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka eignarnámi ríkinu til handa eftirtaldar landeignir í Ölfusi:

1. Það af landi jarðarinnar Vorsabæjar, sem ekki er eign ríkisins, með eftirgreindum landamerkjum: Að austan takmarkast landið af Varmá, að sunnan af landamerkjum Vorsabæjar, frá Varmá um fornu Vorsabæjarrúst, sjónhending yfir Breiðutorfu og þaðan í Neðrasnið við Hengladalsá, að vestan landamerki Reykjakots að Varmá, en eftir það ræður Varmá mörkum fyrir landinu að norðan.
2. Landblett Gísla Björnssonar, svonefnt Ekrubarð, báðum megin við þjóðveginn ofan við efri brúna á Varmá.

2. gr.

Ríkisstjórninni er og jafnframt heimilt að taka leigunámi ábúð jarðarinnar Vorsabæjar í Ölfushreppi.

3. gr.

Um framkvæmd eignarnáms og leigunáms samkv. 1. og 2. gr. skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir nokkru flutti ég í sameinuðu þingi tillögu til þingsályktunar um að heimila ríkisstjórninni að kaupa tiltekin lönd og lóðir í Ölfusi. Var málinu vel tekið og vísað til nefndar. Mér var þá ljóst, að ef sú tillaga næði samþykki Alþingis, mundi samkvæmt henni verða hægt að ná kaupum á meiri hluta hins umrædda lands, en vel mætti svo fara, að ekki næðist samkomulag um ýmsa þýðingarmikla landbletti utanvert við sjálft hveralandið, sem nú er fullbyggt að kalla má. Sú hefur og orðið raunin á, að síðan tillaga mín kom fram, hefur sala á löndum og

lóðum farið vaxandi og verðið oft óheyrilega hátt fyrir kaupendur. Samhliða þessu vex eftirspurn úr Reykjavík eftir hús- og garðstæðum í Hveragerði. Er talið, að um 30 menn ráðgeri nú að byggja í Hveragerði í sumar, ef þeir fá til þess aðstöðu og byggingarefni. Er þá byggðin komin út á hraunið, á rándýra bletti, þar sem skortir jarðhita, drykkjarvatn og frárennsli. Sumir munu reyna að bora eftir jarðhita, en það er dýrt að bora fyrir hvert hús, og auk þess óvíst um árangurinn, þegar dregur fjær hverunum.

Nú þegar er komið allstórt þorp á jarðhitasvæðinu, en það vantar tilfinnanlega skipulag, aðgang að köldu vatni, frárennsli o. s. frv. Eftir því sem byggðin vex, verða þeir annmarkar tilfinnanlegri. Hveragerði getur orðið fyrirmyndar garðaborg, hin fyrsta og ef til vill hin stærsta á Íslandi. En því takmarki verður ekki náð nema með því, að einn sé eigandi að öllu því landi, sem þorpið hefur til afnota. Og enginn einn aðili getur eignazt þetta land og gert það byggilegt og um leið látið fyrirtækið svara kostnaði, nema ríkið sjálft. Mun óhætt mega fullyrða, að fólkið, sem nú er búsett í Hveragerði, óskar þess eindregið, að ríkið kaupi þessa landeign, skipuleggi hana og geri hana um leið skynsamlega arðberandi.

Byggðin í Hveragerði er raunverulega nýlenda frá Reykjavík og mun verða það framvegis. Þess vegna er hér í bænum töluverður áhugi fyrir því, að mál þetta verði leyst nú þegar, á þeim grundvelli, sem hér er lagður.

Margir einstakir menn eiga nú þegar lönd og lóðir á þessu svæði. Þar er eignarhlutur Boga Þórðarsonar, Kaupfélags Árnesinga, Gísla Björnssonar, Jóns Ögmundssonar, svo og sýslulóð Árnessýslu, auk allmargra útskiptra eignarlóða. Allar eru þessar landspildur upphaflega úr landi jarðarinnar Vorsabæjar.

Sumir af þessum landeigendum, svo sem Gísli Björnsson, Kaupfélag Árnesinga o. fl., nota ekki lönd sín til eigin framleiðslu. Aðrir hafa komið upp görðum, gróðurhúsum o. s. frv. Það leiðir af sjálfu sér, að þó að ríkið keypti þetta land, þá mundi það sýna fyllstu nærgætni þeim mönnum, sem nú þegar hafa stofnað til skynsamlegs atvinnurekstrar á hinu umrædda landi. Tilgangurinn er einmitt sá að greiða götu sem allra flestra þeirra, sem hafa efni og ástæður til að njóta hinna ágætu skilyrða, sem eru í Hveragerði til sumardvalar fyrir fólk úr Reykjavík og Hafnarfirði, og til garðyrkju og margháttaðra ræktunarframkvæmda.

Hér er um að ræða úrlausn, sem er nauðsynleg því fólki, sem nú hefur numið land í Hveragerði eða er í þann veginn að reisa þar hús, enn fremur Ölfushreppi, sem á mikið undir því, hversu tekst með þessa miklu nýbyggð í miðri sveit, og loks Reykjavík, sem er aðalheimkynni fjölmargra, sem annars vilja festa byggð að verulegu leyti við hin ágætu skilyrði, sem náttúran býður í hinu forna Vorsabæjarlandi.

Þess skal þakklátlega minnzt, að Pálmi Einarsson ráðunautur hefur veitt mikilsverða aðstoð við að gera þetta frumvarp, enda er hann flestum mönnum kunnugri landsháttum og náttúrugæðum á hinu umrædda svæði.

Nd. 273. Nefndarálit

um frumvarp til hafnarlaga fyrir Patreksfjörð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. apríl 1942.

Finnur Jónsson, form., frsm. Sig. E. Hlíðar, fundaskr. Sigurður Kristjánsson.

Jón Ívarsson. Gísli Guðmundsson.

Nd. 274. Breytingartillögur

við frv. til l. um breytingar á l. nr. 71 11. júní 1938, um byggingarsamvinnufélög.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Finnur Jónsson, Steingrímur Steinþórsson.

1. Framan við frumvarpið bætist ný grein, sem verður 1. gr., svo hljóðandi:
   Fyrri málsgr. 10. gr. laganna orðist svo:
   Nú vill félagsmaður selja íbúð, er hann hefur fengið að tilhlutun byggingarsamvinnufélags, og hefur félagið þá forkaupsrétt. Ef samkomulag næst ekki um söluverð til félagsins, skal það ákveðið af dómkvöddum mönnum, og hlíti seljandi mati þessu, ef hann þá kýs að selja og félagið vill kaupa. Ekki er eiganda íbúðar heimilt að framleigja nema nokkurn hluta íbúðarinnar. Þó getur hann leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og félagsstjórnin leyfir og samþykkir leigumálann.
2. 1. gr. (sem verður 2. gr.) hljóði svo:
   13. gr. laganna orðist svo:
   Ákvæði laga þessara gilda um húseignir félagsmanna, meðan á þeim hvíla lán, sem byggingarsamvinnufélag hefur veitt.
3. 2. gr. verður 3. gr.

Nd. 275. Nefndarálit

um frv. til l. um lendingarbætur í Skipavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og borið það saman við lög um lendingarbætur, sem samþykkt hafa verið. Enn fremur hefur hún rætt við vitamálastjóra um málið. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Á eftir 3. gr. komi ný grein, sem verður 4. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala samkv. því):

Meðfram strandlengjunni eða lendingarbótunum, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta, né heldur halda þar úti bátum til útgerðar nema samþykki hreppsnefndar Kaldrananeshrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum 1000—10000 kr.

Alþingi, 28. apríl 1942.

Finnur Jónsson, form. Sig. E. Hlíðar, fundaskr. Gísli Guðmundsson, frsm.

Sig. Kristjánsson. Jón Ívarsson.

Sþ. 276. Tillaga til þingsályktunar

um aðstoð við íslenzka námsmenn á Norðurlöndum og í Þýzkalandi.

(Eftir fyrri umr.).

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá farborða, eftir því sem með þarf og unnt er, þeim íslenzkum námsmönnum, er dveljast í þeim löndum, sem samgöngur héðan eru tepptar við. Jafnframt heimilar Alþingi ríkisstjórninni að veita námsmönnum þessum sem styrk allt að helmingi þess fjár, sem hún leggur þeim til dvalarkostnaðar, miðað við venjulegan námstíma.

Ed. 277. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Fyrsta og önnur málsgrein 6. gr. laganna hljóði þannig:

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr. og í a- og c-lið 3. gr., reiknast þannig:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Af	1000—	2000	kr.	greiðist	10	kr.	af	1000	kr.	og	2	%	af	afganginum
—	2000—	3000	—	—	30	—	—	2000	—	—	3	—	—	—
—	3000—	4000	—	—	60	—	—	3000	—	—	4	—	—	—
—	4000—	5000	—	—	100	—	—	4000	—	—	5	—	—	—
—	5000—	6000	—	—	150	—	—	5000	—	—	6	—	—	—
—	6000—	7000	—	—	210	—	—	6000	—	—	7	—	—	—
—	7000—	8000	—	—	280	—	—	7000	—	—	8	—	—	—
—	8000—	9000	—	—	360	—	—	8000	—	—	9	—	—	—
—	9000—	10000	—	—	450	—	—	9000	—	—	10	—	—	—
—	10000—	12000	—	—	550	—	—	10000	—	—	11½	—	—	—
—	12000—	14000	—	—	780	—	—	12000	—	—	13	—	—	—
—	14000—	17000	—	—	1040	—	—	14000	—	—	15	—	—	—
—	17000—	20000	—	—	1490	—	—	17000	—	—	17	—	—	—
—	20000—	25000	—	—	2000	—	—	20000	—	—	18	—	—	—
—	25000—	30000	—	—	2900	—	—	25000	—	—	19	—	—	—
—	30000—	40000	—	—	3850	—	—	30000	—	—	20	—	—	—
—	40000—	50000	—	—	5850	—	—	40000	—	—	21	—	—	—
—	50000—	60000	—	—	7950	—	—	50000	—	—	22	—	—	—

2. gr.

2. málsliður 1. málsgr. d-liðar í 7. gr. laganna orðist svo:

Til arðs af hlutabréfum telst auk venjulegrar arðsútborgunar, úthlutuð fríhlutabréf og sérhver önnur afhending verðmæta til hluthafa, er telja verður sem tekjur af hlutaeign þeirra í félaginu, enn fremur úthlutanir við félagsslit umfram upphaflegt hlutafjárframlag, þ. e. nafnverð hlutabréfanna, og skiptir ekki máli í því sambandi, fyrir hvaða verð þau hafa verið seld og keypt.

Við e-lið 7. gr. laganna bætist:

Ákvæði þessi taka ekki til þess, er skattþegn hefur eignazt hið selda við arf-

töku, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða, en þá telst söluhagnaður, miðað við upphaflegt kostnaðarverð, til skattskyldra tekna, ef hið selda hefur verið í eign arfleifanda og erfingja skemur en 5 ár samanlagt, ef um fasteign er að ræða, en ella skemur en 3 ár.

3. gr.

Síðasti málsl. 4. málsgr. 8. gr. laganna falli niður.

Í stað 6. og síðustu málsgr. sömu lagagr. komi:

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í 3. gr. a, mega draga frá tekjum sínum 5% af innborguðu hlutafé eða stofnfé.

Ef nokkuð af ársarði þessara félaga er lagt í varasjóð, er sú upphæð undanþegin tekjuskatti og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna, þó eigi hærri fjárhæð en sem nemur ⅕ — einum fimmta — af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum. Hjá þeim af þessum félögum, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, og félögum, sem samkvæmt lögum geta ekki úthlutað varasjóði sínum við félagsslit, sbr. t. d. 3. gr. l. nr. 46 13. júní 1937, má þó draga frá tekjunum varasjóðstillag, sem nemur ⅓ — einum þriðja — af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur, samvinnuskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum.

Arðjöfnunarsjóði, eftirlaunasjóði og aðra sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til að tryggja rekstur fyrirtækisins sjálfs, má ekki telja sem varasjóð.

Ef nokkurri fjárhæð úr varasjóði, sem myndaður er eftir 1. jan. 1941, er síðar varið til úthlutunar til hluthafa, ráðstafað til einkaþarfa þeirra á beinan eða óbeinan hátt eða varið til annars en þess að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins, skal telja þá fjárhæð að viðbættum 20% — tuttugu af hundraði — til skattskyldra tekna á því ári. Nú er einhverri fjárhæð úr varasjóði, sem myndaður var fyrir 1. janúar 1941, varið á þann hátt, er að framan greinir, og skal þá telja ⅗ þeirrar fjárhæðar til skattskyldra tekna félagsins á því ári. Það telst ráðstöfun á fé varasjóðs samkvæmt framansögðu, ef félag, sem nýtur eða notið hefur hlunninda vegna framlags í varasjóð, ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:

a. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem ekki eru beinlínis viðkomandi rekstri félagsins.
b. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum nokkur fríðindi, beint eða óbeint, umfram arðsúthlutun og venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur.
c. Kaupir eign óeðlilega háu verði að dómi skattanefndar. Skal þá skattanefnd meta, hvert verð geti talizt hæfilegt. Mismun hins raunverulega kaupverðs og matsverðs skattanefndar telst ráðstafað úr varasjóði, og úthlutun arðs úr félaginu, ef keypt hefur verið af hluthafa.

Nú hefur félag, sem myndað hefur varasjóð, ráðstafað fé á einhvern þann hátt, sem greinir í a—c-liðum, og fellur það þá til skattgreiðslu samkv. ákvæðum næstu málsgreinar hér á undan, þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði í lok skattársins. Skal þá miða við þá lánsfjárupphæð, sem útistandandi er um áramót af lánum, er veitt voru á árinu, að viðbættu meðaltali þeirra lána, er veitt hafa verið og greidd á skattárinu samkv. a-lið, heildarupphæð veittra hlunninda á skattárinu samkv. b-lið, og mismun matsverðs og kaupverðs eigna samkv. c-lið. Þó ná ákvæði a—b og c-liðar ekki til þeirra upphæða, sem íslenzk útgerðarfélög áttu í varasjóði samkvæmt efnahagsreikningi 31. des. 1939, að því leyti sem þau ganga lengra en takmarkanir um ráðstafanir á fé varasjóðs, sem giltu samkvæmt lögum nr. 6 9. jan. 1935 og lögum nr. 39 12. febr. 1940.

Nú rýrnar varasjóðseign félags, og skal þá telja, að sá hluti varasjóðs, sem til var 1. jan. 1941, eyðist á undan þeim sjóði, er síðar myndaðist, sbr. þó 62. gr.

Nú hrökkva hreinar árstekjur félags að viðbættri þeirri hreinni eign, sem félagið á umfram varasjóð og hlutafé, eigi fyrir skatt- og útsvarsgreiðslum og því

varasjóðstillagi, sem undanþegið er skattgreiðslu samkv. lögum þessum, og er þá heimilt að taka þá fjárhæð, sem á vantar, úr varasjóði.

4. gr.

a. Fyrir „500 krónur“ í d-lið 10. gr. laganna komi: 1000 kr.
b. e-liður 10. gr. laganna orðist svo: Iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysissjóða, þó ekki hærri en sem svarar 5% af hreinum tekjum aðila. Enn fremur kostnað af sjúkrahúsvist og annan meiri háttar sjúkrakostnað þeirra manna, sem ekki hafa aðgang að sjúkrasamlagi, enda séu fullar sannanir færðar fyrir þeim útgjöldum, að dómi skattanefndar.
c. g-liður 10. gr. laganna hljóði þannig: Eignarskatt, sem greiddur hefur verið á árinu.

5. gr.

Í stað a—c-liða í 12. gr. laganna komi:

a. Í Reykjavík:

Fyrir einstakling	kr.	900.00
— hjón	—	1800.00
— hvert barn	—	700.00

b. Annars staðar á landinu:

Fyrir einstakling	—	900.00
— hjón	—	1800.00
— hvert barn	—	600.00

Frádráttur veitist fyrir þau börn, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með. Fyrir aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi hefur á framfæri sínu, veitist sami frádráttur og fyrir börn. Hafi hinn framfærði tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur lögleyfðum ómagafrádrætti eða meiru.

6. gr.

a. Upphaf 14. gr. laganna verði þannig:
Af skuldlausri eign skal árlega greiða skatt sem hér segir:
Ef eignin er yfir 10000 kr., en undir 15000 kr., greiðist af henni 1‰.
Af 15000—30000 kr. greiðist 15 kr. af 15000 og 2‰ af afgangi.
Af 30000—40000 kr. greiðist 45 kr. af 30000 og 3‰ af afgangi.
b. Í stað „5000“ kr. í niðurlagi 14. gr. laganna komi: 10000 kr.

7. gr.

b-liður 19. gr. laganna verði þannig:

Búpening skal telja svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir, og með verðlagi, er ríkisskattanefnd ákveður, að fengnum tillögum yfirskattanefnda, til 5 ára í senn, í fyrsta sinn með hliðsjón af matsverði til skatts næstliðin 5 ár.

Fyrri málsgr. e-liðar 19. gr. laganna orðist svo:

Hlutabréf skulu talin með nafnverði, ef hlutaféð er óskert, en annars með hlutfallslegri upphæð, miðað við upphaflegt hlutafé.

8. gr.

a- og b-liðir í 30. gr. laganna hljóði þannig:
a. Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppur fyrir sig, skal greiða skattanefnd 2%, en annars staðar á landinu 4% af þeirri upphæð, sem skatturinn nemur. Þó skal borgunin ekki fara fram úr 20 kr. og ekki vera minni en 14 kr. fyrir hvern starfsdag nefndarmanns.
b. Yfirskattanefndarmenn utan Reykjavíkur fá 15 krónur á dag og ferðakostnað.

9. gr.

Aftan við 31. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Óheimilt er að slíta félagi og úthluta eignum þess fyrri en opinberir skattar af tekjum þess og eignum hafa að fullu verið greiddir fyrir allan starfstíma félagsins.

10. gr.

Síðari málsliður 2. málsgr. 34. gr. laganna orðist svo:

Komi síðar í ljós, að áætlun hefur verið of lág eða skattþegni hefur ekki verið gert að greiða skatt af öllum tekjum sínum og eignum, er heimilt að reikna skatt gjaldanda að nýju, þó ekki lengra aftur í tímann en 5 ár.

11. gr.

42. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra skipar lögfræðing til þess að hafa á hendi rannsóknir í skattamálum, er hafi heimild til þess að hefja rannsókn og setja rétt í hvaða umdæmi landsins sem er. Auk valds rannsóknardómara skal hann hafa sama rétt til þess að krefjast upplýsinga og sama aðgang að bókum og skjölum og ríkisskattanefnd hefur samkvæmt lögum þessum. Kostnaður af þessari ráðstöfun greiðist úr ríkissjóði.

Er mál er svo vaxið, að yfirskattanefnd eða ríkisskattanefnd telur sig ekki geta fengið nægar upplýsingar um tekjur og eignir skattþegns eða framtal þykir tortryggilegt, getur nefndin vísað málinu til rannsóknar samkvæmt 1. mgr. Fjármálaráðherra getur og gefið fyrirmæli um, að rannsókn skuli hafin, er hann telur ástæðu til. Að rannsókn lokinni skal afrit af prófum málsins, ásamt greinargerð um niðurstöður rannsóknarinnar, send aðila þeim, er rannsóknar hafði beiðzt, en sá aðili hlutast síðan til um frekari afgreiðslu málsins samkvæmt þessum lögum.

12. gr.

43. gr. laganna orðist svo:

Skattanefndir allar og skattstjórar bæjanna skulu halda gerðabækur, er fjármálaráðuneytið lætur gera á kostnað ríkissjóðs. Löggildir lögreglustjóri gerðabækur skattanefnda og skattstjóra, en fjármálaráðuneytið gerðabækur yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar.

Í gerðabækur skattanefnda skal meðal annars rita skattskrárnar og úrskurði. Skattskrá skal þó eigi rita í gerðabók skattstjóra. Yfirskattanefndir og ríkisskattanefnd skrá og í gerðabækur sínar úrskurði og aðrar ákvarðanir.

Formenn skattanefnda og skattstjórar skulu árlega láta niðurjöfnunarnefnd í té ókeypis endurrit af skattskrám, til afnota við niðurjöfnun útsvara. Svo skulu og formenn skattanefnda og skattstjórar gefa hagstofunni skýrslur um skattálagninguna, í því formi, sem hún fyrirskipar.

13. gr.

Aftan við 2. málslið 45. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Nú er skattur eigi greiddur fyrir næstu áramót eftir að hann var á lagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum.

14. gr.

Í stað 55. gr. í VI. kafla laganna komi 9 nýjar greinar, er verða 55.—63. gr., svo hljóðandi:

a. (55. gr.) Á meðan vísitala kauplagsnefndar er hærri en 110, miðað við grunntöluna 100 í jan.—marz 1939, skal tekjuskattur einstaklinga, heimilisfastra hér á landi, reiknaður þannig:

Hreinar tekjur gjaldanda skal margfalda með 100 og deila útkomunni með meðalmánaðarvísitölu skattársins. Við ákvörðun hreinna tekna skal tekjuhæðin

deilanleg með 50, en því sleppt, sem er fram yfir. Meðalvísitala þessi skal jafnan vera heil tala, og er minni hluta en ½ sleppt, en ½ eða meira hækkað.

Frá þeirri tekjuupphæð, er þannig fæst, skal dreginn persónufrádráttur samkvæmt ákvæðum 12. gr.

Þegar upphæð tekjuskatts hefur verið fundin samkv. reglum 6 gr., skal margfalda hana með meðalvísitölunni og deila útkomunni með 100.

Ofangreind ákvæði gilda um þá einstaklinga, er hafa eigi hærri hreinar tekjur en kr. 15000.00, eftir að þær hafa verið lækkaðar á framangreindan hátt. Af hærri tekjum en hér greinir skal tekjuskattur reiknaður samkv. 6. gr. óbreyttri, en tekjuskatturinn síðan lækkaður um sömu fjárhæð og skattvilnunin hefur numið hjá þeim gjaldendum með sama frádrætti eftir 12. gr., er hafa í hreinar tekjur kr. 15000.00, eftir að þær hafa verið lækkaðar samkvæmt framangreindri reglu.

b. (56. gr.) Nú nýtur félag, er um getur í 3. gr. a og hefur sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, hlunninda vegna framlags í varasjóð samkv. ákvæðum 8. gr., og skal þá 50% af því fé, er það leggur í varasjóð, ráðstafað á þann hátt, að það sé lagt á sérstakan reikning í banka eða keypt fyrir það opinber verðbréf og þau falin banka til geymslu. Nefnist sá hluti varasjóðsins nýbyggingarsjóður, og gilda um hann þær reglur, er greinir í 57.—60. gr. Áskilinn hluti af varasjóðstillaginu skal lagður í nýbyggingarsjóð á því sama ári, sem varasjóðstillagið er ákveðið, en séu vanefndir á því að einhverju eða öllu leyti, skal greiða í ríkissjóð 20% af þeirri fjárhæð, er til vantar.

Af fé nýbyggingarsjóðs má ekki meira en ⅔ hlutar vera innstæða á biðreikningi í erlendri mynt, sbr. lög nr. 82 9. júlí 1941, nema með sérstöku leyfi nefndar þeirrar, er um getur í 59. gr. Getur nefndin veitt leyfi til þess, að meira en að ofan greinir sé á biðreikningi, ef aðili sýnir fram á, að hann geti ekki lagt féð fram á annan hátt vegna þess, að fé varasjóðs hafi verið notað til að greiða skuldir fyrirtækisins.

c. (57. gr.) Útgerðarfélag ráðstafar sjálft því fé, er það hefur lagt í nýbyggingarsjóð, en því má eingöngu verja til aukningar og endurnýjunar á framleiðslutækjum á sviði útgerðar, annaðhvort með nýbyggingum innanlands eða með kaupum frá öðrum löndum. Þó er heimilt að verja fé nýbyggingarsjóðs til að greiða tap á útgerð, ef aðrar eignir hrökkva ekki til fyrir því, en áður en það er gert, skal það tilkynnt nefnd þeirri, er um ræðir í 59. gr., og lætur hún þá aðila vita, hvort hún telur slíka ráðstöfun í samræmi við lög þessi.

Sé fé nýbyggingarsjóðs veðsett eða því ráðstafað á einhvern annan hátt en að framan greinir, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða af því tekjuskatt jafnháan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskylt.

d. (58. gr.) Útgerðarfélag lætur fylgja með skattframtali sínu yfirlýsingu frá hlutaðeigandi banka um það, hve mikið fé sé geymt þar í nýbyggingarsjóði, og yfirlit um þær breytingar, sem kunna að hafa orðið á innstæðu sjóðsins síðan hann var myndaður. Enn fremur vottorð um, að á fé þessu hvíli engar kvaðir.

e. (59. gr.) Þriggja manna nefnd sú, er skipuð var samkv. g-lið (61. gr.) 4. gr. laga nr. 9 5. maí 1941, skal hafa eftirlit með því, að fylgt sé fyrirmælum laga þessara um ávöxtun og ráðstöfun á fé nýbyggingarsjóðs, en ákvæði laga þessara gilda bæði um það fé, er greitt var í nýbyggingarsjóð árið 1941, og það fé, sem síðar er í hann lagt. Nefndin er skipuð af ráðherra, einn eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, annar eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, en hinn þriðji án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Nú verður autt sæti nefndarmanns, og skipar þá ráðherra mann í nefndina í hans stað, eftir þeirri reglu, er að framan greinir.

Skattanefndir skulu senda nefnd þeirri, er hér um ræðir, skýrslu um framlög í nýbyggingarsjóð og innstæðu hvers fyrirtækis, svo fljótt sem unnt er, eftir

að upplýsingar um það bárust þeim í hendur. Um hver áramót skulu þau fyrirtæki, er fé eiga í nýbyggingarsjóði, senda nefndinni skýrslu um ráðstöfun þess fjár, er þau hafa tekið úr sjóðnum á liðnu ári.

Nú telur nefndin vafa á því, að fé úr nýbyggingarsjóði hafi verið varið samkvæmt ákvæðum laga þessara, og skal hún þá tafarlaust tilkynna það stjórn viðkomandi útgerðarfélags. Nefndin skal síðan úrskurða um það, hvort greiða skuli skatt af fénu samkv. síðari málsgr. 57. gr., og tilkynna það skattanefnd og eigenda sjóðsins.

Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til ríkisskattanefndar til fullnaðarúrskurðar, sbr. þó 2. málsgr. 41. gr. Sé ágreiningur innan nefndarinnar, getur minni hlutinn einnig skotið honum til úrskurðar ríkisskattanefndar.

Þóknun fyrir störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

f. (60. gr.) Nú hefur innstæða í nýbyggingarsjóði verið notuð samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og telst þá sú eign til varasjóðs hjá viðkomandi félagi.

g. (61. gr.) Einstaklingar og sameignarfélög, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, mega draga frá skattskyldum tekjum sínum þær fjárupphæðir, er þau leggja í nýbyggingarsjóð af útgerðartekjum sínum, þó eigi hærri fjárhæð en sem nemur 20% af hreinum árstekjum þeirra af útgerð áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum, enda sé tekjum af útgerðinni haldið greinilega aðskildum frá öðrum tekjum gjaldanda. Um ávöxtun og ráðstöfun þessa fjár gilda ákvæði þessara laga, eftir því sem við á.

h. (62. gr.) Sá hluti af tekjum félags árið 1940, sem undanþeginn var skattgreiðslu árið 1941 vegna tapsfrádráttar samkv. ákvæðum j-liðar (64. gr.) 4. greinar laga nr. 9 5. maí 1941, skal teljast til varasjóðs, og má nota þann hluta varasjóðsins til að mæta hreinum rekstrarhalla félagsins, að svo miklu leyti sem aðrar eignir þess, þar með talin önnur eign í varasjóði, hrökkva ekki til að jafna rekstrarhallann. Sé nokkru af þessu fé varið til annars en að framan greinir, skal greiða tekjuskatt af 60% þeirrar fjárhæðar, er þannig er varið úr sjóðnum, jafnháan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskylt.

i. (63. gr.) Heimilt er ráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, er um ræðir í IV. kafla laganna, eftir því, sem þörf krefur, við álagningu skatts 1942.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1942, miðað við tekjur ársins 1941. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 9 5. maí 1941, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Ed. 278. Frumvarp til laga

um sérleyfi til þess að veita raforku frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita sérleyfi til þess að veita raforku frá Sogsstöðinni til Selfoss, Eyrarbakka, Stokkseyrar og til þeirra fyrirtækja og sveitabýla í Árnessýslu, sem þannig eru sett, að unnt er kostnaðar vegna að veita rafmagni til þeirra, og einkarétt til sölu á þessu svæði.

Sérleyfistíminn sé 20 ár frá því rafveitan er komin til ofannefndra kauptúna (sbr. þó 4. tölul. 3. gr.).

2. gr.

Nú berast óskir um raforkuveitu til Hveragerðis, og samkomulag tekst við sérleyfishafa um lagningu hennar og raforkusölu á þetta svæði, og nær þá sérleyfið einnig til lagningar þeirrar veitu.

3. gr.

Skilyrði fyrir sérleyfi og hlunnindi sérleyfishafa til handa eru þau, er nú skal greina:

1. Að stofnað verði félag til að veita rafmagni og reka fyrirtækið, sem hafi hæfilegt stofnfé, að dómi ráðuneytisins, og ráði yfir að minnsta kosti 900000 kr. til framkvæmdanna.
2. Að gerð veitunnar sé þannig, að öruggt sé, að hún geti fullnægt þeim byggðarlögum, sem ætlazt er til, að fái rafmagn frá veitu þessari í framtíðinni.
3. Að ríkisstjórnin gefi út reglugerð um rekstur veitunnar. Má þar ákveða sektir fyrir brot gegn reglugerðinni.
4. Að ríkið eigi, að sérleyfistímanum liðnum, kauparétt á veitunni fyrir matsverð dómkvaddra manna. Nú telur ríkisstjórnin nauðsynlegt, vegna hagsmuna almennings, að kaupa orkuveituna fyrr, og er það þá heimilt, enda fellur þá sérleyfið niður. Kaupverðið skal ákveða með mati dómkvaddra manna.
5. Að byrjað verði á veitunni þegar er ástæður leyfa og efni til hennar fæst, að dómi ráðuneytisins. Verði sérleyfið ekki notað næstu 5 árin eftir að það er veitt, fellur það niður.

   Sérleyfið er ekki framseljanlegt.
6. Að sérleyfishafi hlíti þeim skilyrðum öðrum, er ríkisstjórnin telur rétt að setja, þar á meðal viðurlögum.

   Ríkisstjórninni er heimilað að ákveða í leyfisbréfinu:

   a. Að engum sé heimilt að vinna raforku til eigin nota á svæðinu nema með leyfi ráðuneytis.
   b. Að leyfishafi skuli vera undanþeginn tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitar. Enn fremur skal hann undanþeginn að greiða innflutningsgjöld af efni og tækjum, sem þarf til stofnunar veitunnar.

4. gr.

Ríkisstjórnin skal veita alla þá aðstoð, sem auðið er, við útvegun á efni til veitunnar og flutning á því til landsins.

5. gr.

Um stofnun félagsins, sérleyfisveitingu og önnur atriði, er lúta að fyrirtæki þessu, skal farið eftir ákvæðum laga nr. 15 20. júní 1923 (vatnalaga) og l. nr. 83 23. júní 1932 (um raforkuvirki) að svo miklu leyti sem hér er ekki sérstaklega kveðið á um.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 279. Tillaga til þingsályktunar

um samninga við verklýðssamtökin til að tryggja nauðsynlegustu framleiðslu þjóðarinnar.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka nú þegar upp samninga við verklýðssamtök landsins um hagnýtingu vinnuafls til þess að tryggja nauðsynlegustu framleiðslu þjóðarinnar og landvarnavinnuna.

Greinargerð.

Það horfir til aukinna vandræða í atvinnulífi landsmanna, ef haldið er áfram á þeirri braut, sem ríkisstjórnin hingað til hefur gengið með setningu gerðardómslaganna og öðrum kúgunarráðstöfunum gegn verkalýðnum.

Eina færa leiðin til að afstýra þessum vandræðum er, að teknir séu nú þegar upp samningar við verklýðssamtökin um að leysa þetta vandamál. Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að leggja fyrir ríkisstjórnina að fara þessa leið.

Nánar í framsögu.

Nd. 280. Lög

um íþróttakennaraskóla Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 192.

Ed. 281. Lög

um breyting á lögum nr. 54 27. júní 1921, um sölu á prestsmötu.

(Afgreidd frá Ed. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 104.

Ed. 282. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 66 31. des. 1937, um breyting á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

a. Í stað „3000 lítra“ í 1. málsgr. 3. gr. laganna komi: 2600 lítra.
b. Í stað „½ lítra“ í 2. málsgr. sömu lagagr. komi: 1 lítra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 283. Nefndarálit

um frumv. til l. um þjóðfána Íslendinga.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er flutt eins og allsherjarnefnd gekk frá því á Alþingi 1941. Leggur nefndin til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. apríl 1942.

Bergur Jónsson, form. Finnur Jónsson, fundaskr. Gísli Guðmundsson, frsm.
Garðar Þorsteinsson. Jóh. G. Möller.

Nd. 284. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. Greinin verði svo hljóðandi:

3., 4. og 5. málsgr. 31. gr. laga nr. 78 11. júní 1938 orðist svo:

Íslenzk skip, sem undanskilin eru frá því að hafa alþjóðahleðslumerkjaskírteini, skulu þó hafa ákveðið minnsta hleðsluborð og hleðslumerkjaskírteini, og nær þetta ákvæði til allra skipa, sem eru farþegaskip, og skipa, sem eru í vöruflutningum innan lands, hafna á milli, eða flytja farm milli Íslands og annarra landa.

Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð fyrirmæli um mælingar og skoðanir, sem gerðar skulu á skipi til ákvörðunar alþjóðahleðslumerkja, samkvæmt áður greindri alþjóðasamþykkt frá 5. júlí 1930, og reglur til ákvörðunar á minnsta hleðsluborði farþega- og vöruflutningaskipa í innanlandssiglingum og fiskiskipa, er sigla milli landa, svo og um gerð hleðslumerkjaskírteinis þessara skipa. Enn fremur setur ráðuneytið með reglugerð sérstök ákvæði um, hvernig umbúnaði undir þilfari og á skuli hagað á skipum, sem stunda síldveiðar, svo og á öðrum fiskiskipum, sem sigla milli landa.

Kostnaður allur við ákvörðun hleðslumerkja greiðist af skipseiganda, eftir gjaldskrá, er atvinnumálaráðuneytið setur.

Alþingi, 29. apríl 1942.

Finnur Jónsson, form., frsm. Sig. E. Hlíðar, fundaskr. Gísli Guðmundsson.
Sigurður Kristjánsson. Jón Ívarsson.

Nd. 285. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Skipavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til lendingarbóta í Skipavík, Kaldrananeshreppi, Strandasýslu, skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðuneytið hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 60 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Kaldrananeshrepps að jafnri tiltölu og lendingarsjóður Kaldrananeshrepps leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 60 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Kaldrananeshrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar, eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Kaldrananeshrepps. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði Kaldrananeshrepps.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni eða lendingarbótunum, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta, né heldur halda þar úti bátum til útgerðar nema samþykki hreppsnefndar Kaldrananeshrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Kaldrananeshrepps kýs. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Kaldrananeshrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Kaldrananeshrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán, og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna, svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árslegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Kaldrananeshrepps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða úr Skipavík, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Skipavíkurlendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Kaldrananeshrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 286. Breytingartillaga

við frv. til l. um lendingarbætur í Skipavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 4. gr.
Upphaf greinarinnar orðist svo:
Meðfram strandlengju lendingarinnar eða lendingarbótunum o. s. frv.

Nd. 287. Lög

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

(Afgreidd frá Nd. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 235.

Ed. 288. Breytingartillögur

við frv. til l. um sölu þjóðjarðarinnar Hólms.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Ríkisstjórninni heimilast að selja bæjarsjóði Reykjavíkur þann hluta af landi jarðarinnar Hólms, er liggur í Seltjarnarneshreppi.
Á sama hátt heimilast ríkisstjórninni að selja Mosfellssveit þann hluta af landi Hólms, er liggur í Mosfellssveitarhreppi.
Heimildin til sölu til handa bæjarsjóði Reykjavíkur er þó bundin því skilyrði, að bæjarstjórn Reykjavíkur selji ríkissjóði hluta af landi Gufuness (Knúts-

kots), er liggur upp að Keldnalandi. Námuréttindi í öllum löndunum eru undanþegin sölunni.

2. Við 2. gr. Á eftir orðunum „og bæjarstjórnar Reykjavíkur“ komi: eða hreppsnefndar Mosfellssveitar.

Ed. 289. Frumvarp til laga

um dómnefnd í kaupgjalds- og verðlagsmálum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar 5 menn í dómnefnd í kaupgjalds- og verðlagsmálum, og skal einn þeirra skipaður formaður nefndarinnar. Enn fremur skipar ríkisstjórnin þrjá menn til vara, og taka þeir sæti í nefndinni eftir því, sem ákveðið er í skipunarbréfinu.

2. gr.

Það er borgaraleg skylda að taka sæti í dómnefnd. Áður en nefndarmenn taka sæti í nefndinni í fyrsta sinn, skulu þeir vinna drengskaparheit að því, að þeir muni rækja starfið eftir bestu vitund.

3. gr.

Dómnefnd skal halda bók, og skal skrá í hana það, sem gerist á nefndarfundum, svo og allt, er úrskurðast í nefndinni.

4. gr.

Í dómnefnd ræður afl atkvæða, og eru úrskurðir hennar og ályktanir fullnaðarúrslit máls. Þó má dómnefnd taka mál til meðferðar af nýju, ef aðstæður hafa breytzt eða nýjar skýrslur komið fram. Dómnefnd er eigi ályktunarfær nema allir nefndarmenn séu mættir.

5. gr.

Allar breytingar á kaupi, kjörum, hlutaskiptum og þóknunum, sem greitt var eða gilti á árinu 1941, skal leggja undir úrskurð dómnefndar.

Dómnefnd skal beita þeirri meginreglu, að eigi skal greitt hærra grunnkaup fyrir sams konar verk en greitt var á árinu 1941. Dómnefnd hefur þó heimild til að úrskurða breytingar til samræmingar og lagfæringar, ef sérstaklega stendur á.

Leita má staðfestingar dómnefndar fyrir fram á tiltekinni kaupgreiðslu eða kauptilboði, og fer um úrskurð hennar í þeim föllum eins og segir í 4. gr.

6. gr.

Verkföll og verkbönn, sem gerð eru í því skyni að fá breytingar á kaupi eða kjörum, sbr. 5. gr., eru óheimil.

7. gr.

Dómnefnd skal hafa eftirlit með öllu verðlagi, og hefur nefndin vald til að ákveða hámarksverð á hvers konar vörum, hámark álagningar, umboðslauna, og hvers konar þóknana, sem áhrif hefur á verðlag í landinu. Enn fremur getur dómnefnd úrskurðað um þá kostnaðarliði, er til greina koma um verðlagningu á vöru. Þá getur dómnefnd ákveðið greiðslu fyrir flutninga, viðgerðir, smíðar, saumaskap, prentun og því um líkt.

Verðlagsnefndir þær, sem fjalla um verðlag á innlendum framleiðsluvörum, skulu, þegar þeim þykir þurfa eða þegar dómnefnd óskar þess, láta henni í té til-

lögur um hæfilegt verð þessara vara. Skal dómnefnd, að fengnum slíkum tillögum, ákveða breytingar á verðlagi þessara vara, í samræmi við breytingar á tilkostnaði við framleiðslu þeirra.

8. gr.

Sala á vörum milli verzlana innbyrðis (keðjuverzlun) umfram það, sem almennt tíðkast í hverri grein, er bönnuð nema slík verzlun sé gerð án álagningar.

Bannað er að halda vörum, sem keyptar eru og tilbúnar til sölu, úr umferð í þeim tilgangi að fá á þeim hærri verzlunarágóða en venjulegt er á þeim tíma, sem þær höfðu átt að seljast.

9. gr.

Farmgjöld má ekki hækka frá því, sem þau voru í árslok 1941, nema með samþykki dómnefndar.

10. gr.

Dómnefnd getur krafið hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er hún telur nauðsynlegar í starfi sínu, og getur hún falið öðrum að afla þeirra gagna.

11. gr.

Allar ákvarðanir dómnefndar skulu birtar þegar í stað, og koma þær í gildi jafnskjótt og gilda þar til öðruvísi verður ákveðið. Birta skal þær á þann hátt, er hagkvæmastur þykir, annaðhvort með opinberum auglýsingum eða með bréflegum tilkynningum til þeirra, er þar eiga í hlut.

12. gr.

Dómnefndarmönnum og starfsmönnum hennar og öðrum þeim, sem kynni að verða falið eftirlit með framkvæmdum laga þessara, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, er þeir verða áskynja um af skýrslum þeim, sem um getur í 10. gr., að því leyti, sem þær varða einstaka menn eða einstök fyrirtæki.

13. gr.

Allur kostnaður við dómnefndina greiðist úr ríkissjóði.

14. gr.

Sá, sem vanrækir skyldur þær, er um ræðir í 10. gr., skal sæta 10—100 kr. dagsektum.

Sá, sem gefur rangar skýrslur til dómnefndar, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara og reglugerð, er kynni að verða sett samkv. þeim, varða sektum frá 100—100000 kr. Enn fremur er upptækur sá ágóði, sem fæst við brot á lögum þessum. Ef félög eða félagasamtök brjóta lögin, skal dæma þau í sekt og auk þess stjórnendur félaganna.

15. gr.

Mál út af brotum á 12. gr. og 2. mgr. 14. gr. skulu sæta meðferð sakamála. Með mál út af brotum á öðrum ákvæðum laganna skal farið sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með reglugerð má setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 118 2. júlí 1940, um verðlag, á meðan lög þessi gilda.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1942.

Ákvæði til bráðabirgða.

Allar þær verðlagsákvarðanir um hámarksverð og hámarksálagningu, sem í gildi eru við gildistöku laganna, skulu haldast fyrst um sinn, þar til dómnefnd hefur afnumið þær og sett ný ákvæði í stað þeirra.

Nd. 290. Frumvarp til laga

um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Siglufjarðarkaupstað kirkjujörðina Hvanneyri frá 1. jan. 1943 að telja.

Land það, er Siglufjarðarkaupstaður eignast í þessum kaupum, er honum óheimilt að selja, en heimilt er honum að leigja það, og fer um leiguna samkv. reglugerð, er ríkisstjórnin samþykkir. Leigumáli lóða þeirra, er síldarverksmiðjur ríkisins nú hafa á leigu, skal þó framlengjast áfram óbreyttur, að núverandi leigutíma loknum, ef stjórn síldarverksmiðja ríkisins krefst þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 291. Nefndarálit

um frumvarp til hafnarlaga fyrir Neskaupstað.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta, sem komið er frá efri deild, hefur verið athugað af nefndinni og borið saman við hafnarlög þau, sem sett hafa verið síðustu árin. Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 2. gr. Aftan við fyrri málslið greinarinnar, á eftir orðunum „til hafnargerðar“, bætist: gegn ábyrgð bæjarsjóðs.

Tveir nefndarmenn, SK og SEH, áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. viðvíkjandi upphæð framlagsins úr ríkissjóði.

Alþingi, 30. apríl 1942.

Finnur Jónsson, form. Sig. E. Hlíðar, fundaskr. Jón Ívarsson, frsm.

Gísli Guðmundsson. Sigurður Kristjánsson.

Nd. 292. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1942.

(Afgreidd frá Nd. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 250.

Nd. 293. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 247 [Byggingarsamvinnufélög].

Frá Gísla Guðmundssyni.

Á eftir orðunum „og félagið vill kaupa“ komi inn í tillöguna:

Næst á eftir félaginu hafa félagsmenn, sem ekki eiga íbúð, forkaupsrétt við sama verði, enda hafi þeir ekki byggt íbúð með aðstoð félagsins samkvæmt þessum lögum.

Sþ. 294. Þingsályktun

um aðstoð við íslenzka námsmenn á Norðurlöndum og í Þýzkalandi.

(Afgreidd frá Sþ. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 276.

Nd. 295. Nefndarálit

um frv. til l. um framkvæmdasjóð ríkisins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en samkomulag hefur ekki náðst um afgreiðslu þess. Einn nefndarmanna, JPálm, þm. A.-Húnv., hefur lýst sig mótfallinn frv., en annar, HG, þm. Seyðf., kvaðst ekki að svo stöddu viðbúinn að taka ákvörðun um málið.

Samkvæmt því bráðabirgðayfirliti um tekjur og gjöld ríkissjóðs á næstliðnu ári, sem hæstv. fjármálaráðherra gaf við umr. um fjárlagafrumvarpið, hafa tekjur ríkissjóðs árið 1941 orðið miklu hærri en nokkru sinni fyrr, eða um það bil 49,5 millj. króna. Gjöldin hafa einnig vaxið mjög, en þó hefur orðið tekjuafgangur, sem nemur um 17,7 millj. kr. Sjóðeign ríkisins í árslok 1941 var rúml. 15 millj. kr. og hafði aukizt á árinu um allt að því 12 millj. kr. Um afkomu ríkissjóðs á þessu ári er ekki hægt að segja með vissu, en allt bendir til þess, að ríkistekjurnar muni einnig nú verða miklu meiri en áætlað er í fjárlögum, og ætti því að mega vænta þess, að tekjuafgangur verði einnig á reikningi ársins 1942.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að verulegan hluta af tekjuafgangi þessara ára eigi að leggja til hliðar og geyma þar til síðar, þegar hægt verður að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir, sem kosta mikil fjárframlög. Viðfangsefnin, sem þarf að leysa, eru mörg. Ný heimili þarf að reisa í sveitum og við sjó og auka ræktun landsins í stórum stíl. Víða í sveitum vantar símalínur, rafstöðvar, vegi og brýr. Nýjar verksmiðjur þarf að byggja, svo sem áburðarverksmiðju, sementsverksmiðju,

verksmiðjur til fullkomnari hagnýtingar á sjávarafurðum o. s. frv. Skólahús vantar í sveitum og kaupstöðum. Enn má nefna hafnarmannvirki og vitabyggingar. Mörg af þessum og fleiri verkefnum verða að bíða fyrst um sinn, vegna dýrtíðar, erfiðleika við útvegun á efni til nýbygginga og skorts á vinnuafli til framkvæmdanna. En verði það tækifæri, sem nú er til þess að mynda slíkan sjóð, látið ónotað, er hætt við, að litlir möguleikar verði til nauðsynlegra framkvæmda, þegar stríðinu er lokið. Þá verður hins vegar brýn þörf að stofna til framkvæmda til stuðnings atvinnuvegum landsmanna í þeim erfiðleikum, sem vafalaust sigla í kjölfar styrjaldarinnar.

Í umræðum um frumvarpið í fjárhagsnefnd kom fram sú skoðun, að tekjuafgang ríkisins á síðastliðnu ári ætti fyrst og fremst að nota til þess að greiða ríkislán erlendis, ef unnt væri að ná samningum um greiðslu á þeim. Meiri hluti nefndarinnar er því eindregið fylgjandi, að reynt verði að greiða þessi lán, og nægir í því sambandi að vísa til þingsályktunartillögu um greiðslu ríkislána í Bretlandi, sem samþykkt var á Alþingi 10. nóv. 1941. Flutningsmenn þeirrar þáltill. voru meðal annarra tveir af undirrituðum nefndarmönnum. Með samþykkt þeirrar tillögu var skorað á ríkisstjórnina að leita samninga um fullnaðargreiðslu á lánum ríkisins í Bretlandi. Í greinargerð, er fylgdi tillögunni, var bent á, að vegna þeirrar miklu peningaveltu, sem nú er í landinu, ætti að vera auðvelt að afla fjár með innanlandslántöku til fullnaðargreiðslu á erlendu lánunum.

Við fjárlagaumræðurnar upplýsti hæstv. fjármálaráðherra, að skuldir ríkisins í Englandi hefðu verið um það bil 21,8 millj. kr. í árslok 1941. Væntanlega tekst ríkisstjórninni að ná samningum um greiðslu á þessum lánum, að miklu eða öllu leyti. En meiri hluti fjárhagsnefndar telur, að ef samningar takast um greiðslu á erlendu lánunum, sé heppilegast að taka skuldabréfalán innanlands til greiðslu á þeim. Allar líkur benda til þess, að nú mundi auðvelt fyrir ríkissjóð að fá slíkt innanríkislán með hagkvæmum kjörum. Væri það að mörgu leyti æskilegt, ef hægt væri að gefa mönnum kost á að ávaxta fé sitt á þann hátt að kaupa ríkisskuldabréf. Má einnig benda á, að slík innanlandslántaka mundi, ásamt öðrum ráðstöfunum, verða til þess að draga úr dýrtíðinni.

Vel getur svo farið, að örðugt verði að fá lán til nauðsynlegra framkvæmda eftir stríðið, og jafnvel þótt unnt væri að fá lán, er mjög varhugavert að flytja inn erlent lánsfé í stórum stíl. Meiri hluti nefndarinnar telur því rétt að stofna framkvæmdasjóð, eins og ákveðið er í þessu frv., með ríflegri upphæð af tekjuafgangi ríkisins.

Þar sem nú liggja fyrir upplýsingar um afkomu ríkissjóðs árið 1941, telur meiri hlutinn hægt að ákveða í frv. þá fjárhæð, sem lögð verði til framkvæmdasjóðsins af tekjuafgangi þess árs. Er hér flutt breytingartillaga um það, og einnig um hitt, að framlag til sjóðsins árið 1942 verði $^3/_5$ þess tekjuafgangs, sem þá kann að verða á ríkisreikningi, en ekki bundið við ákveðna fjárhæð. Þá telur meiri hlutinn ekki nauðsynlegt að kjósa sérstaka nefnd til þess að hafa umsjón með sjóðnum og flytur tillögu um breytingu á því ákvæði frv.

Með skírskotun til framanritaðs leggur meiri hlutinn til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkissjóður skal greiða til framkvæmdasjóðsins 10 milljónir króna af tekjuafgangi ríkisins árið 1941. Enn fremur skal greiða til sjóðsins $^3/_5$ hluta þess tekjuafgangs, sem verða kann á ríkisreikningi árið 1942. Fé framkvæmdasjóðsins skal geymt í Landsbanka Íslands.
2. Við 3. gr. Greinin verði þannig:
   Fé framkvæmdasjóðs ríkisins má eingöngu verja til ákveðinna verklegra framkvæmda, samkvæmt sérstökum ákvörðunum Alþingis.

3. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
Reikningur framkvæmasjóðsins skal endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna og birtur með ríkisreikningi ár hvert.

Alþingi, 1. maí 1942.

Sveinbjörn Högnason, form.	Skúli Guðmundsson, frsm.	Stefán Stefánsson.

Ed. 296. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, borið það saman við gildandi lög og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 2. maí 1942.

Þorst. Þorsteinsson, form.	Erlendur Þorsteinsson, fundaskr.	Páll Zóphóníasson, frsm.

Ed. 297. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
Í stað „6000“ í síðustu málsgr. 9. gr. laganna komi: 7500.
2. Við 2. gr.
a. Síðari málsgr. 3. töluliðs falli niður.
b. 3. efnismálsgr. orðist þannig:
Ef hús jarðar eyðast eða spillast mjög af völdum bruna eða annarra náttúruafla, þeirra sem hús verða ekki tryggð fyrir að fullu, og ábúandi getur ekki byggt aftur með þeirri aðstoð, sem lög þessi gera ráð fyrir, er nýbýlastjórn heimilt, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að veita hærri byggingarstyrk. Aldrei má þó framlag samkvæmt þessari grein vera meira en ⅓ af kostnaðarverði hússins. Til íbúðarhúsbygginga, þar sem um lán og styrk er að ræða, má láns- og styrksupphæðin samtals ekki fara yfir 10500 krónur til hvers býlis.

Alþingi, 2. maí 1942.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Páll Zóphóníasson.

Nd.

298. Frumvarp til laga

um gærumat.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Allar gærur, sem fluttar eru héðan af landi, skulu metnar og vegnar af lögskipuðum gærumatsmönnum. Gærumatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun gæranna, og er útflytjendum skylt að hlýða fyrirmælum þeirra þar að lútandi. Hverri gærusendingu skal fylgja vottorð gærumatsmannsins um, að gærurnar séu metnar og vegnar. Skal sýslumaður eða hreppstjóri votta með undirskrift sinni, að lögskipaður gærumatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans. Sé hreppstjóri sjálfur útflytjandi gæranna eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, skipar sýslumaður til þess annan hæfan mann. Í vottorði gærumatsmanns skal tilgreind þyngd gæranna saltlausra. Ekki skulu aðrar gærur teljast hæfar til útflutnings en þær, sem eru sæmilega hreinar og þurrar, þegar þær eru vegnar, og vel með farnar og óskemmdar, þegar þær eru fluttar út.

2. gr.

Ráðherra getur mælt svo fyrir, að ákvæði 1. gr. um mat og flokkun á gærum, sem út eru fluttar, skuli einnig ná til gæra, sem seldar eru á innlendum markaði.

3. gr.

Allar gærur skal merkja greinilega með merki kaupfélags þess eða verzlunar, er gærurnar flytur út eða selur til útflutnings. Í merkinu mega aldrei vera færri en tveir bókstafir.

4. gr.

Nánari reglur um mat gæranna, merkingu og meðferð við útskipun setur landbúnaðarráðuneytið í erindisbréfum gærumatsmanna.

5. gr.

Lögreglustjóri skipar gærumatsmann á hverjum útflutningsstað, einn eða fleiri, eftir því sem þörf þykir.

6. gr.

Gærumatsmenn skulu áður en þeir taka til starfa undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samvizkusemi og fara eftir þeim reglum, sem settar eru um það. Ráðuneytið stílar þeim heitið.

7. gr.

Kaup gærumatsmanna greiða kaupfélög þau og verzlanir, er gærur flytja út, eftir því sem ákveðið verður í erindisbréfi gærumatsmanna.

Ekki mega gærumatsmenn þiggja neina þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, eða öðrum, sem við útflutning gæranna eru riðnir, aðra en þá, sem ákveðin er í erindisbréfi. Ekki mega þeir heldur vera í þjónustu þeirra, sem flytja út gærur.

8. gr.

Sá, sem flytur út eða lætur flytja út gærur án þess að gæta fyrirmæla þessara laga um mat og merkingu þeirra, skal sæta sektum frá 200 til 20000 kr. Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Framangreint frv. er sniðið að mestu eftir ullarmatslögum, nr. 107 11. ágúst 1933, að því undanskildu, að ekki þykir ástæða til að skipa yfirgærumatsmenn. Er nauðsyn á slíku mati nú þegar, með því að samningur hefur verið gerður um sölu á 250000 gærum til Ameríku, en þar er það meðal söluskilmála, að gærurnar seljist fob eftir íslenzkum mats- og vigtarvottorðum. Löggiltir vigtarmenn eru að vísu til, en ekkert lögmælt gærumat. Mundi sjálfsagt víða mega samrýma það, að vigtarmenn væru jafnframt gærumatsmenn.

Mat það, sem ætlazt er til að lögleiða með þessu frumvarpi, nær að sjálfsögðu til allra gæra, sem enn eru óseldar eða útfluttar af framleiðslu ársins 1941.

Um einstakar greinar frumvarpsins þykir ekki ástæða til athugasemda.

Ed. 299. Nefndarálit

um frv. til laga um læknisvitjanasjóði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. maí 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Magnús Gíslason.

Ed. 300. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Skipavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Til lendingarbóta í Skipavík, Kaldrananeshreppi, Strandasýslu, skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðuneytið hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 60 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Kaldrananeshrepps að jafnri tiltölu og lendingarsjóður Kaldrananeshrepps leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 60 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Kaldrananeshrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar, eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu

þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Kaldrananeshrepps. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði Kaldrananeshrepps.

4. gr.

Meðfram strandlengju lendingarinnar eða lendingarbótunum, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta, né heldur halda þar úti bátum til útgerðar nema samþykki hreppsnefndar Kaldrananeshrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Kaldrananeshrepps kýs. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Kaldrananeshrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Kaldrananeshrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán, og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna, svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árslegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Kaldrananeshrepps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða úr Skipavík, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Skipavíkurlendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Kaldrananeshrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 301. Nefndarálit

um till. til þál. um stofnfé Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og fengið fjármálaráðherra ásamt forstjóra Samábyrgðarinnar til viðtals um hana. Telur ráðherrann ekki veruleg vandkvæði á að fullnægja því, sem þingsályktunartillagan fer fram á, en forstjórinn telur hins vegar líklegt, að Samábyrgðin komist af, ef nokkur hluti stofnfjárins yrði greiddur nú þegar, t. d. helmingur eða ⅗ eftirstöðvanna. Þar eð ekkert virðist í vegi fyrir því, að samkomulag verði um þetta milli ráðherrans og stofnunarinnar, og ráðherrann er fyrir sitt leyti samþykkur þingsályktunartillögunni, mælir nefndin með því, að hún verði samþykkt.

Alþingi, 2. maí 1942.

Pétur Ottesen, form.	Emil Jónsson, fundaskr.	Sigurður Kristjánsson, frsm.
Þorst. Þorsteinsson.	Sig. E. Hlíðar.	Helgi Jónasson.
Páll Hermannsson.	Jónas Jónsson.	Bjarni Bjarnason.

Nd. 302. Breytingartillögur

við frv. til l. um heimild fyrir Reykjavíkurbæ til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Bæjarstjórn Reykjavíkur, fyrir hönd bæjarsjóðs, skal heimilt að taka leigunámi um ótakmarkaðan tíma spildu af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi, til þess að auka við fyrirhugað friðland Reykjavíkurbæjar, Heiðmörk, ef ekki næst samningar um leiguna við umráðanda jarðarinnar. Leigan skal ákveðin eftir mati tveggja óvilhallra, dómkvaddra manna.
2. Við fyrirsögn frv. Í stað „eignarnámi“ komi: leigunámi.

Ed. 303. Lög

um gærumat.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 298.

Nd. 304. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Á undan frvgr. kemur ný grein, sem verður 1. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Í stað orðanna „innan tíu ára frá því er lög þessi ganga í gildi“ í 2. málsgr. 3. gr. laganna kemur: fyrir árslok 1947.

Sþ. 305. Tillaga til þingsályktunar

um byggingu prestsseturs í Reykjavík.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Sveinbjörn Högnason, Magnús Jónsson, Pálmi Hannesson.

Sameinað Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að byggja eitt prestssetur í Reykjavík á árinu 1942, eða kaupa hæfilegt hús til að vera prestssetur, og semja við viðkomandi prest um leigumála.

Greinargerð.

Í svo að segja öllum prestaköllum landsins eru gerðar ráðstafanir til þess, að sóknarpresturinn hafi ákveðinn samastað. En þar sem það hefur einhverra hluta vegna ekki verið mögulegt, hefur viðkomandi presti verið veitt sérstakt tillag úr ríkissjóði, til þess að gera honum auðveldara að búa í leiguíbúð. Í fjárlögum hefur jafnan verið veitt nokkurt fé til húsabóta á prestssetrum, samkvæmt gildandi lögum.

Þegar Reykjavík var skipt í fjögur prestaköll í ársbyrjun 1941, var ekkert prestsseturshús til í borginni. En snemma á því ári voru stigin fyrstu skrefin til þess að sjá prestum innan Reykjavíkur-prófastsdæmis fyrir viðunanlegu húsnæði. Öllum prestunum — sex að tölu — voru, samkvæmt meðmælum fjárveitinganefndar Alþingis, veittar kr. 200.00 á mánuði sem húsaleigustyrkur. Jafnframt því var hafin bygging á nýju prestsseturshúsi fyrir annan prestinn í dómkirkjusókninni. Að sjálfsögðu var húsaleigustyrkurinn allgóð hjálp til prestanna, en reynslan hefur sýnt, að hann hefur ekki orðið fullnægjandi úrlausn. Sökum hinnar óvenjulegu húsnæðisekklu í borginni hefur prestum hinna nýju prestakalla reynst ókleift að fá viðunandi húsakynni. Tveir þeirra verða auk þess að búa utan prestakalla sinna, og um annan þeirra má telja víst, að hann verði húsnæðislaus næstkomandi haust.

Það þarf ekki að leiða mörg rök að því, að full nauðsyn sé á því fyrir prestana að búa innan sinna eigin sóknartakmarka. Þar er þeim ætlað að hafa umgengni sína. Persónulegur kunningsskapur milli prestsins og safnaðarfólksins er nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að starf hans komi að notum. En slík viðkynning skapast fremur, ef presturinn er búsettur innan prestakallsins.

Segja má með nokkrum sanni, að ekki sé fullkomin frágangssök fyrir prest að búa utan sóknar sinnar, ef ekkert húsnæði fæst innan hennar. En um hitt hljóta allir að vera sammála, að utan bæjar getur hann ekki verið. Eins og nú standa sakir, er þó engin trygging fyrir því, að prestunum sé mögulegt að fá viðunandi húsnæði nokkurs staðar í bænum.

Enn mætti taka tillit til þess, að aðsetursstaður prestsins er öðrum þræði opinber starfsstöð, sem til er leitað af almenningi. Þar eru framkvæmdar fleiri barnsskírnir og hjónavígslur heldur en í kirkjum sóknanna eða guðsþjónustustöðum. Nú mun það vera áhugamál hinna nýju presta að hafa starfsstöðvar sínar innan sóknanna. T. d. hafa þeir fremur kosið að messa í skólahúsum og samkomuhúsum en að fá kirkjurnar í miðbænum til afnota. — Við það að hafa starfsstöðvarnar í sóknunum sjálfum vex og styrkist safnaðarmeðvitund fólksins. Eigi þetta við um kirkjuna, á það að sjálfsögðu einnig við um heimili prestsins.

Ekki er mögulegt að byggja ný prestsseturshús í Reykjavík samkvæmt ákvæðum gildandi laga um byggingar á prestssetrum, þar eð sú fjárhæð, sem þar er talin nægja til byggingar (kr. 24000.00) er með öllu ónóg, sakir hækkandi verðlags. En í þessum efnum sem öðrum verður að taka tillit til þeirra breytinga, sem orðið hafa á síðustu árum. Þess vegna þykir oss rétt, að ríkisstjórninni sé veitt heimild til þess að byggja hin nýju prestsseturshús fyrir það verð, sem hún telur viðunanlegt. Enn fremur viljum vér leggja það í hennar vald að ákveða, með hvaða kjörum prestarnir búi í hinum nýju húsum. Með tilliti til þess, að ríkið mun einnig á komandi árum þurfa að leggja í nokkurn kostnað við húsbyggingar úti um land, leggjum vér ekki til, að byggð séu fleiri en eitt hús í Reykjavík á ári, og ekki tekin ákvörðun að þessu sinni nema fyrir prestssetursbyggingu yfirstandandi árs.

Ed. 306. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað „6000“ í síðustu málsgr. 9. gr. laganna komi: 7500.

2. gr.

12. gr. laganna orðist þannig:

Skilyrði fyrir byggingarstyrk eru, að umsækjandi leggi fram skilríki samkvæmt ákvæðum 1.—7. töluliðs 7. gr. og enn fremur skilríki fyrir:

1. Að húsakynni séu óhæf til íbúðar að áliti hreppstjóra og héraðslæknis.
2. Að jörðin sé í sjálfsábúð eða falli undir ákvæði laga um erfðaábúð og óðalsrétt.
3. Að fasteignamat (millimat) bæjarhúsa sé ekki yfir 3000 kr. Þó er nýbýlastjórn heimilt að víkja frá þessu ákvæði, ef sérstök nauðsyn er á, að samhljóða áliti nýbýlastjórnarinnar.

Framlagið til hvers býlis má vera 500—1500 kr., að viðbættum þeim hundraðshluta, er byggingarkostnaður hefur, þegar húsið er reist, hækkað frá 1939, samkvæmt útreikningi teiknistofu landbúnaðarins.

Ef hús jarðar eyðast eða spillast mjög af völdum bruna eða annarra náttúruafla, þeirra sem hús verða ekki tryggð fyrir að fullu, og ábúandi getur ekki byggt aftur með þeirri aðstoð, sem lög þessi gera ráð fyrir, er nýbýlastjórn heimilt, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að veita hærri byggingarstyrk. Aldrei má þó framlag samkvæmt þessari grein vera meira en ⅓ af kostnaðarverði hússins. Til íbúðarhúsbygginga, þar

sem um lán og styrk er að ræða, má láns- og styrksupphæðin samtals ekki fara yfir 10500 krónur til hvers býlis.

Lokagreiðsla fer fram, þegar fullnaðarreikningur er kominn yfir byggingarkostnaðinn.

3. gr.

Fyrir „4500“ í 33. og 35. gr. laganna komi: 6000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 307. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 288 [Sala Hólms].

Frá Ingvari Pálmasyni.

Við 1. Aftan við 1. efnismálsgr. bætist: Námuréttindi í landinu eru undanskilin sölunni.

Ed. 308. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 2. gr. Síðari málsgr. 3. tölul. orðist svo:

Þó er nýbýlastjórn heimilt að víkja frá þessu ákvæði, ef sérstök nauðsyn er á og hún öll sammála. Samþykki ráðherra þarf þó til þess í hvert skipti.

Ed. 309. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 71 11. júní 1938, um byggingarsamvinnufélög.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrri málsgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Nú vill félagsmaður selja íbúð, er hann hefur fengið að tilhlutun byggingarsamvinnufélags, og hefur félagið þá forkaupsrétt. Ef samkomulag næst ekki um söluverð til félagsins, skal það ákveðið af dómkvöddum mönnum, og hliti seljandi mati þessu, ef hann þá kýs að selja og félagið vill kaupa. Næst á eftir félaginu hafa félagsmenn, sem ekki eiga íbúð, forkaupsrétt við sama verði, enda hafi þeir ekki byggt íbúð með aðstoð félagsins samkvæmt þessum lögum. Ekki er eiganda íbúðar heimilt að framleigja nema nokkurn hluta íbúðarinnar. Þó getur hann leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og félagsstjórnin leyfir og samþykkir leigumálann.

2. gr.

13. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 310. Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning löggjafar um hlutatryggingafélög.

Flm.: Jón Ívarsson, Gísli Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara athugun á nauðsyn og möguleikum til þess að setja löggjöf um hlutatryggingafélög í veiðistöðvum og fá til þess aðstoð sérfróðra manna um tryggingarmál eftir því sem þurfa þykir, og undirbúa síðan fyrir næsta þing löggjöf um þetta efni, ef sú rannsókn, sem fram verður látin fara, bendir til þess, að hagkvæmt sé að setja slíka löggjöf.

Greinargerð.

Í nál. minni hl. sjávarútvegsnefndar á þskj. 215 (jöfnunarsjóður aflahluta) hafa flutningsmenn vikið að því, að þeir mundu flytja till. til þál. um það efni, sem hér er um að ræða. Skal hér vísað til þeirra ástæðna, sem greindar eru á nefndu þskj.

Ed. 311. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1943 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1943 að innheimta með 40% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, og stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um 40%, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa skal sleppt.

Rísi ágreiningur um það, hvort reikna skuli gjald með 40% viðauka eða ekki, sker fjármálaráðuneytið úr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1943.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum fjármálaráðherra, en nefndarmenn áskilja sér óbundin atkvæði um einstök atriði. Frv. fylgdu svo hljóðandi ástæður:

Frv. þetta er samhljóða lögum, sem gilda fyrir árið 1942, að öðru leyti en því, að hér eru ákvæðin látin gilda árið 1943.

Ástæður fyrir frv. þessu eru þær sömu sem fyrir samhljóða frumvörpum undanfarin ár.

Nd. 312. Breytingartillaga

við till. til þál. um sölu og úthlutun bifreiða.

Frá Jakob Möller.

Á eftir orðunum „jafnframt sé bifreiðaeigendum“ komi: ef fært þykir.

Nd. 313. Frumvarp til hafnarlaga

fyrir Neskaupstað.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til hafnargerðar í Neskaupstað veitist úr ríkissjóði 2/5 kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 300000.00 — þrjú hundruð þúsund krónur — gegn 3/5 hlutum frá hafnarsjóði Neskaupstaðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 450000.00 — fjögur hundruð og fimmtíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Neskaupstaðar kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð bæjarsjóðs. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð þessi er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldi sé falin manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Neskaupstaðar. Nú vill annar hvor málsaðila ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Neskaupstaðar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum hafnarnefndar Neskaupstaðar.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki bæjarstjórnar Neskaupstaðar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og önnur mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að taka það burt, án endurgjalds til eiganda.

6. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd eiga sæti 5 menn. Skal nefndin kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er bæjarstjórn kýs. Heimilt er þó að kjósa í nefndina 2 menn, er ekki eiga sæti í bæjarstjórn.

8. gr.

Eignum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar.

Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og bæjarstjórnin hefur ábyrgð á eigum og fé hafnarinnar.

9. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land við höfnina, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á höfn Neskaupstaðar, og farmi þeirra:
   a. Lestargjald (hafnargjald).
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald frá skipum þeim, er nota festar hafnarinnar.

Gjöld þessi sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarnefnd Neskaupstaðar semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2. a. og b.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tollum þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd.

Þetta gjald sem og gjöldin samkvæmt 11. gr. má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Bæjarstjórn skal

hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefur bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sér fara.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúarmánaðar, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á liðna árinu og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, er rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Nd. 314. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 2. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Heilbrigðisnefndum í bæjum og lögreglustjórum í kauptúnum og sjávarþorpum skal skylt að hafa eftirlit með hreinlæti í mannaíbúðum og matvælageymslum skipanna. Eftirlitið skal framkvæmt ekki sjaldnar en einu sinni á mánuði, þegar skip liggur í innlendri höfn. Í reglugerð séu ákvæði um, hvaða hreinlætisreglum skuli fylgt, þegar skip er á sjó.

2. gr.

3., 4. og 5. málsgr. 31. gr. laganna orðist svo:

Íslenzk skip, sem undanskilin eru frá því að hafa alþjóðahleðslumerkjaskírteini, skulu þó hafa ákveðið minnsta hleðsluborð og hleðslumerkjaskírteini, og nær

þetta ákvæði til allra skipa, sem eru farþegaskip, og skipa, sem eru í vöruflutningum innan lands, hafna á milli, eða flytja farm milli Íslands og annarra landa.

Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð fyrirmæli um mælingar og skoðanir, sem gerðar skulu á skipi til ákvörðunar alþjóðahleðslumerkja, samkvæmt áður greindri alþjóðasamþykkt frá 5. júlí 1930, og reglur til ákvörðunar á minnsta hleðsluborði farþega- og vöruflutningaskipa í innanlandssiglingum og fiskiskipa, er sigla milli landa, svo og um gerð hleðslumerkjaskírteinis þessara skipa. Enn fremur setur ráðuneytið með reglugerð sérstök ákvæði um, hvernig umbúnaði undir þilfari og á skuli hagað á skipum, sem stunda síldveiðar, svo og á öðrum fiskiskipum, sem sigla milli landa.

Kostnaður allur við ákvörðun hleðslumerkja greiðist af skipseiganda, eftir gjaldskrá, er atvinnumálaráðuneytið setur.

3. gr.

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, er verður 38. gr., svo hljóðandi:

Á farþegaskipum í innan- og utanlandssiglingum skal óheimilt að flytja í farmrúmi eða á þilfari benzín eða önnur eldfim efni, sem geta valdið sprengingu.

Á öðrum skipum skal með reglugerð ákveða, hvernig skuli um slíkan farm búið, svo sem minnst hætta stafi af.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 315. Frumvarp til laga

um heimild handa ríkisstjórninni til að veita sérleyfi til virkjunar vatnsfallanna í Dynjandavogi og Borgarfirði í botni Arnarfjarðar.

Flutningsmenn: Ásgeir Ásgeirsson, Bergur Jónsson, Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni skal vera heimilt að veita hlutafélaginu Orkuveri Vestfjarða á Patreksfirði eða öðru félagi sérleyfi til:

1. Að virkja vatnsföllin í Dynjandavogi og Borgarfirði í botni Arnarfjarðar. Leyfið felur í sér heimild til þess að gera uppistöðu í vatnsföllunum, hækka eða lækka vatnsborð eða farvegi, gera vatnsrásir ofan jarðar eða neðan eftir þörfum, þar á meðal brottrás handa vatni frá orkuveri, og yfir höfuð fara með vatnið eftir því sem nauðsyn krefur til þess að ná úr því orku þess, og svo sem samrýmast má landslögum.
2. Að reisa orkuver í nánd við vatnsföllin, í því skyni að breyta vatnsorku þeirri, sem í 1. tölulið segir, í raforku og starfrækja það eða þau.
3. Að leiða raforku frá orkuveri eða okuverum þeim, er í 2. tölulið greinir, til staða á Vestfjörðum, um þá staði og með þeim hætti, er henta þykir og nánar skal tekið fram í sérleyfisbréfi, til afnota í iðjuveri eða iðjuverum, sbr. 4. tölul.
4. Að gera vegi eða önnur samgöngutæki, sem nauðsynleg eru að áliti ríkisstjórnar vegna virkjunarinnar, orkuvinnslunnar eða orkunýtingarinnar.
5. Ríkisstjórninni er og heimilt að taka lögnámi vatnsréttindi, land og réttindi yfir landi, að því leyti sem nauðsynlegt er, til þess að koma fyrirtækjum þeim í framkvæmd, sem í 1.—4. tölul. greinir.

2. gr.

Ekki má framselja sérleyfi samkvæmt lögum þessum, nema samþykki ríkisstjórnar komi til, enda fullnægi nýr leyfishafi öllum settum skilyrðum sérleyfis.

3. gr.

Sérleyfistími má vera allt að 40 árum.

4. gr.

Sérleyfishafi skal vera undanþeginn eignarskatti, tekjuskatti til ríkissjóðs og útsvari.

5. gr.

Um sölu á raforku til almennings fer eftir sérleyfislögum, og þarf samþykki ríkisstjórnar á öllum töxtum.

6. gr.

Sérleyfishafi skal hafa byrjað á mannvirkjum þeim, er lúta að virkjun vatnsfallanna, eigi síðar en 2 árum eftir að sérleyfi er veitt.

7. gr.

Réttindi og skyldur sérleyfishafa og skipti hans og ríkisstjórnar fara samkvæmt landslögum, þ. á m. sérleyfislögum, að svo miklu leyti, sem ekki er um mælt í lögum þessum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mikill áhugi ríkir nú á Vestfjörðum um rafvirkjun til að fullnægja rafmagnsþörf almennings til ljósa, hitunar og suðu og rafmagnsþörf kauptúnanna til iðnaðar. Gera menn sér einnig vonir um, að hægt yrði jafnframt að sjá fyrir afli til stóriðnaðar fyrir allt landið, og þá einkum þess iðnaðar, sem hefur bezt skilyrði á Vestfjörðum, eins og t. d. sementsgerð. Nú hagar svo til, að á Vestfjörðum er einn ágætur virkjunarmöguleiki á fallvötnum í Borgarfirði í botni Arnarfjarðar. En sú virkjun er það dýr, að ekki hefur áður verið talið kleift að ráðast til framkvæmda með innlendar þarfir einar fyrir augum. En nú eru fjárhagsaðstæður mjög breyttar, og auk þess er rafmagnsþörf Vestfjarða miklum mun ríkari en áður hefur verið, vegna aukins iðnaðar, hraðfrystihúsa, fiskiðnaðar o. fl. Má því gera ráð fyrir, að nú sé réttur tími til að hefjast handa um framkvæmdir. Nýlega var haldinn fundur með fulltrúum frá hreppsnefndum Flateyrar, Þingeyrar, Bíldudals og Patreksfjarðar. Á fundinum var Friðþjófur Ó. Jóhannesson frá Patreksfirði, sem hefur haft mikla forgöngu þessa máls. Var þar tekin sú ákvörðun að stofna til félags, sem tæki málið í sínar hendur, og gefa fyrst og fremst öllum hreppsfélögum á orkusvæðinu kost á þátttöku, og er sá undirbúningur þegar hafinn. Einnig tók rafmagnseftirlit ríkisins að sér að gera áætlanir um virkjun vatnsfallanna, en á sumri komanda þarf að gera ýmsar mælingar til undirbúnings nákvæmari áætlunum, áður en til framkvæmda kemur. En hér er þess eins farið á leit, að ríkisstjórninni verði heimilað að veita sérleyfi, ef til kemur, og getur stjórnin þá sett þau skilyrði, sem almenningsheill krefur.

Hér fer á eftir:

Skýrsla rafmagnseftirlits ríkisins.

Rafmagnseftirlitið hefur tekið saman nokkrar athuganir um virkjun vatnsfallanna í botni Arnarfjarðar til raforkuvinnslu fyrir Vestfirði — frá Patreksfirði til Flateyrar. — Fylgir hér á eftir lauslegur útdráttur úr þessum athugunum.

Um verðlag það, sem reiknað er með í kostnaðarágizkununum, skal þetta tekið fram:

Í nóv.mán. s. l. gerði rafmagnseftirlitið, eftir ósk rannsóknaráðs ríkisins, ágizkanir um kostnað af virkjun Dynjanda, aðallega með það fyrir augum, að aflið yrði notað til iðnaðar (sementsvinnslu og áburðarvinnslu) í Önundarfirði.

Ágizkanir þessar voru byggðar á þáverandi verðlagi á efni og vélum, eftir því sem eftirlitinu var kunnugt um verðlag þessara hluta í Englandi og í Ameríku; var verð vélanna sérstaklega miðað við enskt verðlag. Síðan hafa, svo sem kunnugt er, viðhorfin í viðskiptamálum breytzt þannig, að líkur eru til, að til virkjunar slíkrar sem þessarar yrði að kaupa mest eða allt efni og vélar í Ameríku, en vélar þaðan virðast dýrari en frá Englandi. Einnig hefur verðlag á efni frá Ameríku breytzt (hækkað) nokkuð síðan kostnaðarathuganirnar voru gerðar, en eftirlitinu er ekki svo vel kunnugt um núverandi verðlag, að það hafi séð sér fært að breyta ágizkunartölum sínum í samræmi við það.

Eins og yður er kunnugt og tekið er fram í bréfi eftirlitsins til rannsóknaráðs ríkisins, er hér aðeins um lauslegar ágizkanir, en ekki áætlanir, að ræða, þar sem ekki er byggt á mælingum á virkjunarstaðnum, heldur eingöngu stuðzt við herforingjaráðskort og ýmsar lausl. upplýsingar.

Kostnaðarágizkanirnar eru þannig:

I. Virkjun fyrir Patreksfjörð og Bíldudal, sementsverksmiðja.

a.	Orkuver við Dynjanda, 4000 túrb. hestöfl. (2500 kw)	kr. 1900000
b.	Háspennuveita frá Dynjanda (Mjólká) til Bíldudals og Patreksfjarðar. Loftlína úr eirklæddum stálvír 3 × 16 mm² (equv. eirgildleiki) á gegndreyptum tréstólpum. Stólpahöf 150 m. Málspenna 60 kV. Tveir sæstrengir 6 kV yfir Suðurfirði. Norðan fjarða spennistöð 60/6 kV. Sunnan fjarða spennistöð 6/60 kV. Lengd loftlínu 48 km., lengd hvors sæstrengs 3,8 km	kr. 1260000
c.	Þverlína til Bíldudals frá spennistöð sunnan Suðurfjarða innan við Haganes 6 kV. 3,2 km. Tvær spennistöðvar á Bíldudal, 200 og 500 kw. 6/0,220 Volt. Endurbætur á núverandi innanbæjarkerfi á Bíldudal	— 135000
d.	Spennistöðvar og innanbæjarveita á Patreksfirði. Aðalspennistöð 2000 kw. 60/6 kV. Tvær spennistöðvar, 200 kw og 700 kw. 6/0,22 kV. Endurb. á núverandi innanbæjarkerfi á Patreksfirði	— 205000
		Kr. 3500000

Ath. Spennistöð fyrir sementsverksmiðju er ekki með reiknuð.

II. Virkjun fyrir Patreksfjörð, Bíldudal, Þingeyri og Flateyri og sementsverksmiðju.

a.	Orkuver við Dynjanda, 4500 hö. (3000 kw)	kr. 2140000
b.	Háspennuveita frá Dynjanda til Patreksfjarðar skv. I. b.	— 1260000
c.	Þverlína til Bíldudals og innanbæjarveita þar skv. I. c.	— 135000
d.	Spennistöðvar og innanbæjarveita á Patreksfirði skv. I. d. ..	— 205000
e.	Háspennuveita til Flateyrar. Loftlína úr eirklæddum stálvír 3 × 16 mm² (equv. eirgildleiki) á gegndreyptum tréstólpum. Stólpahöf 150 m. Málspenna 60 kV. Lengd línunnar 50 km. ..	— 960000
f.	Þingeyrarveita. Spennistöð á Höfðaodda, 60/6 kw. Sæstrengur yfir Dýrafjörð. Spennistöð á Þingeyri, 250 kw. 6/0,22 kV., og endurbætur núverandi bæjarkerfis	— 170000
g.	Spennistöð og innanbæjarveita á Flateyri. Spennistöð, 250 kw. 60/0,220 kV. Endurbætur núverandi innanbæjarveitu	— 130000
		Kr. 5000000

Ath. Spennistöð fyrir sementsverksmiðju er ekki með reiknuð.

III. Virkjun fyrir Patreksfjörð, Bíldudal, Þingeyri og Flateyri.

a.	Orkuver við Dynjanda, 3000 túrbínuhestöfl (2000 kw)	kr. 1500000
b.	Háspennulína til Patreksfjarðar skv. I. b., nema aðeins einn sæstrengur er lagður yfir Suðurfirði	— 1170000
c.	Þverlína til Bíldudals og bæjarveita þar skv. I c.	— 135000
d.	Innanbæjarveita á Patreksfirði og spennistöðvar skv. I. d., en aðalspennistöð 1000 kw.	— 185000
e.	Háspennuveita til Flateyrar skv. II. e.	— 960000
f.	Þingeyrarveita skv. II. f.	— 170000
g.	Spennistöð og innanbæjarveita á Flateyri skv. II. g.	— 130000
		Kr. 4250000

Um rekstrarafkomu.

A. Gjöld.

a. Suðurkauptún og sementsverksm. Ágizk. stofnkostn. skv. I. kr. 3500000.

1.	Afborganir og vextir af stofnkostnaði, miðað við 25 ára lánstíma, 4% vexti og jafnar árlegar greiðslur		kr. 224000
2.	Rekstrarkostnaður. Yfirstjórn, gæzla orkuvers og veitna, skrifstofukostn. og húsnæði stöðvarvarða, innheimta	kr. 115000	
	Viðhald, 1,5% af stofnkostn.	— 52500	
	Ýmisl. ófyrirséð	— 18500	— 186000
			Kr. 410000

11,7% af stofnk.

b. Öll kauptúnin og sementsverksmiðja. Ágizk. stofnkostn. skv. II. 5000000.

1.	Afborganir og vextir af stofnkostnaði, miðað við 25 ára lánstíma, 4% vexti og jafnar árlegar greiðslur		kr. 320000
2.	Yfirstjórn, gæzla orkuvers og veitna, innheimta, skrifstofukostn., húsnæði stöðvarvarða	kr. 138800	
	Viðhald, 1,5% af stofnk.	— 75000	
	Ýmisl. ófyrirséð	— 21200	— 235000
			Kr. 555000

11% af stofnk.

c. Öll kauptúnin án sementsverksm. Ágizk. stofnkostnaður kr. 4250000.

1.	Afborganir og vextir af stofnk., miðað við 25 ára lánstíma, 4% vexti og jafnar árlegar greiðslur		kr. 272000
2.	Rekstrarkostnaður. Yfirstjórn, gæzla orkuvers og veitna, innheimta, skrifstofukostn., húsnæði stöðvarvarða	kr. 138800	
	Viðhald 1,5% af stofnkostn.	— 56250	
	Ýmisl. ófyrirséð	— 19950	— 215000
			Kr. 487000

11,5% af stofnk.

B. Tekjur.

Gera má ráð fyrir, að aðaltekjuliðir rafveitunnar verði þrír:

1. Tekjur af almennri notkun raforkunnar til heimilisnota, þ. e. fyrir ljós, matareldun, húsahitun og smáiðnað. Í áætlununum hér að framan voru stærðir orkuversins miðaðar við, að rafm.notkun til heimilisnota væri að meðaltali um 300 wött á mann, en það samsvarar, að eingöngu sé notað rafmagn til

ljósa og matareldunar og að auk þess sé það notað allmikið til upphitunar húsa og til allrar smáiðju, t. d. fyrir smiðjur, verkstæði o. þ. k. Virðist oss skv. núverandi verðlagi varlegt að áætla, að tekjur af þessari notkun nemi a. m. t. að minnsta kosti 75 krónum á mann á ári.

2. Tekjur af almennri iðju. Hér er átt við tekjur af raforkusölu til annarra iðju- (eða iðnaðar)fyrirtækja en talin eru til smáiðnaðar. Af þess háttar fyrirtækjum má nefna: Frystihús, niðursuðuverksmiðjur, stórar vélsmiðjur o. fl. Í áætluninni hér á eftir um aflþörf þessara fyrirtækja og tekjur af þeim er aðallega stuðzt við upplýsingar hr. forstjóra Friðþjófs Ó. Jóhannessonar á Patreksfirði og hr. Jafets Kjartanssonar, forstjóra á Bíldudal.
3. Tekjur af stóriðju. Undir þennan lið koma tekjur af iðjufyrirtækjum, sem eru svo stór, að stærðir orkuvera og flutningsgeta orkuveitna miðast að verulegu leyti við þörf þeirra. Í þessu falli er um sementsverksmiðju að ræða.

Í áætluninni hér að framan er afl- og orkuþörf hennar tekin eftir áætlun um sementsvinnslu, er rafmagnseftirlitið fékk hjá rannsóknaráði ríkisins (sbr. bréf og fylgibréf frá rafmagnseftirlitinu til rannsóknaráðs ríkisins, dags. 15. nóv. 1941), en verð raforkunnar er í eftirfarandi áætlun reiknað á 7.5 aura kwst., en var í fyrrnefndri áætlun um sementsvinnslu áætlað á 4—5 aura á kwst.

Samkv. framanrituðu mætti því áætla tekjurnar þannig:

a.	Suðurkauptúnin og sementsverksmiðja.	
	1. Almenn raforkunotkun 1100 manns á kr. 75	kr. 82500
	2. Almenn iðja á Patreksfirði	— 100000
	3. Almenn iðja á Bíldudal	— 100000
	4. Sementsverksmiðja, ca. 6250000 kwst. á kr. 0,075	— 468500
		Kr. 751000
b.	Öll kauptúnin og sementsverksmiðja.	
	1. Almenn raforkunotkun 2000 manns á kr. 75	kr. 150000
	2. Almenn iðja á Patreksfirði	— 100000
	Almenn iðja á Bíldudal	— 100000
	Almenn iðja á Þingeyri	— 20000
	Almenn iðja á Flateyri	— 20000
	3. Sementsverksmiðja	— 468500
		Kr. 858500
c.	Öll kauptúnin án sementsverksmiðju.	
	1. Almenn raforkunotkun 2000 manns á kr. 75	kr. 150000
	2. Almenn iðja á Patreksfirði	— 100000
	Almenn iðja á Bíldudal	— 100000
	Almenn iðja á Þingeyri	— 20000
	Almenn iðja á Flateyri	— 20000
		Kr. 390000

Ed. 316. Frumvarp til laga

um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Greiða skal verðlagsuppbætur á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkis og ríkisstofnana og á eftirlaun og styrktarfé samkvæmt 18. gr. fjárlaga úr ríkissjóði, samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Heimilt er lífeyrissjóðum embættismanna, barnakennara og ljósmæðra að greiða verðlagsuppbót á lífeyri á sama hátt. Ríkissjóður endurgreiðir lífeyrissjóðunum upphæðir þær, er þeir greiða samkv. ákvæðum þessum.

2. gr.

Hagstofan, eða aðrir, ef lög ákveða svo, gerir yfirlit um breytingar á framfærslukostnaði í Reykjavík 1. dag hvers mánaðar, miðað við meðalverðlag mánuðina janúar—marz 1939.

Vísitölu þessa skal leggja til grundvallar við útreikning verðlagsuppbótar fyrir hvern mánuð.

3. gr.

Verðlagsuppbótin skal nema fullri hækkun vísitölunnar, miðað við grundvöllinn janúar—marz 1939 (= 100). Uppbót greiðist þó ekki af þeim hluta launa, sem er fram yfir 650 kr. á mánuði.

4. gr.

Nú tekur maður laun, eftirlaun eða fasta þóknun fyrir fleira en eitt starf eða hjá fleiri ríkisstofnunum í senn, og skal þá reikna uppbótina af launum samanlögðum og skipta hlutfallslega á þá aðila, sem launin greiða.

5. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist á launin að viðbættri þeirri dýrtíðaruppbót, sem nú er greidd samkvæmt lögum.

6. gr.

Verðlagsuppbót greiðist einnig á skrifstofufé og embættiskostnað, sem embættis- og starfsmönnum er greitt úr ríkissjóði, að undanskilinni húsaleigu og húsaleigustyrk.

7. gr.

Greiða skal verðlagsuppbót á styrki þá, sem greiða ber samkv. lögum nr. 33 1940, um héraðsskóla, lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum, lögum nr. 48 1930, um gagnfræðaskóla, svo og á styrki til iðnskóla.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjarsjóður greiða hvor um sig sömu verðlagsuppbót á þann styrk, sem þeim ber að greiða viðkomandi skóla, og greidd er embættis- og starfsmönnum ríkisins þann tíma, sem skólarnir starfa.

8. gr.

Hámarksákvæði niðurlags 3. gr. gilda ekki um greiðslur samkvæmt 6. og 7. gr.

9. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist mánaðarlega eftir á.

10. gr.

Rísi ágreiningur út af ákvörðun og greiðslu verðlagsuppbótar samkv. lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr til fullnaðar. Heimilt er ráðherra að setja reglugerð um nánari framkvæmdaratriði þessara laga.

11. gr.

Ákvæði laga þessara gilda frá ársbyrjun 1942. Eru jafnframt úr gildi fallin lög nr. 8 1941 og lög nr. 60 1941.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum fjármálaráðherra, en nefndarmenn áskilja sér óbundnar hendur um einstök atriði málsins. Frumvarpinu fylgdu svolátandi athugasemdir:

Frv. þetta er að öllu verulegu samhljóða gildandi lögum um verðlagsuppbætur, nr. 8 1941. Aðalbreytingin er sú, að samkvæmt frv. skal greiða verðlagsuppbætur á skrifstofufé og embættiskostnað, sem embættis- og starfsmönnum er greitt úr ríkissjóði, þó að undanskilinni húsaleigu eða húsaleigustyrk. Þykir breyting þessi, eins og á stendur, óhjákvæmileg, þar eð allur embættisrekstur er nú miklum mun dýrari en áður.

Að öðru leyti hefur frv. engar efnisbreytingar að geyma frá núgildandi lögum og framkvæmd þeirra.

Rétt þykir, fyrir samræmis sakir, að taka hér upp ákvæði laga nr. 60 1941 um verðlagsuppbætur á styrki til héraðsskóla, húsmæðraskóla og gagnfræðaskóla. Í framkvæmdinni hafa téð lög einnig náð til iðnskóla, og eru þeir þess vegna teknir upp í frv.

Þá er fellt niður hámarksákvæði 3. gr. laganna að því er snertir uppbætur á skrifstofufé, embættiskostnað og styrki til skóla.

Orðalag 7. gr. laganna hefur ekki þótt alls kostar ljóst, og er það því í 9. gr. frv. fært í skýrara form, niðurlag 7. gr. fellt burt, sbr. 2. mgr. 2. gr. Efnisbreytingu er hér enga um að ræða.

Gert er ráð fyrir, að ákvæði laga þessara gildi frá 1. jan. 1942. Hins vegar þykir ekki ástæða til að takmarka gildi laganna fram í tímann, svo sem gert er í núgildandi lögum.

Sþ. 317. Tillaga til þingsályktunar

um styrk til byggingar Hallveigarstaða.

Flm.: Magnús Jónsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Jörundur Brynjólfsson.

Sameinað Alþingi heimilar ríkisstjórninni að veita hlutafélaginu Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum styrk til þess að reisa fyrirhugað gistiheimili í Reykjavík, allt að 100000 krónum.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, er nú hér í Reykjavík hinn mesti skortur á húsnæði, og hefur hann mjög aukizt á allra síðustu árum, og á hernám landsins ásamt hinu mikla aðstreymi til bæjarins vegna vinnu þeirrar, er það veitir, sinn mikla þátt í þessum húsnæðisvandræðum. Árlega leitar hingað mikill fjöldi fólks til lengri eða skemmri dvalar, til dæmis námsfólk. Í þeim hópi er fjöldi ungra stúlkna, sem oft og einatt eiga sér engan samastað vísan, og er þá mjög undir heppni komið, í hvers konar félagsskap þær lenda og hver not þeim verða að dvölinni hér.

Fyrir allmörgum árum sáu konur hér í bæ, hve mikil nauðsyn var á því, að komið yrði upp heimili fyrir aðkomustúlkur, þar sem þær gætu dvalið við góð skilyrði, einnig að hér væri mikil þörf gistiheimilis fyrir utanbæjarkonur, er hér þyrftu að dvelja um lengri eða skemmri tíma. Var því það ráð tekið að reyna að hefja hlutafjársöfnun meðal kvenna, og voru boðnir út mjög smáir hlutir, 25—50 og 100 krónur. Samtímis var stofnað hlutafélagið „Kvennaheimilið Hallveigarstaðir". Fjársöfnunin fékk þær undirtektir, að alls safnaðist í innborguðu hlutafé kr. 43375.00, og var sú upphæð ekki nægileg til þess að hægt væri að byggja fyrir hana, og þurfti því hjálp að koma frá öðrum aðilum.

Varð það félaginu mikill styrkur, að ríkisstjórn og Alþingi veittu því endurgjaldslaust lóð, austast og nyrzt í Arnarhólstúni, en vegna þess að lóð þessi þótti ekki vera á sem heppilegustum stað fyrir þá byggingu, sem á henni var fyrirhugað

að reisa, var það ráð tekið að selja hana og kaupa í þess stað aðra. Er sú lóð takmörkuð af Túngötu, Garðastræti og Öldugötu og mun nú vera ein hin verðmætasta af óbyggðum lóðum hér í bænum.

Á þessari lóð er fyrirhugað að reisa Kvennaheimilið Hallveigarstaði, en til þessara æskilegu og nauðsynlegu framkvæmda hefur enn ekki getað komið, vegna þess að eigi hefur verið nægilegt fé fyrir hendi. Ákvað stjórn félagsins því að leita til Alþingis um 100000 kr. styrk til byggingar þessarar. Viljum vér í því sambandi benda á, að nú, þá er fjárhagur ríkisins er rýmri en nokkru sinni fyrr, virðist allt mæla með því, að ríkissjóður hlaupi undir bagga með slíku fyrirtæki sem hinn væntanlegi dvalarstaður aðkomukvenna í höfuðstaðnum er. En þar sem nú er sýnt, að fjárlög verða ekki afgreidd að þessu sinni, höfum vér flutningsmenn þessarar tillögu talið rétt að leita samþykkis Alþingis til þess, að verja megi allt að þessari fjárhæð til þess að koma húsinu upp, ef tækifæri býðist til þess að hefjast handa um framkvæmdir nú þegar, og mundi þá heimildar Alþingis síðar leitað á fjáraukalögum.

Nd. 318. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og enn fremur sent það til umsagnar Fiskifélags Íslands og Árna Friðrikssonar fiskifræðings, og eru umsagnir þessara aðila prentaðar með nál.

Frv. um sama efni og það, er hér liggur fyrir, var borið fram á Alþingi 1941, en náði þá eigi afgreiðslu, enda liggja fyrir mjög eindregin mótmæli gegn samþykkt þess frá útvegsmönnum víðsvegar á landinu. Eru skoðanir manna mjög skiptar í málinu, og virðist samþykkt frv. mundu geta valdið mjög mikilli röskun í atvinnulífi landsmanna, einkum hvað hraðfrystihúsin snertir. Telur nefndin því rétt, að það verði nánar rannsakað, sbr. einnig álit Fiskifélags Íslands, og leggur til, að frv. verði afgreitt með eftirfarandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti fara fram rannsókn á málinu og leggi niðurstöðu þeirrar rannsóknar fyrir næsta reglulegt Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Einn nefndarmanna (GG) var fjarverandi þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 5. maí 1942.

Finnur Jónsson, form., frsm.	Sig. E. Hlíðar, fundaskr.	Jón Ívarsson,

Sigurður Kristjánsson.

Fylgiskjal I.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 14. apríl 1942.

Sem svar við heiðvirðu bréfi yðar, dags. 19. f. m., þar sem þér beiðist umsagnar vorrar um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiðar í landhelgi, leyfum vér oss að taka fram það, sem hér fer á eftir.

Eftir þeim upplýsingum, sem vér höfum aflað oss, er hér um mál að ræða, sem mjög eru skiptar skoðanir um meðal útvegsmanna á þessum slóðum.

Á fiskiþingi því, sem nýafstaðið er, var þetta mál rætt nokkuð, en tilefni þeirra umræðna voru tvö símskeyti, sem þinginu bárust, annað frá Hrísey og hitt frá Ólafsfirði. Þykir oss rétt að senda hv. nefnd afrit af skeytum þessum. Voru þau á þessa leið.

„Undirritaðir útgerðarmenn í Hrísey skora hér með á Fiskiþingið að það hlutist til um það við Alþingi að fella frv. til laga um takmörkun á dragnótaveiði. Teljum enga ástæðu til að takmarka veiðitímann frekar við Norðurland en aðra landshluta. Til vara að landhelgin verði frjáls til veiða október—nóvember í stað júlí—ágúst. Hreinn Pálsson, Garðar Ólafsson, Björn J. Ólafsson, Njáll Stefánsson, Einar M. Þorvaldsson, Jörundur Jóhannesson, Guðmundur Jörundsson, Júlíus Oddsson, Kristján Emonasson."

„Mótmælum eindregið framkomnu frumvarpi á Alþingi um skerðingu á veiðitíma með dragnót í landhelgi fyrir Norðurlandi og skorum á fiskiþingið að beita sér gegn frumvarpinu og þannig koma í veg fyrir hróplegt ranglæti, sem skapast mundi á milli landshluta, ef slíkt frumvarp yrði að lögum. Útgerðarmenn í Ólafsfirði."

Sjávarútvegsnefnd fiskiþingsins fékk mál þetta til athugunar, og var svolátandi álit frá nefndinni samþykkt með samhljóða atkvæðum:

„Fiskiþingi hefur borizt símskeyti frá útgerðarmönnum í Hrísey og Ólafsfirði við Eyjafjörð um að beita sér gegn frv. um skerðingu á veiðitíma með dragnót í landhelgi fyrir Norðurlandi. Áskorun þessari hefur verið vísað til sjávarútvegsnefndar til umsagnar.

Þar sem nefndinni er kunnugt um, að skoðanir fiskimanna eru mjög skiptar um þetta mál, leggur hún til, að málið verði borið undir fiskifræðinga og aflað álits þeirra um gildi þess svæðis, er frv. á þingskj. 31 ræðir um, sem uppeldisstöðvar fyrir nytjafiska.

Nefndin leggur til, að Alþingi breyti ekki gildandi lögum meðan ekki liggur fyrir rökstutt álit sérfræðinga um þetta atriði, og enn fremur um afla- og fjárhagslegt tjón sjómanna, er dragnótaveiðar stunda, og þjóðarinnar í heild, er af friðun mundi leiða. Fiskiþingið skorar á ríkisstjórnina og Alþingi að láta fara fram rannsókn á þessu og hraða henni sem mest og að henni lokinni taka afstöðu til málsins."

Oss þykir rétt að taka fram til viðbótar því, sem segir í áliti þessu, að ef dragnótaveiðar yrðu takmarkaðar eins og ráð er fyrir gert í nefndu frv., hlyti það óhjákvæmilega að koma sér mjög illa fyrir austfirzku útgerðina. Vegna hættu af tundurduflum er austfirzka bátaflotanum meinað að stunda veiðar á mörgum beztu miðum fyrir Austurlandi. Margir bátar hafa því leitað til Norðaustur- og Norðurlandsins á vori og seinni hluta sumars og fram á haustið, og hefur þessi útgerð getað flcytt mörgum útgerðarmanninum yfir verstu erfiðleikana. Yrði því tekið fyrir þetta, mundi það óhjákvæmilega hafa slæmar afleiðingar fyrir þá austfirzku útgerð, sem byggja hefur orðið afkomu sína á þessum veiðum.

Að öðru leyti höfum vér engu við álit sjávarútvegsnefndar fiskiþingsins að bæta.

Virðingarfyllst

Davíð Ólafsson.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

ATVINNUDEILD HÁSKÓLANS

Reykjavík, 9. apríl 1942.

Sem svar við heiðruðu bréfi yðar, dags. 19. marz 1942, þar sem þér biðjið um umsögn mína um 31. frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi, vil ég leyfa mér að taka þetta fram.

1. Þar sem frumvarp þetta er í aðalatriðum mjög líkt 116. frumvarpi til laga frá vorþinginu 1941, er ég gaf háttvirtri sjávarútvegsnefnd Nd. álit mitt á í bréfi dagsettu 2. maí 1941, leyfi ég mér að vísa til nefnds bréfs, og fylgir hér eftirrit af því.
2. Eins og ég hef bent á í bók minni: Skarkolaveiðar Íslendinga og dragnótin (Rvk 1932), sem ég leyfi mér að láta fylgja þessu bréfi, hrygnir skarkolinn, sem fyrst og fremst er miðað að að friða með takmörkun á dragnótaveiðum, einnig í kalda sjónum, þótt í smáum stíl sé, og er þeirri hrygningu e. t. v. ekki lokið fyrr en í byrjun júlí. (Sbr. einnig: B. Sæmundsson: Íslenzk dýr I. Fiskarnir, Rvk 1926, bls. 319—320 og Á. V. Tåning: Plaice Investigations in Icelandic Waters, Copenh. 1929. bls. 15—16). Það er því auðsætt, að þótt friðun sú, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, gangi mjög langt í þá átt að skerða athafnafrelsi útgerðarinnar frá því, sem nú er, er hæpið, að sá tilgangur náist til hlítar að friða allan hrygnandi skarkola.
3. Það er alþekkt staðreynd, að sumarmánuðina júní—september er mest um ungviði ýmissa nytjafiska á grunnmiðum, þannig að segja má, að frumvarpið geri ráð fyrir, að veitt sé með dragnót þegar það verður að teljast einna óheppilegast út frá líffræðilegu sjónarmiði. Ólíkt hagkvæmara fyrir framtíð fiskistofnanna væri að takmarka veiðina frekar við haustmánuðina, sept.—des., og væri þá þar að auki séð fyrir þörfum bátaútgerðarinnar á hinu langa tímabili milli síldarvertíðarinnar á sumrin og þorskvertíðarinnar á vorin.

Með sérstakri virðingu

Árni Friðriksson.

Til sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis.

Nd. 319. Nefndarálit

um frv. til l. um framkvæmdasjóð ríkisins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Meiri hl. nefndarinnar vill samþykkja það, en ég get eigi á það fallizt og vil hér gera nokkra grein fyrir því, af hvaða orsökum það er.

Frv. þetta var flutt af nokkrum framsóknarþingmönnum á aukaþinginu í vetur og svo aftur á yfirstandandi þingi. Aðalatriði þess eru tvö:

1. Að skipta ríkissjóðnum og kalla nokkurn hluta hans framkvæmdasjóð, leggja þá upphæð í sérstakan reikning í landsbankanum og leggja svo fyrir, að því fé skuli verja að stríðinu loknu til nauðsynlegra framkvæmda.
2. Að kjósa 5 manna nefnd til að gera tillögur til Alþingis á hverjum tíma um það, hvaða framkvæmdir eigi nú að leggja í.

Um það er enginn ágreiningur milli mín og annarra nefndarmanna, að okkar þjóð er mikil þörf á fé til nauðsynlegra framkvæmda, til ræktunar, húsabygginga, verksmiðjubygginga, hafnargerða, vegalagninga, brúargerða, símalagninga, rafstöðva, raflagna o. fl. o. fl. Að koma þessum framkvæmdum í verk er það framtíðarstarf, sem fyrir þjóðinni liggur, og hvernig það gengur fer eftir því, hversu vel tekst með framleiðslu atvinnuveganna og aðra fjármálastarfsemi. Að styðja að því, að þetta gangi sem bezt, er og á að vera eitt aðalverkefni Alþingis. En ég fæ ekki séð, að þetta muni ganga neitt betur, þótt fé ríkissjóðsins sé skipt og sumt kallað framkvæmdasjóður og sumt ríkissjóður. Ríkisstjórn og Alþingi hlýtur á hverjum tíma að ráða yfir fénu án tillits til þess, hvort það er í mörgu lagi eða ekki. Á annað er líka að líta í þessu sambandi, eins og nú stendur, og það er, að ríkið og fyrirtæki þess skulda tugi milljóna. Að borga þær skuldir á meðan stríðið stendur tel ég sjálfsagt, að svo miklu leyti sem það fæst vegna gerðra samninga. Þetta vill meiri hl. fjárhagsnefndar einnig gera, en á þann hátt að taka til þess ný lán innanlands. Þetta ætti þá að gerast á þann hátt, að jafnhliða því, sem ríkisstjórnin á að leggja 10—20 milljónir af fé ríkisins inn í landsbankann vaxtalaust og kalla það framkvæmdasjóð, þá á hún að taka annað eins að láni fyrir 4—5% vexti, til að greiða með því erlendar skuldir, ef það fæst. Þetta getur náttúrlega gengið, en ég fellst ekki á, að það sé hagfelld fjármálastjórn.

Þá er þess að geta, að af því fé, sem ríkissjóður á nú handbært, mun þurfa verulega upphæð til verðuppbóta á landbúnaðarafurðir og til annarra ráðgerðra dýrtíðarráðstafana. Hve mikið muni til þessa þurfa að leggja, er enn óvíst, en með tilliti til þess er ekki rétt að ákveða frekari bönd á fénu en þörf er á. Um hina fyrirhuguðu 5 manna nefnd, sem á að hafa umsjón með framkvæmdasjóðnum og gera tillögur til Alþingis um ráðstöfun hans, er það að segja, að ég sé enga nauðsyn á henni. Hún virðist eiga að vera eins konar aukafjárveitinganefnd. Má um það segja, að þetta sé eitt vitni af mörgum um þá frábæru hugkvæmni, sem sumir menn hafa til að bera, þegar um það er að ræða að stofna nýjar nefndir og ný störf. Stjórn ríkisins er því orðin vafin í nefndum og ráðum, og Alþingi hefur á mörgum sviðum við það að fást að yfirfara tillögur frá nefndum og ákveða, hvort álit þessarar eða hinnar eigi að gilda o. s. frv. Það má segja um þessa nýju nefnd, að ekki muni um einn kepp í slátursíðinni. Það skipti ekki næsta miklu máli, þótt einni óþarfri nefnd sé bætt við, en ég get ekki verið með því.

Af framangreindum orsökum legg ég til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ekki er enn vitað, hve mikið af tekjuafgangi ríkissjóðs frá 1941 er hægt að nota til skuldagreiðslu, þar sem ekki er upplýst, hve mikið fé þarf til verðbóta á landbúnaðarafurðir og annarra dýrtíðarráðstafana, og þar sem ekki verður séð, að nein trygging eða umbót sé í því að skipta ríkissjóðnum, þá telur deildin ekki heilbrigt að lögfesta frumvarpið og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 4. maí 1942.

Jón Pálmason.

Ed. 320. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frumvarp þetta verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að bera fram breytingartillögur eða vera með breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 5. maí 1942.

Magnús Jónsson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson.

Ed. 321. Nefndarálit

um frv. til laga um stríðsgróðaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og vill mæla með því. Tveir nefndarm. (MJ og ErlÞ) áskilja sér þó rétt til að bera fram brtt. við það, eða vera með brtt., er fram kunna að koma. BSt áskilur sér og sama rétt við 3. umr., verði breytingar samþ. við 2. umr.

Alþingi, 5. maí 1942.

Magnús Jónsson, form.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson, frsm.

Nd. 322. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Akureyrarbæ lán til aukningar Laxárvirkjuninni og raforkuveitu Akureyrar.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefur tekið til athugunar frumvarp þetta og aflað þeirra upplýsinga, er hún taldi þörf á til að meta nauðsyn og öryggi þeirrar ábyrgðarheimildar, sem farið er fram á að veita með frumvarpi þessu. Auk upplýsinga þeirra, sem greinargerð frumvarpsins veitir, óskaði nefndin upplýsinga um þau atriði, sem eftirfarandi bréf frá hv. flutningsmanni inniheldur:

„Þ. 29. f. m. bárust mér í hendur eftirfarandi fyrirspurnir frá háttv. fjárhagsnefnd Nd. viðvíkjandi Laxárvirkjuninni:

1. Hver var stofnkostnaður Laxárvirkjunar?
2. Hvað skuldar Laxárvirkjunin nú og hvað mikið af því á ábyrgð ríkisins?
3. Hvernig eru samningar um greiðslu á skuldunum?
4. Hverjir njóta rafmagns frá Laxárvirkjun og hverjir eiga að njóta viðbótarinnar?

Svör við framantöldum spurningum eru sem hér segir:

Ad 1. Stofnkostnaður tæp 2½ millj. krónur (2479578).
— 2. Nálega allur stofnkostnaður, að frádregnum samningsbundnum afborgunum. Ríkissjóður hefur ábyrgzt danska lánið, 1700000 kr., að auki eru 300 þús. kr. ísl. lán.
— 3. Danska lánið er 5% lán með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta í 22 ár. Ísl. lánið 6% með jöfnum afborgunum í 20 ár.
— 4. Auk bæjarbúa njóta nú Bretar rafmagns í nokkrum herstöðvum í og kringum bæinn, en auk þess Glerárþorp, Kristneshæli og nú Laugalandsskólinn. Til viðbótar kemur Svalbarðseyri; Húsavík hefur leitað um þátttöku fyrir kauptúnið, Grenjaðarstaðatorfan sömuleiðis. Eyfirðingar ræða nú og mjög að fá rafmagn frá stöðinni. Enn fremur er vitað, að síldarbræðsluverksmiðjurnar á Dagverðareyri og Hjalteyri hafa til yfirvegunar möguleika á þátttöku í rafmagnsnotkun frá stöðinni.

Virðingarfyllst ⅓ 1942.

Sig. E. Hlíðar.

Til fjárhagsnefndar Nd."

Að þessu athuguðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt.

Þá hefur hv. þm. Ísaf. (FJ) borið fram með sérstakri brtt. á þskj. 148 ósk um sams konar ábyrgð fyrir Ísafjarðarkaupstað til aukningar rafvirkjunar fyrir kaupstaðinn. Hefur hann látið nefndinni í té eftirfarandi upplýsingar um það mál:

„Samkvæmt ósk yðar sendi ég yður hér með yfirlit yfir tekjur og gjöld rafveitu Ísafjarðar árið 1941 ásamt yfirliti yfir eignir og skuldir þessa fyrirtækis. Eins og yfirlit þetta ber með sér, hafa tekjur s. l. árs numið kr. 228000, en nettó tekjur umfram gjöld og afskriftir kr. 92323.59.

Upphaflegur stofnkostnaður veitunnar var kr. 1096000, en við það bættist gengistap kr. 90000.

Samkvæmt yfirlitinu skuldar rafveitan nú kr. 989000, — hér af mun vera með ríkisábyrgð kr. 818000, að mestöllu leyti, upphaflegur lánstími 20—25 ár.

Þeir, sem nú njóta rafveitunnar, eru íbúar Ísafjarðarkaupstaðar og Eyrarhrepps, og þar eð rafveitan er orðin þeim of lítil, verða það hinir sömu, er njóta væntanlegrar viðbótar.

Í rafstöðvarhúsinu er nú ein rafmagnsvél, ca. 800 hö., og er afl fengið með pípuleiðslu úr svonefndu Fossavatni. Ætlazt er til að setja upp aðra vél sams konar í sama stöðvarhús og fá afl hennar með þrýstileiðslu úr svonefndu Nónvatni. Ekki þarf að gera neinar breytingar á stöðvarhúsinu sjálfu, né heldur á háspennuleiðslum vegna viðbótarinnar; er hún ráðgerð í samráði við rafmagnseftirlit ríkisins, en fullnaðaráætlun hefur eigi verið unnt að gera, vegna þess að tilboð er enn eigi komið í vélarnar. Mun Steingrímur Jónsson rafveitustjóri hafa það í fórum sínum á leið frá Ameríku og vera væntanlegur heim innan skamms.

Eins og þörfin er mikil fyrir aukningu og tekjur fyrirtækisins eru, virðist það geta staðið straum af fyrirhugaðri viðbót, þótt dýr verði.

Virðingarfyllst

Finnur Jónsson,
þm. Ísafjarðarkaupstaðar."

Getur nefndin einnig fallizt á, að réttmætt sé að veita heimild þessa.

Loks kom einnig fram í nefndinni ósk um sams konar ríkisábyrgð til handa rafveitufélaginu Tungufossi í Rangárvallasýslu fyrir lántöku til virkjunar Tungufossi í Eystri-Rangá, fyrir Rangárvallasýslu. Hafa verið gerðar áætlanir um virkjun þessa,

og er mikill áhugi í héraðinu um að koma henni í framkvæmd. Fara hér á eftir bréf, sem nefndinni bárust um virkjun þessa, bæði frá vegamálastjóra og forstjóra rafmagnseftirlits ríkisins, sem hafa inni að halda áætlunarupphæðir í aðaldráttum um virkjunarframkvæmd þessa.

„**Virkjun Tungufoss.**

Út af fyrirspurn yðar vil ég upplýsa sem hér greinir: Árið 1939 gerði Árni Pálsson verkfræðingur 2 kostnaðaráætlanir um virkjun Tungufoss. Var lokið við þær í september það ár.

Urðu niðurstöðutölur þessar:

1. Virkjun 300 hestafla ..... kr. 150000.00
2. Virkjun 600 hestafla ..... — 225000.00

Meðtalið í þessum kostnaði er vatnsvirkjun öll, þ. e. stíflan, þrýstivatnspípa, orkuver, vatnsvél ásamt allri verkstjórn og vöxtum af stofnkostnaði vatnsvirkjunarinnar meðan á byggingu stendur.

Upplýsingar liggja ekki fyrir nema að nokkru leyti um verðhækkun á efni og vélum, en líklegt er talið, að kostnaður mundi með núverandi verðlagi verða nær þrefaldur við það, sem áætlað var 1939.

Rafmagnseftirlit ríkisins mun hafa gert áætlun um rafvélar og allan rafbúnað í orkuveri og háspennulínu.

Virðingarfyllst.

Geir G. Zoëga.“

„**Viðv. virkjun Tungufoss.**

Samkv. ósk yðar sendum vér yður hér með yfirlit yfir rafmagnshluta 300 og 600 ha. virkjana við Tungufoss.

Áætlunin er gerð árin 1939—40 og miðuð við fyrirstríðsverð.

Niðurstöðutölur áætlananna eru þessar:

1. 300 ha. virkjun (rafmagnshlutinn) ásamt raforkuveitum um Fljótshlíð og Hvolhrepp ..... kr. 303000
2. 600 ha. virkjun (rafmagnshlutinn) ásamt raforkuveitum um Fljótshlíð, Hvolhrepp, Landeyjar og Þykkvabæ ..... — 940000

Samkv. núverandi verðlagi teljum vér sennilegt, að stofnkostnaðurinn yrði:

Fyrir 1. ..... 700000— 800000 kr.
Fyrir 2. ..... 2200000—2500000 kr.

Teikningar nr. 400303 og 400304, er sýna fyrirhugaðar línuleiðir, fylgja hér með.

Virðingarfyllst.

Jakob Gíslason.

Höskuldur Baldvinsson.“

Samkvæmt þessu mun stærri virkjunin kosta nú allt að 3175000 kr.

Telur nefndin rétt, að ríkið gangi í ábyrgð á sama hátt fyrir allt að 80% stofnkostnaðar þessarar rafveitu, eða alls um 2½ millj. króna.

Verður það að teljast réttmætt, að þessi fyrsta stóra rafveita, sem fyrirhuguð er í dreifbýli landsins, fái þegar vissu um sams konar aðstoð frá ríkinu, er til framkvæmda kemur, eins og aðrar stærri rafveitur hafa fengið hingað til. Verður það til að létta aðstöðuna við að koma þessu í framkvæmd.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 2 millj. króna lán fyrir Akureyrarkaup-

stað, og allt að 1 millj. króna lán fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp til aukningar rafveitum þessara kaupstaða. Enn fremur allt að 2½ millj. króna lán fyrir rafveitufélagið Tungufoss í Rangárvallasýslu, til virkjunar Tungufossi í Eystri-Rangá og rafveitu um Rangárhérað. Ábyrgðir þessar skulu því skilyrði bundnar, að lánin séu tekin innanlands og að þær nái aldrei til hærri upphæða en sem nemur 80% af stofnkostnaði viðkomandi framkvæmda.

2. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
   Frv. til laga um heimild til ábyrgðar fyrir lánum handa Akureyrarkaupstað, Ísafjarðarkaupstað og rafveitufélaginu Tungufossi í Rangárvallasýslu til rafveitufram kvæmda.

Alþingi, 5. maí 1942.

Sveinbjörn Högnason, form., frsm.	Jón Pálmason, fundaskr.	Skúli Guðmundsson.
H. Guðmundsson.	St. Stefánsson.	

Ed. 323. Nefndarálit

um frv. til laga um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitum uppsprettum í Skútudal í Siglufirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til meðferðar og fellst á efni þess, en að gefnu tilefni þykir henni rétt að orða frvgr. um og leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Siglufjarðarkaupstað er heimilt að taka eignarnámi heitar uppsprettur og heitt vatn í Skútudal í Siglufirði, ásamt nauðsynlegu landi undir mannvirki til virkjunar heita vatnsins og með rétti til þess að grafa eða bora eftir heitu vatni hvar sem er í landareigninni.
2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frv. til laga um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitu vatni og landi í Skútudal í Siglufirði.

Alþingi, 5. maí 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Magnús Gíslason.

Ed. 324. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 126 9. des. 1941, um viðauka við og breyt. á l. 8. sept. 1941 um húsaleigu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt. Einn nefndarmanna (IngP) ritar þó undir nál. með fyrirvara og áskilur sér rétt til að bera fram breytingartillögur við frv.

Framangreind lög frá 8. sept. f. á. eiga að falla úr gildi 15. júní í ár, en vegna þess að ekki hefur enn rætzt úr húsnæðisvandræðum í kaupstöðum og kauptúnum landsins, telur nefndin óhjákvæmilegt að framlengja lögin um eitt ár og leggur því til, í samráði við viðkomandi ráðuneyti, að lögunum verði breytt í þá átt.

BREYTINGARTILLAGA.

Á eftir 1. gr. frv. kemur ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Í stað orðanna „15. júní 1942“ í 6. gr. laganna komi: 15. júní 1943.

Alþingi, 5. maí 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., með fyrirvara.	Magnús Gíslason, frsm.

Ed. 325. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 126 9. des. 1941, um viðauka við og breyt. á l. 8. sept. 1941 um húsaleigu.

Frá Ingvari Pálmasyni.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

1. gr. laganna hljóði svo:

Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema honum sé þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig eða skyldmenni í beinni línu, svo og fósturbörn, að dómi húsaleigunefndar (fasteignamatsnefndar). Í kaupstöðum með 2000 íbúa eða fleiri er þó slík uppsögn því aðeins heimil, að leigusali hafi verið orðinn eigandi hússins áður en lög þessi öðluðust gildi.

Nd. 326. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Stafholtstungnahreppi landspildu úr Sauðhússkógi.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Stafholtstungnahreppi í Mýrasýslu, eftir mati dómkvaddra manna, þann hluta af landi Sauðhússkógar í Stafholtstungum, sem liggur utan skógargirðingar ríkisins þar, ásamt veiðiréttindum, er því landi fylgja, enda verði hið selda land lagt undir jörðina Stapasel. Námuréttindi eru undanskilin sölunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Landspilda Sauðhússkógar liggur í ofanverðum Stafholtstungum, nærri jörðinni Stapaseli, og er eign kirkjujarðasjóðs. Lengst af hefur land þetta verið leigt ábúanda Stapasels, sem hefur haft af því mikinn styrk, svo sem til slægna, með því að sú jörð er mjög slægnalítil. Mestur hluti Sauðhússkógar er þó skóglendi, vaxið

allþroskamiklum skógi. Nú hefur skógrækt ríkisins látið friða og afgirða skóglendið, og er það vel farið. Eftir er þó utan girðingar landræma nokkur, er liggur upp að landi Stapasels, og eru þar slægnablettir, sem gætu orðið ábúanda þess til nokkurs framdráttar, ef lagðir væru undir jörðina. Þá er lítils háttar veiðiréttur í Gljúfurá, en hið óafgirta land Sauðhússkógar liggur að henni stuttan spöl, og mundi jörð þessi þykja nokkru álitlegri til búskapar, ef veiðiréttur þessi félli til hennar, þótt lítill sé. En það hefur verið á takmörkum, að ábúandi fengist á Stapaselið undan farin ár, og mundi byggð þar tvísýn í framtíðinni, ef ekki nyti lengur við þeirra hlunninda, þó smávægileg séu, er afnot Sauðhússkógar hafa veitt býli þessu.

Virðist ástæðulaust af ríkinu að gera tilkall til annars og meira af landspildu þessari en skógarins sjálfs, er það nú hefur tekið til ræktunar, og færi bezt á því, að það, sem þar er fram yfir, yrði lagt býlinu Stapaseli til eignar og umráða. Mundi því, og þar með byggðinni í Stafholtstungum, verða af þessu nokkur not, en ríkinu verður þetta engin eign. Stafholtstungnahreppur á nú jörðina Stapasel, og er því kaupanna óskað honum til handa.

Ed. 327. Lög

um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí).

Samhljóða þskj. 290.

Sþ. 328. Breytingartillaga

við till. til þál. á þskj. 147 [Menntaskólinn].

Frá Eiríki Einarssyni.

Í stað orðanna „flytja skólann“ í niðurlagi tillögunnar komi: reisa menntaskóla.

Nd. 329. Frumvarp til laga

um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar, og í Reykjavík lögmaður, skulu þegar eftir að lög þessi öðlast gildi gera skrá, hver fyrir sitt umdæmi, um þau þinglýst veðbréf í fasteignum, sem dagsett eru fyrir 1. janúar 1920 og ekki hafa verið afmáð úr veðmálabókunum.

Í skrár þær, sem um er getið í 1. málsgr., skal þó ekki taka þau fasteignaveðsbréf, er standa skulu um aldur og ævi eða alla lífstíð eins eða fleiri eða tiltekinn tíma svo langan, að þau hafi ekki átt að vera greidd að fullu fyrir 1. janúar 1940.

2. gr.

Þegar skrár þær, sem í 1. gr. getur, eru fullgerðar, skal hlutaðeigandi dómari senda eigendum þeirra fasteigna, sem veðsettar eru, og eigendum veðbréfanna fyrirspurn um, hvort veðskuldin muni vera greidd eða ekki.

Nú bera afsals- og veðmálabækur ekki með sér, hver er eigandi fasteignar, og er dómara þá ekki skylt að senda honum fyrirspurn eftir 1. málsgr. þessarar greinar, nema hann á annan hátt viti um eigandann. Hið sama er, ef veðbréf sýnir ekki, hver er eigandi þess, eða hann er látinn eða óvíst er um bústað hans eða hann er fluttur af landi burt, eða stofnun á í hlut, sem liðin er undir lok.

3. gr.

Nú berst dómara svar eða svör við fyrirspurn, sem hann hefur sent samkvæmt 2. gr., og skal hann þá, ef það eða þau að áliti hans sýna, að veðbréf það, sem við er átt, sé ekki greitt að fullu, gera athugasemd um þetta í veðmálabókina, þar sem veðbréfið er skráð, og í fasteignaskrána. Jafnframt gerir hann athugasemd um þetta í skrá þá, sem í 1. gr. getur.

4. gr.

Nú eru liðnir 4 mánuðir frá því er fyrirspurnir þær, sem um er rætt í 2. gr., voru sendar, og skal þá dómari gefa út opinbera stefnu í samræmi við reglurnar um ógildingu viðskiptabréfa með dómi, til ógildingar þeirra veðbréfa, sem í skrá eru tekin samkvæmt 1. gr. og ekki falla burt eftir reglum 2. og 3. gr. Stefna skal í einni stefnu í lögsagnarumdæmi hverju, og birtir dómari stefnuna þrisvar í Lögbirtingablaði. Fyrir birtinguna greiðist ekkert gjald.

Stefnur samkvæmt þessari grein skal birta fyrir 1. apríl 1943.

5. gr.

Þau mál, sem 4. gr. ræðir um, skulu rekin fyrir aukarétti, þar sem dómari er búsettur. Réttargjöld greiðast ekki í þeim málum. Kostnaður við framkvæmd laganna greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Nú gefur einhver sig fram á þeim degi, sem til er tekinn í stefnunni, eða áður, og færir þær líkur eða sannanir, er dómari tekur gildar, fyrir því, að það veðskuldabréf, sem um ræðir, sé ekki að fullu greitt, og fellur þá málið niður, að því leyti sem það bréf snertir, en dómari gerir athugasemd í veðmálabók um þetta eftir reglum 3. gr.

7. gr.

Nú gefur einhver sig fram og skýrir frá, að umstefnt veðskuldabréf sé enn í gildi, en að það hafi glatazt fyrir honum, og skal honum þá veittur frestur, ekki styttri en 1 mánuður og ekki lengri en 6 mánuðir, til þess að færa sönnur á það, að eigandi hinnar veðsettu eignar kannist við veðskuldbindinguna eða að veðhafi hafi undirbúið málssókn til ógildingar bréfinu. Ef veðhafi gerir hvorugt, fer um bréfið eins og segir í 8. gr., en kannist eigandi fasteignarinnar við veðskuldbindinguna, fer um það eftir 6. gr., ella skal bíða dóms í hinu nýja máli, og fer þá um bréfið eftir úrslitum hans.

8. gr.

Um þau veðskuldabréf, sem enginn gefur sig fram sem eigandi að í síðasta lagi á þeim degi, er stefna tilgreinir, skal með dómi ákveða, að þau megi afmá úr veðmálabókum, og skal það síðan gert ókeypis og vísað til heimildar í dóminum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk dómsmálaráðuneytisins, en félag héraðsdómara hefur samið það. Með lögum nr. 20 frá 19. júní 1933 var ákveðið að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum, ef veðbréfin voru dagsett fyrir 1. janúar 1905, og hefur það verið gert. Nú hefur það komið í ljós við ýmis bæjarfógeta- og sýslumannsem-

bætti, að fyrrnefnd heimild nægir eigi lengur, og er því ráðgert með frv. þessu að lögfesta sams konar reglur um að afmá veðskuldbindingar samkvæmt veðbréfum, sem dagsett eru fyrir 1. janúar 1920, eins og lögfestar voru með fyrrgreindum lögum, nr. 20 1933. Af framkvæmd þessari leiðir, að veðmálabækurnar verða ólíkt aðgengilegri og áreiðanlegri heimildir um veðbönd fasteigna en þær hafa áður verið.

Sþ. 330. Nefndarálit

um till. til þál. um lögregluefirlit með samkomum og skemmtunum utan kaupstaða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin fellst á efni tillögunnar og telur, að þessu máli beri að sinna, og leggur til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillögugreinina skal orða svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til þess, að sett sé á stofn lögregla í sveitum og kauptúnum eftir því, sem óskir koma fram um slíkt frá héruðunum. Annast þessir lögreglumenn eftirlit með samkomum og skemmtunum innan héraðs þar, sem reynsla bendir til, að þörf sé á. Ríkissjóður leggur þessum mönnum til lögreglueinkenni.

Kostnaður við störf löggæzlumanna greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu annars staðar að.

Einn nefndarmanna (ÞBr) var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 6. maí 1942.

Einar Árnason, form.	Árni Jónsson, fundaskr.	Jörundur Brynjólfsson, frsm.
Finnur Jónsson, með fyrirvara.	Páll Zóphóníasson.	Eiríkur Einarsson.

Ed. 331. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð.

Frá Hermanni Jónassyni.

Við 2. gr.

Á eftir orðunum „⅓ af kostnaðarverði hússins“ komi: nema alveg sérstaklega standi á og ráðherra veiti samþykki sitt í hvert skipti, og þó ekki lengur en byggingarkostnaður er meira en þrefaldur miðað við 1939.

Nd. 332. Frumvarp til laga

um framkvæmdasjóð ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofna skal sjóð, er heitir: **Framkvæmdasjóður ríkisins.** Hlutverk sjóðs þessa er að veita fé til nauðsynlegra framkvæmda í þarfir atvinnuveganna, að styrjöldinni lokinni.

2. gr.

Ríkissjóður skal greiða til framkvæmdasjóðsins 10 milljónir króna af tekjuafgangi ríkisins árið 1941. Enn fremur skal greiða til sjóðsins ⅗ hluta þess tekjuafgangs, sem verða kann á ríkisreikningi árið 1942. Fé framkvæmdasjóðsins skal geymt í Landsbanka Íslands.

3. gr.

Fé framkvæmdasjóðs ríkisins má eingöngu verja til ákveðinna verklegra framkvæmda, samkvæmt sérstökum ákvörðunum Alþingis.

4. gr.

Reikningur framkvæmdasjóðsins skal endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna og birtur með ríkisreikningi ár hvert.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 333. Lög

um lendingarbætur í Skipavík.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí).

Samhljóða þskj. 300.

Ed. 334. Lög

um breyting á lögum nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí).

Samhljóða þskj. 249.

Nd. 335. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 12. febr. 1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Meiri hlutinn (JPálm, SkG, StSt og SvbH) er á móti frv. Minni hlutinn vill hins vegar samþykkja frumvarpið.

Aðalatriði frumvarpsins eru þessi:

Gengi íslenzku krónunnar verði hækkað til samræmis við það, sem það var skráð 1939, fyrir gengislækkunina. Ríkissjóður skal bæta bönkunum þann halla (nettóhalla), sem þeir verða fyrir við gengishækkunina. Til þess að gera honum það kleift skal leggja sérstakan eignarskatt á stríðsgróðann, er nemi 15% af eignaaukningu eignarskattsgjaldenda, sem orðið hefur árin 1940 og 1941 og er umfram 75 þús. kr. hjá hverjum einstökum gjaldanda. Enn fremur skal ríkissjóður, meðan brezk-íslenzki samningurinn er í gildi, þ. e. til 30. júní n. k., greiða þeim framleiðendum, sem bundnir eru af föstu verði í samningnum, það tjón, sem þeir verða fyrir vegna gengishækkunarinnar.

Frumvarpinu fylgir ýtarleg greinargerð, og vill minni hlutinn vísa til hennar til rökstuðnings fyrir afstöðu sinni. Þau rök, sem falla undir gengishækkun nú, eru svo sterk, að það verður að hans dómi með engu móti réttlætt að nota nú ekki tækifærið til þess að hækka krónuna. Meðan okkur var óheimilt að hækka krónuna vegna samninga við Breta, var óspart látið í ljós í blöðum Sjálfstæðis- og Framsóknarflokksins, að æskilegt væri að hækka krónuna á ný, en nú, þegar við höfum fulla heimild til þess að breyta genginu, snúast þessir flokkar öndverðir gegn því, án þess þó að tilgreina ástæður fyrir því.

Í greinargerð frv. kemur fram sú skoðun, er ýmsir hagfræðingar, sem um málið hafa ritað, hafa einnig látið í ljós, að gengishækkunin mundi vera einfaldasta og öflugasta dýrtíðarráðstöfunin, sem völ er á. Þessu hefur ekki verið mótmælt með rökum. Einnig hefur verið bent á hið aukna öryggi allra sparifjáreigenda af gengishækkun.

Eignaaukning sú, sem skatturinn, 15%, leggst á, stafar svo að segja öll af hreinum stríðsgróða, sem að miklu leyti er til orðinn af þeim ástæðum, að bankarnir hafa keypt erlendan gjaldeyri of háu verði.

Minni hlutinn er þeirrar skoðunar, að gengishækkunin sé einnig — auk þess að vera bezta dýrtíðarráðstöfunin — stórfellt réttlætismál gagnvart öllum launþegum og sparifjáreigendum, sem tóku á sig byrðar gengislækkunarinnar 1939 af þjóðarnauðsyn. Þá var aðalástæðan til gengislækkunarinnar talin taprekstur atvinnuveganna og þó fyrst og fremst togaraútgerðarinnar og gífurlegur gjaldeyrisskortur. Lausaskuldir bankanna voru orðnar á 15. millj. kr. í apríl 1939. Nú hafa atvinnuvegirnir, sérstaklega stórútgerðin, setið að stórfelldum gróða á þriðja ár, og þjóðin á gjaldeyrisvarasjóð, sem nemur hátt á annað hundrað milljón krónum.

Minni hlutinn vill í þessu sambandi vitna til ummæla Ólafs Thors atvinnumálaráðherra, formanns Sjálfstæðisflokksins, er hann viðhafði á Alþingi 10. júní 1941 í umræðum um dýrtíðarmálin:

„Ég er þeirrar skoðunar, að hækka ætti íslenzka krónu, ef unnt væri. Ég stóð fast með því að verðfella hana 1939, því að þá sá ég ekki önnur ráð til þess, að framleiðsla til útflutnings gæti borið sig. Þeir, sem þá vildu fella, hljóta nú, þegar flest er gerbreytt, að hneigjast að því að hækka krónuna. Meginhluti íslenzkrar framleiðslu stendur nú þannig, að hann mundi fá borið hækkun, og þann skell, sem hann fengi af henni, mundi hann hljóta að fá fyrr eða síðar, þegar verðlag hrapar. Þegar vel árar þannig, er tíminn til að bæta þeim tjónið aftur, sem biðu það við gengislækkunina, og það er ekki margt auðmanna í þeim hópi, heldur oft peningalitlir menn, sem mega ekki við því, að spariskildingarnir rýrni, og þjóðfélagið má ekki við því, að menn missi trúna á, að eitthvað þýði að spara.

Ég skal játa, að þótt Bretinn vildi heimila okkur sjálfræði um hækkun krónunnar, væri eftir að ráða fram úr ýmsum vandamálum í því sambandi. Við megum ekki alveg gleyma þeim 5—6 millj. sterlingspundum, sem við eigum frystar í Bretlandi, og getum engu breytt, nema við treystum okkur til að verðfella þær."

Þessar hugleiðingar formanns Sjálfstæðisflokksins virðast eiga við engu síður í dag en fyrir tæpu ári síðan. Hindranirnar fyrir hækkun krónunnar, sem voru í

samningnum við Breta, eru nú fallnar burtu. Að öðru leyti er viðhorfið að mestu hið sama, nema hvað gengishækkunin verður nauðsynlegri með hverjum mánuði, sem líður.

Ég legg því til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 6. maí 1942.

Haraldur Guðmundsson.

Ed. 336. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Erlendi Þorsteinssyni.

1. Við 3. gr.
   a. 4. málsgr. orðist svo:
      Ef nokkuð af ársarði þessara félaga er lagt í varasjóð, eru ¾ hlutar þeirrar upphæðar undanþegnar tekjuskatti og koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna, þó eigi hærri fjárhæð en nemur ⅕ — einum fimmta — af hreinum tekjum félags áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum. Hjá þeim félögum, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, og félögum, sem samkv. lögum geta ekki úthlutað varasjóði sínum við félagsslit, sbr. t. d. 3. gr. l. nr. 46 13. júní 1937, má þó sá hluti varasjóðstillagsins, sem er undanþeginn tekjuskatti og kemur til frádráttar, nema ⅓ — einum þriðja — af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur, samvinnuskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum.
   b. Á eftir b-lið komi nýr liður, er verði c-liður, svo látandi:
      Ver fé til einhvers annars, sem er óviðkomandi rekstrinum, t. d. kaupa á eignum, hvers eðlis sem eru, sem ekki geta talizt nauðsynlegar við rekstur félagsins. Undanskilin eru þó opinber verðbréf ríkis og bæjarfélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð, svo og eignir, sem félag hefur orðið að taka í sambandi við reksturinn, án þess að um bein eignakaup sé að ræða.
   c. c-liður verði d-liður, og upphaf hans orðist svo:
      Kaupir eign, sbr. c-lið, óeðlilega háu verði ...
2. Tvær seinustu málsgr. 7. gr. falli niður.

Ed. 337. Breytingartillaga

við frv. til laga um stríðsgróðaskatt.

Frá Erlendi Þorsteinssyni.

Við 4. gr. Greinin falli niður.

Nd. 338. Breytingartillögur

við till. til þál. um undirbúning löggjafar um hlutatryggingafélög.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

1. Í stað orðanna „hlutatryggingafélög í veiðistöðvum“ í till. komi: hlutatryggingar á fiskiskipum.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði:
   Tillaga til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um hlutatryggingar á fiskiskipum.

Ed. 339. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir Reykjavíkurbæ til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. maí 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson.	Ingvar Pálmason,	Magnús Gíslason,
form.	fundaskr.	frsm.

Ed. 340. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 11. júní 1938, um byggingarsamvinnufélög.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 7. maí 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson,	Ingvar Pálmason,	Magnús Gíslason.
form., frsm.	fundaskr.	

Nd. 341. Breytingartillaga

við frv. til l. um framkvæmdasjóð ríkisins.

Frá Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.

Síðari málsliður 1. greinar orðist svo:
Hlutverk sjóðs þessa er að veita fé til fyrirtækja, er ríkið stofnsetur í því skyni að skapa nýjar eða efla eldri framleiðslugreinar, svo sem framleiðslu tilbúins áburðar og steinlíms, skipasmíði o. fl., sem landsmönnum eru nauðsynlegar til að auka atvinnulíf sitt og gera það sjálfstæðara.

Nd. 342. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað „6000“ í síðustu málsgr. 9. gr. laganna komi: 7500.

2. gr.

12. gr. laganna orðist þannig:

Skilyrði fyrir byggingarstyrk eru, að umsækjandi leggi fram skilríki samkvæmt ákvæðum 1.—7. töluliðs 7. gr. og enn fremur skilríki fyrir:

1. Að húsakynni séu óhæf til íbúðar að áliti hreppstjóra og héraðslæknis.
2. Að jörðin sé í sjálfsábúð eða falli undir ákvæði laga um erfðaábúð og óðalsrétt.
3. Að fasteignamat (millimat) bæjarhúsa sé ekki yfir 3000 kr. Þó er nýbýlastjórn heimilt að víkja frá þessu ákvæði, ef sérstök nauðsyn er á og hún öll sammála. Samþykki ráðherra þarf þó til þess í hvert skipti.

Framlagið til hvers býlis má vera 500—1500 kr., að viðbættum þeim hundraðshluta, er byggingarkostnaður hefur, þegar húsið er reist, hækkað frá 1939, samkvæmt útreikningi teiknistofu landbúnaðarins.

Ef hús jarðar eyðast eða spillast mjög af völdum bruna eða annarra náttúruafla, þeirra sem hús verða ekki tryggð fyrir að fullu, og ábúandi getur ekki byggt aftur með þeirri aðstoð, sem lög þessi gera ráð fyrir, er nýbýlastjórn heimilt, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að veita hærri byggingarstyrk. Aldrei má þó framlag samkvæmt þessari grein vera meira en ⅓ af kostnaðarverði hússins, nema alveg sérstaklega standi á og ráðherra veiti samþykki sitt í hvert skipti, og þó ekki lengur en byggingarkostnaður er meira en þrefaldur miðað við 1939. Til íbúðarhúsbygginga, þar sem um lán og styrk er að ræða, má láns- og styrksupphæðin samtals ekki fara yfir 10500 krónur til hvers býlis.

Lokagreiðsla fer fram, þegar fullnaðarreikningur er kominn yfir byggingarkostnaðinn.

3. gr.

Fyrir „4500“ í 33. og 35. gr. laganna komi: 6000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 343. Breytingartillaga

við till. til þál. um undirbúning löggjafar um hlutatryggingafélög.

Frá Finni Jónssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna milliþinganefnd, til þess að athuga og gera tillögur um löggjöf um hlutatryggingar og leggja frumvarp um mál þetta fyrir næsta reglulegt Alþingi. Sé einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, annar eftir tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna og hinn þriðji eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands.

Nd. 344. Nefndarálit

um frv. til l. um að veita Baldri Óla Jónssyni leyfi til að stunda tanndrátt og tannfyllingar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. maí 1942.

Bergur Jónsson, form. Finnur Jónsson, fundaskr. Gísli Guðmundsson, frsm.
Jóh. G. Möller. Garðar Þorsteinsson.

Nd. 345. Nefndarálit

um frv. til l. um styrk til Íslendinga vestan hafs til náms í íslenzkum fræðum í Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. gaumgæfilega og fellst á að mæla með því, að það nái fram að ganga með eftirgreindum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Kennslumálaráðherra skal heimilt að veita manni af íslenzkum ættum, einum í senn, sem búsettur er í Kanada eða Bandaríkjum Norður-Ameríku og lokið hefur stúdentsprófi þar, styrk úr ríkissjóði til náms í íslenzkum fræðum í heimspekideild Háskóla Íslands.
2. Við 2. gr. Fyrri hluti gr. orðist svo:
   Námsstyrkur samkv. 1. gr. skal miðaður við það, að nemandinn fái greiddan hæfilegan kostnað af húsnæði, fæði og kaupum nauðsynlegra námsbóka. Ráðherra úrskurðar o. s. frv.
3. Við 3. gr. Fyrir „5 ár“ í 2. málsgr. komi: 4 ár.

Alþingi, 6. maí 1942.

Bjarni Bjarnason, form. Gísli Sveinsson, fundaskr., frsm. Þorsteinn Briem.
Pálmi Hannesson. Ásgeir Ásgeirsson.

Ed. 346. Hafnarlög

fyrir Neskaupstað.

(Afgreidd frá Ed. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 313.

Ed. 347. Lög

um breyting á lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum.

(Afgreidd frá Ed. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 314.

Ed. 348. Lög

um læknisvitjanasjóði.

(Afgreidd frá Ed. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 233.

Nd. 349. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. GÞ og JGM áskilja sér rétt til að flytja brtt. við frv.

Alþingi, 7. maí 1942.

Bergur Jónsson, form., með fyrirv.	Finnur Jónsson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson, frsm.
Garðar Þorsteinsson.	Jóh. G. Möller.	

Sþ. 350. Tillaga til þingsályktunar

um skipan raforkumála í byggðum landsins.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Bjarni Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram, undir umsjón rafmagnseftirlits ríkisins, ýtarlega athugun á því, á hvern hátt auðveldast verði að koma rafmagni til sem allra flestra byggðra býla landsins, og hvernig tryggja megi, að framkvæmd í því efni verði sem allra fyrst.

Við rannsóknina skal sérstaklega athuga:

1. Um skilyrði til vatnsaflsvirkjunar í þorra fallvatna hér á landi til raforkuvinnslu handa heilum landshlutum, einstökum sveitum eða bæjahverfum og einstökum býlum.
2. Á hvern hátt hyggilegast er að fullnægja raforkuþörf landsmanna hvarvetna á landinu, sérstaklega það, hvort hagkvæmara er á hverjum stað að vinna orkuna í smáu orkuveri í námunda við notkunarstaðinn eða taka hann úr sameiginlegri orkuveitu, sem lögð yrði frá stærra orkuveri um byggðarhverfi, sveit eða heilan

landshluta, svo og hvernig hagkvæmast er að afla þeim býlum raforku, sem þannig eru sett, að ekki er talinn kostur að afla þeim raforku frá vatnsaflsstöð.
3. Hvernig taka beri upp skipulega framkvæmd þess að afla öllum landsmönnum nægrar raforku, en þó sérstaklega þeim, sem enn njóta einskis rafmagns.

Greinargerð.

Hér á landi munu nú um 80000 manns hafa rafmagn, en heita má þó, að það séu nær eingöngu þeir, sem í kaupstöðum og kauptúnum búa, sem rafmagns njóta, til sveita naumast fleiri en rúmlega 5000 manns. Afl allra rafstöðva landsins er þó enn ekki nema um 20000 kw. Í mörgum kaupstöðum og kauptúnum hafa menn raforku aðeins til ljósa, og hvarvetna er nú hinn tilfinnanlegasti skortur á raforku. Fullvíst má telja, að vinnsla og notkun raforku muni vaxa ört hér eftir sem hingað til, og þó væntanlega í enn stærri stíl.

Um raforkuvinnslu og raforkunotkun stöndum við enn að baki margra annarra Evrópulanda. Má þar t. d. nefna Noreg, Sviss, Svíþjóð, Bretland, Þýzkaland, Belgíu. T. d. hefur Noregur um það bil fjórum til fimm sinnum meira.

Á undanförnum árum og áratugum hafa fram farið margar einstakar athuganir og rannsóknir virkjunarskilyrða. Að sjálfsögðu hafa þær vatnsaflsvirkjanir og raforkuveitur, sem þegar eru gerðar, verið undirbúnar með athugunum og áætlunum. Fjöldi annarra athugana hefur einnig verið gerður, fyrst og fremst í þágu kaupstaða og kauptúna, en einnig á vegum sveitabyggða og einstakra býla. Á árunum 1921—1923 voru gerðar áætlanir um virkjun Andakílsfossa og raforkuveitu um sveitir Borgarfjarðar. Gerði Steingrímur Jónsson rafmagnsstj. þær áætlanir. Síðan hefur bæði vegamálaskrifstofan, rafmagnseftirlit ríkisins, einstakir verkfræðingar, raffræðingar og rafvirkjameistarar eftir beiðni víðsvegar að gert áætlanir um virkjanir og orkuveitur. Skrá rafmagnseftirlitsins yfir þennan hluta af starfsemi þess telur þegar yfir 80 mál.

Á árunum 1930—32 starfaði hin fyrri raforkumálanefnd, skipuð af þáverandi atvinnumálaráðherra, Tryggva Þórhallssyni, en í henni áttu sæti Geir Zoëga vegamálastj., Steingrímur Jónsson, rafmagnsstj. og Jakob Gíslason, rafmagnsverkfr. Hún skilaði á þingi 1930 „Bráðabirgðaskýrslu um rannsókn á raforkuveitum utan kaupstaða“ (þingskjal 558, Nd. 1930). Síðar skilaði hún annarri skýrslu um raforkuveitur um Suðvesturland. Voru þar m. a. gerðar lauslegar kostnaðaráætlanir um raforkuveitur, sem næðu til allflestra býla í Rangárvalla-, Árnes-, Gullbringu- og Kjósarsýslum.

Alþingi 1932 samþykkti lög um undirbúning á raforkuveitum til almenningsþarfa (nr. 28 23. júní 1932). En þau lög urðu til þess, að raforkumálanefndin eldri hætti störfum, og frekari rannsókn um rafveitur þessar voru ekki gerðar fyrr en Ljósafoss í Sogi var virkjaður fyrir Reykjavíkurbæ.

Um áramótin 1936—37 skipaði atvinnumálaráðherra fimm manna nefnd. Hún var skipuð fulltrúum frá þingflokkum og skrifstofustjóra atvinnumálaráðuneytisins, auk Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra, en verkfræðingar ríkisins skyldu vera henni til aðstoðar. Sú nefnd skilaði löngu og merkilegu áliti í marz 1938, og fylgdu því tvö lagafrumvörp. Annað þeirra var frumvarp til laga um rafveitur ríkisins, sem borið hefur verið fram á mörgum þingum síðan og Alþingi það, er nú starfar, hefur gert að lögum með litlum breytingum. Hitt var frumvarp til laga um orkuráð, sem einnig var borið fram á Alþingi, en ekki hefur náð samþykki þingsins.

Þegar litið er yfir sögu þessara rannsókna, virðast þær hafa verið ófullnægjandi og komið að minna gagni en æskilegt hefði verið, og er það sakir þess, hversu óskipulagsbundnar rannsóknirnar voru. Þó byrjað hafi verið á rannsóknum í þessu máli í ýmsum héruðum landsins, hefur þeim jafnan verið fljótlega hætt aftur.

Aðrar þjóðir létu þegar snemma á þessari öld fram fara skipulagsbundnar

rannsóknir á því, hvernig hagnýta mætti orkulindir landsins í þágu landsmanna. Í Noregi starfaði sérstök nefnd, „den kongelige Elektricitetsforsynings Kommission", á árunum 1919—23 og skilaði heildaráætlun um raforkuvirkjun í landinu (svonefnd Heggstadsáætlun). Í Svíþjóð og Bretlandi og víðar voru á sínum tíma sams konar nefndir starfandi.

Þó að slík heildaráætlun sé gerð, þá er hún að sjálfsögðu ekki bindandi um aldur og ævi. Frá henni yrði breytt eftir því, er reynslan síðar bendir til, að betur mætti fara. En hún hefur engu að síður sína miklu þýðingu.

Það yrði langt mál, ef gera ætti fulla grein fyrir því, hvaða verkefni, rannsóknir og skipulagningar á þessu sviði eru enn óleyst hér á landi. En nokkur atriði skal drepið á.

Rannsókn sjálfra orkulinda landsins, svo sem fallvatna, og virkjunarskilyrða þeirra er enn skammt á veg komin. Vatnsmagnsmælingar, sem telja verður grundvöll þeirra rannsókna, höfum við vanrækt mjög. Stöndum við í þeim efnum langt að baki annarra menningarþjóða. Þannig hafa t. d. Norðmenn og Svíar síðan um aldamót látið fram fara stöðugar og kerfisbundnar mælingar á vatnsmagni í öllum þorra fallvatna þeirra landa, gefið árlega út skýrslur um þær og á tíu ára fresti ýtarlegt yfirlit, en í Svíþjóð hefur um nokkurra ára bil verið gefið út á ári hverju rit um vatnsrennslishorfur næsta árs („Vannstandsprognoser"). Vatnsrennslismælingum þurfum við nú þegar að koma í viðunandi horf.

Nokkrir stærstu kaupstaðir landsins hafa látið fram fara á undanförnum árum ýtarlegar rannsóknir á skilyrðum til vatnsaflsvirkjana og orkuvinnslu fyrir sig og eru við því búnir að bæta úr vaxandi orkuþörf íbúanna um margra ára skeið. Aðrir kaupstaðir og fjöldi kauptúnanna hafa enn ekki leyst þetta mikilsverða vandamál, og liggja til þess ýmsar ástæður.

Eins og að framan er getið, hafa farið fram rannsóknir og áætlanir verið gerðar um raforkuveitur um sveitir sumra stærstu og fjölmennustu héraða landsins, en þá rannsókn má þó telja of einhliða og ófullkomna, ef ekki eru til samanburðar einnig athuguð skilyrði til orkuvinnslu úr nærtækari orkulindum. Má í því sambandi benda á það, að til mála virðist geta komið, að jafnvel þar, sem ráðgert yrði eða síðar kæmi sameiginleg raforkuveita um heilt hérað, væru í fyrstu gerðar minni raforkuveitur um einstök hverfi út frá smáum orkuverum, ef löng bið yrði talin kunna verða á því, að héraðsveita kæmist upp, en hinar smáu orkuveitur yrðu síðar hlutar hennar.

Augljóst er, að svo umfangsmiklar rannsóknir og áætlanagerðir sem hér ræðir um muni verða allkostnaðarsamar, taka langan tíma og binda þó allmikla starfskrafta, ef þær eiga að vera svo ýtarlegar, að þær nái tilgangi sínum. Að sjálfsögðu verða þó talsverð not að þeim rannsóknum og áætlunum, sem þegar hafa verið gerðar, en þeim áætlunum þarf að safna saman, samræma þær og fella inn í heildarverk alls landsins. Og þó að stofnað sé til nokkurra gjalda með þessum rannsóknum, þá er hér um svo þýðingarmikið þjóðnytjamál að ræða, að við teljum það með öllu óverjandi, ef ekki verður nú þegar hafizt handa um þessar rannsóknir og undirbúning, svo að jafnskjótt og nokkrir möguleikar verða fyrir hendi verði unnt að hefjast handa um stórfelldar framkvæmdir í orkuverabyggingum og rafleiðslum víðs vegar um byggðir landsins.

Ed. 351. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Erlendi Þorsteinssyni.

Við 14. gr. b. (56. gr.). Í stað „50%" í fyrstu málsgr. komi: 70%.

Ed. 352. Breytingartillaga

við frv. til laga um stríðsgróðaskatt.

Frá Bjarna Snæbjörnssyni.

Við 2. gr. Niðurlag greinarinnar, frá orðinu „innheimtur“ í síðari málsl., orðist svo: Til útborgunar á því ári, sem skattur er lagður á, kemur þó ekki hærri fjárhæð en nemur 2 krónum á móti hverjum 3 krónum, sem jafnað er niður í útsvörum í sveitarfélaginu á árinu. Afgangurinn skal vera í vörzlum ríkissjóðs, en eign viðkomandi sveitarfélags, og skal greiðast sveitarfélaginu, þegar því er brýn þörf á fénu til atvinnubóta.

Ed. 353. Frumvarp til laga

um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitu vatni og landi í Skútudal í Siglufirði.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Siglufjarðarkaupstað er heimilt að taka eignarnámi heitar uppsprettur og heitt vatn í Skútudal í Siglufirði, ásamt nauðsynlegu landi undir mannvirki til virkjunar heita vatnsins og með rétti til þess að grafa eða bora eftir heitu vatni hvar sem er í landareigninni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 354. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt fyrirliggjandi frv. og einnig sent það til umsagnar fræðslumálastjóra. Er lagt til, í samráði við hann, að háttvirt deild samþykki frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Á undan 1. gr. frv. komi tvær nýjar greinar, er verði 1. og 2. gr., svo hljóðandi:
   a. (1. gr.) Aftan við 1. gr. laganna bætist: Þó er heimilt að greiða styrk lestrarfélögum í kauptúnum, þótt sýslubókasafn sé þar starfandi, ef það hefur eigi sams konar bókakost.
   b. (2. gr.) 5. gr. laganna skal orða svo:
      Fræðslumálastjóri úthlutar styrk til lestrarfélaga ár hvert, svo fljótt sem auðið er, fyrir næsta ár á undan, eftir því sem tekjur sjóðsins hrökkva til.
2. Við 1. gr. frv., sem verður 3. gr. Greinin orðist þannig:
   Úthluta skal tekjum sjóðsins milli lestrarfélaga, og má greiða hverju þeirra fjárhæð, sem nemur helmingi af samanlögðum félagsmanna- og afnotagjöldum og styrk úr hrepps- og sýslusjóði. Þó má eigi greiða neinu félagi hærri fjárhæð en sem svarar 2 kr. fyrir hvern félagsmann, sem árgjald hefur greitt, eða

4 kr. á heimili. Enn fremur má veita lestrarfélagi aukastyrk, ef tekjur sjóðsins leyfa, og skal miða hann við bókakaup félagsins, útlán bóka og aðra aðstöðu.

3. Á eftir kemur ný gr., sem verður 4. gr.
   7. gr. laganna orðist svo:
   Fræðslumálastjóri ákveður um skýrsluskil lestrarfélaga.
4. 2. gr. frv. verður 5. gr.

Alþingi, 7. maí 1942.

Bjarni Bjarnason, form., frsm.	Gísli Sveinsson, fundaskr.	Þorsteinn Briem.
Pálmi Hannesson.	Ásgeir Ásgeirsson.	

Ed. 355. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 7. maí 1942.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 356. Nefndarálit

um frv. til laga um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 5. gr. Í stað „30000“ í 2. málsgr. komi: 50000.
2. Við 11. gr. Niðurlag 4. málsgr. orðist þannig: Einnig olíur, farfi og brennsluforði.
3. Við 29. gr. Á eftir orðunum „sem þrisvar“ í 2. málsgr. komi: á sama tryggingarári.
4. Við ákvæði til bráðabirgða. Tölul. 2. orðist þannig:
   Bátaábyrgðarfélag það, er nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga til ársloka 1944. Þó skal því skylt að tryggja skip og báta, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna.

Alþingi, 7. maí 1942.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Sþ. 357. Tillaga til þingsályktunar

um lögregluefirlit með samkomum og skemmtunum utan kaupstaða.

(Eftir fyrri umr.).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til þess, að sett sé á stofn lögregla í sveitum og kauptúnum eftir því, sem óskir koma fram um slíkt frá héruðunum. Annast þessir lögreglumenn eftirlit með samkomum og skemmtunum innan héraðs þar, sem reynsla bendir til, að þörf sé á. Ríkissjóður leggur þessum mönnum til lögreglueinkenni.

Kostnaður við störf löggæzlumanna greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu annars staðar að.

Nd. 358. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 8. maí 1942.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Steingr. Steinþórsson.

Pétur Ottesen. Haraldur Guðmundsson.

Nd. 359. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 23. júní 1937, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

Frá Garði Þorsteinssyni og Jóhanni G. Möller.

Við 1. gr.

a. Í stað „6 mánuði“ kemur: 4 mánuði.
b. Við greinina bætist: Laun í slíkum tilfellum skulu vera minnst 400 krónur á mánuði frá ríkissjóði og 100 krónur annars staðar að, hvort tveggja auk dýrtíðaruppbótar.

Sþ. 360. Þingsályktun

um stofnfé Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

(Afgreidd frá Sþ. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 191.

Ed. 361. Nefndarálit

um frv. til l. um sérleyfi til þess að veita raforku frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og m. a. rætt það við forstöðumann rafmagnseftirlits ríkisins.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 8. maí 1942.

Páll Hermannsson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Bjarni Snæbjörnsson.

Sþ. 362. Þingsályktun

um menntaskólann í Reykjavík.

(Afgreidd frá Sþ. 8. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi tillögur um framtíðarhúsakost og hentugan stað fyrir menntaskólann í Reykjavík.

Nd. 363. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1941, um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur ekki getað orðið sammála um mál þetta. Jón Pálmason, sem jafnframt er flutningsmaður þess, vill láta samþykkja það, en undirritaðir nefndarmenn vilja vísa því frá. PO mun gera sérstaka grein fyrir afstöðu sinni til málsins.

Nefndin sendi frv. til álits og umsagnar búnaðarþings, svo og sauðfjársjúkdómanefndar. Lögðu báðar þessar stofnanir á móti málinu, og fylgja álitsgerðir þeirra hér á eftir.

1. Tillaga búnaðarþings.

Búnaðarþing getur ekki fallizt á að leggja til við Alþingi, að frumvarp til laga um breyt. á lögum nr. 75 27. júní 1941, um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim, verði samþykkt í þeirri mynd, sem það liggur fyrir, en mælir með því, að lögunum sé breytt þannig, að á eftir 27. gr. 5. lið komi ný málsgr., svo hljóðandi:

„Auk þess komi til greina fjáreigendur á mæðiveikisvæðunum, er koma sér upp fjárstofni þannig, að aðstaða þeirra verði hliðstæð við bændur, er styrks njóta.“

(Samþykkt á búnaðarþingi 1942, með 18 samhlj. atkv.)

2. Álit sauðfjársjúkdómanefndar.

Sauðfjársjúkdómanefnd leyfir sér að láta uppi eftirfarandi álit sitt um frv. á þskj. 11, eftir beiðni landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis:

Frv. þetta felur í sér mjög verulegar breytingar á gildandi lögum að því er snertir stuðning til þeirra manna, er bíða tjón af völdum sauðfjársjúkdóma.

1. Allur styrkur til vegabóta á fjárpestarsvæðunum mundi hverfa, svo og aukajarðræktarstyrkur og styrkur til nýrra fyrirtækja, sem gera framleiðslu bænda verðmæta eða fjölbreytta.

Þetta telur sauðfjársjúkdómanefnd varhugavert. Þótt svo hafi verið tvö síðustu árin, að þessir styrkir hafi ekki numið mjög verulegum upphæðum, koma þeir, einkum þar, sem veikin er í byrjun, að góðum notum og skapa varanleg verðmæti. Sú mikla atvinna, sem nú er víða, getur einnig þverrað skyndilega. Þá er ekki úr vegi að auka þessa hjálp aftur, eftir því sem við á.

2. Ætlazt er til, að uppeldisstyrkur verði lögfestur og verði kr. 25.00 á hvert lamb á þeim heimilum, þar sem veiki hefur verið í eitt ár, og breytist upphæðin eftir verðlagsvísitölu, sem þó er mjög óljóst, hvernig reikna skuli. Það ákvæði út af fyrir sig, að styrkurinn breytist eftir verðlagsvísitölu, getur nefndin fallizt á, enda verði sett skýr ákvæði um það, hvernig sú vísitala sé fengin, sem miða skal við.

Á þetta nýja úthlutunarfyrirkomulag væntanlega að koma í veg fyrir þá „rótgrónu" óánægju, sem talað er um í greinargerð frumvarpsins með úthlutun sauðfjársjúkdómanefndar á uppeldisstyrkjum undanfarið. Annars er ekki að furða, þótt óánægja komi fram, ef víða er jafnmikið hallað réttu máli um framkvæmd þessara mála og í greinargerð frumvarpsins. Það er rangt, að nokkur verulegur ágreiningur hafi verið um úthlutunaraðferðir. Upphæð styrkja hefur aftur á móti þótt lág, en þar er úthlutunarnefndin bundin af fjárveitingu Alþingis. Á síðasta ári gat nefndin þó fengið leyfi ríkisstjórnar til þess að úthluta allmiklu hærri upphæð en fjárlög tiltóku, og var það gert, eins og hjálögð skýrsla um úthlutun sýnir. Það er og mjög rangt, sem segir í greinargerð, að menn, sem byrja að eignast fé, fái „enga aðstoð fyrr en fé þeirra fer að drepast umfram 20% á ári." Sannleikurinn er sá, eins og hjálagðar reglur sýna, að menn fá uppeldisstyrk, ef meira þarf til alls viðhalds á ærstofninum en 20%. Venjulegt viðhald er talið 15—17%, og skýtur hér mjög skökku við, nema því aðeins, að ætlazt sé til þess, að sauðfjársjúkdómanefnd geri rollurnar eilífar.

Nefndinni er það ljóst, að erfitt muni vera að úthluta þessu styrktarfé svo, að engir verði óánægðir. Reynslan sýnir, að nærri eins oft er óánægjan yfir því, að aðrir fái of mikið, eins og því, að aðili sjálfur fái of lítið. En úr þessu mun frumvarpið alls ekki bæta, nema síður sé. Í greinargerðinni er gert mikið úr ótta manna við að setja lömb á, þegar veiki er komin í fé. Þessi ótti er nú víðast að hverfa, sem betur fer. Því meira, sem sett er á, því fljótar velst úr fénu það, sem næmast er, og því fyrr er hægt að koma upp sterkari fjárstofni. Nú gerir frumvarpið ráð fyrir því, að fullur styrkur sé veittur á öll ásett lömb hjá þeim, sem veikina hafa haft í fé sínu í eitt ár, og þá einnig hjá þeim, sem búsettir eru í þeim héruðum, sem veikin er búin að hreinsa úr það næmasta af fénu og nú fyrst eru að koma fyrir sig bústofni. Þeir hafa því komizt hjá hinu mikla tjóni af völdum veikinnar, er hún flæddi yfir. Samkvæmt núgildandi ákvæðum fá þessir menn bætt að allverulegu leyti vanhöld á fé sínu, sem fara yfir venjulegt viðhald fjárstofnsins á sama hátt og bændur. En með frumvarpinu er þeim auk þess ætlaður bústofnsstyrkur, sem þeir geta ákveðið sjálfir, þ. e. eftir því, hve mörg lömb þeir setja á. En hvað um hina, sem búa á næstu grösum og geta fengið veikina á hverri stundu? Þeir mundu óðar krefjast hins sama fyrir sig, og lítil sanngirni í að neita þeim, því aðeins örlítill stigmunur væri á hættunni. Nú eru ekki eftir á landinu meira en ⅓ til ¼ sauðfjárstofnsins, sem ekki vofir bráð hætta yfir af einhverri þeirri veiki, sem lögin taka til. Úr þessu er þá orðinn allsherjar styrkur til bústofnsauka, en það er mál, sem ekki ætti að blanda inn í pestarvarnirnar, þótt einhverjum kynni að þykja það athugandi út af fyrir sig.

Að öðru leyti er frumvarpið einnig óvandvirknislega úr garði gert. Ekki er gerð nein grein fyrir verkunum þess eða kostnaði við framkvæmd, ef að lögum yrði. Enginn munur er gerður eftir því, hvaða veiki er í fénu, né eftir því, hversu mikið fellur eða hve hratt, en á þessu öllu er mjög mikill munur, og þörf fyrir styrk því mjög

mismunandi. Engin ákvæði eru um það, hversu lengi styrk skuli veita, né hversu mikill missir þurfi að vera til þess að styrkveitingum sé haldið áfram, og virðist helzt, að sá, sem einu sinni er kominn á styrk, skuli halda honum ævilangt.

Loks gerir frumvarpið engan mun eftir aðstöðu bænda til þess að breyta um búskaparlag. Þó er vitað, að sums staðar er sauðfjárræktin eini möguleiki bóndans til þess að komast af, og á nokkrum stöðum er sauðfjáreignin aukaatriði í búrekstrinum, en öll stig þar á milli eru til. Sauðfjársjúkdómanefnd lítur svo á, að úthlutunarreglurnar þurfi, eftir því sem unnt er, að taka tillit til allrar þeirrar fjölbreytni í tilvikum, sem hér er drepið á, og hefur hún reynt að gæta þess í gildandi reglum. Nefndin mundi því telja það mikla afturför, ef lögbundnar yrðu jafneinhæfar reglur og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Þá þykir rétt að athuga lítils háttar fjárhagshliðina og aðrar skyldar afleiðingar frumvarpsins, ef það yrði að lögum.

Allir þeir, sem áttu 200 ær eða fleiri, þegar pestin byrjaði, eiga að fá fullan styrk á öll sín lömb, þar til ærtalan er komin í 90% af því, sem áður var. Það segir sig nú sjálft, að bóndi, sem átti fullstórt bú, segjum t. d. 400 ær, mundi sjá sér hag í því, hvort sem hann notaði sér það eða ekki, að láta ærtöluna aldrei fara hærra en í 350, og fá þannig fóðurkostnað lamba sinna greiddan úr ríkissjóði. Áður en pestin kom, hefði hann þurft að setja á 60—70 gimbrarlömb á ári. Ef hann setur nú á árlega 80 lömb, en missir umfram venjulegt viðhald 10—20 kindur árlega, fær hann sínar vissu 2000 kr. árlega úr ríkissjóði. Og þó hann missi enga kind af völdum fjárpestanna, þarf hann ekki að missa styrkinn. Hann lógar þá 10—20 kindum aukalega á hverju ári, rýrustu veturgömlu gimbrunum til þess að bæta stofninn og feitustu ánum, sem eru sauðarígildi, en lætur ærfjöldann aldrei ná 360, því að það kostar hann 2000 kr. Þetta er vitanlega ágætt fyrir hann, en ekki að sama skapi víst, að öðrum þyki það sanngjarnt.

Þeir, sem áttu innan við 200 ær, eiga samkvæmt frumvarpinu að fá styrk á öll lömb, þar til ærtalan er komin í 180, hversu fátt sem þeir áttu áður en pestin kom. Margir þeir, sem hefðu nægilega stóra jörð, mundu nota sér þetta til þess að fjölga ánum upp í 180, og halda þeim síðan í þeirri tölu til þess að halda styrknum áfram. Eftirfarandi dæmi mundi vera nærri sanni, ef um mæðiveiki væri að ræða, en ef garnaveiki væri, mundi fjölgunin ganga örar, því að sú veiki fer hægar.

Segjum, að bóndi ætti 100 ær. Ef hann setur á til viðhalds 15—17 gimbrarlömb á ári, mun láta nærri, að ærnar verði að jafnaði 8 vetra. Ef hann setur á 20 lömb á ári, þarf hann ekki að láta ærnar verða eldri en 7 vetra að jafnaði. Nú fær hann mæðiveiki í fé sitt, en strax að liðnu einu ári setur hann ríflega á til þess að nota sér styrkinn. Dæmið verður þannig:

1. ár	100 ær	15 lömb	.....	„ kr.	styrkur
2. —	75 —	50 —	.....	1250 —	—
3. —	95 —	40 —	.....	1000 —	—
4. —	105 —	50 —	.....	1250 —	—
5. —	125 —	55 —	.....	1375 —	—
6. —	145 —	65 —	.....	1625 —	—
7. —	175 —	40 —	.....	1000 —	—

Á þessum sjö árum hefði bóndinn haft alls yfir svipaðar tekjur af búi sínu og áður þrátt fyrir pestina og hefur fengið auk þess kr. 7500.00 verðlaun úr ríkissjóði. Og enn gæti hann hæglega fengið 1000 kr. á ári úr ríkissjóði framvegis, þótt búið sé að styrkja hann til þess því nær að tvöfalda bústofninn.

Þetta fyrirkomulag hlyti að verða geysikostnaðarsamt fyrir ríkissjóð, og áreiðanlega mundi það valda meiri óánægju en það fyrirkomulag, sem nefndin hefur tekið upp, þótt ekki sé þar með fullyrt, að reynslan gæti ekki sýnt nauðsyn á að breyta því í einhverjum atriðum. Aðrar stéttir þjóðfélagsins mundu bera sig saman við

bændur og gera kröfur fyrir sig. Jafnvel mundu allmargir bændur kunna þessu illa. svo ekki sé meira sagt.

Að þessu athuguðu getur nefndin ekki mælt með því, að frumvarp þetta eins og það nú er nái fram að ganga. Hins vegar vill hún nota tækifærið og ítreka þá ósk, sem hún hefur áður borið fram, að lögð verði fram veruleg fjárhæð í sjóð, til þess að ekki þyrfti síðar að draga um of úr uppeldisstyrknum, ef svo færi, að fjárhagur ríkissjóðs þrengdist og erfitt yrði að fá nægilega fjárveitingu frá ári til árs. Treystir sauðfjársjúkdómanefnd því, að háttvirt landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis beri fram tillögu í þá átt þegar á því Alþingi, sem nú situr, og beiti sér fyrir samþykkt hennar.

Virðingarfyllst.

Sigurður Tómasson. Gunnar Þórðarson. Ingimar Jónsson.
Jón Sigurðsson. Pétur Bjarnason.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Meiri hluti nefndarinnar er efnislega sammála athugasemdum þeim, sem hér eru birtar. Vill hann leggja áherzlu á eftirfarandi:

1. Meiri hl. getur ekki fallizt á, að enn sem komið er sé rétt að fella niður styrkveitingar þær, sem heimiladar eru í lögunum til vegabóta, jarðabóta og nýrra framleiðslufyrirtækja, með því að vitanlegt er, að hann hefur á undanförnum árum komið bændum á fjárpestarsvæðunum að miklum notum til varanlegra umbóta á framleiðslu þeirra og búnaði, og telur, að svo geti orðið enn.
2. Meiri hl. telur ekki rétt að víkja af þeim grundvelli, sem upphaflega var lagður í málum þessum, að byggja aðallega á bótum fyrir tjón það, sem bændur hafa orðið fyrir af völdum sjúkdómanna, eftir mati sauðfjársjúkdómanefndar, en taka í þess stað upp styrktarstarfsemi, sem ekkert tillit tekur til þess, hvort menn hafa beðið mikið tjón eða lítið eða alls ekkert, eins og við gæti borið samkvæmt tillögum frumvarpsins.
3. Meiri hl. telur ekki, að með tillögum þessum sé horfið að fyllra réttlæti í styrkjum þessum, né aukins stuðnings við þá, sem örðugast eiga uppdráttar, nema síður sé, með því að samkvæmt þeim fengju undir öllum kringumstæðum þeir mestan styrkinn, sem flest eigi fé og ef til vill minnst hafa misst, en hinir þeim mun minna, sem þeir eru fjárfærri, máske af því að þeir hafa misst mest.
4. Meiri hlutinn telur, að tillögur þessar, ef að lögum yrðu, hefðu í sér fólgnar hættur um það, að þær yrðu mjög misnotaðar til stórfelldra útláta fyrir ríkissjóð, án þess að verða að sama skapi til að auka fjárstofn bænda á hinum sýktu svæðum, eins og ljóslega er bent á í athugasemdum sauðfjársjúkdómanefndar.

Þó að meiri hl. telji ekki fært að víkja í höfuðatriðum frá því bótakerfi, sem sauðfjársjúkdómanefnd hefur skapað á grundvelli laganna, þá telur hann ekki hjá því komizt að veita þeim, sem fjárfæstir eru og við mesta örðugleika búa af völdum veikinnar, nokkurn aukastuðning fram yfir það, sem hinar almennu reglur mæla fyrir um. Þá telur hann og nauðsyn á því, að ungum mönnum, sem byrjað hafa að koma sér upp fé á svæðum þessum eftir að veikin kom þar, verði veittur hliðstæður vanhaldastyrkur við eldri fjáreigendur, eins og nefndin hefur líka gert.

Þá erum við og samþykkir þeirri reglu, sem sauðfjársjúkdómanefnd hefur nú upp tekið, að færa viðhaldshundraðshlutann úr 20%, sem hún hefur ákveðið hann til þessa, í 15%. Enn fremur viljum við geta þess, að sauðfjársjúkdómanefnd hefur ákveðið uppeldisstyrkinn í ár 25 krónur á hvert bótaskylt lamb, og teljum við rétt, að sú fjárhæð verði lögð til grundvallar við úthlutun uppeldisstyrks í framtíðinni, þannig að hún hækki og lækki í sama hlutfalli og hið almenna verðlag í landinu.

Þá er meiri hl. einnig kunnugt um, að nefndin hefur í undirbúningi þá breytingu á reglum sínum að veita þeim, er byrja búskap á hinum sýktu svæðum, nokkru meiri

aðstoð við bústofnsmyndunina en verið hefur, þannig að þeir fái aukauppeldisstyrk á allt að 20 ær. Teljum við og réttmætt, að þennan sama rétt hljóti einnig þeir bændur, er áttu ekki yfir 60 ær, er veikin kom í fé þeirra.

Við þennan útreikning er vitanlega tekið tillit til annars bústofns, eins og sauðfjársjúkdómanefndin gerir, með því að leggja hann í ærgildi. Mundi þetta verða nokkur hvöt og styrkur fyrir þá, sem eru að hefja búskap á þessum svæðum, og þá, er bústofnsminnstir eru og því eiga örðugast með að þola hin óeðlilegu vanhöld.

Allar hinar framanskráðu ákvarðanir sauðfjársjúkdómanefndar eru reglugerðarákvæði, og telur meiri hl. n. þær sanngjarnar og réttlátar, og virðist honum nefndin rækja starf sitt með mikilli kostgæfni. Starfsemi þessi er og þannig vaxin, að óhjákvæmilegt verður að gefa framkvæmdavaldinu allrúmar hendur í einstökum atriðum, ef hún á að verða annað en handahóf, og því ekki rétt að rígbinda hana í lögum.

Af ástæðum þeim, sem hér hafa verið tilfærðar, sér meiri hl. ekki ástæðu til að samþykkja frumvarp þetta, en leggur til, að því verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að neðri deild Alþingis er í höfuðatriðum samþykk þeim starfsreglum, er sauðfjársjúkdómanefnd fylgir í úthlutun bótafjár, og telur þær breytingar, er hún hefur gert á þeim undanfarið, eðlilegar, og í trausti þess, að hún sjái sér fært að hæta enn aðstöðu þeirra bænda um uppeldi sauðfjár, er fjárfæstir voru er veikin kom í fé þeirra, eða hófu búskap eftir þann tíma, sér hún ekki ástæðu til að samþykkja frumvarp þetta, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 8. maí 1942

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. Haraldur Guðmundsson. Steingr. Steinþórsson.

Nd. 364. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um ástæður fyrir banni gegn útgáfu rits um félagsmálefni.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Fyrrverandi félagsmálaráðherra hafði látið semja leiðbeiningarrit fyrir almenning um félagsmálefni, og mun rit þetta hafa verið því nær fullprentað, er stjórnarskipti urðu eftir áramótin. Núverandi ríkisstjórn hefur bannað útgáfu rits þessa. Hvað olli því banni, og hvenær má vænta útgáfu ritsins?

Fylgiskjal I.

Formáli fyrir ritinu, eftir Stefán Jóh. Stefánsson, fyrrv. félagsmálaráðherra.

„Í flestum löndum hafa félagsmálefni og félagsmálalöggjöf orðið hvort tveggja í senn, mikilsverður þáttur í opinberum aðgerðum og stjórnmálum og um leið eins konar sérstök fræðigrein. Félagsmál skipta því mjög alla þá, er við opinber mál fást, samtímis því, sem þau eru merkilegt rannsóknarefni fyrir þá menn, er hafa áhuga fyrir eða finna hjá sér köllun til þess að rannsaka þjóðfélagsmálefni og benda á ráð til þess að bæta úr mannfélagslegum misfellum. Það er því ekki að undra, þó að um mál þessi hafi verið mikið ritað bæði hvað snertir þróun þeirra, reynslu þá, er fengizt hefur af löggjöf og opinberum framkvæmdum, og hvað gera eigi og gera þurfi í þessum efnum. Um þessi málefni hafa víða um lönd verið ritaðar bækur og ritgerðir og sérstök tímarit gefin út eingöngu eða aðallega um fé-

lagsmálefni. Söguleg yfirlit og skýrslur hafa verið um þau skráð og leiðarvísar og skýringar fyrir þá menn, er um þessi mál þurfa sérstaklega að fjalla.

Þær þjóðir, sem okkur eru kunnastar og við fáum einna mest lært af í þessum efnum, eru Norðurlöndin. Þar hafa félagsmálefni og félagsmálalöggjöf tekið einna mestum framförum og þroska síðast liðinn mannsaldur. Þar hafa á síðari árum verið skrifuð og gefin út yfirlitsrit (handbækur) um félagsmálefni (Social Haandböger). Rit þessi hafa verið næsta nauðsynleg fyrir alla þá menn, er áhuga hafa fyrir þessum málum, bæði opinbera starfsmenn ríkis og sveitarfélaga, stjórnmálamenn og fræðimenn. En ekki hvað síst hefur Vinnumálasambandið (International Labour Organization) og Vinnumálaskrifstofan (International Labour Office), sem stofnuð voru í sambandi við Þjóðabandalagið, miklu orkað á um það að safna skýrslum um þessi merkilegu mál um heim allan og gefa út fræðirit um þau.

Hér á landi hefur tiltölulega lítið verið ritað um félagsmálefni og aldrei gerð tilraun til þess að draga saman í eitt rit þróun og ástand þessara málefna á Íslandi. Ekki er það þó fyrir þá sök, að áhuga- og aðgerðarleysi hafi ríkt almennt í þessum málefnum. Saga síðustu 20 ára er einmitt næsta viðburðarík í þessum efnum, jafnvel svo, að segja má, að á þessu tímabili hafi skapazt löggjöf og framkvæmdir, er marka tímamót í þróun félagsmála hér á landi.

Það þótti því fullkomlega tímabært að gefa út heildarrit um þessi málefni, ekki síst eftir það, að stofnað var í fyrsta sinn á Íslandi sérstakt félagsmálaráðuneyti, og það ráðuneyti hafði einmitt sérstaka ástæðu til þess að láta slíka útgáfu til sín taka. Það varð því að ráði að semja og gefa út rit það, er hér liggur fyrir. Fól ráðuneytið Jóni Blöndal hagfræðing að annast um ritstjórn bókarinnar, og hefur hann leyst það verk af hendi með prýði. Hann hefur í samráði við félagsmálaráðuneytið fengið ýmsa sérfróða menn til þess að rita um vissa þætti félagsmálefnanna, eins og bók þessi ber með sér. Kann ráðuneytið öllum þessum mönnum beztu þakkir fyrir störf þeirra."

Fylgiskjal II.

Efnisskrá ritsins.

I. Félagsmál og félagsmálalöggjöf. Eftir Jón Blöndal.
II. Félagsmálaútgjöld hins opinbera. Eftir Jón Blöndal.
III. Mannfjöldinn, atvinnu-, tekju- og eignaskipting. Eftir Jón Blöndal.
IV. Búreikningar og vísitala. Eftir Torfa Ásgeirsson hagfræðing og Jón Blöndal.
V. Alþýðutryggingar. Eftir Jón Blöndal.
VI. Vinnuvernd. Eftir Sverri Kristjánsson sagnfræðing.
VII. Barnavernd. Eftir dr. Símon Jóh. Ágústsson.
VIII. Framfærslumál. Eftir Jónas Guðmundsson, eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna.
IX. Atvinnuleysismál. Eftir Jón Blöndal.
X. Félög verkamanna og atvinnurekenda. Eftir Skúla Þórðarson sagnfræðing.
XI. Vinnulöggjöf. Eftir Guðm. I. Guðmundsson hæstaréttarmálaflutningsmann.
XII. Byggingarmál. Eftir Steingrím Steinþórsson búnaðarmálastjóra og Jón Blöndal.
XIII. Skipun heilbrigðismála á Íslandi. Eftir Vilmund Jónsson landlækni.
(Ritgerð þessi er nú komin út sem fylgiskjal með heilbrigðisskýrslunum.)

Sþ. 365. Breytingartillaga

við till. til þál. um bókasafn menntaskólans í Reykjavík.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Í stað niðurlagsorðanna „og gera það aðgengilegt til afnota“ komi: og afhenda það háskólabókasafninu til geymslu.

Nd. 366. Frumvarp til laga

um heimild til ábyrgðar fyrir lánum handa Akureyrarkaupstað, Ísafjarðarkaupstað og rafveitufélaginu Tungufossi í Rangárvallasýslu til rafveituframkvæmda.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 2 millj. króna lán fyrir Akureyrarkaupstað, og allt að 1 millj. króna lán fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp til aukningar rafveitum þessara kaupstaða. Enn fremur allt að 2½ millj. króna lán fyrir rafveitufélagið Tungufoss í Rangárvallasýslu, til virkjunar Tungufossi í Eystri-Rangá og rafveitu um Rangárhérað. Ábyrgðir þessar skulu því skilyrði bundnar, að lánin séu tekin innanlands og að þær nái aldrei til hærri upphæða en sem nemur 80% af stofnkostnaði viðkomandi framkvæmda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 367. Breytingartillaga

við frv. til l. um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

Frá Erlendi Þorsteinssyni og Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi (greinatala breytist samkv. því):

Ríkisstjórninni heimilast að greiða 10—20% uppbætur á útborguð laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkis og ríkisstofnana fyrir árið 1942, og greiðist uppbót þessi mánaðarlega með launum. Greiðslu þessari skal hagað svo, að þeir, sem lægri laun hafa, fái hærri hundraðshluta greiddan. Samskonar heimild veitist einnig bæjarfélögum og stofnunum þeirra til greiðslu launauppbótar til starfsmanna sinna.

Nd. 368. Nefndarálit

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 og stjórnarskipunarlögum nr. 22 24. marz 1934.

Frá meiri hluta stjórnarskárnefndar.

Stjórnarskrárnefnd hefur átt 6 fundi um málið. Á fundi 13. apríl bar formaður upp þá tillögu, að nefndin flytti frv. um breyting á stjórnskipunarlögunum, sem

fæli í sér breytingar, sem leiðir af sambandsslitum við Dani. Sú tillaga var felld með öllum atkvæðum gegn atkvæði formanns (GSv). Í sambandi við þá atkvæðagreiðslu lýstu þeir Bergur Jónsson, Gísli Guðmundsson, Jörundur Brynjólfsson og Sveinbjörn Högnason yfir því, að þeir mundu engri stjórnlagabreytingu fylgja á þessu þingi, en þeir Ásgeir Ásgeirsson, Garðar Þorsteinsson, Einar Olgeirsson og Sigurður Kristjánsson töldu, að það mundi stofna því frv., sem fyrir liggur, í hættu að bera fram víðtækari breytingar. Töldu þeir réttara að setja milliþinganefnd til að undirbúa breytingar á stjórnskipunarlögunum með tilliti til sambandsslitanna, en afgreiða nú þegar breytingar, er snerta kosningafyrirkomulagið. Fulltrúar Framsóknarflokksins í nefndinni lýstu yfir því á sama fundi, að þeir mundu bera fram tillögu um að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá og leggja þar til, að skipuð yrði milliþinganefnd til athugunar á stjórnarskrármálinu í heild. Jafnframt lýstu þeir yfir því, að ef sú dagskrártillaga yrði felld, þá mundu ráðherrar Framsóknarflokksins segja af sér.

Eftir að þetta gerðist, varð nokkur töf á fundahöldum vegna umræðna um málið í þingflokkunum. En að loknu því hléi báru fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram þá tillögu, að fellt yrði niður úr frv. því, sem fyrir liggur, að gera Akranes og Norðfjörð að sérstökum kjördæmum. Féllust fulltrúi Alþýðuflokksins, Ásgeir Ásgeirsson, og fulltrúi Sameiningarflokks alþýðu — Sósialistaflokksins, Einar Olgeirsson, á það til samkomulags að gera þá breytingu á frv. Jafnframt ákvað meiri hluti nefndarinnar að leggja til, *að* úthlutun uppbótarsæta fylgdi þeim reglum, sem gilt hafa, *að* lögin gengju þegar í gildi og *að* umboð þingmanna félli ekki niður fyrr en á næsta kjördegi eftir að stjórnlagabreytingin fengi fullnaðarsamþykkt.

Meiri hluti nefndarinnar er á eitt mál sáttur um það, að jafna beri atkvæðisrétt þegnanna, en viðurkennir fúslega, að haga mætti breytingum á annan veg að ýmsu leyti en gert er í frv. til að ná sama marki. En um aðrar leiðir hafa ekki komið fram neinar tillögur, sem líklegt sé að samkomulag næðist um.

Gísli Sveinsson, sem skrifar undir nefndarálitið með fyrirvara, tekur eftirfarandi fram:

1. Eins og málið hefur legið fyrir, telur GSv það beina afleiðing af þeim yfirlýsingum, sem fram hafa komið, einkanlega frá forsætisráðherra síðan um nýár og í blaði Framsóknarflokksins, Tímanum, einnig í samþykkt miðstjórnar þess flokks, og loks frá Alþýðuflokknum, um að nú yrði á þessu sumri gengið til almennra alþingiskosninga, þótt enginn geti talið þær aðgengilegri nú en á f. á. Ef þetta hefði ekki verið á undan farið, er engin ástæða til þess að ætla, að einar eða neinar tillögur til breytinga á stjórnskipulögum ríkisins hefðu verið fram bornar á þessu þingi, og þá ekki heldur um breyting á kjördæmaskipun og kosningaaðferðum, en hins vegar opnaðar allar gáttir til þess, ef kosið er á annað borð, þótt Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki átt nein upptök að því.
2. Þó að slíkar breytingartillögur kæmu fram, eins og fyrirliggjandi frv. flytur, má segja, að ekkert sé því til fyrirstöðu að formi til að láta annað í stjórnskipulögum ríkisins bíða, þótt það megi þykja næsta óviðkunnanlegt, svo sem aðallega áhrærandi breytta skipan fullveldismálanna, en í grundvallaratriðum hefur reyndar verið frá þeim gengið um óákveðinn tíma með einróma samþykkt Alþingis í þingsályktunum frá 1940 og 1941. Er til kom, virtist sérstaklega ráðherra og ýmsir þingmenn Framsóknarflokksins, svo og blað þeirra, undrandi yfir því, að ekki skyldi borið fram af Alþýðuflokknum allsherjar stjórnarskrárfrumvarp. En um það atriði fór þó svo í stjórnarskrárnefndinni eins og áður er getið, að þegar GSv sem formaður nefndarinnar bar það upp til atkvæða, hvort nefndarmenn teldu ekki rétt að taka fyrir allt málið í heild, þá fylgdi því enginn nema tillögumaður (GSv), ekki heldur neinn af Framsóknarflokksmönnunum. Virtist því vonlaust að bera slíkt frv. fram.

3. GSv leggur áherzlu á, að þótt fyrirliggjandi frv. fari ekki eins langt í breytingu á kjördæmakafla stjórnarskrárinnar eins og margir hafa áður talið réttlátt, þá hafi hann fyrir sitt leyti eigi óskað neinna breytinga á kjördæmaskipuninni, sem hann telur, að mætti haldast enn um hríð í aðalatriðum eins og nú er, nema að því er snertir leiðrétting á kosningafyrirkomulaginu í tvímenningskjördæmunum, þannig að þar fari fram hlutfallskosning, sem hann telur réttmætt og sjálfsagt. En fyrir þessu út af fyrir sig hafi eigi reynzt kleift að tryggja fylgi í Alþingi. Hefur þessi nefndarmaður (GSv) því óbundið atkvæði gagnvart ákvæðum frv. eða breytingartillögum, er fram kunna að koma við það.
4. Loks vill GSv láta þess getið, að undirtektir undir þáltill. hans um staðfesting á kosningafrestuninni frá f. á. og umleitanir þær, innan þingsins, sem fylgt hafa í kjölfar hennar, hafi á ótvíræðan hátt leitt í ljós, þótt till. hafi eigi enn komið til atkvæða, að meiri hluti Alþingis heimtar nú kosningar, eins og öllu er komið, og verður eigi við því spornað. Hins vegar telur hann, að æskilegast hefði verið, að stjórnarsamvinnan hefði haldizt eins og hún hefur verið undanfarið, en tilkynning ráðherra Framsóknarflokksins um samvinnuslit aftri því, þótt það geti hvergi nærri talizt eðlilegt, eins og það er fram borið, en þar hafi enn engum friðarmálum orðið við komið.

Einar Olgeirsson lýsir því sem áliti sínu, að heppilegust mundi sú breyting á kjördæmaskipuninni, að landið yrði nokkur stór kjördæmi, t. d. sex, og yrði þorri þingmanna, t. d. 38, eins og nú er, kosnir í þeim með hlutfallskosningum, og væri tala þingmanna í hverju kjördæmi í hlutfalli við kjósendatölu þess, en 11 uppbótarsæti yrðu auk þess, svo sem nú er. Slík skipun mundi í senn tryggja jafnrétti allra kjósenda og draga stórum úr skaðlegri hreppapólitík, en virða þó áhrifavald hinna einstöku landshluta og hindra ofræði flokksstjórna. En þar sem ekki er kostur á því að fá breytingu sem þessa samþykkta nú á þingi, telur hann þýðingarlaust að bera fram breytingartillögu þessa efnis og fellst því á frumvarpið með þeim breytingartillögum, sem meiri hluti nefndarinnar hefur orðið samála um.

Meiri hlutinn leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a) Í stað „54 þjóðkjörnir þingmenn“ komi: 52 þjóðkjörnir þingmenn.
   b) b-liður orðist svo: 6 þingmenn í þessum kaupstöðum, einn fyrir hvern kaupstað: Hafnarfirði, Ísafirði, Siglufirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum.
   c) d-liður orðist svo: Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Heimilt er flokkum að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar, enda greiði þá kjósendur atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefur í kjöri og nær jöfnunarþingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu. Skal að minnsta kosti annað hvert sæti tíu efstu manna á landslista skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum. Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum, samtímis og á sama hátt.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verður 2. gr., svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
3. Við 2. gr. Greinin verður 3. gr. og hljóðar svo:

Ákvæði um stundarsakir.

Almennar kosningar til Alþingis skulu fara fram, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og falla umboð þingmanna niður á kjördegi.

Alþingi, 8. maí 1942

Gísli Sveinsson, form., með fyrirv. Ásgeir Ásgeirsson, fundaskr., frsm. Garðar Þorsteinsson.
Einar Olgeirsson. Sigurður Kristjánsson.

Nd. 369. Nefndarálit

um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 og stjórnarskipunarlögum nr. 22 24. maí 1934.

Frá minni hluta stjórnarskrárnefndar.

Nefndin hefur klofnað í málinu. Fjórir nefndarmenn (ÁÁ, EOl, GÞ, SK) eru frumvarpinu fylgjandi. Einn nefndarmanna (GSv) sat hjá, þegar greidd voru atkvæði um frumvarpið í nefndinni. En undirritaðir nefndarmenn greiddu atkvæði gegn því að mæla með framgangi frumvarpsins á Alþingi. Atkvæðagreiðslan í nefndinni fór fram 13. apríl, en þeir nefndarmenn, sem frv. fylgja, virðast ekki hafa séð sér fært að skila nál. fyrr en nú, að útgáfa þess var boðuð á fundi stjórnarskrárnefndar í morgun. Hins vegar vorum vér þegar eftir atkvæðagreiðsluna 13. apríl reiðubúnir til að skila nefndaráliti af vorri hálfu, en höfum samkvæmt venju beðið eftir áliti þeirra, er málinu tjáðu sig fylgjandi.

Ef frumvarp þetta yrði samþykkt, mundi það hafa í för með sér tvennar almennar kosningar til Alþingis og e. t. v. með fárra mánaða millibili. Þegar af þeirri ástæðu teljum vér ófært að samþykkja það. Þar að auki erum vér ósammþykkir efni frumvarpsins.

Enn fremur ber á það að líta, að nú stendur fyrir dyrum endurskoðun stjórnarskrárinnar sakir þeirrar breytingar, er orðið hefur á æðstu stjórn landsins, meðferð utanríkismála o. fl.

Vér teljum, að þegar stjórnarskránni verður breytt, komi ekki annað til mála en að þau atriði stjórnarskrárinnar, er fjalla um þetta efni, verði tekin til meðferðar fyrst og fremst, og vandað verði til þeirrar breytingar eftir því, sem mögulegt er.

En verði nú á þessu þingi horfið að því að breyta stjórnarskránni, getur sú breyting, er gerð verður, aldrei orðið annað en kák eitt og aðeins skyndiráðstöfun meira eða minna vanhugsuð, og er frumvarp það, er fyrir liggur um þetta efni, glöggur vottur þess. Eru slík vinnubrögð ekki vansalaus fyrir Alþingi.

Þegar um breytingu á stjórnarskrá ríkisins er að ræða, má ekki hrapa að því verki. Það getur hvorki álitizt hollt né hyggilegt að hringla til og frá með stjórnskipulög landsins á fárra ára fresti, undirbúningslaust.

Þegar stjórnarskránni var breytt síðast (1933), hafði málið verið rækilega undirbúið, og stóð sá undirbúningur yfir í nærri tvö ár. Milliþinganefnd hafði málið til meðferðar og rannsakaði það mjög ýtarlega. Eftir það urðu stjórnarskipti, og tók sérstök samsteypustjórn að sér lausn málsins og mun hafa lagt í það mikla vinnu. — Var þetta eitt af aðalmálum fjögurra þinga, 1931, 1932 og (tveggja þinga) 1933.

Með stjórnarskrárbreytingunni 1933 var þingmönnum fjölgað um 7 (úr 42 í 49). Landskjörið var lagt niður (6 þingmenn). Í Reykjavík var þingmönnum fjölg-

að um 2 (úr 4 í 6). Þingflokkum skyldi úthluta allt að 11 uppbótarsætum. Þingmenn urðu samkvæmt þessu 49, eins og áður er sagt, 38 kjördæmakjörnir og 11 uppbótarþingmenn. Sá möguleiki er að vísu til, að ekki þurfi að úthluta 11 uppbótarsætum, en svo hefur þó orðið við kosningarnar 1934 og 1937.

Með þessum uppbótarsætum til þingflokka var vikið frá þeirri reglu, er ætíð hafði áður gilt um val Alþingis.

Alþýðuflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn höfðu um nokkurt skeið haft fleiri kjósendur að meðaltali bak við hvern þingmann en Framsóknarflokkurinn og töldu sig illa haldna. Af þeirri ástæðu voru þessi 11 uppbótarþingsæti ákveðin.

Um lausn málsins var að kalla samkomulag í þinginu, og bar þá ekki á, að þeir væru til muna óánægðir, sem fyrir breytingum stóðu. Enda tvímælalaust langt gengið í þá átt að mæta kröfum þeirra.

Yfirleitt mun það álit þeirra manna, er til þekkja, að sízt hafi þetta uppbótarfyrirkomulag orðið til bóta á vinnubrögðum Alþingis. Ber margt til þess. Uppbótarþingmennirnir eru ekki á sama hátt komnir inn í þingið og kjördæmakosnir þingmenn. Uppbótarþingmennirnir eiga þingmennsku sína undir kjósendatölu alls flokksins við þingkosningarnar, jafnvel meira en tölu kjósendanna í kjördæminu, þar sem þeir kunna að vera í kjöri. — Þessir þingmenn eru því miklu háðari flokkavaldinu en kjördæmakjörnir þingmenn, enda hefur það þegar sýnt sig, að sumir þeirra flokka, er hafa fengið uppbótarþingmenn, telja, að alþingismenn hafi tvenns konar rétt, eftir því, hvort um er að ræða kjördæmakjörna þingmenn eða uppbótarþingmenn. Kjördæmakjörinn þingmaður hafi rétt til að fara eftir sínu eigin höfði, þegar svo ber undir, án þess að flokkurinn geti við það ráðið eða aðhafzt nokkuð gagnvart þingmanninum, meðan kjörtímabil hans varir. En slíkan rétt hafi uppbótarþingmenn (landskjörnir) ekki, heldur sé þeim skylt að fara í einu og öllu um afstöðu til mála eftir fyrirskipunum flokksins. Uppbótarþingsætið sé eign flokksins. Eftir þessari skoðun eru uppbótarþingmennirnir ófrjálsir athafna sinna í afstöðu til þingmála. Má í þessu sambandi minna á atburð, sem gerðist á Alþingi fyrir nokkrum árum. Landskjörnum þingmanni (uppbótarþingmanni) samdi ekki við flokk sinn út af afgreiðslu þingmála og sagði sig úr flokknum. Vildi flokkurinn þá gera hann þingrækan, og tók annar þingflokkur undir þá kröfu og greiddi atkvæði með því, að þingmanninum væri vikið af þingi og að annar uppbótarþingmaður, sem flokknum vildi fylgja, tæki sæti hans. Var því beinlínis haldið fram við umræður um málið, að flokkurinn ætti þingsæti hans. Af þessu er það bert, að ef þessi skilningur verður ráðandi á Alþingi, eins og Bændaflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa haldið fram í þinginu, eru uppbótarþingmennirnir algerlega ófrjálsir menn um framkomu sína í þingmálum. Þeir eiga að fara eftir fyrirmælum flokkanna, og verði þeim ekki vært í flokki, svo að þeir segi sig úr honum eða eru reknir úr flokki, eru þeir um leið þingrækir. Með þessari undarlegu skoðun, sem mótast af einsýnni flokksræðishugsun, er gengið í berhögg við 43. gr. stjórnarskrárinnar, sem mælir svo fyrir, að þingmenn séu eingöngu bundnir við sannfæringu sína. En einmitt í þessu ákvæði stjórnarskrárinnar kemur fram hin sanna hugsjón frjálshuga lýðræðis- og þingræðissinna.

Þrátt fyrir þá reynslu, sem fengin er í þessu efni, byggir þetta frumvarp á óbreytanleika flokkanna og gengur enn lengra en núgildandi stjórnarskrá í því að auka flokkavaldið. Með slíku háttalagi er verið að rýra þann rétt, sem kjósendur hafa nú til að velja sér þá fulltrúa til Alþingis, sem þeir hafa persónulegt traust á, en val alþingismanna meir og meir reyrt í flokksviðjar og klíkuskap háð. Er slíkt með öllu óþolandi hjá þjóð, sem hefur unnað frelsi og látið sér annt um persónulegt sjálfstæði þegna sinna.

Breytingar þær, sem farið er fram á í frv. því, sem nú liggur fyrir, eru þessar:

1. Að taka upp hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum landsins.
2. Að fjölga þingmönnum Reykjavíkur um tvo.
3. Að stofna þrjú ný einmenningskjördæmi, á Akranesi, Siglufirði og Norðfirði.

Enn fremur skal samkvæmt frumvarpinu val uppbótarmanna hvers flokks fara eingöngu eftir ákvörðun flokksins, en ekki fylgi í kjördæmunum.

Þannig á að fjölga þingmönnum um 5, úr 49 í 54. Telja þeir, er að þessum breytingum standa, að þær séu nauðsynlegar til að jafna þingmannatölunni milli flokkanna eftir heildaratkvæðamagni þeirra. Ef betur er athugað, kemur þó í ljós, að tillögur þessar eru engan veginn til þess fallnar að mæta til frambúðar kröfum flutningsmanna í þessum efnum, heldur eru þær miðaðar við það eitt, hversu nú er ástatt um þingmannatölu og heildaratkvæðamagn flokkanna samkvæmt úrslitum kosninganna 1937. Er eins og fylgjendur frumvarpsins gangi út frá því, að styrkleiki flokkanna á hverjum stað haldist óbreyttur eins og hann var þá, eða að kjósendur flokkanna á árinu 1937 séu óumbreytanleg eign þeirra.

Skal þetta atriði nú nánar rakið.

Hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum geta ekki jafnað hlutfallið milli flokkanna, nema gengið sé út frá, að þeir flokkar, sem mest atkvæðamagn hafa í þéttbýlinu á hverjum tíma, hljóti ávallt að vera minnihlutaflokkar í meiri hluta tvímenningskjördæmanna, því að ella yrði hlutfallskosning í þeim beinlínis til að auka hlutfallsmismuninn milli kjósendafjölda og þingmannatölu flokkanna.

Er því sýnilega litið svo á af þeim, er þessar tillögur flytja, að flokkar þeir, sem aðalfylgi sitt hafa í þéttbýlinu, geti aldrei sinnt svo málefnum sveita og þorpa í dreifbýlinu, að líklegt sé, eða jafnvel hugsanlegt, að þeir vinni þar meiri hluta kjósenda. Þótt líklegt megi að vísu telja, að þetta sé réttmætur dómur og í alla staði eðlileg ályktun um flokka þá, sem nú eiga hlut að máli, þá er hitt þó eigi að síður fráleitt, að byggja breytingu á stjórnarskrá landsins á slíkum niðurstöðum. En með þessu er þá einnig sýnt, hver tilgangurinn er. Með hjálp minni hlutanna í tvímenningskjördæmunum á að fá þingmenn til stuðnings þeim bæjarflokkum, sem ekki er líklegt, að notið geti trausts meiri hluta kjósenda í þessum kjördæmum. Er því beinlínis að því stefnt að gera kjördæmi þessi áhrifalaus um þjóðmál, þar á meðal mál, er þau sjálf varðar miklu, með því að veita minni hluta þeim, sem í þessum kjördæmum styður flokka þá, er einhliða rækja málefni þéttbýlisins, fyllri rétt en meiri hlutanum og gera að engu áhrif meiri hlutans um meginmálefni sín á Alþingi. Hér er því ekki tryggð nein jöfnun milli flokka, heldur að því stefnt fyrst og fremst að draga úr eða ónýta áhrifavald þeirra kjördæma, sem hér er um að ræða, og fela það í hendur flokkum, sem lítt mundu skeyta um málefni þessara héraða, þegar svo væri komið.

Þá er ætlazt til að auka þingmannatölu þéttbýlisins um fimm þingmenn. Þessi breyting tryggir ekki heldur jöfnun milli flokka og getur jafnvel í ýmsum tilfellum aukið þann hlutfallsmismun, sem nú er. Ætlazt er til, að þrjú ný kjördæmi séu stofnuð, sem hafa frá 653—1548 kjósendur hvert, en hins vegar hafa sum núverandi einmenningskjördæmi 2000—4000 kjósendur og fá enga viðbót, eins og t. d. Gullbringu- og Kjósarsýsla, Suður-Þingeyjarsýsla, Akureyri, Hafnarfjörður o. fl. Er því sjáanlegt, að svo fremi, að aðrir flokkar en þeir, sem flest hafa atkvæði í fjölmennustu kjördæmunum, vinni þessi nýju þingsæti, sem til er stofnað, þá eykur það hlutfallsmismun þann, sem nú er milli þingmannatölu og atkvæðamagns flokkanna, en minnkar hann ekki, eins og til er ætlazt.

Þessi breyting er því, eins og hlutfallskosningin í tvímenningskjördæmum, sjáanlega aðeins miðuð við niðurstöðu kosninganna 1937. Er hér aðeins um að ræða tilboð um pólitíska verzlunarsamning milli þeirra flokka, sem flest hafa uppbótarsætin á þingi nú. Segir það sig sjálft, hve réttlátur grundvöllur slíkt er undir nýrri stjórnarskrá.

Með stofnun hinna nýju kjördæma er í raun og veru viðurkennt réttmæti hinnar gömlu kjördæmaskipunar með því að láta hvert lögsagnarumdæmi vera kjördæmi fyrir sig. En um leið er gengið alveg þvert á þann tilgang, sem sagt er, að frumvarpið eigi að hafa, að skapa jöfnuð milli flokka. Í því sambandi er eftirfarandi samanburður fróðlegur til athugunar:

Hin nýju kjördæmi höfðu árið 1937 kjósendatölu sem hér segir:

Siglufjarðarkaupstaður	1548	kjósendur
Neskaupstaður	653	—
Akranes	961	—
Fámennustu einmenningskjördæmin voru þá:		
Seyðisfjarðarkaupstaður	574	—
Austur-Skaftafellssýsla	703	—
Dalasýsla	912	—
En fjölmennustu einmenningskjördæmin voru þá:		
Akureyri	2850	kjósendur
Suður-Þingeyjarsýsla	2396	—
Gullbringu- og Kjósarsýsla	2800	—
Hafnarfjarðarkaupstaður	2144	—

Með því nú að stofna hin nýju kjördæmi er núverandi kjördæmum skipt á þessa leið:

Borgarfjarðarsýslu með 1751 kjósanda í 2 kjördæmi, Akranes með 961 kjósanda og Borgarfjarðarsýslu með 790 kjósendum. Er því allra fámennustu kjördæmunum, sem mestum mismun valda um atkvæðamagn flokka, fjölgað um tvö á þennan veg.

Suður-Múlasýslu með 3061 kjósanda er skipt í Neskaupstað með 653 kjósendur og Suður-Múlasýslu, tvímenningskjördæmi, með 2408 kjósendum, og þannig stofnað til tveggja kjördæma, annars með 1204 kjósendur á þingmann og hins með 653 kjósendur. Yrðu þau því einnig meðal hinna fámennustu og mundu því geta verkað sömu leið á heildarjöfnuðinn, að draga hann niður eða auka mismuninn.

Loks er svo Eyjafjarðarsýsla með 4573 kjósendur, sem skipt er í tvö kjördæmi, Siglufjarðarkaupstað með 1548 kjósendur og Eyjafjarðarsýslu með 3025 kjósendur sem tvímenningskjördæmi, eða 1512½ kjósanda á þingmann.

Séu nú þessi kjördæmi, sem þingmönnum er fjölgað í um 3, tekin sem heild, hafa þau samtals 9805 kjósendur og fimm þingmenn eins og nú er, eða 1877 kjósendur á þingmann. En fái þau hins vegar þrjá þingmenn í viðbót, verður það 1177 kjósendur á þingmann, sem er langt neðan við það meðaltalsatkvæðamagn, sem nú er á bak við hvern þingmann. Er þetta út af fyrir sig sízt til þess fallið að draga úr kröfunni til uppbótarsæta.

Með því að skapa mjög fámenn kjördæmi og útvega minnihlutaþingmenn handa þeim flokki, sem nú keppir aðallega við Alþýðuflokkinn um uppbótarþingsætin, hyggst Alþýðuflokkurinn í svip að létta af sér samkeppninni um uppbótarsætin og fá þannig fleiri af þeim sér til handa.

En sé gengið inn á slíka braut, er hér raunverulega ekki um kosninga- eða kjördæmaskipun að ræða, heldur pólitíska verzlun milli flokka í hvert sinn að afstöðnum kosningum, þar sem sérstök friðindi eru boðin öðrum flokknum gegn von hins um ríflegan skerf af uppbótarsætum. Er hér sýnilega stefnt til upplausnar á allri kjördæmaskipun landsins og varanlegri ójafnaðar milli flokka en áður hefur þekkzt. Getur þetta ástand leitt til þess, að litlu máli skipti að vinna meiri hluta í kjördæmum, heldur aðallega hitt, að vinna sem flest atkvæði, hvar sem er, til að geta stundað slíka verzlun með sæmilegum árangri. Er þá gildi kjördæmanna þurrkað út. Þar sem atkvæðamagnið eitt ræður í slíkri verzlun, og það breytist frá einum kosningum til annarra, verður jafnan möguleiki til slíkra samninga um breytingar á stjórnarskrá ríkisins að hverjum kosningum afstöðnum. Má það vera öllum augljóst, hver upplausn og spilling stafar af slíku fyrirkomulagi á einu viðkvæmasta atriði stjórnarskrárinnar.

Eftir að þetta er samið, hefur komið í ljós, að aðstandendur frv. hafa hætt við að stofna ný kjördæmi á Akranesi og í Neskaupstað. Ber það vitni um, að jafnvel þeim hefur skilizt, að þau rök, sem felast í gagnrýninni á frv. hér að framan, eru óvéfengjanleg. Hitt hefur þó ef til vill ráðið meir, að þeir hafa séð flokkum sínum lítils

ávinnings von við stofnun þessara tveggja kjördæma, þar eð miklar líkur voru til, að Framsóknarflokkurinn gæti þá unnið Borgarfjarðarsýslu og bæði sætin í Suður-Múlasýslu, þrátt fyrir hlutfallskosningu í síðarnefnda kjördæminu. Fyrir þeim rökum mun meiri hl. hafa beygt sig. En það sýnir þá jafnframt, hversu mjög þetta frv. er miðað við augnabliksástand og togstreituna milli flokka.

Á það er einnig rétt að benda hér, að ef þessi breyting á stjórnarskránni nær fram að ganga, eru mjög auknir möguleikar til að stofna nýja smáflokka og ýta undir hvers konar spákaupmennsku í sambandi við kosningar til Alþingis. Hægt væri t. d. fyrir þá flokka, sem leggja einhliða rækt við að fá kjósendafylgi í þéttbýlinu, að stofna sérstakan flokk, eða bjóða fram utanflokka í tvímenningskjördæmunum, og fá þannig stuðning sinn frá minni hluta dreifbýlisins, án þess að það dragi neitt frá atkvæðamagni þeirra í þéttbýlinu og rétti til uppbótarsæta. Er þá opin leið fyrir þéttbýlisflokkana til að nota minnihlutastuðning sinn í dreifbýlinu til að fá þar þingmenn kosna með minna atkvæðamagni en aðaldreifbýlisflokkurinn hefur eða kann að hafa á hvern kosinn þingmann sinn og þá jafnframt til að hlaða undir kröfuna um auknar uppbætur fyrir þéttbýlið. Hægt er að koma þingmanni að og mynda þannig þingflokk án þess að ná meirihlutakosningu í nokkru kjördæmi landsins. Er augljóst, hve mjög slíkt hvetur til nýrrar flokkamyndunar í landinu. Flokkur, sem fær ⅓ hluta atkvæða, eða jafnvel mun minna, í einu tvímenningskjördæmanna, er þar með orðinn þingflokkur, og hlýtur það að lækka mjög hlutfallstölu kosninganna frá því, sem nú er.

Reynsla er fengin fyrir því erlendis, að fátt er styrkleika lýðræðisins jafnhættulegt eins og mjög margir þingflokkar. Má þar vitna til Þýzkalands, þar sem smáflokkar þutu upp í kjölfar hlutfallskosninganna, en stjórnarfar þess lands og fleiri slíkra segir til um það, hve hollt þetta reyndist lýðræði og mannréttindum.

Hins vegar standa England og Bandaríki Norður-Ameríku nú í fylkingarbrjósti þeirra þjóða, sem enn þá verja og vernda lýðræðið og hvers konar mannréttindi, en þau hafa aldrei tekið upp hlutfallskosningar eða uppbótarfyrirkomulag í stjórnarskrá sína eða kosningalög, og hafa þar af leiðandi fáa þingflokka.

Þá er ekki síður athyglisvert, hvernig frumvarp þetta er fram komið. Alþýðuflokkurinn, sem ber það fram, hefur svo að segja óslitið staðið að stjórn landsins frá 1934, þegar síðasta kjördæmabreyting kom til framkvæmda. Á þeim tíma hefur hann aldrei lagt neina áherzlu á það, að nauðsyn væri breytingar á kjördæmaskipun landsins. En nú í vetur, er hann taldi sér heppilegt við bæjarstjórnarkosningar þær, er fram fóru, að vera laus við stjórnarábyrgð, setur hann þessar breytingar fram á kosningadegi, að því er virðist með öllu óathugað og óundirbúið. Jafnframt mun hafa verið svo til ætlazt, að þetta mál mætti nota til að rjúfa stjórnarsamvinnu þá, sem nú er, og kippa þannig fótunum undan framkvæmd dýrtíðarmálanna, sem samkomulag hafði náðst um milli núverandi stjórnarflokka.

Öll nauðsynleg og aðkallandi mál eiga að víkja og bíða úrlausnar á þessum hættulegu tímum fyrir þessum óskapnaði, sem allir viðurkenna, að sé engin framtíðarlausn, og margir telja, að sé spor aftur á bak um réttláta skipun kosninga til Alþingis. Er undarlegt, ef Sjálfstæðisflokkurinn, sem ekki hefur, fremur en Alþýðuflokkurinn, krafizt breytinga þegar hægra var um vik, tekur þátt í frumhlaupi þessu.

Af því, sem þegar er sagt, er það ljóst, að frumvarp þetta er mjög vanhugsað, eða þá villandi sagt til um tilgang þess, enda, eins og fyrr var sagt, undirbúningur þess lítill sem enginn.

Hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum skapa ákaflega fráleitar niðurstöður, þegar margir flokkar keppa um aðeins tvö þingsæti. Munu þess heldur engin dæmi í neinu landi, að hlutfallskosning til löggjafarþings sé viðhöfð í tvímenningskjördæmi. En það veikir eða jafnvel eyðir áhrifum kjósenda þessara kjördæma, eða meiri hluta þeirra, til að ráða lausn ágreiningsmála á þingi, og

flokkarnir einir fá þar öll tök. Léttir þetta mjög undir myndun smáflokka, eins og þegar er að vikið.

Strjálbýlið fær að vísu að halda sínum kjördæmum flestum að nafni til, en séð verður fyrir því um leið, að svo fjölmennur og sterkur meiri hluti myndist gegn þeim, að þau verði áhrifalaus eða áhrifalítil. Það á að auka áhrif þéttbýlisins eða flokka þess með því að tryggja þeim, sem leiðitamastir eru í dreifbýlinu, meiri rétt en hinum, sem vilja styðja flokk og samtök dreifbýlisins og vinna sérstaklega að málum þess.

Hér getur enginn villzt um tilganginn, sóknina á hendur dreifbýlinu. Einn af þingmönnum Reykjavíkur lét svo um mælt við 1. umræðu þessa máls, að fé ríkissjóðs væri notað til að afla kjörfylgis í sveitakjördæmum, með framlögum og styrkjum til ýmiss konar framkvæmda í dreifbýlinu. Virtist hann gera sér vonir um, að með frumvarpinu yrði bót á þessu ráðin, frá hans sjónarmiði. Er hér gefin eigi ófróðleg bending um það, sem koma skal. Minnir þetta glögglega á ummæli sumra Reykjavíkurblaðanna árið 1931 um það, sem þau kölluðu óhæfilegan fjáraustur í þágu hinna dreifðu byggða landsins.

Hér að framan hafa verið raktir nokkrir höfuðgallar þeirra breytinga á kjördæmaskipuninni, sem í frumvarpinu felast. Slíkum breytingum getum vér ekki mælt með. En jafnvel þótt gallarnir hefðu ekki verið svo augljósir og áberandi sem raun ber vitni, mundum vér eigi að síður hafa verið mótfallnir hvers konar breytingu á stjórnarskrá ríkisins, eins og nú er ástatt. Af þeirri ástæðu út af fyrir sig, og alveg sérstaklega, hljótum vér að mæla gegn því, að þetta frumvarp nái fram að ganga á Alþingi.

Eins og áður var fram tekið, stendur fyrir dyrum að breyta stjórnarskránni af ástæðum, sem þessu frumvarpi eru óviðkomandi (þ. e. vegna utanríkismála, æðstu stjórnar ríkisins o. fl.). Breytingar þær, sem þar er um að ræða, eru enn engan veginn svo undirbúnar sem þarf, enda samráð manna, að rétt væri að fresta þeim fyrst um sinn. Virðist þá einsætt að hrófla ekki við stjórnarskránni fyrr en að því kemur, heldur sameina það tvennt að gera þessa óhjákvæmilegu breytingu og taka upp þau önnur nýmæli, sem þjóðin kynni að hafa hug á, t. d. breytingu á skipan Alþingis og kosningum til þess. Hitt nær engri átt, að rótað sé við grundvelli stjórnskipulagsins sí og æ með fárra ára millibili, og ætti Alþingi ekki að leyfa sér slík vinnubrögð.

Enn fremur skal á ný á það minnzt, að breyting sú, sem hér er farið fram á, mundi hafa í för með sér tvennar kosningar, enda beinlínis ákveðið í frumvarpinu, að svo skuli vera. Skal nú að því atriði málsins nánar vikið.

Í fyrravor samþykkti Alþingi, með tilliti til hins alvarlega útlits af völdum styrjaldarinnar, að fresta almennum kosningum til Alþingis, sem fram áttu að fara á árinu 1941. Var þá gert ráð fyrir, að kosningar færu ekki fram fyrr en eitthvað drægi úr þeim hættum, sem yfir þjóðinni vofðu vegna ríkjandi ástands í heiminum. Slík kosningafrestun átti sér ekki fordæmi í sögu landsins, en nauðsyn hennar var almennt viðurkennd, og hún reyndist framkvæmanleg vegna þess, að allur þorri alþingismanna stóð saman um þessa ráðstöfun og studdi þá ríkisstjórn, sem tókst á hendur að láta niður falla boðun kosninganna. Nú eru þeir möguleikar til kosningafrestunar, sem þá var um að ræða, að vísu ekki lengur fyrir hendi. Þau skilyrði, sem nauðsynleg voru til áframhaldandi kosningafrestunar, voru ekki haldin, svo sem þurfti. Um það náðist ekki samkomulag, að „friðarkosning“ færi fram í kjördæmum, sem urðu þingmannslaus. Varð þá annaðhvort að stofna til kosningabaráttu milli aðalflokka eða láta viðkomandi héruð vera án fulltrúa, og var sú leið valin, en eigi getur svo lengi staðið. Eftir þetta voru kosningar til bæjarstjórna og hreppsnefnda í kauptúnum látnar fram fara. Þá hefur nú sú breyting á orðið, að ekki er lengur „þjóðstjórn“ í landinu og rofnað hefur sú samvinna, er áður var milli aðalþingflokkanna þriggja, og sýnt, að nú eru margir alþingismenn frekari kosningafrestun mótfallnir. Enda virðist nú almennt gert ráð fyrir kosningum á næsta sumri. En þótt **möguleikarnir** til kosningafrestunar séu ekki fyrir hendi nú, má fullyrða, að **þörfin**

fyrir hana sé hin sama nú og í fyrra, svo að ekki sé meira sagt. Af því leiðir aftur, að óverjandi má telja að stofna til fleiri kosninga en nauðsynlegt er, meðan ástandið ekki breytist. Þó að það reynist nú óhjákvæmilegt að stofna til kosninga á þessu sumri, til að koma umboðum alþingismanna á venjulegan grundvöll, nær hitt engri átt, að knýja fram viðbótarkosningar eftir nokkra mánuði og ætla ríkisstjórn, þingmönnum og alþjóð manna að eyða kröftum til slíkra átaka, til að koma fram stjórnarskrárbreytingum, sem ekki styðja þjóðina á neinn hátt í erfiðleikum yfirstandandi tíma og ekki geta verið til frambúðar. En það hyggjum vér almennt viðurkennt, jafnvel af fylgjendum frumvarpsins, að kjördæmaskipun sú, sem þar er gert ráð fyrir, mundi eigi eiga sér langan aldur.

Vér getum ekki heldur komizt hjá að benda á það, að kosningabaráttan á næsta sumri hlýtur að verða með allt öðrum hætti, ef frumvarp þetta verður samþykkt, en hún ella mundi verða. Ef deilan um kjördæmaskipunina verður aðalmál kosninganna, hlýtur það að leiða til mjög harðra átaka milli flokkanna, sem þar standa á öndverðum meið, og milli hagsmuna dreifbýlisins og þéttbýlisins í landinu. Þessu til sönnunar nægir að benda á kosningabaráttuna 1931, eins og réttilega var minnt á af Jakobi Möller fjármálaráðherra við 1. umræðu þessa máls. Það er allt annað að ganga til kosninga í sumar um hin almennu viðfangsefni, sem nú eru til úrlausnar, eða hitt, að láta kosningar aðallega snúast um hið viðkvæmasta allra þjóðmála, réttinn til áhrifa á skipan Alþingis.

Vér getum ekki komizt hjá að lýsa undrun vorri yfir því, ef verulegur hluti þingmanna hugsar til þess, að vel athuguðu máli, að knýja þetta frumvarp fram á Alþingi. Vér viljum minna á það, sem fyrr var nefnt, að málið virðist fram borið af stjórnarandstæðingum til pólitísks stundarávinnings fyrst og fremst. Frumvarpið var birt opinberlega daginn sem kosning til bæjarstjórnar fór fram í Reykjavík. En hart er það, ef stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar gera þann óvinafagnað að láta það verða til að torvelda störf stjórnarinnar að hinum þýðingarmestu viðfangsefnum og gína við því, sem er tálbeita ein. Þær líklegu undirtektir, sem frumvarp þetta hefur hlotið hjá mörgum stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar, m. a. í stjórnarskrárnefndinni, hefur þegar seinkað störfum Alþingis og teflt í tvísýnu framgangi sumra mikilvægra mála, sem þurftu bráðrar úrlausnar. Hyggjum vér mál til komið, að hér verði reynt að snúa til betri vegar.

Þrátt fyrir atkvæðagreiðslu þá, sem fram hefur farið í stjórnarskrárnefnd, viljum vér ekki trúa því í lengstu lög, að meiri hluti Alþingis gerist svo sljóskyggn á skyldur sínar og alvöru komandi tíma, að hann hætti því samstarfi, sem verið hefur á þingi og í ríkisstjórn, og þeim málum, sem þjóðinni eru mikilsverðust, til þess að gera ónauðsynlega, óathugaða bráðabirgðabreytingu á stjórnarskrá ríkisins, og vinni það til ofan á allt annað að hrinda þjóðinni út í tvennar kosningar í stað einna, og þá sérstaklega með það í huga, að þessar tvennar kosningar munu, ef þannig er til þeirra stofnað, verða til óvenjumikillar sundrungar með þjóðinni, og það út af máli, sem ekki getur talizt sérstaklega aðkallandi einmitt nú, heldur þvert á móti. En ef svo ólíklega fer, munum vér, og Framsóknarflokkurinn í heild, frábiðja oss alla ábyrgð á þvílíkum tiltektum.

Á það má benda, að þingmeirihluti sá, sem skapast mundi um framkvæmd þessa máls og eðlilega færi með stjórn landsins fyrst um sinn, hlyti, ef af líkum ræður, að verða næsta ósamstæður í flestum öðrum málum, og er þá auðsætt, hversu stefnir um úrræði af ríkisvaldsins hálfu.

Framsóknarflokkurinn mun, með tilvísun til þess, sem að framan er sagt, flytja á Alþingi tillögu til þingsályktunar um kosningu milliþinganefndar til að endurskoða stjórnarskrá ríkisins. Jafnframt leggjum vér til, að þetta frumvarp verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að með frumvarpi þessu er stofnað til vanhugsaðrar, óundirbúinnar og ófullnægjandi breytingar á stjórnskipun ríkisins og þjóðinni þannig hrundið út í

tvennar alþingiskosningar, með stuttu millibili, um viðkvæmt deilumál, á hinum mestu háska- og alvörutímum, þegar brýn nauðsyn er á einingu og samstarfi, telur deildin rétt, að hafizt verði handa um ýtarlegan undirbúning vandaðrar endurskoðunar á stjórnskipun ríkisins, sem leiða megi til varanlegrar stjórnarskrár, er fullnægi óskum þjóðarinnar um fullvalda lýðveldi, á traustum lýðræðis- og þingræðisgrundvelli, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 8. maí 1942.

Sveinbjörn Högnason, frsm. Gísli Guðmundsson, Jörundur Brynjólfsson.

Bergur Jónsson.

Nd. 370. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1941, um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim.

Frá öðrum minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta, sem borið var fram á fyrri hluta þings, hefur legið lengi í landbúnaðarnefnd. Var þegar ljóst, er farið var að ræða málið í nefndinni, að eigi mundi nást samkomulag um aðalefni þess: niðurfellingu vegafjár og þá framkvæmd í úthlutun uppeldisstyrksins, að algerlega væri gengið fram hjá þeim frádrætti, sem miðaður væri við það, sem kalla mætti eðlileg vanhöld. Um upphæð uppeldisstyrksins, 25 kr. á lamb, þegar frá er dregið eðlilegt viðhald ærstofnsins, var hins vegar enginn ágreiningur, enda er sú upphæð í samræmi við ákvörðun mæðiveikinefndar á styrknum, sem nýlega er um garð gengin. Ég, sem undirrita þetta nefndarálit, tel, að þeirri úthlutun á uppeldisstyrknum, sem mæðiveikinefnd hefur nýlega lokið við, sé, þegar á allt er litið, mjög í hóf stillt, bæði að því er upphæðina á hvert lamb snertir og hinsvegar þær reglur, sem lagðar eru til grundvallar fyrir úthlutuninni. Í þessu felst verulegur stuðningur til fjáreigenda til þess að klifa upp þann erfiða hjalla að veita fjárpestarfaraldrinum nokkurt viðnám og til að standast þá raun, sem fjárfellirinn bakar þeim. Þó ber engan veginn svo á það að líta, að mín skoðun falli á þá lund, að það væri nokkur ofrausn til handa fjáreigendum, sem búa á fjárfellissvæðunum, þótt þeir fengju uppeldisstyrk samkvæmt þeirri reglu, sem í frv. felst. Okkur, sem stöndum í því stríði að eiga í höggi við þennan geigvænlega faraldur, er það ofurvel ljóst, að svo er ekki. En á það verður að líta, að þegar slíkt áfall ber að höndum sem nú háir miklum meiri hl. sauðfjárframleiðendanna í landinu, þá er ekki hægt að gera kröfu til þess, að það fjármagn sé á hverjum tíma tiltækt í ríkissjóði, að þess sjáist ekki veruleg merki í afkomu þeirra manna, sem þessi óhamingja bitnar á. Hitt er að sjálfsögðu frá þjóðhagslegu sjónarmiði séð alveg sjálfsögð öryggisráðstöfun, að veita þann stuðning í þessari baráttu, sem að verulegu gagni kemur og útlit er fyrir, að hægt verði að inna af hendi, meðan þetta erfiðleikaástand, sem bændurnir eiga nú við að etja, stendur yfir, — og enginn sér, enn sem komið er, fyrir endann á. Ég tel, að þau ákvæði þessa frv., að 25 kr. uppeldisstyrkur verði veittur á hvert gimbrarlamb, sem á er sett, og að styrkurinn hækki eða lækki eftir því, sem gildandi verðvísitala segir til, eigi að lögfesta samtímis því, sem tekin er upp í lögin frádráttarregla sú fyrir eðlilegu viðhaldi ærstofnsins, sem mæðiveikinefnd fylgdi við nýafstaðna úthlutun uppeldisstyrksins. Enn fremur vil ég rýmka ákvæði laganna að því er snertir uppeldisstyrkinn, þannig að aðstaða þeirra manna, sem koma sér upp fjárstofni, verði hliðstæð við bændur, er styrks njóta.

Ég legg því til, að frv. verði fært í það horf, er ég nú hef lýst, og verði það gert, tel ég, að frv. þetta sé ekki ófyrirsynju fram komið og í þannig lagaðri afgreiðslu þess felist aukið öryggi þeim til handa, er styrksins njóta, auk þess sem það tryggir betur en ella lífsafkomuskilyrði þjóðarinnar. Hins vegar er ég alveg mótfallinn því ákvæði þessa frv. að fella með öllu niður úr lögunum heimildina um fjárframlag til vegagerða. Það tel ég, að sé mjög misráðið, því að fé það, sem veitt hefur verið í þessu skyni, hefur komið að mjög miklum notum og mun gera það, svo mjög sem áfátt er enn víða um akvegi, sem eru eitt meginlífsskilyrði nútímabúskapar.

Ég get engan veginn fallizt á þá afgreiðslu þessa máls að vísu frv. frá með rökstuddri dagskrá, eins og meiri hluti landbúnaðarnefndar leggur til. Eins og fyrr segir, tel ég það til verulegra bóta, að tekin séu upp í lögin þau ákvæði, er ég hef nokkuð rætt um hér að framan, og legg ég því til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin verði svo hljóðandi:
   5. töluliður 27. gr. laganna orðist þannig.
   Til þess að styrkja fjáreigendur til að ala upp sauðfé í skarðið fyrir það fé, er þeir hafa misst af völdum þessara sjúkdóma, og vegna ráðstafana, er leiðir af framkvæmd laga þessara. Auk þess geta komið til greina fjáreigendur, er koma sér upp fjárstofni þannig, að aðstaða verði hliðstæð við bændur, er styrks njóta. Við útreiknings uppeldisstyrks skal þó ætla eðlilegt viðhald sem svarar 15% af ærstofninum, eins og hann er ár hvert, og koma þau lömb ekki til greina við úthlutun uppeldisstyrks.
   Uppeldisstyrkur á gimbrarlömb, sem eru umfram áðurgreind 15%, skal vera 25 kr. á hvert ásett lamb haustið 1941, miðað við þá verðvísitölu, er gilti í október sama ár. Styrkur á ásett lömb hækkar eða lækkar eftir því, sem gildandi verðvísitala segir til fyrir október það haust, er lömbin eru sett á.
2. Við 3. gr. Greinin falli niður.
3. Við 4. gr. Greinin falli niður.
4. Við 5. gr. Greinin falli niður.
5. Við 6. gr. Greinin falli niður.
6. Við 7. gr. Greinin falli niður.
7. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Aftan við 36. gr. laganna bætist: Er ráðherra heimilt, eftir tillögum nefndarinnar, að verja fé úr ríkissjóði til að kosta flutning slíkra lamba, einkum hrútlamba, milli héraða.

Alþingi, 7. maí 1942.

Pétur Ottesen.

Nd. 371. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Nr. 63 í 72. kafla tollskrárinnar í 1. gr. laganna orðist svo:

	Tolleining	Vörumagns-tollur, aurar	Verðtollur %
63 — aðrar	1 kg	7	8

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á öndverðu þessu þingi barst iðnaðarnefnd Nd. erindi bókbandsiðnrekenda um leiðréttingu á misrétti, er þeir töldu sig beitta með nokkrum ákvæðum tollskrárinnar. Nefndin sendi tollstjóra erindi þetta til umsagnar, og taldi hann rétt, að flutt væri breyting sú við tollskrána, sem hér kemur fram, en lagði að öðru leyti á móti tillögum bókbandsiðnrekenda.

Nefndin hefur fallizt á að flytja þetta frumvarp, en vísar að öðru leyti til bréfa Félags bókbandsiðnrekenda og tollstjórans, sem eru prentuð hér með sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

FÉLAG BÓKBANDSIÐNREKENDA Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. febr. 1942.

Félag bókbandsiðnrekenda í Reykjavík leyfir sér hér með að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að það flytji til á tollskrá nokkra liði, til samræmingar við hliðstæðar atvinnugreinar. Af vangá við samningu skrárinnar hafa nokkrir liðir, er tilheyra bókbandsiðninni, verið settir í flokka eða eru teknir undir flokkum, sem eru ósamrímanlegir hliðstæðum atvinnugreinum.

Viljum vér leyfa oss að benda á eftirfarandi atriði:

1. Vélar til bókbands eru, samkvæmt tollskrá 1940, teknar í XVI. flokki, 72. kafla, nr. 63 („aðrar vélar") og falla því undir 30% verðtoll. En vélar til 14 hliðstæðra iðngreina eru í sama flokki settar undir 8% verðtoll. Það getur ekki verið tilætlunin að íþyngja sérstaklega þessari iðngrein, öðrum fremur, heldur mun þetta stafa af því, að þeir, sem um málin hafa fjallað, hafa gleymt bókbandsiðninni.

2. Bókbandspappír (spjaldapappír, saurblaðapappír) er ekki til í tollskránni sem sérstakur liður og hefur því verið látinn falla undir X. flokk, 44. kafla, nr. 22, sem cellophanpappír, marmarapappír og pappír ótalinn annars staðar, verðtollur 30%. Þessi liður í tollskránni á sérstaklega við um ónauðsynlega vöru, svo sem umbúðir um sælgæti, konfekt og hliðstæðan varning, en ekki getur komið til mála, að tilætlunin hafi verið, að bókbandsefni félli undir hann.

3. Rexin, skinnlíki, sem í raun og veru er ekki annað en vandaðri gerð af shirting, ætlað til þess að klæða með þær bækur, sem meira eru notaðar til slits en skrauts, hefur í mörgum tilfellum verið sett undir 30% verðtoll, þó að þetta sé aðeins betri gerð af shirting og með öllu ástæðulaust að færa undir aðra liði.

4. Kjölkragi. Á allar vandaðri bækur er límdur kjölkragi (kapitalband). Efnið í þessum böndum er ýmist bómull eða silkilíki og hefur því verið tollað eftir efni vörunnar. Þetta mun sömuleiðis vera af vangá gert og ætti að vera undir bókbandsefni, því að bönd þessi eru einvörðungu notuð við band á bókum. Ætti því að falla undir 8% eins og annað, sem kennt er við bókband í tollskránni.

5. Skinn til bókbands hefur verið tollað með 15%. Á síðari árum hefur farið mjög í vöxt að binda bækur í skinn. En bókband hér á landi er af óviðráðanlegum ástæðum mjög dýrt, svo að ekki virðist ástæða til að auka á það með því að tolla efni til iðnarinnar sérstaklega óvægilega. Viljum vér því leyfa oss að mælast til þess, að bókbandsskinn verði einnig færð undir 8% verðtoll.

Eðlilegast væri og tryggast, að allt efni og áhöld til bókbands væri sett undir einn lið í tollskránni og tollað með 8% verðtolli, svo að ekki þurfi að leita að því eða færa það undir óskylda efnivöruflokka.

Allar frekari upplýsingar og leiðbeiningar viðvíkjandi þessu erindi voru erum vér undirritaðir fúsir að veita.

Virðingarfyllst.

Þorl. Gunnarsson, form. Ársæll Árnason, ritari. Gunnar Einarsson.

Til Alþingis.

Fylgiskjal II.

TOLLSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. apríl 1942.

Með bréfi, dags. 17. f. m., hefur háttvirt iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis beiðzt umsagnar minnar um meðfylgjandi erindi félags bókbandsiðnrekenda, dags. 20. febr. þ. á., þar sem farið er fram á það, 1) að verðtollur af bókbandsvélum verði lækkaður úr 30% í 8%, 2) að lækkaðir séu tollar á spjalda- og saurblaðapappír, 3) að lækkaður sé einnig tollur á skinnlíki, 4) að verðtollur á kjölkraga verði lækkaður úr 60% í 8%, og 5) að skinn til bókbands verði lækkað úr 15% í 8%.

Út af þessum atriðum skal eftirfarandi virðingarfyllst tekið fram.

Um 1. Fyrir gildistöku tollskrárlaganna núgildandi voru bókbandsvélar í 30,24% verðtolli og við samning tollskrárlaganna var þetta að því leyti látið haldast óbreytt, að þær koma eftir þeim lögum í 30% verðtoll. Það má segja, að bókbandsvélar geti eins verið í 8% verðtolli eins og t. d. vélar til pappírspokagerðar og prentvélar. Þá eru og til fleiri vélar, sem koma undir nr. 63 í 72. kafla tollskrárinnar með 30% verðtolli og ekki er síður ástæða til, að séu í lágum tolli en sumar þær vélar, sem koma undir nr. 49—62 í 72. kafla með 8% verðtolli. Sem dæmi má nefna vélar til lakk- og málningargerðar. Það rétta í þessu efni er það, að allar iðnaðarvélar verði í sama tolli, og leyfi ég mér því að leggja til, að verðtollurinn eftir nr. 63 í 72. kafla tollskrárinnar verði lækkaður í 8% til samræmis við verðtollinn í tollskrárnúmerunum á undan, og læt ég fylgja hér með uppkast að frumvarpi, sem gengur í þessa átt, en ef það verður samþykkt, koma bókbandsvélar í 8% verðtoll eins og farið er fram á.

Um 2. Í nr. 22 í 44. kafla tollskrárinnar er talað um marmarapappír, en sá pappír er fyrst og fremst bókbandspappír. Mikið af spjaldapappírnum er marmarapappír, svo að það er fullmikið sagt í erindi bókbandsiðnrekenda, að ekki sé til sérstakur liður fyrir bókbandspappír í tollskránni. Við samning tollskrárinnar var gert ráð fyrir því, að allur litaður og munsturþrykktur pappír, að veggfóðri undanteknu, kæmi annaðhvort í nr. 22 í 44. kafla með 30% verðtolli eða í nr. 21 í sama kafla með 50% verðtolli, en til þess að undirstrika það, að bókbandspappírinn skyldi koma í nr. 22 með 30% verðtolli var marmarapappírinn, sem var talinn typiskastur af þeim pappír, sem er almennt notaður til bókbands, talinn upp í nr. 22 í 44. kafla tollskrárinnar. Þegar farið var að framkvæma tollskrána, kom það í ljós, að mörkin milli nr. 22 og nr. 21 í 44. kafla voru ekki nógu glögg, og til þess að bæta úr þessu var nr. 21 breytt á síðasta þingi. Eftir það kemur allur litaður og munsturþrykktur pappír, að undanteknu veggfóðri, í nr. 22, nema í honum sé glans, gylling, silfrun eða annað brons. Sem sagt allur annar litaður og munsturpressaður pappír, að undanteknu veggfóðri, kemur undir nr. 22 í 44. kafla tollskrárinnar, og þar af leiðandi allur spjalda- og saurblaðapappír, sem er þannig gerður. Ég tel ógerlegt í framkvæmd að taka undan nr. 22 í 44. kafla spjalda- og saurblaðapappír, þar eð það verður aldrei annað en handahóf, ef skilja ætti þess háttar pappír frá öðrum lituðum og munsturpressuðum pappír. Þá er því haldið fram í erindinu, að nr. 22 í 44. kafla eigi aðeins við um ónauðsynlegan pappír. Þetta er ekki alls kostar rétt, þar eð ýmislegur nauðsynjapappír, t. d. allur vandaðri umbúðapappír, kemur þar undir. Auk þess má geta þess, að nr. 22 í 44. kafla er liður, sem tekur yfir margs konar pappír, enda fellur þar undir allur sá pappír, sem ekki fellur undir nr. 10—21 í 44. kafla tollskrárinnar.

Um 3. Eftir tollskrárlögunum, eins og þau voru, er þau gengu í gildi 1. febr. 1940, kom skinnlíki undir nr. 35 í 50. kafla tollskrárinnar með 20 aura vörumagnstolli og 50% verðtolli. Á síðasta Alþingi var tollskrárlögunum breytt þannig, að skinnlíki eða leðurlíkisdúkur, eins og skinnlíkið er kallað í tollskránni, kemur nú undir sama tollskrárlið og vaxdúkur og er með 20 aura vörumagnstolli og 30% verðtolli. Bæði að gerð og verði er leðurlíkisdúkur hliðstæð vara og vaxdúkur,

enda hvor tveggja yfirleitt framleiddur af sömu verksmiðjum, og var því leðurlíkisdúkurinn settur í sama tollskrárnúmer og sömu tolla og vaxdúkurinn, enda er þetta í samræmi við það, sem gildir eftir þeim tollskrám, sem okkar tollskrá er sniðin eftir. Ég tel ekki ástæðu til að lækka tollana á leðurlíkisdúknum frekar en gert hefur verið, enda er þessi vara alls staðar þar, sem ég þekki til, tolluð hærra og mun hærra en bókbandsléreft, enda betri og dýrari vara en það.

Um 4. Kjölkragi er borði, sem ýmist fellur undir nr. 11 í 46B. kafla tollskrárinnar, nr. 14 í 48. kafla og nr. 19 í 49. kafla. Er hann meira unninn en ýmsir þeir borðar, sem koma undir þessi tollskrárnúmer. Ég tel ekki rétt að gera upp á milli borða og tolla þá misjafnlega. Kjölkragi verður því að fylgja öðrum borðum og tollast eins og þeir. Það má þó aðgreina kjölkraga frá öðrum borðum, þar eð þessir borðar hafa sérstaka gerð, og er því hægt að hafa þá í sérstöku tollskrárnúmeri, en eins og fyrr segir, virðist ekki ástæða til þess að taka kjölkraga út úr, enda er kjölkraginn meira unninn en ýmsir borðar, sem koma í 60% verðtoll.

Um 5. Það er ógerlegt að greina á milli skinna til bókbands og til annars. Ef því ætti að lækka tollana á skinnum vegna bókbandsiðnaðarins, yrði að lækka tollana á skinnum almennt, en þar eð hér er um stóran tekjulið að ræða, virðist það ekki geta komið til mála.

Þá er því að endingu haldið fram í erindinu, að eðlilegast og tryggast væri að hafa allt efni og áhöld til bókbands í einu tollskrárnúmeri. Ég sé ekki ástæðu til að eyða mörgum orðum um þennan lið erindisins, þar eð ef hann væri tekinn til greina, yrðu með því brotnar flestar þær meginreglur, sem tollskráin er samin eftir og sjálfsagt þótti að fylgja við samning hennar, enda auk þess verulegir annmarkar á þessu í framkvæmd.

Jón Hermannsson.

Til iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 372. Breytingartillögur

við frv. til laga um heimild til ábyrgðar fyrir lánum handa Akureyrarkaupstað, Ísafjarðarkaupstað og rafveitufélaginu Tungufossi í Rangárvallasýslu til rafveituframkvæmda.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

1. Við 1. gr. Inn í greinina bætist á eftir orðunum „og rafveitu um Rangárhérað“: Og allt að 1 millj. kr. lán fyrir Neshrepp og Ólafsvíkurhrepp í Snæfellsnessýslu, til rafveitu til Sands og Ólafsvíkur, og allt að 9 hundruð þús. kr. lán fyrir hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, til rafveitu í Stykkishólmi.
2. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til l. um heimild til ríkisábyrgðar fyrir lánum til rafveituframkvæmda.

Ed. 373. Lög

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 251.

Ed. 374. Lög

um stríðsgróðaskatt.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 219.

Ed. 375. Lög

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 277.

Ed. 376. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 101 frá 23. júní 1936.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (ÞÞ) áskilur sér þó rétt til þess að bera fram breytingartillögu við frv.

Alþingi, 9. maí 1942.

Þorst. Þorsteinsson, form.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr., frsm.	Páll Zóphóníasson.

Sþ. 377. Tillaga til þingsályktunar

um fjárframlag vegna sauðfjársjúkdóma.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Steingrímur Steinþórsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir 3 millj. kr. af tekjum ársins 1941, er verja skal, að styrjöldinni lokinni, til að standast útgjöld vegna sauðfjárpesta þeirra, er nú herja landið, m. a. til þess að koma upp nýjum, ósýktum fjárstofni.

Greinargerð.

Á haustþinginu 1941 bar landbúnaðarráðherra fram þáltill. um 1 millj. kr. framlag af tekjum ársins 1941 til sauðfjáruppeldis á fjárpestarsvæðunum. Till. sú náði ekki afgreiðslu. Till. um sama efni var samþykkt á búnaðarþingi 1941.

Það virðist nú augljóst, að fjárpestir þær, er undanfarin ár hafa herjað landið og enn eru í algleymingi, muni um nokkur ókomin ár verða þungur baggi á þjóðinni, bæði á bændum þeim, sem fyrir þeim hafa orðið, svo og ríkissjóði, sem orðið hefur að hlaupa undir bagga með þeim og annast margháttaðar framkvæmdir til að fyrirbyggja frekari útbreiðslu sjúkdómanna. Um það skal ekkert fullyrt hér, hvor leiðin verður að lokum farin til að yfirstíga plágur þessar, að ala upp fjárstofn á hinum sýktu svæðum, sem smám saman verði ónæmur fyrir þeim, eða hvort

að því verður horfið að koma á almennum niðurskurði og fjárskiptum á hinum sýktu svæðum. En þó að hin síðar nefnda leiðin yrði að lokum valin, virðist óhjákvæmilegt að fresta henni þangað til styrjöldinni er lokið, bæði vegna þess, að stórfelldur niðurskurður og fjárskipti hlytu um stund að valda stórkostlegri fækkun fjárstofns landsmanna og minnkandi framleiðslu. En það mætti telja óforsvaranlegt á þeim tímum, sem nú standa yfir, þegar hin mesta nauðsyn er á að efla matvælaframleiðslu þjóðarinnar svo sem kostur er á. Einnig mundi framkvæmd verksins verða þeim mun kostnaðarmeiri fyrir ríki og einstaklinga, sem verð á sauðfjárafurðum er hærra, eins og verða mun á meðan verðbólga stríðsáranna er í algleymingi. Virðist því sjálfsagt, að beðið sé með þess konar aðgerðir, ef til kæmi, þar til stríðinu lýkur og verðlag fellur aftur, máske niður fyrir það, sem var fyrir styrjöldina, sem vel getur orðið.

En hvor leiðin, sem farin yrði, mundi verða ríkinu æðikostnaðarsöm, því að án stuðnings þess yrði ekki unnt að endurreisa sauðfjárrækt landsmanna, eins og nú er komið. Virðist okkur því hin mesta nauðsyn á að leggja nú þegar fyrir nokkra upphæð af hinum óvenjumiklu tekjum ríkisins á síðasta ári, til að mæta útgjöldum af þessum óumflýjanlegu framkvæmdum síðar meir, þegar tekjur ríkisins minnka, en þörfin á stuðningi til þessara mála verður máske enn meiri.

Nd. 378. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild til ábyrgðar fyrir lánum handa Akureyrarkaupstað, Ísafjarðarkaupstað og rafveitufélaginu Tungufossi í Rangárvallasýslu til rafveitufamkvæmda.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 1. gr. Á eftir orðunum „og rafveitu um Rangárhérað“ bætist: Einnig allt að 500 þús. króna lán fyrir Höfðahrepp og Vindhælishrepp til rafveitu um Skagastrandarkauptún og nágrenni.

Sþ. 379. Nefndarálit

um till. til þál. um verksmiðju til að hreinsa og herða síldarlýsi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og er á einu máli um, að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða og að rétt sé, að ríkið reisi verksmiðju til að hreinsa og herða síldarlýsi, þegar ástæður leyfa. Hins vegar hafa nú borizt upplýsingar um, að sú rannsókn, er till. fer fram á að gerð sé, hefur þegar verið framkvæmd, m. a. af stjórn síldarverksmiðja ríkisins. Hefur framkvæmdarstjóri verksmiðjanna í för sinni til Bandaríkjanna nú á þessu ári útvegað tilboð í vélar til þess að hreinsa og herða síldarlýsi og ýmsar upplýsingar í því sambandi. Telur hann að þessu athuguðu, að rétt muni að fresta því að reisa slíka verksmiðju, annaðhvort þangað til markaður opnast aftur fyrir þessar afurðir eða þangað til tollar á þeim eru afnumdir eða lækkaðir í Bandaríkjunum, svo líklegt sé, að hreinsun og herzla á síldarlýsi geti svarað kostnaði. Telur n., að nauðsynlegt sé, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir þessu, en af framantöldum ástæðum sé hins vegar eigi ástæða til að samþykkja tillögu þá, er fyrir liggur, og leggur til, að hún verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir afnámi eða lækkun tolla á síldarlýsi, hertu og óhertu, í Bandaríkjunum, tekur Alþingi fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 9. maí 1942.

Einar Árnason, form.	Árni Jónsson, fundaskr.	Finnur Jónsson, frsm.
Páll Zóphóníasson.	Jörundur Brynjólfsson.	Þorsteinn Briem.
	Eiríkur Einarsson.	

Ed. 380. Breytingartillaga

við frumv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 101 frá 23. júní 1936.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Á undan 8. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
17. gr. laganna falli burt.
(Greinatala breytist samkvæmt því.)

Nd. 381. Breytingartillaga

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 og stjórnarskipunarlögum nr. 22 24. marz 1934.

Flm.: Pétur Ottesen.

Við 1. gr. frv. Greinin orðist svo:
Stafl. a. í 26. gr. stjórnarskrárinnar hljóði þannig:
32 menn í einmennings- og tvímenningskjördæmum þeim, sem nú eru. Skal kosning vera hlutbundin í tvímenningskjördæmum og jafnmargir varamenn kosnir samtímis og á sama hátt.
Deyi þingmaður, kosinn í einmenningskjördæmi, eða fari frá á kjörtímanum, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

Nd. 382. Breytingartillaga

við frv. til l. um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

Frá Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verði 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):
Ríkisstjórnin skal greiða 20% uppbætur á útborguð laun embættismanna og starfsmanna ríkisins 1942, þau, er samsvara allt að 6000 kr. grunnlaunum á ári, en 15% uppbætur á það af launum, sem er fram yfir það, sem samsvarar 6000 kr. grunnlaunum á ári. Þó skal eigi greiða þessa uppbót á þann hluta launa, sem fram

yfir er það, sem samsvarar 9000 kr. grunnlaunum á ári. Uppbót þessi greiðist mánaðarlega með launum.

Bæjarfélögum og stofnunum þeirra veitist heimild til greiðslu samsvarandi launauppbóta til starfsmanna sinna.

Nd. 383. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast hitaveitulán fyrir Ólafsfjarðarhrepp.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að tvö hundruð þúsund króna innlent lán fyrir Ólafsfjarðarhrepp í Eyjafjarðarsýslu til að koma í framkvæmd hitaveitu fyrir Ólafsfjarðarkauptún, þó aldrei yfir 80% af stofnkostnaði hitaveitunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ástæður fyrir frv. þessu felast í eftirfarandi kostnaðaráætlun.

Fylgiskjal.

Hitaveita fyrir Ólafsfjörð.

1. Heita vatnið á Garðsárdal.

Í Garðsárdal, um 3,7 km suðvestan við Ólafsfjarðarkauptún, eru nokkrar heitar uppsprettur. Stærsta lindin (Garðslaug) er fast niður við Garðsá austanverða, en að vestanverðu eru 7 lindir, sem grafnar hafa verið fram með árangri.

Samkvæmt mælingum og athugunum, er fóru fram á hitasvæðinu haustið 1939, er hitinn í lindunum 50°—53° og vatnsmagn í Garðslaug og áðurnefndum 7 lindum samanlagt um 9,5 ltr./sek. Ómældar eru allmargar smáuppsprettur með volgu vatni. Er sennilegt, að hægt sé að fá eitthvað aukið hitamagn með því að grafa niður með þeim.

Hér verður ekki gerð tilraun til að gizka á, hvort hægt sé að auka hitamagnið með borunum, en benda má þó á, að hvergi þar, sem grafið hefur verið niður með lindunum, hefur fundizt hærri hiti en 53°—54°, en það hitastig hefur fengizt allvíða. Virðist þetta benda fremur til þess, að hæpið sé að treysta því, að hitinn aukist verulega, þó borað væri niður, en líklegra er, að vatnsmagnið aukist. Að sjálfsögðu getur reynslan ein skorið úr um þessi atriði. Hitt er víst, að borun eftir heitu vatni tekur alllangan tíma og kostar töluvert fé.

Hér á eftir verður gerð tilraun til athugunar á því, hvort hagkvæmt geti verið að veita heita vatninu til Ólafsfjarðarkauptúns og nota til upphitunar húsa, jafnvel þó að hitamagnið aukist ekki frá því, sem nú er. Reynist svo, gæti hitaveitan síðar staðið sjálf straum af áframhaldandi rannsóknum og borunum, sem hún mundi fá endurgreiddar með auknu hitamagni, ef vel gengur.

2. Verðmæti heita vatnsins.

Samkvæmt framanrituðu verður hér reiknað með 9,5 lítrum á sek. af heitu vatni. Við teljum líklegt, að hægt verði að fá vatnið um 52° heitt í eina aðfærsluþró og um

49°—50° heitt í vatnsgeymi hjá Ólafsfjarðarkauptúni. Einnig er hér gert ráð fyrir, að nýttur verði til upphitunar hiti vatnsins niður í ca. 31° þannig, að hitafallið verði a. m. k. um 18°.

Þetta svarar til 615000 hitaeininga á klst., eða um 14,7 milljón h.e. á sólarhring. Ef reiknað er með, að úr hverju kg af kolum fáist að meðaltali um 3000 h.e., en telja má fremur hátt að áætla, að svo mikill hiti nýtist úr þeim til venjulegrar húsahitunar, jafngildir heita vatnið um 4,9 tonnum af kolum á sólarhring.

Ef fá ætti jafnmikið hitamagn með rafmagni, þyrfti til þess um 700 kw.

3. Hitaþörf Ólafsfjarðarkauptúns.

Samkvæmt mælingum, er gerðar voru nú í vetur á húsrými í Ólafsfirði, er samanlögð stærð íbúðarhúsa í kauptúninu um 15500 m³. Eldhús og gangar eru meðtalin, en geymslur ekki.

Þótt ekki verði, án nákvæmra mælinga og útreiknings, sagt með vissu um hitaþörf á hvern m³, sem að sjálfsögðu fer eftir byggingarlagi húsa, stærð og afstöðu, má þó gizka á það með nokkurri nákvæmni, með því að miða við reynslutölur (meðallagstölur) fyrir sambærileg hús annars staðar á landinu og á Norðurlöndum. En samkvæmt þeim verður að áætla að mesta hitaþörf á klst., ef miðað er við 20° innihita og ÷ 15° útihita, sé nálægt 60 h.e. á klst. á m³, en mesta meðalhitaþörf á sólarhring um 69% þar af, eða nálægt 40 h.e. á m³.

Mesta meðalhitaþörf Ólafsfjarðarkauptúns á sólarhring er þá um 620000 h.e. á klst., eða svo að segja sú sama og talið var hér að framan, að hitagjöf lauganna væri til húshitunar.

Til að sannprófa, hvort hitaþörf þessi er nærri lagi, er hægt að miða við kolanotkun kauptúnsins eftir líkingunni:

$$K = \frac{V}{2000}$$

K merkir í líkingunni kolanotkun á ári í tonnum, til að fullnægja hitunar og heitavatnsþörfinni, en V merkir hitaþörf á klst.

Samkvæmt framanrituðu er mesta hitaþörf á klst. 15500. 60—930000 h.e. og kolanotkunin:

$$K = \frac{930000}{2000} = 465 \text{ tonn á ári.}$$

Samkvæmt upplýsingum frá oddvita Ólafsfjarðarhrepps, er kolanotkun kauptúnsins um 650 tonn á ári til eldunar og hitunar. Nærri lætur, að 25% af því fari til eldunar, og ættu þá um 480 tonn að eyðast til upphitunar á húsum og til hitunar á neyzluvatni. Kemur það vel heim við það, sem áætlað var hér að framan.

4. Hitaveitan.

a. **Fyrirkomulag.**

Fyrirkomulag hitaveitunnar yrði þannig í aðalatriðum:

Vatnið úr lindunum verður leitt í einangruðum pípum í eina aðalþró, sem byggð verður neðar en neðstu lindirnar. Steypa verður utan um Garðslaugina, svo áin kæli hana ekki í vatnavöxtum.

Frá aðalþrónni verður vatnið leitt í tré- eða asbestpípum beinustu leið að steinsteyptum geymi, sem byggður verður í brekkunni rétt ofan við kauptúnið. Vídd aðalpípunnar ákvarðast þannig, að vatnið fæst sjálfrennandi í gegnum hana í geyminn. Lengd pípunnar er samtals um 3,7 km og fallhæð frá þró að geymi um 56 metrar og frá geymi að neðstu legu pípunnar um 18 m. Pípuvíddin verður rúmir 4 þuml. og stopphani við lindarnar, en ekki við geymi.

Pípan verður lögð á 20 sm malarlag, um hana vafið tvöföldu reiðingstorfi ca. 10

sm þykku og þakpappi þar yfir. Þar yfir gerður tyrfður moldargarður. Landið, sem pípan liggur eftir, er þurrt og slétt.

Fáist síðar meir aukið vatnsmagn, getur sama pípa flutt mun meira vatn, með því að setja rafmagnsdælu í hana við kauptúnið.

Pípur frá vatnsgeymi til húsanna eiga að vera venjulegar svartar járnpípur af ýmsum gildleika eftir skiptingu vatnsins. Þær verða menjumáladar utan, lagðar á malarlag í skurði eftir götum og gangstígum og einangraðar og varðar vatni á sama hátt og aðalpípan. Tveir stopphanar verða innan við vegg hvers húss og stopphanar á hverri aðalgrein í götunum. Afrennslisvatninu verður safnað saman. Það verður ca. 30—35 gr. heitt, og leitt að sundþró, sem ráðgert er að byggja hið bráðasta við væntanlega barnaskólabyggingu.

Undanfarandi 4 ár hafa ungir áhugamenn, aðallega íþróttafélag byggðarlagsins, unnið að því að grafa fram lindirnar á sinn kostnað, og var vatnsmagn þeirra sáralítið er byrjað var. Samið hefur verið við þá tvo landeigendur, sem eiga hitasvæðið, að láta það af hendi gegn því, að þeir fái að taka frá aðalpípu 1/100 hluta vatnsins hvor til hitunar bæjarhúsa sinna.

Mestan hluta af efni til leiðslunnar er hægt að fá keyptan í Reykjavík, og það, sem vantar, er væntanlegt með næstu skipum. Reiðingurinn fæst ristur í Skagafirði eða Eyjafirði. Menn til að vinna verkið hafa Ólafsfirðingar heima fyrir, ásamt verkstjóra, en þurfa þó að fá pípulagningamann síðari hluta sumars og haustið. Fé til framkvæmdanna er áætlað að fáist á þann hátt, að banki láni 150 þús. gegn ríkisábyrgð til 10 ára, en 50 þús. fáist lánaðar heima fyrir, að nokkru sem fyrir fram greidd afnotagjöld heits vatns og að nokkru sem vinnuframlög, er greiðist síðar.

b. **Kostnaðaráætlun** (samandregin).

4″ trépípa 3800 m löng, komin til Ólafsfjarðar	kr.	75000.00
250 rl. þakpappi	—	7000.00
2600 m járnrör ½″—2″	—	12000.00
Kranar og tengistykki	—	8000.00
450 m³ möl 10/—	—	4500.00
Reiðingur alls 450 m³ 35/—	—	16000.00
Sement, járn og ýmislegt efni	—	6000.00
Vinna við leiðslur og geymi, 10 menn í 4 mán.	—	30000.00
Pípulagningamaður í 3 mánuði	—	3000.00
Ýmiss konar akstur	—	4000.00
Vextir, umsjón, ýmislegur kostnaður	—	34500.00
	Kr.	200000.00

c. **Áætlun um rekstur.**

Tekjur áætlast fyrstu 3 árin, verðgildi 450 tonna af kolum með 150 kr. verði, alls kr. 67500.00.

Gjöld 1. árið:

4% vextir af 200 þús. kr.	kr.	8000.00
Gæzla og umsjón	—	10000.00
Viðhald og ýmislegt	—	5500.00
Afborgun af lánum	—	44000.00
	Kr.	67500.00

Gjöld 2. árið:

4% vextir af 156 þús.	kr.	6240.00
Gæzla og umsjón	—	10000.00
Viðhald og ýmislegt	—	5260.00
Afborgun af lánum	—	46000.00
	Kr.	67500.00

Gjöld 3. árið:

4% vextir af 110 þús. kr.	kr.	4400.00
Gæzla og umsjón	—	10000.00
Viðhald og ýmislegt	—	5100.00
Afborgun af lánum	—	48000.00
	Kr.	67500.00

Er þá stofnkostnaðurinn kominn niður í 62 þús. kr., og mætti þá lækka vatnsgjaldið verulega og fá þó nokkurn tekjuafgang, til þess að bora eftir meiru vatni við lindirnar, eða til annarra gagnlegra framkvæmda fyrir byggðarlagið.

Frárennslisvatn húsanna er ekki reiknað til verðs fyrir væntanlega sundþró, en hins vegar gert ráð fyrir, að hún beri kostnað af pípu frá aðalpípukerfi húsanna.

Reykjavík, 20. apríl 1942.

Höskuldur Baldvinsson. Sveinbjörn Jónsson.

Nd. 384. Frumvarp til laga

um styrk til Íslendinga vestan hafs til náms í íslenzkum fræðum í Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Kennslumálaráðherra skal heimilt að veita manni af íslenzkum ættum, einum í senn, sem búsettur er í Kanada eða Bandaríkjum Norður-Ameríku og lokið hefur stúdentsprófi þar, styrk úr ríkissjóði til náms í íslenzkum fræðum í heimspekideild Háskóla Íslands.

2. gr.

Námsstyrkur samkvæmt 1. gr. skal miðaður við það, að nemandinn fái greiddan hæfilegan kostnað af húsnæði, fæði og kaupum nauðsynlegra námsbóka. Ráðherra úrskurðar kostnað þennan, að fengnu áliti heimspekideildar háskólans, og skal fæðis- og húsnæðiskostnaður greiddur á mánuði hverjum fyrirfram.

3. gr.

Ráðherra ákveður, hver styrks þessa skuli verða aðnjótandi í hvert sinn, að fengnum tillögum stjórnar Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi og heimspekideildar Háskóla Íslands.

Sá, er styrk hlýtur, skal njóta hans meðan hann stundar nám í deildinni, þó aldrei lengur en 4 ár.

Nd. 385. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 372 [Rafveituábyrgðir].

Frá Bjarna Bjarnasyni.

Við 1. tölulið. Í stað orðanna „1 milljón“ komi: 1½ millj.

Ed. 386. Frumvarp til laga

um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 173 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Félög þau, sem stofnuð eru samkv. lögum þessum, skulu endurtryggja hjá Samábyrgðinni helming þess fjár að minnsta kosti, sem þau ábyrgjast.

Hæsta fjárhæð, sem félögunum sjálfum er heimilt að taka ábyrgð á í einu skipi, má þó eigi fara fram úr 40000 krónum, en það, sem fram yfir þetta er, eftir að skipt er til helminga, ábyrgist Samábyrgðin einnig, og getur hún ekki undan því skorazt.

Félögin greiða Samábyrgðinni jafnhá iðgjöld af þessum fjárhæðum og þau taka sjálf.

Innheimtulaun af iðgjöldum, sem greidd eru Samábyrgðinni, skulu ákveðin í samningi, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

11. gr. hljóðar svo:

Áður en skip er vátryggt, skal það skoðað og metið af þar til skipuðum skoðunar- og matsmönnum, en þeir skulu skipaðir af stjórn hlutaðeigandi félags.

Sé skipi í einhverju ábótavant, er skoðun fer fram, skal úr því bætt, áður en skipið er tekið í tryggingu.

Skoðunarmenn skulu láta álit sitt og mat í ljós skriflega á þar til gerð eyðublöð. Þóknun skoðunarmanna ákveður stjórn félagsins, og greiðist hún af eiganda skipsins.

Skoðun skipa gildir til tveggja ára í senn. Þó er stjórninni heimilt að láta skoðun og mat fara fram hvenær sem henni þykir ástæða til. Öll áhöld, sem á skipi eru, skulu talin með í virðingarupphæð skipsins. Undantekið er þó: bækur, sjókort, sjóúr. Einnig olíur, farfi og brennsluforði.

Nú er eigandi óánægður með skoðun og mat á skipi. Skal hann þá kæra mál sitt fyrir stjórn félagsins, en hún sker úr um skoðunina og matið.

Þegar skip er tryggt í fyrsta sinn í einhverju félagi, skal auk iðgjaldsins greiða félaginu stofngjald 1% af virðingarverði skipsins. Ef virðingarverð skipsins hækkar, skal greiða viðbótarstofngjald af hækkuninni.

Vátryggja skal $^{9}/_{10}$ hluta virðingarverðs hvers skips. Þann $^{1}/_{10}$ hluta, sem þá verður eftir, má hvergi vátryggja.

Stjórn félagsins gefur út vátryggingarskírteini fyrir hvert skip um sig til eins árs í senn.

Nú þykir Samábyrgðinni einhver skoðunar- og matsgerð eigi framkvæmd sem skyldi, og getur hún þá krafizt yfirskoðunar og yfirmats dómkvaddra manna. Hún getur og hvenær sem henni þykir ástæða til krafizt skoðunar og endurmats á skipunum.

29. gr. hljóðar svo:

Skipstjórar á hinum vátryggðu skipum verða að fullnægja þeim reglum, sem settar eru í gildandi lögum á hverjum tíma um rétt til að vera skipstjóri á slíkum skipum, sem þeir stjórna, og í þeim siglingum, er þau ganga. Skipin verða einnig að fullnægja ákvæðum laganna um útbúnað, áhöfn, ljós- og bendingarfæri o. fl.

Félögin og Samábyrgðin geta hvort um sig neitað skipstjórn þess skipstjóra, sem þrisvar á sama tryggingarári hefur orðið fyrir bótaskyldu tjóni á skipum, sem tryggð eru samkvæmt lögum þessum. Ef eigandi skips hlítir ekki fyrirmælum um þetta, verða ekki bætt þau tjón, er sá skipstjóri verður fyrir.

Hvert það skip, sem hefur mótor í lokuðu rúmi, skal hafa meðferðis öflugt slökkvitól, sem tekið er gilt af Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og skal það haft

einhvers staðar fyrir utan vélarrúmið, þar sem auðvelt er að ná til þess. Í vélarrúmi mega ekki vera nein þau tæki, sem eldur er notaður við, að undanteknum lömpum þeim, sem nauðsynlegt er að hafa við rekstur og gæzlu mótorsins.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

1. Meðan núverandi ófriður helzt, mega félögin stríðstryggja skip þau, er þau hafa í sjóvátryggingu. Áhættan skal skiptast milli félaganna og Samábyrgðarinnar eftir sömu hlutföllum og áhættan við sjóvátryggingarnar. Að öðru leyti skulu tryggingar þessar fara eftir þeim reglum, sem Samábyrgðin setur.
2. Bátaábyrgðarfélag það, er nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga til ársloka 1944. Þó skal því skylt að tryggja skip og báta, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna.

Ed. 387. Breytingartillögur

við frumv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 101 frá 23. júní 1936.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Við 3. gr. Meginmál greinarinnar orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðræktarstyrk hvers býlis og skal skrásetja það, er greitt hefur verið síðan jarðræktarlög nr. 43 23. júní 1923, gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða, að því er snertir upphæðir þær, er farið hafa til afgjaldsgreiðslu býlanna, og skal telja aðeins þann hluta afgjaldsins, er nemur venjulegum jarðabótastyrk, miðað við þá dagsverkatölu, er jarðarafgjöldin voru reiknuð eftir. Samhliða þessari spjaldskrá skal Búnaðarfélag Íslands gera aðra spjaldskrá, er sýni stærð á véltæku túni hvers býlis samkvæmt jarðamati og þau mannvirki býlisins, sem styrkhæf eru samkvæmt 9. gr. I. og V. og bæti síðan inn á þá skrá þeirri viðbót, sem verður með árlegum umbótum jarðanna.

Styrkur sá til jarðræktar og húsabóta, er 9. gr. ákveður, skal þessum breytingum háður:

a. Býlum, sem hafa minna en 8 hektara af véltæku túni, greiðist til túnræktar samkvæmt 9. gr. II., III. og IV. 100% hærri styrkur en sú grein ákveður.
b. Býlum, sem fengið hafa samtals minna en 2000 kr., greiðist til húsabóta samkvæmt 9. gr. I. og V. 30% hærri styrkur en sú grein ákveður.
c. Býlum, sem fengið hafa samtals 6000—7500 kr., skal greiða 30% minna fyrir hvert verk.
d. Býlum, sem fengið hafa samtals meira en 7500 kr., skal greiða 50% minna fyrir hvert verk.

Nú greiðist verðlagsuppbót á styrkinn samkv. 9. gr. vegna aukins kostnaðar við framkvæmd verkanna, og telst sú uppbót þá ekki með sem styrkur veittur býli samkvæmt a—d-lið þessarar greinar.

Býlum, sem hafa 8—10 hektara af véltæku túni og hafa fengið 2000—6000 kr., skal greiða styrk til jarðræktar og húsabóta samkvæmt 9. gr., en býlum, sem hafa meira en 10 hektara af véltæku túni, greiðist enginn styrkur samkv. 9. gr. II., III. og IV., og býlum, sem hafa komið sér upp mannvirkjum þeim, er greind eru í 9. gr. I. og V. og að mati Búnaðarfélags Íslands fullnægja þörfum býlis, sem hefur 10 hektara af véltæku túni eða meira, greiðist enginn styrkur samkv. 9. gr. I. og V.

Ekki nær ákvæði d-liðs þessarar greinar svo og ákvæðin, sem takmarka rétt býlis til styrks, til þeirra búa, er bæjarfélög reka og starfrækt eru vegna þess

að ókleift er, sakir erfiðleika og dýrleika, að flytja nauðsynlega neyzlumjólk til bæjarins handa íbúunum, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Sama gildir um hámark það, sem ákveðið er í 9. gr. III. j. um styrk til grjótnáms, að því er snertir býli við kaupstaði, þar sem svo stendur á sem að ofan greinir og ekki er kostur á ræktun, nema í mjög grýttum jarðvegi.

Hækkunar á styrk þeim, er 9. gr. ákveður, njóti aðeins jarðir samkvæmt skilgreiningu 1. gr. ábúðarlaga, nr. 87 19. júní 1933, svo og nýbýli, sem rekinn er sjálfstæður búrekstur á sem aðalatvinna, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

2. Við 5. gr. Meginmál greinarinnar orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands ákveður árlega, hver hámarksstyrkurinn fyrir hvert býli skal vera á árinu.

Ed. 388. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 324 [Húsaleiga].

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

Breytingartillagan orðist svo:
1. gr. frumv. orðist svo:
Í stað orðanna „15. júní 1942“ í 6. gr. laganna komi: 15. júní 1943.

Nd. 389. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist: Þó er heimilt að greiða styrk lestrarfélögum í kauptúnum, þótt sýslubókasafn sé þar starfandi, ef það hefur eigi sams konar bókakost.

2. gr.

5. gr. laganna skal orða svo:

Fræðslumálastjóri úthlutar styrk til lestrarfélaga ár hvert, svo fljótt sem auðið er, fyrir næsta ár á undan, eftir því sem tekjur sjóðsins hrökkva til.

3. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Úthluta skal tekjum sjóðsins milli lestrarfélaga, og má greiða hverju þeirra fjárhæð, sem nemur helmingi af samanlögðum félagsmanna- og afnotagjöldum og styrk úr hrepps- og sýslusjóði. Þó má eigi greiða neinu félagi hærri fjárhæð en sem svarar 2 kr. fyrir hvern félagsmann, sem árgjald hefur greitt, eða 4 kr. á heimili. Enn fremur má veita lestrarfélagi aukastyrk, ef tekjur sjóðsins leyfa, og skal miða hann við bókakaup félagsins, útlán bóka og aðra aðstöðu.

4. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Fræðslumálastjóri ákveður um skýrsluskil lestrarfélaga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 390. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Upphaf 3. gr. frv. orðist svo:
Úthluta skal tekjum sjóðsins milli lestrarfélaga, hlutfallslega eftir tekjum þeirra, og má greiða hverju þeirra fjárhæð, sem nemur allt að helmingi o. s. frv.

Nd. 391. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í stað orðanna „innan tíu ára frá því er lög þessi ganga í gildi“ í 2. málsgr. 3. gr. laganna kemur: fyrir árslok 1947.

2. gr.

Á eftir 1. málsgr. 14. gr. laganna kemur ný málsgr., svo hljóðandi:
Ráðherra er þó heimilt að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum, enda hafi hlutaðeigandi fiskiræktar- og veiðifélög gert tillögu um slíka friðun og sýslunefnd mælt með henni, eða bæjarstjórn, ef veiðin er úti fyrir bæjarlandi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 392. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 126 9. des. 1941, um viðauka við og breyting á lögum 8. sept. 1941 um húsaleigu.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við 1. málsgr. 1. gr. laganna komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:
Þegar sérstaklega stendur á, getur húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) leyft aðfluttum opinberum starfsmanni, sem eignazt hefur hús á starfssvæði sínu eftir gildistöku bráðabirgðalaga frá 8. sept. 1941, að segja upp leigusamningum um húsnæði í húsinu, sé honum þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig.
Uppsögn á húsnæði, sem heimil væri eftir 1. málsgr., en fram hefur farið fyrir gildistöku þessara laga, getur húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) metið gilda, enda hafi uppsögn miðazt við 14. maí 1942.

2. gr.

Í stað orðanna „15. júní 1942“ í 6. gr. laganna komi: 15. júní 1943.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 393. Lög

um breyting á lögum nr. 71 11. júní 1938, um byggingarsamvinnufélög.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 309.

Sþ. 394. Tillaga til þingsályktunar

um stjórnarskrárnefnd.

Flm.: Bergur Jónsson, Jörundur Brynjólfsson, Gísli Guðmundsson.
Sveinbjörn Högnason.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna milliþinganefnd á þessu þingi. Hlutverk hennar er að endurskoða rækilega stjórnarskrá ríkisins, og skal hún sérstaklega miða starf sitt við það, að Ísland sé fullvalda lýðveldi, á traustum lýðræðis- og þingræðisgrundvelli. Vanda skal nefndin svo til tillagna sinna, að vænta megi, að stjórnarskráin geti verið til frambúðar.

Nefndin kýs sér formann. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð

Vér flutningsmenn þáltill. þessarar erum allir fulltrúar Framsóknarflokksins í nefnd þeirri, sem hafði til meðferðar frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskránni, sem þm. Alþýðuflokksins í Nd. hafa borið fram. Í nál. voru á þskj. 369 gerum vér grein fyrir ástæðum vorum fyrir því, að vér teljum rétt að stöðva frv. með rökstuddri dagskrá við 2. umr. málsins, og vísum vér því til nál. um almennar ástæður vorar fyrir þeirri afstöðu.

Svo sem sjá má af rökstuddu dagskránni, greinir oss aðallega á við samnefndarmenn vora um það, hvort nú skuli gera óundirbúna og ófullnægjandi breytingu á einum þætti stjórnarskrárinnar, svo sem þeir leggja til, eða undirbúa vandlega stjórnarskrárbreytingu, sem ætla má, að yrði til frambúðar, með þeim hætti að láta þingkjörna milliþinganefnd endurskoða stjórnarskrána í heild, svo sem föng eru á, og leggja síðan rökstuddar tillögur fyrir Alþingi. Hyggjum vér, að fáum geti blandazt hugur um, að eðlilegra og ráðlegra sé að velja þá leið, sem vér hér bendum á, heldur en að taka þann hátt upp að samþykkja nú, eftir langa þingsetu, í mestu þingönnunum, stórgallaða og óundirbúna breytingu á stjórnarskránni, sem leiðir til tveggja almennra alþingiskosninga með skömmu millibili.

Það er viðurkennd regla í stjórnmálum, að því aðeins skuli breyta stjórnskipunarlögum, að þess sé brýn þörf, enda sé vel til breytinga vandað. Leiðir þetta af því, að stjórnarskráin er undirstaða allrar réttarskipunar og er ofar öllum öðrum lögum. Þessi regla kemur greinilega fram hjá oss sem öðrum lýðræðisþjóðum á ýmsan hátt. Konungur (nú ríkisstjóri) skal vinna eið að stjórnarskránni, svo og alþingismenn. Til breytinga á stjórnarskránni nægir eigi samþykki eins þings, svo sem er um almenn lög, heldur þarf breytingin samhljóða að ná samþykki beggja þingdeilda á tveimur þingum í röð, með þingrofi og almennum kosningum á milli. Þegar á þennan veg er um búið, getur eigi orkað tvímælis, að það eru eigi vansalaus vinnubrögð á almennum tímum, þegar Alþingi gerir lítils háttar breytingar á stjórnarskránni, hvað þá heldur þegar mikil og alvarleg verkefni eru fyrir höndum og þjóðinni búinn voði á margan hátt, svo sem nú er ástatt með þjóð vora. Nú er svo háttað,

að þörf er gagngerðra breytinga á stjórnarskránni, vegna breyttrar réttarstöðu landsins gagnvart öðrum löndum. Breyta þarf ákvæðum stjórnarskrárinnar um æðsta vald í málefnum ríkisins og ákveða, hvernig því skuli fyrir komið, og yfirleitt breyta þannig stjórnskipunarlögunum, að þau verði í fullu samræmi við þingsályktanir Alþingis frá 17. maí 1941. Munu fjöldamargar og erfiðar spurningar vakna við athugun þess máls, og má á engan hátt hrapa að úrlausn þeirra. Sjálfsagt virðist, með tilliti til þess, sem að framan greinir, að endurskoða jafnframt kjördæmaskipun landsins og kosningafyrirkomulag, svo og öll önnur atriði, sem við endurskoðun stjórnarskrárinnar verður ljóst að nýrrar athugunar þurfi við. Er þetta mikið verk og vandasamt, og ber því nauðsyn til, að það sé unnið í kyrrþey af hinum hæfustu mönnum. Er það von vor, að Alþingi fari eigi að hrófla við einstökum atriðum stjórnarskrárinnar nú, þegar engin sæmileg vinnuskilyrði eru fyrir hendi til þess að framtíðarlausn fáist, heldur taki það ráð að undirbúa svo þær stjórnarskrárbreytingar, sem þörf er á, að til frambúðar megi við una.

Ed. 395. Nefndarálit

um frv. til laga um málflytjendur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, borið það saman við gildandi lög og leitað um það álits dómara hæstaréttar og Málflutningsmannafél. Íslands.

Í frv. eru dregin saman í eina heild gildandi lagaákvæði um málflytjendur, og eru í því ýmis nýmæli, svo sem að þeir, sem lokið hafa lagaprófi með II. einkunn, geta nú orðið hæstaréttarlögmenn, en áður var þetta bundið við I. einkunn. Virðist nefndinni frv. í heild sinni vera til bóta og leggur því til, að það verði samþykkt, en vill þó gera á því nokkrar breytingar.

Í 7. gr. frv. er gert ráð fyrir, að gjaldskrá félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna skuli staðfest af dómsmálaráðherra. Yrði þetta ákvæði lögfest, telur nefndin, að ganga megi út frá, að dómstólar, sem dæma þurfa um ágreining, er rísa kann á milli málflytjanda og umbjóðanda hans um upphæð þóknunar fyrir störf, er gjaldskráin tekur til, mundu telja sig bundna við ákvæði hennar, eftir að hún hefði öðlazt opinbera löggildingu, svo að önnur sjónarmið kæmu þar ekki til greina. Telur nefndin ekki rétt að binda svo hendur dómstólanna í þessu efni og leggur því til, að þetta ákvæði verði fellt niður.

Í síðustu mgr. 9. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að maður, sem verið hefur hæstaréttardómari, prófessor í lögum, dómari í Reykjavík, bæjarfógeti eða dómsmálaráðherra, sé undanþeginn því að þreyta prófraun þá, sem um getur í 9. gr. 7. Um þetta ákvæði munu vera allskiptar skoðanir. Þannig hefur Málflutningsmannafél. Íslands lagt til, að það verði fellt niður úr frv. Um það verður þó varla deilt, að ástæðulaust sé að krefjast slíks prófs af þeim, sem verið hafa hæstaréttardómarar eða prófessorar, en sama verður ekki sagt um alla, sem tilgreindir eru, t. d. bæjarfógeta í sumum kaupstöðum landsins, þar sem lítið er um dómsmál. En sé miðað við æfingu í dómstörfum, geta fleiri komið til greina, svo sem fulltrúar héraðsdómara, einkanlega dómaranna í Reykjavík og í stærri kaupstöðum. Nefndin telur, að fá megi viðunandi lausn á þessu máli með því að leggja það á vald hæstaréttar í hverju einstöku tilfelli, hvort krafizt skuli umræddrar prófraunar eða ekki, eða fækkað þeim málum, sem flytja skal, og vill þá bæta við fulltrúum skipaðra embættisdómara í Reykjavík og bæjarfógeta, enda hafi þeir haft löggildingu í minnst 5 ár.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir neinni undanþágu frá tilskilinni prófraun fyrir héraðsdómslögmenn, sem þó ekki virðist síður ástæða til en að því er snertir hæsta-

réttarlögmennina. Hefur nefndin talið rétt að taka upp í frv. gildandi ákvæði um þetta efni, þ. e. að þeir, sem hafa verið skipaðir í fastar dómarastöður eða skipa má í slík embætti, skuli undanþegnir ákvæðum 14. gr. 6. lið.

Samkv. framansögðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM.

1. Við 7. gr. Orðin „og gjaldskrá“ falli burtu.
2. Við 9. gr. Síðasta mgr. orðist svo:
   Heimilt er hæstarétti að veita manni, sem verið hefur hæstaréttardómari, prófessor í lögum, dómsmálaráðherra, skipaður embættisdómari í Reykjavík, bæjarfógeti og fulltrúi þeirra, er haft hefur löggildingu til almennra dómarastarfa í 5 ár, undanþágu frá framan greindri prófraun, að nokkru eða öllu leyti.
3. Við 14. gr. Á eftir síðustu mgr. komi ný mgr., er hljóði svo.
   Þeir, er skipaðir hafa verið í fasta dómarastöðu eða skipa má í slíka stöðu, eru undanþegnir ákvæðum 6. tölul. þessarar greinar.

Alþingi, 11. maí 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason, frsm.

Nd. 396. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild til ábyrgðar fyrir lánum handa Akureyrarkaupstað, Ísafjarðarkaupstað og rafveitufélaginu Tungufossi í Rangárvallasýslu til rafveitufram-kvæmda.

Frá Eiríki Einarssyni.

Við 1. gr. Á undan síðustu málsgr. frvgr. („Ábyrgðir þessar skulu því skilyrði bundnar“ .....) komi: og allt að 1 millj. króna lán til rafveitufélags í Árnessýslu, til rafmagnsveitu frá orkuveri Sogsins til kauptúnanna og annars þéttbýlis í neðanverðri sýslunni.

Ed. 397. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild til þess að taka eignar- og leigunámi nokkur lönd á hverasvæðinu í Ölfusi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar, sent það bæjarráði Reykjavíkur til umsagnar, og hefur nú borizt umsögn ráðsins, dags. 9. þ. m., þar sem því er lýst yfir, að það telji æskilegt, að hið umrædda land verði eign hins opinbera. Þá hefur nefndin rætt málið við flutningsm. og fengið hjá honum nánari upplýsingar um málið. Hefur nefndin orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Takist ekki samkomulag við núverandi ábúanda Vorsabæjar um afnotamissi á því landi, sem væntanlegur skipulagsuppdráttur nær yfir, er ríkisstjórninni heimilt að taka afnotarétt ábúandans á því landi eignarnámi.

2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
Frumvarp til laga um heimild til þess að taka eignarnámi nokkur lönd á hverasvæðinu í Ölfusi.

Alþingi, 12. maí 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Magnús Gíslason.

Ed. 398. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist: Þó er heimilt að greiða styrk lestrarfélögum í kauptúnum, þótt sýslubókasafn sé þar starfandi, ef það hefur eigi sams konar bókakost.

2. gr.

5. gr. laganna skal orða svo:
Fræðslumálastjóri úthlutar styrk til lestrarfélaga ár hvert, svo fljótt sem auðið er, fyrir næsta ár á undan, eftir því sem tekjur sjóðsins hrökkva til.

3. gr.

6. gr. laganna orðist svo:
Úthluta skal tekjum sjóðsins milli lestrarfélaga, hlutfallslega eftir tekjum þeirra, og má greiða hverju þeirra fjárhæð, sem nemur allt að helmingi af samanlögðum félagsmanna- og afnotagjöldum og styrk úr hrepps- og sýslusjóði. Þó má eigi greiða neinu félagi hærri fjárhæð en sem svarar 2 kr. fyrir hvern félagsmann, sem árgjald hefur greitt, eða 4 kr. á heimili. Enn fremur má veita lestrarfélagi aukastyrk, ef tekjur sjóðsins leyfa, og skal miða hann við bókakaup félagsins, útlán bóka og aðra aðstöðu.

4. gr.

7. gr. laganna orðist svo:
Fræðslumálastjóri ákveður um skýrsluskil lestrarfélaga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 399. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Í stað „6000“ í síðustu málsgr. 9. gr. laganna komi: 7500.
2. Við 2. gr. Næstsíðasta málsgrein greinarinnar („Til íbúðarhúsbygginga ... til hvers býlis“) falli niður.

Nd. 400. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands.

Frá Gísla Guðmundssyni, Bergi Jónssyni og Finni Jónssyni.

Við 6. gr. Greinina skal orða svo:

Ákvæði 7. gr. laganna um hámark eigin ábyrgðar á áhættueiningu verði sem hér segir:

	Í kauptúnum og kaupstöðum	Í sveitum
1. Steinhús	kr. 40000.00	kr. 24000.00
2. Timburhús, eldvarnarklædd	— 30000.00	— 20000.00
3. Önnur hús	— 20000.00	— 16000.00

Ed. 401. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 101 frá 23. júní 1936.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. Við 21. gr. Á eftir orðunum „er 20. gr.“ bætist: (32. gr. laganna).

II. Á eftir 27. gr. komi ný gr., sem verður 28. gr. (greinatala breytist samkv. því):
Lög þessi öðlast þegar gildi.

III. Við 28. gr. (sem verður 29. gr.).

a. Á eftir orðunum „með 400—500 kr. pr. ha“ komi: að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt ákvæðum 2. gr. (10. gr. laganna).

b. Á eftir kemur ný gr. (30. gr.), svo hljóðandi:
Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra og laga nr. 25 13. júní 1937 inn í lög nr. 101 frá 23. júní 1936, jarðræktarlög, og gefa þau út svo breytt.

Ed. 402. Lög

um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 177.

Ed. 403. Lög

um sérleyfi til þess að veita raforku frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 278.

Nd. 404. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita Baldri Óla Jónssyni leyfi til að stunda tanndrátt og tannfyllingar.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 207.

Nd. 405. Lög

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 92.

Sþ. 406. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á brúarstæði á Hofsá í Álftafirði.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Ingvar Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka til fullnustu brúarstæði á Hofsá í Álftafirði þegar á þessu sumri.

Ástæður.

Fullnaðarrannsókn hefur enn ekki fram farið á brúarstæði á Hofsá. Er það eindregin ósk Álftfirðinga, að rannsóknin verði framkvæmd á þessu sumri, enda fyllsta nauðsyn á, að brúarstæðið verði þegar ákveðið, vegna framkvæmda um vegalagningu að brúarstæðinu.

Ed. 407. Nefndarálit

um frv. til hafnarlaga fyrir Patreksfjörð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Einn nefndarmanna (JJós) tók ekki þátt í afgreiðslu málsins, var fjarverandi sökum veikinda.

Alþingi, 13. maí 1942.

Ingvar Pálmason, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm.

Nd. # 408. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1.	Nr. 3 í 13. kafla orðist svo:			
	3 — skellakk	1 kg	7	8
2.	Á eftir nr. 13 í 15. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	13a — tréolía	—	2	8
3.	Nr. 8 í 25. kafla orðist svo:			
	8 Grafít, óunnið, malað eða þvegið, svo og grafít tilbúið	—	7	8
4.	Nr. 12 í 28. kafla orðist svo:			
	12 — maurasýra, oxalsýra, vínsýra, mjólkursýra og benzóesýra	—	7	8
5.	Á eftir nr. 56 í 28. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	56a — sölt feitisýra, ót. a.	—	7	8
6.	Nr. 59 í 28. kafla orðist svo:			
	59 Sótthreinsunarefni, ót. a., efni til varnar gegn og til útrýmingar skordýrum, illgresi og sveppum, ratin og önnur efni til útrýmingar músum og rottum, svo og efni til að hreinsa burtu eða koma í veg fyrir ketilstein, og steinsteypuvatnsþéttiefni	—	7	8
7.	Á eftir nr. 60 í 28. kafla komi tvö ný nr., svo hljóðandi:			
	60a Estur og etur, er notuð eru sem upplausnarefni og talin eru í skrá, staðfestri af fjármálaráðherra	—	7	8
	60b Sellulósaderívatar, ót. a.	—	7	8
8.	Nr. 32 í 30. kafla orðist svo:			
	32 — olíufernis	—	7	10
9.	Á eftir nr. 4 í 32. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	4a súlfórísinöt, súlfóoleöt, súlfóresinöt og alkylsúlföt	—	7	8
10.	Nr. 1 í 33. kafla orðist svo:			
	1 Ostaefni (kasein)	—	7	8
11.	Nr. 1 í 38. kafla orðist svo:			
	1 Loðskinn, ósútuð og að öðru leyti óunnin	—	7	30
12.	Nr. 5 í 46. kafla B orðist svo:			
	5 — annað	—	20	15
13.	Nr. 11 í 46. kafla B orðist svo:			
	11 Bönd og borðar, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar	—	20	40
14.	Nr. 12 í 46. kafla B orðist svo:			
	12 Vefnaður, ót. a.	—	20	30
15.	Nr. 4 í 47. kafla tollskrárinnar falli niður.			
16.	Nr. 12 í 47. kafla tollskrárinnar orðist svo:			
	12 Bönd og borðar, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar	—	20	40
17.	Nr. 13 í 47. kafla orðist svo:			
	13 Vefnaður, ót. a.	—	20	30
18.	Nr. 14 í 47. kafla falli niður.			
19.	Nr. 1 í 48. kafla falli niður.			
20.	Nr. 6 í 48. kafla orðist svo:			
	6 — netjagarn	—	2	

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
21.	Nr. 14 í 48. kafla orðist svo:			
	14 Bönd og borðar, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar	1 kg	20	30
22.	Í stað nr. 15—17 í 48. kafla kemur:			
	15 — Segldúkur	—	2	5
	16 — óbleiktar og ólitaðar	—	20	10
	17 — einlitar og ómunstraðar	—	20	15
	18 — aðrar	—	20	20
23.	Athugasemdin á eftir 48. og 49. kafla falli niður.			
24.	Nr. 2 í 49. kafla orðist svo:			
	2 — hampur	tollfrjáls		
25.	Í stað nr. 5—9 í 49. kafla kemur:			
	— úr hör eða ramí:			
	5 — — netjagarn	—	2	2
	6 — — tvinni	—	20	8
	7 — — annað	—	20	10
	— úr hampi:			
	8 — — netjagarn	—	2	
	9 — — botnvörpugarn	—	2	2
	9a— — annað	—	7	8
	9b— úr jútu	—	7	8
	9c— úr öðrum spunaefnum þessa kafla	—	7	8
26.	Nr. 19 í 49. kafla orðist svo:			
	19 Bönd og borðar, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar	—	20	30
27.	Í stað nr. 20—25 í 49. kafla kemur:			
	Ofnar vörur, ót. a.:			
	20 — segldúkur	—	2	5
	— óbleiktar og ólitaðar:			
	21 — — úr hör, hampi eða ramí	—	20	10
	— — úr jútu:			
	22 — — — umbúðastrigi	—	2	
	23 — — — aðrar	—	20	10
	24 — — úr öðrum spunaefnum þessa kafla	—	20	10
	— einlitar og ómunstraðar:			
	25 — — úr hör, hampi eða ramí	—	20	15
	26 — — úr jútu	—	20	15
	27 — — úr öðrum spunaefnum þessa kafla	—	20	15
	— aðrar:			
	28 — — úr hör, hampi eða ramí	—	20	20
	29 — — úr jútu	—	20	20
	30 — — úr öðrum spunaefnum þessa kafla	—	20	20
28.	Nr. 1 og 2 í 50. kafla orðist svo:			
	1 — úr silki, gervisilki og öðrum gerviþráðum	—	7	8
	2 — úr öðrum spunaefnum	—	7	8
29.	Orðið „impregneruð“ í fyrirsögninni á undan nr. 29 í 50. kafla falli niður.			
30.	Nr. 35 í 50. kafla orðist svo:			
	35 — — annars	—	20	30

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
31.	Nr. 39 og 40 í 50. kafla orðist svo:			
	39 — ef vefnaðurinn er úr silki, gervisilki eða öðrum gerviþráðum	1 kg	20	45
	40 — annars	—	20	40
32.	Nr. 7 í 51. kafla orðist svo:			
	7 — prjónavoð	—	20	30
33.	Nr. 8 í 51. kafla orðist svo:			
	8 — sokkar og leistar	—	20	30
34.	Nr. 10 í 51. kafla orðist svo:			
	10 — nærfatnaður	—	20	40
35.	Nr. 13 í 51. kafla orðist svo:			
	13 — prjónavoð	—	20	30
36.	Nr. 14 í 51. kafla orðist svo:	—	20	30
	14 — sokkar og leistar	—	20	30
37.	Nr. 16 í 51. kafla orðist svo:			
	16 — nærfatnaður	—	20	30
38.	Nr. 19 í 51. kafla orðist svo:			
	19 — prjónavoð	—	20	20
39.	Nr. 20 í 51. kafla orðist svo:			
	20 — sokkar og leistar	—	20	25
40.	Nr. 22 í 51. kafla orðist svo:			
	22 — nærfatnaður	—	20	25
41.	Nr. 25 í 51. kafla orðist svo:			
	25 — prjónavoð	—	20	20
42.	Nr. 26 í 51. kafla orðist svo:			
	26 — sokkar og leistar	—	20	25
43.	Nr. 28 í 51. kafla orðist svo:			
	28 — nærfatnaður	—	20	25
44.	Í stað nr. 1—3 í 52. kafla og undirfyrirsagnar á undan þeim númerum kemur:			
	— úr efni, sem er borið olíu, lakki, fernis, kátsjúk eða öðrum þess konar efnum:			
	1 — — úr silki, gervisilki eða öðrum gerviþráðum	—	20	60
	— — úr öðrum spunaefnum:			
	2 — — — regnkápur	—	20	35
	3 — — — sjóklæði	—	2	25
	3a— — — önnur	—	20	50
45.	Nr. 6 í 52. kafla orðist svo:			
	6 — nærfatnaður	—	20	40
46.	Nr. 8 í 52. kafla orðist svo:			
	8 — nærfatnaður	—	20	40
47.	Nr. 10 í 52. kafla orðist svo:			
	10 — — — nærfatnaður	—	20	25
48.	Nr. 12 í 52. kafla orðist svo:			
	12 — — — nærfatnaður	—	20	25

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
49.	Í stað nr. 5—8 í 63. kafla kemur:			
	Járnplötur:			
	— þynnri en 3 mm:			
	— — zinkhúðaðar eða blýhúðaðar:			
5	— — — möskvaðar	1 kg	2	8
6	— — — báraðar	—	2	
7	— — — annars	—	2	8
8	— — aðrar	—	2	8
	— 3 mm á þykkt eða meira:			
8a	— — zinkhúðaðar eða blýhúðaðar	—	2	
8b	— — aðrar	—	2	
50.	Nr. 63 í 72. kafla orðist svo:			
63	— aðrar	—	7	8

2. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Breytingar á aðflutningsgjöldum skal miða við það, hvenær vörur þær, sem breytingarnar taka til, eru teknar til tollmeðferðar, en vara telst tekin til tollmeðferðar, er hlutaðeigandi tollstofnun hefur tekið við skjölum þeim yfir vörurnar, sem afhenda skal þangað vegna tollmeðferðarinnar, enda fullnægi skjölin þeim skilyrðum, sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða vörurnar þegar í stað.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum er úr gildi numinn 2. liður 1. gr. laga nr. 105 14. maí 1940, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum hæstv. fjármálaráðherra. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við frv. eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma. — Frumvarpinu fylgdu frá ráðuneytinu eftirfarandi skýringar og athugasemdir:

Borizt hafa beiðnir um breytingar á tollskránni. Fjármálaráðuneytið hefur athugað beiðnir þessar, og eru þær af þeim, sem ástæða hefur þótt að verða við, teknar upp í frumvarp þetta. Þá eru teknar upp í það breytingar, sem framkvæmdin hefur leitt í ljós, að æskilegar eru. Loks er gert ráð fyrir ýmsum lækkunum á aðflutningsgjöldum eftir 1. gr. laganna af vörum, sem koma nú undir 18. gr., en þessar lækkanir í 1. gr. vill ráðuneytið gera til þess að fyrirbyggja hækkun á verðlagi ýmissa nauðsynjavara, er 18. gr. fellur úr gildi.

Gerð er grein fyrir einstökum atriðum hér á eftir.

Um 1. grein.

1. Skellakk er einungis notað til iðnaðar og mikið í lökk. Vegna notkunar þess þykir rétt að leggja til, að verðtollurinn á því verði lækkaður eins og hér er gert ráð fyrir.
2. Tréolía, sem er nú í 7 aura vörumagnstolli, er notuð í fernis á sama hátt og línolía, sem er í 2 aura vörumagnstolli. Þar eð rétt þykir, að olíur þessar séu tollaðar á sama hátt, er lagt til, að vörumagnstollurinn á tréolíu lækki í 2 aura.
3. Grafít er mikið notað í ýmiss konar iðnað. Á því þykir óeðlilega hár verðtollur, og er því lagt til, að hann verði lækkaður úr 30% í 8%.
4. Benzóesýra er notuð sem rotverjandi efni í ýmiss konar vörur. Hún er sem slík notuð sem hráefni í lökk og lakkmálningu, en á henni er hærri verðtollur en á þessum vörum, sem hún er sem sagt m. a. notuð í. Vegna þessa og vegna notk-

unar þessarar sýru yfirleitt er lagt til, að verðtollurinn á henni verði lækkaður og hún sett í kafla eins og hér er gert ráð fyrir.

5. Alumíníumstearat er þýðingarmikið hráefni í ýmiss konar lökk og málningu, en af því er hærri verðtollur en af þessum vörum. Þykir því rétt, að verðtollurinn á því verði lækkaður eins og hér er gert ráð fyrir. Hins vegar þykir ekki rétt að taka þetta efni af öðrum sams konar út úr og tolla það lægra en þau. Lagt er því til, að lækkunin taki og til annarra sams konar efna, að undanteknum venjulegum sápum.
6. Lagt er til, að undir nr. 59 í 28. kafla komi ekki aðeins efni til útrýmingar meindýrum þeim, sem þar eru talin, heldur og efnalega hliðstæð efni til varnar gegn þeim. Efni þessi koma nú aðallega í nr. 61 í 28. kafla, og er því á þeim hærri tollur en á útrýmingarefnunum. Fyrir gildistöku tollskrárinnar var þéttiefni í steinsteypu í aðeins 8,96% verðtolli, en samkvæmt núgildandi tollskrá eru efni þessi í 30% verðtolli. Vegna þess, að rétt þykir að stuðla að notkun þessara nauðsynlegu efna í steinsteypu, er lagt til, að verðtollurinn af þeim verði lækkaður til samræmis við það, sem hann var áður, og því eru þéttiefni þessi talin með í nr. 59 í 28. kafla, en ekkert er því til fyrirstöðu, að þau séu tekin með í þetta tollskrárnúmer með þeim vörum, sem eru þar fyrir.
7. Ýmis estur og etur, þar á meðal bútylacetat, etylacetat, etylglykol, díbútylftalat og trikresylfosfat, sem koma undir nr. 61 í 28. kafla tollskrárinnar, eru notuð sem upplausnarefni í margs konar iðnað, t. d. til framleiðslu á lakki, sem kemur í lægri verðtoll. Þykir rétt að lækka verðtoll á þessum upplausnarefnum, sem eru notuð til framleiðslu á lægra tolluðum fullunnum vörum.

   Þá er lagt til, að lækkaður sé verðtollur á sellulósaderívötum, t. d. acetylsellulósa og bensylsellulosa. Umræddir sellulósaderívatar eru notaðir í lökk og því ekki ástæða til að tolla þá hærra en önnur hráefni í lökk.
8. Olíufernis (fernisolía) er framleiddur hér á landi, en á honum eru frekar lágir tollar. Þykir rétt að veita þessari framleiðslu nokkra vernd umfram þá, sem hún hefur notið, og hækka því nokkuð á henni tollana, sérstaklega með tilliti til þess, að sömu tollar eru nú á olíufernis og á línolíu, sem er notuð í olíufernisinn.
9. Efni þau, sem hér um ræðir, eru sérstaklega notuð við spunaiðnaðinn, t. d. ullarþvott. Hafa þau því mikla þýðingu fyrir innlenda ullariðnaðinn, og er því lagt til, að verðtollurinn á þeim verði lækkaður í 8%.
10. Kasein er notað í lím og límmálningu, og þykir rétt, að tollarnir á því séu í samræmi við tollinn á öðrum hráefnum í málningu.
11. Loðskinn ýmissa smádýra eru mikið notuð sem fóður í fataiðninni, t. d. sem fóður í hanzka og húfur, en vörur þessar, sem loðskinnin eru notuð í, eru í lægri tolli en loðskinnin. Auk þess má segja, að óeðlilega lítill munur sé á tollunum á loðskinnavörum annars vegar og óunnu loðskinnunum hins vegar. Í Noregi og Svíþjóð, sem framleiða mikið af loðskinnum, er helmingsmunur á tollinum á þessum vörum, svo að það væri óhætt vegna framleiðslu okkar á loðskinnum að lækka tollinn á þeim um helming, eins og farið er fram á, enda mundi það stuðla að nýtingu þessara vara innanlands. Lagt er til, að verðtollurinn af óunnum loðskinnum verði lækkaður í 30%.
12. Venjulegur vefnaður og prjónavoð úr gervisilki eiga að koma í 30% verðtoll, en er 18. gr. tollskrárlaganna fellur úr gildi, kemur gervisilkigarnið, að óbreyttum hér um ræddum tollskrárlið, í 40% verðtoll. Það er að sjálfsögðu ekki rétt, að gervisilkigarnið sé í hærra tolli en vefnaðurinn og prjónavoðin úr því, og er þess vegna gert ráð fyrir því hér, að garnið verði lækkað í 15% verðtoll, eða komi sem sé í helmingi lægri verðtoll en tilsvarandi vefnaður og prjónavoð, eins og verður með ullargarnið og hörgarnið.
13., 16., 21. og 26. Munurinn á böndum og borðum og ósaumuðum og ótilsniðnum vefnaði er ekki annar en sá, að á hinum fyrrnefndu vörum er faldur, og þær mega ekki fara yfir tiltekna breidd. Ósaumuð og ótilsniðin vefnaðarvara úr

sömu efnum og hér umrædd bönd og borðar verða aðeins í 20% og 30% verðtolli, en böndin og borðarnir koma í 60% verðtoll. Vegna þessa óeðlilega tollmismunar á ekki meira frábrugðnum vörum er lagt til, að verðtollurinn á böndunum og borðunum verði ekki nema 10% hærri en verðtollurinn á tilsvarandi ósaumuðum og ótilsniðnum vefnaðarvörum.

14., 17., 22., 27., 32.—43. og 45.—48. Lækkanir þær á aðflutningsgjöldum, sem hér er gert ráð fyrir, eru gerðar til þess að fyrirbyggja hækkanir á verðlagi vara, sem koma undir 18. gr. tollskrárlaganna, er sú grein fellur úr gildi. Mestu nauðsynjavörurnar, eða óbleiktur og ólitaður baðmullarvefnaður, sem er ýmist notaður til umbúða um innlendar framleiðsluvörur eða til iðnaðar, og slitfataefni, svo sem efni í verkamannaföt (overalls) og önnur vinnuföt, verða áfram í sömu tollum og þessar vörur eru nú í eftir 18. gr. tollskrárlaganna. Þá verður allt algengt léreft í svipuðum tollum og áður. Á öðrum nauðsynlegum vefnaðar- og prjónavörum eru gerðar það verulegar lækkanir, að þó að 18. gr. falli niður, getur ekki orsakazt nein veruleg breyting á verðlagi þessara vara.
Í nr. 22 er gerð breyting á niðurröðun ofinna vara úr baðmull, og í nr. 27 er gerð svipuð breyting á niðurröðun vara úr hör, hampi, ramí, jútu og öðrum spunaefnum 49. kafla. Formbreyting þessi er tekin eftir tollskrárfrumvarpi þjóðabandalagsins, en skiptingin byggist á mismunandi gerð varanna, framleiðslukostnaði þeirra og verði á heimsmarkaðinum. Skiptingin er skynsamlegri og auðveldari í framkvæmd en skiptingin á baðmullarvefnaðinum í 18. gr. tollskrárlaganna, en sú skipting, sem er frá 1933, var tekin eftir skýrslum um vöruinnflutning ársins 1929.

15. Eitt aðaleinkenni tvinna er það, að hann er gljáður með steiningarefnum. Ullargarn er ekki látið sæta þeirri meðferð eða annarri sérstakri meðferð, sem silki-, gervisilki-, baðmullar- og hörgarn er látið sæta til þess að úr því verði tvinni. Nr. 4 í 47. kafla er því aðeins til að villa, og er því lagt til, að það númer verði fellt niður.

18. Það er ætlazt til, að skiptingin á milli karlmannafataefna úr ull og annarra efna úr sama efni verði felld niður. Það hefur alltaf síðan karlmannafataefni úr ull komu í sérstakan toll verið örðugleikum bundið að gera mun á þessu tvennu, enda verður ekki séð, að ástæða sé til að tolla karlmannafataefni úr ull öðruvísi en kjólaefni, kápuefni og barnafataefni úr sama efni.

19. Vara sú, sem um ræðir undir nr. 1 í 48. kafla, er vatt, og á hún því að réttu lagi að koma undir nr. 2 í 50. kafla. Þar eð umrædd vara er ranglega sett í 48. kafla og að eftir breytinguna á nr. 2 í 50. kafla, sem um ræðir undir 28 hér á eftir, kemur hún í sömu tolla og nú, er lagt til, að hér umræddur 1. liður 48. kafla verði felldur niður.

20. Þorskanet eru nú í sömu tollum og netjagarn úr baðmull, en síðan ófriðurinn hófst og örðugleikar urðu á því að fá hampgarn, hefur baðmullargarn verið notað til hnýtingar á þorskanetum. Netagerðirnar hafa farið fram á vernd fyrir iðju sína, og er því lagt til, að verðtollurinn á netjagarni verði felldur niður.

23. Eftir að hin nýja skipting á ofnu vörunum úr baðmull og hör hefur verið gerð, á skilgreiningin á segldúknum ekki alls kostar við, og er því lagt til, að athugasemdirnar verði felldar niður og skilgreiningin verði ákveðin af framkvæmdarvaldinu, eins og yfirleitt aðrar skilgreiningar á tollskránni.

24. Allur hampur til veiðarfæragerðar hefur verið tollfrjáls síðan 1935, og er hann nú tollfrjáls samkvæmt m-lið 2. gr. tollskrárlaganna, en það tollfrelsi fellur niður við árslok 1943. Þykir rétt að framlengja þessa undanþágu og fella hana inn í tollskrána og gera allan hamp tollfrjálsan, enda hefur hann aðallega verið fluttur inn til veiðarfæragerðar. Á veiðarfærum eru, sem kunnugt er, mjög lágir tollar.

25. Fyrst og fremst er gerð nokkur breyting á niðurröðuninni á garninu, og þykir hún til bóta. Þá eru þrjár efnisbreytingar. Er fyrst sú, að ætlazt er til, að lækk-

aðir verði tollarnir á netjagarni úr hör, en innflutt hefur verið sérstök tegund af hörgarni, sem er notað til að hnýta og bæta silunganet. Garn þetta hefur verið sett undir nr. 6 í 49. kafla með 7 aura vörumagnstolli og 8% verðtolli, en af innfluttum hnýttum silunganetum er aðeins 2 aura vörumagnstollur og 2% verðtollur. Til þess að bæta úr þessu óeðlilega misræmi er lagt til, að tollarnir á umræddu silunganetagarni verði lækkaðir til samræmis við tollana á netunum. Önnur breytingin er sú, að verðtollurinn á hörgarni er lækkaður úr 40% í 10%, en þetta er gert vegna lækkunarinnar á sama tolli af vefnaði og prjónavoð úr hör. Verður þar helmingsmunur. Þriðja breytingin er sú, að netjagarn úr hampi er tekið hér með og sett í 2 aura vörumagnstoll, en það átti að vera tollfrjálst samkvæmt m-lið 2. gr. tollskrárlaganna til ársloka 1943. Það þykir ekki rétt að hafa það tolllaust með öllu, eins og hampinn, því að ef það yrði gert, yrði engin vernd fyrir hampspunastofurnar, sem spinna garnið.

28. Það er óeðlilega hár tollur á vatti og vattvörum miðað við tollinn á vefnaði og flóka, sem eru hvor tveggja meira unnar vörur en vattið. Lagt er því til, að tollurinn af vatti og vattvörum verði lækkaður til samræmis við tollinn af flóka.

29. Það er ógerningur að skera úr því, hvort tiltekinn vefnaður hefur verið impregneraður eða ekki, nema með rannsókn, en slíkt er tafsamt í framkvæmdinni, enda hugtakið impregneraður auk þess mjög óljóst. Það er því lagt til, að orðið impregneruð verði fellt úr undirfyrirsögninni, enda er þetta orð af fyrrgreindum ástæðum ekki tekið með í tollskrám flestra nágrannaríkjanna.

30. Regnkápur úr öðru en silki- og gervisilki verða í 35% verðtolli, en aðalefnið í þær, sem kemur undir nr. 35 í 50. kafla, verður að óbreyttum þessum tollskrárlið í 50% verðtolli, er 18. gr. tollskrárlaganna fellur úr gildi, eða í 15% hærri verðtolli en kápurnar. Lagt er til, að 5% lægri verðtollur verði af efninu í kápurnar en af kápunum.

31. Rétt þykir að lækka verðtollinn af teygjuvörum þeim, sem koma undir nr. 39 í 50. kafla, þar eð verðtollurinn af þeim er 10% hærri en af vörum þeim, sem þær eru notaðar í, en það eru aðallega vörur þær, sem taldar eru í nr. 26 og 27 í 52. kafla tollskrárinnar. Þá þykir rétt að lækka um 10% verðtollinn af teygjuvörum þeim, sem koma undir nr. 40 í 50. kafla, svo að þessar vörur beri það lægri verðtoll en þær vörur, sem þessar teygjuvörur eru notaðar í.

44. Það eru þrjár efnisbreytingar, sem ætlazt er til, að gerðar verði með þessum 44. lið. Sú er fyrst, að orðið impregnerað verði fellt niður úr undirfyrirsögninni, en til þessarar niðurfellingar eru sömu ástæður og til niðurfellingar þeirrar, sem um ræðir undir 29. lið hér að framan. Önnur breytingin er sú, að föt þau og fatahlutar úr silki og gervisilki, sem eru þannig gerð, að þau koma nú undir nr. 1—3 í 52. kafla, eru sett í 60% verðtoll, eins og efnið í þessi föt og fatahluta, en það kemur undir nr. 34 í 50. kafla. Þriðja breytingin er sú, að ætlazt er til, að verðtollurinn á regnkápum úr öðru en silki og gervisilki verði lækkaður um 5% frá því, sem hann er nú ákveðinn í nr. 1 í 52. kafla.

49. Fyrst og fremst er hér um að ræða breyting á flokkun járnplatanna, en hún er gerð til þess, að flokkunin á járnplötunum verði gleggri en hún er nú. Blikk eru þær plötur taldar, sem eru þynnri en 3 mm., og er það í samræmi við þann skilning, sem fylgt hefur verið í framkvæmdinni. Blýhúð er víðast látin fylgja zinkhúðun (galvanhúðun). Undir nr. 6 kemur bárujárnið svokallaða, en undir nr. 5 kemur svokallað steypustyrktarnet, sem nú er í 7 aura vörumagnstolli og 30% verðtolli, en þar eð hér er um að ræða mikla nauðsynjavöru í byggingariðnaðinum, er lagt til, að tollarnir á þessari vöru verði lækkaðir eins og hér er gert ráð fyrir. Eina efnisbreytingin, sem hér um ræðir, er þessi breyting á tollunum á steypustyrktarnetinu.

50. Það koma ýmsar iðnaðarvélar undir nr. 63 í 72. kafla, sem ekki er síður ástæða til að séu í lágum tolli en sumar þær vélar, sem eru taldar í nr. 49—62 í 72. kafla. Rétt þykir, að allar iðnaðarvélar verði í sama tolli, og er því lagt til, að verð-

tollurinn í nr. 63 í 72. kafla sé lækkaður til samræmis við verðtollinn í númerunum á undan.

Um 2. gr.

Eins og 19. gr. tollskrárlaganna er nú orðuð, á hún aðeins við það atvik, er tollskráin öðlaðist fyrst gildi, en ekki við síðari breytingar á henni. Það þykir því rétt, að sama regla og gilti við gildistöku tollskrárinnar gildi við síðari breytingar á henni, og því er 19. gr. breytt í þá átt, sem hér er gert ráð fyrir, enda er þessi regla heppilegri en regla sú í þessu efni, sem leiðir af 1. mgr. 27. gr. laga nr. 63/1937, um tollheimtu og tolleftirlit. Þá er sú breyting gerð, að miðað er við það, hvenær tollmeðferðin hefst, en ekki við það, hvenær henni lýkur, en það fyrra er heppilegra, þar eð hið síðara getur leitt til þess, að tollskoða þurfi vörurnar og gefa þurfi út tollreikning á ný samkvæmt breytingunni, sem hefur komið til meðan tollmeðferð hefur staðið yfir.

Um 3. gr.

Með 2. lið 1. gr. laga nr. 105/1940 var lækkaður verðtollur á prjónavoð úr gervisilki. Var þetta gert vegna þess, hve lágur verðtollur var á vefnaði úr gervisilki vegna ákvæða 18. gr. tollskrárlaganna. Er 18. gr. fellur úr gildi, kemur gervisilkivefnaðurinn í 30% verðtoll, og þykir sjálfsagt, að sami tollur verði á prjónavoð úr sama efni, og er það lagt til undir 32. lið í frumvarpinu, en jafnframt er rétt að fella úr gildi 2. lið 1. gr. laga nr. 105/1940, eins og hér er gert ráð fyrir.

Fylgiskjal.

Athugasemdir

við bréf Félags ísl. iðnrekenda, dags. 29. apríl 1941, bréf h/f Hampiðjunnar, dags. 23. sept. 1941, og h/f Sjóklæðagerðar Íslands, dags. 24. s. m.

I.

Bréf Félags ísl. iðnrekenda, dags. 29. apríl 1941.

Um 1. Tekið upp í frumvarpið það, sem farið er fram á.
— 2. Það þykir ekki rétt, að vörumagnstollurinn sé annar og lægri af línolíu en af öðrum jafnnauðsynlegum olíum og feititegundum.
— 3. Tekið upp í frumvarpið það, sem farið er fram á.
— 4. Tekið upp í frumvarpið það, sem farið er fram á.
— 5. Tekið upp í frumvarpið það, sem farið er fram á.
— 6. Lækkaður verðtollur á aluminíumstearati eins og farið er fram á. Hins vegar þykir ekki fært að setja sölt naftensýranna í sérstakan toll, þar eð ekki er um að ræða fullskilgreind efni.
— 7. Það þarf ekki lagabreytingu til þess að flytja Whitesprit í 27. kafla. Þar nægir úrskurður ráðherra. Verður væntanlega gert við endurútgáfu tollskrárinnar.
— 8. Beiðnin tekin til greina að því leyti, að verðtollurinn er lækkaður eins og farið er fram á.
— 9. Vörumagnstollurinn er hækkaður eins og farið er fram á. Hins vegar þykir ekki rétt að hækka verðtollinn nema í 10%, þar eð umrædd vara er einnig notuð til iðnaðar, en þó sérstaklega í málaraiðninni. Yrði tollur hækkaður meira en hér er gert ráð fyrir, má telja líklegt, að verðið innanlands mundi jafnframt hækka, og verður það að teljast óheppilegt fyrir jafnnauðsynlega vöru.
— 10. Beiðnin að því leyti tekin til greina, að verðtollurinn á Gardinol kemur til að lækka eins og farið er fram á.
— 11. Tekið upp í frumvarpið það, sem farið er fram á.
— 12. Tekið upp í frumvarpið það, sem farið er fram á.
— 13. Ef ástæða er til að tolla nokkrar vefnaðarvörur hátt, eru það vörur þær, sem

koma undir nr. 8 og 9 í 46B kafla tollskrárinnar. Þó að vörur þessar séu eitthvað notaðar til sauma á nærfötum, virðist það ekki réttlæta þá lækkun, sem farið er fram á.

Um 14. Eftir frumvarpinu er ætlazt til, að verðtollurinn á hér umræddum vörum verði lækkaður úr 60% í 40%. Virðist það nægileg lækkun, enda tilsvarandi vefnaðarvara í aðeins 10% lægri verðtolli.

— 15. Eftir frumvarpinu er ætlazt til, að verðtollurinn á hér umræddum vörum verði lækkaður úr 60% í 30%. Virðist það nægileg lækkun, enda tilsvarandi vefnaðarvara í aðeins 10% lægri verðtolli.

— 16. Eftir frumvarpinu er ætlazt til, að verðtollurinn á hér umræddum vörum verði lækkaður úr 60% í 30%. Virðist það nægileg lækkun, enda tilsvarandi vefnaðarvara í aðeins 10% lægri verðtolli.

— 17. og 18. Vinnan við að búa til vörur þær, sem teygjuvörur þær, sem hér um ræðir, eru notaðar í, er ekki það mikil, að ástæða virðist til að lækka verðtollana á þeim meira en lagt er til í frumvarpinu.

— 19. Það leiðir af breytingu þeirri, sem lagt er til, að gerð verði á nr. 63 í 72. kafla, að vélar til lakk- og málningargerðar koma í 8% verðtoll.

— 20. Kostnaður af hnöppum og tölum getur varla talizt það verulegt atriði fyrir fataiðnina, að ástæða sé hennar vegna að lækka tollinn á þessum vörum yfirleitt.

— 21. Miðað við vörur unnar úr kakaóbaunum er tollurinn, sem nú er á kakaósmjöri, ekki óeðlilega hár. Kakaósmjörið er aðallega notað í súkkulaði, en á því er svo geysihár tollur, að súkkulaðiiðnaðurinn getur verið fullsamkeppnisfær þrátt fyrir núverandi toll á kakaósmjöri.

— 22. Ekki þykir ástæða til að lækka verðtoll af pulp og safa úr ávöxtum, meðan ávextirnir sjálfir, sem þessar vörur eru unnar úr, eru í 30% verðtolli.

Pectin er ekki eingöngu notað til iðnaðar, heldur einnig í heimahúsum, og er því sambærileg vara og t. d. gelatin, sem er í 30% verðtolli. Fyrir skömmu var hér á markaðinum pectin, sem hét „Melatin“ og var notað til sultugerðar í heimahúsum, svo að það er ekki algerlega rétt með farið í erindinu, að pectin sé eingöngu notað til iðnaðar.

— 23. Tekið upp í frumvarpið það, sem farið er fram á.

II.

Bréf h/f Hampiðjunnar, dags. 24. sept. 1941. Það, sem farið er fram á, er tekið upp í frumvarpið.

III.

Bréf h/f Sjóklæðagerðar Íslands, dags. 23. sept. 1941.

Eftir frumvarpinu verður 5% lægri verðtollur af efninu í regnkápur úr öðru en silki og gervisilki en af kápunum úr sama efni. Sami tollur verður á efninu í silki- og gervisilkikápurnar og af kápunum. Tollarnir á tölum, hnöppum og spennum geta ekki talizt það verulegt atriði fyrir kápugerðirnar, að ástæða sé til lækkunar þess vegna. Gúmmílímið verður í lægra tolli en kápurnar, ef frumvarpið nær fram að ganga.

Ed. 409. Nefndarálit

um frv. til l. um framkvæmdasjóð ríkisins.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Ég er sammála flutningsmönnum frumvarps þessa og öðrum þeim, er frumvarpinu vilja fylgja, um það, að ríkissjóður muni þurfa á miklu fé að halda að ófriðnum loknum, eða ef til vill fyrr, til þess að hlaupa undir baggann, þegar versnar í ári.

En ég fæ ekki séð, að á neinn hátt sé búið í haginn fyrir þetta með frumvarpinu, allra sízt eins og það liggur nú fyrir eftir breytingar þær, sem gerðar voru á því í Nd. Fé ríkissjóðs er hvort sem er geymt í banka, og Alþingi hefur svipaðan ráðstöfunarrétt yfir því, hvort sem nokkur hluti af því er kallaður sérstöku nafni eða ekki.

Ég legg því til, að frumvarpi þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 13. maí 1942.

Magnús Jónsson,
form.

Ed. 410. Frumvarp til laga

um heimild til þess að taka eignarnámi nokkur lönd á hverasvæðinu í Ölfusi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka eignarnámi ríkinu til handa eftirtaldar landeignir í Ölfusi:

1. Það af landi jarðarinnar Vorsabæjar, sem ekki er eign ríkisins, með eftirgreindum landamerkjum: Að austan takmarkast landið af Varmá, að sunnan af landamerkjum Vorsabæjar, frá Varmá um fornu Vorsabæjarrúst, sjónhending yfir Breiðutorfu og þaðan í Neðrasnið við Hengladalsá, að vestan landamerki Reykjakots að Varmá, en eftir það ræður Varmá mörkum fyrir landinu að norðan.
2. Landblett Gísla Björnssonar, svonefnt Ekrubarð, báðum megin við þjóðveginn ofan við efri brúna á Varmá.

2. gr.

Takist ekki samkomulag við núverandi ábúanda Vorsabæjar um afnotamissi á því landi, sem væntanlegur skipulagsuppdráttur nær yfir, er ríkisstjórninni heimilt að taka afnotarétt ábúandans á því landi eignarnámi.

3. gr.

Um framkvæmd eignarnáms samkv. 1. og 2. gr. skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 411. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 399 [Byggingar- og landnámssjóður].

Frá Steingrími Steinþórssyni.

Við 1. Fyrir „7500“ kemur: 9000.

Ed. 412. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Í stað „6 þúsund“ í síðustu málsgr. 9. gr. laganna komi: 9000.

2. gr.

12. gr. laganna orðist þannig:

Skilyrði fyrir byggingarstyrk eru, að umsækjandi leggi fram skilríki samkvæmt ákvæðum 1.—7. töluliðs 7. gr. og enn fremur skilríki fyrir:

1. Að húsakynni séu óhæf til íbúðar að áliti hreppstjóra og héraðslæknis.
2. Að jörðin sé í sjálfsábúð eða falli undir ákvæði laga um erfðaábúð og óðalsrétt.
3. Að fasteignamat (millimat) bæjarhúsa sé ekki yfir 3000 kr. Þó er nýbýlastjórn heimilt að víkja frá þessu ákvæði, ef sérstök nauðsyn er á og hún öll sammála. Samþykki ráðherra þarf þó til þess í hvert skipti.

Framlagið til hvers býlis má vera 500—1500 kr., að viðbættum þeim hundraðshluta, er byggingarkostnaður hefur, þegar húsið er reist, hækkað frá 1939, samkvæmt útreikningi teiknistofu landbúnaðarins.

Ef hús jarðar eyðast eða spillast mjög af völdum bruna eða annarra náttúruafla, þeirra sem hús verða ekki tryggð fyrir að fullu, og ábúandi getur ekki byggt aftur með þeirri aðstoð, sem lög þessi gera ráð fyrir, er nýbýlastjórn heimilt, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að veita hærri byggingarstyrk. Aldrei má þó framlag samkvæmt þessari grein vera meira en ⅓ af kostnaðarverði hússins, nema alveg sérstaklega standi á og ráðherra veiti samþykki sitt í hvert skipti, og þó ekki lengur en byggingarkostnaður er meira en þrefaldur miðað við 1939.

Lokagreiðsla fer fram, þegar fullnaðarreikningur er kominn yfir byggingarkostnaðinn.

3. gr.

Fyrir „4500“ í 33. og 35. gr. laganna komi: 6000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 413. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Brunabótafélag Íslands er gagnkvæmt ábyrgðarfélag vátryggjenda, eftir því sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Úr 2. gr. laganna falli burt orðin „utan Reykjavíkur“.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að tryggja í félaginu allar húseignir í kaupstöðum og kauptúnum, þar með talin hús í smíðum, hvort sem þau eru eign einstakra manna, félaga eða opinberar eignir. Sömuleiðis er skylt að tryggja í félaginu öll hús utan kaupstaða og kauptúna, nema gripahús, hlöður og geymsluhús á sveitabæjum, enda séu þau ekki áföst íbúðarhúsum, svo að þau megi teljast vera í óaðgreinanlegri brunahættu með þeim.

Ákvæði fyrri málsliðar þessarar greinar um vátryggingarskyldu í félaginu nær þó ekki til húseigna í Reykjavíkurkaupstað.

4. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er félaginu að taka í eldsvoðaábyrgð öll hús í sveitum, sem ekki falla undir ákvæði 3. gr. um vátryggingarskyldu í félaginu.

Svo er félaginu og heimilt, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka eldsvoðaábyrgð á húsum í Reykjavík, með sérstökum samningi við bæjarstjórn, og að taka þátt í vátryggingu húseigna í Reykjavík með öðrum vátryggingarfélögum.

Enn fremur er félaginu heimilt að taka í eldsvoðaábyrgð hvers konar lausafé, þar með taldar hvers konar afurðir í vörzlu framleiðenda, nema verzlunarbirgðir.

5. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Vátryggingum skal haldið aðgreindum í 5 flokka, þannig að unnt sé að gera upp iðgjöld og tjón hvers flokks fyrir sig:

1. Tryggingarflokkur fasteigna í kaupstöðum og kauptúnum.
2. Tryggingarflokkur fasteigna í sveitum.
3. Tryggingarflokkur lausafjár.
4. Tryggingarflokkur fasteigna í Reykjavík.
5. Tryggingarflokkur stríðstryggingar íslenzkra skipshafna.

Árlegur tekjuafgangur flokkanna, sem og aðrar tekjur félagsins, fellur til sameiginlegs varasjóðs, sem er að fullu ábyrgur fyrir tjónum í 1.—4. flokki, en hefur takmarkaða ábyrgð fyrir 5. flokki.

6. gr.

Ákvæði 7. gr. laganna um hámark eigin ábyrgðar á áhættueiningu verði sem hér segir:

	í kauptúnum og kaupstöðum	í sveitum
1. Steinhús	kr. 40000.00	kr. 24000.00
2. Timburhús, eldvarnarklædd	— 30000.00	— 20000.00
3. Önnur hús	— 20000.00	— 16000.00

7. gr.

Fyrri málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Allir þeir, sem skyldir eru til vátryggingar hjá félaginu samkvæmt 3. gr., eru félagsmenn þess. Félagsmenn ábyrgjast, að iðgjaldasjóður félagsins standi í skilum. Þó nær ábyrgðin aðeins til þeirra eigna, sem vátryggðar eru í félaginu, sbr. 3. gr.

8. gr.

9. gr. laganna falli niður, og greinatala breytist samkvæmt því.

9. gr.

Aftan við 13. gr. laganna bætist: eða ástæður, sem tjónþola er ekki sjálfrátt um.

10. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld af fasteignum í skyldutryggingu, svo og skírteinisgjöld, hvíla sem lögveð á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem á þeim hvíla, nema sköttum til ríkissjóðs.

Séu gjöldin eigi greidd innan 6 mánaða frá gjalddaga, er heimilt að láta selja hina vátryggðu eign á uppboði, án undanfarins dóms, sátta eða lögtaks, en tilkynna skal vátryggjanda í ábyrgðarbréfi eða á annan öruggan hátt, að sölu hafi verið beiðzt. Á sama hátt skal uppboðshaldari aðvara eiganda, með tveggja vikna fyrirvara, áður en hann sendir söluauglýsingu til birtingar.

Uppboðið skal auglýst einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Má sala ekki fara fram fyrr en 6 vikum eftir birtingu auglýsingarinnar.

Virðingargjöld má heimta með lögtaki.

11. gr.

Aftan við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Séu gjöldin eigi greidd áður en 3 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða af þeim dráttarvexti frá gjalddaga til greiðsludags, er nemi ½% fyrir hvern mánuð eða hluta af mánuði, sem það hefur dregizt.

12. gr.

Á eftir 16. gr. laganna komi 3 nýjar greinar, og breytist greinatala samkvæmt því:

a. (16. gr.) Félagið skiptist í deildir. Bæjarfélag hvert eða sveitarfélag telst sérstök deild í félaginu.

b. (17. gr.) Þegar varasjóður félagsins er orðinn svo hár, að öruggt þykir að dómi framkvæmdarstjórnar um fjárhagsafkomu þess, má af árlegum tekjuafgangi greiða félagsdeildunum ágóðahluta af skyldubundnum fasteignatryggingum, enda hafi brunatjón ekki farið fram úr 80% af iðgjöldunum á því ári, sem ágóða er úthlutað fyrir. — Upphæð ágóðahluta í hvert sinn ákveðst af félagsstjórn og miðast við það, að félaginu safnist fé í minnsta lagi hlutfallslega við aukningu vátryggingarverðmætisins.

Nánari reglur um ágóðaúthlutun skulu settar með reglugerð. Má þar ákveða, að úthlutunin sé í tveim flokkum, annars vegar af fasteignavátryggingum í kaupstöðum og kauptúnum, hins vegar af fasteignavátryggingum í sveitum, og geti verið misjöfn til hinna einstöku deilda innan hvors flokks, eftir því hve tjónin hafa orðið mikil á móts við iðgjöld þeirra.

c. (18. gr.) Heimilt er félaginu að efna til eftirlaunasjóðs fyrir fasta starfsmenn félagsins, ekkjur þeirra og börn.

13. gr.

22. gr. laganna falli niður. Greinatala breytist eftir því.

14. gr.

Síðari málsgr. 23. greinar laganna orðist svo.

Brjóti aðrir en vátryggjendur gegn lögunum, eða reglum og ákvæðum settum samkvæmt þeim, varðar það sektum, 10—500 krónum eftir málavöxtum.

15. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 22 1. febr. 1936.

16. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í meginmál laga nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands, að slepptri 25. gr. laganna, og gefa þau síðan út þannig breytt.

Nd. 414. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 frá 21. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Tveir nefndarmenn, þeir SkG og SvbH, taka fram, að þeir vilja leggja sérstakt gjald á fasteignasölu, þegar fasteignir eru seldar fyrir mjög hátt verð, og hafa lagt fram tillögu í nefndinni um að setja bráðabirgðaákvæði í frumvarpið um það efni.

Hefur nefndin þá tillögu til athugunar fyrir 3. umræðu málsins.

Alþingi, 13. maí 1942.

Sveinbjörn Högnason, form.	Jón Pálmason, fundaskr.	Stefán Stefánsson, frsm.
Haraldur Guðmundsson.	Skúli Guðmundsson.	

Ed. 415. Nefndarálit

um frv. til laga um framkvæmdasjóð ríkisins.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin er ekki sammála um þetta mál. Form. nefndarinnar (MJ) mun gera sérstaklega grein fyrir sinni afstöðu, en við undirritaðir viljum mæla með frv. Með tilliti til þess, að enn er í lögum heimild til að verja allt að 5 milljónum króna af tekjum ríkissjóðs á árinu 1941 til dýrtíðarráðstafana, þó hún verði ef til vill ekki notuð að fullu, og fram er komin till. til þál. í Sþ. um að „leggja fyrir“ 3 milljónir kr. af tekjum ársins 1941 til sérstakra ráðstafana að stríðinu loknu, sem búast má við, að verði samþ., þá þykir okkur þó rétt að lækka nokkuð þá upphæð, sem frv. gerir ráð fyrir, að framkvæmdasjóði ríkisins verði greidd af tekjuafgangi ríkissjóðs frá árinu 1941. Meiri hlutinn leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. Fyrir „10 milljónir“ komi: 8 milljónir.

Alþingi, 13. maí 1942.

Erl. Þorsteinsson, fundaskr., með fyrirv.	Bernh. Stefánsson, frsm. meiri hl.

Nd. 416. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 101 frá 23. júní 1936.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

II.—V. lið 9. gr. laganna skal orða svo:

II. a.	Skurðir, 1 m og grynnri	kr.	1.50	10 m³
b.	Skurðir, dýpt 1—1,3 m.	—	1.80	— —
c.	Skurðir, dýpt yfir 1,3 m.	—	2.50	— —
d.	Lokuð grjótræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	—	2.25	10 m.
e.	Viðarræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	—	1.50	— —
f.	Hnausaræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	—	1.00	— —
g.	Pípuræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	—	2.25	— —
III. a.	Þaksléttur í nýrækt	—	2.00	100 m²
b.	Græðisléttur í nýrækt	—	1.40	— —
c.	Sáðsléttur í nýrækt	—	2.50	— —
d.	Sáðsléttur í nýrækt, 1 árs forrækt	—	3.00	— —
e.	Sáðsléttur í nýrækt, 2 ára forrækt	—	3.50	— —
f.	Þaksléttur í túni	—	2.00	— —
g.	Græðisléttur í túni	—	1.25	— —
h.	Sáðsléttur í túni	—	2.00	— —
i.	Matjurtagarðar	—	1.80	— —
j.	Grjótnám úr ræktunarlandi, aldrei yfir 50 m³ á býli árlega	—	1.00	1 m³
IV. a.	Girðingar um ræktað land, sem að vörn og varanleik jafngilda 5 strengja gaddavírsgirðingu	—	2.00	10 m.
b.	Sama gerð, með steyptum horn- og hliðarstólpum og gegnumdreyptum stólpum eða öðrum jafngóðum	—	2.50	— —
V. a.	Þurrheyshlöður, steyptar með járnþaki	—	1.00	1 m³
b.	Þurrheyshlöður úr öðru efni, með járnþaki	—	0.50	— —
c.	Votheyshlöður, steyptar með járnþaki, hringlaga	—	4.00	— —
d.	Votheyshlöður af annarri lögun, steyptar með járnþaki	—	3.50	— —

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir verðlagsuppbót á jarðræktarstyrk þann, sem talinn er í 9. og 11. gr., samkvæmt verðlagsvísitölu kauplagsnefndar næsta ár á undan. Af jarðabótastyrk þeim, sem talinn er í 9. og 11. gr., að viðlagðri verðlagsuppbót, renna 5% til hlutaðeigandi búnaðarfélags til sameiginlegra félagsþarfa. Styrkur sá, sem veittur er vegna verðlagsuppbótar, skal ekki talinn með við útreikning hámarksupphæða þeirra, sem um getur í 11., 13. og 16. gr.

3. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðabótastyrk hvers býlis, og skal skrásetja það, er greitt hefur verið síðan jarðræktarlög, nr. 43 23. júní 1923, gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða, að því er snertir upphæðir þær, er farið hafa til afgjaldsgreiðslu býlanna, og skal telja aðeins þann hluta afgjaldsins, er nemur venjulegum jarðabótastyrk, miðað við þá dagsverkatölu, er jarðarafgjöldin voru reiknuð eftir.

Styrkur sá til jarðræktar og húsabóta, er 9. gr. ákveður, skal þessum breytingum háður:

a. Býlum, sem fengið hafa samtals minna en 2000 kr., greiðist 30% hærri styrkur.
b. Býlum, sem fengið hafa samtals 7000—10000 kr., skal greiða 50% minna fyrir hvert verk.

Býlum, sem fengið hafa samtals 2000—7000 kr., skal greiða styrk samkvæmt ákvæðum 9. gr. En býlum, sem fengið hafa fullar 10000 kr. til umbóta, greiðist enginn styrkur.

Ekki nær ákvæðið um heildarhámarksstyrk til þeirra búa, er bæjarfélög reka vegna þess, að ókleift er að flytja nauðsynlega neyzlumjólk til bæjarins handa íbúum, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Hækkunar á styrk þeim, er 9. gr. ákveður, njóta aðeins jarðir samkvæmt skilgreiningu 1. gr. ábúðarlaga, nr. 87 19. júní 1933, svo og nýbýli, sem rekinn er sjálfstæður búrekstur á sem aðalatvinna, að áliti Búnaðarfélags Íslands.

4. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Nú er býli skipt, og ef jarðarpartarnir verða í sjálfsábúð, erfðaábúð eða lífstíðarábúð, skiptist upphæð þess styrks, sem býlið hefur fengið, sbr. 11. gr., milli býlanna eftir mati trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands. Frá styrkupphæðinni skal þó draga 25% áður en skipti fara fram milli býlanna. Þá upphæð, sem þannig er fengin, skal leggja til grundvallar við útreikning framhaldsstyrks fyrir umbætur á býlinu. Verði býli þessi aftur sameinuð, skal leggja saman jarðræktarstyrk þann, er þau hafa notið, og hækka þá tölu um 25%. Jarðræktarstyrk annarra býla, sem sameinuð kunna að verða, skal leggja saman án hækkunar.

5. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Hámarksstyrkur til hvers býlis má nema:

a.	Til byggingar safngryfja og haughúsa	samtals kr.	1500.00
b.	Til byggingar þurrheyshlaða	—	500.00
c.	Til byggingar votheyshlaða	—	350.00
d.	Til jarðræktar á ári	—	600.00

6. gr.

Á eftir orðunum „sem ætla má“ í 14. gr. laganna komi: að dómi Búnaðarfélags Íslands.

7. gr.

Í stað „5 þús. kr.“ í 16. gr. laganna komi: 10000 kr.

8. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Rétt eiga menn að stofna félag um:

a. Að útvega land og framkvæma á því félagsræktun til stofnunar nýbýla eða samvinnubyggða.
b. Að útvega íbúum kaupstaða, kauptúna og sveitaþorpa land til ræktunar og framkvæma félagsræktun á því, enda sé tryggt, að dómi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, að hver félagsmaður geti fengið sinn hluta af ræktunarlandinu til eignar eða erfðaleigu.
c. Að koma á sameiginlegum ræktunarframkvæmdum á landi tveggja eða fleiri lögbýla, þar sem aðstaða við framræslu lands eða jarðvinnslu gerir félagsræktun æskilega, að dómi Búnaðarfélags Íslands.
d. Jarðræktarfélög, sem ekki geta heyrt undir a-, b- eða c-lið þessarar greinar, skulu því aðeins njóta þess réttar, er 19. gr. áskilur þessum félögum:

1. að þau hafi eignarumráð eða varanleg leiguliðanot á landi til ræktunar.
2. að tilgangur ræktunarinnar sé aðeins framleiðsla jarðargróða.
3. að í samþykkt sé ákveðin aðstaða hvers einstaks félagsmanns til ræktunarinnar.
4. að Búnaðarfélag Íslands mæli með því, að félögum sé veittur sá réttur.

9. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Þau félög, sem stofnuð eru samkvæmt 18. gr. og fullnægja að öðru leyti skilyrðum laga þessara, skulu njóta styrks fyrir hvern félagsmann samkvæmt ákvæðum 9. gr.

Þegar byggt hefur verið yfir fólk og fénað á löndum félaga samkv. a-, b- og c-lið 18. gr., fá býlin styrk samkvæmt ákvæðum 9. og 11. gr.

10. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Þeir, sem hafa ákveðið að stofna félag samkvæmt 18. gr., skulu á stofnfundi setja því samþykkt. Í samþykkt skulu vera ákvæði um:

a. Nafn félagsins, heimili þess og varnarþing.
b. Markmið félagsins og fyrirhugaðar framkvæmdir.
c. Atkvæðisrétt á félagsfundum, vald og verksvið félagsfunda og skilyrði fyrir lögmæti þeirra.
d. Skipun félagsstjórnar, kosning hennar, kjörtímabil og vald hennar í félagsmálum.
e. Hverjar landareignir félagið hafi til umráða.
f. Hvernig fara skuli um greiðslu kostnaðar þess, sem félagsskapurinn hefur í för með sér.
g. Bókhald félagsins og endurskoðun.
h. Heimildir til lántöku og ábyrgð meðlima vegna skuldbindinga félagsins.
i. Breytingar samþykkta, félagsslit og hvernig eignum félagsins skuli ráðstafað.

Samþykkt skal vera staðfest af atvinnumálaráðuneytinu, að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands. Ræktunarfélög, sem stofnuð eru samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skulu skrásett.

11. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Nú þykir hreppsnefnd hætta á, að þau ræktunarlönd, er í 18. gr. getur, komist við eigendaskipti á fárra manna hendur, svo að þrengist um ræktunarlönd fyrir aðra hreppsbúa, og hefur hún þá fyrir hönd hreppsins forkaupsrétt á löndunum. Bæjarstjórnir í kaupstöðum hafa og sama rétt. Sbr. lög nr. 55 15. júní 1926.

12. gr.

24. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal árlega greiða 80000 krónur til verkfærakaupasjóðs.

Búnaðarfélag Íslands annast rekstur sjóðsins samkvæmt ákvæðum þessara laga.

13. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Tilgangur sjóðsins er að létta undir með bændum, einstökum eða fleirum í félagi, svo og búnaðarfélögum, til að eignast eftirtaldar vélar og verkfæri:

1. Hestverkfæri til jarðyrkju, forardælur, steingálga og verkfæri vegna garðyrkju og kornræktar.

2. Heyvinnuvélar, svo sem sláttuvélar, rakstrarvélar, snúningsvélar og heybindingsvélar.
3. Tóvinnuvélar til heimilisiðnaðar, svo sem handspunavélar, prjónavélar og vefstóla.
4. Dráttarvélar með tilheyrandi verkfærum og minni skurðgröfur. Styrkurinn nemi allt að ⅓ af kaupverði þeirra verkfæra, sem talin eru í 1.—3. tölulið þessarar greinar, en allt að ¼ af kaupverði vélanna eða verkfæranna, sem talin eru í 4. tölulið. En aldrei skal þó styrkurinn fara yfir 700 krónur samtals til sama manns.

14. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Styrkur til kaupa á dráttarvélum og skurðgröfum veitist aðeins búnaðarsamböndum og búnaðarfélögum, einu eða fleirum í félagi. Er styrkurinn þessum skilyrðum bundinn:

1. Að kaupin hafi verið samþykkt á almennum fundi í hlutaðeigandi félagi eða félögum.
2. Að Búnaðarfélag Íslands telji áhöldin félögunum nauðsynleg.
3. Að félagið hafi hús yfir áhöldin, selji þau ekki nema með samþykki félagsfundar og Búnaðarfélags Íslands.

15. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skal senda stjórn hlutaðeigandi búnaðarfélags, sem innfærir þær ásamt áliti sínu í gerðabók félagsins og sendir þær svo ásamt umsögn sinni til Búnaðarfélags Íslands, sem fellir fullnaðarúrskurð um umsóknirnar og útvegar verkfærin.

16. gr.

28. gr. laganna orðist svo:

Innstæður, sem einstök búnaðarfélög eiga í sjóðnum, skulu áfram vera séreign þeirra. Skal þeim varið til að styrkja verkfærakaup viðkomandi félaga eða meðlima þeirra, og fá þessir aðilar ekki styrk úr sameiginlegum sjóði, fyrr en innstæða þeirra er eydd. Skuldir þær, sem safnazt hafa hjá einstökum búnaðarfélögum, skulu greiddar úr sameiginlegum sjóði á næstu tveim árum.

17. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Reikningar hans skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

18. gr.

30. gr. laganna orðist svo:

Eign vélasjóðs, sem var 1. jan. 1942 kr. 70471.73, verður stofnfé sjóðsins, og má ekki skerða það. Við stofnféð skal árlega leggja helming þess vaxtafjár, sem sjóðnum áskotnast, svo og ef afgangur verður af rekstrarfé sjóðsins.

Ríkissjóður skal árlega greiða sjóðnum 25000 krónur, sem verður ásamt helmingi vaxtanna rekstrarfé hans.

19. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Starfsemi sjóðsins skal vera tvískipt. Skal ⅔ af stofnfé hans varið til útlána vegna vélakaupa í þágu landbúnaðarins. Setur landbúnaðarráðuneytið reglur um lánastarfsemi sjóðsins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

⅓ hluta af stofnfé sjóðsins skal nota til vélakaupa samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 20. gr. þessara laga.

20. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Vélasjóður kaupir og gerir tilraunir með vélknúðar jarðræktarvélar og minni skurðgröfur, sem ætla má, að hæfi hérlendum staðháttum. Vélar þær, er að dómi verkfæranefndar reynast nothæfar, skal búnaðarsamböndum, félögum eða einstaklingum gefinn kostur á að eignast með sanngjörnu verði.

21. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við tilraunir þær, er 20. gr. (32. gr. laganna) gerir ráð fyrir, þar með talinn rekstrarkostnaður vélanna meðan tilraunir standa yfir, greiðist úr vélasjóði.

22. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Ríkið kaupir stærri skurðgröfur til meiri háttar framræslu, áveituframkvæmda eða breytingar vatnsfarvega, enda liggi fyrir rökstutt álit Búnaðarfélags Íslands, að þeirra sé þörf.

Sé nauðsynlegt að gera tilraunir með skurðgröfur þessar, áður en þær eru teknar í notkun, greiðist sá kostnaður úr vélasjóði.

23. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands skal hafa umsjón og eftirlit með skurðgröfum ríkisins. En atvinnumálaráðuneytið setur reglur um rekstur þeirra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

24. gr.

36. gr. laganna orðist svo:

Landþurrkunar- eða áveitufélag, sem stofnað er samkvæmt fyrirmælum vatnalaganna frá 1923, 4. og 8. kafla, hefur rétt til að fá eina eða fleiri af skurðgröfum ríkisins lánaðar, svo fljótt sem ástæður leyfa, enda hagi svo til, að hentugt sé að nota þar skurðgröfu.

Ríkið lánar skurðgröfurnar án endurgjalds, greiðir allan kostnað af flutningi þeirra milli vinnustaða og hefur umsjón með viðhaldi þeirra.

25. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir að ⅓ kostnað þann, er leiðir af starfsemi landþurrkunar- og áveitufélaga, sem um getur í 36. gr., svo sem rekstri skurðgrafnanna (þar með talið nauðsynlegt viðhald þeirra, varahlutir og vátrygging), öðrum skurðagrefti, byggingu flóðgátta og flóðgarða. ⅓ kostnaðar heimilast landþurrkunar- eða áveitufélögum að taka að láni, en ⅓ skulu landeigendur leggja fram sjálfir, um leið og verkið er framkvæmt.

Verk þau, sem styrkt eru af ríkinu á þennan hátt, geta ekki notið styrks samkvæmt II. kafla þessara laga.

26. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands hefur á hendi reikningshald vélasjóðs. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

27. gr.

Aftan við 45. gr. laganna bætist:

Eru jarðabætur, sem unnar eru á slíku landi, því aðeins styrkhæfar, að fylgt sé tillögum þessum eða breytingum við þær, sem Búnaðarfélag Íslands hefur fallizt á.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

29. gr.

Í stað bráðabirgðaákvæða laganna komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Næstu 10 ár skal þúfnasléttun í túni styrkt með 400—500 kr. pr. ha., að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt ákvæðum 2. gr. (10. gr. laganna), eftir tegund jarðabótarinnar, samkvæmt reglugerð, enda skal styrkurinn bundinn því skilyrði, að minnst 1/10 túnþýfisins sé sléttaður árlega, meðan þessi ákvæði gilda.

Ákvæði þetta skal miða að því að útrýma öllu túnþýfi á næstu 10 árum.

Búnaðarsamböndin skulu hvert á sínu svæði hafa mælt allt túnþýfi áður en fyrsta úttekt til styrkgreiðslu í þessu skyni fer fram á viðkomandi sambandssvæði.

Undir þessa mælingu heyrir aðeins það túnþýfi, sem eftir er ósléttað af hinu upprunalega túni, enda heyri ekki þar undir fitjar eða óhæfilega grýtt tún.

Búnaðarfélag Íslands gefur út nánari fyrirmæli til búnaðarsambandanna viðvíkjandi mælingu túnþýfis og úttekt til styrkgreiðslu á þessar jarðabætur.

30. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra og laga nr. 25 13. júní 1937 inn í lög nr. 101 frá 23. júní 1936, jarðræktarlög, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 417. Breytingartillaga

við frv. til l. um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi (greinatala breytist samkv. því):

Ríkisstjórninni heimilast að greiða 10—20% uppbætur á útborguð laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkis og ríkisstofnana fyrir árið 1942, og greiðist uppbót þessi mánaðarlega með launum. Greiðslu þessari skal hagað svo, að þeir, sem lægri laun hafa, fái hærri hundraðshluta greiddan. Uppbót þessi greiðist þó eigi af þeim hluta launanna, sem fram yfir er það, sem samsvarar 9000 kr. grunnlaunum á ári. Sams konar heimild veitist einnig bæjarfélögum og stofnunum þeirra til greiðslu launauppbótar til starfsmanna sinna.

Ed. 418. Frumvarp til laga

um málflytjendur.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 136, með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn skulu hafa með sér félag, og kemur stjórn þess fram fyrir þeirra hönd gagnvart dómurum og stjórnarvöldum í málum, er stéttina varða. Samþykktir félagsins skulu lagðar fyrir dómsmálaráðherra, sem staðfestir þær eða synjar staðfestingar.

9. gr. hljóðar svo:

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til málflutnings fyrir hæstarétti hverjum þeim, sem

1. er 30 ára gamall,
2. er lögráður og hefur forræði fjár síns,
3. hefur óflekkað mannorð,
4. hefur íslenzkan ríkisborgararétt,
5. hefur lokið embættisprófi í lögfræði í háskóla Íslands eða jafngildu prófi í öðrum háskólum samkvæmt íslenzkum lögum,
6. hefur verið héraðsdómslögmaður í 3 ár samtals, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til,
7. hefur sýnt það með flutningi 4 mála, og sé eitt þeirra að minnsta kosti opinbert mál, að hann sé að dómi hæstaréttar hæfur til að vera hæstaréttarlögmaður. Enginn má þreyta raun þessa oftar en þrisvar, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn vottorð dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að verða hæstaréttarlögmaður.

Heimilt er hæstarétti að veita manni, sem verið hefur hæstaréttardómari, prófessor í lögum, dómsmálaráðherra, skipaður embættisdómari í Reykjavík, bæjarfógeti og fulltrúi þeirra, er haft hefur löggildingu til almennra dómarastarfa í 5 ár, undanþágu frá framan greindri prófraun, að nokkru eða öllu leyti.

Ed. 419. Lög

um heimild fyrir Reykjavíkurbæ til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 157.

Ed. 420. Breytingartillaga

við frv. til l. um framkvæmdasjóð ríkisins.

Frá Erlendi Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina komi: og skal þá fé sjóðsins sérstaklega varið til stofnunar nýrra framleiðslugreina, svo sem framleiðslu tilbúins áburðar og steinlíms, skipasmíði, byggingar verksmiðju til herzlu síldarlýsis o. fl., sem nauðsynlegt er til að auka öryggi atvinnulífsins og fullnægja þörfum landsmanna.

Ed. 421. Breytingartillaga

við frv. til laga um málflytjendur.

Frá Þorst. Þorsteinssyni.

Við 9. gr. Á eftir orðunum „skipaður embættisdómari í Reykjavík“ í síðustu málsgr. komi: sýslumaður.

Sþ. 422. Breytingartillaga

við till. til þál. um stjórnarskrárnefnd.

Flm.: Garðar Þorsteinsson, Ásgeir Ásgeirsson, Gísli Sveinsson, Sigurður Kristjánsson.

Tillgr. orðist þannig:

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd til þess að gera tillögur um breytingar á stjórnskipunarlögum ríkisins í samræmi við yfirlýstan vilja Alþingis um, að lýðveldi verði stofnað á Íslandi, og skili nefndin áliti nógu snemma til þess, að málið geti fengið afgreiðslu á næsta Alþingi. Nefndin kýs sér sjálf formann. Nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Nd. 423. Frumvarp til laga

um breyting á hreppamörkum Borgar- og Stafholtstungnahreppa o. fl.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Hreppamörkum Borgar- og Stafholtstungnahreppa skal breytt sem hér segir:

Frá mótum Gljúfurár og Litluár skal Litlaá ráða mörkum eftir Grímsdal og þaðan lautin milli Vikrafells og Lambafells í Vikravatn, en úr vatninu skulu mörk þessara hreppa vera núverandi hreppamörk Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa, að sýslumörkum Mýrasýslu og Dalasýslu, þannig að afréttarland Borgarhrepps samkvæmt landamerkjabréfi 2. nóv. 1920, svo og Staðartungu- og Grísartungulönd, verði innan takmarka Borgarhrepps.

2. gr.

Innan 7 ára frá því, er lög þessi öðlast gildi, er hreppsnefnd Borgarhrepps skylt að hafa komið upp fjárheldri girðingu úr Vikravatni meðfram Litluá í skógræktargirðingu ríkisins um Sauðhússkóg í Stafholtstungum, án framlags á móti af hálfu Stafholtstungnahrepps.

Ef girðing þessi verður ekki komin upp á tilsettum tíma, getur hreppsnefnd Stafholtstungnahrepps látið setja hana upp á kostnað Borgarhrepps.

Nú rís ágreiningur um, hvort girðingin geti talizt fjárheld, eða út af kostnaðarreikningi fyrir framkvæmdum af hálfu Stafholtstungnahrepps samkvæmt þessari grein, og skulu þá þrír óvilhallir, dómkvaddir menn skera úr.

Kostnað af viðhaldi og endurbótum girðingar þessarar skal Borgarhreppur bera að ⅔ hlutum og Stafholtstungnahreppur að ⅓ hluta.

Nú rís ágreiningur milli hreppanna um nauðsyn eða framkvæmd viðhalds eða endurbóta á girðingunum, og skal þá sýslumaður fela óvilhöllum manni að skera úr þeim ágreiningi og, ef með þarf, annast framkvæmdina.

3. gr.

Borgarhreppur greiðir Stafholtstungnahreppi bætur eftir mati fyrir missi tekna af jörðinni Grísartungu.

Mati þessu má skjóta til yfirmats, ef annar hvor aðila vill ekki við það una. Hvort tveggja matið skal framkvæmt, eftir því sem við verður komið, í samræmi við reglur þær, er um eignarnám gilda samkv. lögum nr. 61 frá 1917.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1943.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Borgarhrepps og undangengnu samþykki sýslunefndar Mýrasýslu, eins og eftirfarandi bréf sýnir.

Við undirritaðir: Sýslunefndarmaður og hreppsnefndarmenn Borgarhrepps, skorum hér með á alþingismann Mýramanna að flytja nú þegar á yfirstandandi Alþingi frumvarp það, sem hér liggur fyrir, um hreppamarkabreytingu milli Borgarhrepps og Stafholtstungnahrepps.

Mál þetta hefur fengið þann undirbúning, sem hér segir — og meðfylgjandi fundargerðir sýna —:

Tillaga um áformaðar breytingar var borin fram á sýslufundi Mýrasýslu vorið 1939, eftir beiðni hreppsnefndar Borgarhrepps.[1]) En þar sem sumir sýslunefndarmenn höfðu ekki kynnt sér fyllilega allar aðstæður, og fulltrúi Stafholtstungnahrepps taldi, að ekki hefðu fram farið nægar samkomulagstilraunir milli hlutaðeigandi hreppa, fól sýslunefndin oddvita sínum að boða hreppsnefndir téðra hreppa á sameiginlegan fund og leita samkomulags með þeim um mál þetta.

Fundur þessi var haldinn að Svignaskarði 28. apríl 1940, en ekkert samkomulag náðist. Á sýslufundi Mýrasýslu, sem settur var í Borgarnesi 6. maí s. á., var mál þetta tekið fyrir að nýju og sett í nefnd. Nefndin skilaði áliti, sem var í fullu samræmi við kröfur Borghreppinga, og var borið undir atkvæði fundarins og samþykkt með 8:1 atkvæði, sem var sýslunefndarmaður Stafholtstungnahrepps.[2])

Af framansögðu má ljóslega sjá, að mál þetta var vandlega íhugað áður en gengið var til atkvæða, og niðurstaða sú, er nefndarmenn komust að eftir nákvæma yfirvegun, ætti að vera trygg sönnun fyrir því, að hér sé um sanngirniskröfu að ræða, þar sem í sýslunefndinni eiga sæti þjóðkunnir merkismenn, og mörgum þeirra verið falin ýmis vandasöm trúnaðarstörf í þágu þjóðfélagsins. Vonum við því fastlega, að hið háa Alþingi taki þá réttu afstöðu til þessa máls og geri frumvarp þetta að lögum.

Gufuá, 21. febr. 1942.

Í hreppsnefnd Borgarhrepps:

Guðmundur Ásmundsson (sýslunefndarmaður).
Ólafur Ólafsson, oddviti. Einar Sigurðsson.
Sigurmon Símonsson. Guðm. Jónsson.


Til hr. alþingismanns Bjarna Ásgeirssonar.

Ákvæðinu um girðingarskyldu Borgarhrepps hefur flutningsmaður frv. bætt í það, með því að búendum í Stafholtstungum er mikil nauðsyn á að fá hana til varnar því, að afréttarfé renni hindrunarlaust niður í byggðina, sem mjög hefur á borið, einkum eftir að Grísartunga lagðist í eyði og land hennar var ekki lengur varið. Er ekki nema sanngjarnt, að Borgarhreppur annist uppsetningu girðingar þessarar, ef hann fær það vald yfir afréttarlöndum þessum, sem hér er farið fram á. Hins vegar tel ég rétt, að Stafholtstungnahreppur taki þátt í viðhaldi girðingarinnar. Hér hagar svo til, að meginhluti fjalllendis Borgarhrepps, sem þó er hans eigin eign og liggur beint upp af byggð hreppsins, er innan Stafholtstungnahrepps. Land það, sem legðist til umdæmis Borgarhrepps með hreppamarkabreytingu þeirri, sem hér er farið fram á, er afréttarland Borgarhrepps, og í eigu hans og hreppsbúa, nema eyðijörðin Grísartunga, sem er kirkjueign og liggur inn í afréttinn, og eru litlar líkur á, að hún byggist aftur.

Meðfylgjandi uppdráttur skýrir nokkuð afstöðu hreppa þeirra, er hér eiga hlut að máli, til landsvæðis þessa.

Nánar í framsögu.

1) Sjá sýslufundargerð 1939, mál 24 og 46. — 2) Sjá sýslufundargerð 1940, mál 31 og 43.



= Borgarhreppur.
= Grísartunguland (eyðibýli) í Stafholtstungnahreppi.
= Afréttarland Borgarhrepps í Stafholtstungnahreppi.

Sþ. 424. Tillaga til þingsályktunar

um verðuppbætur á útflutningsafurðir landbúnaðarins.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Steingrímur Steinþórsson, Jón Pálmason, Páll Zóphóníasson, Þorsteinn Þorsteinsson.

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, að greiða úr ríkissjóði verðuppbætur á landbúnaðarafurðir, sem framleiddar voru til útflutnings árið 1941. Verðuppbætur þessar skal miða við það, að framleiðendur fái ekki lægra verð hlutfallslega fyrir þessar afurðir en þeir fengu fyrir þær árið 1940, miðað við verðlagsvísitölu beggja áranna.

Greinargerð.

Enn þá hefur ekki tekizt að selja til útlanda neitt af ullarframleiðslu ársins 1941 og ekki nema um helminginn af gærunum. Allt er því í óvissu um tekjur bænda og afkomu á síðast liðnu ári, og verður svo, unz séð er fyrir, hvert verð þeir endanlega fá fyrir vörur þessar, sem eins og kunnugt er eru mjög stór hluti af gjaldeyrisvörum þeirra.

Nú þurfa bændur að fara að ákveða útgjöld sín á þessu sumri, svo sem fólksráðningar og fleira, og væri eðlilegt, að margir þeirra hikuðu við að binda sér stóra útgjaldabagga vegna framleiðslu þessa árs, á meðan þeir renna blint í sjóinn, ekki aðeins um verðlag á framleiðsluvörum þessa árs, heldur og miklum hluta af þeim vörum, sem þeir sendu á markaðinn síðast liðið ár. Það má því ekki bíða lengur að ákveða verðlag á framan greindum framleiðsluvörum bænda, og teljum við flutningsmenn það einsætt, að ríkið verði að bæta þeim upp markaðstöp og tjón það, sem þeir hafa orðið fyrir vegna framleiðslu á vörum þessum af völdum ófriðar og siglingateppu, ef útilokað er, að verðbætur fáist á þær annars staðar að, eins og var um framleiðslu ársins 1940. Verðlagið teljum við, að þurfi að hækka frá því, sem það reyndist síðast liðið ár, fyrir framleiðsluvörur 1940, að minnsta kosti í hlutfalli við aðra hækkun, sem orðið hefur á framleiðsluvörum bænda.

Tillaga þessi er fram borin af meiri hl. landbúnaðarnefnda beggja deilda. PO var fjarstaddur, þegar hún fór í prentun.

Nd. 425. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga

um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 og stjórnarskipunarlögum nr. 22 24. marz 1934.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

26. grein stjórnarskrárinnar hljóði þannig:

Á Alþingi eiga sæti allt að 52 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af

a. 8 þingmenn í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.
b. 6 þingmenn í þessum kaupstöðum, einn fyrir hvern kaupstað: Hafnarfirði, Ísafirði, Siglufirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum.
c. 27 þingmenn í þeim einmennings- og tvímenningskjördæmum, sem nú eru, öðr-

um en kaupstöðum. Skal kosning vera hlutbundin í tvímenningskjördæmum og jafnmargir varamenn kosnir samtímis og á sama hátt.

Deyi þingmaður, kosinn í einmenningskjördæmi, eða fari frá á kjörtímanum, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

d. Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Heimilt er flokkum að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar, enda greiði þá kjósendur atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefur í kjöri og nær jöfnunarþingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu. Skal að minnsta kosti annað hvert sæti tíu efstu manna á landslista skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum. Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum, samtímis og á sama hátt.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Ákvæði um stundarsakir.

Almennar kosningar til Alþingis skulu fara fram, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og falla umboð þingmanna niður á kjördegi.

Ed. 426. Lög

um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

(Afgreidd frá Ed. 15. maí).

Samhljóða þskj. 391.

Nd. 427. Breytingartillögur

við frv. til laga um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 5. gr. Í stað „50000“ í 2. málsgr. komi: 40000.
2. Við 29. gr. 2. málsgr. orðist þannig:

Félögin og Samábyrgðin geta hvort um sig neitað skipstjórn þess skipstjóra, sem þrisvar, vegna ógætni eða vanrækslu, hefur orðið fyrir bótaskyldu tjóni á skipum, sem tryggð eru samkvæmt lögum þessum. Ef eigandi skips hlítir ekki fyrirmælum um þetta, verða ekki bætt þau tjón, er sá skipstjóri verður fyrir.

Nd. 428. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. þetta. Meiri hlutinn (ÁÁ, PHann, BjB) vill mæla með frv. með nokkrum breytingum. GSv vildi ekki taka þátt í afgreiðslu málsins með meiri hl., en ÞBr var fjarstaddur.

Skólastjórum barnaskóla í bæjum, heimavistarskólum og farkennurum er í lögum um skipun barnakennara og laun þeirra áskilið húsnæði án endurgjalds. Nefndin telur ákvæði frv. um það, að forstöðumenn fastra heimangönguskóla utan kaupstaða njóti einnig þessara fríðinda, sanngjarnt og telur breytingar í þá átt aðeins til samræmingar og aukins réttlætis. Enn fremur munu kennarar fastra skóla utan kaupstaða vera tiltölulega lægst launaðir allra kennara. N. mælir því einnig með þeirri launasamræmingu, sem frv. gerir ráð fyrir. Þrátt fyrir þau fríðindi skólastjóra í bæjum að fá frítt húsnæði eru dæmi til þess, að húsnæði sé ófáanlegt. Svo getur farið, að þeir einir, sem eiga íbúðarhús sjálfir, geti tekið að sér skólastjórastarfið, en n. telur þá aðstöðu eina ekki fullnægjandi grundvöll fyrir ábyrgðarmiklu starfi. Með 3. breytingartill. vill n. tryggja, að skólastjórabústaður sé til í skólahúsinu eða annars staðar og þar með fullnægt því ákvæði laga nr. 75 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra, að skólastjóri fái frítt húsnæði.

Í framsögu verður gerð grein fyrir kostnaði, sem af samþykkt frv. þessa leiðir, enn fremur hve marga kennara það snertir o. fl., sem máli skiptir.

N. leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við frvgr. Tölul. 1. falli burt.
2. 2. tölul. verður 1. tölul. og orðist svo:
   d-liður 9. gr. laganna orðist svo:
   Forstöðumenn barnaskóla utan kaupstaða 1600 kr., auk ókeypis bústaðar eða jafngildi þess í peningum, og kennarar við þá skóla 1600 kr.
3. Á eftir kemur nýr (2.) tölul., svo hljóðandi:
   Aftan við 9. gr. laganna bætist:
   Hafi skóli ekki ráð á íbúð fyrir skólastjóra í skólanum eða utan hans, er hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélagi skylt, ef þess er óskað, að annast um, að skólastjóri fái viðunandi íbúð.

Alþingi, 15. maí 1942.

Bjarni Bjarnason, form., frsm. Ásgeir Ásgeirsson. Pálmi Hannesson.

Sþ. 429. Tillaga til þingsályktunar

um vantraust á ríkisstjórnina.

Flm.: Jónas Jónsson, Hermann Jónasson, Eysteinn Jónsson

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á núverandi ríkisstjórn.

Nd. 430. Nefndarálit

um frv. til laga um raforkusjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til athugunar á mörgum fundum og leitazt við að fá upplýst, í hvaða formi mestar líkur væru til að fá um það samkomulag. Eftir að sýnt þótti, að litlar líkur væru fyrir, að hægt væri að tryggja framgang málsins með því að leggja skatt í einhverri mynd á þær rafveitur, sem þegar hafa verið reistar, og þær, sem reistar verða, taldi nefndin rétt að breyta frumvarpinu í þá átt að hækka framlag ríkissjóðs til sjóðsins úr 300 þús. upp í 500 þús. kr. og breyta starfsemi hans og tilgangi þannig, að veita úr honum beina styrki til rafveitufram kvæmda í sveitum og kauptúnum, í stað þess að láta hann annast lánastarfsemi, eins og til var ætlazt með frumvarpinu. Er þetta eðlileg afleiðing þess, að tekjur hans verða bæði minni og óvissari, þegar önnur aðaltekjuöflunarleiðin er niður felld.

Nefndin hefur því komið sér saman um að mæla með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi breytingum, sem allir nefndarmenn standa að.

Einn nefndarmanna (HG) hefur áskilið sér rétt til að flytja eða styðja breytingartillögur við frv.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Annar málsl. orðist svo: Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til að gera raforkuver og raforkuveitur, sem reist verða í sveitum og kauptúnum eftir að lög þessi öðlast gildi.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkissjóður greiði til raforkusjóðs 500 þúsund krónur á ári. Fé raforkusjóðs skal geymt og ávaxtað í banka.
3. Við 3. gr. Greinin falli niður.
4. Við 4. gr. Greinin falli niður.
5. Við 5. gr., er verður 3. gr. Greinin orðist þannig:
   Búnaðarfélag Íslands annast stjórn raforkusjóðs og hefur á hendi ákvarðanir um styrkveitingar úr honum, að fengnum tillögum trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar um rafveitumál.
6. Við 6. gr., er verður 4. gr. Greinin orðist svo:
   Styrkur úr raforkusjóði má nema frá 15—30% af stofnkostnaði orkuvers eða orkuveitu. Skal veita þeim umsækjendum hlutfallslega mestan styrk, sem hafa örðugasta aðstöðu til að byggja orkuver og orkuveitur.
7. 7. gr. fellur niður.
8. 8. gr. verður 5. gr.
9. Við 9. gr., er verður 6. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um sjóðinn og styrkveitingar úr honum, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og rafmagnseftirlits ríkisins.
10. 10. gr. verður 7. gr.

Alþingi, 15. maí 1942.

Sveinbjörn Högnason, form., frsm. — Jón Pálmason, fundaskr. — Skúli Guðmundsson.

Haraldur Guðmundsson. — Stefán Stefánsson.

Ed. 431. Frumvarp til laga

um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

(Eftir eina umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 173 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Félög þau, sem stofnuð eru samkv. lögum þessum, skulu endurtryggja hjá Samábyrgðinni helming þess fjár að minnsta kosti, sem þau ábyrgjast.

Hæsta fjárhæð, sem félögunum sjálfum er heimilt að taka ábyrgð á í einu skipi, má þó eigi fara fram úr 40000 krónum, en það, sem fram yfir þetta er, eftir að skipt er til helminga, ábyrgist Samábyrgðin einnig, og getur hún ekki undan því skorazt.

Félögin greiða Samábyrgðinni jafnhá iðgjöld af þessum fjárhæðum og þau taka sjálf.

Innheimtulaun af iðgjöldum, sem greidd eru Samábyrgðinni, skulu ákveðin í samningi, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

11. gr. hljóðar svo:

Áður en skip er vátryggt, skal það skoðað og metið af þar til skipuðum skoðunar- og matsmönnum, en þeir skulu skipaðir af stjórn hlutaðeigandi félags.

Sé skipi í einhverju ábótavant, er skoðun fer fram, skal úr því bætt, áður en skipið er tekið í tryggingu.

Skoðunarmenn skulu láta álit sitt og mat í ljós skriflega á þar til gerð eyðublöð. Þóknun skoðunarmanna ákveður stjórn félagsins, og greiðist hún af eiganda skipsins.

Skoðun skipa gildir til tveggja ára í senn. Þó er stjórninni heimilt að láta skoðun og mat fara fram hvenær sem henni þykir ástæða til. Öll áhöld, sem á skipi eru, skulu talin með í virðingarupphæð skipsins. Undantekið er þó: bækur, sjókort, sjóúr. Einnig olíur, farfi og brennsluforði.

Nú er eigandi óánægður með skoðun og mat á skipi. Skal hann þá kæra mál sitt fyrir stjórn félagsins, en hún sker úr um skoðunina og matið.

Þegar skip er tryggt í fyrsta sinn í einhverju félagi, skal auk iðgjaldsins greiða félaginu stofngjald 1% af virðingarverði skipsins. Ef virðingarverð skipsins hækkar, skal greiða viðbótarstofngjald af hækkuninni.

Vátryggja skal $^{9}/_{10}$ hluta virðingarverðs hvers skips. Þann $^{1}/_{10}$ hluta, sem þá verður eftir, má hvergi vátryggja.

Stjórn félagsins gefur út vátryggingarskírteini fyrir hvert skip um sig til eins árs í senn.

Nú þykir Samábyrgðinni einhver skoðunar- og matsgerð eigi framkvæmd sem skyldi, og getur hún þá krafizt yfirskoðunar og yfirmats dómkvaddra manna. Hún getur og hvenær sem henni þykir ástæða til krafizt skoðunar og endurmats á skipunum.

29. gr. hljóðar svo:

Skipstjórar á hinum vátryggðu skipum verða að fullnægja þeim reglum, sem settar eru í gildandi lögum á hverjum tíma um rétt til að vera skipstjóri á slíkum skipum, sem þeir stjórna, og í þeim siglingum, er þau ganga. Skipin verða einnig að fullnægja ákvæðum laganna um útbúnað, áhöfn, ljós- og bendingarfæri o. fl.

Félögin og Samábyrgðin geta hvort um sig neitað skipstjórn þess skipstjóra, sem þrisvar, vegna ógætni eða vanrækslu, hefur orðið fyrir bótaskyldu tjóni á skipum, sem tryggð eru samkvæmt lögum þessum. Ef eigandi skips hlítir ekki fyrirmælum um þetta, verða ekki bætt þau tjón, er sá skipstjóri verður fyrir.

Hvert það skip, sem hefur mótor í lokuðu rúmi, skal hafa meðferðis öflugt slökkvitól, sem tekið er gilt af Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og skal það haft

einhvers staðar fyrir utan vélarrúmið, þar sem auðvelt er að ná til þess. Í vélarrúmi mega ekki vera nein þau tæki, sem eldur er notaður við, að undanteknum lömpum þeim, sem nauðsynlegt er að hafa við rekstur og gæzlu mótorsins.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

1. Meðan núverandi ófriður helzt, mega félögin stríðstryggja skip þau, er þau hafa í sjóvátryggingu. Áhættan skal skiptast milli félaganna og Samábyrgðarinnar eftir sömu hlutföllum og áhættan við sjóvátryggingarnar. Að öðru leyti skulu tryggingar þessar fara eftir þeim reglum, sem Samábyrgðin setur.
2. Bátaábyrgðarfélag það, er nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga til ársloka 1944. Þó skal því skylt að tryggja skip og báta, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna.

Nd. 432. Frumvarp til laga

um frestun á framkvæmd ýmissa ákvæða laga nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Flm.: Ísleifur Högnason, Einar Olgeirsson.

1. gr.

Til ársloka 1943 skal ekki innheimta vörumagnstoll og verðtoll samkv. 1. gr. laga nr. 62 frá 30. des. 1939, um tollskrá o. fl., að undanteknum þeim vörum, sem greinir í eftirfarandi liðum tollskrárinnar:

1. kafli nr. 1—12.
3. — nr. 1—9.
5. — nr. 1—11 og 13—15.
6. — nr. 4—7.
16. — nr. 1—8.
22. — nr. 1—38.
24. — nr. 1—9.
25. — nr. 1—8, 11—16 og 22—25.
26. — nr. 1—4.
31. — nr. 1—25.
34. — nr. 1—6 og 8.
37. — nr. 15.
44. — nr. 45.
45. — nr. 17, 18 og 21—24.
46.C — nr. 1—4.
57. — nr. 1—5.
58. — nr. 30.
59. — nr. 10.
60. — nr. 9 og 25.
61. — nr. 1—11.
71. — nr. 23.
82. — nr. 1—2 og 10.
84. — nr. 6—7.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt yfirliti fjármálaráðherra um tekjur og gjöld ríkissjóðs árið 1941 námu tekjur ríkissjóðs af vörumagnsgjaldi og verðtolli röskum 23 millj. króna, og fóru báðir þessir tekjuliðir röskum 14 millj. króna fram úr áætlun. Engar þær breytingar hafa enn gerzt, sem af megi ráða, að aðrar tekjur ríkissjóðs minnki, heldur þvert á móti ættu skattafrumvörp þau, sem nú liggja fyrir þinginu og væntanlega verða samþykkt, að auka enn tekjur ríkissjóðs og rekstrarafgang.

Á hinn bóginn fer dýrtíðin stöðugt í vöxt. Með frumvarpi okkar er til þess ætlazt, að ríkissjóður sjái á bak mestöllum tolltekjum sínum um ákveðið tímabil og á því tímabili verði aðeins innheimtur tollur af munaðarvörum og alóþörfum vörum, og mundi slík ráðstöfun, án þess að stofna greiðslujöfnuði ríkissjóðs í hættu, draga mjög úr dýrtíðinni, og ætti að vera óþarft að rökstyðja það nánar hér, en verður væntanlega gert í framsögu.

Ed. 433. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 395 [Málflytjendur].

Frá allsherjarnefnd.

Við 3. Orðin „eða skipa má í slíka stöðu“ falli niður.

Ed. 434. Breytingartillaga

við frv. til laga um málflytjendur.

Frá Hermanni Jónassyni.

Við 9. gr. Síðasta mgr. orðist svo:

Hæstiréttur getur veitt manni undanþágu frá framan greindri prófraun að nokkru eða öllu leyti, ef dóminum er það kunnugt af lögfræðilegum störfum hans, að hann sé hæfur til að flytja mál fyrir hæstarétti.

Nd. 435. Frumvarp til laga

um málflytjendur.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn eru opinberir sýslunarmenn og hafa skyldur og réttindi samkvæmt því, meðal annars þagnarskyldu um það, er aðili trúir þeim fyrir í starfa þeirra.

2. gr.

Fyrir flutning gjafsóknar- og gjafvarnarmála skal ákveða málflytjanda laun með dómi í aðalmálinu.

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og hærra endurgjald, ef mál vinnst, en ef það tapast.

Loforð um sýnilega ósanngjarnt endurgjald fyrir málflutningsstarf er ekki skuldbindandi.

3. gr.

Rétt er héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni að taka sér fulltrúa, hvern þann sem lokið hefur embættisprófi í lögum, er 21 árs að aldri, hefur óflekkað mannorð, er lögráður og hefur forræði fjár síns. Dómi þeim, er í hlut á, skal tilkynnt um töku fulltrúans.

4. gr.

Nú sækir héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður eða fulltrúi þeirra dómþing fyrir aðila, og skal hann þá talinn hafa umboð til, nema annað sé sannað.

Í málflutningsumboði felst, nema öðruvísi sé mælt, heimild til að framkvæma sérhvað það, sem venjulegt er til flutnings slíks máls fyrir dómi. Umbjóðandi er bundinn við málflutningsathafnir og yfirlýsingar umboðsmanns síns bæði um forms- og efnisatriði máls, enda þótt hann hafi takmarkað umboð gagnaðila sínum í óhag. Ef umbjóðandi hefur takmarkað umboð gagnaðila sínum í hag, er takmörkunin bindandi fyrir umbjóðanda sem málflutningsyfirlýsing fyrir dómi.

Skipun stjórnvalds eða dómara til að flytja mál felur í sér rétt og skyldu til að gera allt það, sem venjulegt er, heppilegt eða nauðsynlegt til þess að koma máli fram og til að ná sem heppilegustum málalokum fyrir aðila með öllum löglegum hætti.

5. gr.

Aðila er jafnan rétt að fara sjálfur með mál sitt fyrir dómi, ef hann er löghæfur til að ráðstafa sakarefninu. Lögráðamaður fer með mál þeirra, sem geta ekki sjálfir farið með það samkvæmt framansögðu. Nú hefur slíkur maður engan lögráðanda, og getur dómari þá skipað honum fyrirsvarsmann í því máli. Stjórnendur félags eða stofnunar fara, einn eða fleiri, með mál þeirra.

Ef aðili máls er einstakur maður, getur hann jafnan látið frændur sína að feðgatali eða niðja, maka sinn, systkini sín, tengdaforeldri eða tengdabarn, stjúpforeldri eða stjúpbarn, kjörforeldri eða kjörbarn fara með mál fyrir sig.

Ef mál er rekið fyrir héraðsdómi í Reykjavík eða á Akureyri og aðili fer ekki sjálfur með mál sitt eða lögmæltur fyrirsvarsmaður eða venzlamaður samkvæmt áður sögðu, skal hann fela meðferð þess héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni, og tekur þetta einnig til skipta-, fógeta- og uppboðsgerða, eftir ákvörðun dómara, ef sækja þarf þar mál eða verja með líkum hætti og fyrir venjulegum dómi. Í greindum kaupstöðum má maður ekki ella flytja mál annars manns í hans eða sjálfs sín nafni, nema hann standi í áður nefndu sambandi við aðila eða sé héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður. Með sömu takmörkunum hafa hæstaréttarlögmenn einkarétt til málflutnings fyrir hæstarétti.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum héraðsdómara, ákveðið, að fyrirmæli 3. málsgr. um málflytjendur í Reykjavík og á Akureyri skuli og taka til annarra kaupstaða, þar sem ekki er neinn hörgull héraðsdómslögmanna.

6. gr.

Ef héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður missir einhvers hinna almennu skilyrða til að fá leyfi til málflutnings, eða fullnægir ekki skilyrðum þessara laga um skrifstofu eða búsetu, hefur hann fyrirgert rétti þeim, er leyfið veitir, meðan svo er ástatt. Ef héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður hefur verið sektaður þrisvar sam-

kvæmt 188. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, eða ef stjórn félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna leggur einróma til, að ákveðinn félagsmaður verði sviptur leyfi vegna tiltekinna, óviðurkvæmilegra athafna í starfi sínu, getur dómsmálaráðherra tekið af honum leyfi til málflutnings um stundarsakir, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Leita skal áður álits dóms þess, er hlut á að máli.

Nú hefur héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður verið sviptur leyfi til málflutnings, og getur hann þá borið málið undir dómstóla með venjulegum hætti og að stefndum dómsmálaráðherra af hálfu ríkisvaldsins.

7. gr.

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn skulu hafa með sér félag, og kemur stjórn þess fram fyrir þeirra hönd gagnvart dómurum og stjórnarvöldum í málum, er stéttina varða. Samþykktir félagsins skulu lagðar fyrir dómsmálaráðherra, sem staðfestir þær eða synjar staðfestingar.

8. gr.

Stjórn félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna ber að hafa eftirlit með, að félagsmenn fari að lögum í starfa sínum og ræki skyldur sínar með trúmennsku og samvizkusemi. Stjórn félagsins hefur úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstarf, ef ágreiningur um það er borinn undir hana.

Stjórn félagsins ber að hafa eftirlit með þeim, er búa sig undir að verða héraðsdómslögmenn. Dómsmálaráðuneytinu ber að leita umsagnar stjórnar félagsins, áður en það veitir leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

Stjórn félagsins getur veitt einstökum félagsmönnum áminningar og gert þeim á hendur allt að 5000 króna sekt til styrktarsjóðs félagsins fyrir framferði í starfa þeirra, er telja má stéttinni ósamboðið.

Úrskurðir félagsstjórnarinnar samkvæmt þessari grein sæta kæru eftir 199. gr. laga nr. 85 23. júní 1936.

II. KAFLI
Um hæstaréttarlögmenn.

9. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til málflutnings fyrir hæstarétti hverjum þeim, sem

1. er 30 ára gamall,
2. er lögráður og hefur forræði fjár síns,
3. hefur óflekkað mannorð,
4. hefur íslenzkan ríkisborgararétt,
5. hefur lokið embættisprófi í lögfræði í háskóla Íslands eða jafngildu prófi í öðrum háskólum samkvæmt íslenzkum lögum,
6. hefur verið héraðsdómslögmaður í 3 ár samtals, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til,
7. hefur sýnt það með flutningi 4 mála, og sé eitt þeirra að minnsta kosti opinbert mál, að hann sé að dómi hæstaréttar hæfur til að vera hæstaréttarlögmaður. Enginn má þreyta raun þessa oftar en þrisvar, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn vottorð dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að verða hæstaréttarlögmaður.

Hæstiréttur getur veitt manni undanþágu frá framan greindri prófraun að nokkru eða öllu leyti, ef dóminum er það kunnugt af lögfræðilegum störfum hans, að hann sé hæfur til að flytja mál fyrir hæstarétti.

10. gr.

Áður en manni sé veitt leyfi til málflutnings fyrir hæstarétti, skal hann heita

því skriflega og að viðlögðum drengskap, að hann skuli rækja með trúmennsku og samvizkusemi þau málflutningsstörf, sem honum verða falin.

11. gr.

Fyrir leyfi til málflutnings fyrir hæstarétti skal greiða 1000 kr. í ríkissjóð.

12. gr.

Hæstaréttarlögmenn skulu hafa skrifstofu í Reykjavík og vera búsettir þar eða í grennd við borgina.

Skylt er þeim að inna sjálfir af hendi þau störf fyrir dómi, er aðilar hafa falið þeim; þó er þeim rétt að fela þau öðrum hæstaréttarlögmanni, ef nauðsyn krefur. Þegar mál er flutt skriflega eða ef hæstaréttarlögmaður getur eigi sótt sjálfur þing sakir skyndilegra nauðsynja, er honum og rétt að senda fulltrúa sinn í sinn stað til að taka frest eða leggja fram skjöl.

13. gr.

Skylt er hæstaréttarlögmönnum að flytja opinber mál, er forseti skipar þá til að sækja eða verja. Önnur mál er þeim eigi skylt að taka að sér fyrir hæstarétti.

Nú óskar sökunautur í opinberu máli eða gjafsóknar- eða gjafvarnarhafi sér skipaðan ákveðinn hæstaréttarlögmann, og skal honum þá skipaður sá maður, nema einhverjar sérstakar ástæður mæli gegn því.

III. KAFLI

Um héraðsdómslögmenn.

14. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi hverjum þeim, sem

1. er 25 ára gamall,
2. er lögráður og hefur forræði fjár síns,
3. hefur óflekkað mannorð,
4. hefur íslenzkan ríkisborgararétt,
5. hefur lokið embættisprófi í lögfræði í háskóla Íslands eða jafngildu prófi í öðrum háskólum samkvæmt íslenzkum lögum,
6. hefur sýnt það með flutningi 4 munnlega fluttra mála, að hann sé hæfur til að vera héraðsdómslögmaður. Enginn má þreyta raun þessa oftar en þrisvar, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dómara vottorð dómsmálaráðuneytisins um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að verða héraðsdómslögmaður.

Dómsmálaráðherra setur prófdómendur til að dæma um málflutningsraun samkvæmt 1. málsgr. Héraðsdómari ákveður þóknun fyrir þetta starf, og greiðist hún úr ríkissjóði.

Þeir, er skipaðir hafa verið í fasta dómarastöðu, eru undanþegnir ákvæðum 6. tölul. þessarar greinar.

15. gr.

Áður en manni sé veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi, skal hann heita því skriflega og að viðlögðum drengskap, að hann skuli rækja með trúmennsku og samvizkusemi þau málflutningsstörf, sem honum verða falin.

16. gr.

Fyrir leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi skal greiða 100 kr. í ríkissjóð.

17. gr.

Héraðsdómslögmönnum er heimilt að fara með mál fyrir héraðsdómi hvar sem er á landinu.

18. gr.

Héraðsdómslögmönnum er skylt að flytja þau opinber mál og gjafsóknar- og gjafvarnarmál, sem þeim verða falin, þar í kaupstað, sem þeir hafa skrifstofu, eða þar í grennd, enda hafi þeir opna skrifstofu á tilteknum stað og tilkynni dómara það. Annars ráða þeir því sjálfir, hvaða málflutningsstörf þeir taka að sér.

Nú óskar aðili, er skipa skal talsmann, að fá sér skipaðan ákveðinn héraðsdómslögmann, og skal þá veita honum það, nema einhverjar sérstakar ástæður mæli á móti því.

Ef mál er flutt munnlega, ber héraðsdómslögmanni að gera það sjálfur; þó er honum rétt að fela það öðrum héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni, ef nauðsyn krefur. Annars er héraðsdómslögmanni heimilt að láta fulltrúa sinn flytja mál fyrir dómi.

IV. KAFLI

Um málflutningsmenn.

19. gr.

Ef mál er rekið utan þeirra kaupstaða, er einkaréttur héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna nær til, getur aðili falið hverjum lögráða manni, sem hefur óflekkað mannorð og almennan andlegan þroska, meðferð máls síns.

20. gr.

Málflutningsmenn verða að sanna umboð sitt, ef það er vefengt. Hafi þeir lokið embættisprófi í lögfræði, mega þeir ganga í félag héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna, en hvorki hafa þeir atkvæðisrétt um samþykktir eða gjaldskrá félagsins né kosningarrétt eða kjörgengi í stjórn félagsins.

21. gr.

Félög eða stofnanir, sem hafa embættisgenga lögfræðinga í fastri þjónustu sinni, geta látið þá fara með mál sín fyrir héraðsdómi hvar sem er á landinu.

22. gr.

Ef málflutningsmaður sætir sektum samkvæmt 188. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 eða reynist óhæfur til málflutnings vegna vankunnáttu, getur héraðsdómari, þar sem málflutningsmaður er búsettur, tekið af honum heimild til að fara með mál í umboði annarra fyrir fullt og allt eða um stundarsakir, en bera má hann málið undir dómstóla með venjulegum hætti og að stefndum dómara þeim, er í hlut á.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

23. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna, hvort málflytjandastarf er samrímanlegt öðru opinberu starfi. Ef það mezt ósamrímanlegt, skal málflytjandi afhenda dómsmálaráðuneytinu leyfi sitt, ef því er að skipta, meðan svo er ástatt.

24. gr.

Lögfræðingar þeir, er stundað hafa málflutning að staðaldri frá 1. janúar 1937, skulu hafa rétt til að þreyta málflutningsraun samkvæmt 9. gr., enda hafi þeir fengið löggildingu til málflutnings fyrir héraðsdómi fyrir 1. janúar 1942.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagaákvæði úr gildi felld:

Lög nr. 112 18. maí 1935, III. kafli, um málflutningsmenn fyrir hæstarétti, lög nr. 85 23. júní 1936, V. kafli, um málflytjendur, og lög nr. 3 11. jan. 1940, um breyting á þeim lögum.

Ed. 436. Frumvarp til laga

um framkvæmdasjóð ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Stofna skal sjóð, er heitir: **Framkvæmdasjóður ríkisins.** Hlutverk sjóðs þessa er að veita fé til nauðsynlegra framkvæmda í þarfir atvinnuveganna, að styrjöldinni lokinni, og skal þá fé sjóðsins sérstaklega varið til stofnunar nýrra framleiðslugreina, svo sem framleiðslu tilbúins áburðar og steinlíms, skipasmíði, byggingar verksmiðju til herzlu síldarlýsis o. fl., sem nauðsynlegt er til að auka öryggi atvinnulífsins og fullnægja þörfum landsmanna.

2. gr.

Ríkissjóður skal greiða til framkvæmdasjóðsins 8 milljónir króna af tekjuafgangi ríkisins árið 1941. Enn fremur skal greiða til sjóðsins $^{3}/_{5}$ hluta þess tekjuafgangs, sem verða kann á ríkisreikningi árið 1942. Fé framkvæmdasjóðsins skal geymt í Landsbanka Íslands.

3. gr.

Fé framkvæmdasjóðs ríkisins má eingöngu verja til ákveðinna verklegra framkvæmda, samkvæmt sérstökum ákvörðunum Alþingis.

4. gr.

Reikningur framkvæmdasjóðsins skal endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna og birtur með ríkisreikningi ár hvert.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 437. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Pétur Ottesen.

Í staðinn fyrir „Reykholt í Borgarfjarðarsýslu“ í 3. gr. laganna komi: við Stafholtsveggjahver í Borgarfirði.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk nefndar, er félög borgfirzkra kvenna úr báðum sýslum kusu til að gera tillögur um stað fyrir hinn væntanlega húsmæðraskóla héraðsins, — en honum hafði áður verið fyrirhugaður staður í Reykholti.

Nd. 438. Breytingartillögur

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 og stjórnarskipunarlögum nr. 22 24. marz 1934.

Frá minni hluta stjórnarskrárnefndar.

Við 1. gr.

1. Í stað „52“ í 1. efnismgr. komi: 49.
2. Í stað síðari málsl. fyrri mgr. c-liðar komi: Kosning þeirra er óhlutbundin. Skipta má tvímenningskjördæmum með lögum.
   Til vara:
   Aftan við fyrri málsgr. bætist: Skipta má þó tvímenningskjördæmi með lögum.
3. Í stað „11“ í d-lið komi: 8.

Nd. 439. Lög

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 101 frá 23. júní 1936.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 416.

Ed. 440. Hafnarlög

fyrir Patreksfjörð.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 172.

Ed. 441. Breytingartillaga

við frv. til laga um framkvæmdasjóð ríkisins.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 1. gr. Á eftir orðunum „tilbúins áburðar og steinlíms“ komi: ræktunar og býlafjölgunar í sveitum landsins.

Nd. 442. Frumvarp til laga

um iðnskóla.

Frá iðnaðarnefnd.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

A. Skólarnir og tilgangur þeirra.

1. gr.

Iðnskólar kallast einu nafni allir þeir skólar, sem veita fræðslu í iðju og iðnaði og námsgreinum, sem nauðsynlegar eru til undirbúnings iðnaðarvinnu og iðnfræðilegum störfum.

2. gr.

Tilgangur skólanna er að veita bóklega og verklega fræðslu í sambandi við verklegt nám í verkstæðum og á vinnustöðum iðju og iðnaðar.

Kenna skal bæði í reglulegu skólanámi og á námskeiðum.

Skólunum skal svo fyrir komið, að nemendurnir geti stundað nám í þeim samhliða verklegri æfingu og undirbúið sig þannig stig af stigi undir æðra tekniskt nám.

3. gr.

Verkleg kennsla skólanna skal fara fram í skólaverkstæðum. Í skólaverkstæðum skal, eftir því sem unnt er, vinna sem líkast því, sem gert er á hliðstæðum verkstæðum atvinnurekenda. Skólaverkstæði í hverri iðn skal jafnan útbúa í samráði við samiðnaðarmenn á staðnum.

4. gr.

Iðnskólarnir skulu reknir sem sjálfseignarstofnun með styrk frá ríki og hlutaðeigandi sveitarfélagi. Heimilt er, að fleiri en eitt sveitarfélag sé í félagi um stofnun og rekstur iðnskóla. Heimilt er einnig iðnaðarfyrirtækjum, stofnunum, iðnfélögum og iðnsamböndum að stofna og reka iðnskóla, en ekki eiga þau kröfu framlags frá ríki og sveitarfélagi til jafns við almenna iðnskóla.

Umsókn um ríkisstyrk sendist til iðnaðarmálaráðherra. Umsókninni skulu fylgja ýtarlegar skýrslur um fyrirkomulag skólans og kennslu, fjárhagsáætlun, styrki annars staðar að og umsögn hlutaðeigandi iðn- eða iðnaðarmannafélags.

5. gr.

Stofnkostnaður viðurkenndra iðnskóla (húsnæði, húsbúnaður og áhöld) greiðist að $^2/_5$ af ríkinu, $^2/_5$ af hlutaðeigandi sveitarfélagi (eða félögum) og að $^1/_5$ annars staðar að. Af rekstrarkostnaði viðurkenndra iðnskóla greiða ríki og hlutaðeigandi sveitarfélög viðhald, endurbætur og aukningu húsnæðis, húsbúnaðar og áhalda, og kaup skólastjóra og kennara að hálfu hvort.

B. Kennslan.

6. gr.

Iðnaðarmálaráðherra gefur út reglugerð um kennsluna og prófin í iðnskólunum (sbr. einnig lög um iðnaðarnám).

7. gr.

Kennslan skal vera í nánu sambandi við þær iðn- og iðjugreinir, er eiga nemendur í skólanum eða skólinn er stofnaður fyrir. Skólunum ber að veita nemendunum verklega æfingu og bóklega fræðslu í þeim greinum, sem telja verður nauðsynlegar fyrir iðn þeirra og framtíðarstarf og þeir fá ekki kennslu í á vinnustaðnum eða við hið verklega nám, þar með talin nauðsynleg þekking á móðurmálinu og reikningi.

8. gr.

Þar til yfirstjórn skólanna hefur löggilt ákveðnar kennslubækur fyrir skólann í hverri námsgrein, ræður skólastjóri hvers skóla, í samráði við hlutaðeigandi kennara, vali kennslubóka og kennsluáhalda.

Rétt er yfirstjórn skólanna að hlutast til um það, að kennslubækur verði samdar fyrir þær námsgreinar skólanna, er engar hafa á íslenzku áður, og eins ef þær, sem til eru, eru orðnar úreltar.

9. gr.

Að loknu reglulegu skólanámi skulu nemendur skólanna ganga undir burtfararpróf. Skal gefa þeim einkunnir fyrir úrlausnir prófanna eða úrlausnir verkefna á námstímanum í skólanum, eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Þeim nemendum, sem standast burtfararprófið, skal láta í té burtfararvottorð frá skólunum.

Á burtfararvottorði má ekki tilgreina aðrar einkunnir en gefnar hafa verið í hliðstæðum iðnskólum.

C. Skólastjóri og kennarar.

10. gr.

Kennarar iðnskólanna eru fastir kennarar og stundakennarar. Iðnaðarmálaráðherra skipar fasta kennara, að fengnum tillögum skólanefndar og umsjónarmanns skólanna. Fastan kennara skal skipa við iðnskóla, þegar sýnt þykir, að kennslustundir í kennslugreinum hans muni ekki verða færri en 27 á viku, enda starfi skólinn ekki skemur en 6 mánuði á ári. Fastir kennarar við iðnskóla hafa sömu launakjör og fastir kennarar við gagnfræðaskóla á þeim stað.

11. gr.

Sem fastakennara í skólaverkstæðum má ekki ráða aðra en iðnaðarmenn með meistararéttindum.

Iðnaðarmálaráðherra getur, eftir því sem þörf krefur, sett á fót námskeið fyrir kennara við iðnskóla, og má gera þátttöku í slíku námskeiði að skilyrði fyrir skipun í fasta kennarastöðu.

12. gr.

Stundakennarar eru ýmist fastráðnir til þess að kenna sérstakar kennslugreinir eða sérstaklega ráðnir til þess að kenna við námskeið. Skólastjóri ræður stundakennara, í samráði við skólanefnd. Stundakennurum má segja upp starfi þeirra með fjögurra mánaða fyrirvara, enda geta þeir sjálfir sagt upp með sama fyrirvara.

13. gr.

Iðnaðarmálaráðherra skipar skólastjóra iðnskólanna, að fengnum tillögum skólanefndar og umsjónarmanns skólanna. Skólastjórar þeirra iðnskóla, sem eingöngu hafa nemendur samkv. III. kafla þessara laga, hafa sömu launakjör og skólastjóri gagnfræðaskólans á staðnum, ef nemendatalan er að jafnaði 100 eða meira. Sé nemendatalan lægri en 100, en meiri en 49, hafa þeir ⅗ af fullum launum, og sé nemendatalan lægri en 50, hafa þeir ⅓ af fullum launum.

14. gr.

Kennarar við verklega skóla, sem starfa allt árið, skulu fá 12 virkra daga sumarfrí, og auk þess 3 mánuði frí fimmta hvert ár, til þess að kynna sér nýjungar í iðn sinni utan lands eða innan. Skólastjórar og kennarar iðnskólanna skulu eiga kost á styrk til utanfarar til náms og athugunar fimmta hvert ár, 2—3 mánuði í senn, allt að helmingi kostnaðar, eftir ákvörðun ráðherra. Um verksvið skólastjóra og kennara og tilhögun starfs þeirra skal ákveða með reglugerð.

D. Yfirstjórn og skólanefndir.

15. gr.

Yfirstjórn iðnskólanna er í höndum iðnaðarmálaráðherra og ráðuneytis hans. En til eftirlits með skólunum og til aðstoðar um yfirstjórn þeirra skipar ráðherra umsjónarmann. Um starfssvið og tilhögun starfs umsjónarmanns skal ákveða með reglugerð.

16. gr.

Umsjónarmaður fær þóknun fyrir starf sitt eftir samkomulagi við iðnaðarmálaráðherra. Sem umsjónarmann skal aðeins skipa mann, sem er kunnugur iðnaðarnámi og iðnfræðslu og þeim kröfum og skilyrðum, sem fullnægja þarf á því sviði.

17. gr.

Heimilt er iðnaðarmálaráðherra að fela umsjónarmanni iðnskólanna eftirlit og samræmingu sveinsprófa.

18. gr.

Hverjum iðnskóla stjórnar 5 manna skólanefnd. Skulu 3 nefndarmanna kosnir af iðnaðarmannafélaginu á staðnum til þriggja ára í senn, og gengur 1 úr á ári, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti. Af hinum tveimur kýs sveitarstjórn (bæjarstjórn) annan, í fyrsta sinn til eins árs og síðan til tveggja ára í senn, en iðnaðarmálaráðherra skipar hinn til tveggja ára í senn. Nefndin starfar kauplaust, en kostnaður við starf hennar telst til rekstrarkostnaðar skólans.

Nefndin kýs sér sjálf formann og ritara.

Ekki má kjósa kennara skólans í skólanefndina.

Um starfssvið skólanefnda og tilhögun þess skal ákveða með reglugerð.

19. gr.

Skólastjóri skal jafnan mæta á fundum nefndarinnar, hvort sem hann er einn nefndarmanna eða ekki.

20. gr.

Þar, sem það þykir hagkvæmt, má hafa eina skólanefnd fyrir fleiri en einn skóla á sama stað.

II. KAFLI

Undirbúningskennsla.

21. gr.

Þar, sem því verður við komið, skal halda námskeið til undirbúnings iðnnámi og iðnskólanámi. Námskeiðin standa 1—9 mánuði eftir ástæðum, og má halda þau í iðnskólunum sjálfum eða í sérstökum skólum, sem til þess eru ætlaðir.

22. gr.

Námskeið til undirbúnings iðnnámi heita forskólar, og er tilgangur þeirra sá, að gefa unglingum, sem orðnir eru 14 ára eða eldri, tækifæri til þess að kynnast verkfærum, efni og vinnuháttum í tilteknum iðn- og iðjugreinum, svo að nokkur reynsla fáist um það, hversu hæfir þeir eru til þess að stunda þær iðngreinir sem ævistarf. Kennslan er aðallega verkleg í verkstæðisskóla, en einnig kennt bóklega, einkum íslenzka og reikningur.

Hvert námskeið forskólans er 3—9 mánuðir, eftir iðnum og ástæðum.

Vinnutími forskólans skal vera 48 stundir á viku, að meðtöldum bóklegum kennslustundum.

23. gr.

Námskeið til undirbúnings iðnskólanámi er eingöngu bóklegt og einkum í íslenzku og reikningi. Hvert námskeið er 1—2 mánuðir eftir þörfum.

24. gr.

Nemendur, sem lokið hafa námskeiði á forskóla með góðum vitnisburði, geta fengið námstímann styttan sem námskeiðinu nemur, ef þeir fá til þess meðmæli skólans.

III. KAFLI

Skólanám á námstímanum.

(Kvöldskólar.)

25. gr.

Í kvöldskólum er iðnnemum kennd teikning, íslenzka, reikningur, undirstöðuatriði efnafræði, eðlisfræði, efnisfræði og bókfærsla, svo og rafmagnsfræði og önnur sérfræði nemendum í hlutaðeigandi iðngreinum, allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Einnig er heimilt að kenna þar eitt útlent tungumál, ef skólanefnd ákveður.

26. gr.

Kvöldskólinn er að jafnaði 4 ára skóli, og fer kennslan fram á kvöldin, 10—15 stundir á viku, 4—7 mánuði ársins. Kennslustundir mega þó ekki vera undir 720 og ekki yfir 1200 allan námstímann. Heimilt er, að duglegir nemendur og nemendur, sem hafa góðan undirbúning, ljúki náminu á styttri tíma, ef þeir fullnægja þeim kunnáttukröfum, sem gerðar eru til burtfararprófs frá skólanum. Einnig er heimilt, að kennslan fari fram á daginn 1—2 mánuði á ári eða 1—2 daga í viku, þar sem atvinnuskilyrði og aðrar aðstæður eru þannig, að það telst hagkvæmara.

27. gr.

Kvöldskóla má setja á fót þar, sem svo margir iðnnemar eru, að hægt sé að mynda fyrsta bekk annað hvert ár með 10 nemendum eða fleiri. Skylt er að taka við öllum iðnnemum á staðnum, ef þeir sækja um skólavist. Einnig er heimilt að taka aðra nemendur í skólann, ef húsrúm og ástæður leyfa, en að sjálfsögðu ganga reglulegir iðnnemar fyrir.

28. gr.

Meisturum í iðnaði er skylt að tilkynna skólastjóra, þegar þeir gera samning við nýja iðnnema, og senda þá til innritunar og skólanáms næst þegar byrjunarnám í skólanum er auglýst. Einnig ber þeim að tilkynna, ef nemandi hættir iðnnámi eða getur ekki haldið áfram skólanámi af öðrum ástæðum. Ber skólanum að halda skrá yfir skólaskylda iðnnema samkvæmt þessum tilkynningum.

IV. KAFLI

Skólanám eftir námstímann.

(Meistaraskólinn.)

29. gr.

Fyrir iðnaðarmenn, sem lokið hafa iðnnámi og iðnskólaprófi, skal koma á framhaldsfræðslu, jafnskjótt og tök eru á, sem reglulegum framhaldsskóla og námskeiðum. Kennsluna má miða við einstaka iðngrein eða flokk af skyldum iðnum, og má kenna að kvöldi til eða á daginn, eftir ástæðum.

30. gr.

Kennslan er bæði bókleg og verkleg. Í bóklegum fræðum skal kenna íslenzku, reikning, teikningu, efna- og efnisfræði, kostnaðarreikning og bókfærslu og eitt útlent tungumál. Einnig má kenna helztu atriði hagfræði og iðnlöggjafar, landmælingar, burðarþolsfræði og hjálp í viðlögum.

31. gr.

Kenna skal verklega í tilraunastofum og námskeiðum. Skal einkum kenna sérstakar vinnuaðferðir og meðferð véla, verkfæra, áhalda og efnis.

32. gr.

Stutt námskeið, bæði verkleg og bókleg í einstökum námsgreinum, eru ætluð þeim, er vilja afla sér aukinnar fræðslu í ákveðnum greinum. Próf eru ekki haldin að loknum þessum námskeiðum, en vottorð gefin um þátttöku í þeim.

33. gr.

Hinn reglulegi framhaldsskóli er ætlaður þeim, er vilja búa sig undir meistarapróf eða formannsstörf. Hann er eins árs dagskóli með 44 stunda vikukennslu í 7—8 mánuði, eða 3 ára kvöldskóli með 15 stunda kennslu á viku í 7—8 mánuði á ári. Þó má, er sérstakar ástæður þykja til, lengja skólann um allt að helmingi

fyrir vissar iðngreinir. Að námi loknu skal haldið burtfararpróf og þeim, er standast prófið, afhent burtfararskírteini frá skólanum. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um inntökuskilyrði í skólann og námsskrá og prófkröfur við hann.

34. gr.

Framhaldsskóla og námskeið má halda í sama húsi og kvöldskóla, ef því verður við komið, eða í sérstökum skólum. Sé framhaldsskóli í kvöldskóla, skal skólastjóri hans hafa einn fjórða af launum sínum til viðbótar sem þóknun fyrir stjórn framhaldsskólans. Sama gildir, ef forskóli er í kvöldskóla, að þá fær skólastjóri tilsvarandi launauppbót.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann 1. júlí 1942 og koma til framkvæmda 1. október næst á eftir.

Greinargerð.

Frv. þetta barst nefndinni síðla á aðalþinginu 1941. Taldi nefndin rétt, að frv. kæmi þá þegar fram, enda þótt sýnt þætti, að það mundi ekki fá afgreiðslu á því þingi. Nefndin hefur nú tekið málið upp að nýju. Hefur hún athugað frv. eins og það var borið fram í fyrra, og gert allmargar breytingar á því, sem þó ekki snerta meginefni málsins. Leggur nefndin til, að það verði samþ. í sinni núverandi mynd. — Frumv. er sent nefndinni frá Landssambandi iðnaðarmanna, og fylgdu því svo hljóðandi skýringar:

Landssamband iðnaðarmanna hefur á undanförnum árum, bæði á iðnþingunum og utan þeirra, haft til meðferðar, hvernig bezt yrði komið fyrir skipun iðnfræðslunnar hér á landi. Er þar við ýmsa örðugleika að etja, eins og við er að búast, í jafnstóru og strjálbýlu landi og vegna hinnar hröðu, en að sumu leyti óvissu þróunar, sem iðnaðarstarfsemin hér er nú í. Engin lög eða reglur hafa hingað til verið sett um skólahald hér á þessu sviði, og má þó ekki seinna vera, eins stór þáttur og iðnaðurinn er nú orðinn í atvinnulífi þjóðarinnar, og því mikilsvert, að iðnaðarmenn fái sæmilegan undirbúning undir lífsstarf sitt. Að vísu samþykkti iðnþingið fyrir 8 árum síðan námsskrá fyrir iðnskólana, og hefur verið farið eftir henni í aðalatriðum síðan við alla skólana, sem nú eru 7 starfandi, en önnur almenn ákvæði um störf þeirra eru ekki til.

Við samningu þessa frumvarps hefur verið stuðzt við þá reynslu, sem fengin er bæði hér á landi og á Norðurlöndum yfirleitt um rekstur iðnskóla, en allt miðað við hérlenda staðháttu og þarfir.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.: Heitið iðnskóli er hér notað sem sameiginlegt heiti um alla þá skóla, er búa iðju- og iðnaðarmenn undir ákveðin próf eða veita kennslu í fræðilegri tækni sem framhald af venjulegu iðnnámi. Er ekki sjáanlegt, að annað heiti sé hentugra eða heppilegra, frá hvaða sjónarmiði sem málið er skoðað. Ef fleiri en ein gerð skóla er starfrækt í sama húsi, og til aðgreiningar að öðru leyti, eru undirbúningsskólarnir kallaðir forskólar, skólar þeir, sem kenna bókleg fræði og teikningu samhliða iðnnáminu, iðnnámsskólar, og framhaldsskólarnir meistaraskólar. Stutt námskeið verða að sjálfsögðu kennd við þær iðnir, sem þau eru haldin fyrir, eða sitt sérstaka verkefni, og þurfa ekki önnur heiti.

Um 2. gr.: Ætlazt er til þess, að verkleg kennsla verði í forskólunum að nokkru leyti, í sérskólum einstakra iðna og í tilraunastofum meistaraskólans, auk stuttra verklegra námskeiða, sem sett eru á fót fyrir einstakar iðnir eða starfsgreinir. En allt nám í skólunum þarf að vera í sem nánustu sambandi við hið daglega starf á vinnustöðum atvinnufyrirtækjanna.

Skólarnir eiga að taka við hver af öðrum. Forskólarnir eru reynsluskólar. Iðnnám og iðnnámsskólar taka við af þeim. Próf þaðan eiga að veita aðgang að meist-

araskólanum, vélstjóraskólanum, rafmagnsfræðiskólanum og öðrum hliðstæðum skólum.

Um 4. gr.: Í umræðum um fyrirkomulag skólanna hafa sterkar raddir komið fram um það, að réttast sé, að ríkið kosti þá að öllu leyti eins og aðra sérskóla, og beri því að afhenda ríkinu þá skóla, sem þegar eru til. Á þessa skoðun getum við ekki fallizt. Sveitarfélögin hér, kaupstaði og kauptún skiptir það miklu, að atvinnulíf þeirra þróist og blómgist, og þá iðnaður og iðja ekki síður en annað. Þeim ber því að taka sinn þátt í uppeldi og fræðslu hinnar uppvaxandi iðnaðarstéttar. Á hinn bóginn er umsjón og framkvæmd þessara mála bezt komin í höndum iðnaðarmanna sjálfra og trúnaðarmanna þeirra, og því rétt, að þeir eigi þátt í stofnun skólanna og rekstri. En með þessu móti getur enginn aðilanna út af fyrir sig átt skólana, og fer því bezt á því, að þeir séu sjálfseignarstofnun, er sé reist og rekin með ákveðnu framlagi frá þessum þremur aðilum. Á hinn bóginn virðist ekki ástæða til þess að meina einstökum iðnfélögum, fyrirtækjum eða stofnunum að stofna og reka sína eigin skóla, en ekki virðist rétt, að slíkir skólar fái opinbera viðurkenningu og styrk, nema þeir séu háðir opinberu eftirliti og starfi samkvæmt anda og ákvæðum þessara laga.

Rétt virðist að heimila fámennum kauptúnum að hafa félög við nærliggjandi sveitir og kauptún um stofnun og rekstur iðnskóla.

Um 5. gr.: Þessi skipting stofn- og rekstrarkostnaðar skólanna byggist á sömu athugun og getur um í 4. gr. Athugað hefur verið, hvort unnt væri að miða ríkisstyrkinn við fjölda nemendastunda hvers skóla eins og í Danmörku, en það mundi lækka styrkinn til hinna smærri skóla úti um land niður úr því, sem nú er, eða hækka hina um skör fram. Sú leið hefur því ekki þótt fær. Vorið 1939 var safnað skýrslum um nemendafjölda og kostnað við iðnskólana árin 1934—1939. Árin 1934—1936 voru iðnskólar starfandi í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Akureyri og Ísafirði, árið 1936 bættust við skólar á Akranesi, Siglufirði og Eyrarbakka, og í Keflavík starfaði skóli veturna 1935—36 og 1936—37. Í eftirfarandi yfirliti er Keflavíkurskólinn ekki talinn með, og á Eyrarbakka var kennt 2 mánuði í dagskóla í stað kvöldskóla allan veturinn. Hefur það reynzt hentugra, því um miðjan veturinn hefur verið lítið að gera fyrir meistarana og nemendur þeirra, en erfitt að smala nemendum saman úr tveim sýslum (Árnes- og Rangárvalla), nema þeir séu um kyrrt á skólastaðnum og héldu sig þá alveg að skólanáminu á meðan. Sá skóli er því ekki talinn með, þar sem getur um fjölda kennslustunda. Skólinn á Ísafirði sendi ekki rekstrarreikninga og er því ekki með í yfirliti um kostnað og styrki, og Reykjavík er tekin sér. Fjárhagsyfirlitið nær því aðeins yfir 3 skóla 2 fyrstu árin og 5 þrjú þau síðari.

I. Iðnskólar utan Reykjavíkur.

	1934–5	1935–6	1936–7	1937–8	1938–9	Aths.
Tala iðnnema	96	85	127	128	115	Í 7 skólum seinni ár.
Tala annarra nemenda	133	92	115	141	143	Í 5 skólum seinni ár.
Kennsluvikur	22	22	22	22	22	Meðaltal 6 skóla.
Kennarar	27	24	38	35	39	Samtals í 4—6 skólum.
Rekstrarkostnaður ...	13500	13500	16500	18500	18500	Samtals í 3—5 skólum.
Ríkisstyrkur	4550	5150	5900	7100	7400	
Bæjarstyrkur	2950	2550	3250	3150	3450	
Skólagjöld á nem.	60	60	70	70	70	Meðaltal 5 skóla.

II. Iðnskólinn í Reykjavík.

	1934–5	1935–6	1936–7	1937–8	1938–9	Aths.
Tala iðnnema	200	216	223	203	213	
Tala annarra nemenda	2	2	6	5	4	
Kennsluvikur	28	28	28	28	28	Próftímar meðtaldir.
Kennarar	16	18	20	20	21	

	1934–5	1935–6	1936–7	1937–8	1938–9	Aths.
Rekstrarkostn. alls ..	31000	33000	28000	29000	33000	Húsaleiga meðtalin.
Ríkisstyrkur	6500	6500	6500	6500	6500	
Bæjarstyrkur	4000	4000	5000	6000	10000	
Skólagjald á nem. ...	76	75	70	70	79	Meðaltal.
Kennaralaun	18810	19010	18670	18030	19250	Skólastj. meðtalinn.
Viðhald og endurbót húss og áhalda ..	2405	5322	2143	4580	3390	
Annar rekstrarkostn. .	4140	6082	4052	5013	6660	Án húsaleigu.

Í öðrum kostnaði er meðtalið hiti og ljós, ræsting, prentun, pappír, sími, auglýsingar, opinber gjöld af húsinu, vátryggingar o. fl. Ef tekið er meðaltal þessara 5 ára, sést, að samkvæmt tillögum frumvarpsins hefðu ríki og bær átt að greiða að meðaltali rúmar 11000 kr. í styrk til skólans hvert ár, en annar kostnaður, sem yrði að fást með skólagjöldum nemenda, er að meðaltali um 5200 kr., eða tæpur helmingur á móti styrk hvors opinbers aðila. Ef leigja þyrfti húsnæði handa skólunum, yrði styrkur þess opinbera þeim mun hærri sem húsaleigunni næmi, að frádregnum opinberum gjöldum og viðhaldi hússins. Ef sömu hlutföll eru talin eiga við fyrir skóla utan Reykjavíkur, verður meðaltal af árlegum kostnaði hvors aðila, ríkis og bæjarfélaga, vegna rekstrar iðnskólanna um 20000 krónur, í stað 15000 nú, og er þá húsaleiga reiknuð með við alla skólana. (Heildarkostnaður öll 5 árin um 240000, eiginn kostnaður 40000.)

Um 7. gr.: Hið verklega starf í atvinnulífi þjóðarinnar þróast að sjálfsögðu eftir því, sem aukin þekking og viðskiptalífið heimtar, og er því nauðsynlegt og sjálfsagt, að fræðslu hinna ungu iðnaðarmanna verði hagað eftir því og í nánu samstarfi við þær atvinnugreinar, er fræðslunnar eiga að njóta.

Í kvöldskólanum er ekki gert ráð fyrir öðrum verklegum æfingum en teikningum, en í sérskólum, forskólum og meistaraskólanum verður að sjálfsögðu um verklega kennslu á ýmsum sviðum að ræða.

Ekki virðist unnt að gera þær kröfur um undirbúningsnám undir inntöku í kvöldskólana, að nemendurnir hafi þá kunnáttu í íslenzku og reikningi við inngöngu í skólann, að hún geti talizt nægileg eða viðunandi fyrir þá sem starfandi og útlærða iðnaðarmenn. Verður því óhjákvæmilegt að kenna þær námsgreinar í gegnum alla skólana. Allmikil reikningskunnátta er öllum iðnaðarmönnum nauðsynleg, og því meiri, sem þeir hafa ábyrgðarmeiri störf með höndum, og mjög léleg frammistaða í íslenzku er þeim ekki sæmandi.

Um 8. gr.: Vegna samræmis í starfi hinna ýmsu skóla verður að teljast æskilegt, að kennslubækur og áhöld séu eins eða svipuð við alla skólana, og sé því heimilt að löggilda áhöld og kennslubækur í því skyni.

Um 9. gr.: Á burtfararskírteini skóla er ekki unnt, samræmis vegna, að tilgreina aðrar prófeinkunnir en þær, sem gefnar eru fyrir prófraun, annaðhvort í skólanum sjálfum eða alveg hliðstæðum skólum með sömu prófkröfur.

Um 10. gr.: Það er mikill hemill á starfsemi skóla og starfsauki fyrir skólastjórann að hafa enga fasta kennara. Að vísu verður því ekki við komið við aðra iðnskóla en þá stærstu að hafa fasta kennara, vegna þess hve kennslustundir í hverri grein verða fáar, en sjálfsagt virðist að ráða fasta kennara við þá skóla, sem að jafnaði hafa um 30 vikustundir í þeim námsgreinum, sem einn kennari getur kennt, ef skólinn starfar ekki skemur en 6 mánuði ársins.

Um 13. gr.: Ef nemendatalan í kvöldskóla er neðan við 100, er skólastjórastarfið ekki fullt starf. Skólastjórinn má aldrei kenna svo mikið, að hann hafi ekki 1—2 tíma lausa á hverjum degi á kennslutíma skólans, til viðtals við kennara og nemendur. Í kvöldskóla, þar sem kennt er tvo tíma á kvöldi, og skólinn starfar í 4 bekkjum, ætti skólastjórinn ekki að kenna meira en 1 tíma á dag. Hann getur því ekki gert skólastjórastarfið að fullu starfi með aukinni kennslu. Á hinn bóginn eru litlar líkur

til þess, að skóli með 50—100 nemendum geti haft nokkurn fastan kennara, og verður þá skólastjórastarfið það mikið, að rétt er að launa það svo, að í það fáist sæmilegir menn.

Um 14. gr.: Nauðsynlegt er, að fastir kennarar við iðnskólana, bæði í verklegum og bóklegum kennslugreinum, geti farið utan öðru hverju til þess að kynnast þróun síðustu ára í kennslugreinum sínum, og fái bæði frí og styrk til slíkra utanfara. Stundakennarar skólanna verða aftur á móti að fylgjast með þessari þróun í starfi þeirra, þar sem þeir hafa sitt aðalstarf eða fasta stöðu.

Um 15. og 16. gr.: Óhjákvæmilegt verður fyrir ríkisstjórn og Alþingi að hafa einhvern kunnugan mann til ráðuneytis um þessi mál, og hinir smærri skólar þurfa ráða og aðstoðar um margt í starfi þeirra, og þurfa þá að geta snúið sér til einhvers, er þekkir vel til iðnfræðslumálanna og hefur yfirlit yfir þau. Starf umsjónarmannsins er þó ekki það mikið, að það þurfi að vera aðalstarf mannsins, og er því rétt að heimila ráðherra að semja við hann um þóknun fyrir það.

Um 17. gr.: Í lögum um iðnaðarnám er heimilað að skipa eftirlitsmann með sveinsprófum. Þetta hefur ekki komið til framkvæmda enn þá, og virðist hagkvæmt, að umsjónarmaður skólanna hefði það með höndum eftir því, sem þurfa þykir.

Um 18. gr.: Þótt skólarnir verði að mestu kostaðir af opinberu fé, og þeir aðilar, ríki og sveitarfélög, sem það gera, verði að sjálfsögðu að hafa fulltrúa í stjórn skólanna, þá munu flestir geta fallizt á, að heppilegast sé, að meiri hluti skólastjórnar sé valinn af iðnaðarmönnum sjálfum án tillits til stjórnmálaskoðana. Er nauðsynlegt, að meiri hluti skólanefndar sé menn, sem hafa þekkingu á þeim kröfum, sem til skólanna ber að gera, og fylgjast með í þróun iðnaðar og iðnfræðslu.

Um 19. gr.: Í Noregi og Danmörku er gert ráð fyrir því, að skólastjóri sé sjálfkjörinn í skólastjórnina. Hér er gert ráð fyrir, að það sé óbundið.

Um 21.—24. gr.: Frá barnaskólunum koma unglingar svo misjafnlega undirbúnir, að það hefur tafið skólastarfið stórlega að taka þá beint úr barnaskólunum inn í iðnskólana. Er því óhjákvæmilegt, að þeir, sem síðri eru að undirbúningi, eigi þess einhvern kost að búa sig undir skólann. Oftast nær er óþarft að eyða heilum vetri í þann undirbúning, og nægir venjulega 1—2 mánuðir, sem þá er heppilegast að hafa í sambandi við sjálfa iðnskólana.

Hingað til hefur frændsemi og kunningsskapur ráðið vali iðnnema í iðngreinirnar, en ekki áhugi eða handlagni unglinganna. Árangurinn hefur ekki ávallt farið að óskum og því miður oft orðið sá, að full nauðsyn virðist til, að á því verði nokkur breyting. Það þarf að athuga áhuga og iðnhæfni unglinganna á sem flestum sviðum, og eru verklegir forskólar langheppilegasta leiðin til þess. Auk þess hafa þessir forskólar þann kost að veita unglingum, sem ekkert hafa að gera, atvinnu og að halda þeim frá götulífi, sem getur verið þeim misjafnlega hollt.

Rétt er, að þeir, sem reynast vel í forskólunum og læra þar undirstöðuatriði einhverrar iðnar, fái námstímann styttan sem því nemur.

Um 25.—28. gr.: Hér er gert ráð fyrir sömu námsgreinum og tilskildar eru í námsskrá iðnþingsins frá 1933. Stundafjöldinn á viku er nokkuð mismunandi eftir bekkjum, og skólatíminn getur verið mismunandi eftir staðháttum og iðnum. Í verstöðum t. d. verður skólahaldi að vera lokið áður en aðalveiðiannir hefjast.

Lágmark kennslustundanna svarar til 180 stunda á ári, eða 10 stunda kennslu á viku í 18 vikur, en hámarkið til 12 stunda á viku í 25 vikur, og eru þá próf ekki með talin.

Um 29.—35. gr.: Þeir framhaldsskólar, sem hér eru til nú fyrir iðnaðarmenn, eru vélstjóraskólinn og rafmagnsdeildin. Í öðrum iðngreinum er enginn skóli hér, og verða því allir, sem vilja afla sér meiri menntunar en kvöldskólinn veitir, að fara utan til framhaldsnáms. Hér er full þörf á aukinni fræðslu fyrir iðnaðarmenn, einkum byggingaiðnaðarmenn, enda farnar að koma fram ákveðnar raddir um það, að ekki fái hér eftir aðrir meistarabréf í byggingaiðnaði en þeir, er lokið hafa meistaraprófi, bæði verklega og bóklega.

Hér er ekki gert ráð fyrir iðnfræðaskóla, 3 ára dagskóla á við iðnfræðaskóla erlendis, heldur eins árs framhaldsskóla. Ættu þeir, er lokið hafa prófi þaðan, að standa betur að vígi sem sjálfstæðir atvinnurekendur en hinir, sem venjulega vantar þekkingu í ýmsu því, er nauðsynlegt er að vita til þess að geta stjórnað atvinnurekstri svo vel fari.

Framhaldsskóli og forskóli mundu auka mjög á starf skólastjóra kvöldskólans, og er því sanngjarnt, að hann fái aukaþóknun fyrir.

Ed. 443. Tillaga til þingsályktunar

um að skora á ríkisstjórnina að endurskoða alþýðutryggingarlöggjöfina.

Frá allsherjarnefnd.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þegar endurskoða alþýðutryggingarlöggjöfina.

Sérstaklega sé tekið til athugunar, á hvern hátt unnt sé að hækka dánar-, slysa-, elli- og örorkubætur, og hvort tiltækilegt þyki að breyta bótunum í lífeyrisgreiðslur að nokkru eða öllu leyti, svo og að breyta lögunum að öðru leyti í samræmi við þá reynslu, sem fengizt hefur á undanförnum fimm árum.

Endurskoðuninni sé hraðað svo, að árangur hennar geti legið fyrir því þingi, sem afgreiðir fjárlög fyrir árið 1943.

Greinargerð.

Á yfirstandandi þingi hefur allsherjarnefnd fengið til athugunar 3 frumvörp, sem öll miða til breytinga á alþýðutryggingalögunum og sérstaklega til hækkunar á bótum. Á undanförnum þingum hafa verið flutt frumvörp, er miða í sömu átt. Um eitt þeirra, er flutt var á þessu þingi og fór fram á hækkun á dánar- og örorkubótum, gat nefndin ekki verið sammála, enda fyrirsjáanlegt nú, að það fái enga afgreiðslu á þinginu.

Nefndin er því sammála um, að nauðsyn beri til að endurskoða tryggingarlöggjöfina sökum þess: Í fyrsta lagi, að nokkur reynsla er fengin um það, í hverju henni er sérstaklega áfátt. Ýmsir gallar hafa komið í ljós, sem vænta mátti, þar sem um frumsmíð var að ræða, þegar lögin voru sett í byrjun. Í öðru lagi, að krafan um hækkun bóta hefur við full rök að styðjast sökum verðfalls peninganna og hins, að bæturnar voru frá fyrstu of lágar, miðað við, hvað gilti hjá nágrannaþjóðum vorum, svo og þess, að framfærslukostnaður hefur verið sízt minni hjá oss en þeim. Þá verður ekki fram hjá því gengið, að dánar- og örorkubætur hafa hækkað á yfirstandandi tímum, hinar svo nefndu stríðsslysatryggingar, er komið hefur verið á sumpart með samningum við atvinnurekendur og með löggjöf fyrir sjómenn, er sigla um höfin, en fiskimenn, er eingöngu veiða við strendur landsins, búa að óbreyttri tryggingu, ef stríðsorsök veldur ekki slysi. Það ber því full nauðsyn til, að meira samræmi verði komið á um bæturnar en nú er, án tillits til þess, hvort slysin verða á sjó eða landi. Þá telur nefndin nauðsynlegt, að athugað verði, hvort ekki sé eins hagkvæmt frá sjónarmiði einstaklinganna og þjóðhagslega séð, að bætur séu greiddar sem lífeyrir, með það fyrir augum meðal annars, að á þann hátt sé unnt að hækka bæturnar að verulegum mun. Sú regla mun og hafa tíðkazt í ýmsum löndum að greiða bætur sem lífeyri, þar sem talið var, að alþýðutryggingarlöggjöf hafi verið vel fyrir komið.

Að breyta löggjöf sem þessari í verulegum atriðum er ekki á færi þingnefndar, sem hefur mörgum málum að sinna, og fyrir þá sök er farin sú leið að fela ríkis-

stjórninni að sjá svo um, að lögin verði endurskoðuð. Nefndin telur rétt að benda á, að nauðsynlegt virðist, að ríkisstjórnin leiti álits og aðstoðar þeirra stofnana og aðila, sem kunnugastir eru og sérþekkingu hafa í þessum málum, svo og þeirra, er hagsmuna hafa að gæta í sambandi við mál sem þetta. Í þessu sambandi vill nefndin benda á tryggingarstofnun ríkisins, Sjúkrasamlag Reykjavíkur, Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendafélag Íslands. Mundi það að sjálfsögðu skapa nokkra tryggingu fyrir því, að þær breytingar, sem kynnu að verða gerðar, yrðu í samræmi við þær óskir, sem fram hafa verið færðar, og þá reynslu, sem fengin er í þessum málum.

Ed. 444. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er samið af forstjóra Brunabótafélagsins og flutt í Nd. af allsherjarnefnd eftir ósk hans. Eru breytingar þær, sem frv. fer fram á að gerðar séu á lögunum, miðaðar við breytt viðhorf og aukið starfssvið félagsins. Fellst nefndin á breytingar þessar og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 16. maí 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Magnús Gíslason.

Ed. 445. Nefndarálit

um frv. til laga um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 18. maí 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason, frsm.

Ed. 446. Nefndarálit

um frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndinni hefur borizt umsókn frá Jostein Sölvberg, verkstjóra á Hjalteyri, fæddum í Noregi, um að honum verði veittur ísl. ríkisborgararéttur, og eftir að hafa athugað gögn þau, er umsókninni fylgja, mælir nefndin með því, að manni þessum verði veittur ríkisborgararéttur hér á landi.

Nefndin hefur ekkert að athuga við frv. eins og það var samþ. í neðri deild og leggur því til, að það verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Á eftir 7. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:

8. Sölvberg, Jostein, verkstjóri á Hjalteyri, fæddur í Noregi.

(Liðatalan breytist þessu samkvæmt.)

Alþingi, 18. maí 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason, frsm.

Ed. 447. Nefndarálit

um frv. til laga um dómnefnd í kaupgjalds- og verðlagsmálum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Vill minni hlutinn (SÁÓ) fella frv., en meiri hlutinn (IngP og MG) leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. maí 1942.

Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Magnús Gíslason.

Ed. 448. Viðaukatillaga

við brtt. á þskj. 441 [Framkvæmdasjóður ríkisins].

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Aftan við till. bætist: samkvæmt IV. kafla laga um byggingar- og landnámssjóð og til byggingar verkamannabústaða.

Nd. 449. Nefndarálit

um frv. til laga um eftirlit með ungmennum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, sem komið er frá hv. Ed., og mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. maí 1942.

Bergur Jónsson, form., frsm.	Finnur Jónsson, fundaskr.	Garðar Þorsteinsson.
Gísli Guðmundsson.	Jóh. G. Möller.	

Ed. 450. Lög

um breyting á lögum nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 412.

Nd. 451. Lög

um breyting á lögum nr. 126 9. des. 1941, um viðauka við og breyting á lögum 8. sept. 1941 um húsaleigu.

(Afgreidd frá Nd. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 392.

Nd. 452. Lög

um breyting á lögum nr. 75 frá 21. júní 1921, um stimpilgjald.

(Afgreidd frá Nd. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 20.

Ed. 453. Lög

um breyting á lögum nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 14.

Nd. 454. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi jarðarinnar Eyrar við Ingólfsfjörð.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja, eftir mati dómkvaddra manna, útgerðarmönnunum Geir Thorsteinsson og Beinteini Bjarnasyni land það úr þjóðjörðinni Eyri við Ingólfsfjörð, sem svonefnd Thorsteinssens-stöð stendur á og hefur til afnota fyrir síldarverksmiðjubyggingu.

2. gr.

Lóðarkaupendur eru skyldir að yfirtaka skyldur ríkissjóðs gagnvart núverandi lóðarleigjendum, meðan samningur þeirra er í gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt skv. beiðni væntanlegra kaupenda lóðar þeirrar, er um ræðir. Ástæður eru fram teknar í bréfi hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar, dags. í dag. Útdráttur úr bréfinu fylgir hér á eftir og einnig bréfi hreppsnefndar Árneshrepps, dags. 2. þ. m., og útdráttur úr fundargerð Árneshrepps, dags. sama dag.

Fylgiskjal I.

LÁRUS JÓHANNESSON
hæstaréttarmálaflutningsmaður.

Reykjavík, 18. maí 1942.

Til Alþingis.

Árið 1918 reisti Th. sál. Thorsteinsson, kaupmaður í Reykjavík, stóra síldarsöltunarstöð í landi þjóðjarðarinnar Eyri við Ingólfsfjörð. Var síldarsöltunarstöð þessi reist á 3 lóðum, sem útmældar höfðu verið til þriggja manna, sem sé hans sjálfs, Halldórs Kr. Júlíussonar, fv. sýslumanns, og Guðjóns Guðmundssonar húsmanns. — Lóðir þeirra Halldórs og Guðjóns liggja að sjó, en lóð Thorsteinsson upp frá þeim. — Þær eru nú einu nafni nefndar Thorsteinssenslóð í daglegu tali, sbr. l. nr. 18/1938. ...

Lóð sú, er Thorsteinsson sál. fékk útmælda handa sér, er 1443 ferfaðmar, og fór sú útmæling fram 2. júlí 1919.

Leigutími fyrir lóðirnar var ákveðinn 40 ár og árlegt afgjald til ríkissjóðs kr. 0.50 á ferfaðm. ...

Síldarsöltunarstöð sú, sem reist var á lóðum þessum, var seld Agli Ragnars & Co., en nú hefur sonur Th. sál. Thorsteinsson, Geir Thorsteinsson útgerðarmaður, og Beinteinn Bjarnason útgerðarmaður keypt stöðina í félagi af framangreindu firma.

Það hefur löngum verið von íbúa Árneshrepps, að stór síldarbræðslustöð yrði reist í Ingólfsfirði, því að atvinna við síldarverkun hefur verið stopul þar vegna þess, að síldveiðaskip hafa veigrað sér við að leggja þar upp afla vegna vöntunar á síldarbræðslustöð.

Leiddi þetta til þess, að með lögum nr. 18 13. janúar 1938 var ríkisstjórninni heimilað að selja, eftir mati dómkvaddra manna, Árneshreppi í Strandasýslu land úr þjóðjörðinni Eyri við Ingólfsfjörð, er sé 200 metrar með sjó fram, innan við svonefnda Thorsteinssenslóð og á land upp, svo sem þörf er, fyrir síldarverksmiðjubyggingu.

Umbjóðendur mínir, núverandi eigendur Thorsteinssonsstöðvarinnar, hafa ákveðið og fengið leyfi til að reisa síldarverksmiðju á Ingólfsfirði, er geti brætt að meðaltali 2000 mál á sólarhring. — Er áætlað, að kostnaður við byggingu stöðvar þessarar nemi um 2 milljónum króna.

Í þessu skyni hafa þeir fest kaup á lóð þeirri, er hreppsnefndin keypti af ríkinu samkvæmt framangreindum lögum, og seldi hreppsnefndin hana fyrir upprunalegt kaupverð, kr. 1000.00, auk kostnaðar og lóðarleigu, sem hreppurinn hefur orðið að greiða vegna þessara landakaupa.

Var meiningin að hefja verkið strax í vor, og var fyrir skömmu sendur þangað sérfræðingur til þess að hefja undirbúningsverk undir bygginguna.

Þegar hann kom norður, kom það í ljós, að lóð sú, sem umbj. mínir hafa fest kaup á af Árneshreppi, er ekki hæf til þess að reisa verksmiðjuna á henni, vegna of mikils halla, þó hún hins vegar sé nauðsynleg sem „upplagspláss“ í sambandi við verksmiðjuna.

Það er því ekki nema um tvennt að gera, að hætta við að reisa verksmiðjuna og gera með því að engu mikið undirbúningsverk og vonir íbúa Árneshrepps um

síldarbræðslustöð, eða að reisa hana á lóð þeirri, sem síldarsöltunarstöðin nú er á (3 fyrstnefndum lóðum). — En það er útilokað eins og nú standa sakir, vegna þess að ekki eru eftir nema 13/15 ár af leigutímanum, og dettur engum manni með viti í hug að reisa vandaða steinsteypubyggingu ásamt tilheyrandi vélum, sem kostar milljónir króna, á lóð með slíkum kjörum.

Erindi þessa bréfs er að fara fram á það við virðulegt Alþingi, að það samþykki lög, er heimili ríkisstjórninni að selja umbj. mínum framangreindar 3 lóðir (Thorsteinsenslóð) á sama hátt og það heimilaði lóðarsöluna til Árneshrepps með lögunum frá 1938.

Umbj. mínum er ljóst, að þeir verða að taka á sig þá kvöð gagnvart þeim Halldóri Kr. Júlíussyni og Guðjóni Guðmundssyni, sem leiðir af leigusamningi þeirra þann tíma, sem eftir er af leigutímanum.

Ég leyfi mér að fara fram á f. h. umbj. minna, að máli þessu verði hraðað svo sem frekast er unnt. — Byrjunarundirbúningur undir verkið er þegar hafinn og búið að ráða verkstjóra og um 30 verkamenn til að byrja steypuvinnu eftir ca. 1 viku, og hætta á, að þeir leiti sér annarrar atvinnu, svo að ekki verði hægt að hefjast handa með bygginguna á þessu ári, ef dráttur verður á málinu.

Með sérstakri virðingu,

Lárus Jóhannesson.

Til Alþingis.

Fylgiskjal II.

Bréf hreppsnefndar Árneshrepps.

Með því að herra verksmiðjuskoðunarstjóri Þórður Runólfsson, sem er ráðunautur þeirra Geirs Thorsteinsson og Beinteins Bjarnasonar við væntanlega síldarverksmiðjubyggingu við Ingólfsfjörð, hefur tjáð hreppsnefnd Árneshrepps, að landspilda sú, sem hreppsnefndin hefur í dag samþykkt að selja fyrrgreindum mönnum, sé ekki nægileg til fyrirhugaðrar verksmiðjubyggingar, mælir hreppsnefndin eindregið með því, að þeir félagar fái keypta til viðbótar landspildu þá, sem svonefnd Thorsteinssonsstöð stendur á og liggur næst utan við fyrrgreinda landspildu, en land þetta telur Þórður verksmiðjubyggingunni nauðsynlegt.

p. t. Eyri, 2. maí 1942.

Í hreppsnefnd Árneshrepps

Pétur Guðmundsson. Guðjón Guðmundsson. Ólafur Guðmundsson.
Guðm. P. Valgeirsson.

Fylgiskjal III.

Útdráttur úr fundargerð Árneshrepps.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Lagt fram erindi frá Beinteini Bjarnasyni og Geir Thorsteinson, Reykjavík, dagsett 22. apríl þ. á., til hreppsnefndar Árneshrepps. Í erindi þessu fara áðurnefndir menn þess á leit, að hreppsnefndin láti af hendi til þeirra landeign hreppsins í landi jarðarinnar „Eyrar“ við Ingólfsfjörð. Landspilda þessi er að stærð 200 × 80 metrar og liggur með sjó fram innan við svonefnda Thorsteinssonslóð.

   Svo hljóðandi tillaga var borin fram og samþykkt í einu hljóði:

   „Hreppsnefndin samþykkir að selja þeim Geir Thorsteinsson og Beinteini Bjarnasyni, Reykjavík, landspildu þá, er Árneshreppur keypti úr landi jarðarinnar „Eyri“ við Ingólfsfjörð árið 1938. Land þetta selur hreppurinn fyrir

kostnaðarverð, sem er upprunalegt kaupverð, kr. 1000.00, auk kostnaðar og lóðarleigu, sem hreppurinn hefur orðið að greiða vegna þessara landkaupa. Landið verður selt með öllum réttindum og skyldum, er því fylgdu, þegar hreppurinn keypti það af ríkinu. Hreppsnefndin felur oddvita sínum að undirrita fyrir hreppsins hönd samning um sölu lóðar þessarar.

p. t. Eyri, 2. maí 1942.

Rétt afrit staðfestir undirritaður:

Pétur Guðmundsson,
oddviti Árneshrepps.

Nd. 455. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á hreppamörkum Borgar- og Stafholtstungnahreppa o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 18. maí 1942.

Bergur Jónsson, form., frsm. Finnur Jónsson, fundaskr. Jóh. G. Möller.
Gísli Guðmundsson. Garðar Þorsteinsson.

Nd. 456. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild til þess að taka eignarnámi nokkur lönd á hverasvæðinu í Ölfusi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. maí 1942.

Bergur Jónsson, form. Finnur Jónsson, fundaskr. Gísli Guðmundsson, frsm.
Jóh. G. Möller, með fyrirv. Garðar Þorsteinsson.

Nd. 457. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Stafholtstungnahreppi landspildu úr Sauðhússkógi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum meðmælum skógræktarstjóra, að selja Stafholtstungnahreppi o. s. frv.

Alþingi, 18. maí 1942.

Bergur Jónsson, form. Finnur Jónsson, fundaskr. Gísli Guðmundsson, frsm.

Garðar Þorsteinsson. Jóh. G. Möller.

Nd. 458. Nefndarálit

um frv. til l. um sölu þjóðjarðarinnar Hólms.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt. Nefndin telur þó, að 2. gr. frumvarpsins sé óþörf, og leggur hún því til, að sú grein sé felld niður

BREYTINGARTILLAGA.

Við 2. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 18. maí 1942.

Bergur Jónsson, form. Finnur Jónsson, fundaskr. Jóh. G. Möller, frsm.

Gísli Guðmundsson. Garðar Þorsteinsson.

Nd. 459. Nefndarálit

um frumvarp til l. um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitu vatni og landi í Skútudal í Siglufirði.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er komið frá efri deild. N. hefur athugað það og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Á eftir 1. gr. komi ný gr., sem verður 2. gr., svo hljóðandi:

Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Alþingi, 18. maí 1942.

Bergur Jónsson, form. Finnur Jónsson, fundaskr., frsm. Gísli Guðmundsson.

Garðar Þorsteinsson. Jóh. G. Möller.

Sþ. 460. Tillaga til þingsályktunar

um aukningu stofnfjár fiskveiðasjóðs og styrki til byggingar fiskiskipa.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja tveim milljónum króna af tekjum ríkissjóðs árið 1941 til aukningar stofnfjár fiskveiðasjóðs Íslands, og tveim milljónum króna af tekjum ríkissjóðs sama ár til þess að styrkja menn til byggingar og meiri háttar aðgerða fiskiskipa, eftir reglum, sem ríkisstjórnin setur.

Greinargerð.

Tekjur ríkissjóðs árið 1941 fóru um 31 millj. króna fram úr áætlun, og varð tekjuafgangur um 18 milljónir króna. Þessar risatekjur komu að mestu leyti beint og óbeint frá sjávarútveginum. Það er því vel fallið, að eitthvað af þeim gangi beinlínis til þess að tryggja framtíð sjávarútvegsins.

Það, sem af er þessu ári, hefur orðið bátaútvegi landsmanna mjög erfitt, og hefur verulegur halli orðið á rekstri útgerðarinnar víða um land. Geta bátaútvegsmanna til viðhalds flotanum í aðgerðum og nýbyggingum er því lítil, miðað við hið háa verðlag.

Sjávarútvegurinn er mjólkurkýr ríkissjóðs. En hún mjólkar ekki til lengdar, ef henni er aldrei gefið strá.

Ed. 461. Nefndarálit

um frv. til l. um dómnefnd í kaupgjalds- og verðlagsmálum.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin er ósammála um afgreiðslu þessa máls. Vill meiri hlutinn (IngP og MG) samþykkja frv. óbreytt, en undirritaður minni hluti leggur til, að það verði fellt.

Frumvarp þetta er staðfesting á bráðabirgðalögum, er ríkisstjórnin setti 8. janúar síðastliðinn og varð númer 2 í röðinni af þeim málum, er lögð hafa verið fram á yfirstandandi Alþingi. Til allshn. efri deildar kom það 5. maí s. l. Hafði það tekið smávægilegum breytingum í neðri deild, þó ekki efnisbreytingum, meðal annars er nafni gerðardóms breytt í dómnefnd. Um mál þetta mun hafa verið samningur milli aðalþingflokkanna, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, um framgang þess. Öll rök, sem lögð hafa verið fram bæði í ræðu og riti gegn því, eru að vettugi virt. Einstakir þingmenn þeirra flokka munu bundnir af þeim samningi, er þáverandi ríkisstjórn hafði bundið fastmælum að framkvæma, þótt þeir hins vegar sjái, út í hvaða ófæru stjórn þeirra hafði gengið með setningu laganna. Út frá þessu sjónarmiði var nefndinni ljóst, að rökræður um málið innan nefndarinnar voru þýðingarlausar, og þótt um tilhneigingar gæti verið að ræða um skynsamlegar breytingar á frv., þá var nefndinni allri ljóst, að þær mundu þýðingarlausar, því málið ætti að ganga fram í þeirri mynd, sem það nú er.

Með bráðabirgðalögunum, sem þingið svo á að leggja blessun sína á og samþykkja, var stofnað til innanlandsófriðar milli stéttanna í þjóðfélaginu. Lögunum er fyrst og fremst stefnt gegn verkalýðssamtökunum, svo og gegn öðrum launþegum landsins, hvort heldur þeir eru í þjónustu ríkis, bæja eða einstaklinga. Höfuðmarkmiðið er að banna alla grunnkaupshækkun hjá öllu launafólki, án tillits til þess, hvernig grunnlaunin voru hjá einstökum stéttarfélögum og launaflokkum á þeirri stundu, er lögin voru sett. Sjálfsákvörðunarrétti verklýðsfélaganna og einstaklinga

um að setja verð á vinnuafl sitt, samningsréttinum, verkfallsréttinum, er burtu kippt með einu pennastriki. Hinum lögboðna rétti verkalýðsfélaganna, er þeim var veittur með lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, er vikið til hliðar og að engu hafður. Löggjöf, sem átti að tryggja og tryggði þjóðfélaginu friðsamlega lausn hinna viðkvæmustu deilumála, sem uppi hafa verið með þjóð vorri um tugi ára, — baráttan um kaup og kjör launastéttanna. — Atvinnurekandanum, sem jafnvel vill greiða verkamanni sínum hærra kaup og að öðru leyti veita honum betri lífskjör en hinn bjó við, honum er bannað að semja við stéttarfélag verkamannsins, þótt hann telji atvinnurekstri sínum það kleift og til meiri ávinnings fyrirtæki sínu. Ef út af þessu er brugðið af félögum eða félagasamböndum, má dæma þau og auk þess stjórnendur þeirra í sektir, allt að kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsund krónur. Með þessum sektarákvæðum skyldi taka fyrir kverkarnar á öllum hreyfingum, sem miðuðu gegn lögunum.

Gerðardómur er skipaður, sem á að dæma um brot á lögunum með þeim þröngu takmörkum, sem í þeim felast um kauphækkanir. Dómurinn þannig skipaður, að sjónarmið ríkisstjórnarinnar og þar með þeirra atvinnurekenda, er þrengst hugsa í þessum málum, er svo vandlega tryggt, að vart gat betur. Verkalýðsstéttin eða launamannastéttin á þar engan fulltrúa. Er hér vikið út frá þeirri meginreglu um skipun gerðardóma, sem vanalegast er, að skipaðir séu jafnmörgum frá hverjum aðila og oddamanni hlutlausum, eftir því sem bezt verður fundinn.

Samkvæmt lögunum skyldi dómnum „heimilt að ákveða verðlag á innlendum iðnaðarvörum, svo og að ákveða taxta fyrir viðgerðir, smíði, saumaskap, prentun og því um líkt í sambandi við álagningu á efnivörur og vinnulaun“. — Ekki hefur þess orðið vart, að gerðardómurinn hafi notað sér þessa heimild; þó er það mál manna, að ýmis tilefni hefðu gefizt þar til. Hið sama má einnig segja um breytingar á verðlagi innlendra framleiðsluvara, þar sem ávallt er hægt að skjóta sér undir tilkostnað við framleiðslu þeirra. Enda eru þau fá dæmin, sem slíkar vörur hafa verið lækkaðar í verði. Dómurinn hefur því orðið að vinna sitt vanþakkláta hlutverk, að beita sér gegn kauphækkunum fyrst og fremst, enda lögin á þann veg sniðin honum í hendur.

En í þeim efnum verður vart neitað, að sjónarmið dómendanna virðist hafa verið mjög á reiki. Einu stéttarfélagi eru veittar að mestu fullar kröfur sínar — járniðnaðarmönnum. Er það sízt að lasta. Á sama tíma er öðrum neitað um kjarabætur, sem atvinnurekendur voru sumpart búnir að semja um eða voru fúsir til að ganga að, — klæðskerasveinar og meyjar og verkafólk í bókbandsiðnaði o. fl. Virðist svo, sem hið gamla lögmál hafi í þessum tilfellum gilt, að réttur hins veikari er fyrir borð borinn, en hinn sterki fær sínum kröfum fullnægt. Kaups- og kjarasamningur verkamanna í Vestmannaeyjum er ógiltur. Hið sama er einnig gert um kauphækkunarsamning hins lágt launaða iðjufólks á Akureyri. Þá eru til verklýðsfélög, sem gerðu kauphækkunarsamning eftir áramót, eins og verkalýðsfélag Gerðahrepps, sem dómurinn hefur ekki látið sig neitt varða, og skal það sízt harmað. Fleiri dæmi mætti telja fram, sem sýna fálmið í framkvæmd laganna. En því ber ekki að neita, að mörg stéttarfélög og meðlimir þeirra hafa orðið hart úti vegna laganna, og þá þau félög, þar sem atvinna er rýrari en þar, sem hún er bezt, og meðal stétta, sem ýmissa hluta vegna eiga óhægt um vik að hverfa að öðrum störfum. Þar getur ekki eftirspurnin eftir vinnuafli knúið fram kjarabætur, eins og komið er á daginn, að veittar eru þar, sem verkamaðurinn hefur allar dyr opnar. Lögin hafa því orðið þess valdandi, að meira ósamræmi er nú í landinu en nokkurn tíma fyrr, og var ósamræmið nægilega mikið fyrir, sem verklýðssamtökin hafa barizt fyrir að ráða bót á og munu gera, þegar þau fá frelsi sitt endurheimt. Þessi ástæða er nægileg út af fyrir sig til andstöðu gegn lögunum.

Hins er rétt að geta, að lögin hafa verkað öfugt við það, sem þeim var ætlað, að halda öllu kaupi óbreyttu, og þá sérstaklega á Suðurlandi, þar sem eftirspurn eftir vinnuafli er mest. Það er nú kunnugt, að verkamönnum er greitt á ýmsan hátt hærra kaup en samningar hljóða um með aukatímum, sem ekki eru unnir; við erfiða vinnu, svo sem kolauppskipun, er greitt hærra kaup. Ýmsir verkamenn fá taxtakaup iðn-

aðarmanna í járn- og trésmíðaiðnaði. Sumar iðnstéttir hér í bæ fá kaup á laun, og nú fyrir skemmstu fékk fámenn iðnstétt samning um 20% grunnkaupshækkun og önnur hlunnindi. Það er vitanlegt, að ríkisstjórnin, sú hin sama, er setti gerðardómslögin, hefur leyft vegamálastjóra að greiða Dagsbrúnargrunnkaup í vegavinnu í nágrannasýslunum og í öðrum 30 aura grunnkaupshækkun frá því, sem hún ákvað síðastliðið ár, en þá neitaði hún að semja við Alþýðusamband Íslands um 25 aura hækkun frá því, sem gilt hafði almennt úti um land 1940.

Það er vitanlegt, að nú er ráðið fyrir allverulega hærra kaup til landbúnaðarframleiðslunnar en gilti síðastliðið ár, með vitund fyrrverandi ríkisstjórnar. Það er enn fremur kunnugt, að fyrrverandi dómsmálaráðherra mælti með verulegum kjarabótum handa lögreglunni í Reykjavík. Það er kunnugt, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt miklar kaups- og kjarabætur handa starfsmönnum og verkamönnum, er hjá bænum vinna. Hvort gerðardómurinn eða dómnefndin, eins og hún nú skal heita, hefur lagt samþykki sitt á þessar ráðstafanir, skal ósagt látið. En um flest það, er ég hef hér að framan talið fram, mun hún ekki hafa verið spurð. En um sektarákvæði á hendur atvinnurekendum, er hlut eiga að máli, hefur enginn heyrt. Flest rök, ef ekki öll, hníga að því, að kaupbindingarákvæði laganna séu brotin í svo stórum stíl, að það sé sjálfsblekking ein að ætla þeim að gilda áfram. Þau gera aðeins það eitt að skapa óheyrilegt misrétti milli einstakra stétta í landinu og ósamræmi milli landsfjórðunganna í kaupgreiðslum meira en verið hefur.

Þrátt fyrir þessar kauphækkanir, sem áður greinir, meðal verkamanna og iðnaðarmanna, þá virðist svo sem þær hafi ekki haft áhrif á dýrtíðarvísitöluna sem af er ársins, og sannar það eitt, sem haldið hefur verið fram af Alþýðuflokknum, að það er ekki nokkur prósent grunnkaupshækkun verkalýðsstéttanna, sem fyrst og fremst hefur áhrif á hækkun vísitölunnar. Það eru aðrar ráðstafanir, sem bent hefur verið á af sama flokki, sem ráða þar mestu um, hvernig stöðva beri dýrtíðina, og fyrrverandi ríkisstjórn virðist að nokkru hafa talið sig knúða til að taka upp, jafnvel þó í ótíma væri. Um vettlingatök stjórnarinnar í dýrtíðarmálunum yfirleitt skal ekki farið út í hér. Nægir að vísa í því efni til hins rökstudda og ýtarlega nefndarálits minni hlutans í neðri deild í þessu máli, þskj. 108.

Fyrrverandi ríkisstjórn hefur með setningu bráðabirgðalaganna brotið eina meginreglu, sem ríkisstjórnir meðal lýðræðisþjóða mundu ekki hafa leyft sér að gera, þar sem líkt hefði staðið á og hér, að knýja fram ráðstafanir í beinni andstöðu við eina fjölmennustu og þýðingarmestu stéttina fyrir allt athafnalíf landsins, verklýðsstéttina, ráðstafanir, sem ganga gegn hagsmunum hennar, svipta hana rétti, sem þjóðfélagið hefur veitt henni að lögum, og þar með sett hana skör lægra en þær stéttir, sem fyrst og fremst hafa fleytt rjómann af því óvenjulega ástandi, er ríkir í landinu. Með tilvísun til þess, er hér að framan er skráð, legg ég til, að frv. verði felld.

Alþingi, 19. maí 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson.

Sþ. 462. Tillaga til þingsályktunar

um jarðeignir ríkisins.

Flm.: Eiríkur Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að festa eigi til venjulegrar heildarábúðar þær jarðeignir ríkisins, sem sérstaklega eru hentugar vegna legu sinnar til deilinota handa búendum í stækkandi kaupstöðum og þorpum. — Þegar slíkar jarðir losna úr ábúð hér eftir, skal ríkisstjórnin leita umsagnar og tillagna bæjar- eða sveitarstjórnar um landsnotaþarfir hlutaðeigandi kaupstaðar eða þorps og ráðstafa síðan

fasteign þeirri, er máli skiptir að hverju sinni, í fullu samræmi við þarfir og afkomuöryggi hinna mörgu, er þar gætu notið góðs af.

Greinargerð.

Það er gömul og ný reynsla fyrir því, að afkoma fólks í kaupstöðum, kauptúnum og öðru þröngbýli þessa lands, er byggzt hafa mestmegnis vegna tiltölulega einhæfra starfsgreina, svo sem útróðra eða verzlunaraðstöðu, hefur átt erfiðleikum, örbirgð og jafnvel eyðingu heimkynnanna að mæta, er undirstöðustarfið hefur brugðizt eða meira lagt á framfærslumátt þess en hóflegt mátti teljast.

Slík saga getur alltaf endurtekizt, og ber því að leita ráða gegn því böli, er af misþróun þeirri kann að leiða, er hér hefur verið minnzt. Beztu úrræðin til að koma í veg fyrir umrædd skakkaföll eru óumdeilt þau að efla fjölbreytni afkomustarfanna, en að frátaldri iðnaðaraukningu, sem auðvitað er mikilvægt atriði á stöðum þessum, er það jarðræktin, sem mestu skiptir fyrir íbúana. Er það margreynt, að þegar sorfið hefur að í ýmsum kauptúnum og þurrabúðarhverfum vegna aflaleysis og annars, er afkoman er aðallega reist á, hefur kýrnytin, matjurtagarðurinn o. s. frv. orðið sú hjálpin, er forðað hefur frá hungri. En þar, sem útrýmið er lítið, en íbúarnir margir, verða störf þessi eigi rækt svo, að fjöldanum megi að gagni verða.

Það er því einkar mikilsvert, að séð sé fyrir því, að jarðeignir þær, sem ríkið hefur umráð yfir og ráðstafar án þess að nokkur sé frá þeim hrakinn, geti sem bezt orðið til almennra nota, séu þær þannig í sveit settar, að tillaga þessi eigi við um byggingu þeirra. — Er það jafnmikil þjóðarnauðsyn, að bændur landsins fái yfirleitt að búa frjálsir og óáreittir að jarðeignum sínum og hitt, að þeir, sem búa í hvirfingum kaupstaða og þorpa, geti einnig notið góðs af jarðargróðanum, þótt það verði í smáum hlutföllum.

Tillaga þessi er því fremur tímabær, er þess er gætt, að eignarráð ríkisins yfir jarðeignum hafa mjög aukizt hin síðustu ár og að árlega getur þannig staðið á, að ráðstafanir þær, sem hér er gert ráð fyrir geti komið til greina. Er skemmst á að minnast, er ríkið hefur nýlega leyst bóndann á Kröggólfsstöðum í Ölfusi af hólmi og keypt jarðeign hans. Í nálægð þeirrar jarðar er Hveragerði, ævintýrabær jarðhitans, og fjölgar þar fólki óðfluga. Þótt borg sé þar reist í trausti hinna miklu möguleika vermigróðurs, er allur varinn góður, og víst er um það, að afkoma þeirra, er þar búa, mundi treystast með öruggum aðgangi til nokkurra landsnytja.

Þótt tillaga þessi taki ekki beint til þeirra jarða, er ríkið lætur stofnanir sínar nytja, ætti hún þó að gefa bendingu um, að þörf almennings krefst þess, að þar sé aldrei ginið yfir svo miklu, að með því verði þrengt fyrir dyrum hjá þeim, er hafa þörf og aðstöðu til nýtingarinnar.

Sþ. 463. Tillaga til þingsályktunar

um sölu og úthlutun bifreiða.

Flm.: Helgi Jónasson.

Alþingi ályktar að kjósa þriggja manna nefnd, sem hafi fullt úrslitavald um úthlutun bifreiða þeirra, er bifreiðaeinkasalan flytur inn og selur. Jafnframt sé bifreiðaeigendum því aðeins gefinn kostur á nýjum bifreiðum til endurnýjunar, að þeir afhendi einkasölunni eldri bílana eftir mati dómkvaddra manna.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis var áður á þessu þingi flutt í neðri deild, en réttara þykir, að hún komi fram í sameinuðu Alþingi og nefnd sú, sem hér ræðir um, sé kjörin af Alþingi.

Nd. 464. Lög

um málflytjendur.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí).

Samhljóða þskj. 435.

Ed. 465. Lög

um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí).

Samhljóða þskj. 431 (sbr. 173).

Nd. 466. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 75 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. d-liður 9. gr. laganna orðist svo:
   Forstöðumenn barnaskóla utan kaupstaða 1600 kr., auk ókeypis bústaðar eða jafngildi þess í peningum, og kennarar við þá skóla 1600 kr.
2. Aftan við 9. gr. laganna bætist:
   Hafi skóli ekki ráð á íbúð fyrir skólastjóra í skólanum eða utan hans, er hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélagi skylt, ef þess er óskað, að annast um, að skólastjóri fái viðunandi íbúð.

Ed. 467. Breytingartillaga

við viðaukatillögu á þskj. 448 [Framkvæmdasjóður ríkisins].

Frá Bernh. Stefánssyni.

Orðin „samkvæmt IV. kafla laga um byggingar- og landnámssjóð og til“ falli burt.

Nd. 468. Frumvarp til laga

um framkvæmdasjóð ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Stofna skal sjóð, er heitir: **Framkvæmdasjóður ríkisins.** Hlutverk sjóðs þessa er að veita fé til nauðsynlegra framkvæmda í þarfir atvinnuveganna, að styrjöldinni lokinni, og skal þá fé sjóðsins sérstaklega varið til stofnunar nýrra framleiðslugreina, svo sem framleiðslu tilbúins áburðar og steinlíms, ræktunar og býlafjölgunar

í sveitum landsins, byggingar verkamannabústaða, skipasmíði, byggingar verksmiðju til herzlu síldarlýsis o. fl., sem nauðsynlegt er til að auka öryggi atvinnulífsins og fullnægja þörfum landsmanna.

2. gr.

Ríkissjóður skal greiða til framkvæmdasjóðsins 8 milljónir króna af tekjuafgangi ríkisins árið 1941. Enn fremur skal greiða til sjóðsins ⅗ hluta þess tekjuafgangs, sem verða kann á ríkisreikningi árið 1942. Fé framkvæmdasjóðsins skal geymt í Landsbanka Íslands.

3. gr.

Fé framkvæmdasjóðs ríkisins má eingöngu verja til ákveðinna verklegra framkvæmda, samkvæmt sérstökum ákvörðunum Alþingis.

4. gr.

Reikningur framkvæmdasjóðsins skal endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna og birtur með ríkisreikningi ár hvert.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 469. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast hitaveitulán fyrir Ólafsfjarðarhrepp.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 19. maí 1942.

Magnús Gíslason, form.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson, frsm.

Ed. 470. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, sem er komið frá Nd., og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 19. maí 1942.

Jónas Jónsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson, frsm.

Ed. 471. Nefndarálit

um frv. til laga um styrk til Íslendinga vestan hafs til náms í íslenzkum fræðum í Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 19. maí 1942.

Jónas Jónsson, form., frsm. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. Bernh. Stefánsson,

Nd. 472. Frumvarp til laga

um raforkusjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist raforkusjóður. Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til að gera raforkuver og raforkuveitur, sem reist verða í sveitum og kauptúnum eftir að lög þessi öðlast gildi.

2. gr.

Ríkissjóður greiði til raforkusjóðs 500 þúsund krónur á ári. Fé raforkusjóðs skal geymt og ávaxtað í banka.

3. gr.

Búnaðarfélag Íslands annast stjórn raforkusjóðs og hefur á hendi ákvarðanir um styrkveitingar úr honum, að fengnum tillögum trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar um rafveitumál.

4. gr.

Styrkur úr raforkusjóði má nema frá 15—30% af stofnkostnaði orkuvers eða orkuveitu. Skal veita þeim umsækjendum hlutfallslega mestan styrk, sem hafa örðugasta aðstöðu til að byggja orkuver og orkuveitur.

5. gr.

Raforkusjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

6. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um sjóðinn og styrkveitingar úr honum, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og rafmagnseftirlits ríkisins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 473. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 19. maí 1942.

Bjarni Ásgeirsson, form. — Jón Pálmason, fundaskr. — Pétur Ottesen, frsm.

Steingrímur Steinþórsson, með fyrirv. — Haraldur Guðmundsson, með fyrirv.

Nd. 474. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 31. des. 1937, um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. maí 1942.

Bjarni Ásgeirsson, form. — Jón Pálmason, fundaskr., frsm. — Steingr. Steinþórsson.

Pétur Ottesen. — Haraldur Guðmundsson.

Ed. 475. Nefndarálit

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 og stjórnarskipunarlögum nr. 22 24. marz 1934.

Frá minni hl. stjórnarskrárnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins, og leggur minni hlutinn til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 19. maí 1942.

Jónas Jónsson, frsm. — Einar Árnason.

Sþ. 476. Tillaga til þingsályktunar

um brúargerðir í Árnessýslu.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Bjarni Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera brýr á eftirtaldar ár í Árnessýslu, svo fljótt sem kostur er:

a. Brú á Litlu-Laxá á þjóðveginum í Hrunamannahreppi.
b. Brú á Þverá á þjóðveginum í Gnúpverjahreppi.
c. Brú á Hvítá hjá Kiðjabergi.

Enn fremur að láta rannsaka brúarstæði á Tungufljóti hjá Króki í Biskupstungum og hvað sú brú muni kosta.

Greinargerð.

Mikil nauðsyn er á því, að ofantaldar brýr verði byggðar svo fljótt, sem mögulegt er. Þessi vatnsföll, sem brúa á, eru oft ill yfirferðar og valda ferðamönnum hinum mestu erfiðleikum. Veldur það íbúum þessara sveita oft miklu tjóni, að þessi vatnsföll eru enn óbrúuð. Verður vonandi hafizt handa um þessar framkvæmdir skjótlega.

Sþ. 477. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um áfengismál.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna á nokkrum fundum, en ekki horfur á, að nefndin geti orðið sammála. Mun meiri hlutinn vilja leggja til, að tillagan verði samþykkt með þeirri breytingu, að undanþágur verði veittar um sölu áfengis til einstaklinga og félaga, en þó ekki í jafnstórum stíl sem nú er.

Minni hlutinn telur, að með því móti mundi fljótt sækja í sama horf og áður, og leggur því til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. maí 1942.

Þorsteinn Briem.

Sþ. 478. Breytingartillaga

við till. til þál. um fjárframlag vegna sauðfjársjúkdóma.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Við tillgr. Síðari hluti gr., „til að standast útgjöld ... fjárstofni", orðist þannig: eða áður, ef það telst hagstætt, til að styrkja bændur landsins og aðra sauðfjáreigendur á fjárpestarsvæðunum til þess að koma sér upp sauðfjárstofni, sem hefur meiri viðnámsþrótt gegn fjárpestunum. Þó má verja þessu fé til kaupa á ósýktum fjárstofni, ef fjárskipti fara almennt fram í fjárpestarhéruðum.

Ed. 479. Nefndarálit

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 og stjórnarskipunarlögum nr. 22 24. marz 1934.

Frá meiri hluta stjórnarskrárnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 20. maí 1942.

Magnús Gíslason, form., frsm. Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. Bj. Snæbjörnsson.

Nd. 480. Nefndarálit

um frv. til laga um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og borið það saman við gildandi lög. Mælir meiri hluti nefndarinnar með, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. HG flytur breytingartill. á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 20. maí 1942.

Sveinbjörn Högnason, form. Jón Pálmason, fundaskr., frsm.
Stefán Stefánsson. H. Guðmundsson. Skúli Guðmundsson.

Sþ. 481. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun á lögum nr. 51 1921, um lífeyrissjóð embættismanna, og lögum nr. 33 s. á., um lífeyrissjóð barnakennara.

Flm.: Gísli Sveinsson, Haraldur Guðmundsson, Bjarni Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela *ríkisstjórninni* að láta undirbúa og semja frumvarp um breytingar á lögum nr. 51 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna, og lögum nr. 33 s. d., um lífeyrissjóð barnakennara, og leggja það fyrir Alþingi á þessu ári.

Breytingarnar skulu miðaðar við eftirtalin atriði:

1. Að ellilífeyrir og ekkjulífeyrir geti á hverjum tíma verið svo háir, að þeir nægi til sómasamlegs framfæris hlutaðeigandi lífeyrisþega, þegar um fullan lífeyri er að ræða.
2. Að örorkulífeyrir verði jafnhár ellilífeyri, ef um algera örorku er að ræða, sem hefur orsakazt af því opinbera starfi, er öryrkinn gegndi.
3. Að börnum, sem eru yngri en 16 ára við andlát foreldris síns, er var sjóðfélagi eða lífeyrisþegi, sé tryggður nokkur styrkur þar til þau eru fullra 16 ára.
4. Að sjóðfélögum, sem fara úr sjóðunum í lifanda lífi og af öðrum orsökum en

þeim, er veita lífeyrisrétt, sé tryggð endurgreiðsla úr þeim, allt að því eins mikil og iðgjaldaupphæðin nemur, sem þeir hafa greitt í sjóðinn, reiknuð án vaxta.

5. Að í lífeyrissjóð embættismanna verði ekki aðeins teknir allir þeir menn, er taka laun samkvæmt launalögum, heldur og allir fastráðnir starfsmenn við ríkisstofnanir, svo og við sjálfseignarstofnanir, sem njóta ríkisstyrks eða ríkisábyrgðar.
6. Að iðgjöldin verði framvegis greidd að hálfu af hvorum aðila, launþega og launveitanda.
7. Að ríkið leggi fram það fé, sem þarf til að koma breytingunni á.

Greinargerð.

Röskir tveir áratugir eru liðnir frá því að lífeyrissjóðir barnakennara og embættismanna voru stofnaðir. Á þeim tíma, og þó einkum á tveimur síðustu árum, hafa fjárhagsástæður í landinu breytzt svo mjög, að sjóðirnir leysa ekki lengur af hendi það hlutverk, sem þeim er ætlað, en það er að sjá opinberum starfsmönnum og ekkjum þeirra fyrir framfærslueyri, þegar starfskrafta mannsins nýtur ekki lengur, hvort heldur það er sökum dauða, elli eða vanheilsu.

Ellilífeyrir miðast við grunnlaun án nokkurs tillits til verðlagsuppbótar og getur í engu tilfelli numið meiru en 3750 kr. á ári. Er augljóst, hve skammt sú trygging nær, þegar kaupmáttur krónunnar er jafnlítill og nú. Reynslan hefur sýnt, að ekkjutryggingunni og örorkutryggingunni hefur verið mjög ábótavant frá upphafi. Barnatrygging hefur engin verið í sjóðnum. Er það talsverður galli, þar sem þörfin fyrir hana getur verið mjög brýn, en kostnaðurinn af hóflegri barnatryggingu mundi ekki vera stórvægilegur fyrir sjóðinn.

Í gildandi lögum er engin heimild til að endurgreiða iðgjöld úr sjóðunum, þótt menn fari úr þeim í lifanda lífi, án þess að fá lífeyri. Það hefur þó verið gert í mörgum slíkum tilfellum, aðallega samkv. fjárlagaheimildum, en ekki öllum. Nær það vitanlega engri átt, að sumir fái endurgreiðslu, en aðrir ekki. Eftir reynslunni má ætla, að fullt jafnrétti verði ekki tryggt með öðru en því að heimila endurgreiðsluna í lögunum. Það virðist og sanngjarnt, að þeir, sem fara úr sjóðnum án þess að fá lífeyri, eigi rétt á að fá aftur mestan hluta þess, er þeir hafa greitt í þá.

Á síðari árum hafa komið fram háværar kröfur frá föstu starfsfólki ýmissa opinberra stofnana um, að því yrðu tryggð ákveðin eftirlaun. Einfaldast virðist að verða við óskum þessa fólks með því að opna því aðgang að lífeyrissjóði embættismanna. Það má og gera ráð fyrir, að margt af því kæmi í hann síðar hvort eð væri eftir væntanlega endurskoðun launalaganna.

Á síðustu árum hafa mörg fyrirtæki og stofnanir komið upp eftirlaunasjóðum fyrir starfsfólk sitt. Hafa þau lagt fram stofnfé og greiða í flestum tilfellum helming iðgjalda, í engu tilfelli minna, en í nokkrum meira. Með þessum og öðrum ráðum reyna einkafyrirtækin nú að draga til sín starfslið frá hinu opinbera. Ríkið mun tæplega geta mætt þessari samkeppni á annan heppilegri hátt en með því að endurbæta þær tryggingar, er starfsmenn þess njóta. Með því væri stuðlað að auknum sparnaði hjá þegnunum. Og þeir einir mundu njóta framlags ríkisins, sem láta ekki ginnast af smávægilegum yfirboðum einkafyrirtækja.

Sþ. 482. Þingsályktun

um lögreglueftirlit með samkomum og skemmtunum utan kaupstaða.

(Afgreidd frá Sþ. 20. maí).

Samhljóða þskj. 357.

Ed. 483. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Hansen, Jannet Vivian, ungfrú, Flatey á Breiðafirði, fædd í Noregi.
2. Hansen, Niels William Larchmont, verkamaður í Flatey á Breiðafirði, fæddur í Bandaríkjunum.
3. Johansen, Freidar Marselius, matsveinn á Akureyri, fæddur í Noregi.
4. Júlíus Ámundi Jónsson, innheimtumaður í Reykjavík, fæddur á Íslandi.
5. Korsham, Johan Ludviksen, bóndi á Kúskeri í Blönduhlíð, fæddur í Noregi.
6. Kristensen, Alfred Viggo, verkamaður, Fagraskógi í Arnarneshreppi, fæddur í Danmörku.
7. Rasmussen, Lauritz Alfred, verkstjóri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
8. Sölvberg, Jostein, verkstjóri á Hjalteyri, fæddur í Noregi.
9. Toft, Hartwig, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
10. Torp, Evald Christian, veitingaþjónn í Reykjavík, fæddur í Danmörku.

Nd. 484. Frumvarp til laga

um sölu þjóðjarðarinnar Hólms.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja bæjarsjóði Reykjavíkur þjóðjörðina Hólm í Seltjarnarneshreppi í Gullbringusýslu. Námuréttindi í landi Hólms eru undanskilin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 485. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Stafholtstungnahreppi landspildu úr Sauðhússkógi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum meðmælum skógræktarstjóra, að selja Stafholtstungnahreppi í Mýrasýslu, eftir mati dómkvaddra manna, þann hluta af landi Sauðhússkógar í Stafholtstungum, sem liggur utan skógargirðingar ríkisins þar, ásamt veiðiréttindum, er því landi fylgja, enda verði hið selda land lagt undir jörðina Stapasel. Námuréttindi eru undanskilin sölunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 486. Frumvarp til laga

um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitu vatni og landi í Skútudal í Siglufirði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Siglufjarðarkaupstað er heimilt að taka eignarnámi heitar uppsprettur og heitt vatn í Skútudal í Siglufirði, ásamt nauðsynlegu landi undir mannvirki til virkjunar heita vatnsins og með rétti til þess að grafa eða bora eftir heitu vatni hvar sem er í landareigninni.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 487. Nefndarálit

um frv. til l. um afnám l. nr. 31 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Við undirritaðir leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nefndarmanna (SÁÓ) hefur ekki tekið endanlega afstöðu til málsins.

Alþingi, 20. maí 1942.

Ingvar Pálmason, fundaskr.
Magnús Gíslason, frsm.

Nd. 488. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um atvinnumál.

Frá Skúla Guðmundssyni og Jörundi Brynjólfssyni.

Hverjar ráðstafanir ætlar ríkisstjórnin að gera til að tryggja nægilegt vinnuafl til nauðsynlegustu framleiðslu í landinu?

Ástæður.

Það er öllum kunnugt, að nú er víða vöntun á verkafólki til framleiðslustarfa í landinu. Ráðningarstofa landbúnaðarins, sem nýlega var sett á stofn, hefur verið beðin að útvega margt fólk til sveitavinnu í sumar, en mikið vantar til, að hún hafi, a. m. k. enn sem komið er, getað útvegað það kaupafólk, sem um er beðið. Er því útlit fyrir, að margir bændur þurfi að skerða bústofn sinn á næsta hausti vegna fóðurskorts.

Svipaða sögu er að segja af framleiðslustarfseminni í mörgum verstöðvum. Bátum og skipum verður ekki haldið úti til fiskveiða, vegna þess að menn, sem áður

hafa þar að unnið, hafa nú horfið að öðrum störfum. Mörg iðnaðarfyrirtæki, sem framleiða nauðsynlegar vörur, vantar einnig verkafólk.

Frá því hefur verið skýrt, að samningar hafi tekizt um nokkra takmörkun á vinnu íslenzkra manna í þágu setuliðsins. Ætti það að bæta nokkuð úr verkafólksskortinum. En landsmenn sjálfir halda nú uppi og hafa ákveðið að ráðast í margs konar verklegar framkvæmdir, svo sem byggingar stórhýsa í Reykjavík, sem vel er hægt að fresta þar til síðar. Er það vafalaust hagkvæmt, eigi síður fyrir verkamenn en aðra, að eitthvað af þessum framkvæmdum verði látið bíða þar til síðar, þegar atvinnan hjá setuliðinu hverfur.

Öllum ætti að vera ljóst, hver hætta þjóðinni er búin, ef aðalatvinnuvegir hennar, landbúnaður, sjávarútvegur og iðnaður, dragast stórkostlega saman. Aðflutningar til landsins eru ótryggir nú, vegna styrjaldarinnar, og mikil hnignun landbúnaðarins gæti leitt til matvælaskorts í landinu. Fyrirsjáanlegt er, að þjóðinni verður örðugt að mæta þeim erfiðleikum, sem vafalaust gera vart við sig eftir stríðið, ef stór hluti af bústofni landsmanna verður þá fallinn og smábátaútvegurinn í kaldakoli.

Þegar núverandi hæstv. forsætisráðherra tilkynnti myndun hinnar nýju stjórnar á Alþingi fyrir nokkrum dögum, lét hann þess að engu getið, hverjar ráðstafanir stjórnin ætlaði að gera til þess að koma í veg fyrir hrun þeirra atvinnuvega, sem þjóðinni er lífsnauðsyn að halda uppi. Þingmönnum er því ókunnugt um fyrirætlanir stjórnarinnar á því máli, sem óhætt er að fullyrða, að nú sé einna þýðingarmest fyrir þjóðfélagið. Til þess að fá vitneskju um, á hvern hátt stjórnin og stuðningsflokkar hennar ætla að rækja skyldur sínar í því stóra máli, er fyrirspurn þessi fram borin.

Sþ. 489. Þingsályktun

um rannsókn á brúarstæði á Hofsá í Álftafirði.

(Afgreidd frá Sþ. 21. maí).

Samhljóða þskj. 406.

Sþ. 490. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 422 [Stjórnarskrárnefnd].

Frá Einari Olgeirssyni.

Í stað orðanna „Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd“ komi: Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 5 manna milliþinganefnd eftir tilnefningu stjórnmálaflokkanna á Alþingi, einn mann frá hverjum flokki.

Ed. 491. Lög

um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum.

(Afgreidd frá Ed. 21. maí).

Samhljóða þskj. 329.

Ed. 492. Lög

um breyting á lögum nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 21. maí).

Samhljóða þskj. 413.

Ed. 493. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast hitaveitulán fyrir Ólafsfjarðarhrepp.

(Afgreidd frá Ed. 21. maí).

Samhljóða þskj. 383.

Nd. 494. Lög

um eftirlit með ungmennum o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 21. maí).

Samhljóða þskj. 264.

Nd. 495. Lög

um framkvæmdasjóð ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 21. maí).

Samhljóða þskj. 468.

Ed. 496. Þingsályktun

um að skora á ríkisstjórnina að endurskoða alþýðutryggingarlöggjöfina.

(Afgreidd frá Ed. 21. maí).

Samhljóða þskj. 443.

Sþ. 497. Nefndarálit

um till. til þál. um verðuppbætur á útflutningsafurðir landbúnaðarins.

Frá meiri hluta fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Minni hlutinn (EmJ) greiddi atkvæði gegn till. og mun skila sérstöku nefndaráliti. Einn nefndarmanna (SK) greiddi ekki atkvæði. BjB var fjarstaddur, en sex nefndarmennirnir leggja til, að till. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Í stað orðanna „ályktar að fela“ í upphafi tillgr. komi: ályktar að heimila.

Alþingi, 21. maí 1942.

Pétur Ottesen, form.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.	Páll Hermannsson.
Jónas Jónsson.	Helgi Jónasson.	Sig. E. Hlíðar.

Sþ. 498. Tillaga til þingsályktunar

um leigu á ríkisprentsmiðjunni Gutenberg.

Flm.: Hermann Jónasson.

Sameinað Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að leigja ríkisprentsmiðjuna Gutenberg starfsfólkinu, er við hana vinnur, samkvæmt tilboði í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 10. maí 1942.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, ritaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið prenturunum í Gutenberg svo hljóðandi bréf hinn 10. maí 1942:

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 10. maí 1942.

Ráðuneytið staðfestir hér með bréflega, að það hefur ákveðið að leigja yður, ásamt fleiri prenturum, ríkisprentsmiðjuna Gutenberg. Mál þetta hefur verið rætt á ráðherrafundi, og voru allir sammála um, að ekkert væri því til fyrirstöðu að leigja prentsmiðjuna þeim mönnum, er yfirleitt hafa við hana unnið og ætla að vinna við hana áfram, þar sem það er ekki tilgangur ríkisstjórnarinnar með rekstri prentsmiðjunnar að græða á vinnu prentaranna, enda skilyrði, að það sé almennt vilji þeirra, sem við fyrirtækið vinna, að rekstrinum verði breytt í þetta horf og umræddur leigumáli gerður.

Ráðuneytið gerir að skilyrði fyrir leigunni, að prentsmiðjan verði áfram í félagssamtökum prentsmiðjueigenda. Vill ráðuneytið með engu móti fallast á, að fyrirtækið geti, ef deilur rísa milli vinnuveitenda og vinnuþega í prentiðninni, starfað utan samtakanna og á þann hátt haft áhrif á úrslit slíkra deilna.

Ráðuneytið getur fallizt á það, að það sé hlutafélag, sem tekur prentsmiðjuna á leigu, en breyta verður því í samvinnufélag innan fjögurra mánaða frá því að rekstur inn er hafinn, og skal félagið starfa í því formi meðan leigumálinn gildir.

Aðrir skilmálar eru sem hér segir:

1. Hið leigða er húseignin nr. 6 við Þingholtsstræti með öllu, sem henni fylgir og fylgja ber, og leigist eignin í því ástandi, sem nú er. Enn fremur allar prentvélar og öll tæki, hverju nafni sem nefnast og ríkisprentsmiðjan á.
2. Leigutíminn skal vera 10 ár frá 1. júlí 1942 að telja. Leigumálinn framlengist um önnur tíu ár óbreyttur, ef ríkisstjórnin hefur ekki fyrir 30. júní 1952 ákveðið, að ríkissjóður taki að nýju í sínar hendur rekstur prentsmiðjunnar. Þá hafa leigutakar og forkaupsrétt að prentsmiðjunni þetta tímabil.
3. Gjaldið til ríkissjóðs fyrir hið leigða sé 5½% — fimm og hálfur af hundraði — af bókfærðu verði hins leigða nú, og þar að auki fyrningargjald, jafnhátt og skattalög ákveða af húsum og vélum á hverjum tíma. Greiðist gjald þetta af hinni bókfærðu upphæð eins og hún er nú, eða verður á ári hverju, eftir að frá hefur verið dregið fyrningargjald síðastliðins árs. Leigan greiðist hálfsárslega, eftir á. Auk þeirrar leigu, sem nefnd hefur verið, skal greiða árlega 10% — tíu af hundraði — af nettóágóða prentsmiðjunnar, eins og hann verður ákveðinn af skattstofunni. Leigusali annast viðhald eignanna hvað venjulegt slit snertir, en leigutakar skulu bæta það, er skemmist fyrir vanhirðu og handvömm.
4. Pappír og efnivörur, sem eru í prentsmiðjunni þegar leigutíminn hefst, eða þá þegar pantaðar, eiga leigutakar rétt á að fá við kostnaðarverði. Sams konar tilkall áskilur leigusali sér til pappírs og efnivara, sem leigutakar kunna að eiga eða hafa pantað, ef leigusali tekur á ný við prentsmiðjunni.

5. Verkefni, sem unnið er að í prentsmiðjunni þegar hún er afhent, skuluð þér yfirtaka samkvæmt samningum þeim, er um þau hafa verið gerð, og skal þá metið, hve mikill hluti verksins er þegar unninn. Skiptist greiðsla milli leigusala og leigutaka samkvæmt því.
6. Leigusali heitir því, að prentsmiðjan skuli hafa forrétt með svipuðum hætti og verið hefur að verkum þeim, er hún hefur annazt fyrir Alþingi, ríkisstjórn og opinberar stofnanir, enda njóti þessir aðilar þá jafngóðra kjara og þeir geta fengið hjá öðrum prentsmiðjum.
7. Úttekt prentsmiðjunnar við afhendingu og endurafhendingu skal fara fram á þann hátt, að leigusali og leigutaki tilnefna sinn manninn hvor til þess starfa. Komi þeir sér ekki saman um eitthvert eða einhver atriði, skulu þeir nefna oddamann, ella skal oddamaður dómkvaddur. Ákvörðun úttektarmanna verður ekki áfrýjað.
8. Núverandi forstjóri prentsmiðjunnar, Steingrímur Guðmundsson, skal eiga þess kost að vera forstjóri prentsmiðjunnar áfram meðan leigumálinn er í gildi, með eigi lakari kjörum en hann nýtur nú hjá ríkisprentsmiðjunni Gutenberg. Einnig skal hann eiga kost á að vera þátttakandi í fyrirtækinu, ef hann óskar þess.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Hermann Jónasson.

Til herra Alberts Finnbogasonar prentara, Reykjavík.

Núverandi dómsmálaráðherra hefur ekki viljað fullnægja þessu tilboði og ritað prenturunum eftirfarandi bréf:

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 20. maí 1942.

Með bréfi, dags. 10. þ. m., hefur fyrrverandi ráðherra, Hermann Jónasson, tjáð yður, herra prentari, að ráðuneytið hafi ákveðið að leigja yður, ásamt fleiri prenturum, ríkisprentsmiðjuna Gutenberg til 10 ára með nánar tilgreindum leigukjörum.

Með því að núverandi ríkisstjórn lítur svo á, að leiga ríkisprentsmiðjunnar eins og að framan greinir hafi ekki stoð í lögum, þá tilkynnist yður hér með, að ríkisstjórnin telur sig ekki bundna við framangreint bréf Hermanns Jónassonar.

Jakob Möller.

Gústav A. Jónasson.

Til hr. prentara Alberts Finnbogasonar, hér.

Prentararnir hafa svarað þessu þannig:

Reykjavík, 21. maí 1942.

Ég undirritaður hef móttekið bréf ráðuneytisins, dags. 20. þ. m., þar sem mér er tjáð, að ráðuneytið muni rifta leigumála þeim, er fyrrverandi dómsmálaráðherra gerði við mig fyrir hönd prentara.

Ég hlýt hins vegar að halda fast við rétt þann, sem felst í áðurnefndum leigumála, enda er það einróma vilji starfsfólks ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg, að svo verði gert. Var það samþykkt á fundi starfsfólksins 20. maí með 45 atkvæðum gegn 2.

Albert J. Finnbogason.

Til dómsmálaráðherra Jakobs Möller, Reykjavík.

Eins og af þessu má sjá, hefur þetta orðið að deiluatriði, sem taka mun langan tíma að fá skorið úr til fullnustu fyrir dómstólunum. Þykir mér því rétt, að Alþingi sjálft láti í ljós vilja sinn í þessu máli.

Núverandi dómsmálaráðherra telur leigutilboðið ekki styðjast við lög og stríða gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar, þar sem fram sé tekið, að eigi megi selja fasteignir ríkisins eða láta af hendi afnotarétt þeirra, nema með lögum.

Hér verður ekki rakið nákvæmlega, hvernig þetta ákvæði er til orðið, en það er léleg þýðing á ákvæði dönsku stjórnarskrárinnar. En hitt vita allir, sem kynni hafa af stjórnarráðstöfunum, að þetta ákvæði hefur hingað til ekki verið skilið á þann veg, sem það er túlkað í bréfi núverandi dómsmálaráðherra. Ég vil spyrja: Samkvæmt hvaða lögum leigði núverandi dómsmálaráðherra ríkiseignina Gimli í Reykjavík? Samkvæmt hvaða lögum hefur öll Bernhöftseignin verið leigð, ein verðmætasta eign hér í bæ? Samkvæmt hvaða lögum var lóðin í Bankastræti leigð Kaupfélagi Reykjavíkur á sínum tíma? Samkvæmt hvaða lögum var hluti af Arnarhólstúninu leigður undir bifreiðastöðina Geysi? Hvar eru þessi lög? Alþingismenn þekkja þau ekki og aðrir efalaust ekki heldur. Það mætti fylla marga dálka í Alþingistíðindunum með upptalningum hliðstæðra leigumála. Þær eru því ekki fáar riftingarnar, sem gera þarf á leigumálum, ef nú á að taka upp þá stefnu, sem núv. dómsmálaráðherra vill innleiða.

Þessar skýringar ættu að nægja til þess að sýna, hvernig þetta stjórnarskrárákvæði hefur verið skilið í framkvæmd.

Það, sem vitanlega skiptir máli í þessu tilfelli, er það, hvort leigumálinn um Gutenberg brýtur gegn tilganginum með eignarhaldi ríkisins á prentsmiðjunni. Ef sá tilgangur er brotinn, þá er umrætt ákvæði brotið samkvæmt eðli málsins. Því er haldið fram, að ef leigan á Gutenberg sé heimil, þá megi leigja Tóbakseinkasöluna, síldarverksmiðjur ríkisins o. fl. Hvert mannsbarn veit, að tilgangurinn með Tóbakseinkasölunni er að afla stórtekna af sölu munaðarvarnings. Tilgangurinn með rekstri síldarverksmiðjanna er að skipuleggja síldariðnaðinn í landinu, og jafnframt er þetta fyrirtæki eins konar samvinnufyrirtæki þeirra, sem afhenda því síld til vinnslu. Leiga slíkra eigna væri brot á tilgangi ríkisins með rekstri þeirra.

Þegar ríkisprentsmiðjan Gutenberg var leigð, var tilgangur ríkisins með eignarhaldi á prentsmiðjunni hafður í heiðri. Tilgangurinn með því að eiga Gutenberg er ekki sá, að skipuleggja prentiðnina í landinu og ekki að hefja nýbreytni í prentun. Tilgangurinn er aðeins sá, að hafa aðgang að prentsmiðju til þess að leysa af hendi þau prentstörf, sem vinna þarf í þágu ríkisstofnananna.

Eftir leigu prentsmiðjunnar hefur ríkið sömu aðstöðu til prentunar og áður. Leigutakar hafa forrétt að viðskiptum ríkisstofnananna með svipuðum hætti og verið hefur. Það er vitanlega fásinna ein, að ríkið sitji ekki samkvæmt ákvæði þessu fyrir um prentun, því ella væri ekki forrétturinn, sem prentsmiðjan hefur haft, með svipuðum hætti og verið hefur. Það er því ljóst, enda prenturum aldrei dottið í hug að leggja annan skilning í samninginn, að ríkisfyrirtækin skulu svo sem að undanförnu sitja fyrir um prentun í prentsmiðjunni og eigi með lakari kjörum en fáanleg eru á hverjum tíma hjá öðrum prentsmiðjum, sbr. 6. lið leigutilboðsins.

Ríkið hefur því nákvæmlega sömu aðstöðu til prentunar og áður, og auk þess fær ríkið 10% af nettóágóða af vinnu fólksins, sem á að starfrækja fyrirtækið. Ríkið fær alla sína prentun. Hið eina, sem skeð hefur með leigu fyrirtækisins, er það, að ríkið hættir að græða nema 10% á vinnu þess fólks, sem við fyrirtækið vinnur, og það hefur enn enginn gerzt svo djarfur að halda því fram, að tilgangur ríkisins með eignarhaldi á prentsmiðjunni hafi verið sá, að græða á vinnu fólksins. Gutenberg er ekki verzlunarfyrirtæki. Sá gróði, sem fyrirtækið gefur, er ágóði af vinnu starfsmannanna.

Prentarar keyptu Gutenberg í upphafi, en urðu að selja hana. Félagsskapur þeirra hefur tekið miklum þroska síðan. Prentarar hafa áhuga fyrir því, til þess að komast hjá vinnudeilum, að mynda yfirleitt samvinnufélög um rekstur prent-

smiðjanna í landinu. Fyrst þessi áhugi er fyrir hendi, þá verður það ekki hlutverk okkar samvinnumanna að bregða fæti fyrir hann eða standa þar á nokkurn hátt í vegi. Ég hef aldrei litið svo á, að ríkissjóður ætti að keppa að því að hirða arðinn af vinnu fólksins í Gutenberg. Ég skýrði prenturunum frá þessu í vetur, er þeir ræddu málið við mig. Ég hef lýst hinu sama yfir í ræðum, og ég hef staðið við þessa skoðun í verki.

Það er hagnaður á rekstri þessa fyrirtækis nú. Á góðum tímum á að byrja slíka starfrækslu, sem nú er fyrirhuguð í Gutenberg, en ekki krefjast þess af almenningi, að hann hefjist handa um atvinnureksturinn, þegar allt er komið í kaldakol og hver atvinnugrein að heita má rekin með tapi. Fólkið á að hafa tækifæri í góðærunum til þess að búa sig undir hin erfiðu ár. Það er eins og ég áðan sagði, hagnaður á þessu fyrirtæki í svipinn, — en menn verða að athuga, að fólkið tekur prentsmiðjuna á leigu til 10 ára, og á þeim tíma kemur kreppan. Því veitir ekki af að hafa bætt nokkuð fyrir sér áður en hana ber að höndum.

Af framan greindum ástæðum óska ég, að Alþingi skeri úr þeirri deilu, sem hafin er.

Ed. 499. Nefndarálit

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt með breytingum. Einn nefndarmanna (ErlÞ) áskilur sér rétt til þess að bera fram breytingartillögur, og annar (BSt) áskilur sér rétt að fylgja breytingartill., sem fram kunna að koma.

Nefndin leggur því til samkvæmt framansögðu, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

Við 49. tölul. Liðina 5, 7 og 8 skal orða svo:	Tollcining	Vörumagns-tollur	Verð-tollur
5 — — — möskvaðar	1 kg	2	
7 — — — annars	—	2	
8 — — — aðrar	—	2	

Alþingi, 22. maí 1942.

Magnús Gíslason, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson.

Nd. 500. Breytingartillaga

við frumv. til laga um heimild til þess að taka eignarnámi nokkur lönd á hverasvæðinu í Ölfusi.

Frá Eiríki Einarssyni.

Við 1. gr. Aftan við 1. tölulið greinarinnar bætist: Nær eignarnámsheimild þessi meðal annars til landeignar Kaupfélags Árnesinga í Hveragerði, með jarðhitaréttindum.

Ed. 501. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá Erlendi Þorsteinssyni.

I. Við 1. gr.

a. Á undan 1. lið komi nýr liður, sem verði nr. 1, svo hljóðandi:
(1) Í stað 30% og 50% verðtolls í 8. kafla (1—39) komi alls staðar: 8%.

b. Á eftir 3. lið komi nýr liður, sem orðist svo:
(5) Nr. 17 í 25. kafla orðist svo:
17 Sement ..... tollfrjálst

c. Á eftir 4. lið komi nýr liður, svo látandi:
(7) Nr. 57, 58 og 60 í 28. kafla orðist svo:
57 — nauðsynlegustu lyf samkvæmt skrá, staðfestri af fjármálaráðherra ..... tollfrjáls
58 — önnur ..... tollfrjáls
60 Baðlyf ..... tollfrjáls

d. Á eftir 10. lið komi 2 nýir liðir, svo látandi:
(14) Nr. 3—5 í 36. kafla orðist svo:
3 — sólaleður og bindsólaleður ..... tollfrjálst
4 — vatnsleður ..... tollfrjálst
5 — annað ..... tollfrjálst
(15) Nr. 1 í 37. kafla orðist svo:
1 Leðurstykki, tilsniðin, en ekki frekar unnin, ót. a., svo sem sólar, hælkappar og aðrar þvílíkar vörur ..... tollfrjáls

e. Á eftir 11. lið komi 4 nýir liðir, svo hljóðandi:
(17) Nr. 12 og 15 í 39. kafla orðist svo:
12 — gólfdúkar ..... tollfrjálsir
15 — sólar og hælar ..... tollfrjálsir
(18) Nr. 1—3, 9—11, 15, 18, 21—22, 28—30, 34, 39—40 og 53 í 40. kafla orðist svo:
1 — plankar og bitar, ót. a. ..... tollfrjálsir
2 — borð óunnin ..... tollfrjáls
3 — borð hefluð og plægð ..... tollfrjáls
9 — beyki ..... tollfrjálst
10 — birki og hlynur ..... tollfrjálst
11 — askur ..... tollfrjáls
15 — krossviður og aðrar límdar plötur („gabon") ..... tollfrjáls
18 — brúnspónn í stykkjum ..... tollfrjáls
21 — tunnustafir, tunnubotnar og tunnusvigar ..... tollfrjálst
22 — spons ..... tollfrjálst
28 — síldartunnur ..... tollfrjálsar
29 — kjöttunnur og lýsistunnur ..... tollfrjálsar
30 — aðrar ..... tollfrjálsar
34 Tígulgólf (parketstafir og plötur) einnig úr öðrum efnum ..... tollfrjálst
39 — húsalistar ót. a. ..... tollfrjálsir
40 — þéttilistar á glugga ..... tollfrjálsir
53 Árar ..... tollfrjálsar
(19) Nr. 1—2 og 5 í 41. kafla orðist svo:
1 Korkplötur óunnar ..... tollfrjálsar
2 Korkmylsna ..... tollfrjáls
5 Pressaðar korkplötur með eða án bindiefna til einangrunar ..... tollfrjálsar

(20) Nr. 2—4 í 44. kafla orðist svo:

2. Þakpappi og annar pappi borinn asfalti, biki, tjöru eða tjöruolíum, einnig í sambandi við önnur efni	tollfrjáls
3 Veggpappi	tollfrjáls
4. Gólfpappi	tollfrjáls

f. Á eftir 48. lið komi 4 nýir liðir, svo hljóðandi:

(58) Nr. 3—10 og 13 í 54. kafla orðist svo:

3 (Skófatnaður) úr leðri og skinni ót. a.	tollfrjáls
4 — úr vefnaði flóka, sefi, strái, ót. a., einnig þótt hann sé með leðursólum	tollfrjáls
5 — úr leðri með trébotnum	tollfrjáls
6 — (úr kátsjúk) stígvél	tollfrjáls
7 — skóhlífar	tollfrjálsar
8 — annar	tollfrjáls
9 — með kátsjúk eða leðursólum og yfirhluta úr striga	tollfrjáls
10 — tréskór	tollfrjálsir
13 — annar	tollfrjáls

(59) Nr. 2, 15, 17—18, 21—22 og 25 í 58. kafla orðist svo:

2 — þakhellur	tollfrjálsar
15 — pípur og pípuhlutar	tollfrjálst
17 — vegg- og gólfflögur, svo og þakhellur og þakplötur	tollfrjálsar
18 — pípur og pípuhlutar	tollfrjálst
21 — húsalistar, einnig í sambandi við önnur efni	tollfrjálsir
22 — vegg- og gólfflögur, svo og aðrar plötur úr gipsi til byggingar o. þ. h.	tollfrjálsar
25 — þakhellur og aðrar flögur, ót. a.	tollfrjálsar

(60) Nr. 1—2 og 4—5 í 59. kafla orðist svo:

1 Múrsteinn venjulegur	tollfrjáls
2 Þaksteinar	tollfrjálsir
4 Pípur og pípuhlutar	tollfrjálst
5 Vegg- og gólfflögur	tollfrjálsar

(61) Nr. 5—6 og 13—14 í 60. kafla orðist svo:

5 (Rúðugler) litað	tollfrjálst
6 — ólitað	tollfrjálst
13 Vegg- og gólfflögur	tollfrjálsar
14 Þilfarsgler, götugler (fortovsglas) og annað þess konar gler, einnig þótt það sé í járn- eða steinlímsumgerð	tollfrjálst

g. Á eftir 49. lið komi 6 nýir liðir svo hljóðandi:

(63) Nr. 1 í 64. kafla orðist svo:

1 Kopar og koparblöndur, óunnið í klumpum eða sem duft	tollfrjálst

(64) Nr. 1 í 65. kafla orðist svo:

1 Nikkel, nikkelblöndur, óunnið í klumpum, svo og duft	tollfrjálst

(65) Nr. 1 í 66. kafla orðist svo:

1 Aluminium og aluminiumblöndur, óunnið í klumpum, svo og duft	tollfrjálst

(66) Nr. 1 í 67. kafla orðist svo:

1 Blý og blýblöndur, ót. a., óunnið í klumpum, svo og blýspænir	tollfrjálst

(67) Nr. 1 í 68. kafla orðist svo:

1 Zink og zinkblöndur, óunnið í klumpum, svo og zinkduft	tollfrjálst

(68) Nr. 1 í 69. kafla orðist svo:

1 Tin og tinblöndur, óunnið í klumpum, svo og duft	tollfrjálst

Liðatala breytist samkv. atkvgr.

II. Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verði 3. gr. (greinatala breytist samkv. því):
Aftan við c-lið í „Ákvæði um stundarsakir“ komi: Þó skal til 1. júlí 1943 einungis innheimta verðtoll af andvirði varanna kominna um borð í skip á útflutningshöfn.

Sþ. 502. Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um leigu á ríkisprentsmiðjunni Gutenberg.

Frá Einari Olgeirssyni, Brynjólfi Bjarnasyni og Ísleifi Högnasyni.

Við tillögugreinina bætist:
Jafnframt lýsir Alþingi því yfir, að það telur fráfarandi ráðherra hafa með öllu skort heimild til að leigja prentsmiðjuna, án þess að leita samþykkis Alþingis, og leggur fyrir ríkisstjórnina að undirbúa nánari lagaákvæði um rekstur og umráðarétt yfir ríkisfyrirtækjum fyrir næsta Alþingi.

Ed. 503. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Hreppsnefndarkosningum þeim, sem ákveðnar eru síðasta sunnudag í júnímánuði 1942, skal frestað, og skulu þær fara fram 12. júlí 1942.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni félagsmálaráðuneytisins, og fylgdu því svo látandi ástæður:
Í 4. gr. laga nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, er svo ákveðið, að í þeim hreppum, þar sem ¾ hlutar íbúanna eru ekki búsettir í kauptúni, skuli hreppsnefndarkosningar fara fram síðasta sunnudag í júnímánuði.
Þar sem hentugra þykir, að framangreindar hreppsnefndarkosningar fari fram að afstöðnum alþingiskosningum, er svo ákveðið í frumvarpi þessu, að þær skuli fram fara sunnudaginn 12. júlí næstkomandi.

Nd. 504. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi jarðarinnar Eyrar við Ingólfsfjörð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og mælir með, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Orðin „útgerðarmönnunum ... Bjarnasyni“ falli burt.

Alþingi, 22. maí 1942.

Bergur Jónsson, form. Finnur Jónsson, fundaskr. Garðar Þorsteinsson, frsm.

Gísli Guðmundsson, með fyrirvara. Jóh. G. Möller.

Sþ. 505. Þingsályktun

um stjórnarskrárnefnd.

(Afgreidd frá Sþ. 22. maí).

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd til þess að gera tillögur um breytingar á stjórnskipunarlögum ríkisins í samræmi við yfirlýstan vilja Alþingis um, að lýðveldi verði stofnað á Íslandi, og skili nefndin áliti nógu snemma til þess, að málið geti fengið afgreiðslu á næsta Alþingi. Nefndin kýs sér sjálf formann. Nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Sþ. 506. Þingsályktun

um endurskoðun á lögum nr. 51 1921, um lífeyrissjóð embættismanna, og lögum nr. 33 s. á., um lífeyrissjóð barnakennara.

(Afgreidd frá Sþ. 22. maí).

Samhljóða þskj. 481.

Sþ. 507. Tillaga til þingsályktunar

um verðuppbætur á útflutningsafurðir landbúnaðarins.

(Eftir fyrri umr.)

Sameinað Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, að greiða úr ríkissjóði verðuppbætur á landbúnaðarafurðir, sem framleiddar voru til útflutnings árið 1941. Verðuppbætur þessar skal miða við það, að framleiðendur fái ekki lægra verð hlutfallslega fyrir þessar afurðir en þeir fengu fyrir þær árið 1940, miðað við verðlagsvísitölu beggja áranna.

Sþ. 508. Breytingartillaga

við till. til þál. um verðuppbætur á útflutningsafurðir landbúnaðarins.

Frá Emil Jónssyni.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða verðuppbætur á landbúnaðarafurðir, sem framleiddar voru til útflutnings árið 1941, og fisk og fiskafurðir,

sem seldar eru brezka matvælaráðuneytinu á tímabilinu frá 1. ágúst 1941 til 30. júní 1942 fyrir fast verð á ísl. höfn samkvæmt samningi.

Verðuppbætur þessar skal miða við það, að framleiðendur fái hækkun á verði fisks og fiskafurða í samræmi við hækkun verðlagsvísitölu frá 30. júlí 1941 til söludags og fyrir landbúnaðarafurðir hlutfallslega sama og árið 1940, miðað við verðlagsvísitölu beggja áranna. — Leita skal álits og tillagna Fiskifélags Íslands og Búnaðarfélags Íslands áður en verðlagsuppbætur eru ákveðnar.

Sþ. 509. Tillaga til þingsályktunar

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 19. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Sameinað Alþingi ályktar að veita samþykki sitt til þess, að fundum Alþingis verði frestað frá því er venjulegum störfum þess verður svo langt komið, að ekki þykir ástæða til lengra þinghalds að sinni, til þess dags, er almennar kosningar til Alþingis fara fram á þessu sumri.

Greinargerð.

Með því að samþykktar hafa verið breytingar á stjórnarskránni og þing mun nú verða rofið frá þeim degi talið, er almennar kosningar til Alþingis fara fram í sumar, en þinginu má ekki slíta nú samkvæmt ákvæðum 18. gr. stjórnarskrárinnar, hefur sú leið verið valin að leita heimildar til þess að fresta því til þess tíma, er þingið mun verða rofið.

Nd. 510. Breytingartillaga

við frv. til l. um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

Frá fjárhagsnefnd.

Aftan við 1. gr. frv. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni heimilast enn fremur að greiða sérstaka uppbót til þeirra embættis- og starfsmanna, sem hafa undir 650 kr. grunnlaun á mánuði og hafa börn innan 14 ára aldurs á framfæri sínu. Uppbót þessi nemi kr. 300.00 án verðlagsuppbótar fyrir hvert barn á ári og greiðist eftir á missirislega, þó þannig, að samanlögð grunnlaun og uppbót þessi fari eigi fram úr upphæð, sem svarar til 650 kr. grunnlauna á mánuði. Sams konar heimild veitist einnig ríkisstofnunum, sveitar- og bæjarfélögum og stofnunum þeirra.

Ed. 511. Frumvarp til laga

um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Greiða skal verðlagsuppbætur á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkis og ríkisstofnana og á eftirlaun og styrktarfé samkvæmt 18. gr. fjárlaga úr ríkissjóði samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Heimilt er lífeyrissjóðum embættismanna, barnakennara og ljósmæðra að greiða verðlagsuppbót á lífeyri á sama hátt. Ríkissjóður endurgreiðir lífeyrissjóðunum upphæðir þær, er þeir greiða samkv. ákvæðum þessum.

Ríkisstjórninni heimilast enn fremur að greiða sérstaka uppbót til þeirra embættis- og starfsmanna, sem hafa undir 650 kr. grunnkaup á mánuði og hafa börn innan 14 ára aldurs á framfæri sínu. Uppbót þessi nemi kr. 300.00 án verðlagsuppbótar fyrir hvert barn á ári og greiðist eftir á missirislega, þó þannig, að samanlögð grunnlaun og uppbót þessi fari eigi fram úr upphæð, sem svarar til 650 kr. grunnlauna á mánuði. Sams konar heimild veitist einnig ríkisstofnunum, sveitar- og bæjarfélögum og stofnunum þeirra.

2. gr.

Hagstofan, eða aðrir, ef lög ákveða svo, gerir yfirlit um breytingar á framfærslukostnaði í Reykjavík 1. dag hvers mánaðar, miðað við meðalverðlag mánuðina janúar—marz 1939.

Vísitölu þessa skal leggja til grundvallar við útreikning verðlagsuppbótar fyrir hvern mánuð.

3. gr.

Verðlagsuppbótin skal nema fullri hækkun vísitölunnar, miðað við grundvöllinn janúar—marz 1939 (= 100). Uppbót greiðist þó ekki af þeim hluta launa, sem er fram yfir 650 kr. á mánuði.

4. gr.

Nú tekur maður laun, eftirlaun eða fasta þóknun fyrir fleira en eitt starf eða hjá fleiri ríkisstofnunum í senn, og skal þá reikna uppbótina af launum samanlögðum og skipta hlutfallslega á þá aðila, sem launin greiða.

5. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist á launin að viðbættri þeirri dýrtíðaruppbót, sem nú er greidd samkvæmt lögum.

6. gr.

Verðlagsuppbót greiðist einnig á skrifstofufé og embættiskostnað, sem embættis- og starfsmönnum er greitt úr ríkissjóði, að undanskilinni húsaleigu og húsaleigustyrk.

7. gr.

Greiða skal verðlagsuppbót á styrki þá, sem greiða ber samkv. lögum nr. 33 1940, um héraðsskóla, lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum, lögum nr. 48 1930, um gagnfræðaskóla, svo og á styrki til iðnskóla.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjarsjóður greiða hvor um sig sömu verðlagsuppbót á þann styrk, sem þeim ber að greiða viðkomandi skóla, og greidd er embættis- og starfsmönnum ríkisins þann tíma, sem skólarnir starfa.

8. gr.

Hámarksákvæði niðurlags 3. gr. gilda ekki um greiðslur samkvæmt 6. og 7. gr.

9. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist mánaðarlega eftir á.

10. gr.

Rísi ágreiningur út af ákvörðun og greiðslu verðlagsuppbótar samkv. lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr til fullnaðar. Heimilt er ráðherra að setja reglugerð um nánari framkvæmdaratriði þessara laga.

11. gr.

Ákvæði laga þessara gilda frá ársbyrjun 1942. Eru jafnframt úr gildi fallin lög nr. 8 1941 og lög nr. 60 1941.

Ed. 512. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi jarðarinnar Eyrar við Ingólfsfjörð.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja, eftir mati dómkvaddra manna, land það úr þjóðjörðinni Eyri við Ingólfsfjörð, sem svonefnd Thorsteinssens-stöð stendur á og hefur til afnota fyrir síldarverksmiðjubyggingu.

2. gr.

Lóðarkaupendur eru skyldir að yfirtaka skyldur ríkissjóðs gagnvart núverandi lóðarleigjendum, meðan samningur þeirra er í gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 513. Lög

um breyting á lögum nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir.

(Afgreidd frá Ed. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 398.

Ed. 514. Lög

um styrk til Íslendinga vestan hafs til náms í íslenzkum fræðum í Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 384.

Ed. 515. Lög

um afnám laga nr. 31 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri.

(Afgreidd frá Ed. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 225.

Ed. 516. Lög

um sölu þjóðjarðarinnar Hólms.

(Afgreidd frá Ed. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 484.

Ed. **517. Lög**

um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitu vatni og landi í Skútudal í Siglufirði.

(Afgreidd frá Ed. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 486.

Nd. **518. Lög**

um heimild til þess að taka eignarnámi nokkur lönd á hverasvæðinu í Ölfusi.

(Afgreidd frá Nd. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 410.

Nd. **519. Lög**

um breyting á lögum nr. 66 31. des. 1937, um breyting á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 282.

Nd. **520. Lög**

um veiting ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Nd. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 483.

Ed. **521. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga**

um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 og stjórnarskipunarlögum nr. 22 24. marz 1934.

(Eins og það var að lyktum samþykkt og afgreitt frá Ed. 22. maí.)

Ed. **522. Lög**

um dómnefnd í kaupgjalds- og verðlagsmálum.

(Afgreidd frá Ed. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 289.

Ed. **523. Lög**

um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

(Afgreidd frá Ed. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 511.

Ed. 524. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 408, með þeim breytingum, er felast í brtt. á þskj. 499.

Ed. 525. Lög

um breyting á lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

(Afgreidd frá Ed. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 437.

Ed. 526. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi jarðarinnar Eyrar við Ingólfsfjörð.

(Afgreidd frá Ed. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 512.

Nd. 527. Lög

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 524 (sbr. 408 og 499).

Nd. 528. Lög

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

(Afgreidd frá Nd. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 503.

Nd. 529. Breytingartillaga

við till. til þál. um verðuppbætur á útflutningsafurðir landbúnaðarins.

Frá Emil Jónssyni.

Fyrirsögn frv. orðist þannig:
Till. til þál. um verðuppbætur á útflutningsvörur.

Sþ. 530. Þingsályktun

um verðuppbætur á útflutningsafurðir landbúnaðarins.

(Afgreidd frá Sþ. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 507.

Sþ. 531. Þingsályktun

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 19. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 509.

Sþ. 532. Nefndaskipun.

(59. löggjafarþing.)

I.
Fastanefndir.

A.
Í sameinuðu þingi.

1. Fjárveitinganefnd:
Jónas Jónsson,
Pétur Ottesen, formaður,
Bjarni Bjarnason,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Emil Jónsson, fundaskrifari,
Sigurður E. Hlíðar,
Helgi Jónasson,
Sigurður Kristjánsson,
Páll Hermannsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1943 (1*).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Till. til þál. um aðstoð við íslenzka námsmenn á Norðurlöndum og í Þýzkalandi (61, n. 258).
   Frsm.: Emil Jónsson.
3. Till. til þál. um lagningu Siglufjarðarvegar (58).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Till. til þál. um brúargerð á Hólsá (109).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Till. til þál. um brúargerð á Eldvatn í Meðallandi (114).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Till. til þál. um brúargerðir á Miðá og Hörðudalsá í Dalasýslu (123).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Till. til þál. um kaup á hlutabréfum Útvegsbanka Íslands h/f (91).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Till. til þál. um drykkjumannahæli (117).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Till. til þál. um landkaup í Ölfusi (142).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Till. til þál. um brúargerð á Hvítá hjá Iðu í Árnessýslu (158).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Till. til þál. um brúargerð á Hvítá í Borgarfirði og Urriðaá í Mýrasýslu (169).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Till. til þál. um brúargerð á Kvíá í Öræfum (171).
    Nefndarálit kom ekki.

---

*) Tölurnar innan sviga tákna númer á þingskjölum, og eru ekki talin önnur þingskjalanúmer en þau, sem málið bar, þá er því var til nefndar vísað, svo og þau, er nefndarálit (skammstafað: n.) hlutu. Sama er um mál, er nefndirnar flytja.

13. Till. til þál. um brú yfir Skjálfandafljót í Bárðardal (193).
Nefndarálit kom ekki.
14. Till. til þál. um greiðslu víxilskuldar, er ríkissjóður ábyrgist vegna brimbrjótsins í Bolungavík (159).
Nefndarálit kom ekki.
15. Till. til þál. um hluttöku ríkissjóðs í kostnaði við byggingu Djúpbátsins (162).
Nefndarálit kom ekki.
16. Till. til þál. um hafnarbætur í Hnífsdal í Eyrarhreppi (163).
Nefndarálit kom ekki.
17. Till. til þál. um stofnfé Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum (191, n. 301).
Frsm.: Sigurður Kristjánsson.
18. Till. til þál. um Langanesveg (261).
Nefndarálit kom ekki.
19. Till. til þál. um fjárframlag úr ríkissjóði og ríkisábyrgð á láni til þess að reisa nýjan stúdentagarð (254).
Nefndarálit kom ekki.
20. Till. til þál. um veg yfir Kollabúðaheiði (270).
Nefndarálit kom ekki.
21. Till. til þál. um að skora á ríkisstjórnina að láta reisa sementsverksmiðju og áburðarverksmiðju (212).
Nefndarálit kom ekki.
22. Till. til þál. um fjölgun hæstaréttardómara (223).
Nefndarálit kom ekki.
23. Till. til þál. um byggingu prestsseturs í Reykjavík (305).
Nefndarálit kom ekki.
24. Till. til þál. um styrk til byggingar Hallveigarstaða (317).
Nefndarálit kom ekki.
25. Till. til þál. um verðuppbætur á útflutningsafurðir landbúnaðarins (424, n. 497).
Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
26. Till. til þál. um fjárframlag vegna sauðfjársjúkdóma (377).
Nefndarálit kom ekki.
27. Till. til þál. um brúargerðir í Árnessýslu (476).
Nefndarálit kom ekki.
28. Till. til þál. um skipun raforkumála í byggðum landsins (350).
Nefndarálit kom ekki.

2. *Allsherjarnefnd:*
Jörundur Brynjólfsson,
Eiríkur Einarsson,
Einar Árnason, formaður,
Árni Jónsson, fundaskrifari,
Finnur Jónsson,
Þorsteinn Briem,
Páll Zóphóníasson.

T i l h e n n a r v í s a ð :

1. Till. til þál. um verksmiðju til að hreinsa og herða síldarlýsi (36, n. 379).
Frsm.: Finnur Jónsson.
2. Till. til þál. um lögreglueftirlit með samkomum og skemmtunum utan kaupstaða (45, n. 330).
Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
3. Till. til þál. um áfengismál (133, n. 477 (minni hl.)).
Frsm. minni hl.: Þorsteinn Briem.
Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.

Fastanefndir Sþ.: Utanríkismála-, kjörbréfa- og þingfararkaupsnefndir. — *Ed.:* Fjárhagsnefnd.

3. Utanríkismálanefnd:

Jónas Jónsson, formaður,
Magnús Jónsson, fundaskrifari,
Bergur Jónsson,
Ásgeir Ásgeirsson,
Jóhann Jósefsson,
Garðar Þorsteinsson,
Bjarni Ásgeirsson.

Varamenn:

Pálmi Hannesson,
Ólafur Thors,
Páll Zóphóníasson,
Bjarni Snæbjörnsson,
Haraldur Guðmundsson,
Árni Jónsson,
Gísli Guðmundsson.

4. Kjörbréfanefnd:

Pétur Ottesen,
Emil Jónsson,
Einar Árnason, formaður,
Þorsteinn Þorsteinsson, fundaskrifari,
Bergur Jónsson.

Ekkert mál bar undir nefndina.

5. Þingfararkaupsnefnd:

Sigurður E. Hlíðar,
Sigurður Kristjánsson, fundaskrifari,
Páll Zóphóníasson, formaður,
Steingrímur Steinþórsson,
Finnur Jónsson.

B.

Í efri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Bernharð Stefánsson,
Magnús Jónsson, formaður,[1])
Erlendur Þorsteinsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 frá 21. júní 1921, um stimpilgjald (20, n. 56).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
2. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1942 (83, n. 203).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 27. júní 1921, um sölu á prestsmötu (104, n. 201).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. (124).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við l. nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl. (14, n. 234).
   Frsm.: Erlendur Þorsteinsson.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 ¾ 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (277, n. 320).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
7. Frv. til l. um stríðsgróðaskatt (219, n. 321).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
8. Frv. til l. um framkvæmdasjóð ríkisins (332, n. 415 (meiri hl.) og 409 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Bernharð Stefánsson.
9. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast hitaveitulán fyrir Ólafsfjarðarhrepp (383, n. 469).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.

---

[1]) Þegar Magnús Jónsson varð ráðherra, 16. maí, tók sæti hans í nefndinni Magnús Gíslason.

Fastanefndir Ed.: Fjárhags-, samgöngumála-, landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndir.

10. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. (408, n. 499).
    Frsm.: Magnús Gíslason.
11. Frv. til l. um raforkusjóð (472).
    Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands (97).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
2. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1943 með viðauka (311).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
3. Frv. til l. um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana (316).
   Frsm.: Magnús Jónsson.

2. Samgöngumálanefnd:

Páll Zóphóníasson, formaður,
Árni Jónsson, fundaskrifari,
Sigurjón Á. Ólafsson.

Ekkert mál bar undir nefndina.

3. Landbúnaðarnefnd:

Páll Zóphóníasson,
Þorsteinn Þorsteinsson, formaður,
Erlendur Þorsteinsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði (77, n. 144).
   Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 31. des. 1937, um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og mjólkurafurða (154, n. 262).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð (51, n. 297).
   Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla (249, n. 296).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
5. Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 101 frá 23. júní 1936 (161, n. 376).
   Frsm.: Erlendur Þorsteinsson.

4. Sjávarútvegsnefnd:

Ingvar Pálmason, formaður,
Jóhann Jósefsson,
Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til hafnarlaga fyrir Neskaupstað (22, n. 101).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum (50, n. 143).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
3. Frv. til hafnarlaga fyrir Akranes (89, n. 160).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
4. Frv. til l. um lendingarbætur á Stokkseyri (110, n. 155).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

Fastanefndir Ed.: Sjávarútvegs-, iðnaðar-, menntamála- og allsherjarnefndir.

5. Frv. til l. um lendingarbætur í Skipavík (140, n. 184).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
6. Frv. til l. um vátryggingarfélög fyrir vélbáta (173, n. 358).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip (177, n. 355).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
8. Frv. til hafnarlaga fyrir Patreksfjörð (172, n. 407).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi (31).
   Nefndarálit kom ekki.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 23/6 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík (74).
Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

5. Iðnaðarnefnd:
Páll Hermannsson, formaður,
Bjarni Snæbjörnsson,
Erlendur Þorsteinsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um rafveitur ríkisins (137, n. 229).
   Frsm.: Páll Hermannsson.
2. Frv. til l. um sérleyfi til þess að veita raforku frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar (278, n. 361).
   Frsm.: Páll Hermannsson.

6. Menntamálanefnd:
Jónas Jónsson, formaður,
Jóhann Jósefsson, fundaskrifari,[1])
Bernharð Stefánsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 27. júní 1941, um breyt. á l. um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936 (33, n. 265).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
2. Frv. til l. um íþróttaskóla Íslands (32, n. 54 og 146 (frh.nál.)).
   Frsm.: Jónas Jónsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 23. júní 1936, um fræðslu barna (183).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir (398, n. 470).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
5. Frv. til l. um styrk til Íslendinga vestan hafs til náms í íslenzkum fræðum í Háskóla Íslands (384, n. 471).
   Frsm.: Jónas Jónsson.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra (466).
   Nefndarálit kom ekki.

7. Allsherjarnefnd:
Ingvar Pálmason, fundaskrifari,
Magnús Gíslason,
Sigurjón Á. Ólafsson, formaður.

1) Í nefndina var kosinn í öndverðu Árni Jónsson, en var leystur frá þeim nefndarstörfum samkvæmt eigin ósk. Tók þá Jóhann Jósefsson sæti hans í nefndinni.

Fastanefndir Ed.: Allsherjarnefnd.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör (3, n. 26 (meiri hl.) og 28 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Magnús Gíslason.
   Frsm. minni hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
2. Frv. til l. um notkun vegabréfa innanlands (8, n. 68).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
3. Frv. til l. um eftirlit með ungmennum o. fl. (9, n. 216).
   Frsm.: Magnús Gíslason.
4. Frv. til l. um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði (42, n. 122).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum (12, n. 121).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
6. Frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar (79, n. 248 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
7. Frv. til l. um sölu þjóðjarðarinnar Hólms (93, n. 271).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
8. Frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til að veita tannsmið Óla Baldri Jónssyni tannlækningaleyfi (98, n. 170).
   Frsm.: Magnús Gíslason.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 126 9. des. 1941, um viðauka við og breyt. á l. 8. sept. 1941, um húsaleigu (62, n. 324).
   Frsm.: Magnús Gíslason.
10. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar (111, n. 187).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.
11. Frv. til l. um framkvæmd á IV. kafla l. nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar (118).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar (119).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Frv. til l. um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitum uppsprettum í Skútudal í Siglufirði (120, n. 323).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.
14. Frv. til l. um málflytjendur (136, n. 395).
    Frsm.: Magnús Gíslason.
15. Frv. til l. um læknaráð (60, n. 218).
    Frsm.: Magnús Gíslason.
16. Frv. til l. um orlof (245).
    Nefndarálit kom ekki.
17. Frv. til l. um læknisvitjanasjóði (233, n. 299).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.
18. Frv. til l. um heimild til þess að taka eignar- og leigunámi nokkur lönd á hverasvæðinu í Ölfusi (272, n. 397).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.
19. Frv. til l. um afnám l. nr. 31 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri (225, n. 487 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Magnús Gíslason.
    Nefndarálit frá minni hl. kom ekki.

Fastanefndir Ed.: Allsherjarnefnd. — *Nd.:* Fjárhagsnefnd.

20. Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (255, n. 446).
Frsm.: Magnús Gíslason.
21. Frv. til l. um heimild fyrir Reykjavíkurbæ til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi (157, n. 339).
Frsm.: Magnús Gíslason.
22. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 11. júní 1938, um byggingarsamvinnufélög (309, n. 340).
Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
23. Frv. til l. um dómnefnd í kaupgjalds- og verðlagsmálum (289, n. 447 (meiri hl.) og 461 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
Frsm. minni hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
24. Frv. til l. um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum (329, n. 445).
Frsm.: Magnús Gíslason.
25. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands (413, n. 444).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
26. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Stafholtstungnahreppi landspildu úr Sauðhússkógi (485).
Nefndarálit kom ekki.
27. Frv. til l. um breyt. á hreppamörkum Borgar- og Stafholtstungnahreppa o. fl. (423).
Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna (80).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar (92).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
3. Till. til þál. um að skora á ríkisstjórnina að endurskoða alþýðutryggingalöggjöfina (443).
Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar (503).
Frsm.: Ingvar Pálmason.

C.

Í neðri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Sveinbjörn Högnason, formaður,
Jón Pálmason, fundaskrifari,
Skúli Guðmundsson,
Stefán Stefánsson,
Haraldur Guðmundsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1942 (13, n. 63).
Frsm.: Stefán Stefánsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við l. nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl. (14, n. 27).
Frsm.: Skúli Guðmundsson.

Fastanefndir Nd.: Fjárhagsnefnd.

3. Frv. til l. um ráðstafanir gegn dýrtíðinni (17).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 12. febr. 1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi (18, n. 335 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Haraldur Guðmundsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
5. Frv. til l. um framkvæmdasjóð ríkisins (23, n. 295 (meiri hl.) og 319 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Skúli Guðmundsson.
   Frsm. minni hl.: Jón Pálmason.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 27. júní 1921, um sölu á prestsmötu (43, n. 72).
   Frsm.: Sveinbjörn Högnason.
7. Frv. til l. um raforkusjóð (47, n. 430).
   Frsm.: Sveinbjörn Högnason.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (125, n. 180).
   Frsm.: Skúli Guðmundsson.
9. Frv. til l. um stríðsgróðaskatt (126, n. 199)
   Frsm.: Skúli Guðmundsson.
10. Frv. til l. um vörugjald fyrir Akureyrarkaupstað (132).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Akureyrarbæ lán til aukningar Laxárvirkjuninni og raforkuveitu Akureyrar (148, n. 322).
    Frsm.: Sveinbjörn Högnason.
12. Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands (97).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 frá 21. júní 1921, um stimpilgjald (20, n. 414).
    Frsm.: Stefán Stefánsson.
14. Frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933 (241).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1943 með viðauka (311).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Frv. til l. um frestun á framkvæmd ýmissa ákvæða l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. (432).
    Nefndarálit kom ekki.
17. Frv. til l. um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana (316, n. 480).
    Frsm.: Jón Pálmason.

N e f n d i n f l u t t i :

1. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast hitaveitulán fyrir Ólafsfjarðarhrepp (383).
   Frsm.: Stefán Stefánsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. (408).
   Frsm. var ekki kosinn.

M e i r i h l . n e f n d a r i n n a r f l u t t i :

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (125).
   Frsm.: Skúli Guðmundsson.
2. Frv. til l. um stríðsgróðaskatt (126).
   Frsm.: Skúli Guðmundsson.
3. Frv. til l. um afnám laga nr. 31 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri (225).
   Frsm. var ekki kosinn.

Fastanefndir Nd.: Samgöngumála-, landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndir.

2. Samgöngumálanefnd:

Gísli Sveinsson, formaður,
Steingrímur Steinþórsson, fundaskrifari,
Sveinbjörn Högnason,
Eiríkur Einarsson,
Ásgeir Ásgeirsson.

Til hennar vísað:

Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 frá 19. júní 1933 (25).
Nefndarálit kom ekki.

3. Landbúnaðarnefnd:

Bjarni Ásgeirsson, formaður,
Jón Pálmason, fundaskrifari,
Steingrímur Steinþórsson,
Pétur Ottesen,
Haraldur Guðmundsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1941, um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim (11, n. 363 (meiri hl.), 243 (minni hl.) og 370 (annar minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Bjarni Ásgeirsson.
   Frsm. minni hl.: Jón Pálmason.
   Frsm. annars minni hl.: Pétur Ottesen.
2. Frv. til l. um skipti á jörðunum Laxárdal og Ymjabergi í Skógarstrandarhreppi og ¾ hlutum Stóru-Sandvíkur í Sandvíkurhreppi (29).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð (51, n. 128).
   Frsm.: Steingrímur Steinþórsson.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla (102, n. 165).
   Frsm.: Steingrímur Steinþórsson.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði (167, n. 358).
   Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.
6. Frv. til l. um erfðaleigulönd (238).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 31. des. 1937, um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. (282, n. 474).
   Frsm.: Jón Pálmason.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum (437, n. 473).
   Frsm.: Pétur Ottesen.

Nefndin flutti:

Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 101 frá 23. júní 1936 (161).
Frsm.: Steingrímur Steinþórsson.

4. Sjávarútvegsnefnd:

Gísli Guðmundsson,
Sigurður Kristjánsson,
Jón Ívarsson,
Sigurður E. Hlíðar, fundaskrifari,
Finnur Jónsson, formaður.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 86 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþykktir og lendingarsjóði (7, n. 16).
   Frsm.: Finnur Jónsson.

Fastanefndir Nd.: Sjávarútvegs-, iðnaðar- og menntamálanefndir.

2. Frv. til l. um hafnargerð á Akranesi (6, n. 67).
   Frsm.: Sigurður Kristjánsson.
3. Frv. til l. um lendingarbætur á Stokkseyri (24, n. 81).
   Frsm.: Gísli Guðmundsson.
4. Frv. til l. nm breyt. á l. nr. 45 13/6 1937, um dragnótaveiði í landhelgi (31, n. 318).
   Frsm.: Finnur Jónsson.
5. Till. til þál. um ársskýrslur síldarverksmiðja ríkisins (35, n. 82).
   Frsm.: Finnur Jónsson.
6. Frv. til l. um jöfnunarsjóð aflahluta (37, n. 156 (meiri hl.) og 215 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Sigurður Kristjánsson.
   Frsm. minni hl.: Jón Ívarsson.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík (115, n. 205).
   Frsm.: Sigurður Kristjánsson.
8. Frv. til hafnarlaga fyrir Neskaupstað (131, n. 291).
   Frsm.: Jón Ívarsson.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum (168, n. 284).
   Frsm.: Finnur Jónsson.
10. Frv. til hafnarlaga fyrir Patreksfjörð (172, n. 273).
    Frsm.: Finnur Jónsson.
11. Frv. til l. um lendingarbætur í Skipavík (195, n. 275).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um vátryggingarfélög fyrir vélbáta (173).
   Frsm.: Sigurður Kristjánsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip (177).
   Frsm.: Sigurður Kristjánsson.

5. Iðnaðarnefnd:

Bjarni Ásgeirsson,
Eiríkur Einarsson, fundaskrifari,
Pálmi Hannesson,
Jóhann G. Möller,
Emil Jónsson, formaður.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um rafveitur ríkisins (34, n. 129).
   Frsm.: Emil Jónsson.
2. Frv. til l. um sérleyfi til þess að veita raforku frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar (38, n. 202).
   Frsm.: Emil Jónsson.
3. Frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til að veita sérleyfi til virkjunar vatnsfallanna í Dynjandavogi og Borgarfirði í botni Arnarfjarðar (315).
   Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. (371).
   Frsm.: Emil Jónsson.
2. Frv. til l. um iðnskóla (442).
   Frsm.: Jóhann G. Möller.

6. Menntamálanefnd:

Bjarni Bjarnason, formaður,
Gísli Sveinsson, fundaskrifari,
Pálmi Hannesson,

Fastanefndir Nd.: Menntamála- og allsherjarnefndir.

Þorsteinn Briem,
Ásgeir Ásgeirsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir (88, n. 354).
   Frsm.: Bjarni Bjarnason.
2. Frv. til l. um verklegt nám kandídata frá Háskóla Íslands (103).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til l. um styrk til Íslendinga vestan hafs til náms í íslenzkum fræðum í Háskóla Íslands (188, n. 345).
   Frsm.: Gísli Sveinsson.
4. Frv. til l. um íþróttakennaraskóla Íslands (122, n. 244).
   Frsm.: Bjarni Bjarnason.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra (260, n. 428 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Bjarni Bjarnason.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

Nefndin flutti:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 23. júní 1936, um fræðslu barna (183).
Frsm.: Pálmi Hannesson.

7. *Allsherjarnefnd:*
   Bergur Jónsson, formaður,
   Garðar Þorsteinsson,
   Gísli Guðmundsson,
   Jóhann G. Möller,
   Finnur Jónsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum (12, n. 48).
   Frsm.: Bergur Jónsson.
2. Frv. til l. um frestun bæjarstjórnarkosninga í Reykjavík (4).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til l. um málflytjendur (15, n. 106).
   Frsm.: Bergur Jónsson.
4. Frv. til l. um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum (2, n. 86 (meiri hl.) og 108 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Bergur Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Finnur Jónsson.
5. Frv. til l. um læknisvitjanasjóði (59, n. 213).
   Frsm.: Bergur Jónsson.
6. Frv. til l. um læknaráð (60, n. 149).
   Frsm.: Finnur Jónsson.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör (3, n. 150).
   Frsm.: Jóhann G. Möller.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla (87).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Frv. til l. um notkun vegabréfa innanlands (8, n. 153).
   Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
10. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar (92, n. 349).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.

Fastanefndir Nd.: Allsherjarnefnd.

11. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna (80, n. 211).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.
12. Frv. til l. um heimild fyrir Reykjavíkurbæ til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi (157, n. 246).
    Frsm.: Jóhann G. Möller.
13. Frv. til l. um þjóðfána Íslendinga (151, n. 283).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.
14. Frv. til l. um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði (42, n. 252).
    Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
15. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 10. nóv. 1913, um friðun æðarfugla (210).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita Baldri Óla Jónssyni leyfi til að stunda tanndrátt og tannfyllingar (207, n. 344).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.
17. Frv. til l. um eftirlit með ungmennum o. fl. (264, n. 449).
    Frsm.: Bergur Jónsson.
18. Frv. til l. um breyt. á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941 (257).
    Nefndarálit kom ekki.
19. Frv. til l. um heimild til að taka eignarnámi húseignina Austurstræti 5 í Reykjavík (259).
    Nefndarálit kom ekki.
20. Till til þál. um sölu og úthlutun bifreiða (194).
    Nefndarálit kom ekki.
21. Frv. til l. um sölu þjóðjarðarinnar Hólms (93, n. 458).
    Frsm.: Jóhann G. Möller.
22. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Stafholtstungnahreppi landspildu úr Sauðhússkógi (326, n. 457).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.
23. Frv. til l. um heimild til þess að taka eignarnámi nokkur lönd á hverasvæðinu í Ölfusi (410, n. 456).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.
24. Frv. til l. um breyt. á hreppamörkum Borgar- og Stafholtstungnahreppa o. fl. (423, n. 455).
    Frsm.: Bergur Jónsson.
25. Frv. til l. um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitu vatni og landi í Skútudal í Siglufirði (353, n. 459).
    Frsm.: Finnur Jónsson.
26. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi jarðarinnar Eyrar við Ingólfsfjörð (454, n. 504).
    Frsm.: Garðar Þorsteinsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 126 9. des. 1941, um viðauka við og breyt. á l. 8. sept. 1941, um húsaleigu (62).
   Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar (69).
   Frsm.: Jóhann G. Möller.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands (70).
   Frsm.: Gísli Guðmundsson.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 11. júní 1938, um byggingarsamvinnufélög (239).
   Frsm.: Gísli Guðmundsson.
5. Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (255).
   Frsm.: Bergur Jónsson.

Fastanefndir Nd.: Allsherjarn. – *Vinnunefndir* beggja deilda. – *Lausan. Ed. og Nd.:* Stjórnarskrárn.

6. Frv. til l. um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum (329).
   Frsm.: Bergur Jónsson.
   Meiri hl. nefndarinnar flutti:
   Frv. til l. um afnám l. nr. 31 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri (225).
   Frsm.: Jóhann G. Möller.

D.

Vinnunefndir.

Auk framantalinna nefnda skipuðu formenn fastanefnda, forseti og fyrri varaforseti eina nefnd í hvorri deild, vinnunefnd.

Vinnunefndir gerðu skrá um fundarstaði og fundatíma fastanefnda, er prentuð var og útbýtt meðal þingmanna.

II.
Lausanefndir.

A.

Í efri deild.

Stjórnarskrárnefnd:
Jónas Jónsson,
Magnús Gíslason, formaður,
Einar Árnason,
Bjarni Snæbjörnsson,
Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.

Nefndin kosin til að ihuga:

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 og stjórnarskipunarlögum nr. 22 24. marz 1934 (425, n. 475 (minni hl.) og 479 (meiri hl.)).
Frsm. minni hl.: Jónas Jónsson.
Frsm. meiri hl.: Magnús Gíslason.

B.

Í neðri deild.

Stjórnarskrárnefnd:
Bergur Jónsson,
Gísli Sveinsson, formaður,
Ásgeir Ásgeirsson, fundaskrifari,
Gísli Guðmundsson,
Sigurður Kristjánsson,
Garðar Þorsteinsson,
Sveinbjörn Högnason,
Einar Olgeirsson,
Jörundur Brynjólfsson.

Nefndin kosin til að ihuga:

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 og stjórnarskipunarlögum nr. 22 24. marz 1934 (55, n. 368 (meiri hl.) og 369 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
Frsm. minni hl.: Sveinbjörn Högnason.

Sþ. 533. Erindaskrá.

— Raðað eftir stafrófsröð. —

Afglöp, sjá Bráðabirgðaskýli.
Afurðasala landbúnaðarins.
1. Björn Guttormsson, Ketilsstöðum, sendir samþykkt aðalfundar búnaðarfélags Hjaltastaðahrepps 3. maí, þar sem skorað er á Alþingi og ríkisstjórn að tryggja framleiðslu landbúnaðarins ákveðið lágmarksverð, sem miðist við það, að hann sé fullkomlega samkeppnisfær við aðra vinnukaupendur í landinu. Bréf 6. maí (Db. 312).
2. Búnaðarfélag Íslands sendir Alþingi tillögu frá síðasta búnaðarþingi varðandi afurðasölu landbúnaðarins, með tilmælum um, að hún verði tekin til meðferðar á þessu þingi. 1 fskj. Bréf 27. marz (Db. 155).

Andrés Eyjólfsson, sjá Opinberir sjóðir.
Akranes, bæjarstjórnin, sjá: Bókasafn, Fangahús.
Akureyrarkirkja. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak., sendir fjvn. erindi sóknarnefndar Akureyrarsafnaðar, dags. 14. febr., þar sem hún fer fram á 20 þús. kr. viðbótarframlag til Akureyrarkirkju. Bréf 25. febr. (Db. 36).
Akureyri, sjá: Flóabátaferðir 7, Gagnfræðaskólinn, Húsmæðraskólar 1—2, Menntaskólinn, Leiklist, Rafveitur 1.
Akureyri, bæjarstjórnin, sjá: Dragnótaveiðar 2, Skemmtanaskattur, Vörugjald.
Alþingi, sjá Tillögur.
Alþýðusamband Íslands, sjá Dómnefnd 4.
Alþýðusamband Vestfjarða. Samþykktir 8. þings Alþýðusambands Vestfjarða. Bréf 15. maí (Db. 306).
Alþýðuskólinn á Eiðum, sjá Eiðaskóli.
Arnarhvoll, sjá Tillögur.
Austurland, sjá Strandferðir.
Áburðarsala ríkisins, sjá Tillögur.
Áburður, sjá Tilbúinn áburður.
Áfengis- og bindindismál.
1. Allshn. Sþ. óskar umsagnar fjvn. um till. til þál. um áfengismál. Bréf 1. maí (Db. 265).
2. Stórstúka Íslands skorar á Alþingi að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um héraðabönn við sölu áfengis um leið og kosningar til Alþingis fara fram næst. Bréf 17. marz (Db. 121).
3. Umsögn fjvn. um till. til þál. um áfengismál á þskj. 33. Bréf 5. maí (Db. 277).
4. Vorþing Umdæmisstúkunnar nr. 5 skorar á Alþingi og ríkisstjórn að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir nautn áfengra drykkja og gerir tillögur þar að lútandi. Jafnframt lýsir þingið ánægju sinni yfir fram kominni þáltill. á Alþingi um að stöðva að fullu útsölu áfengis og vínveitingaleyfi, og væntir þess, að þáltill. þessi nái fram að ganga. Bréf 12. apríl (Db. 249).
5. Þing umdæmisstúkunnar nr. 1, sem haldið var í Reykjavík 13. og 14. þ. m., skorar á Alþingi að samþykkja þál. þeirra PO o. fl. þm., um fjárframlag til drykkjumannahælis, og þál. um áframhaldandi lokun áfengisverzlunarinnar.

   Enn fremur skorar þingið á Alþingi og ríkisstjórn að láta fara fram atkvæðagreiðslu um héraðabönn jafnhliða næstu alþingiskosningum. Bréf 16. maí (Db. 301).

   — Sjá einnig: Samband bindindisfélaga í skólum, Stórstúka Íslands.

Áfengisverzlunin, sjá Áfengis- og bindindismál 4—5.
Ágúst Sigurðsson cand. mag., sjá Íslenzk-dönsk.

Árnesingafélag Vestmannaeyja, sjá Flóabátaferðir 1.
Árnessýsla, sýslunefndin, sjá Brúargerðir 10.
Árnessýsla, sýslumaðurinn, sjá Loftsstaðafjörur.
Árni Friðriksson, sjá Dragnótaveiði 6.
Ásbjörn Magnússon, sjá Námsstyrkur 1.
Ásbúðarsafn. Andrés Johnson, Ásbúð í Hafnarfirði, býður Alþingi til kaups safn sitt — Ásbúðarsafn — með tilgreindum skilyrðum. Bréf 12. febr. (Db. 23).
Ásgeir H. P. Hraundal, sjá Dýralækningar.
Ásdís Magnea Sigurðardóttir, fyrrv. ljósmóðir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 1.
Áveitur og framræslur.
1. Framræslu- og áveitufélag Ölfusinga fer þess á leit, að veittar verði 30 þús. kr. í fjárlögum 1943, og 27 þús. kr. í aukafjárlögum þessa árs, til framræslu og áveitu á engjalöndum í Ölfusi. 2 fskj. Bréf 20. apríl (Db. 236).
2. Sama félag fer þess á leit, að veittar verði 25 þús. kr. á þessu ári til framræslu og áveitu á engjalöndum í Ölfusi. Bréf 1. febr. (Db. 8).

Bandalag íslenzkra listamanna. 12 tónlistarmenn, 15 leikarar, 29 rithöfundar og 11 myndlistarmenn í Bandalagi íslenzkra listamanna bera sig upp við Alþingi undan starfsháttum menntamálaráðs og fleiru, er varðar starfsemi ráðsins, einkum formanns þess. Bréf 29. marz (Db. 195).
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.
1. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fer þess á leit, að starfsmönnum ríkisins verði tryggð fyrst um sinn 20% launabót og stofnunum ríkis og bæja jafnframt veitt heimild til hins sama gagnvart starfsmönnum sínum. Bréf 2. maí (Db. 274).
2. Sama bandalag sendir Alþingi áskoranir stofnþings bandalagsins varðandi launa- og starfskjör opinberra starfsmanna, ásamt greinargerð. Bréf 9. marz (Db. 80).
Barðastrandarvegur, sjá Vegamál 3.
Barðstrendingabraut, sjá Vegamál 4.
Barnahæli, sjá Sólheimar.
Barnaverndarráð Íslands, sjá Eftirlit með ungmennum 1.
Barnavinafélagið Sumargjöf. Barnavinafélagið Sumargjöf sækir um 18 þús. kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 17. febr. (Db. 137).
Bálfarafélag Íslands fer þess á leit, að því verði veittar 35 þús. krónur til byggingar bálstofu í Reykjavík. Bréf 6. febr. (Db. 67, b).
Bárður Þorsteinsson, sjá Hafnir og lendingarbætur 1.
Benjamín Eiríksson, fil. kand., sjá Námsstyrkur 2.
Bergur Jónsson, þm. Barð., sjá: Flóabátaferðir 2, Vegamál 3—5, Sundlaugar.
Berklavarnakostnaður. Fjármálaráðuneytið sendir fjvn. bréf Jóns Gunnlaugssonar, dags. 9. febr., varðandi berklavarnakostnað o. fl. Bréf 5. marz (Db. 67, k.).
Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., sjá Dragnótaveiði 5.
Bessastaðir.
1. Forsætisráðherra sendir fjvn. skýrslu um umbætur og breytingar þær, sem gerðar hafa verið og áætlað er að gerðar verði á Bessastöðum, ásamt kostnaðaryfirliti, og óskar fyrirmæla fjvn. um tilhögun búrekstrar á Bessastöðum. Bréf 2. marz (Db. 51).
2. Sami ráðherra itrekar óskir sínar um fyrirmæli fjvn. um tilhögun búrekstrar á Bessastöðum, og væntir skjótra ákvarðana. Bréf 10. marz (Db. 89).
Bifreiðaeftirlitið, sjá Tillögur.
Bifreiðaeinkasala ríkisins, sjá Tillögur.
Bifreiðakaup, sjá Fræðslumálaskrifstofan.
Bifreiðalögin. Dóms- og kirkjumrn. sendir allshn. Nd. frv. til l. um breyt. á bif-

reiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, með tilmælum um, að n. taki frv. til flutnings í þinginu. Bréf 27. marz (Db. 153).
Bindindisfélög, sjá Samband bindindisfélaga í skólum.
Bindindismál, sjá Áfengis- og.
Biskup Íslands, sjá Tillögur.
Björgunar- og gæzluskip. Skipaútgerð ríkisins sendir fjvn. bréf Arngríms Fr. Bjarnasonar, dags. 21. marz, varðandi byggingu björgunar- og gæzluskips fyrir Vesturlandi, og leggur til, að slíkt skip verði byggt. 4 fskj. Bréf 21. marz (Db. 144).
Björn Guttormsson, Ketilsstöðum, sjá Afurðasala 1.
Björn Haraldsson, sjá Vegamál 6.
Björn Sigfússon magister, sjá Samheitaorðabók.
Blindrafélagið sækir um 5000 kr. styrk. 4 fskj. Bréf 8. marz (Db. 98).
Blindravinafélag Íslands fer þess á leit, að því verði greidd full verðlagsuppbót á þann styrk, sem það hefur notið frá Alþingi að undanförnu. Bréf 24. apríl (Db. 239).
Bolungavík, sjá: Hafnarsjóður, Vatnsveita.
Borgarhreppur, sjá Hreppamörk.
Bókasafn. Bæjarstjórinn á Akranesi fer þess á leit, að veittur verði 3000 kr. styrkur til bókasafnsins á Akranesi í fjárlögum fyrir árið 1943. Bréf 20. apríl (Db. 252).
Bókbandsiðnrekendur, sjá Tollskráin 1 og 3.
Bókmenntafélagið, sjá Hið íslenzka.
Bráðabirgðaíbúðir.
1. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi borgarstjóra Reykjavíkur, dags. 6. des. f. á., þar sem hann fyrir hönd bæjarráðs Reykjavíkur fer fram á, að ríkissjóður beri helming kostnaðar af byggingu bráðabirgðaíbúða í Reykjavík. Bréf 11. febr. (Db. 9).
2. Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á Alþingi að hlutast til um, að greiddur verði úr ríkissjóði helmingur kostnaðar við byggingu bráðabirgðaíbúðanna í Höfðaborg, enda verði ríkissjóður eigandi íbúðanna í réttu hlutfalli við framlag sitt. Bréf 18. apríl (Db. 224).

Bráðabirgðaskýli. Jónas Jónsson alþm. fer þess á leit, að veittar verði allt að 60 þús. kr. til byggingar bráðabirgðaskýlis fyrir afvegaleiddar stúlkur. Bréf 16. apríl (Db. 197).
Breiðafjarðarbáturinn, sjá Norðri.
Breiðfirzkar konur, sjá Samband.
Brunabótafélag Íslands. Atv.- og samgmrn. sendir allshn. Nd. erindi Brunabótafélags Íslands, dags. 9. febr., ásamt frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands, með tilmælum um, að nefndin taki frv. til flutnings í þinginu. Bréf 18. febr. (Db. 48).
Brúnkol h/f, sjá Vegamál 7.
Brúargerðir.
1. Alþingiskjósendur sunnan og vestan Miðár og Hörðudalsár í Dalasýslu skora á Alþingi að veita fé til brúargerðar yfir framangreindar ár, á Miðá við Leirmúla, en á Hörðudalsá sem næst þjóðveginum. Bréf ódags. (Db. 125).
2. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi vegamálastjóra, dags. 24. apríl, um nýja brú á Ölfusá hjá Selfossi, og væntir rn. þess, að nefndin sjái sér fært að mæla með framkvæmdum í þessu skyni. 1 fskj. Bréf 4. maí (Db. 276).
3. Friðrik Friðriksson, Miðkoti, og Þorvarður Jónsson, Skúmsstöðum, senda Alþingi f. h. búenda í Þykkvabæ, Rangárvöllum og Vestur-Landeyjum áskoranir um fjárveitingu til brúargerðar á Hólsá á Rangárvöllum, og fylgja loforð um vinnuframlag til þessara framkvæmda. Bréf 15. marz (Db. 122).
4. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk., leggur fram áskorun hreppsbúa í Leiðvallahreppi, dags. í marz, þar sem þeir skora á þm. kjördæmisins að beita sér

fyrir því, að þegar á þessu ári verði sett brú á Eldvatn í Meðallandi. Bréf 7. apríl (Db. 170).

5. Hreppsnefnd Lýtingsstaðahrepps í Skagafjarðarsýslu skorar á Alþingi að veita fé til byggingar brúar á Svartá hjá Starrastöðum. Bréf ódags. (Db. 62).
6. Jón Ívarsson, þm. A.-Sk., sendir fjvn. erindi frá hreppsnefnd Borgarhafnarhrepps í Austur-Skaftafellssýslu, dags. 17. apríl, þar sem skorað er á Alþingi að veita fé í fjárlögum 1943 til brúargerðar á Heinabergsvötn. Bréf 30. apríl (Db. 266).
7. Oddviti Gnúpverjahrepps fer þess á leit, að fé verði veitt til brúargerðar á Þverá. Bréf 7. apríl (Db. 211).
8. Sundfélagið „Grettir" í Bjarnarfirði skorar á Alþingi að veita fé til brúargerða á Selá og Staðará sem allra fyrst. Bréf 25. marz (Db. 189).
9. Sveinbjörn Högnason og Helgi Jónasson, þm. Rang., senda Alþingi, ásamt meðmælum sínum, áskoranir búenda í V.-Landeyja-, Rangárvalla- og Djúpárhreppum í Rangárvallasýslu um að fé verði veitt til brúargerðar á Hólsá, og fylgja loforð um vinnuframlag til þessara framkvæmda. Bréf 4. marz (Db. 63).
10. Sýslumaðurinn í Árnessýslu sendir samþykkt sýslunefndar Árnessýslu að Laugarvatni 24. apríl, þar sem skorað er á Alþingi að samþykkja till. þá til þingsályktunar um brú á Hvítá hjá Iðu, sem nú liggur fyrir þinginu. Bréf 27. apríl (Db. 259).
11. Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu sendir samþykkt sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu 16. apríl, þar sem skorað er á Alþingi að veita nægilegt fé til að byggja brú á Selá í Nauteyrarhreppi. Bréf 25. apríl (Db. 278).
12. Sami sýslumaður sendir samþykkt sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu 14. apríl, þar sem skorað er á Alþingi að veita fé til byggingar brúar á Langadalsá framan við Bakkasel. Bréf 18. apríl (Db. 231).
13. Umsögn vegamálastjóra um framkomnar till. til þál. um brúargerðir. Bréf 2. maí (Db. 287).

Búnaðarbanki Íslands, sjá: Byggingar- og landnámssjóður, Tillögur.

Búnaðarfélag Hjaltastaðahrepps, sjá Afurðasala 1.

Búnaðarfélag Hvammshrepps, sjá Tilbúinn áburður 2.

Búnaðarfélag Íslands.

1. Búnaðarfélag Íslands sendir fjvn. þingsályktunartill. síðasta búnaðarþings, þar sem farið er fram á aukafjárveitingu til félagsins. Jafnframt fylgir afrit af bréfi félagsins til landbn., dags. 25. apríl Bréf 25. apríl (Db. 245).
2. Sama félag sendir Alþingi tillögur, sem síðasta búnaðarþing hefur afgreitt, með tilmælum um, að þær verði teknar til meðferðar á þessu þingi. Bréf 27. marz (Db. 154).

— Sjá einnig: Afurðasala 2, Bændaskólar 1, Hrossakynbótabú, Jarðrækt, Jarðræktarlög, Ófriðarráðstafanir, Sauðfjársjúkdómar, Tilbúinn áburður, Tillögur, Verðlaun.

Búnaðarsamband Suðurlands, sjá: Landbúnaðarvélar, Tilbúinn áburður 3.

Byggingar- og landnámssjóður. Umsögn Búnaðarbanka Íslands um frv. til l. um breyt. á l. nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð. Bréf 24. apríl (Db. 257).

Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur. Stjórn Byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur leitar þess við allshn. Nd., að hún taki meðfylgjandi till. um breyt. á l. um byggingarsamvinnufélög til athugunar og leggi fyrir deildina, ef hún telur ástæðu til. Bréf 25. marz (Db. 152).

Byggingarstyrkur.

1. Ríkarður Jónsson myndhöggvari sækir um 15 þús. kr. lán úr ríkissjóði til byggingar vinnustofu, enda njóti hann sömu kjara og aðrir listamenn, er fengið hafa lán í sama skyni. Bréf 7. apríl (Db. 175).

2. Sveinn Þórarinsson listmálari sækir um 25 þús. kr. styrk til byggingar á íbúðarhúsi í Reykjavík. Bréf 20. febr. (Db. 21).

Bændaskólar.

1. Búnaðarfélag Íslands sendir samþykkt búnaðarþings varðandi stofnun bændaskóla á Suðurlandi og athugun á fyrirkomulagi búnaðarfræðslunnar í landinu. Bréf 1. apríl (Db. 168).
2. Sýslumaðurinn í Árnessýslu sendir samþykkt sýslufundar Árnessýslu að Laugarvatni 22. apríl, þar sem skorað er á Alþingi að samþykkja þegar á þessu þingi frv. það til l. um bændaskóla á Suðurlandi, er nú liggur fyrir Alþingi. Bréf 27. apríl (Db. 260).

Daufdumbraskólinn, sjá Tillögur.
Davíð Gíslason Eyrbekk, sjá Eftirlaun og styrktarfé 3.
Djúpbátsstjórn Norður-Ísfirðinga, sjá Flóabátaferðir 3.

Dómnefnd í kaupgjalds- og verðlagsmálum.

1. Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík, mótmælir eindregið bráðabirgðalögum frá 8. jan. um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum og skorar á Alþingi að fella þau tafarlaust úr gildi. Bréf 5. marz (Db. 69).
2. 5 stéttarfélög í Vestmannaeyjum, Sjómannafélagið Jötunn, Verkamannafélagið Drífandi, Verkakvennafélagið Snót, Verklýðsfélag Vestmannaeyja og Vélstjórafélag Vestmannaeyja, ítreka kröftuglega mótmæli sín gegn gerðardómslögunum. Enn fremur krefjast þau þess, að verkalýðsfélögin verði samningsaðilar um dreifingu vinnuaflsins, ef um skipulagningu þar að lútandi verður að ræða. Símskeyti 29. apríl (Db. 269).
3. Sjötta þing sveinasambands byggingarmanna í Reykjavík mótmælir harðlega bráðabirgðalögum frá 8. jan. um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum og skorar á Alþingi að nema þau tafarlaust úr gildi. Bréf 7. marz (Db. 76).
4. Stjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir eindregið bráðabirgðalögum frá 8. jan. um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum og skorar á Alþingi að staðfesta þau ekki. Bréf 21. febr. (Db. 33).
5. Verklýðsfélag Vestmannaeyja skorar á Alþingi að staðfesta ekki brbl. um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum. Símskeyti 13. apríl (Db. 191).
6. Verkalýðsfélag Borgarness mótmælir harðlega brbl. um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum og skorar á Alþingi að nema þau tafarlaust úr gildi. Bréf 13. apríl (Db. 203).
7. Verkamannafélagið Hlíf í Hafnarfirði mótmælir l. um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum og skorar á Alþingi að nema þau tafarlaust úr gildi. Bréf 16. febr. (Db. 22).

Dragnótaveiði.

1. Almennur hreppsfundur í Eyrarsveit, haldinn 2. jan., skorar á Alþingi að setja lög um friðun Grundarfjarðar fyrir dragnótaveiði. Bréf 12. marz (Db. 109).
2. Bæjarstjórn Akureyrar lýsir yfir stuðningi sínum við áskorun smábátaeigenda á Akureyri um að réttur þeirra til dragnótaveiði í Eyjafirði verði ekki skertur. Bréf 25. marz (Db. 174).
3. Pálmi Hannesson og Steingrímur Steinþórsson, þm. Skagf., senda Alþingi samþykkt frá almennum hreppsfundi fyrir Hofshrepp í Skagafjarðarsýslu, um friðun fyrir dragnótaveiði á Skagafirði. Bréf 20. marz (Db. 139).
4. Samvinnufélag útgerðarmanna á Norðfirði mótmælir harðlega öllum breytingum á lögum um dragnótaveiði í landhelgi. Símskeyti 6. maí (Db. 289).
5. Stefán Stefánsson, 3. landsk. þm., Einar Árnason, 2. þm. Eyf., Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., Erlendur Þorsteinsson, 10. landsk. þm., og Garðar

Þorsteinsson, 7. landsk. þm., senda Alþingi áskoranir 226 útgerðar- og sjómanna úr Arnarness-, Árskógs-, Hríseyjar- og Svarfaðardalshreppum í Eyjafjarðarsýslu um friðun Eyjafjarðar fyrir dragnótaveiði innan línu, sem dregin sé frá Landsenda að vestan í Gjögur austan fjarðarins. Bréf 2. marz (Db. 52).

6. Umsögn Árna Friðrikssonar fiskifræðings um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi. 1 fskj. Bréf 9. apríl (Db. 199).
7. Umsögn Fiskifélags Íslands um sama frv. Bréf 14. apríl (Db. 196).
8. Útgerðarmenn í Ólafsfirði mótmæla harðlega framkomu frv. um breyt. á l. um dragnótaveiði í landhelgi og krefjast sama tíma og réttar um dragnótaveiði fyrir Norðurlandi og aðrir landshlutar njóta. Símskeyti 10. marz (Db. 85).
9. Útvegsmannafélag Ísfirðinga sendir mótmæli gegn því, að leyfðar verði dragnótaveiðar fyrir Vesturlandi fyrr en 1. júní ár hvert, eins og verið hefur. Símskeyti 9. marz (Db. 82).
10. Útvegsmenn og sjómenn á Árskógsströnd mótmæla eindregið samþykkt síðasta fiskiþings um frestun á banni við dragnótaveiði í landhelgi og skora á Alþingi að lögleiða friðun Eyjafjarðar gegn dragnótaveiði samkv. áður sendum áskorunum. Símskeyti 13. marz (Db. 100).

Drífandi, verkamannafélag, sjá Dómnefnd 2.

Drykkjumannahæli, sjá Áfengis- og bindindismál 5.

Dýralækningar. Ásgeir H. P. Hraundal sækir um styrk til að stunda dýralækningar í Stokkseyrarhreppi og nágrenni. Bréf 16. febr. (Db. 17).

Efnisyfirlit yfirréttardómanna. Fjármálaráðuneytið sendir fjvn. bréf Gústafs A. Sveinssonar hrm., dags. 12. jan., þar sem hann fer fram á 2000 kr. fjárveitingu í fjárlögum 1943 fyrir samningu efnisyfirlits yfirréttardóma, enda sé þetta lokafjárveiting. Bréf 5. marz (Db. 67, h.).

Eftirgjafir á skuldum, sjá: Fóðurmjölsverksmiðja, Hólshreppur, Síldarbræðslan.

Eftirlaun og styrktarfé.

1. Ásdís Magnea Sigurðardóttir, fyrrv. ljósmóðir, fer þess á leit, að sér verði veitt eftirlaun. 1 fskj. Bréf 9. marz (Db. 91).
2. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands skorar á Alþingi að gera ráðstafanir til þess, að föstum starfsmönnum á strandferðaskipum og varðskipum ríkisins verði greiddur árlegur lífeyrir, er þeir láta af störfum, hliðstætt því, sem gert er hjá Eimskipafélagi Íslands. Bréf 15. apríl (Db. 217).
3. Fjármálaráðuneytið sendir fjvn. bréf Davíðs G. Eyrbekks, dags. 31. jan., þar sem hann fer þess á leit, að sér verði veitt eftirlaun. Bréf 5. marz (Db. 67, g).
4. Helgi Árnason, fyrrv. safnahúsvörður, fer þess á leit, að eftirlaun hans verði hækkuð um kr. 50.00 á mánuði. Bréf 24. marz (Db. 188).
5. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., fer þess á leit, að Jóni Sverrissyni fyrrv. fiskimatsmanni verði veitt 1000 kr. eftirlaun. Bréf 29. apríl (Db. 262).
6. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N.-M., og Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M. senda fjvn., ásamt meðmælum sínum, erindi Erlends Erlendssonar fiskimatsmanns, dags. 26. febr., þar sem hann fer þess á leit, að sér verði veitt eftirlaun. Bréf 17. marz (Db. 113).
7. Póst- og símamálastjórnin sendir fjvn. erindi Sumarliða Guðmundssonar pósts, dags. 20. febr., þar sem hann sækir um nokkur eftirlaun, en hann lét af störfum vegna aldurs og vanheilsu á s. l. ári. 1 fskj. Bréf 7. marz (Db. 72).
8. Sigurður Bjarklind fer þess á leit, að Margréti Ásmundsdóttur, ekkju Benedikts Björnssonar skólastjóra í Húsavík, verði veitt eigi minna en 500 kr. eftirlaun. 1 fskj. Bréf 13. apríl (Db. 237).

9. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv., fer þess á leit, að Sigríði Jónasdóttur í Miðhópi í Þorkelshólshreppi, fyrrv. ljósmóður, verði veitt 200 kr. eftirlaun. Bréf 16. febr. (Db. 14).
10. Tómas Jónsson fyrrv. fiskimatsmaður sækir um 400 kr. eftirlaun. Bréf 16. marz (Db. 111).
11. Vitamálastjóri fer þess á leit, að Kristjóni Þorlákssyni fyrrv. vitaverði verði veittur 400 kr. lífeyrir. Bréf 5. marz (Db. 68).

Eftirlit með opinberum rekstri. Atv.- og samgmrn. sendir allshn. Nd. frv. til l. um afnám l. nr. 31 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri, með tilmælum um, að nefndin taki það til flutnings í þinginu. Bréf 31. marz (Db. 169).

Eftirlit með ungmennum.
1. Barnaverndarráð Íslands lætur allshn. Ed. í té umsögn sína um frv. til l. um eftirlit með ungmennum o. fl. Bréf 11. marz (Db. 102).
2. Umsögn prófessors Ísleifs Árnasonar um frv. til l. um eftirlit með ungmennum o. fl. Bréf 13. apríl (Db. 264).

Eftirlitsnefnd opinberra sjóða, sjá Opinberir sjóðir.

Eiðaskóli, sjá Tillögur.

Eignar- og leigunám, sjá Ölfusið.

Eimskipafélag Íslands sendir fjhn. Nd. yfirlit um rekstur félagsins á síðast liðnu ári og um efnahag þess um síðustu áramót. Bréf 15. maí (Db. 313). — Sjá einnig Skattgreiðsla.

Einar Árnason, 2. þm. Eyf. sjá: Dragnótaveiði 5, Flóabátaferðir 4—5.

Einar Sigurfinnsson, sjá: Brúargerðir 3, Iðuferja.

Eldfim efni, sjá Öryggisráðstafanir 1.

Eldjárn, Hjörtur, sjá Námsstyrkur 3.

Eldvatn í Meðallandi, sjá Brúargerðir 4.

Elliheimili. Kvenfélagið Kvik á Seyðisfirði þakkar Alþingi styrkveitingu til elliheimilisins Hafnar þar í bæ og fer þess jafnframt á leit, að því verði veittur sami styrkur áfram að viðbættri verðlagsuppbót. Bréf 14. marz (Db. 156).

Endurbyggingar, sjá Héraðasöfn.

Erlendur Erlendsson fiskimatsmaður, sjá Eftirlaun og styrktarfé 6.

Erlendur Þorsteinsson, 10. landsk. þm., sjá Dragnótaveiði 5.

Eyðing tundurdufla. Páll Hermannsson og Páll Zóphóníasson, þm. N.-M., senda Alþingi skjal undirritað af fullum þrem tugum útgerðarmanna og formanna af Austfjörðum, dags. 23. jan., þar sem lýst er þeim vandræðum, er fiskveiðum standa af tundurduflum úti fyrir Austfjörðum, og þess jafnframt krafizt, að bryggja á Vopnafirði verði lengd. Bréf 31. marz (Db. 159).

Eyjafjarðarsýsla, sýslunefndin, sjá: Sýsluvegasjóðir, Vegamál 18, Vörugjald.

Eyjafjörður, sjá Dragnótaveiði 2, 5 og 10.

Eyrarbakki, sjá Sogsvirkjunin.

Eyrarhreppur, hreppsnefndin, sjá Hafnir og lendingarbætur 1.—3.

Eyrarhreppur, oddvitinn, sjá Jöfnunarsjóður aflahluta 1.

Fangahús. Bæjarstjórn Akraness fer þess á leit, að veittar verði að minnsta kosti 15 þús. kr. til byggingar fangahúss á Akranesi. Bréf 7. apríl (Db. 212).

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, sjá: Eftirlaun og styrktarfé 2, Stríðstryggingar, Tollamál.

Fasteignaeigendafélag Reykjavíkur, sjá Húsaleigulögin 3.

Faxaflói. Fiskifélag Íslands sendir samþykkt fiskiþings um friðun Faxaflóa. Bréf 22. maí (Db. 308).

Fávitahæli, sjá Sólheimar.

Ferðaskrifstofa ríkisins. Atv.- og samgmrn. sendir allshn. Nd. frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 1. febr. 1936, um ferðaskrifstofu ríkisins, með tilmælum um það, að nefndin taki það til flutnings í þinginu. Bréf 31. marz (Db. 169).

Félag íslenzkra iðnrekenda, sjá Tollskráin 1.
Félag lækna, sjá Lækningaleyfi.
Fimleikahús, sjá: Kvennaskólinn, Menntaskólinn, Sundlaugar og.
Finnur Jónsson, þm. Ísaf., sjá: Námsstyrkur 4, Þingmálafundargerðir 2.
Fiskifélag Íslands sækir um 30 þús. kr. hækkun á fjárframlagi ríkissjóðs til félagsins fyrir árið 1942 og 60 þús. kr. hækkun á áætluðu framlagi ríkissjóðs árið 1943. 1 fskj. Bréf 5. marz (Db. 75). — Sjá einnig: Dragnótaveiði 7, Faxaflói, Fiskveiðasjóður, Jöfnunarsjóður 2, Siglingahættur, Sjómannafræðsla, Tillögur.
Fiskimatsmenn, sjá Eftirlaun og styrktarfé 5, 6 og 10.
Fiskveiðasjóður Íslands. Fiskifélag Íslands sendir samþykkt síðasta fiskiþings um fiskveiðasjóð. Bréf 2. apríl (Db. 270).
Flatey, sjá Vegamál 5.
Flatey á Skjálfanda, sjá Hafnir og lendingarbætur 5.
Flateyjarhreppur, sjá Hafnir og lendingarbætur 5.
Flóabátaferðir.

1. Árnesingafélag Vestmannaeyja, Rangæingafélag Vestmannaeyja og Skaftfellingafélag Vestmannaeyja fara þess á leit, að veitt verði eigi minna fé en 10 þús. kr. til fólksflutninga milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar, og enn fremur ⅓ af kostnaðarverði væntanlegrar bátsbyggingar, sem notaður yrði til fólksflutninga milli framangreindra staða. Bréf 16. marz (Db. 222).
2. Bergur Jónsson, þm. Barð., sendir Alþingi, ásamt meðmælum sínum, erindi h/f Breiðafjarðarbátsins Norðra, dags. 21. febr., þar sem félagið sækir um 15 þús. kr. styrk til vöru- og fólksflutninga á norðanverðum Breiðafirði. 1 fskj. Bréf 25. febr. (Db. 38).
3. Bráðabirgðastjórn, kosin til að gangast fyrir byggingu nýs Djúpbáts, sendir fjvn. samþykkt almenns héraðsfundar Norður-Ísfirðinga að Reykjanesi 5. marz, þar sem skorað er á Alþingi að veita ekki minna fé til byggingar nýs Djúpbáts en ⅗ hluta raunverulegs byggingarkostnaðar, sem áætlaður er, að verði 500 þús. kr. 2 fskj. Bréf 31. marz. (Db. 184).
4. Einar Árnason, 2. þm. Eyf., vekur athygli samgmn. Nd. á því, að í mikið óefni sé komið um útgerð flóabáta þeirra, er styrks njóta úr ríkissjóði, sakir þess að allur útgerðarkostnaður hefur aukizt stórkostlega, og leggur til, að styrkur til flóabáta verði hækkaður allmikið. Bréf 20. marz. (Db. 129).
5. Sami alþm. sendir samgmn. Ed. sams konar erindi. Bréf 20. marz. (Db. 128).
6. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., fer þess á leit, að veittur verði 25 þús. kr. styrkur til bátaferða milli Stokkseyrar og Vestmannaeyja. Bréf 26. apríl. (Db. 253).
7. Jón Björnsson fer þess á leit, að sér verði veittar 42 þús. kr. til þess að halda uppi flóabátsferðum um Eyjafjörð og milli Akureyrar og Seyðisfjarðar. Bréf 2. marz. (Db. 61).
8. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., fer þess á leit, að eigi verði veitt minna fé en 10 þús. kr. til fólksflutninga milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar, og enn fremur ⅓ af kostnaðarverði væntanlegrar bátsbyggingar milli framan greindra staða. Bréf 5. maí. (Db. 281).
9. Ólafur Pálsson, forstjóri h/f Vestfjarðabátsins, sendir Alþingi rekstrarreikning félagsins fyrir s. l. ár, ásamt efnahagsreikningi, og fer þess jafnframt á leit, að félaginu verði að fullu bættur rekstrarhalli sá, er varð á síðast liðnu ári. Bréf 20. febr. (Db. 35).
10. Stefán Baldvinsson oddviti sækir um 500 kr. styrk til mótorbátsferða milli Loðmundarfjarðar og Seyðisfjarðar. Bréf 12. jan. (Db. 3).
11. Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu sendir Alþingi samþykkt sýslufundar Norður-Ísafjarðarsýslu 16. apríl, þar sem skorað er á Alþingi að hækka rekstrarstyrk til djúpbátsferðanna á yfirstandandi ári í 65 þús. kr., með því

að vitanlegt sé, að ómögulegt verður að halda uppi ferðum með þeim ríkisstyrk, er veittur hefur verið. Bréf 18. apríl. (Db. 229).
12. Sami sýslumaður sendir samþykkt sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu 16. apríl, þar sem skorað er á Alþingi að veita ekki minna fé til byggingar nýs Djúpbáts en ⅗ hluta raunverulegs byggingarkostnaðar, sem áætlaður er að verði 500 þús. kr. Bréf 18. apríl. (Db. 232). — Sjá einnig Skipaútgerð ríkisins.

Flugmálaráðunautur ríkisins, sjá Tillögur.
Flugnám, sjá Námsstyrkur 1 og 4.
Flugvellir. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., fer þess á leit, að fjvn. geri það að tillögu sinni, að fé verði veitt til flugvallargerðar í Vestmannaeyjum að ⅓ af kostnaðarverði hans, þó eigi yfir tilgreinda upphæð. Bréf 20. marz. (Db. 127).
Forkaupsréttur. Jónas Guðjónsson og Jóel Gíslason, ábúendur jarðanna Ymjabergs og Laxárdals á Skógarströnd, leita þess við landbn. neðri deildar, að hún styðji það, að þeir fái forkaupsrétt á fyrr nefndum jörðum, ef sala á þeim yrði heimiluð. Símskeyti 15. apríl. (Db. 221).
Fóðurmjölsverksmiðja Norðfjarðar. Fjármálaráðuneytið sendir fjvn. símskeyti bæjarstjórans á Norðfirði, dags. 2. febr., varðandi eftirgjöf á skuld Neskaupstaðar við ríkissjóð vegna fóðurmjölsverksmiðju Norðfjarðar. Bréf 5. marz. (Db. 67, i).
Framfærslunefnd ríkisins. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sendir allshn. Nd. til athugunar skýrslu um störf framfærslunefndar ríkisins árið 1941. Bréf 11. febr. (Db. 7).
Framræsla, sjá Áveitur og.
Framræslu- og áveitufélag Ölfusinga, sjá Áveitur og.
Friðrik Friðriksson, Miðkoti, sjá Brúargerðir 3.
Friðrik V. Ólafsson, sjá Sjómælingar.
Fræðsla barna. Landlæknir sendir menntmn. Nd. frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 23. júní 1936, um fræðslu barna, með tilmælum um, að nefndin taki það til flutnings á þinginu. Bréf 30. marz. (Db. 160).
Fræðslumálaskrifstofan. Fræðslumálastjórnin fer þess á leit, að veitt verði fé til þess að kaupa bifreið, sem yrði til afnota fyrir fræðslumálaskrifstofuna. 2 fskj. Bréf 20. apríl. (Db. 247).
Fræðslumálastjórinn, sjá: Lestrarfélög og, Skipun barnakennara, Tillögur.
Fyrirhleðslur.
1. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi ábúenda á yztu jörðum á Fljótsdalshéraði austan Jökulsár og alþingiskjósenda í Tunguhreppi, dags. í jan., þar sem farið er fram á fjárveitingu til fyrirhleðslu í Geirastaðakvísl. Bréf 9. marz. (Db. 77).
2. Fjármálaráðuneytið sendir fjvn. bréf vegamálastjóra, dags. 12. febr., þar sem farið er fram á 125 þús. kr. fjárveitingu í fjárlögum 1943 til fyrirhleðslu Þverár og Markarfljóts. Bréf 5. marz. (Db. 67, d).
3. Jón Ívarsson, þm. A.-Sk., fer þess á leit, að veittar verði til fyrirhleðslu í Virkisá í Öræfum 6000 kr. og til fyrirhleðslu í Steinavötnum í Suðursveit 2000 kr. 1 fskj. Bréf 14. apríl. (Db. 192).

Gagnfræðaskólinn á Akureyri. Bæjarstjórinn á Akureyri fer þess á leit f. h. Akureyrarkaupstaðar, að veitt verði á þessu ári lögboðið framlag til byggingar gagnfræðaskóla á Akureyri. Byggingarkostnaður er áætlaður 400 þús. kr. Símskeyti 3. maí. (Db. 272).
Garðar Þorsteinsson, 7. landsk. þm., sjá Dragnótaveiði 5.
Garðyrkjuskólinn á Reykjum, sjá Tillögur.
Geirastaðakvísl, sjá Fyrirhleðslur 1.
Gerðardómur, sjá Dómnefnd.
Gestur Andrésson, sjá Hundakaup.

Gisti- og veitingahús.
1. Þorleifur Ben. Þorgrímsson og Sigrún Pétursdóttir fara þess á leit, að fjvn. mæli með því, að þeim verði veitt 150 þús. kr. lán með ríkisábyrgð til byggingar á gisti- og veitingahúsi í Reykjavík, er einungis verði til afnota fyrir Íslendinga. 2 fskj. Bréf 7. apríl. (Db. 177).
2. Sömu aðilar ítreka umsókn sína um 150 þús. kr. lán með ríkisábyrgð til byggingar á gisti- og veitingahúsi í Reykjavík og fara þess á leit, að fjvn. taki mál þetta sem fyrst til athugunar og afgreiðslu. Bréf 18. apríl. (Db. 248).

Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk., sjá Brúargerðir 4.
Gjaldþrot, sjá Síldareinkasalan.
Glaumbær í Skagafirði, sjá Héraðasöfn.
Gnúpverjahreppur, hrepsnefndin, sjá Vegamál 12.
Grafarnes við Grundarfjörð, sjá Hafnir og lendingarbætur 4.
Grenjaðarstaður, sjá Héraðasöfn.
Grettir, sundfélag, sjá: Brúargerðir 8, Vegamál 16.
Grundarfjörður, sjá: Dragnótaveiði 1, Hafnir og lendingarbætur 1 og 4.
Grænmetisverzlun ríkisins, sjá Tillögur.
Guðmundur Einarsson, Mosfelli, sjá Íslenzk tunga.
Guðmundur Gíslason læknir, sjá Keldur í Mosfellssveit.
Guðmundur Marteinsson, sjá Tryggvagarður.
Gústaf A. Sveinsson, sjá Efnisyfirlit.
Gutenberg. Hið íslenzka prentarafélag skorar á Alþingi að samþykkja þingsályktunartillögu Hermanns Jónassonar um leigu á ríkisprentsmiðjunni Gutenberg. Bréf 23. maí. (Db. 311). — Sjá einnig Tillögur.
Göhlsdorf, Elisabeth, sjá Ríkisborgararéttur.

Hafnarfjörður, sjá Húsmæðraskólar 4.
Hafnarsjóður Bolungavíkur. Sigurður M. Helgason, lögreglustjóri í Bolungavík, sendir Alþingi erindi hreppsnefndar Hólshrepps, dags. 17. febr., þar sem skorað er á Alþingi að veita 35 þús. kr. til greiðslu á skuld hafnarsjóðs Bolungavíkur. Bréf 17. febr. (Db. 57).
Hafnir og lendingarbætur.
1. Bárður Þorsteinsson fer þess á leit f. h. hreppsnefndar Eyrarsveitar, að veittur verði í næstu fjárlögum helmingur af því fé, er áætlun leiði í ljós, að fyrirhugað hafnarmannvirki í Grundarfirði muni kosta, og jafnframt samþykki Alþingi ríkisábyrgð fyrir hinum helmingi kostnaðarins, sem áætlað sé að taka að láni með ábyrgð ríkis, hrepps og sýslu. Bréf ódags. (Db. 150).
2. Hermann Jónasson, þm. Str., fer þess á leit við fjvn., að hún mæli með því við ríkisstjórnina, að greiddar verði 20. þús. kr. úr ríkissjóði til lendingarbóta í Skipavík. Bréf 31. marz. (Db. 171).
3. Hreppsnefnd Eyrarhrepps fer þess á leit, að veittar verði allt að 100 þús. kr. til framhalds bryggjubyggingar í Hnífsdal. Bréf 25. febr. (Db. 136).
4. Sama hreppsnefnd fer þess á leit, að helmingur kostnaðar við væntanlegar hafnarbætur í Grafarnesi við Grundarfjörð verði greiddur úr ríkissjóði. Bréf 22. apríl. (Db. 243).
5. Hreppsnefnd Flateyjarhrepps fer þess á leit, að veittar verði 25 þús. kr. til endurbóta og stækkunar á bátabryggjunni í Flatey á Skjálfanda. Bréf ódags. (Db. 6).
6. Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps fer þess á leit, að veittar verði 40 þús. kr. til bryggjugerðar og hafnarbóta í Ólafsfirði. Bréf 21. febr. (Db. 53).
7. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., sækir um 100 þús. kr. fjárframlag til aukningar og endurbóta á Vestmannaeyjahöfn árið 1943, gegn venjulegu fjárframlagi úr bæjarsjóði Vestmannaeyja. Bréf 20. marz. (Db. 126).

8. Sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu sendir samþykkt sýslunefndarinnar, gerða á aðalfundi hennar, sem haldinn var dagana 23. til 28. marz, þar sem skorað er á Alþingi að styrkja með verulegu fjárframlagi bryggjugerð á Vopnafirði. Bréf 1. apríl. (Db. 233).
9. Þorsteinn Þorsteinsson, 5. landsk. þm., sendir Alþingi erindi hreppsnefndar Stykkishólmshrepps, dags. 17. apríl, þar sem þess er farið á leit, að veittar verði úr ríkissjóði 80 þús. kr. til endurbóta og aukningar á hafnarmannvirkjum í Stykkishólmi. Bréf 20. apríl. (Db. 225).

Hagfræðinám, sjá Námsstyrkur 2.
Hagstofa Íslands, sjá Tillögur.
Halldóra Bjarnadóttir, sjá: Heimilisiðnaður, Vindrafstöðvar.
Hallgrímsprestakall, sjá Prestssetur.
Hallveigarstaðir h/f. Stjórn Kvennaheimilisins Hallveigarstaða h/f sækir um 100 þús. kr. styrk til að reisa fyrirhugað kvennaheimili í Reykjavík. 1 fskj. Bréf 11. apríl. (Db. 202).
Hamar, sjá Skattfrelsi.
Handíðaskólinn. Dóms- og kirkjumrn. sendir erindi formanns skólaráðs handíðaskólans, dags. 12. febr., þar sem þess er farið á leit, að skólanum verði veittur 15600 kr. styrkur í fjárlögum 1943. 1 fskj. Bréf 16. febr. (Db. 67, b).
Hansen, Jannet Vivian, sjá Ríkisborgararéttur.
Hansen, Neils William Larchmont, sjá Ríkisborgararéttur.
Háskólalögin. Umsögn Háskóla Íslands um frv. til l. um breyt. á háskólalögunum. Bréf 17. apríl. (Db. 227).
Háskóli Íslands, sjá: Verklegt nám 2, Háskólalögin, Tillögur.
Heimilisiðnaður. Halldóra Bjarnadóttir sendir Alþingi greinargerð um starfsemi sína í þágu íslenzks heimilisiðnaðar 1941—1942. Bréf 26. febr. (Db. 70).
Heinabergsvötn, sjá Brúargerðir 6.
Helgi Árnason, fyrrv. safnahúsvörður, sjá Eftirlaun og styrktarfé 4.
Helgi Jónasson, 2. þm. Rang., sjá: Brúargerðir 9, Símamál 1—2, Vegamál 17.
Hermann Einarsson, mag. scient. Utanríkisráðuneytið sendir prófritgerð Hermanns Einarssonar, mag. scient., um botndýralífið í Faxaflóa. Bréf 15. apríl.(Db. 194).
Hermann Jónasson, þm. Str., sjá: Gutenberg, Hafnir og lendingarbætur 2.
Heyrnarhjálp. Stjórn félagsins Heyrnarhjálpar fer þess á leit, að styrkur félagsins verði hækkaður í 5000 kr. Bréf 4. febr. (Db. 67, b 5).
Héðinn, vélsmiðjan, sjá Skattfrelsi.
Héraðabönn, sjá Áfengis- og bindindismál 2.
Héraðasöfn. Þingmenn Skagf., Jón Sigurðsson á Reynistað og Jónas Jónsson alþm. fara þess á leit, að ríkisstjórninni verði heimilað að veita 10 þús. kr. til endurbyggingar og viðhalds bænum Glaumbæ í Skagafirði og jafnmikla upphæð í sama skyni til Grenjaðarstaðar í Þingeyjarsýslu. Bréf 30. apríl. (Db. 288).
Héraðsmálafundargerðir, sjá Þingmálafundargerðir.
Héraðsskólalögin. Fjármálaráðuneytið sendir fjvn. bréf dóms- og kirkjumrn., dags. 29. des. s. l., varðandi afgreiðslu á áliti þeirrar nefndar, sem skipuð var samkv. héraðsskólalögunum og sent hefur álitsgerð sína til ríkisstjórnarinnar. Bréf 5. marz. (Db. 67, j).
Hið íslenzka bókmenntafélag fer þess á leit, að það njóti sama styrks og að undanförnu. Bréf 21. nóv. s. l. (Db. 67, b. 3).
Hið íslenzka náttúrufræðifélag fer þess á leit, að það njóti sama styrks og að undanförnu. Bréf 16. des. s. l. (Db. 67, b 4).
Hið íslenzka prentarafélag, sjá Gutenberg.
Hitaveita.
1. Greinargerð og kostnaðaráætlun um hitaveitu fyrir Ólafsfjörð. Bréf 20. apríl. (Db. 230).

2. Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps fer þess á leit, að heimilað verði 200 þús. kr. lán til hitaveitu í Ólafsfjarðarkauptúni. Símskeyti 16. apríl. (Db. 200).
Hjörtur Eldjárn, sjá Námsstyrkur 3.
Hleðslumerki, sjá Öryggisráðstafanir.
Hlutabréf Útvegsbanka Íslands h/f. Sumarliði Betúelsson, bóndi í Höfn á Hornströndum, fer þess á leit, að Alþingi hlutist til um, að honum verði endurgreitt fé það, sem hann hefur lagt fram sem hlutafé í Útvegsbanka Íslands. Bréf 2. marz. (Db. 145).
Hlíf, verkamannafélag, sjá: Dómnefnd 7, Samningsréttur.
Hnífsdalur, sjá Hafnir og lendingarbætur 3.
Hreppamörk. 4 hreppsnefndarmenn Stafholtstungnahrepps mótmæla harðlega frv. um breyt. á hreppamörkum Borgar- og Stafholtstungnahreppa o. fl. og skora á Alþingi að fella það. Símskeyti 20. maí. (Db. 302).
Hringurinn. Þorsteinn Þorsteinsson, 5. landsk. þm., sendir Alþingi erindi frá kvenfélaginu Hringnum í Stykkishólmi, þar sem farið er fram á 10 þús. kr. styrk til stækkunar og fegrunar á trjá- og blómgarði félagsins í Stykkishólmi. Bréf 24. apríl. (Db. 244).
Hrossakynbótabú að Hólum í Hjaltadal.
1. Búnaðarfélag Íslands sendir tillögur varðandi búfjárræktartilraunir og tillögu hrossaræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands um hrossakynbótabú að Hólum í Hjaltadal, er lagðar voru fyrir síðasta búnaðarþing, ásamt tveim tillögum, er búnaðarþingið samþykkti, og er þess farið á leit, að Alþingi taki mál þessi til meðferðar. 4 fskj. Bréf 31. marz. (Db. 162).
2. Pálmi Hannesson og Steingrímur Steinþórsson, þm. Skagf., senda Alþingi erindi sýslumanns Skagfirðinga, dags. 30. marz, þar sem birt er ályktun sýslunefndar Skagafjarðarsýslu út af stofnun hrossakynbótabús að Hólum í Hjaltadal, og mæla þingmennirnir fastlega fram með ályktun þessari. Bréf 7. apríl. (Db. 173).
3. Stjórn Búnaðarfélags Íslands sendir fjvn. samþykkt búnaðarþings um stofnun hrossakynbótabús að Hólum í Hjaltadal, með tilmælum um, að fé verði veitt til framkvæmda í þessu skyni. 1 fskj. Bréf 11. maí. (Db. 295).
Hróarstungulæknishérað. Sýslunefnd Norður-Múlasýslu skorar á Alþingi og heilbrigðismálastjórnina að hlutast til um það, að læknir verði tafarlaust settur til að gegna Hróarstungulæknishéraði. Símskeyti 21. apríl. (Db. 238). — Sjá einnig Launalög.
Hólar í Hjaltadal. Þingmenn Skagfirðinga senda fjvn., ásamt meðmælum sínum, erindi skólastjórans að Hólum, dags. 2. marz, þar sem þess er farið á leit, að fé verði veitt til byggingar kennarabústaðar að Hólum í Hjaltadal. Bréf 17. marz. (Db. 114). — Sjá einnig Hrossakynbótabú.
Hólaskóli, sjá Tillögur.
Hólsá á Rangárvöllum, sjá Brúargerðir 3. og 9.
Hólshreppur. Hreppsnefnd og hafnarnefnd Hólshrepps fara þess á leit, að fjvn. mæli með því, að ríkissjóður greiði 35 þús. kr. víxilskuld Hólshrepps við Landsbankann á Ísafirði. Bréf 14. marz. (Db. 115). — Sjá einnig: Hafnarsjóður, vatnsveita, Vegamál 15.
Hundakaup. Atv.- og samgmrn. sendir landbn. Nd. erindi Gests Andréssonar hreppstjóra, dags. 1. maí, þar sem farið er fram á styrk til bænda til kaupa á hundum, í stað þeirra, sem lógað var vegna hundapestarinnar, og óskar ráðuneytið umsagnar nefndarinnar um þetta mál. Bréf 22. maí. (Db. 304).
Húsaleigulögin.
1. Atv.- og samgmrh. sendir allshn. Nd. uppkast að frv. til l. um breyt. á l. nr. 126 9. des. 1941, með tilmælum um, að nefndin taki það til flutnings á Alþingi. Bréf 20. febr. (Db. 30).

2. Atv.- og samgmrn. leitar þess við allshn. Nd., að hún flytji tilgreinda breytingu við l. nr. 126 9. des. 1941, um viðauka við og breyt. l. 8. sept. 1941 um húsaleigu. Bréf 17. apríl. (Db. 208).
3. Fasteignaeigendafélag Reykjavíkur skorar á Alþingi að nema húsaleigulögin úr gildi eða breyta þeim á þann hátt, að húseigendur fái fullan umráðarétt yfir öllu húsnæði sínu. Bréf 15. apríl. (Db. 198).

Húsmæðrafélag Akureyrar, sjá Húsmæðraskólar 2.
Húsmæðraskólafélag Hafnarfjarðar, sjá Húsmæðraskólar 4.
Húsmæðraskólar.
1. Bæjarstjórinn á Akureyri fer þess á leit f. h. Akureyrarkaupstaðar, að veitt verði á þessu ári lögboðið framlag til byggingar húsmæðraskóla á Akureyri. Byggingarkostnaður er áætlaður 2 til 3 hundruð þús. kr. Símskeyti 3. maí. (Db. 273).
2. Fjmrn. sendir erindi Húsmæðrafélags Akureyrar, dags. 20. apríl, þar sem farið er fram á styrk til byggingar húsmæðraskóla á Akureyri. Bréf 5. maí. (Db. 292).
3. Samband sunnlenzkra kvenna skorar á Alþingi að veita í fjárlögum fyrir árið 1943 fé til byggingar hins fyrirhugaða húsmæðraskóla Suðurlands. Bréf 7. marz. (Db. 83).
4. Stjórn húsmæðraskólafélags Hafnarfjarðar fer þess á leit, að veitt verði fé til stofnunar húsmæðraskóla í Hafnarfirði. Bréf 20. marz. (Db. 146).

Hvanneyrarskóli, sjá Tillögur.
Hvanneyri. Runólfur Sveinsson sækir um 70 þús. kr. til byggingar á hesthúsi og hlöðu á Hvanneyri. Bréf 5. marz. (Db. 74).
Hvítá, sjá Brúargerðir 10.
Höfðaborg, sjá Bráðabirgðaíbúðir.
Höfn, sjá Elliheimili.
Hörðudalsá í Dalasýslu, sjá Brúargerðir 1.

Iða, sjá Brúargerðir 10.
Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík, sjá Dómnefnd 1.
Iðnaðarmannafélag Patreksfjarðar. Landssamband iðnaðarmanna fer þess á leit, að Iðnaðarmannafélagi Patreksfjarðar verði veittur 1600 kr. styrkur til iðnskólahalds þar á staðnum. Bréf 18. maí. (Db. 299).
Iðnrekendur, sjá Tollskráin 1.
Iðnaður, sjá: Heimilisiðnaður, Línyrkja, Tollskráin.
Iðnskólinn í Reykjavík. Stjórn Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík ásamt stjórn Landssambands iðnaðarmanna og skólanefnd iðnskólans í Reykjavík fara þess á leit, að tekin verði upp í fjárlög fyrir árið 1943 200 þús. kr. fjárveiting til byggingar iðnskóla í Reykjavík, og verði þetta fyrsta framlag ríkissjóðs í þessu skyni. Bréf 15. maí. (Db. 300).
Iðuferja. Einar Sigurfinnsson skorar á Alþingi að hækka styrk til Iðuferju, meðan ógerð er brú yfir Hvítá á Iðuhamri og óhjákvæmilegt er að halda uppi ferju á ánni. Bréf 2. marz. (Db. 58).
Ísafjörður, bæjarstjórnin, sjá Sundlaugar og.
Ísafjörður, rafveitan, sjá Rafveitur 4.
Ísleifur Árnason prófessor, sjá Eftirlit með ungmennum 2.
Íslenzk-dönsk orðabók. Ágúst Sigurðsson cand. mag. sækir um 3000 kr. styrk á ári í fjögur ár til samningar handhægrar íslenzk-danskrar orðabókar. 6 fskj. Bréf 3. marz. (Db. 56).
Íslenzk tunga. Guðmundur Einarsson, prestur að Mosfelli, sækir um 2000 kr. árlegan styrk til rannsókna á uppruna og upphaflegri merkingu íslenzkra orða. 2 fskj. Bréf 10. jan. (Db. 166).
Íþróttafulltrúinn, sjá: Íþróttakennaraskóli, Sundkennsla.

Íþróttahús, sjá: Kvennaskólinn, Menntaskólinn á Akureyri, Sundlaugar og.
Íþróttakennaraskóli Íslands. Fræðslumálastjóri, íþróttafulltrúi og íþróttanefnd ríkisins lýsa ánægju sinni yfir lögunum um íþróttakennaraskóla Íslands, en fara þess jafnframt á leit, að veittar verði 75 þús. kr. til byggingar íþróttakennaraskólans. Bréf 4. maí. (Db. 294).
Íþróttamál, sjá: Íþróttakennaraskóli, Íþróttasjóður.
Íþróttanefnd ríkisins, sjá: Íþróttakennaraskóli, Íþróttasjóður, Tillögur.
Íþróttasjóður. Íþróttanefnd ríkisins fer þess á leit, að greidd verði verðlagsuppbót á styrk þann, sem Alþingi veitti íþróttasjóði í síðustu fjárlögum. Bréf 3. marz. (Db. 59).

Jakob Gíslason, forstjóri rafmagnseftirlits ríkisins, sjá Rafveitur 3.
Jarðrækt. Búnaðarfélag Íslands sendir skýrslu tilraunaráðs í jarðrækt um tilraunastarfsemina 1941 og tillögur til fjárhagsáætlunar árið 1943, sem lagðar voru fyrir nýafstaðið búnaðarþing, ásamt samþykkt búnaðarþingsins þetta varðandi, og skorar jafnframt á Alþingi að taka tillögur þessar til athugunar við afgreiðslu fjárlaga 1943. 2 fskj. Bréf 31. marz. (Db. 161).
Jarðræktarlög. Búnaðarfélag Íslands sendir samþykkt búnaðarþings varðandi frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögunum, er lagt var fyrir síðasta Alþingi. Bréf 1. apríl. (Db. 167).
Johansen, Freidar Marselius, sjá Ríkisborgararéttur.
Johanson, Andres, sjá Ásbúðarsafn.
Jóel Gíslason, sjá Forkaupsréttur.
Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., sjá: Eftirlaun og styrktarfé 5, Flóabátaferðir 6, Flugvellir, Hafnir og lendingarbætur 7, Vegamál 11.
Jón Björnsson, sjá Flóabátaferðir 7.
Jón Gunnlaugsson, sjá Berklavarnakostnaður.
Jón Ívarsson, þm. A-Sk., sjá: Brúargerðir 6, Fyrirhleðslur 3.
Jón Norðfjörð leikari, sjá Leiklist 1.
Jón Pálmason, þm. A-Húnv., sjá Þingmálafundargerðir 4.
Jón Sigurðsson, Reynistað, sjá Héraðasöfn.
Jón Sverrisson, fyrrv. fiskimatsmaður, sjá Eftirlaun og styrktarfé 5.
Jónas Guðjónsson, sjá Forkaupsréttur.
Jónas Jónsson, þm. S.-Þ., sjá Bráðabirgðaskýli, Héraðasöfn.
Júlíus Ámundi Jónsson, sjá Ríkisborgararéttur.
Jöfnunarsjóður aflahluta.
1. Oddviti Eyrarhrepps leggur til, að útgerðarfélög, rekin með samvinnusniði, verði látin njóta þeirra réttinda, sem frv. til l. um jöfnunarsjóð aflahluta felur í sér. Bréf 12. marz. (Db. 110).
2. Umsögn Fiskifélags Íslands um frv. til l. um jöfnunarsjóð aflahluta. Bréf 15. apríl. (Db. 220).

Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., sjá Flóabátaferðir 8.
Jötunn, sjómannafélag, sjá Dómnefnd 2.

Kartöflur, sjá Verzlun með.
Kaupgjaldsmál, sjá: Dómnefnd í, Samningaréttur.
Keflavíkurvegurinn, sjá Vegamál 1.
Kelduhverfisvegur, sjá Vegamál 6 og 13.
Keldur í Mosfellssveit.
1. Guðmundur Gíslason læknir sendir fjvn. greinargerð um rannsóknarstöðina að Keldum, framkvæmdir þar og fyrirætlanir. 1 fskj. Bréf 12. apríl. (Db. 193).
2. Landbrh. gerir fyrirspurn til fjvn. um afstöðu hennar varðandi fjárveitingar til viðbótarbygginga að Keldum og óskar svars hið allra fyrsta. Bréf 10. marz. (Db. 88).

3. Landbrn. sendir fjvn. afrit af bréfi, er það hefur sent Guðmundi lækni Gíslasyni um starfsemina á Keldum í Mosfellssveit. Bréf 8. maí. (Db. 291).
Kennarabústaður, sjá Hólar í Hjaltadal.
Kennaraskólinn, sjá Tillögur.
Kennslukvikmyndir, sjá Lestrarfélög og.
Kirkjumálefni, sjá: Akureyrarkirkja, Prestssetur.
Korshamn, Johann Ludviksen, sjá Ríkisborgararéttur.
Kristensen, Alfred Viggo, sjá Ríkisborgararéttur.
Kristján Geirmundsson, sjá Náttúrugripir.
Kristjón Þorláksson, fyrrv. vitavörður, sjá Eftirlaun og styrktarfé 11.
Króksfjarðarnesvegur, sjá Vegamál 4.
Kvenfélagið Hringurinn, sjá Hringurinn.
Kvennaheimilið Hallveigarstaðir, sjá Hallveigarstaðir.
Kvennaskólinn í Reykjavík.
1. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. afrit af bréfi, er það hefur sent fjármálaráðun., ásamt fylgiskjali, varðandi byggingu fimleikahúss fyrir kvennaskólann í Reykjavík. Bréf 18. febr. (Db. 19).
2. Fjármálaráðuneytið sendir fjvn. bréf dóms- og kirkjumrn., dags. 18. febr., þar sem það mælir með 20—25 þús. kr. fjárveitingu til byggingar fimleikahúss fyrir kvennaskólann. 1 fskj. Bréf 5. marz. (Db. 67, e).

Kvenréttindafélag Íslands, sjá Kvenréttindi.
Kvenréttindi. Stjórnir Kvenréttindafélags Íslands og Kvenstúdentafélags Íslands mótmæla því, að nokkuð það sé gert, sem skerði þann rétt, er konum var veittur með l. nr. 37 11. júlí 1911, þar sem þeim var tilskilinn sami réttur og körlum til að njóta kennslu og ljúka fullnaðarprófum í öllum menntastofnunum landsins, sami réttur til styrktarfjár námsmanna og til embætta. Bréf 14. apríl. (Db. 219).
Kvenstúdentafélag Íslands, sjá Kvenréttindi.
Kvik, kvenfélag á Ísafirði, sjá Elliheimili.

Lagasafnið. Leifur Sigurðsson leggur til, að væntanlegt lagasafn verði gefið út í lausblaðabindi, svo að síðar meir verði hægt að bæta í það og taka úr eftir þörfum. Bréf 15. apríl. (Db. 213).
Landbúnaðarvélar. Fjmrn. sendir fjvn. til frekari fyrirgreiðslu bréf landbrn., dags. 11. maí, ásamt erindi búnaðarsambands Suðurlands, dags. 12. apríl, þar sem farið er fram á fjárframlag til byggingar verkstæðis til viðgerðar á landbúnaðarvélum. Bréf 19. maí. (Db. 305).
Landbúnaður, sjá: Afurðasala, Áveitur og framræslur, Búnaðarfélag Íslands, Dýralækningar, Fyrirhleðsla, Hólaskóli, Hvanneyrarskóli, Jarðrækt, Jarðræktarlög, Landbúnaðarvélar, Loðdýraræktarfélag Íslands, Námsstyrkur 3, Tilbúinn áburður, Verðlaun, Verzlun með, Öryggisráðstafanir 2.
Landlæknir, sjá: Fræðsla barna, Tillögur, Verklegt nám 2.
Landmannahreppur, sjá Símamál 1.
Landmælingar. Fjármálaráðuneytið sendir fjvn. bréf vegamálastjóra, dags. 11. febr., þar sem farið er fram á 10 þús. kr. fjárveitingu til landmælinga. Bréf 5. marz. (Db. 67, e.).
Landsbókasafn Íslands, sjá Tillögur.
Landssamband íslenzkra útvegsmanna, sjá Útflutningsgjald.
Landssíminn, sjá Símamál.
Landssmiðjan, sjá Tillögur.
Langadalsá, sjá Brúargerðir 12.
Langadalsströnd, sjá Vegamál 20.
Launalög. Landlæknir sendir bréf oddvita Jökuldalshrepps, dags. 22. nóv. f. á., um breyting á launalögum varðandi Hróarstungulæknishérað. Bréf 3. jan. (Db. 2).

Launamál, sjá: Bandalag starfsmanna, Eftirlaun og styrktarfé 2, Skipun barnakennara, Verðlagsuppbætur.
Laxárvirkjunin, sjá Rafveitur 1.
Laxárdalur, sjá Forkaupsréttur.
Lágheiði, sjá Vegamál 2. og 9.
Leifur Sigurðsson, sjá Lagasafnið.
Leikfélag Akureyrar, sjá Leiklist 2.
Leikfélag Reykjavíkur sendir fjvn. reikninga félagsins yfir s. l. starfsár. Bréf 21. marz. (Db. 134).
Leiklist.
1. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak., sendir fjvn. erindi Jóns Norðfjörðs leikara, dags. 10. febr., þar sem hann sækir um 1500 kr. styrk vegna kennslu í heimahúsum í taltækni, upplestri og meðferð leikhlutverka. 3 fskj. Bréf 25. febr. (Db. 37).
2. Sami alþm. sendir Alþingi, ásamt meðmælum sínum, erindi Leikfélags Akureyrar, dags. 17. febr., þar sem félagið fer þess á leit, að styrkur til þess hækki upp í 3000 kr. 1 fskj. Bréf 2. marz. (Db. 50).

Leirmúli, sjá Brúargerðir 1.
Lestrarfélög og kennslukvikmyndir. Umsögn fræðslumálastjóra um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir. Bréf 29. apríl. (Db. 267).
Lífeyrissjóður embættismanna.
1. Soffía E. Ingólfsdóttir fer þess á leit, að sér verði endurgreitt fé það, sem hún hefur greitt í lífeyrissjóð embættismanna. Bréf 22. apríl. (Db. 296).
2. Unnur Jónsdóttir, ritari í dómsmrn., fer þess á leit, að sér verði endurgreitt fé það, sem hún hefur greitt í lífeyrissjóð embættismanna. Bréf 21. maí. (Db. 307).

Listamenn, sjá: Bandalag, Byggingarstyrkir.
Línyrkja. Fjmrn. sendir fjvn. erindi Rakelar P. Þorleifsson, Blátúni, dags. 10. febr., ásamt fylgiskjölum, þar sem farið er fram á styrk til línyrkju. Bréf 11. marz. (Db. 93).
Loðdýraræktarfélag Íslands fer þess á leit, að styrkur til félagsins verði hækkaður í 4000 kr. Bréf 24. jan. (Db. 67, b. 6). — Sjá einnig Tillögur.
Loðmundarfjörður, sjá Flóabátaferðir 10.
Loftsstaðajörur. Dóms- og kirkjumálarn sendir landbn. Nd. bréf sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 30. jan., þar sem hann mælir með því, að eigendur Loftsstaða í Gaulverjabæjarhreppi í Árnessýslu fái keypt rekaréttindi á svonefndum Loftsstaðafjörum, og óskar ráðuneytið heimildar Alþingis til sölu á rekaréttindum þessum. Bréf 20. maí. (Db. 303).
Læknanemar, sjá Lækningaleyfi.
Lækningaleyfi. Félag læknanema lýsir óánægju sinni yfir framkomnu frv. á þskj. 92, um breyt. á l. nr. 47 23. júní 1932, þar sem gert er að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að læknakandidatar hafi gegnt læknishéraði eða aðstoðarlæknisstörfum hjá héraðslæknum allt að 6 mánuði að loknu námi. Bréf 28. marz. (Db. 158).
Læknishéruð, sjá: Hróarstungulæknishérað, Skipun læknishéraða.
Lýtingsstaðahreppur, hreppsnefndin, sjá Vegamál 8.
Lög, sjá Lagasafnið.
Lögmaðurinn í Reykjavík, sjá Tillögur.
Lögreglustjórinn í Reykjavík, sjá Tillögur.

Magnús Guðmundsson, sjá Námsstyrkur 4.
Margrét Ásmundsdóttir, ekkja eftir Benedikt Björnsson skólastjóra á Húsavík, sjá Eftirlaun og styrktarfé 8.

Markarfljót, sjá Fyrirhleðslur 2.
Málflutningsmannafélag Íslands, sjá Málflytjendur.
Málflytjendur. Umsögn Málflutningsmannafélags Íslands um frv. til l. um málflytjendur. Bréf 25. apríl. (Db. 246).
Melstaður í Miðfirði. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv., fer þess á leit, að veittar verði 15 þús. kr. til kirkjubyggingar að Melstað í Miðfirði. 2 fskj. Bréf 7. marz. (Db. 107).
Menntaskólinn á Akureyri. Dóms- og kirkjumrn. mælir með því, að fé verði veitt til byggingar leikfimihúss fyrir menntaskólann á Akureyri. 2 fskj. Bréf 23. marz. (Db. 140). — Sjá einnig Tillögur.
Menntaskólinn í Reykjavík. Umsjónarmaður og skrifari menntaskólans í Reykjavík senda ályktun almenns fundar skólans um, að Alþingi vísi á bug tillögum um brottflutning skólans úr höfuðstaðnum og sjái jafnframt um, að þegar verði hafizt handa um byggingu nýs menntaskólahúss í Reykjavík. Bréf 25. apríl. (Db. 255). — Sjá einnig Tillögur.
Miðá í Dalasýslu, sjá Brúargerðir 1.
Miðunarstöð. Slysavarnafélag Íslands sendir samþykkt, gerða á 1. landsþingi félagsins í Reykjavík 27.—31. marz, þar sem þess er farið á leit við Alþingi, að það hlutist til um, að rannsakaðir verði möguleikar á því, að komið verði upp fullkominni miðunarstöð fyrir talstöðvar báta og talstöð á Stórhöfða í Vestmannaeyjum. Bréf 14. apríl. (Db. 241).

Námsstyrkur.
1. Ásbjörn Magnússon sækir um 5000 kr. styrk til flugnáms í Canada. Bréf 25. febr. (Db. 43).
2. Benjamín Eiríksson, fil. cand., sækir um 3600 kr. styrk til framhaldsnáms í hagfræði við ríkisháskólann í Minneapolisborg í Bandaríkjunum. Bréf 23. febr. (Db. 41).
3. Hjörtur Eldjárn sækir um 5000 kr. styrk til sauðfjárræktarnáms við háskólann í Edinborg. Bréf 9. jan. (Db. 4).
4. Finnur Jónsson, þm. Ísaf., sendir fjvn., ásamt meðmælum sínum, erindi Magnúsar Guðmundssonar, dags. 12. febr., þar sem hann sækir um 5000 kr. styrk til flugnáms í Canada. 2 fskj. Bréf 7. marz. (Db. 73).
5. Fjmrn. sendir fjvn. skrá yfir þá stúdenta, er njóta 4 ára námsstyrks ríkisins. Bréf ódags. (Db. 105).
6. Vigfús Jakobsson stúdent sækir um styrk til skógræktarnáms við háskóla í Bandaríkjunum. 1 fskj. Bréf 11. apríl. (Db. 186).

Náttúrufræðifélagið, sjá Hið íslenzka náttúrufræðifélag.
Náttúrugripir. Kristján Geirmundsson fer þess á leit, að sér verði veittur 1000 kr. styrkur, ásamt dýrtíðaruppbót, til uppsetningar fugla og fleiri náttúrugripa fyrir skóla og söfn landsins. Bréf 31. jan. (Db. 5).
Norðlenzkar konur, sjá Samband.
Norðri, Breiðafjarðarbáturinn h/f, sjá Flóabátaferðir 2.
Norðfjörður, sjá Fóðurmjölsverksmiðja.
Norður-Ísafjarðarsýsla, sýslunefndin, sjá: Brúargerðir 11—12, Flóabótaferðir 11—12, Símamál 3, Vegamál 19—20.
Nunnur, sjá Ríkisborgararéttur.

Opinber rekstur, sjá Eftirlit.
Opinberir sjóðir. Andrés Eyjólfsson sendir Alþingi, f. h. eftirlitsnefndar opinberra sjóða, skýrslu um eign þeirra sjóða, er fengið hafa konunglega staðfestingu á skipulagsskrá, eins og hún var í árslok 1938 og 1939. Ódags. (Db. 316).
Ófriðarráðstafanir. Búnaðarfélag Íslands sendir samþykkt búnaðarþings varðandi dreifingu matvæla vegna ófriðarhættu. Bréf 10. apríl. (Db. 178).

Ólafsfjörður, sjá: Hafnir og lendingarbætur 6, Hitaveita, Vegamál.
Ólafsvík, sjá Vitamál.
Ólafur Pálsson, sjá Flóabátaferðir 9.

Patreksfjörður, sjá: Iðnaðarmannafélag, Sundlaugar.
Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M., sjá: Eftirlaun og styrktarfé 6, Eyðing, Þingmálafundargerðir 5.
Páll Zóphóníasson, 1. þm. N.-M., sjá: Eftirlaun og styrktarfé 6, Eyðing, Þingmálafundargerðir 5.
Pálmi Hannesson, 1. þm. Skagf., sjá: Dragnótaveiði 3, Héraðasöfn, Hrossakynbótabú 2, Þingmálafundargerðir 6.
Pétur Ottesen, sjá Skógræktarfélag Borgfirðinga.
Póstar, sjá Eftirlaun og styrktarfé 7.
Póstur og sími, sjá: Símamál, Tillögur.
Prestssetur. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. til athugunar umsögn húsameistara ríkisins um byggingu prestsseturshúsa í Hallgrímsprestakalli í Reykjavík. Bréf 9. marz. (Db. 78).

Rafmagnseftirlit ríkisins, sjá: Rafveitur, Sogsvirkjunin, Tillögur.
Raforkuveitur, sjá Sogsvirkjunin.
Rafveitur.
1. Bæjarstjórn Akureyrar fer þess á leit, að Alþingi veiti ríkisstjórninni heimild til þess að ábyrgjast allt að 2 millj. króna innlent lán fyrir Akureyrarbæ til aukningar Laxárvirkjunarinnar og rafveitu Akureyrar. Bréf 4. apríl. (Db. 172).
2. Fulltrúar rafveitusambandsins Tungufoss í Rangárvallasýslu skorar á Alþingi að setja nú þegar löggjöf, er tryggi fjárhagslegan grundvöll undir rafveituframkvæmdum í sveitum landsins. Bréf 23. febr. (Db. 32).
3. Jakob Gíslason, forstjóri rafmagnseftirlits ríkisins, gerir grein fyrir virkjunarskilyrðum til raforkuvinnslu handa Skagastrandarkauptúni og nágrenni. Bréf 17. maí. (Db. 319).
4. Yfirlit yfir tekjur og gjöld rafveitu Ísafjarðar 1941. Bréflaust. (Db. 314). — Sjá einnig Sogsvirkjunin.

Rafveitusambandið Tungufoss, sjá Rafveitur 2.
Rakel P. Þorleifsson, sjá Línyrkja.
Rangæingafélag Vestmannaeyja, sjá Flóabátaferðir 1.
Rannsóknaráð ríkisins. Steinþór Sigurðsson sendir fjvn., landbn. Ed. og landbn. Nd. tillögur rannsóknaráðs ríkisins um aukna starfsemi í sambandi við landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans, ásamt 5 fskj. Bréf 20. marz (Db. 130—132). — Sjá einnig Tillögur.
Rannsóknarstöðin að Keldum, sjá Keldur í Mosfellssveit.
Rasmussen, Lauritz Alfred, sjá Ríkisborgararéttur.
Rekaréttindi, sjá Loftsstaðafjörur.
Reykhólavegur, sjá Vegamál 4.
Reykjavík, sjá: Byggingarsamvinnufélög, Iðnskólinn, Kvennaskólinn.
Reykjavík, borgarstjórinn, sjá Bráðabirgðaíbúðir 1.
Ríkarður Jónsson myndhöggvari, sjá Byggingarstyrkur 1.
Ríkisábyrgð, sjá: Rafveitur 1, Stúdentagarðurinn.
Ríkisborgararéttur. Umsóknir um íslenzkan ríkisborgararétt frá Göhlsdorf, Elisabeth (Db. 223), Hansen, Jannet Vivian (Db. 223), Hansen, Neils William Larchmont (Db. 223), Johansen, Freidar Marselius (Db. 223), Júlíusi Ámunda Jónssyni (Db. 223), Korshamn, Johan Ludviksen (Db. 223), Kristensen, Alfred, Viggo (Db. 223), Rasmussen, Lauritz Alfred (Db. 223), Sölvberg, Jostein (Db.

258), Toft, Hartwig (Db. 223), Torp, Evald Cristian (Db. 223), enn fremur frá 14 nunnum í Landakoti (Db. 223).
Ríkisféhirðir, sjá Tillögur.
Ríkisútvarpið.
1. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. eftirrit af erindi útvarpsstjóra, dags. 13. marz, varðandi húsnæðismál ríkisútvarpsins og í því sambandi ráðstöfun á tekjuafgangi stofnunarinnar. Bréf 20. marz. (Db. 138).
2. Útvarpsstjórinn sendir fjvn. eftirrit af sama bréfi. Bréflaust. (Db. 119).
— Sjá einnig Tillögur.
Runólfur Sveinsson, sjá Hvanneyri.
Ræktunarvegir, sjá Vegamál 5 og 11.

Sakadómarinn í Reykjavík, sjá Tillögur.
Samband bindindisfélaga í skólum fer þess á leit, að styrkur til sambandsins verði hækkaður úr 3500 kr. í 5000 kr. Bréf 20. marz. (Db. 151).
Samband breiðfirzkra kvenna. Þorsteinn Þorsteinsson, 5. landsk. þm., sendir Alþingi erindi formanns sambands breiðfirzkra kvenna, dags. 10. marz, ásamt tveim fylgiskjölum, þar sem þess er farið á leit, að styrkur til sambandsins verði hækkaður í 1000 kr. Bréf 10. marz. (Db. 86).
Samband norðlenzkra kvenna sækir um 2000 þús. kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 18. febr. (Db. 45).
Samband sunnlenzkra kvenna, sjá Húsmæðraskólar 3.
Samheitaorðabók. Björn Sigfússon magister skrifar Alþingi varðandi samheitaorðabók íslenzkrar tungu. Bréf 9. marz. (Db. 97).
Samningsréttur. Verkamannafélagið Hlíf mótmælir harðlega þeirri stefnu ríkisvaldsins að svipta verkamenn samningsrétti þeirra um kaup og kjör, en telur þau úrræði ein frambærileg til að draga úr skorti á vinnuafli í þarfir atvinnuveganna að greiða verkamönnum það kaup, sem viðunandi sé. Bréf 9. apríl. (Db. 250).
Samvinnufélag útgerðarmanna, Norðfirði, sjá Dragnótaveiðar 4.
Sauðfjárræktarnám, sjá Námsstyrkur 3.
Sauðfjársjúkdómanefnd, sjá Sauðfjársjúkdómar 2.
Sauðfjársjúkdómar.
1. Búnaðarfélag Íslands sendir landbn. Nd. álit búnaðarþings um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1941, um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim, er fram kom í samþykktri tillögu á búnaðarþingi. 1 fskj. Bréf 31. marz. (Db. 163).
2. Sauðfjársjúkdómanefnd sendir landbn. Nd. álit sitt um frv. á þskj. 11. Bréf 10. marz. (Db. 90).
Sauðfjársjúkdómanefnd, sjá Vegamál 13 og 14.
Sandgræðsla ríkisins, sjá Tillögur.
Selá í Bjarnarfirði, sjá Brúargerðir 8.
Selá í Nauteyrarhreppi, sjá Brúargerðir 11.
Selfoss, sjá Sogsvirkjunin.
Seyðisfjörður, sjá Flóabátaferðir 7 og 10.
Siðferðisafbrot, sjá Bráðabirgðaskýli.
Sigfús Eliasson ítrekar beiðni sína frá síðasta þingi um 25 þús. kr. styrk og óskar viðtals við fjvn. Bréf 27. marz. (Db. 176).
Siglingahættur. Fiskifélag Íslands sendir samþykkt síðasta fiskiþings varðandi siglingahættu við Austurland. Bréf 22. maí (Db. 309).
Sigmundur Sveinsson, sjá Sólheimar.
Sigríður Jónasdóttir, fyrrv. ljósmóðir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 9.
Sigrún Pétursdóttir, sjá Gisti- og veitingahús.

Sigurður Bjarklind, fyrrv. féhirðir Búnaðarbanka Íslands, sjá Eftirlaun og styrktarfé 8.
Sigurður E. Hlíðar, sjá: Akureyrarkirkja, Leiklist.
Síldarbræðslan h/f Seyðisfirði. Fjármálaráðuneytið sendir fjvn. erindi síldarbræðslunnar h/f, Seyðisfirði, dags. 13. marz, varðandi eftirgjöf á skuld hlutafélagsins, sem er að upphæð 212 þús. kr. 1 fskj. Bréf 23. marz. (Db. 141).
Síldareinkasalan. Landsbanki Íslands sendir fjvn. afrit af bréfi, dags. 20. sept. 1940, er bankinn sendi fjmrh., varðandi skipti á þrotabúi síldareinkasölunnar. Bréf 9. marz. (Db. 81).
Símalagningar, sjá Símamál.
Símamál.
1. Helgi Jónasson og Sveinbjörn Högnason, þm. Rang., senda Alþingi áskorun 95 alþingiskjósenda í Landmannahreppi í Rangárvallasýslu um nýja landssímalínu frá Meiri-Tungu að Galtalæk. Bréf 16. apríl. (Db. 201).
2. Sömu alþm. senda Alþingi áskorun 51 alþingiskjósanda í Holtahreppi í Rangárvallasýslu um nýja landssímalínu frá Hárlaugsstöðum eða Meiri-Tungu um Marteinstungu og Holtsmúla að Fellsmúla á Landi. Bréf 4. maí. (Db. 280).
3. Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu sendir samþykkt sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu 16. apríl, þar sem skorað er á Alþingi að veita nægilegt fé til byggingar símalínu frá Dynjanda að Furufirði í Grunnavíkurhreppi á þessu ári og að veita í næstu fjárlögum fé til byggingar símalínu frá Látrum í Aðalvík til Atlastaða um Tungu í Fljótavík í Sléttuhreppi. Bréf 25. apríl. (Db. 283).

Sjávarútvegur, sjá: Dragnótaveiðar, Eyðing, Fiskifélag Íslands, Fiskveiðasjóður Íslands, Hafnir og lendingarbætur, Landssamband íslenzkra útvegsmanna, Sjómannafræðsla, Sjómannaskóli, Skipaútgerð ríkisins, Slysavarnafélag, Stríðsslysatryggingar, Stýrimannaskólinn.
Sjóðir, sjá Opinberir sjóðir.
Sjómannafélagið Jötunn, sjá Dómnefnd 2.
Sjómannafræðsla. Fiskifélag Íslands sendir álit og tillögur sjávarútvegsnefndar síðasta fiskiþings um sjómannafræðslu. Bréf 22. maí. (Db. 310).
Sjómannaskólinn. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. til athugunar uppdrætti að fyrirhuguðum sjómannaskóla, er hlutu verðlaun, og þá uppdrætti, er dómnefnd ákvað að kaupa. Jafnframt fylgja niðurstöður dómnefndarinnar og álitsgerðir hennar varðandi hvern einstakan uppdrátt. 10 fskj. Bréf 31. marz. (Db. 164).
Sjómælingar. Fjármálaráðuneytið sendir fjvn. bréf Friðriks V. Ólafssonar, dags. 17. des. s. l., þar sem hann leggur til, að veittar verði 50 þús. kr. til sjómælinga. Bréf 5. marz. (Db. 67, f).
Skaftfellingafélag Vestmannaeyja, sjá Flóabátaferðir 1.
Skagafjörður, sjá Dragnótaveiði 3.
Skattfrelsi. Atv.- og samgmrn. sendir sjútvn. Nd. til athugunar erindi, dags. 16. apríl frá s/f Stálsmiðjunni, h/f Hamri, h/f Slippfélaginu og h/f vélsmiðjunni Héðni, þar sem þess er farið á leit, að heimilað verði skattfrjálst framlag til nýbyggingarstöðvar fyrir stálskip. 1 fskj. Bréf 17. apríl. (Db. 226).
Skattgreiðsla Eimskipafélagsins. Eimskipafélag Íslands fer þess á leit, að Alþingi framlengi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu félagsins, þannig að þau gildi áfram árin 1943 og 1944. Bréf 26. febr. (Db. 40).
Skattstofan, sjá Tillögur.
Skemmtanaskattur. Bæjarstjórn Akureyrar fer þess á leit, að lögunum um skemmtanaskatt verði breytt þannig, að skemmtanaskattur, sem greiddur er á Akureyri, renni til byggingarsjóðs Akureyrarkaupstaðar. Bréf 18. marz. (Db. 147).
Skipaskoðunarstjórinn, sjá Tillögur.
Skipaútgerð ríkisins sendir samvn. samgm. greinargerð og tillögur um rekstur flóabáta. 27. marz. (Db. 317). — Sjá einnig Tillögur.

Skipavík, sjá Hafnir og lendingarbætur 2.
Skipulagsnefnd, sjá Tillögur.
Skipun barnakennara og laun þeirra. Umsögn fræðslumálastjóra um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra. 2 fskj. Bréf 7. maí. (Db. 290).
Skipun læknishéraða. Landlæknir sendir allshn. Ed. frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, með tilmælum um, að nefndin taki frv. til flutnings á Alþingi því, er nú er háð. Bréf 28. febr. (Db. 47).
Skógarvarzla, sjá Skógrækt.
Skógarvörður, sjá Skógrækt.
Skógrækt. Landbúnaðarrn. sendir erindi sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, dags. 18. nóv. f. á., varðandi skóggræðslu á Vestfjörðum og um skipun skógarvarðar þar. 1 fskj. Bréf 18. febr. (Db. 49).
Skógrækt ríkisins, sjá Tillögur.
Skógræktarfélag Borgfirðinga. Pétur Ottesen, þm. Borgf., leggur fram erindi formanns Skógræktarfélags Borgfirðinga, dags. í marz, þar sem farið er fram á 10 þús. kr. fjárveitingu til félagsins. Bréflaust. (Db. 120).
Skógræktarnám, sjá Námsstyrkir 6.
Skólamál, sjá: Bændaskólar, Gagnfræðaskólinn, Háskóli Íslands, Húsmæðraskólar, Iðnskólinn, Kennaraskólinn, Kvennaskólinn, Sjómannaskólinn, Stýrimannaskólinn.
Skúli Guðmundsson, þm. A.-Húnv., sjá: Eftirlaun og styrktarfé 9, Melstaður.
Skömmtunarskrifstofa ríkisins, sjá Tillögur.
Slippfélagið, sjá Skattfrelsi.
Slysavarnafélag Íslands fer þess á leit, að styrkur til þess fyrir árið 1942 verði hækkaður í 50 þús. kr., og enn fremur að eigi verði lægri styrkur ætlaður til félagsins í fjárlögum 1943 en 50 þús. kr. Bréf 14. apríl. (Db. 240). — Sjá einnig: Miðunarstöð, Öryggisráðstafanir.
Snót, verkakvennafélag, sjá Dómnefnd 2.
Soffia E. Ingólfsdóttir, sjá Lífeyrissjóður 1.
Sogsvirkjunin. Áætlun rafmagnseftirlits ríkisins frá des. 1939 um raforkuveituna frá Sogsvirkjuninni um Selfoss til Eyrarbakka og Stokkseyrar. Bréf 15. maí. (Db. 315).
Sólheimar. Sigmundur Sveinsson sækir um styrk f. h. barna- og fávitahælisins að Sólheimum. Bréf 12. marz. (Db. 94).
Staðará, sjá Brúargerðir 8.
Stafholtstungnahreppur, sjá Hreppamörk.
Stálsmiðjan, sjá Skattfrelsi.
Stefán Baldvinsson, Stakkahlíð, sjá Flóabátaferðir 10.
Stefán Stefánsson, 3. landsk. þm., sjá Dragnótaveiði 5.
Steinavötn í Suðursveit, sjá Fyrirhleðslur 3.
Steingrímsfjarðarheiði, sjá Vegamál 19.
Steingrímur Steinþórsson, 2. þm. Skagf., sjá: Dragnótaveiði 3, Héraðasöfn, Hrossakynbótabú 2, Þingmálafundargerðir 6.
Steinþór Sigurðsson, sjá Rannsóknaráð ríkisins.
Stéttarfélög, sjá: Alþýðusamband Íslands, Alþýðusamband Vestfjarða, Bandalag, Bókbandsiðnrekendur, Búnaðarfélag Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Fasteignaeigendafélag Reykjavíkur, Fiskifélag Íslands, Hlíf, Iðja, Kvenréttindafélag Íslands, Kvenstúdentafélag Reykjavíkur, Kvik, Landssamband, Samband breiðfirzkra, Samband norðlenzkra, Samband sunnlenzkra, Snót, Sveinasamband byggingarmanna í Reykjavík, Verkalýðsfélag Borgarness, Verkalýðsfélag Vestmannaeyja, Vélstjórafélag Vestmannaeyja.
Stjórnarnefnd ríkisspítalanna, sjá Tillögur.

Stjórnarráðskostnaður. Fjmrn. sendir fjvn. áætlun um stjórnarráðskostnað fyrir árið 1943. Bréf ódags. (Db. 106).
Stokkseyri, sjá: Flóabátaferðir 1, 6 og 8, Sogsvirkjunin.
Stórhöfði, sjá Miðunarstöð.
Stórstúka Íslands fer þess á leit, að styrkurinn til hennar verði hækkaður í 55 þús. krónur. Bréf 8. jan. (Db. 67, b. 7). — Sjá einnig Áfengis- og bindindismál 2.
Strandferðir. Sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu sendir ályktun, er gerð var á aðalfundi sýslunefndar Suður-Múlasýslu, sem haldinn var dagana 23. til 28. marz, þar sem skorað er á Alþingi að hlutast til um, að fjölgað verði skipaferðum til Austurlands, svo að reglubundnar skipaferðir til og frá Austfjörðum verði minnst tvær ferðir í mánuði hverjum allan ársins hring, með viðkomu á öllum Austfjarðahöfnum. Bréf 1. apríl. (Db. 234).
Strandgæzla, sjá Björgunar- og.
Stríðsslysatryggingar sjómanna. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands skorar á Alþingi að breyta l. um stríðstryggingar á tilgreindan hátt. Bréf 15. apríl (Db. 216)
Stúdentar, sjá: Námsstyrkur, Stúdentafélag Reykjavíkur, Stúdentagarðurinn.
Stúdentafélag Reykjavíkur sækir um 5000 kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 1. apríl. (Db. 165).
Stúdentagarðurinn. Dóms- og kirkjumrh. leitar álits fjvn. um 150 þús. kr. fjárveitingu til byggingar nýs stúdentagarðs og 150 þús. kr. ríkissjóðsábyrgð í sama skyni. Bréf 18. marz. (Db. 124).
Stykkishólmshreppur, hreppsnefndin, sjá Hafnir og lendingarbætur 9.
Stýrimannaskólinn í Reykjavík. Atv.- og samgmrn. sendir sjútvn. Ed. frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 23. júní 1936, um stýrimannaskóla í Reykjavík, með tilmælum um, að n. taki það til flutnings í þinginu. Bréf 12. marz. (Db. 95). — Sjá einnig Tillögur.
Styrktarsjóður verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík.
1. Fulltrúaráð verklýðsfélaganna í Reykjavík fer þess á leit, að styrkur til styrktarsjóðs verkamanna og sjómannafélaganna í Reykjavík verði hækkaður úr 4000 kr. í 7500 kr. Bréf 17. marz. (Db. 133).
2. Stjórn Styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík sendir Alþingi greinargerð um starfsemi sjóðsins 1921—1941. Ódags. (Db. 103).

Suðurland, sjá: Bændaskólar, Samband.
Suður-Múlasýsla, sjá: Hafnir og lendingarbætur 8, Strandferðir.
Sumargjöf, sjá Barnavinafélagið.
Sumarliði Betúelsson, sjá Hlutabréf.
Sumarliði Guðmundsson, fyrrv. póstur, sjá Eftirlaun og styrktarfé 7.
Sundfélagið Grettir, sjá Vegamál 16.
Sundlaugar. Bergur Jónsson, þm. Barð., sendir Alþingi, ásamt meðmælum sínum, áskorun 318 alþingiskjósenda á Patreksfirði um 5 til 10 þús. kr. styrk til sundlaugarbyggingar á Patreksfirði. Bréf 10. apríl. (Db. 181).
Sundlaugar og íþróttahús.
1. Bæjarstjórn Ísafjarðar skorar á Alþingi að veita styrk til byggingar sundlaugar og íþróttahúss á Ísafirði, allt að 100 þús. kr. Símskeyti 16. jan. (Db. 1).
2. Umsögn íþróttanefndar um umsókn þm. Ísaf., um styrk til byggingar íþróttahúss og sundlaugar fyrir Ísafjarðarkaupstað. Bréf 4. maí. (Db. 293).

Sundkennsla. Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi fer þess á leit, að Ólafi Pálssyni sundkennara verði veittur 2250 kr. styrkur, eða sér verði heimiluð sama upphæð til framkvæmda sundskyldunni við ríkis- og bæjarskóla í Reykjavík. Bréf 24. febr. (Db. 39).
Sunnlenzkar konur, sjá Húsmæðraskólar 3.
Svartá hjá Starrastöðum, sjá Brúargerðir 5.
Sveinasamband byggingarmanna í Reykjavík, sjá Dómnefnd 3.

Sveinbjörn Högnason, 1. þm. Rang., sjá: Brúargerðir 9, Símamál 1—2, Vegamál 17.
Sveinn Þórarinsson listmálari, sjá Byggingarstyrkur 2.
Sveinseyrarvegur, sjá Vegamál 4.
Sveitarstjórnarkosningar. Atv.- og samgmrn. sendir allshn. Nd. frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, með tilmælum um, að n. taki það til flutnings. Bréf 10. marz. (Db. 92).
Sýsluvegasjóðir.
1. Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu sendir, ásamt meðmælum sínum, ályktun sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu 5. marz, um að skora á Alþingi að veita lagaheimild til þess, að sýsluvegasjóður megi innkalla sýsluvegasjóðsgjöld með verðlagsuppbót eins og hún er á hverjum tíma, meðan það ástand ríkir, sem nú er í kaupgjaldsmálum, og jafnframt að ríkissjóður greiði sömu verðlagsuppbót á sitt tillag. Bréf 7. apríl. (Db. 205).
2. Sami sýslumaður sendir Alþingi, ásamt meðmælum sínum, áskorun sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu 5. marz, um 10 þús. kr. fjárveitingu til sýsluvegasjóðs Eyjafjarðarsýslu vegna umferðar brezka setuliðsins um vegina. Bréf 7. apríl. (Db. 206).
Sölvberg, Jostein, sjá Ríkisborgararéttur.

Tilbúinn áburður.
1. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi Búnaðarfélags Íslands, dags. 23. febr., um verð og þörf á tilbúnum áburði í ár handa landbúnaðinum. Bréf 25. febr. (Db. 44).
2. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk., sendir Alþingi útdrátt úr fundargerð Búnaðarfélags Hvammshrepps, dags. 19. febr., þar sem skorað er á Alþingi og ríkisstjórn að hlutast til um, að verð á útlendum áburði til bænda hækki ekki frá því, sem það var á s. l. ári. Bréf 10. marz. (Db. 84).
3. Landbúnaðarráðuneytið sendir fjvn. til athugunar bréf landbúnaðarnefnda Alþingis, dags, 21. nóv. f. á., varðandi lækkun á útsöluverði á tilbúnum áburði nú í ár, og mælir ríkisstjórnin með fjárveitingu í þessu skyni. Jafnframt fylgir útdráttur úr gerðabók Búnaðarsambands Suðurlands, dags. 4. des. f. á., um sama atriði. Bréf 10. febr. (Db. 12).
Tillögur um fjárveitingar í fjárlögum 1943 frá eftirtöldum embættismönnum, ríkisfyrirtækjum og stofnunum: Alþingi (Db. 67 a), Arnarhvoli (Db. 67, a), Áburðarsölu ríkisins (Db. 67, a), bifreiðaeftirlitinu (67, a), bifreiðaeinkasölu ríkisins (Db. 67, a), biskupi landsins (Db. 67, a), Búnaðarbanka Íslands (Db. 67, a), Búnaðarfélagi Íslands (Db. 67, a), daufdumbraskólanum (Db. 67, a), Eiðaskóla (Db. 67, a), Fiskifélagi Íslands (Db. 67, a), flugmálaráðunauti ríkisins (Db. 67, a), fræðslumálastjóra (Db. 67, a), garðyrkjuskólanum á Reykjum (Db. 67, a), grænmetisverzlun ríkisins (Db. 67, a), Gutenberg (Db. 67, a), Hagstofu Íslands (Db. 67, a), Háskóla Íslands (Db. 67, a), Hólaskóla (Db. 67, a), Hvanneyrarskóla (Db. 67, a), Íþróttanefnd ríkisins (Db. 67, a), Kennaraskólanum (Db. 67, a), Kvennaskólanum (Db. 67, a), landlækni (Db. 67, a), landsbókasafni Íslands (Db. 67, a), landssmiðjunni (Db. 67, a), loðdýraræktarráðunauti (Db. 67, a), lögmanninum í Reykjavík (Db. 67, a), lögreglustjóranum í Reykjavík (Db. 67, a), menntaskólanum á Akureyri (Db. 67, a), menntaskólanum í Reykjavík (Db. 67, a), póst- og símamálastjórninni (Db. 67, a), rafmagnseftirliti ríkisins (Db. 67, a), rannsóknaráði ríkisins (Db. 67, a), ríkisféhirði (Db. 67, a), sakadómaranum í Reykjavík (Db. 67, a), sandgræðslu ríkisins (Db. 67, a), skattstofunni (Db. 67, a), skipaskoðunarstjóra (Db. 67, a), skipaútgerð ríkisins (Db. 67, a), skipulagsnefnd (Db. 67, a), skógrækt ríkisins (Db. 67, a), skömmtunarskrifstofu ríkisins (Db. 67, a), stjórnarnefnd ríkisspítalanna (Db. 67, a), stýrimannaskólanum (Db. 67, a), tollstjóranum í Reykjavík (Db. 67, a), tóbakseinkasölu ríkisins (Db. 67, a), tryggingarstofnun ríkisins (Db. 67, a), utanríkisráðuneytinu (Db. 67, a), út-

varpsstjóranum (Db. 67, a), veðurstofunni (Db. 67, a), vegamálastjóra (Db. 67, a), verðlagsnefnd (Db. 67, a), verksmiðju- og vélaeftirliti ríkisins (Db. 67, a), vélstjóraskólanum (Db. 67, a), viðtækjaverzlun ríkisins (Db. 67, a), vitamálastjóra (Db. 67, a), þjóðminjaverði (Db. 67, a), þjóðskjalasafni Íslands (Db. 67, a).
Tilraunastarfsemi, sjá Jarðrækt.
Toft, Hartwig, sjá Ríkisborgararéttur.
Tollamál. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands skorar á Alþingi að afnema með öllu toll af neyðarflugeldum og öðrum öryggistækjum, sem flutt eru til landsins. Bréf 15. apríl. (Db. 218).
Tollskráin.
1. Félag íslenzkra iðnrekenda óskar breytinga á tollskránni. Bréf 29. apríl. (Db. 318).
2. Umsögn tollstjórans í Reykjavík um erindi félags bókbandsiðnrekenda, dags. 20. febr. (Db. 215).

Tollstjórinn í Reykjavík, sjá: Tillögur, Tollskráin.
Torp, Evald Christian, sjá Ríkisborgararéttur.
Tóbakseinkasala ríkisins, sjá Tillögur.
Tómas Jónsson, fyrrv. fiskimatsmaður, sjá Eftirlaun og styrktarfé 10.
Trausti Einarsson. Dóms- og kirkjumálarh. leitar álits fjvn. um, hvort veita skuli Trausta Einarssyni lausn frá kennarastörfum um nokkur ár til vísindaiðkana án launaskerðingar. Bréf 19. marz. (Db. 123).
Tryggingar, sjá Stríðsslysatryggingar.
Tryggingarstofnun ríkisins, sjá Tillögur.
Tryggvagarður. Landbn. sendir landbn. Nd. till. Guðmundar Marteinssonar, dags. 2. sept. f. á., um að komið verði upp trjágarði við Ölfusárbrú, sem helgaður verði minningu Tryggva Gunnarssonar og nefnist Tryggvagarður. Bréf 10. febr. (Db. 11).
Tungufoss, sjá Rafveitur 2.
Tunguhreppur, sjá Fyrirhleðslur 1.

Umdæmisstúkan nr. 1, sjá Áfengis- og bindindismál 5.
Umdæmisstúkan nr. 5, sjá Áfengis- og bindindismál 4.
Unnur Jónsdóttir, sjá Lífeyrissjóður 2.
Utanríkisráðuneytið, sjá Tillögur.
Útflutningsgjald.
1. Landssamband íslenzkra útvegsmanna fer þess á leit, að l. nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald, verði breytt þannig, að sömu reglur gildi um ákvörðun útflutningsgjalds af fiski íslenzkra botnvörpuskipa og annarra skipa, er flytja ísvarinn fisk frá Íslandi til Bretlands. Bréf 14. marz. (Db. 118).
2. Sama samband óskar svars við ofangreindu bréfi sínu. Bréf 25. apríl. (Db. 251).

Útvarpið, sjá Ríkisútvarpið.
Útvarpsstjórinn, sjá Tillögur.
Útvegsbanki Íslands, sjá Hlutabréf.
Útvegsmannafélag Ísfirðinga, sjá Dragnótaveiði 9.
Útvegsmenn á Árskógsströnd, sjá Dragnótaveiði 5 og 10.
Útvegsmenn í Ólafsfirði, sjá Dragnótaveiði 8.

Vatnsveita. Sigurður M. Helgason, lögreglustjóri í Bolungavík, sendir Alþingi erindi hreppsnefndar Hólshrepps, dags. 17. febr., þar sem skorað er á Alþingi að veita 40 þús. kr. til vatnsveitu í Bolungavík. Bréf 17. febr. (Db. 57).
Veðmálabækur. Dóms- og kirkjumrn. sendir allshn. Nd. frv. til l. um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum, með tilmælum um, að n. taki það til flutnings í þinginu. 1 fskj. Bréf 11. apríl. (Db. 187).
Veðskuldbindingar, sjá Veðmálabækur.
Veðurstofan, sjá Tillögur.

Vegamál.

1. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi vegamálastjóra, dags. 24. apríl, um endurbætur á Keflavíkurveginum, og væntir þess, að nefndin sjái sér fært að mæla með framkvæmdum í þessu skyni. 1 fskj. Bréf 4. maí. (Db. 276).
2. Sama ráðuneyti sendir fjvn. erindi hreppsnefndarinnar í Ólafsfirði, dags. 21. febr., þar sem farið er fram á fjárveitingar til vegagerðar í hreppnum og á Lágheiði. Bréf 9. marz. (Db. 79).
3. Bergur Jónsson, þm. Barð., fer þess á leit, að fjárframlag til Barðastrandarvegar verði hækkað úr 20 þús. kr. í 40 þús. kr., enda liggi vegurinn um Raknadalshlíð og Kleifaheiði. Bréf 18. marz. (Db. 116).
4. Sami alþm. fer þess á leit, að veittar verði tilgreindar fjárhæðir til eftirtaldra vega í Barðastrandarsýslu: Sveinseyrarvegar, Reykhólavegar, Króksfjarðarnesvegar og Barðstrendingabrautar. Bréf 18. marz. (Db. 117).
5. Sami alþm. sendir Alþingi erindi hreppsnefndar Flateyjarhrepps í Austur-Barðastrandarsýslu, dags. 17. febr., þar sem óskað er eftir allt að 1000 kr. styrk til ræktunarvegar í Flatey. Bréf 24. febr. (Db. 34).
6. Björn Haraldsson fer þess á leit f. h. Kelduneshrepps, að veittar verði 36—38 þús. kr. til Kelduhverfisvegar. Bréf 21. marz. (Db. 149).
7. Brúnkol h/f skora á Alþingi að gera ráðstafanir til þess, að lagður verði akfær vegur frá Bolungavíkurvegi að Geirastöðum og Gilsnámu í Bolungavík. 1 fskj. Bréf 12. marz. (Db. 143).
8. Hreppsnefnd Lýtingsstaðahrepps í Skagafjarðarsýslu skorar á Alþingi að taka sýsluveginn frá Varmahlíð til Goðdala í þjóðvegatölu og veita eins mikið fé og unnt er til akvegar fram Tungusveit. Bréf ódags. (Db. 62).
9. Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps og hreppsnefnd Holtshrepps í Skagafjarðarsýslu skora á Alþingi að láta gera bílfæran veg um fjallveginn Lágheiði, er liggur milli Ólafsfjarðar og Fljóta, þegar á næsta sumri. Bréf 21. febr. (Db. 55).
10. Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps fer þess á leit, að veittar verði 30 þús. kr. til þjóðvegarins í Ólafsfirði. Bréf 21. febr. (Db. 54).
11. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., fer þess á leit, að veittar verði 24 þús. kr. til ræktunarvega í Vestmannaeyjum, gegn venjulegu framlagi úr bæjarsjóði. Bréf 26. apríl. (Db. 254).
12. Oddviti Gnúpverjahrepps fer þess á leit, að tekin verði upp í fjárlög svo ríflegt fjárveiting til þjóðvegarins frá Ásum að Þverá í Gnúpverjahreppi, að lagningu hans verði sem fyrst lokið. Bréf 7. apríl. (Db. 211).
13. Sauðfjársjúkdómanefnd mælir með því að heimila ríkisstjórninni að verja allt að 30 þús. kr. til vegagerða í Kelduhverfi og allt að 70 þús. kr. til vegagerða í Suður-Þingeyjarsýslu. Bréf 5. maí. (Db. 282).
14. Sauðfjársjúkdómanefnd mælir með erindi oddvita Kelduneshrepps, dags. 21. marz, þar sem farið er fram á aukin fjárframlög til vegagerða og vegabóta í hreppnum sakir sauðfjárfækkunar af völdum fjárpestar. Bréf 11. apríl. (Db. 185).
15. Sigurður M. Helgason, lögreglustjóri í Bolungavík, sendir Alþingi erindi hreppsnefndar Hólshrepps, dags. 17. febr., þar sem skorað er á Alþingi að veita ríflega upphæð til þjóðvegarins milli Bolungavíkur og Hnífsdals. Bréf 17. febr. (Db. 57).
16. Sundfélagið „Grettir" í Bjarnarfirði skorar á Alþingi að veita 15—20 þús. kr. til þjóðvegarins frá Steingrímsfirði til Bjarnarfjarðar. Bréf 25. marz. (Db. 189).
17. Sveinbjörn Högnason og Helgi Jónasson, þm. Rang., senda Alþingi, ásamt meðmælum sínum, áskoranir búenda í V.-Landeyja-, Rangárvalla- og Djúpárhreppum í Rangárvallasýslu um að fé verði veitt til viðhalds á Þykkvabæjarvegi. Bréf 4. marz. (Db. 63).

18. Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu sendir Alþingi, ásamt meðmælum sínum, samþykkt sýslufundar Eyjafjarðarsýslu 5. marz um, að vegurinn yfir Öxnadalsheiði verði fullgerður á næsta sumri. Bréf 7. apríl (Db. 204).
19. Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu sendir samþykkt sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu 16. apríl, þar sem skorað er á Alþingi að veita nægilegt fé til að ryðja veg á Steingrímsfjarðarheiði innan takmarka Norður-Ísafjarðarsýslu. Bréf 25. apríl. (Db. 279).
20. Sami sýslumaður sendir samþykkt sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu 14. apríl, þar sem skorað er á Alþingi að veita nægilegt fé þegar á þessu ári til lúkningar vegagerð yfir Þorskafjarðarheiði að Djúpi, og að akvegur verði lagður út Langadalsströnd. Bréf 18. apríl. (Db. 231).
21. Umsögn vegamálastjóra um framkomnar till. um breyt. á vegalögunum. Bréf 29. apríl. (Db. 268).
22. Umsögn vegamálastjóra um framkomnar till. til þál. um vegagerðir. Bréf 2. maí. (Db. 286).
23. Þórður Jónsson fer þess á leit f. h. hreppsnefndar Ólafsfjarðar, að veitt verði 15 þús. kr. aukafjárveiting til Ólafsfjarðarvegar og nægilegt fé til þess að gera bílfært úr Ólafsfirði yfir Lágheiði. Bréf 23. marz. (Db. 142).
— Sjá einnig: Bifreiðalög, Sýsluvegasjóðir. Sbr. og Vegamálastjóri.

Vegamálastjóri, sjá: Brúargerðir 2 og 13, Vegamál 21—22, Tillögur.
Veitingahús, sjá Gisti- og.
Verðlagsnefnd, sjá Tillögur.
Verðlagsuppbætur. Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna sendir fjhn. Ed. frv. til l. um verðlagsuppbót á laun sýslunefndarmanna og oddvita, með tilmælum um, að nefndin taki það til flutnings í þinginu. Bréf 14. apríl. (Db. 190). — Sjá einnig: Blindravinafélag, Elliheimili.
Verðlaun. Búnaðarfélag Íslands sendir samþykkt búnaðarþings um framlag úr ríkissjóði til að verðlauna ungmenni, sem vinna að landbúnaði næsta sumar. Bréf 10. apríl. (Db. 179).
Verklýðsfélag Borgarness, sjá Dómnefnd 6.
Verklýðsfélag Vestmannaeyja, sjá Dómnefnd 2 og 5.
Verkamannafélagið Drífandi, sjá Dómnefnd 2.
Verkamannafélagið Hlíf, sjá Dómnefnd 7, Samningsréttur.
Verkakvennafélagið Snót, sjá Dómnefnd 2.
Verklegt nám kandidata frá Háskóla Íslands.
1. Umsögn Háskóla Íslands um frv. til l. um verklegt nám kandídata frá Háskóla Íslands. Bréf 21. apríl. (Db. 228).
2. Umsögn landlæknis um sama frv. Bréf 17. apríl. (Db. 214).

Verksmiðju- og vélaeftirlit ríkisins, sjá Tillögur.
Verzlun með kartöflur.
1. Landbúnaðarráðuneytið sendir landbn. Nd. erindi Grænmetisverzlunar ríkisins, dags. 14. nóv. f. á., varðandi till. um breyt. á l. nr. 34 1. febr. 1936, um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti o. fl., en till. þessar eru samdar af nefnd, er ráðuneytið skipaði til athugunar þessa máls 8. maí 1940, og óskar ráðuneytið, að landbn. taki till. til athugunar og flutnings á Alþingi, eftir því sem nefndinni þykir við eiga. 2 fskj. Bréf 10. febr. (Db. 10).
2. Sama rn. ítrekar beiðni sína um, að landbn. taki til flutnings frv. til l. um verzlun með kartöflur o. fl. Bréf 24. marz. (Db. 148).

Vestfjarðarbáturinn, h/f, sjá Flóabátaferðir 9.
Vestmannaeyjar, sjá: Hafnir og lendingarbætur 7, Flóabátaferðir 1, 6 og 8, Flugvellir, Miðunarstöð, Ræktunarvegir.
Vestur-Húnavatnssýsla, sýslufundur, sjá Öryggisráðstafanir.
Vélaeftirlit, sjá Verksmiðjur- og.
Vélaverkstæði, sjá Landbúnaðarvélar.

Vélstjórafélag Vestmannaeyja, sjá Dómnefnd 2.
Vélstjóraskólinn, sjá Tillögur.
Viðtækjaverzlun ríkisins, sjá Tillögur.
Vigfús Jakobsson stúdent, sjá Námsstyrkur 6.
Vindrafstöðvar. Halldóra Bjarnadóttir skorar á Alþingi að beita sér fyrir því, að vindrafstöðvar verði almenningseign og láta því kaup á slíkum tækjum njóta styrks úr verkfærakaupasjóði. Bréf 24. febr. (Db. 71).
Virkisá í Öræfum, sjá Fyrirhleðslur 3.
Vitamál. Þorsteinn Þorsteinsson, 5. landsk. þm., sendir Alþingi áskorun frá hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps og öllum útgerðarmönnum í kauptúninu til Alþingis og ríkisstjórnar um, að viti verði reistur á komandi sumri á sjávarbökkum innan við Ólafsvíkurkauptún. Bréf 17. apríl. (Db. 209).
Vitamálastjóri, sjá: Eftirlaun og styrktarfé 11, Tillögur.
Vísindaiðkanir, sjá Trausti Einarsson.
Vopnafjörður, sjá Hafnir og lendingarbætur 8.
Vörugjald.
1. Bæjarstjórn Akureyrar fer þess á leit, að Alþingi heimili Akureyrarbæ að hækka vörugjald af aðfluttum og útfluttum vörum um allt að 100% frá því, sem nú er, enda gangi hækkunin óskipt til greiðslu á byggingarkostnaði sjúkrahúss Akureyrar. Bréf 20. febr. (Db. 46).
2. Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu sendir mótmæli sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu frá 5. marz gegn því, að sérstakt vörugjald verði lagt á vörur þær, er fara til Akureyrar, jafnvel þótt því yrði varið til sjúkrahúsbyggingar. Bréf 7. apríl. (Db. 207).

Yfirréttardómar, sjá Efnisyfirlit.
Ymjaberg, sjá Forkaupsréttur.

Þingmálafundargerðir.
1. Ályktanir fertugasta og þriðja þing- og héraðsmálafundar Vestur-Ísfirðinga á Þingeyri 5.—7. febr. Bréflaust. (Db. 96).
2. Finnur Jónsson, þm. Ísaf., sendir Alþingi þingmálafundargerð frá Ísafirði 9. febr. Bréf 3. marz. (Db. 65).
3. Fundargerð héraðsfundar Norður-Ísfirðinga 5. marz 1942. Bréflaust. (Db. 135).
4. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv., sendir Alþingi fjórar þingmálafundargerðir úr Austur-Húnavatnssýslu. Bréf 25. febr. (Db. 42).
5. Þingmenn Norðmýlinga senda tvær þingmálafundargerðir úr Norður-Múlasýslu, að Kirkjubæ í Hróarstungu 7. febr. og að Skriðuklaustri 4. febr., ásamt útskrift úr gerðabók Hjaltastaðarhrepps 14. nóv. s. l. Bréf 17. marz. (Db. 112).
6. Þingmenn Skagfirðinga senda Alþingi tillögur, sem samþykktar voru á almennum hreppsfundi í Haganesvík, varðandi ýmis framfaramál sveitarinnar. Bréf 31. marz. (Db. 157).
7. Þorsteinn Þorsteinsson, 5. landsk. þm., sendir Alþingi útdrátt úr þingmálafundargerð að Búðardal í Dalasýslu, 8. febr., enn fremur útdrátt úr héraðsmálafundargerð að Nesodda í sömu sýslu, 7. febr. Bréf 18. febr. (Db. 24).

Þingvallanefnd fer þess á leit, að fjárframlag til þjóðgarðsins á Þingvöllum fyrir árið 1942 verði hækkað um 5000 kr. Bréf 27. apríl. (Db. 256).
Þjóðaratkvæðagreiðsla, sjá Áfengis- og bindindismál 2.
Þjóðgarðurinn, sjá Þingvallanefnd.
Þjóðminjavörður, sjá Tillögur.
Þjóðskjalasafn Íslands, sjá Tillögur.
Þorleifur Ben. Þorgrímsson, sjá Gisti- og veitingahús.
Þorskafjarðarheiði, sjá Vegamál 20.

Þorsteinn Þorsteinsson, 5. landsk. þm., sjá: Hafnir og lendingarbætur 9, Hringurinn, Vitamál, Þingmálafundargerðir 7.
Þorvarður Jónsson Skúmsstöðum, sjá Brúargerðir 3.
Þórður Jónsson, sjá Vegamál 23.
Þverá á Rangárvöllum, sjá Brúargerðir 7, Fyrirhleðslur 2.

Ölfusá, sjá Brúargerðir 2.
Ölfusið. Umsögn bæjarráðs Reykjavíkur um frv. til l. um heimild til þess að taka eignar- og leigunámi nokkur lönd á hverasvæðinu í Ölfusi. Bréf 9. maí. (Db. 297). — Sjá einnig Áveitur og.
Öryggisráðstafanir.
1. Slysavarnafélag Íslands sendir samþykkt frá 1. landsþingi félagsins í Reykjavík, 27.—31. marz, þar sem skorað er á Alþingi að setja lög um hleðslumerki á öll íslenzk fiskiskip, sem sigla með farm milli landa, bann gegn flutningi á eldfimu efni á farþegaskipum o. fl. Bréf 14. apríl. (Db. 242).
2. Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu sendir samþykkt sýslufundar Vestur-Húnavatnssýslu að Hvammstanga 28. apríl, þar sem skorað er á Alþingi að gera sérhverjar þær ráðstafanir, sem færar þykja til þess að koma í veg fyrir það, að sveitir landsins tæmist af verkafólki. Símskeyti 29. apríl. (Db. 263).

— Sjá einnig Tollamál.
Öxnadalsheiði, sjá Vegamál 18.

Sþ. 534. Þingmannaskrá með bústöðum o. fl.

Skammstafanir: a. = allshn., fjh. = fjhn., fjv. = fjvn., i. = iðnn., k. = kjörbrn., l. = landbn., m. = menntmn., sa. = samgmn., sj. = sjútvn., u. = utrmn.
A = Alþýðufl., B = Bændafl., F = Framsóknarfl., S = Sjálfstæðisfl., SAS = Sameiningarfl. alþýðu, Sósialistafl., U = utan flokka.

Tala	Nöfn þingmanna og staða	Kjördæmi	Fæðingardagur og ár	Heimili	Dvalarstaður um þingtímann og sími	Í hverjum fastanefndum	Tala áður setinna þinga	Sjá málaflokkur	Þingdeild	Tala
1	Árni Jónsson frá Múla, ritstjóri	9. landskjörinn þm.	24/8 '91	Reykjavík	Bergstaðastræti 14, 3012	sa.; m.; a.Sþ.	11	S	Ed.	1
2	Ásgeir Ásgeirsson, bankastjóri	Vestur-Ísafjarðarsýsla	13/5 '94	Reykjavík	Hávallagata 32, 4300 1060	sa.; m.; u.	23	A	Nd.	2
3	Bergur Jónsson, bæjarfógeti	Barðastrandarsýsla	24/9 '98	Hafnarfjarðarkaupstaður	Hafnarfj.kaupst., 9234	a.; k.; u.	15	F	Nd.	3
4	Bernharð Stefánsson, útibússtjóri	Eyjafjarðarsýsla, 1. þm.	8/1 '89	Akureyri	Laugavegur 13, 4721	fjh.; m.	23	F	Ed.	4
5	Bjarni Ásgeirsson, bóndi, 1. varaforseti Sþ.	Mýrasýsla	1/8 '91	Reykir í Mosfellssveit	Tjarnargata 18, 3357 5655	l.; i.; u.	19	F	Nd.	5
6	Bjarni Bjarnason, skólastjóri, skrifari í Sþ.	Árnessýsla, 2. þm.	23/10 '89	Laugarvatn	Fjölnisvegur 7, 3859	m. ; fjv.	11	F	Nd.	6
7	Bjarni Snæbjörnsson, læknir, skrifari í Ed.	Hafnarfjarðarkaupstaður	8/3 '89	Hafnarfjarðarkaupstaður	Hafnarfj kaupst., 9245	i.	11	F	Ed.	7
8	Brynjólfur Bjarnason, kennari	1. landskjörinn þm.	26/5 '98	Reykjavík	Brekkustígur 14 B, 4757		7	SAS	Ed.	8
9	Einar Árnason, bóndi, forseti efri deildar	Eyjafjarðarsýsla, 2. þm.	27/11 '75	Eyrarland	Tjarnargata 47 2121	a.Sþ.; k.	32	S	Ed.	9
10	Einar Olgeirsson, ritstjóri	Reykjavík, 4. þm.	14/8 '02	Reykjavík	Njálsgata 85, 1489		7	SAS	Nd.	10
11	Eiríkur Einarsson, lögfræðingur, skrifari í Nd.	8. landskjörinn þm.	2/3 '85	Reykjavík	Njálsgata 87, 5819	sa.; i.; a.Sþ.	13	S	Nd.	11
12	Emil Jónsson, vitamálastjóri, 1. varaforseti Nd.	6. landskjörinn þm.	27/10 '02	Hafnarfjarðarkaupstaður	Hafnarfj.kaupst., 9181	i.; fjv.; k.	11	A	Nd.	12
13	Erlendur Þorsteinsson, framkvæmdarstjóri	10. landskjörinn þm.	12/6 '06	Siglufjörður	Hringbraut 76	fjh.; l.; i.	6	A	Ed.	13
14	Eysteinn Jónsson, viðskiptamálaráðherra	Suður-Múlasýsla, 1. þm.	13/11 '06	Reykjavík	Ásvallagata 67, 3277		12	F	Nd.	14
15	Finnur Jónsson, forstjóri, 2. varaforseti Sþ.	Ísafjarðarkaupstaður	28/9 '94	Ísafjörður	Vesturgata 27, 5849	sj.; a.; a.Sþ.	12	A	Nd.	15
16	Garðar Þorsteinsson, hæstaréttarmálaflutningsmaður	7. landskjörinn þm.	29/10 '98	Reykjavík	Vesturgata 19, 3442 4400	a.; u.	11	S	Nd.	16
17	Gísli Guðmundsson	Norður-Þingeyjarsýsla	2/12 '03	Reykjavík	Eiríksgata 27, 4245	sj.; a.	11	F	Nd.	17
18	Gísli Sveinsson, sýslumaður, forseti sameinaðs þings	Vestur-Skaftafellssýsla	7/12 '80	Vík í Mýrdal	Hótel Borg	sa.; m.;	19	S	Nd.	18
19	Haraldur Guðmundsson, forstjóri	Seyðisfjarðarkaupstaður	26/7 '92	Reykjavík	Hávallagata 33, 4521	fjh ; l.	19	A	Nd.	19
20	Helgi Jónasson, héraðslæknir	Rangárvallasýsla, 2. þm.	19/4 '94	Stórólfshvoll	Njálsgata 81, 1859	fjv.	7	F	Nd.	20
21	Hermann Jónasson, forsætisráðherra	Strandasýsla	25/12 '96	Reykjavík	Tjarnargata 32, 2291		11	F	Ed.	21
22	Héðinn Valdimarsson, forstjóri	Reykjavík, 3. þm.	28/5 '92	Reykjavík	Sjafnargata 14, 3682 1690		20	U	Nd.	22
23	Ingvar Pálmason, bóndi	Suður-Múlasýsla, 2. þm.	26/7 '73	Neskaupstaður	Garðastræti 35, 2828	sj.; a.	23	F	Ed.	23
24	Ísleifur Högnason, kaupfélagsstjóri	4. landskjörinn þm.	30/11 '95	Vestmannaeyjar	Gunnarsbraut 26, 5374		7	SAS	Nd.	24
25	Jakob Möller, fjármálaráðherra	Reykjavík, 2. þm.	12/7 '80	Reykjavík	Hólatorg 2, 3117		23	S	Nd.	25
26	Jóhann P. Jósefsson, kaupmaður, útgerðarm., skrifari í Sþ.	Vestmannaeyjar	17/6 '86	Vestmannaeyjar	Bergstaðastræti 86, 4884	sj.; u.	23	S	Ed.	26
27	Jóhann G. Möller, skrifstofustjóri	Reykjavík, 6. þm.	28/5 '07	Reykjavík	Klapparstígur 29, 5722	i.; a.	6	S	Nd.	27
28	Jón Ívarsson, kaupfélagsstjóri	Austur-Skaftafellssýsla	1/1 '91	Höfn í Hornafirði	Viðimelur 51, 4043	sj	5	F	Nd.	28
29	Jón Pálmason, bóndi, 2. varaforseti Nd.	Austur-Húnavatnssýsla	28/11 '88	Akur í Torfalækjarhreppi	Ránargata 34, 2157	fjh.; l.	12	S	Nd.	29
30	Jónas Jónsson, skólastjóri	Suður-Þingeyjarsýsla	1/5 '85	Reykjavík	Hávallagata 28, 3603	m.; fjv.; u.	24	F	Ed.	30
31	Jörundur Brynjólfsson, bóndi, forseti neðri deildar	Árnessýsla, 1. þm.	21/2 '84	Skálholt í Biskupstungum	Laufásvegur 38, 4744	a.Sþ.	28	F	Nd.	31
32	Magnús Gíslason, skrifstofustjóri	11. landskjörinn þm.	1/11 '84	Reykjavík	Bergstaðastræti 65, 4609	a.	5	S	Ed.	32
33	Magnús Jónsson, guðfræðiprófessor, 1. varaforseti Ed.	Reykjavík, 1. þm.	26/11 '87	Reykjavík	Laufásvegur 63, 3877	fjh.; u.	26	S	Ed.	33
34	Ólafur Thors, atvinnumálaráðherra	Gullbringu- og Kjósarsýsla	19/1 '92	Reykjavík	Garðastræti 41, 3551		21	S	Nd.	34
35	Páll Hermannsson, bóndi, skrifari í Ed.	Norður-Múlasýsla, 2. þm.	28/4 '80	Eiðar í Eiðaþinghá	Sóleyjargata 7, 2278	i.; fjv.	19	F	Ed.	35
36	Páll Zóphóníasson, ráðunautur	Norður-Múlasýsla, 1. þm.	18/11 '86	Reykjavík	Sóleyjargata 7, 2278 2151	sa.; l.; a.Sþ.	11	F	Ed.	36
37	Pálmi Hannesson, rektor	Skagafjarðarsýsla, 1. þm.	3/1 '98	Reykjavík	Hringbraut 134, 1194	i.; m.	7	F	Nd.	37
38	Pétur Ottesen, bóndi	Borgarfjarðarsýsla	2/8 '88	Ytrihólmur á Akranesi	Stýrimannastígur 9, 3033	l.; fjv.; k.	32	S	Nd.	38
39	Sigurður E. Hlíðar, dýralæknir	Akureyri	4/4 85	Akureyri	Laufásvegur 16, 3325	sj.; fjv.	7	S	Nd.	39
40	Sigurður Kristjánsson, forstjóri	Reykjavík, 5. þm.	14/4 '85	Reykjavík	Vonarstræti 2, 4020 3945	sj.; fjv.	11	S	Nd.	40
41	Sigurjón Á. Ólafsson, afgreiðslumaður, 2. varaforseti Ed.	2. landskjörinn þm.	29/10 '84	Reykjavík	Hringbraut 148, 5998	sa.; sj.; a.	15	A	Ed.	41
42	Skúli Guðmundsson, kaupfélagsstjóri	Vestur-Húnavatnssýsla	10/10 '00	Hvammstangi	Tangilsgata 10, 2435	fjh.; sj.	7	F	Nd.	42
43	Stefán Stefánsson, bóndi	3. landskjörinn þm.	1/8 '96	Fagriskógur	Bárugata 40, 1969	fjh.	7	B	Nd.	43
44	Steingrímur Steinþórsson, búnaðarmálastjóri	Skagafjarðarsýsla, 2. þm.	12/2 '93	Reykjavík	Ásvallagata 60, 5494	sa.; l.	10	F	Nd.	44
45	Sveinbjörn Högnason, sóknarprestur, skrifari í Nd.	Rangárvallasýsla, 1. þm.	6/4 '98	Breiðabólsst. í Fljótshlíð	Mjólkurst.v.Hringbr. 1162	fjh.; sa.	10	F	Nd.	45
46	Þorsteinn Briem, prófastur	Dalasýsla	3/7 '85	Akranes	Bárugata 19, 1411	m.; a.Sþ.	11	B	Nd.	46
47	Þorsteinn Þorsteinsson, sýslumaður	5. landskjörinn þm.	23/12 '84	Búðardalur	Suðurgata 18, 3106	l.; fjv.; k.	12	S	Ed	47